Þingsályktunartillögur.

A.
Afgreiddar til ríkisstjórnarinnar.

1. Eftirlit með skipum og bátum.

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 12. mars, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra (A. 124).

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 23., 25., 26., 27. og 28. fundi í Nd., dagana 15., 17., 18., 19. og 21. mars, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 124).

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Svo sem kunnugt er, þá gera lög nr. 29, 22. okt. 1912, ráð fyrir því, að gefin verði út tilskipun um nánara fyrirkomulag á öryggisráðstöfunum og eftirliti með skipum og bátum.

Fyrir alllöngu síðan skipaði stjórnin nefnd til þess að undirbúa það mál. Var vel vandað til manna í nefndinni, þar sem í henni voru sjerfræðingar í flestum nauðsynlegustu greinum, sem að þessu lúta. En samt sem áður hefir orðið langur dráttur á árangri af þessari nefndarskipun, og er mjer ekki kunnugt, hverjar ástæður til þess liggja. En jeg hygg þó, að drátturinn stafi af því, að nefndin lítur svo á, að þetta eftirlit með skipum og bátum geti ekki komið að fullu gagni, nema stofnað verði sjerstakt embætti með skrifstofu og starfsmanni, sem ætti að heita skipskoðunarstjóri. Nefndin mun og halda allfast við þessa skoðun, eins og sjest af því, að hún hefir lagt fyrir stjórnina frv. um stofnun þessa embættis. Stjórnin mun nú ekki hafa fallist á þetta frv., eða stefnu nefndarinnar um nýja embættisstofnun, heldur

ætlast til, að eftirlitinu yrði hagað líkt og áður, og að það væri í höndum lögreglustjóra.

Samskonar ágreiningur kom og upp, er lögin og skrásetning skipa lágu fyrir á þinginu 1919. Þá átti einnig að stofna sjerstakt embætti. Það, sem nefndin nú fer fram á, er hið sama og þá, en það vildi þingið ekki fallast á.

Nú hefir nefndin ekki viljað við svo búið una, heldur snúið sjer til sjávarútvegsnefndar og beðið hana að bera fram frv. Sjávarútvegsnefnd sá sjer ekki fært að verða við þeirri ósk. Hún áleit málið ekki nægilega undirbúið og vildi, að stjórnin ljeti áður uppi ákveðna skoðun á því, hvort hún teldi þörf á að stofna þetta nýja embætti.

Málið liggur enn þá hjá nefndinni, sem skipuð var af stjórninni fyrir löngu síðan. En það er afaróheppilegt, eins og allir geta sjeð, því að þetta mál er þannig vaxið, að það á ekki og má ekki dragast úr hömlu. Það væri því æskilegt, að stjórnin skoraði á nefndina að ljúka málinu, því að þá fyrst geta tryggingarráðstafanirnar komist í framkvæmd. Þessi reipdráttur milli stjórnarinnar annars vegar og nefndarinnar hins vegar má ómögulega verða til þess að hamla því, að tilskipunin samkv. lögum nr. 29 komi út og verði að notum, því það er aðalatriðið.

Jeg hefi þá skýrt frá því, hvernig málið horfir við. Það mun nú vera mikið satt í því, sem tekið er fram í nefndarálitinu, að eftirlitið geti ekki orðið svo gott sem æskilegt er í höndum lögreglustjóra. En ef að því ráði yrði horfið að stofna nýtt embætti, þá vildi jeg benda á það, að mörg önnur skyld störf gætu lagst undir þá skrifstofu, t. d. eftirlit með skrásetning skipa, samning skipaskrár, enn fremur skipamælingar, hleðslumörk skipa o. fl. Mjer er og nær að halda, að það væri ekki fráleitt, að yfirumsjón samábyrgðarinnar gæti fallið undir þessa skrifstofu, þótt ekki sje um það að ræða í bili, þar sem sá starfi er nú ekki laus.

Jeg bendi á þetta hjer vegna þess, að ef nefndin ekki fellur frá þeirri skoðun sinni að stofna nýtt embætti, og stjórnin fellst á það, þá væri ekki úr vegi fyrir stjórnina, um leið og málið er undirbúið, að athuga, hvort ekki mætti sameina öll þessi störf undir eina skrifstofu og ef til vill fleiri. Þá ætti aukakostnaður við þetta embætti ekki að þurfa að verða mikill.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Máli þessu er þann veg farið, að stjórnin hafði það til meðferðar og skipaði nefnd til að athuga það og koma fram með tillögur. Frá þessari nefnd barst stjórninni síðan frv. En það, sem dró úr stjórninni að leggja frv. fyrir þingið, var kostnaðaraukinn, sem frv. hafði í för með sjer, en ekki hitt, að stjórnin teldi málið óþarft. Málið er þegar undirbúið, en spurningin er aðeins nú: Á að halda áfram í gamla horfinu enn um hríð, eða stofna þegar nýtt embætti, með þeim kostnaði, sem því fylgir? Stjórnin tók nú fyrri kostinn; hún vildi ekki auka útgjöld ríkissjóðs að þessu sinni. Það kom og fram í umræðunum hjer í háttv. deild áðan, að það væri viðurhlutamikið nú að fjölga embættum.

Ef þál. verður samþykt, sem jeg geri ráð fyrir, þá skilst mjer, að í því liggi það, að deildin ætlist til, að stjórnin leggi sem fyrst frv. fyrir þingið, þar sem ákveðið sje að fela þessi mál sjerstakri skrifstofu. Að minni hyggju er það að minsta kosti hvatning til stjórn-

arinnar að gera það. Og stjórnin mundi þá að líkindum verða við þeirri áskorun. Málið er líka þegar allvel undirbúið. Mjer finst naumast þýða eða vera hægt að gefa út nýja reglugjörð um þessi efni fyr en afráðið er, hvort stofna skuli sjerstakt embætti eða ekki. Annars hefi jeg ekkert á móti þál. Það er ekki nema skylt, að stjórnin haldi málinu vakandi.

Frsm. (Magnús Kristjánsson): Jeg get ekki skilið, að nokkur hafi getað haft ástæðu til að ætla, að í nál. eða framsögu minni lægi nokkur ásökun til stjórnarinnar um, að hún hefði ekki lagt frv. fyrir þingið. Ef einhver hefir skilið orð mín eða till. svo, þá er það alger misskilningur.

Spurningin er um það, hvort tilskipunin eigi ekki að koma til framkvæmda þegar í stað, og það áður en stjórnin og nefndin eru búnar að koma sjer saman um frv.

Hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) leit svo á, að hjer lægi fyrir áskorun til stjórnarinnar, eða að minsta kosti ósk um, að stjórnin tæki frv. nefndarinnar til flutnings. En það er misskilningur. Sjávarútvegsnefnd hefir ekki komið til hugar að ætlast til þess, að stjórnin færi að bera fram frv., ef hún telur það óþarft eða varhugavert, eða getur ekki fallist á það af einhverjum ástæðum.

Aðalatriðið fyrir sjávarútvegsnefnd er það, að tilskipunin komi fram, og til þess þarf engar lagabreytingar. Við viljum ekki, að það dragist óhæfilega, því við erum sannfærðir um, að það verði til stórra bóta, þegar tilskipunin um eftirlitið fer að verka.

Jeg vil og geta þess, að sjávarútvegsnefnd áleit frv. nefndarinnar þannig, að ekki gæti komið til nokkurra mála að taka það óbreytt. Hitt er annað mál, að ef stjórnin gæti aðhylst stofnun nýs embættis í þessu skyni, þá mundi deildin vafalaust treysta stjórninni til þess að bera fram frv., og það betra en frv. nefndarinnar.

Jeg vona, að hjer sje nú enginn misskilningur á ferðinni lengur milli mín og hæstv. atvinnumálaráðh. (P.J.). Mjer fanst hann vera dálítill áðan, þar sem hæstv. atvinnumálaráðherra virtist skilja till. og orð mín svo, að hjer væri verið að leggja að stjórninni að stofna nýtt embætti. Það var alls ekki meiningin.

Hjer er að eins sagt það, að þörf sje á meira eftirliti, og skorað á stjórnina að gefa út tilskipunina samkv. lögunum frá 1912, og svo hitt, að stjórnin taki til íhugunar stofnun nýs embættis á þeim grundvelli, sem hún telur heppilegastan, án þess að við viljum nokkuð gefa það í skyn, að álit nefndarinnar sje heppilegasta lausnin á því máli.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

álykturn neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 195).

2. Súgandafjarðarhöfn.

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn á höfninni í Súgandafirði í Vestur-Ísafjarðarsýslu (A. 131).

Á 23. fundi í Nd., þriðjudaginn 15.

mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. mars, var till. tekin til fyrri umr. (A. 131).

Flm. (Ólafur Proppé): Herra forseti! Sennilega er það næsta mál á dagskrá, sem hefir haft slíkt aðdráttarafl hjer í dag, sem raun er á orðin, og jeg býst við, að allur sá fjöldi áheyrenda, sem kominn er, muni kjósa það, að jeg verði stuttorður. Og það get jeg því fremur gert, sem hæstv. forseti hefir verið svo framsýnn að ætla málinu tvær umr.

Ef notið hefði við þess manns, sem um langan tíma hafði slíkar rannsóknir með höndum fyrir landssjóðs hönd, er hjer ræðir um, þá væri þessu verki sennilega nú lokið. En því miður naut þessa manns svo stutt við, að úr því varð eigi, en hins vegar er Súgfirðingum þetta hið mesta áhugamál, og það er þá einnig að tilhlutun hreppsnefndar og fyrir ítrekaðar áskoranir frá hjeraðsfundum, að jeg flyt þetta mál nú.

Slík nauðsynjamál sem þessi eru vön að mæta hjer góðum undirtektum, og ætti því eigi að þurfa miklar málalengingar.

Sjálft sjávarþorpið, Súgandafjörður, er mjög mannmargt; búa þar á fimta hundrað manns. Auk þess er þar mjög mikil útgerð, um 20 mótorbátar og fjöldi smábáta, og mun útflutningur þaðan vera um 4 þúsund skippund fiskjar árlega. Það er því ekki nema von, að þorpsbúar æski rannsóknar á hafnarstæðinu, og full ástæða til að sinna málaleitun þeirra, því fremur sem í henni birtist ákveðinn framfarahugur. En skipalega þar er svo lítil og ónóg, að stærri mótorbátaútgerð fær alls ekki þrifist þar, og er það því bagalegra, þar sem Súgandafjörður er einhver álitlegasti fjörðurinn á Vestfjörðum hvað fiskisæld snertir.

Hvað kostnaði við þetta viðvíkur, þá mun hann ekki verða æðimikill. Jeg talaði við hæstv. forsætisráðherra í gær, og hann áleit, að vitamálastjóri mundi geta framkvæmt rannsóknina um leið og hann færi eftirlitsferðir þangað vestur.

Jeg skal svo ekki tefja lengur fyrir því, að tjaldið verði dregið upp fyrir þeim sjónleik, að jeg ekki segi „tragikomedie“, sem hjer á að fara fram nú á eftir og áheyrendur með óþreyju bíða eftir.

Magnús Pjetursson: Mjer datt í hug að nota nú tækifærið til þess að koma fram með svo hljóðandi fyrirspurn til hæstv. stjórnar: Hvað hefir verið gert til framkvæmda þál. frá 1919 um uppmæling og rannsókn á innsiglingu á Kollafirði í Strandasýslu? Svar þarf jeg ekki að fá fyr en við 2. umr., en eftir því svari gæti það farið, hvort jeg kem fram með brtt. við þessa till. eða ekki.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg er ekki viðbúinn að svara þessari fyrirspurn sem stendur. Vitamálastjórinn hefir öll plögg Kirks heitins, og jeg mun þar geta fengið upplýsingar. Sjálfur veit jeg ekki, hvort þál. hefir komið til framkvæmda; það hefir þá líklega verið gert á Fálkanum, því hann var beðinn að rannsaka það. En jeg skal athuga þetta nánar.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 23 shlj. atkv.

Á 25., 26., 27., 28. og 29. fundi í Nd., dagana 17., 18., 19., 21. og 29. mars, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 35. fundi í Nd., þriðjudaginn 5. apríl, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 131, 168).

Flm. (Ólafur Proppé): Jeg á brtt., sem fram hefir komið við aðaltill., um, að í stað „Neðri deild Alþingis" komi „Alþingi", vegna þess, að till. hefir fjárveitingu í för með sjer. Að öðru leyti þarf hún eigi frekari skýringar.

ATKVGR.
Brtt. 168. samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 36. fundi í Ed., miðvikudaginn 6. apríl, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 238).

Á 37. fundi í Ed., fimtudaginn 7. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 13 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Ed., laugardaginn 9. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 238).

Halldór Steinsson: Af því að till. þessi hefir í för með sjer kostnað fyrir ríkissjóð, þykir mjer viðkunnanlegra, að nefnd fái till. til athugunar, og leyfi mjer að leggja til, að málinu verði vísað til allsherjarnefndar.

Jóhannes Jóhannesson: Jeg leyfi mjer að leggja til, að máli þessu verði vísað til fjárveitinganefndar.

ATKVGR.
Till. vísað til fjárveitinganefndar (sjá A. bls. 1651) með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 14. apríl, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 238, n. 308).

Frsm. (Sigurður Hjörleifsson Kvaran): Jeg hefi engu verulegu við að bæta það, sem tekið er fram í nefndarálitinu. Við höfum átt tal við verkfræðing þann, sem slík mál hefir til meðferðar, og telur hann þetta framkvæmanlegt á komandi sumri. Kostnaðurinn mun ekki verða mikill, ekki fara fram úr 2000 krónum. Nefndin leggur því til, að deildin samþykki till. Mjer þykir ekki ástæða til að fara fleiri orðum um mál þetta, þar eð þetta eru lítil fjárútlát, en nauðsynjamál.

ATKVGR.
Till. samþ. með 14 atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.
(Sjá A. 315).

3. Mat á aðfluttum kornvörum.

Á 29. fundi í Nd., þriðjudaginn 29. mars, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um mat á aðfluttum kornvörum (A. 188).

Á 30. fundi í Nd., miðvikudaginn 30. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 39., 42. og 43. fundi í Nd., dagana 9., 13. og 14. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var till. enn tekin til einnar umr. (A. 188).

Flm. (Sigurður Stefánsson): Þessi till. er fram komin eftir ósk fjölmenns kjósendafundar í kjördæmi mínu. Nú er lögskipað mat á flestum þeim manneldisvörum, sem vjer flytjum út. Aftur á móti er ekkert mat á útlendum matvörum, sem fluttar eru inn í landið, en reynslan hefir sýnt, að þess er síst vanþörf, sjerstaklega á kornvörum. Það er alkunna, að í skemdri kornvöru geta verið efni, sem eru stórskaðleg heilsu manna. Til þess að bæta úr þessu misfelli er till. fram borin. Hún fer að eins fram á, að stjórnin fyrirskipi mat á korni og mjöli, sem ætlað er til manneldis. Öllum er ljóst, að landsmönnum ríður mikið á, að trygt sje, að þessar vörur sjeu óskemdar. En það er full ástæða til að ætla, að hætta sje á ferðum, þegar þessar vörur eru fluttar inn skemdar, eða seldar eftirlitslaust.

Jeg sje annars ekki ástæðu til að lengja umræður um þetta að sinni, en vona, að háttv. deild treysti sjer til að samþykkja till. og stjórnin geri gangskör að því að framfylgja henni.

Jón Þorláksson: Það hefir komið fyrir nokkrum sinnum á þessu þingi, að þegar komið hafa frv. frá hæstv. stjórn, sem hún, beint eða óbeint, hefir afgreitt samkvæmt þál. frá undanförnum þingum, þá hefir ýmsum fundist, að málið væri ótímabært og að stjórnin hafi gengið lengra en ætlast hafi verið til með till.

Jeg stend upp vegna þess, að jeg get hugsað mjer, að einhver stjórn gengi lengra í framkvæmdum eftir þessari till. heldur en æskilegt væri.

Till. fer fram á mat og skoðun á öllum korn- og mjölvörum, sem fluttar eru til landsins til manneldis. Jeg held, að ef ætti að framkvæma það, svo í nokkru lagi sje, þá myndi það verða svo umsvifamikið og kostnaðarsamt, að mönnum þætti fljótt of langt gengið. Mönnum hlýtur að verða þetta strax ljóst, þegar þeir athuga það, að matvara er flutt á allar hafnir landsins og alt árið í kring. Það þyrfti því gífurlegt starfsmannahald til þess að framkvæma mat á því öllu.

Þess vegna greiði jeg till. atkv., í trausti þess, að stjórnin fari ekki of langt út á þá leið, sem fyrri hluti till. bendir til. En tilgangi hennar, að tryggja, að landsmönnum sjeu ekki seldar skemdar eða ónýtar korn- eða mjölvörur, ætti vel að vera hægt að ná, án þess að of stórt starfslið þyrfti til að koma.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Jeg skal taka undir það með hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.), að mat á aðfluttum kornvörum mun verða æði fyrirhafnarmikið. Enda þess ber að gæta, að ekki hafa menn látið það hræða sig, þegar fiski-, ullar- og síldarmat var lögleitt. Þessar matskyldu vörur eru fluttar út frá öllum höfnum, og matið er orðið mjög dýrt, en samt hika menn við að láta það niður falla.

Jeg geng inn á, að ekki sje rjett, að stjórnin hafi of bundnar hendur um aðferðina til þess að ná tilgangi till. Ef hún finnur aðrar hægari leiðir en mat og skoðun, þá er það gott. En jeg vil, að hún eigi kost á öllum þeim tryggingum, sem fáanlegar eru fyrir því, að stórskemdar kornvörur flytjist ekki til landsins.

Pjetur Ottesen: Jeg held, að það sje miklum vandkvæðum bundið að framfylgja till. þessari, svo í nokkru lagi sje. Auðvitað væri ekki horfandi í nokkurn kostnað, ef með því væri loku skotið fyrir, að skemdar kornvörur til manneldis flyttust til landsins. Til þess að slíkt eftirlit kæmi að notum, þyrfti sjerfræðinga. Læknaeftirlit hrykki alls ekki til. Sjerfræðingar þyrftu að skoða vöruna efnafræðislega á rannsóknastofu. Jeg held, að það hafi litla þýðingu að lögbjóða það hjer á landi, að ekki megi selja kornvöru, sem komin er á höfn, fyr en búið væri að skoða sýnishorn af henni efnafræðislega á efnarannsóknarstofu. Nú er slík rannsóknarstofa ekki til nema hjer í Reykjavík, og þá færi nú að vandast málið, ef engar kornvörur, sem til landsins flyttust, mætti selja fyr en búið væri að senda sýnishorn af þeim hingað og rannsókn um garð gengin. Til þess að framkvæma slíkt lagaboð þyrfti að leggja í svo mikinn kostnað, og því fylgdu þeir erfiðleikar og tálmanir, að það yrði gersamlega óframkvæmanlegt.

Jeg býst við, að það hafi litla þýðingu að vísa þessari till. til nefndar. Það er í rauninni ekki annað fyrir hendi en að greiða atkv. annaðhvort með henni eða móti. Jeg skil vel, að háttv. þm. þyki leiðinlegt að greiða atkv. á móti henni. En jeg býst við, að það renni tvær grímur á suma, ef stjórnin legði fram frv. um þetta efni, sem skipaði fyrir, að svo skyldi að farið, sem jeg nefndi.

Jón Baldvinsson: Jeg er þakklátur hv. flm. (S. St.) fyrir að hafa komið fram með þessa till. Menn hafa oft á undanfarandi árum orðið fyrir þungum búsifjum af skemdum kornmat, sjerstaklega á stríðsárunum. En jeg býst við, að það yrði umfangsmikið, ef skoða ætti allar kornmatartegundir, sem flytjast til landsins. En hitt er það, að ef verslunin væri í höndum landsins sjálfs, mundi fást meiri trygging fyrir góðum vörum.

Annað er það einnig, sem jeg vil benda á og gæti verið aðhald í þessu efni, sem sje ef skip, sem hingað ganga, væru skylduð til þess að flytja út aftur vöru, sem þau hefðu flutt inn skemda, því það kemur nú of oft fyrir, að inn er fluttur mesti óþverri. Ef hægt væri að leggja þessa kvöð á skipin, væri það mikið aðhald fyrir afgreiðslur þeirra erlendis að sjá um, að þau tæki ekki skemdar vörur til flutnings hingað.

Annars vildi jeg aðeins skjóta þessu fram sem bendingu til hæstv. stjórnar, ef till. yrði samþykt.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Aðeins örfá orð. Það er auðvitað rjett, sem drepið hefir verið hjer á, að nokkur kostnaður gæti orðið samfara þessu eftirliti. En það er hins vegar kostnaður, sem ekki er horfandi í, þar sem heilsa og líf manna getur verið annars vegar.

Hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) er jeg þakklátur fyrir undirtektir hans, þótt jeg sje hins vegar ekki þeirrar skoðunar, að misbrestur gæti ekki átt sjer stað í þessu efni, eins þó að verslunin væri í höndum landsins sjálfs. Enda hefir það komið fyrir hjá landsversluninni, að kornvörur hafi verið skemdar, þó að verslunarstjórninni hafi þar ekki verið um neitt að kenna. Auðvitað væri það mesta tryggingin í þessu efni, eins og hv. þm. (J. B.) talaði um, að hægt væri að hafa eftirlit með vörunni,þegar henni er skipað út erlendis, en erfitt mundi það vera fyrir okkur. Hins vegar vil jeg benda á það, að þótt ekki færi fram lögskipað mat altaf, mætti hafa eftirlit t. d. lögreglustjóra, sem gæti orðið nokkuð til bóta.

Annars kom jeg ekki sjálfur með þetta í frumvarpsformi nú, af þeirri einföldu ástæðu, að jeg áleit mig bresta kunnáttu til þess að búa það nógu vel út, en málið hins vegar nauðsynjamál. Þess vegna vildi jeg fela það stjórninni, þar sem hún á færari mönnum á að skipa til aðstoðar og betri aðstöðu til að ganga vel frá málinu.

Hákon Kristófersson: Jeg get að því leyti gert orð hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) að mínum, að jeg er hv. flm. (S. St.) þakklátur fyrir till. því að skemdir á kornmat eru nú oft orðnar svo óhæfilega miklar, að full þörf er á því, að löggjafarvaldið taki í taumana. Annars get jeg að ýmsu leyti tekið undir með hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), t. d. um það, hvernig stjórnin ætti að snúast við till.

Út af ummælum hv. flm. (S. St.) vil jeg þó taka það fram, að jeg sje enga ástæðu til þess að fela lögreglustjórum þetta eftirlit, enda hefi jeg litla trú á þeim til þess. Miklu nær væri að fela það hjeraðslæknum, og þeir ættu að hafa næga þekkingu til þess, því ekki mun það rjett, sem haldið hefir verið fram, að sjerfræðisrannsókn þurfi í tilraunastofu, nema í sjerstökum undantekningartilfellum. Annars vænti jeg þess, að hv. deild sýni þessu máli allan sóma og stjórnin undirbúi það síðan eftir föngum, þó að þingið hafi auðvitað óbundnar hendur gagnvart því, sem stjórnin kynni að koma með, og þarf jeg svo ekki að fjölyrða frekar um þetta að sinni.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg ætla að eins að svara örfáum orðum þeirri skoðun, sem virtist gægjast fram hjá hv. þm. Barð. (H. K.). Þótt jeg hafi reyndar áður átalið það atferli þingsins, sem sífelt fer í vöxt, að fela stjórninni undirbúning mála og vilja svo ekkert við þau eiga, þegar búið er að verja til þeirra tíma og fje, þá er auðvitað ekki verið að heimta það, að þingið taki frv. óbreyttum, heldur að það sýni, að því hafi verið alvara með málið.

Hákon Kristófersson: Þetta er misskilningur hjá hæstv. forsætisráðh. (J. M.), og ómaklegt í minn garð. Jeg var líka að tala við hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), en alls ekki við hann.

Forsætisráðherra (J. M.): Þetta lá í orðum hv. þm. (H. K.), hvað sem hann kann að hafa ætlað að segja, og var nema eðlilegt, að jeg tæki því svona,

og er það enginn misskilningur, því jeg hefi oft áður fundið að þessu sama. (**B. J.**: Og það með rjettu.) Já, það geri jeg altaf, þó að hv. þm. viðurkenni það ekki altaf eins og nú.

Jón Baldvinsson: Út af því, sem sagt hefir verið um vöruskemdir landsverslunar, vil jeg taka það fram, að þar gætti nokkurs misskilnings, því jafnvel þó að aldrei verði kann ske komist alveg hjá slíku, þá er þó meiri trygging hjá ríkisverslun en öðrum, að ekki sje flutt inn skemd matvara. Og hið opinbera eftirlit með innflutningnum er þá komið af sjálfu sjer.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Jeg gleymdi að taka það fram áðan, að ef þetta eftirlit eða mat yrði lögfest að einhverju leyti, væri það eitt út af fyrir sig þó nokkurt aðhald til að vanda vöruna meira en verið hefir.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 16 : 1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 330).

---

4. Heimavistir við lærða skólann.

Á 43. fundi í Nd., fimtudaginn 14. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um heimavistir við hinn lærða skóla í Reykjavík (A. 311).

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 16. apríl, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 47. fundi í Nd., þriðjudaginn 19. apríl, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, var till. aftur tekin til e i n n a r u m r. (A. 311, 343).

Frsm. (Jón Þorláksson): Þessi till. stendur í sambandi við frv. til laga um hinn lærða skóla í Reykjavík, sem mentamálanefndin hefir látið frá sjer fara.

Ástæðurnar fyrir till. eru þær fyrst og fremst, að eins og kunnugt er, eru megn vandræði fyrir aðstandendur námsmanna að útvega húsnæði og fæði handa þeim hjer í bænum. Og örðugleikarnir fyrir aðstandendur nemenda við mentaskólann eru meiri en annara, sökum þess, að þangað fara menn yfirleitt mjög ungir, og þar af leiðandi getur ekki talist forsvaranlegt að senda þá hingað, nema sjeð sje fyrir fæði og húsnæði hjá góðu fólki, en á því vill verða misbrestur sökum húsnæðisvandræðanna.

Önnur ástæðan fyrir því, að nefndin ber fram þessa till., er sú, að hún álítur heimavistir nauðsynlegar vegna skólans sjálfs og skólalífsins. Áður voru heimavistir við þennan skóla. Aðalástæðan til þess, að þær voru afnumdar, var rúmleysi. Meðan þær voru mótuðu þær skólalífið. þær ólu upp fjelagsanda

meðal pilta, og þeir hefluðust við að umgangast hverjir aðra. Reynslan sýndi, að þótt heimavistirnar nægðu ekki nema handa helmingi nemenda, þá var þó sá hópur nógu stór til þess að vera miðpunktur skólalífsins og draga einnig hina, sem ekki bjuggu þar, að sjer. Eftir að heimavistirnar lögðust niður, hefir alt skólalífið breyst mjög. Oss, hina eldri skólamenn, furðar á því, hve lítil kynni piltar hafa nú hver af öðrum. Því fer fjarri, að nemendur þekki nú alla skólabræður sína með nafni. Þess hefir orðið vart, að nú fara menn af skólanum óánægðir með hann og veru sína þar. Stingur þetta mjög í stúf við það, sem áður var. Jeg efast ekki um, að þetta stafar mikið af því, að heimavistirnar eru farnar og með þeim samlíf það á milli pilta, sem af þeim leiddi.

Svo teljum við heimavistirnar nauðsynlegar til að koma rjettingu á það hlutfall, sem nú er á milli reykvíska nemenda og nemenda annarsstaðar að. Örðugleikarnir á að koma nemendum hjer fyrir draga úr aðsókninni frá öðrum hjeruðum, og að sama skapi fjölgar Reykvíkingunum. $^2/_3$ hlutar allra nemenda mentaskólans eru nú úr Reykjavík. Nefndin er sammála um að telja óheppilega slíka röskun á hlutföllunum, og álítur hún nauðsynlegt að skapa skilyrði til þess, að utanbæjarmenn geti sótt skólann.

Að því er meiri hluta mentamálanefndarinnar snertir, þá stendur tillagan einnig í sambandi við frv. það, sem mentmn. hefir afgreitt til þingsins. Þar er gert ráð fyrir, að slitið verði hinu beina sambandi milli Akureyrarskólans og skólans hjer. Þá verða þeir, sem ætla sjer að ganga mentabrautina, að jafnaði að byrja strax hjer, þótt hitt sje auðvitað ekki útilokað, að duglegir menn geti gengið inn í efri bekki, eins og altaf hefir átt sjer stað. Við skólann á Akureyri eru nú heimavistir. Þær hafa mjög stuðlað að því, að fyrir menn af Norður- og Austurlandi hefir verið þægilegra að sækja skólann þar en hjer. Ef sambandinu milli skólanna yrði slitið, ykist þess vegna mjög örðugleikinn við skólanám fyrir menn úr þessum landshlutum. Úr þessu mætti mikið bæta með góðum heimavistum og mötuneyti hjer við skólann, því við það lækkaði mjög kostnaðurinn við að dvelja hjer.

Enn skal jeg geta þess, að ráðunautar þeir, sem stjórnin hefir skipað til að athuga skólamál vor, Guðmundur prófessor Finnbogason og Sigurður prófessor Sívertsen, víkja að því í áliti sínu, að nauðsynlegt sje að koma upp heimavistum við mentaskólann, þótt þeir ekki komi fram með neinar beinar tillögur um það.

Í sambandi við þetta mál hefir stúdentaráðið beint því til mentamálanefndarinnar, hvort hún áliti ekki unt að koma upp verustað fyrir stúdenta í sambandi við heimavistirnar handa mentaskólapiltum. Nefndin vill ekki gera að tillögu sinni, að slíkum verustað sje blandað saman við heimavistirnar, en hún mælir hið besta með, að þarfir stúdentanna sjeu teknar til álits og undirbúnings svo fljótt sem mögulegt legt er.

Brtt. er komin fram frá hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.). Hún fer fram á, að undirbúningur sje líka gerður til að koma á heimavistum við kennaraskólann. Nefndin sem heild hefir ekki viljað gera þetta að tillögu sinni í bili, sökum þess, að alt er óráðið um skipun þess skóla í framtíðinni. Það má raunar líka segja það um mentaskólann, en þó er

skemmra komið með kennaraskólann. Till. milliþinganefndarinnar um þann skóla eru alveg nýkomnar. Nefndin vill gera kennaraskólann viðskila við aðra skóla, eins og mentaskólann. Þó vill mentamálanefndin ekki taka gefið, að þetta verði gert. Hugsanlegt væri, að hann yrði látinn vera í einhverju sambandi við gagnfræðaskólana, og fyr en sjeð verður með vissu, hvert samband verður þar á milli, er ekki hægt að gera ákveðnar tillögur um skipun heimavistar við kennaraskólann. Þess vegna vill nefndin ekki taka upp ákvæðið í brtt. hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) að sinni. En hún er að sjálfsögðu með því, að kennaraskólinn fái heimavist, og þegar búið er að ákveða skipulag hans, þá mun hún leggja til með því, að byrjað verði á undirbúningi þess máls.

Jeg vil geta þess, að þótt þessi till. mentamálanefndarinnar verði samþykt, þá hefir hún ekki neinn sjerstakan kostnað í för með sjer, því að eftir því, sem horfir nú með fjárlögin, þá mun byggingarmeistari fá aðstoðarmann með háum launum, og ætti hann því að geta undirbúið þetta mál án sjerstaks kostnaðar fyrir ríkissjóð.

Mentamálanefndinni var ljóst, þótt hún bæri tillöguna fram, að miklir örðugleikar eru á framkvæmd þessa máls sökum fjárhagsástands landsins og hversu dýrt er nú að byggja. En þótt nefndin áliti þennan tíma illa fallinn til framkvæmda, þá álítur hún rjett að nota einmitt þennan tíma til undirbúnings, svo að hægt sje að byrja undir eins á framkvæmdunum og um hægist.

Eiríkur Einarsson: Jeg hafði ekki ætlað mjer að taka hjer til máls. En er jeg tók eftir, að flutningsmaður brtt. (Þorst. J.) er ekki hjer við, ákvað jeg að segja nokkur orð. Jeg sá mjer ekki fært að flytja þessa brtt., um að bæta kennaraskólanum við, með hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), en jeg met ástæður þær, sem hann færir fram með till., mikils. Og af því að mjer er vel til brtt., þá vil jeg spyrja hæstv. forseta, hvort hann sæi sjer ekki fært að fresta umr. um málið, þar sem flm. brtt. (Þorst. J.) er ekki viðstaddur, og jeg er viss um, að honum mun þykja verra að geta ekki tekið þátt í umræðunum. — Nú sje jeg, að hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) er kominn. Læt jeg þá staðar numið, því jeg tók eingöngu til máls sökum fjarveru hans, og tek jeg þá aftur beiðni mína til forseta um að fresta umr.

Þorsteinn Jónsson: Jeg býst ekki við, að stjórnin geti mikið framkvæmt á næsta ári í þessu máli, þó að tillagan á þskj. 311 ásamt brtt. minni yrði samþykt. Tilgangurinn með þeim er líka aðeins sá, að hún færi að hugsa um málið og framkvæmi svo verkið, er hún sjer sjer fært. Enginn vafi er á því, að mikil þörf er á heimavist við mentaskólann, en engu minni þörf er á henni við kennaraskólann, því allir nemendur þess skóla eru utan af landi, en meiri hluti nemenda mentaskólans er úr Reykjavík. Þess vegna á að haldast í hendur undirbúningur heimavista við þessa tvo skóla. Þessir skólar báðir eru mjög þýðingarmiklar stofnanir. Stefnan er víðast sú, að gera þessum tegundum skóla jafnhátt undir höfði. Hingað til hefir kennaraskólinn verið settur skör lægra hjer á landi en mentaskólinn; t. d. eru laun kennara við hann mikið lægri en laun kennaranna við mentaskólann.

Enginn taki orð mín svo, að jeg sje á móti heimavistum við mentaskólann,

en jeg legg áherslu á, að þeim sje líka komið á við kennaraskólann.

Bjarni Jónsson: Jeg stend ekki upp af því, að framsögumaður (J. Þ.) þurfi hjálpar, heldur vegna samanburðar þess, sem síðasti ræðumaður (Þorst. J.) gerði á nauðsyninni á heimavistum við mentaskólann og kennaraskólann. Sá samanburður var skakkur. Nauðsyn heimavista er miklu meiri við mentaskólann. Það er nauðsynlegra fyrir óþroskaða unglinga en allþroskað fólk að eiga vísan góðan stað til að dvelja hjer, því að unglingar eru síður vaxnir að standast ill áhrif, en það ætti þroskað fólk frekar að vera fært um.

Svo er annað. Unglingar, sem lenda á heimilum þar sem sjúkleiki er, kunna síður að forðast smitunarhættu en fullorðnir. Ef bera á saman þörfina fyrir heimavist við báða þessa skóla, þá er þannig ekki nokkur vafi á, að þörfin er óendanlega miklu meiri hjá mentaskólanum. Annað atriði í þessu máli er það, hversu heimavist er nauðsynlegur hlutur í uppeldi lærðra manna, af því að nemendur mentast ekki síður af umgengni hver við aðra en af náminu sjálfu. Í sambúðinni í heimavist fá þeir tækifæri til að koma saman á fundum og fá tækifæri til að færa út í lífið það, sem þeir hafa lært. Jeg þekki þetta af eigin reynslu, því jeg var í heimavist; við sváfum 20 í „Langaloftinu" og 12 í „Litlaloftinu" svo nefndu. Jeg þekki því vel hvaða áhrif heimavistarlífið hafði á mig og skólabræður mína. Hjá okkur vaknaði viðleitni á að reyna að koma orðum að hugsunum okkar og láta aðra verða aðnjótandi þeirra hugsana, sem vöknuðu hjá okkur út af því, sem við vorum að læra. — Jeg er svo heppinn að eiga fundarbók úr bekkjarfjelagi frá skólaárum mínum. Úr henni gæti jeg lesið upp, hvaða skoðanir á stjórnmálum ýmsir menn, sem um langan tíma hafa tekið þátt í stjórnmálabaráttu vorri, höfðu þá. Þar geta menn sjeð haldið fram þeim skoðunum, sem síðar hafa sigrað. Jeg nefni þetta sem dæmi, en svona er það á öllum sviðum, að það er gersamlega horfið. Það bar á þessu þegar jeg var kennari við skólann, — stundakennari, því jeg komst nú aldrei lengra en það, — og byrjaði með því, að bóka-„auktionin" var afnumin, en svo kom hvað á eftir öðru, en eftir því sem fleira hvarf af því, sem var gömul tíska, minkaði samúð á milli pilta í skólanum, og nú er það svo, að þeir þekkjast varla, og það kemur fyrir, að þeir þjerast. Þegar jeg var í skóla, heilsuðust piltar með kossi er þeir komu fyrst til bæjarins, svo einlæg var vináttan þeirra á milli. Þetta er alt öðruvísi nú, sem von er, því piltar hafa ekkert tækifæri til samstarfa og sambúðar; slíkt næst ekki nema piltar búi saman, sjeu í h e i m a v i s t u m. Auk þess er það mjög ótryggilegt fyrir pilta, sem úr sveitum koma, að eiga það á hættu að vera settir hjer eða þar,kann ske í óvistlegar og óhollar íbúðir. Jeg vil ekki viðhafa nein ill orð um bæ þennan, en hitt er víst, að svo mikill stórborgarbragur er orðinn á Reykjavík, að það er ekki sama, hvar óreyndur sveitapiltur lendir. En ef heimavistir eru, og 2 og 2 piltar búa saman, eða eftir því, sem haganlegt þætti, þá væru það alt aðrar viðtökur, og foreldrarnir mættu vera óhræddir við að sleppa börnum sínum hingað. Það græðist því margt við þetta, og jafnvel þótt þetta kostaði of fjár, þá má ekki hika við framkvæmd þessa nauðsynjaverks, því það mundi margborga sig, ekki einungis óbeinlínis,

heldur einnig beinlínis. Það hreint og beint gæfi landinu alt aðra framtíð.

Jeg skal ekki neita því, að það væri einnig nauðsynlegt fyrir kennaraskólann að fá heimavistir, en óneitanlega er málavöxtum þar nokkuð öðruvísi háttað en fyrir mentaskólann, því að í honum eru flestir nemendur vaxnir úr grasi og eru nægilega þroskaðir orðnir til þess að forðast þær hættur, sem óreyndum og lítt þroskuðum „busum" gæti að falli orðið.

En hvað því viðvíkur, sem hv. þm. (Þorst. J.) talaði um, að þessir tveir skólar ættu að fylgjast sem mest að, þar eð þeir væru í ýmsu líkir, þá vil jeg minna hann á gamalt orðtæki svo hljóðandi: „Það, sem guð hefir sameinað, má maðurinn ekki sundur skilja", en hann vill auðsjáanlega snúa því við og segja: „Það, sem guð hefir sundur skilið, má maðurinn sameina". Það er alt öðruvísi háttað með latínuskólann en með kennaraskólann, því í hann ganga ekki aðrir en þeir, sem eru að leita sjer undirbúnings undir æðri mentun. Það er ekki einungis, að þeir þurfi að sitja þar 6 ár, heldur verða þeir að vera í öðrum æðri skóla 4—6 ár á eftir, sem komið er undir því, hvað þeir nema. Eins og kennaraskólinn er nú, er hann ekki annað en gagnfræðaskóli, en hann á að vera háskóli, æðsti skólinn í alþýðumentunarstiganum. Undirbúningsskólinn undir hann á að vera gagnfræðaskóli, og skilyrði fyrir inngöngu í hann á að vera gagnfræðapróf. Þar á að vera kend almenn sálarfræði með sjerstöku tilliti til barna og unglinga; þar eiga að vera gerðar kröfur til þess, að nemandinn hafi lesið t. d. Preyers: Die Seele der Kinder, eða aðrar slíkar bækur, áður en hann fer frá skólanum. Þar á einnig að vera kend uppeldisfræði, og verkleg kensla á að vera í skólanum samhliða því bóklega. Það yrði að vanda mjög til kennara við skólann, svo að ekki væru fengnir aðrir en þeir, sem væru starfinu fullkomlega vaxnir. Með slíku fyrirkomulagi gæti hann verið grein af Háskóla Íslands. Jeg vildi að eins láta þessa getið, en geri það að engu kappsmáli, að brtt. hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) verði feld; miklu fremur vildi jeg styðja að því, að bæði væri gerð áætlun um heimavistir í kennaraskólanum, og einnig um stúdentabústaðinn, og eins og hv. frsm. (J. Þ.) tók fram, mundi það ekki kosta svo mjög, þar eð við höfum nú bæði húsagerðarmeistara með fullum launum og aðstoðarmann hans með embættismannslaunum. Gætu þeir vel gert áætlun, þó væri fyrir þrjú hús eða fleiri, en jeg vil aðeins, að mentaskólinn sje látinn sitja í fyrirrúmi fyrir öðrum skólum, því jeg álít það þjóðarskaða, hvert árið sem líður án þess, að hús verði reist til þessa.

Þorsteinn Jónsson: Það er ekkert, sem jeg þarf að svara hv. þm. Dala. (B. J.), því að jeg er honum algerlega sammála um það, sem hann vildi láta kenna við kennaraskólann. Reyndar get jeg nú tekið það fram, að sumt af því, sem hann taldi upp, er þegar kent við skólann, t. d. eins og uppeldisfræði o. fl. (**B. J.:** Það er víst kákað í því). Það hefir verið kastað höndum til þessa skóla frá upphafi, nema hann hefir verið svo heppinn að fá góða kennara. Húsið er óvandað, bygt í grjótholti, og því enginn blettur þar sem nemendur geta verið að leikjum í frímínútum sínum. Nemendum er ætlaður of stuttur tími til náms. Jeg hefi oft hugsað um, að heppilegast mundi vera að heimta

gagnfræðapróf til inntöku, en hafa hann þriggja ára skóla sem nú.

Jeg ætla ekki að fara að halda langa ræðu um nauðsyn heimavista, en það mun vera sanni næst, að þær eru nauðsynlegar fyrir báða skólana, mentaskólann og kennaraskólann, og munu hafa góð áhrif, en vitanlega verður að vanda til þeirra, sjerstaklega fyrir unglinga í 1. og 2. bekk mentaskólans, enda mun það vera tilætlunin að gera þær góðar.

En það var ein ástæða, sem jeg gleymdi að taka fram áðan,að meiri þörf væri á heimavistum fyrir kennaraskólann en mentaskólann, og hún er sú, að það eru vanalega fátækari piltar, sem sækja kennaraskólann, og heimavistirnar ættu því að gera þeim ljettara fyrir og gera þeim ódýrari vistina hjer heldur en að þurfa að búa úti í bæ.

Frsm. (Jón Þorláksson): Jeg ætla að eins að gera dálítið nánari grein fyrir, hvers vegna jeg álít, að ekki sje fært fyrir stjórnina að gera undirbúning til heimavista fyrir kennaraskólann að svo stöddu. Jeg drap á áðan, eins og hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.) einnig gerðu, að það eru mjög skiftar skoðanir um það, hvernig fyrirkomulag skólans eigi að vera, hvort hann á að vera gagnfræðaskóli og kennaraskóli, eins og verið hefir, eða hvort hann á að vera þriggja ára skóli með gagnfræðapróf sem inntökuskilyrði. Eftir þessu fer heimavistarfyrirkomulagið.

Ef tillaga ráðunautanna um að hafa skólann bæði kennaraskóla og gagnfræðaskóla nær fram að ganga, og bekkjum skólans verður fjölgað, þá hlýtur sá, sem á að gera áætlun um fyrirkomulag heimavistanna, að haga starfi sínu eftir því, bæði hvað húsrúm og tilhögun snertir. En þar sem fyrirkomulag skólans er engan veginn ákveðið enn þá, þá fæ jeg ekki annað sjeð en að byggingarráðunauturinn hljóti að vísa þessu frá sjer, þar til hann veit, hve marga bekki skólinn á að hafa. Þess vegna held jeg, að maður geri máli þessu ógagn með því að hnýta þessu aftan í tillögu nefndarinnar, og það gerir málið þokukendara, ef eitthvert það ákvæði er sett inn, sem ekki er hægt að afgreiða fyr en eftir næsta þing. Jeg tók það fram áðan, að jeg álít, að kostnaðurinn hljóti að verða lítill við að gera þessar áætlanir, þar sem við höfum tvo menn með fullum launum, er vel ættu að geta sint þessu. En hins vegar býst jeg við því, að ekki sje hægt að nota neitt það húsrúm, sem nú er í skólanum, til heimavista, og verður því að sjálfsögðu að byggja hús til þeirra. Jeg leyfi mjer því að skjóta því til hv. flm. brtt. (Þorst. J.), þar sem hann sjálfur er ekki fastur á því, hvort tillaga ráðunautanna eigi að vera hin endanlega tilhögun skólans eða ekki, að hann taki brtt. aftur, í trausti til þess, að við hinir nefndarmenn viljum glaðir fylgja tillögu hans, strax er tími er til kominn.

Þorsteinn Jónsson: Eins og jeg tók fram, þá býst jeg ekki við, að mikið verði gert þar til næsta þing kemur saman, þótt þessi tillaga til þingsályktunar verði samþykt, og finst mjer þá enginn skaði skeður þótt brtt. mín fljóti með, enda er stjórnin ekki skyld að framkvæma alt það, sem skorað er á hana að gera með þingsályktunum, svo framarlega sem henni finst það ekki ráðlegt, og getur hún því látið heimavistaráætlun kennaraskólans bíða, jafn-

vel þó að hún láti gera áætlun um heimavistir mentaskólans.

Bjarni Jónsson: Það er aðeins stutt athugasemd út af ummælum hv. 1. þm. N.-M. (Þorst. J.), að stjórnin sje ekki skyldug til að verða við þeim þingsályktunartillögum, sem samþyktar eru. Þetta gat jeg ekki látið fram hjá mjer fara ómótmælt. Jeg álít stjórnina skylda til, ef hún vill ekki verða við þeim áskorunum, sem hún fær frá Alþingi og samþyktar hafa verið þar, að segja til í tíma og segja af sjer, ef hún, einhverra hluta vegna, ekki sjer sjer fært að verða við þeim. Hitt er annað mál, að stjórnin er ekki skyld til að gera eða láta gera báðar áætlanirnar á sama tíma, þótt báðar hafi verið samþyktar á þingi.

ATKVGR.

Brtt. 343. feld með 13 : 10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorst. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., J. A. J., J. B., M. K., Þorl. J., B. Sv.

nei: Þór. J., B. J., Jak. M., J. S., J. Þ., M. G., M. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G.

Fjórir þm. (H. K., M. P., Ó. P., P. J.) fjarstaddir.

Tillgr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

álykturn neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 483).

5. Elli- og líftryggingar.

Á 42. fundi í Ed., miðvikudaginn 13. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um innlendar elli- og líftryggingar o. fl. (A. 309).

Á 43. fundi í Ed., fimtudaginn 14. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 44. fundi í Ed., föstudaginn 15. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi, mánudaginn 18. apríl, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg hefi ekki miklu við að bæta greinargerð þá, sem fylgir þessari þingsályktunartillögu. Jeg bjóst við, að þessu lík till. mundi koma fram í hv. Nd., en þar sem mjer þótti það dragast, þá tók jeg það ráð að flytja þessa till.

Nokkur atriði vildi jeg þó taka frekar fram en í greinargerðinni, einkum til áherslu.

Aðaltilgangur minn með till. er sá, að fá að vita, hvað gert hefir verið í þessu máli á síðustu árum og hvar því nú er komið.

Eftir síðustu aldamót virðist hafa tekið að vakna talsverður áhugi á ýmsum innlendum tryggingamálum. Aukinn útvegur, dýr skip, meiri byggingar og ýmsar aðrar framfarir gerðu mönnum ljóst, hvað í húfi væri, ef slys bæri að höndum og alt væri óvátrygt. Hin tíðu slys af ýmsu tægi voru líka nóg til

þess að halda áhuganum vakandi. Svo var og um hinar tíðu druknanir á íslenskum skipum á hverju ári. Menn sáu, að sjálfsagt var að tryggja fyrir þessum áföllum, og vegna þess að menn sáu strax, að hjer myndi bæði stórfje fara út úr landinu til iðgjalda og að hollast myndi að hafa hjer hönd í bagga með sjálfur, þá kom upp krafan um það, að þessar tryggingar væru innlendar. Og nú hefir smátt og smátt, með aðstoð þings og stjórnar, þessum málum verið komið í það horf, sem nú eru þau í og viðunandi má telja í bili.

En tryggingar á heilsu manna, vinnuþoli og lífi hafa átt erfitt uppdráttar, og er þó einnig hjer um verðmæti að ræða, sem skyndilega getur tapast og áreiðanlega tapast þjóðfjelaginu við heilsuleysi, elli og dauða einstaklingsins.

Jeg hefi minst áður á slysatrygging sjómanna, sem telja má í sæmilegu horfi nú, og jeg skal minnast á ellistyrktarsjóðinn, sem er alveg ófullnægjandi og verður um marga tugi ára, með því fyrirkomulagi, sem á honum er.

Embættismenn þjóðarinnar skulu nú einnig tryggja elli sína og kvenna sinna.

Þetta hefir nú þegar verið gert, og er spor í rjetta átt, en samt er enn mikið eftir ógert.

Hve margir eru þeir, sem lenda á sveitinni með alt sitt, ef þeir verða sjúkir stuttan tíma? Hve margir eru þeir, sem í elli sinni lenda á sveitinni, og hve margir skilja börn og konu eftir á vonarvöl, þegar þeir deyja? Margir þeirra manna hafa ef til vill eytt sínum síðasta skilding, meðan þeir voru heilir heilsu og vinnufærir, og áttu svo ekki neitt eftir til „vondu áranna".

Nei, almennar tryggingar fyrir þessu, helst öllu, verðum við að fá sem allra fyrst.

Eins og greinargerðin ber með sjer, hefir dr. Ólafur Daníelsson þegar fundið með reikningum sínum fastan grundvöll til þess að byggja á í þessu efni, að því er snertir almennar líftryggingar, lífrentu- og ellitryggingar.

Að svo miklu leyti sem jeg ber skyn á þessa hluti, þá virðist mjer ellitryggingarlaun líklegust og einföldust til framkvæmda í náinni tíð, og alveg óforsvaranlegt að slá þeim á frest til lengdar. Þar er aðstaðan ágæt, lítill stofnkostnaður og lág iðgjöld.

Í sambandi við þetta og eins almennar líftryggingar, sem líklega yrðu eitthvað dýrari hjer á landi en annarsstaðar, skal jeg benda á, að á fyrstu læknisárum mínum var bæði lítið um líftryggingar, og þær fáu, sem voru, mjög lágar, upphæðin oftast 1—2 þúsund krónur. Síðustu árin hefir aftur tryggingum bæði fjölgað að mun í mínu læknishjeraði og upphæðirnar verið hærri, oft 4—10 þúsund krónur, og eru þó iðgjöld af þeim upphæðum alls ekki lítil fyrir verkamenn og bændur, eins og þá, sem jeg þekki best til. Þetta sýnir, að þorra manna er að verða ljós þýðing líftrygginganna og ágæti, og hins vegar horfa þeir ekki svo mjög í iðgjaldskostnaðinn.

Stjórn og þingi er því óhætt að þessu leyti að ganga röggsamlega að þessu verki og undirbúa löggjöf um þessi efni.

Eins og nú einstaklingarnir að sínu leyti áreiðanlega hafa sjeð haginn af tryggingunum, eins ætti stjórn og þingi að skiljast, að þetta er stórt fjárhagsmál fyrir landið í heild sinni, sem jeg líka hefi drepið á í greinargerðinni. Þar hefi jeg bent á, að væri þessu máli

hrundið í viðunanlegt horf, myndi á fáum árum safnast fyrir í landinu fleiri miljónir króna, sem ávaxta þyrfti, og gæti þar með orðið til þess að hrinda áfram ýmsum framfarafyrirtækjum til lands og sjávar, meðal annars í iðnaði.

Svo að jeg nefni að eins eitt dæmi þessu til sönnunar, skal jeg minnast á ríkisveðbankann. Honum hefir helst verið fundið það til foráttu á þessu þingi, að hann myndi ekkert fje hafa til útlána, þar sem ekkert fje væri til þess að kaupa með verðbrjef hans.

Þarna yrði fengið smám saman nægilegt fje, sem sjálfsagt væri líka að nota í þessu skyni, eins og gert er alstaðar erlendis; þar eru lífsábyrgðarstofnanir einn helsti kaupandi slíkra verðbrjefa, og hlýtur líka að vera það, samkvæmt eðli sínu.

Það mætti hugsa sjer, að þetta mikla fje gæti orðið landinu tvíeggjað sverð, einkum eftir þeirri reynslu, sem við höfum fengið af meðferð fjár í landinu síðustu árin. En jeg er ekki svo mjög hræddur við þetta, bæði af því að þjóðin hefir rekið sig alvarlega á nú og gerir líklega betur, og svo kemur þetta fje smátt og smátt á mörgum árum, eins og hlaðið sje steini við stein í vegg, en ekki alt í einu, eins og gróði sá og „spekulations-fje, sem hefir blindað svo augu þjóðarinnar nú.

Jeg skal svo vera stuttorður um þann kostnað, sem þessi þingsályktunartillaga myndi hafa í för með sjer. Jeg get ekki annað sjeð en að hann sje svo lítill, samanborið við það, sem í húfi er.

Það herrans ár 1915 varð það þingsályktun brunamálanefndar að falli í Nd., að lagt var til að heimila stjórninni 5000 krónur í þessu skyni.

Jeg býst ekki við, að þessi kostnaður yrði nú nærri svo mikill, úr því málið er svo vel undirbúið nú þegar, aðeins nokkur atriði, sem frekar þarf að athuga, svo að jeg vona, að þetta verði ekki tillögunni að falli nú, því það væri sannarlega að kasta krónunni og spara eyrinn, eins og svo oft er talað um á þingi hjer.

Skal jeg svo ekki eyða fleiri orðum að þessu, en vona, að till. verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 14 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 14 atkv.

Á 48. fundi í Ed., miðvikudaginn 20. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 309).

Flm. (Guðmundur Guðfinnsson): Jeg hefi talað við aðalhöfund brjefsins frá þingmálafundi Eyrarbakka og Stokkseyrar, og þótti honum tillagan ekki vera nógu skýr, sjerstaklega um rannsókn á þeim atriðum, er áhersla er lögð á í brjefinu.

Annars skal jeg ekki fara frekar út í það en í greinargerðinni er gert, af því jeg er, því miður, ekki nógu vel að mjer í þeim atriðum, að jeg þori að skýra það nánar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg var, því miður, ekki viðstaddur fyrri umr., svo jeg veit ekki gerla, hvað hv. flm. (G. Guðf.) hefir sagt um þetta. En ef til vill hefir hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) verið hjer við og látið eitthvað uppi um undirtektir frá stjórnarinnar hálfu.

Þetta mál hefir verið mikið rannsakað og athugað á síðari árum. Fátækralaganefndin, sem starfaði rjett eftir aldamótin, athugaði þetta talsvert. Það er óhætt að segja, að bæði þing og stjórn hefir haft áhuga á þessu máli. Nokkuð hefir verið gert að lagasetningu í þessa átt, en auðvitað er sú lagasetning ein eigi fullnægjandi hjá oss. Á málinu eru margvíslegir örðugleikar, svo að stjórnin hefir ekki sjeð sjer fært að leggja út í gagngerða og víðtæka breytingu á löggjöfinni. Jeg hygg, að málið sje að mestu svo rannsakað, sem kostur er á hjá oss, svo að ekki þurfi mikið til rannsóknar þess að kosta enn. Við fáum ekki betri mann en þann, sem hefir fengist við þetta, og hefir hann rannsakað þetta mjög ítarlega.

Erlendis hefir verið farið ýmsa vegu til þess að ná því marki, sem hv. flm. (G. Guðf.) hefir fyrir augum. Í Þýskalandi voru fyrir ófriðinn lög líkt því, sem till. hafði fyrir augum. Hvernig þetta er nú veit jeg ekki. Í Noregi var fyrir skömmu komið langt á veg með lagasetning í svipaða átt, en jeg hefi ekki orðið var við, að lög hafi enn verið sett um þetta efni.

Jeg er viss um, að stjórnin verður fús á að rannsaka þetta nánar, og jeg ímynda mjer, að það hafi lítinn kostnað í för með sjer. Það getur vel verið, að stjórnin finni annan tryggari veg en nú er farinn. En sem sagt, mjer er óhætt að lýsa því yfir, fyrir stjórnarinnar hönd, að henni er ljúft að taka þetta til nýrrar athugunar.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Á 48. fundi í Nd., s. d., var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 309).

Á 50. fundi í Nd., laugardaginn 23. apríl, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 52. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var till. tekin til f y r r i u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, var till. aftur tekin til f y r r i u m r. (A. 309).

Þorleifur Guðmundsson: Jeg ætla að segja fáein orð, ekki til þess að andmæla till., heldur til þess að lýsa ánægju minni yfir því, að hún skuli vera komin fram. Mjer finst það bara ekki tekið nægilega vel fram í till., hvað það er, sem hæstv. stjórn á að rannsaka. Till. tekur sem sje aðeins yfir tvær tegundir trygginga og fleira. Þetta fleira veit jeg ekki hvað á að merkja.

Jeg vil geta þess, að mjer hafa borist áskoranir frá 2 fundum á Stokkseyri og Eyrarbakka um að bera upp till. fyrir hið háa Alþingi um að fela stjórninni að reikna eða láta reikna út:

1. Ellistyrk frá 65 ára aldri, að upphæð 600 kr.
2. Ókeypis sjúkrahúsvist, lyf og læknishjálp, þegar alvarleg veikindi ber að höndum.
3. Öryrkjatrygging.
4. Uppeldisfje barna (lögákveðið meðlag).

Jeg get hugsað, að einhverjum þyki þetta æðiloftkent. Þó held jeg, að það

geti komið í ljós, að þetta getur vel komið til mála alt saman. Og fyrsta sporið til þess að koma því til jarðarinnar er, að möguleikarnir sjeu reiknaðir út. Jeg held, að ef nákvæmir útreikningar væru gerðir, þá sýndi sig, að þetta er vel framkvæmanlegt.

Það er líklegt, að það mætti haga þessu þannig, að hver maður greiddi alt í einu lagi, að minsta kosti þeir, sem eru vinnufærir og fullþroska, en ekki hafa haft fyrir börnum að sjá. En með þessu mundi safnast saman geysifje til verklegra framkvæmda í landinu.

Fundarsamþyktirnar gera ráð fyrir, að tvítugur maður hafi greitt eða greiði einskonar þegnskyldugjald í eitt skifti fyrir öll, fyrir öll rjettindi, sem jeg hefi áður nefnt. Hvort þetta er framkvæmanlegt eða ekki er ekki hægt að segja um fyr en það hefir verið nákvæmlega reiknað út. En jeg get vel ímyndað mjer, að tvítugir menn alment mundu geta svarað út þessari upphæð, t. d. ef hún væri 1000 kr. Ef mennirnir gætu ekki greitt það sjálfir, þá gætu ef til vill foreldrar eða vandamenn hjálpað þeim til þess. En ef þeir væru ekki heldur færir til þess, þá mætti láta sveitina greiða fyrir þá, gegn endurgreiðslu á 5 árum. En þá hjálp ætti ekki að skoða sem fátækrastyrk. Það mætti segja, að sumir þessir menn myndu ekki lifa í þessi fimm ár. Fleiri myndu þó lifa þann tíma. En þótt svo færi, að sveitin fengi þetta ekki endurgreitt hjá einhverjum þeirra, þá ber þess að gæta, að sveitin ljetti með þessum hætti að mestu leyti öllu fátækraframfæri af sjer. Þetta fyrirkomulag myndi ljetta miklum sveitarþyngslum af, og jafnframt verða til þess að safna saman fje til þjóðnýtra fyrirtækja, sem annars lægi ef til vill ónotað að miklu leyti.

Jeg hefi kynt mjer talsvert, hvað margir fæðast hjer á landi á ári hverju. Skal jeg lesa hjer upp skýrslu nokkurra ára.

1914	fæddust	2333	karlar	og	konur
1915	—	2438	—	–	—
1916	—	2329	—	–	—
1917	—	2420	—	–	—
1918	—	2360	—	–	—

Á þessu sjest, að á ári fæðast hjer um 2400 karlar og konur. Vitanlega nær ekki alt þetta fólk tvítugsaldri. Eftir því, sem ráða má af skýrslum, þá fækkar því um 223 af þúsundi hverju áður en það nær tvítugsaldri. Þá verða það 777 af því, sem ná þessum aldri árlega, eða 1848 samtals að meðaltali. En það má gera ráð fyrir, að þessi tala aukist heldur í framtíðinni, því samkvæmt reynslu síðari ára fer manndauði á þessu aldursskeiði heldur minkandi, vegna betri aðbúðar og aukinnar læknishjálpar og annars þvílíks.

Það má þá áætla, að 1900 manns nái tvítugu. Ef nú hver maður greiddi 1000 kr., þá kæmi þar samtals 1 miljón og 900 þús., og má það teljast álitleg upphæð. Vitanlega má segja, að ekki dugi að festa alt þetta fje í fyrirtæki, svo sem brúargerðir, hafnargerðir og annað þvílíkt. En mikið má þó festa. Það ætti ekki að þurfa meira en $^1/_3$ til þess að geta greitt út alla styrki; $^2/_3$ mætti festa í verklegum fyrirtækjum.

Jeg heyrði raddir um það eystra, að ekki mundi borga sig fyrir efnamenn eða svo kallaða bjargálnamenn að tryggja sig. En enginn veit sína æfina fyr en öll er, og ekki heldur þeir. Þó að ríkur maður eða bjargálnamaður ætti það víst að verða aldrei styrkþurfi alla æfi, mundi það margborga sig fyrir hann. Því ef þetta kæmist á, mundi hann komast hjá að greiða til sveitar

mikið af þeim gjöldum, er hann annars þyrfti að greiða.

Þá má geta þess, að af þeim, sem ná 20 ára aldri, deyja að meðaltali 130 karlar og 100 konur af þúsundi, samtals 230. Frá 40—60 ára eru sjúkdómstilfelli enn tíðari, og má því gera ráð fyrir meiri manndauða. Það verður því allmikið af ellistyrknum, sem aldrei þarf að greiða út. Til þess að hv. deildarmenn gangi þess ekki duldir, að nokkur kostnaður fylgir þessari rannsókn, get jeg nefnt það, að í Danmörku var skipuð 19 manna nefnd árið 1903 til þess að reikna út elli- og öryrkjatryggingar. Þessi nefnd skilaði ekki af sjer fyr en eftir 12 ár, og má af því sjá, að hún hefir ekki álitið þetta neitt áhlaupaverk.

Nefndarmenn komust allir að þeirri niðurstöðu, að æskilegt og framkvæmanlegt væri að koma á þessum skyldutryggingum. Þeir voru þó ekki allir sömu skoðunar að öðru leyti, hvernig ætti að haga henni. Sumir vildu láta 18—33 ára menn greiða 6 kr. á fjórðungsárinu, en aðrir vildu láta sveitar- og ríkissjóð greiða alt fyrir menn.

Það er því enginn efi á því, að ef þetta mál nær fram að ganga í því formi, sem jeg hefi lýst, er það tvímælalaust eitt albesta og stærsta nauðsynjamál, sem fyrir þessu þingi liggur, mál, sem hefir afarmikið gildi, bæði fyrir einstaklingana, til að gera tilveru þeirra öruggari, og einnig fyrir ríkið í heild sinni, til að afla því starfsfjár. Jeg leyfi mjer því fastlega að vænta þess, að háttv. deild sýni máli þessu þann sjálfsagða sóma að samþykkja það, og einnig að hæstv. stjórn framkvæmi það sem næst því, sem jeg hefi nú lýst.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að tryggingamál yfirleitt eru nú eitt mesta velferðarmál mannkynsins, og það er því síður en svo, að ástæða sje til þess að amast við framkomu þessa máls hjer. Þvert á móti. Það er skylt að taka því tveim höndum, og get jeg sagt það undir eins, að því er til mín kemur, að jeg hefi ekkert á móti því, að fleiri tryggingamál verði rannsökuð um leið, eins og hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) talaði um.

Jeg geri ráð fyrir því, að flestir hv. þm. hafi kynt sjer eitthvað merka ritgerð um slíkar tryggingar, sem birtist í tímaritinu Iðunni nú fyrir skömmu. Hugmyndir þær, sem þar eru settar fram, eru stórfenglegar og merkar og sannarlega þess verðar, að málið sje nákvæmlega rannsakað. Jeg er þess fullviss, að ekki er horfandi í það að kosta 10—20 þús. kr. í rannsókn þessara mála, en auðvitað tekur rannsóknin allmikinn tíma, og mega hv. þm. því ekki vera alt of bráðlátir eftir úrslitum, þó auðvitað verði þeim hraðað eftir föngum.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 20 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 309, 488).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 529).

6. Ábúð jarða.

Á 66. fundi í Ed., þriðjudaginn 10. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um ábúð jarða (A. 556).

Á 67. fundi í Ed., miðvikudaginn 11. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 12. maí, var till. tekin til einnar umr. (A. 556).

Flm. (Einar Árnason): Af því jeg geri ekki ráð fyrir, að till. þessi mæti neinni mótspyrnu hjer í deildinni, læt jeg ekki fylgja henni nema örfá orð.

Lög um bygging, ábúð og úttekt jarða eru nú hartnær 40 ára gömul, svo það er í rauninni ekki undarlegt, þótt þau sjeu nú í mörgum greinum úrelt orðin og á eftir tímanum, jafnmiklar breytingar og orðið hafa á framkvæmdum manna og búnaðarháttum síðan lög þessi voru samin. Það er líka alllangt síðan fór að brydda á óánægju út af ábúðarlögunum, og má vafalaust telja það eina aðalorsökina til þess, að menn hafa sótt svo fast að fá keyptar jarðeignir ríkisins. Misjöfn ráðsmenska yfir jörðunum mun og hafa valdið nokkru þar um. Úr þessari óánægju þarf að bæta. Það þarf að gera lögin þannig úr garði, að leiguliðarnir finni hvöt hjá sjer til þess að hlynna sem best að ábúðarjörð sinni, — að þeim sje það ljóst, að alt það, sem þeir gera jörðinni til bóta, sje sjálfra þeirra hagur. Löggjöfin þarf því að miða að því, að hagsmunir jarðarinnar og leiguliðans fari saman.

Óhætt er að segja, að byggingar til sveita sjeu óviðunandi og að ekki verði hjá því komist að endurbæta þær stórum á komandi tímum. Enda er almenningi orðið þetta svo ljóst, að sterk hreyfing er vöknuð fyrir því að hrinda byggingarmálinu í betra horf. Þetta þarf ábúðarlöggjöfin að taka til greina og greiða sem best úr. Sama má segja um ýmsar jarðabætur, svo sem vatnsveitingar, nýyrkju, girðingar o. fl. Að sumu leyti vantar fyrirmæli um þetta í ábúðarlöggjöfinni, og að sumu leyti eru ákvæðin óheppileg, bæði að því er lýtur að byggingum og jarðabótum. Þetta hafa vafalaust allir fundið, sem fengist hafa við úttekt jarða.

Í till. hefi jeg drepið á erfðaábúð. Jeg skal nú ekkert um það segja, hvort það muni tiltækilegt að lögbjóða hana, en rjett finst mjer, að slíkt sje athugað.

Það er tæpast hægt að búast við því, að einstakir þingmenn hafi tök á að endurskoða slíkan lagabálk sem þennan, svo vel sje. Þess vegna verður að ætla stjórninni þetta verk, og jeg vænti þess, að hún láti það ekki undir höfuð leggjast.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun efri deildar Alþingis.

(Sjá A. 591).

7. Hrossasala innanlands.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 25. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um fyrirkomulag hrossasölu innanlands (A. 377).

Á 52. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 377).

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Þess var getið í umr. um frv. um hrossasölu til útlanda, að landbúnaðarnefnd ætlaði að bera fram till. um endurbætur á fyrirkomulagi hrossasölunnar innanlands, þar sem henni virtist ýmislegt hafa farið þar öðruvísi en æskilegt hefði verið, einkum að því er til kostnaðarins kemur. En ástæðan til þess,að þetta hefir dregist, er einkum sú, að nefndin gat ekki fyr athugað til fulls reikninga yfir söluna. Jeg vil því, áður en jeg sný mjer að till. nefndarinnar, leyfa mjer að gera þess nokkra grein, hvernig sölunni var hagað í fyrra og kostnaðinum við hana.

Er þá fyrst að geta þess, að til þess að halda markaðina voru ráðnir 6 menn, og þótti mörgum þar talsvert í borið um of, þar sem 1 eða 2 menn hafa oft annað þessu áður. En nú var einn til að mæla, einn til að klippa, einn til að skoða tennur, einn til að gá að járnum o. s. frv. En þetta er bersýnilegur óþarfi og tefur fyrir markaðshaldinu, enda gekk það þá með ógreiðlegasta móti. Og mín persónulega skoðun er sú, að aðalmarkaðshaldarinn sjálfur hefði verið færastur til að gera þetta alt og vel haft tíma til þess með venjulegri aðstoð. En þessi hálfa tylft manna fór nú ekki heldur í loftköstum yfir landið. T. d. skal jeg geta þess, að þeir fóru lausríðandi á 5 dögum frá Reykjavík til Blönduóss, þar sem venja er þó að fara á ekki meira en 3 dögum. Og svona mætti fleiri telja. T. d. voru dagleiðir frá Svignaskarði að Grund, þaðan að Þyrli, þaðan að Möðruvöllum í Kjós, og þó dag um kyrt á Grund og Möðruvöllum. Þó vil jeg taka það fram, að ekki eiga allir sammerkt mál í þessu, því yfirleitt virðist sá hafa farið best með tímann, sem fór um Dalina og Snæfellsnessýsluna; hann var alls 15 daga.

Svo kemur kostnaðurinn. Kaup mannanna var mismunandi. Tveir markaðshaldararnir höfðu 40 kr. á dag og í uppbót 1% af söluverði hrossanna, en þrír höfðu 60 kr. á dag og 5 kr. í fæðispeninga og enga uppbót. Kaupið var því yfir 150 kr. á dag hjá sumum, þeim sem höfðu uppbótina, og má það heita rjett sæmilegt, þegar þess er gætt, hverjar dagleiðir þeir höfðu. Kaup annara starfsmanna var einnig mismunandi, yfirleitt um 25 kr. á dag hjá þeim, sem Eggert Benediktsson rjeð, en þó allmiklu hærra hjá sumum, frá 35 kr. til 45 kr., aðallega þeim, sem voru við þetta norðanlands, hvernig svo sem á því stendur. Yfirleitt má finna það að sumum reikningunum, að ekki sje nægilega skýr grein gerð þar fyrir ýmsum atriðum, og ekki nógu vel sundurliðað

um ýms atriði. Þetta kemur ekki síst fram í reikningunum um gistingar, vöktun og slíkt, og eru þeir oft furðulega háir. T. d. voru á einum stað greiddar fyrir vöktun (og sennilega einnig markaðshald?) í 3 eða 3½ sólarhring 1263 kr. Á öðrum stað voru greiddar fyrir næturgistingu með stóð (þess ekki getið hve fjölment) á suðurleið 450 kr. um nóttina, og þó komst það á einum stað upp í 750 kr., með einhverri frekari vöktun og haga.

Skal jeg svo drepa stuttlega á helstu kostnaðarliðina í heild sinni.

Markaðshald og rekstur kostaði kr. 78107, hagi, þ. e. geymsla hjer syðra, og rekstur til skips 29046 kr. 65 aura, framskipun 12297 kr., skrifstofukostnaður 9106 kr., umboðslaun 11935 kr., og ýmislegur kostnaður 1134 kr. Kostnaðurinn við þessi 3436 hross, sem seld voru, varð því alls um 120 þús. kr., eða um 10% af hrossaverðinu, eða vel það, þar sem meðalverðið var 330 kr., og kostnaður varð því um 35 kr. á hross.

Þegar litið er yfir þetta, er ekki nema eðlilegt, að sú spurning vakni, hvort kostnaðurinn sje ekki orðinn óþarflega mikill og hvort eða hvernig megi úr honum draga. Og það var einmitt þetta, sem rannsóknir nefndarinnar beindust að, og skal jeg nú gera þeirra örstutta grein.

Aðalbreytingin er fólgin í því, að till. gerir ráð fyrir því, að hrossasöluhjeruðin annist sjálf þær framkvæmdir innanlands, sem að sölunni lúta. En sparnaðurinn við það yrði allmikill. T. d. mætti sjálfsagt spara 3 menn við markaðshaldið, og mundu þar koma fullar 7 þús. kr. Annað atriði, sem reyndar hefir víst að ýmsu leyti leitt af óvissum skipagöngum, er kostnaður við haga og vöktun syðra, um 29 þús. kr. Þennan lið telur nefndin að spara megi að mestu eða öllu leyti, með því að láta alls ekki geyma hrossin neitt hjer syðra, en haga rekstrunum hentugar. Þetta hefir einnig mikið gildi að öðru leyti, af því að hagagangan hjer syðra hefir verið svo lítil og ljeleg, að hrossunum hefir hríðhrakað hjer, og er oft ömurlegt að sjá hvernig þau eru útleikin, og getur það spilt markaðinum og farið illa með skepnurnar.

Jeg skal nú ekki segja, nema það væri til of mikils mælst, að spara mætti þetta alt, en mjög mikið af því má áreiðanlega spara. Sama er að segja um skrifstofukostnaðinn. Þó að hann geti sennilega ekki horfið allur, má vafalaust lækka hann um helming.

Svo er þóknunin til nefndarinnar, sem reyndar er ekki unt að gera sjer fulla grein fyrir af reikningnum, en má áætla um 8 þús. Á liðunum um kaup, rekstur, haga og gæslu virðist því ekki langt gengið að áætla 10% sparnað. Svo má vafalaust spara að minsta kosti helming, eða um 5 þús. kr., af vöxtum af peningum, sem nú er venjulegt að flytja með sjer til að greiða andvirði keyptra hrossa. Þegar þetta er því alt dregið saman, sjest fljótt, að það er ekki lítið, sem spara má á hvert hross, ef skynsamlega er á haldið. Yrði það eftir þessari áætlun á þessa leið:

1.	Á mannahaldi við markaðshald	ca. kr.	7000
2.	Á geymslu hrossanna hjer syðra	ca. —	27000
3.	Á skrifstofukostnaði	ca. —	5000
4.	Á þóknun til nefndarinnar	ca. —	8000
5.	Á vöxtum af peningum	ca. —	5000

6. Á kaupi rekstrarmanna, haga og ýmsri aðstoð ca. — 7000

eða samtals ca. kr. 59000

Vel má vera, að tölur þessar sjeu settar fullháar, og þeim er aðeins slegið fram til athugunar fyrir hæstv. stjórn. En það vænti jeg að engum dyljist, að hjer sje mjög hægt að spara frá því sem nú er.

Jeg býst nú við, að þessir hrossasölureikningar hafi gengið á milli allra þeirra nefnda, sem um slík mál fjalla, og þess vegna megi treysta þeim. Þó vildi jeg leyfa mjer að minnast á eitt atriði í þessu sambandi, og er það atvik, sem nýlega hefir komið fyrir uppi í Borgarfirði.

Þar fanst fyrir skömmu hross niðri í, og voru menn fengnir til þess að draga það upp úr tókst þeim að bjarga hrossinu lifandi. Þegar svo farið var að spyrja um eiganda þessa hross, kom það upp úr dúrnum, að landssjóður ætti það. Þetta væri hryssa, sem skilin hefði verið eftir þar efra sumarið 1919, og að nú fylgdi henni tryppi á öðru ári. Menn þeir, sem sögðu mjer sögu þessa, kváðust hafa farið til hrossasölunefndarinnar og spurst þar fyrir um, hvort nokkur innstæðureikningur hefði fylgt frá þeirri nefnd, er þá hafði söluna með höndum, og sömuleiðis höfðu þeir farið til þeirra manna, sem helst var trúandi til að vita um þetta, en það fór alt á sömu leið; hvorki nefndin nje hinir einstöku menn gátu neitt upplýst í máli þessu.

En hvernig sem annars liggur í þessu, þá virðist þó, að ríkissjóður eða þá útflutningsnefndin eigi þarna tvö hross.

Jeg skal ekkert um það segja, hvort líkur sjeu til, að þetta hafi átt sjer víðar stað, en mjer finst full ástæða til, að mál þetta sje ekki látið liggja í þagnargildi, heldur verði reynt að upplýsa það eins og föng eru á.

Jeg geri ráð fyrir því, hvað þetta tilfelli snertir, að hryssan hafi verið fylfull, og þess vegna verið komið í geymslu þarna, en þá kem jeg að öðru atriði, sem mjer finst full ástæða að minnast á. Og það eru markaðshaldararnir, þessir hestavitringar, sem gefa sig út fyrir afarkaup og þykjast öllum fróðari í þessum sökum. Mjer finst það ófyrirgefanlegt af þeim að kaupa fylfullar merar, og þó að jeg hafi ekki fleiri dæmi á hraðbergi lík þessu, eða að hryssur, sem þeir hafa keypt, hafi kastað áður en þær komust á útflutningsstaðinn, þá er hitt þó kunnugt, að á leiðinni yfir hafið út til Hafnar köstuðu 8 hryssur síðastliðið sumar. Að markaðshaldararnir, trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, geri sig seka í því að kaupa slík hross, það verður aldrei rjettlætt.

Þá ætla jeg að leyfa mjer að fara nokkrum orðum um einstaka liði þessarar þingsályktunartillögu, því jeg þykist hafa sýnt fram á það í þessum inngangi, að það sje síst að ástæðulausu, að landbúnaðarnefnd hefir fallist á, að breyta þurfi fyrirkomulagi hrossasölunnar frá því, sem verið hefir.

Fyrsti liðurinn byggist á því, að nefndinni hefir fundist eðlilegast, að hrossahjeruðin sjálf hefðu fjelagsskap um hrossasöluna, þann veg, að hrossasölufjelögin nái yfir öll hrossahjeruð, en hefðu svo umboðsmann í hverri sveit, og taki fullkomlega tillit til þess, hvað best á við, ekki einungis í hverri sýslu, heldur hverri einstakri sveit. Starf þessara fjelaga er mikið, því eins og gengið hefir að undanförnu, þá hefir undirbúningur hrossasölunnar verið mjög

ófullkominn. Þegar spurst var fyrir um, hve margra hrossa mátti vænta úr hverri einstakri sveit, þá lenti það í handaskolum, og endanleg loforð um ákveðinn hrossafjölda fengust ekki fyr en eftir langa mæðu. Ef þessi hrossasölufjelög kæmust á, með umboðsmanni í hverri sveit, myndi úr þessu bætt. Umboðsmennirnir ættu, hver í sinni sveit, að vita, hve margra hrossa mætti vænta, og þeim ætti líka að vera kunnugt um, í hvaða ástandi hrossin væru. Og það er ekki aðeins nauðsynlegt, að hrossasölufjelögin viti um ástand hrossanna, heldur ættu þau líka að beita sjer fyrir betri meðferð þeirra, enda hafa hrossin, því miður, ekki altaf verið í eins góðu standi til útflutnings og vera ætti.

Þarna er því ærið starf fyrir hrossasölufjelögin, að sjá um betra uppeldi á útflutningshrossum. Og spá mín er, að slíkur fjelagsskapur gæti ýtt undir það, að menn alment færu betur að sinna hrossarækt og hugsa meira um kynbætur heldur en verið hefir. Því eftir því, sem hrossin batna og stækka og útlit þeirra verður betra, má búast við hærra verði.

Þá kemur annar liðurinn. Nefndin hefir fallist á það að ganga ekki lengra en að leyfa stjórninni aðeins að ráða markaðshaldarann. Er þó nefndin með þessu ekki að vantreysta stjórninni, en svo gæti farið, að samkomulag fengist um þetta atriði og fjelögin sjálf fengju einnig að ráða markaðshaldarann. En á meðan stjórnin hefir einkasöluna á hendi, þykir hlýða að hún ráði aðalmarkaðshaldara, en hrossasölufjelögin sjái um aðstoð við markaðshald, ráði kaupi rekstrarmanna og fjölda þeirra, útvegi haga og annist að öllu leyti rekstur hrossanna frá markaðsstaðnum og þangað, sem þeim verður skipað út.

Þriðji liðurinn gerir ráð fyrir því, að þar, sem ekki eru hrossasölufjelög, taki sýslunefndirnar að sjer framkvæmdir þessa máls. Það má nú vera, að naumur tími sje til að koma þessu í kring þegar á þessu voru. Þó held jeg, að það megi takast, að meira eða minna leyti, enda býst jeg við, ef stjórnin fyrirskipaði sýslumönnum þetta þegar í stað, að sýslunefndirnar myndu taka þetta að sjer.

Þá er það fjórði liðurinn. Hjer er um mikinn sparnað að ræða á rekstri hrossanna, vöktun þeirra og fleira, sem hlýtur að sparast við það, að þurfa ekki að reka þau alla leið úr Norðurlandi og hingað suður. Þessi staður, Borðeyri, er ugglaus útskipunarstaður. Það er auðvitað fundið að Borðeyri, að þar sje ekki bryggja og aðeins smáir bátar, en kunnugir hafa sagt mjer, að úr þessu mætti bæta með því að fá stærri báta, og myndi þá hrossaútskipunin takast vel.

Það, sem sjerstaklega þarf að stefna að í þessu hrossasölumáli, er það, að hrossin missi sem allra minst, áður en þau eru flutt um borð í skipin. Þess vegna verður að fjölga útskipunarstöðunum, svo þessi langi rekstur á hrossunum hverfi úr sögunni. Á þetta leggjum við Norðlendingar aðaláhersluna, því við þykjumst fara nærri um það, að betur myndi um hross okkar fara, ef þeim væri skipað út í Norðurlandi; og Borðeyri er sá staðurinn, sem bæði Skagfirðingar og Húnvetningar gera sig ánægða með.

Það kom fram í umr. um hrossaeinkasölufrv. hjer á dögunum, þegar rætt var um, að skjóta málinu til sýslunefnda og leita umsagna þeirra, að búast mætti

við, að sýslurnar settu skilyrði um framkvæmdirnar. (**Atvrh. P. J.**: Að því leyti, sem hægt er). Já, vitanlega. Og eitt af þeim skilyrðum er þá þetta um fjölgun útskipunarstaðanna, og því er sjerstaklega stefnt til stjórnarinnar í sambandi við þann skipakost, sem hún hefir sjálf yfir að ráða, landssjóðsskipin, að hún muni geta bætt úr þessu.

Þá er það fimti liðurinn og líklega sá liðurinn, sem mest verður um deilt. Með ákvæði þessu mælir það, að með því fyrirkomulagi, sem verið hefir, tapast miklir vextir, áhætta fyrir markaðshaldarana að ferðast með þessa miklu fúlgu af peningum og alt of dýrt að senda slíkar upphæðir með pósti.

Á móti þessu mælir það, að flestir þurfa á peningunum að halda strax. Þó býst jeg við, að sumir þeir, sem selja mörg hross, geti tekið mikið af verði þeirra í bankaávísunum, því flestir þeir hinir sömu hafa kaupafólk hjer að sunnan, sem borga mætti með ávísunum þessum, er útborgaðar væru svo, þegar fólkið kæmi hingað suður. Einnig gæti komið til mála, að sýslumenn gætu bjargað þessari útborgun að einhverju leyti, ef fyrir þá væri lagt að senda ekki greiðslur sínar hingað suður, heldur greiða hrossaverðið að því leyti sem fjársjóðir þeirra hrökkva.

En hvað sem því annars líður, ætla jeg, að þessu mætti kippa svo í lag, að vextirnir ættu að geta sparast að minsta kosti um helming frá því, sem verið hefir.

Það þýðir víst ekki að fjölyrða frekar um till. þessa. Hún er á fullri sanngirni bygð ,og vænti jeg því, að hæstv. stjórn taki hana til rækilegrar athugunar og sjái sjer fært að framkvæma hana.

Jeg skal taka það fram, að till. er ekki fram borin til þess að áfella hæstv. stjórn nje ásaka hana fyrir, hvernig tekist hefir til með hrossasöluna undanfarið. Það ætlast enginn til, að stjórnin hefði á hvað tíma sem var getað fylgst með framkvæmdum þessa máls. Það er öllum kunnugt, að stjórnin hefir haft í svo mörg horn að líta þessi ár, að hún þess vegna hefir orðið að treysta þeim trúnaðarmönnum sínum, er hún sjálf fól allan veg og vanda af málinu. Það vill líka altaf brenna við, að þegar einhverju er stjórnað hjeðan úr Reykjavík, verður það dýrara og stundum lakara í framkvæmdunum heldur en ef valdir væru kunnugir menn á staðnum. Og þeir menn, sem þarna eiga að vinna að, eru mennirnir, sem gera það í sjálfs sín hag; þeirra aðstaða er betri, þeir hafa þekkinguna á öllum staðháttum og vita hvað best gegnir.

Og þó að því ræki, að stjórnin t. d. í sumar yrði að hafa allar þessar framkvæmdir með höndum, vegna þess, að tími ynnist ekki til að stofna þessi hrossasölufjelög, þá vona jeg samt, að hæstv. stjórn taki till. þessa til greina og reyni af fremsta megni að sporna við því, að slíkur kostnaður verði við sölu hrossanna og jeg hefi bent á.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg get ekki sagt, að hv. landbúnaðarnefnd hafi verið sjerstaklega nærgætin við stjórnina í aðfinslum sínum við framkvæmdir hrossasölunnar síðastliðið sumar, þar sem hún kemur hjer með slíka „kritik" á hrossasölumálinu og slöngvar yfir mig, án fyrirvara og óviðbúinn, til þess að bera hönd fyrir höfuð mjer. Þótt jeg hafi ekki hjer á reiðum höndum nú gögn þau, sem við þurfa, þá veit jeg fyrir víst, að flest af þessum kæruatriðum má leiðrjetta og kostnaðinn rjett-

læta, ef menn vilja eftir taka og kryfja málið frá rótum.

Nefndin hafði haft við orð við mig, að hún mundi leggja fram nefndarálit um hrossasöluna. Og þótt jeg ætti alls ekki von á, að þess þyrfti í því skyni að finna að framkvæmdum stjórnarinnar í hrossasölumálinu áður, þá hefði sannarlega verið rjettara að láta allar þessar athugasemdir í ljós á þann hátt, sem nú byltist hjer út í ræðu, og þá hefði jeg getað mótmælt ýmsu með gögnum og upplýst með skýringum.

Að þessu sinni verður því ekki mörgu svarað, en þó skal jeg reyna að leiðrjetta sumt af því, sem hv. frsm. (Þór. J.) hafði fram að bera.

Hann mintist á tímaeyðslu markaðshaldaranna, og hefir þá sennilega miðað við það, sem gerðist fyrir norðan. Maðurinn, sem þangað fór, komst ekki af með minni tíma, og ekki hægt að haga markaðshaldinu öðruvísi, úr því reka varð hrossin suður, en að skipa þeim út fyrir norðan reyndist ekki framkvæmanlegt, og það af ástæðum, sem jeg skal koma að síðar.

Hann (Þór. J.) mintist líka á, að hagbeit hrossanna hefði orðið óþarflega dýr í flestum áningastöðum, gistingar og yfir höfuð allur reksturinn. Það er nú kunnugt, að dýrtíð og „spenningur" var á öllu, mönnum sárt um haglendi sín í slíku grasleysisári, og ekki síst þegar þess er gætt, að þetta var á þeim stöðum, sem mest er umferðin, enda hygg jeg, að hvergi nokkursstaðar hafi verið borgað meira en krafist var, og jafnvel erfiðleikum bundið að komast að samningum fyrir það verð, sem borgað var.

Það er víst óhætt að segja, að bændur sjeu ekki neitt sjerlega greiðugir í þessum efnum, enda oft alls ekki að ætlast til þess. En alt safnast þegar saman kemur, og svo var hjer; margt varð náttúrlega til þess að auka þennan kostnað.

Jeg er þess fullviss, að markaðshaldararnir hafa gert sitt besta, verið sanngjarnir í viðskiftum sínum við bændur og vandir að virðingu sinni. En hjer á Suðurlandi var mjög ljeleg grasspretta, og eftir því sem markaðshaldararnir segja, þótti mjög skarpt um haga þegar búið var að reka einn stóran rekstur úr Hrútafirði og hingað suður, og komu þó inn á sama svæði fleiri rekstrar, bæði úr Dalasýslu og Borgarfirði, svo slíkur ágangur á högum bænda hefir að sjálfsögðu hækkað í verði að mun hagbeit hrossanna hjá bændum.

Nei, jeg er hræddur um að hv. landbúnaðarnefnd hafi ekki athugað alla þá örðugleika, sem voru á því að flytja út hross, sjerstaklega síðastliðið sumar; t. d. virðist hún algerlega hafa gengið fram hjá því atriði, sem ekki skiftir þó hvað minstu máli, en það er skifting hrossanna á markaðina erlendis; hestarnir seldir til Englands, en hryssurnar, meiri hlutinn, til Danmerkur, og það af hryssum, sem fóru til Englands, varð að vera af sjerstakri stærð. Þetta gerði það að verkum, að öllum hrossunum varð að safna saman á einn stað og skilja þau þar í sundur. Meðal annars af því var ekki hægt að flytja út úr Norðurlandi. Þurfti að senda stærstu hestana til Danmerkur, en hina minni til Englands vegna þess, að enginn verðmunur var á hestunum í Englandi, þeim sem voru yfir 50 þuml. á hæð.

Þetta alt, sem jeg hefi nú talið, gerði mikla erfiðleika og kostnað fyrir útflutninginn. Ekki má hjer heldur gleyma einu atriði, sem miklu máli skifti, og það var skipakosturinn. Út-

flutningsnefndin hafði ekki sjálf ráð á neinu skipi til útflutnings hrossanna. Zöllner lagði sjálfur til skip fyrir hrossin til Englands, en setti það þó upp að fá nægan farm í hvert skifti. En þetta var ekki hægt að standa við fyllilega. Og beið hann því skaða af því, að ekki var hægt að útvega jafnmörg hross og til stóð í fyrri farmana. Þetta eru alt saman örðugleikar, sem þessi hv. nefnd hefir ekki gert sjer í hugarlund.

Hv. frsm. (Þór. J.) hugsar sjer, að hægt hefði verið að spara að miklum mun geymslu- og hagakostnað við hrossin. En slíkt er af ókunnugleik hans á þessum sökum. Það var hverri stjórn ómögulegt, eins og á stóð. Til þess hefði að minsta kosti þurft að hafa minni farma og fleiri, svo að ekki hefði þurft að safna saman mjög mörgum hrossum í senn.

Eins og kunnugt er, þá er hagatollur mjög hár hjer. Geldinganes og Álfsnes eru skárstu beitilöndin hjer, því bæði er þar aðhald gott og hagi kjarngóður. Útflutningsnefndin hafði hrossin í Gufunesi 1919, en var knúð til þess af dýraverndunarfjelaginu að taka þau þaðan, vegna þess, að fjelagið áleit þau ekki hafa þar sæmilega haga. Kom nefndin þeim þá í geymslu hjer nálægt Reykjavík; þar varð að hnappsetja þau og fóru þau því miklu ver með sig en ef þau hefðu fengið að vera kyr í nesinu. Það er sá kostur á að hafa hross á afgirtu svæði, að þar geta þau gengið frjáls um svæðið.

Hv. frsm. (Þór. J.) mintist á það, að nú yrði framvegis betra að hafa ráð á skipum, og mintist á landssjóðsskipin. En þar til er því að svara, að þau skip eru nær því óhæf til hrossaútflutnings. Þó er það engan veginn meining mín með þessu, að ekki verði hægt að fá sæmileg skip til þessa, t. d. skip Eimskipafjelags Íslands.

Enn hjelt frsm. (Þór. J.) því fram, að hægt væri að lækka skrifstofukostnaðinn. Það getur verið, að eitthvað megi lækka hann á næsta sumri, en jeg held fast við, að hann hafi ekki verið óeðlilega hár nú.

Þá kem jeg að hneykslissögum hv. frsm. (Þór. J.). Þeim ætla jeg ekki að svara. En hitt veit jeg, að tiltölulega mjög fátt af þeim hrossum, sem hingað hafa komið, hafa reynst óhæf til útflutnigs. Dýralæknir hjer hefir skoðað hrossin, og þau eru sárfá, sem hann hefir dæmt óhæf til útflutnings. Annað mál er það, og algengt, að hross farast á leiðinni eða meiðast. Það hefir og fyrir komið, að hross hafa heltst hjer, og þá verið geymd til næsta farms. En jeg hygg, að það hafi ekki verið nema 6—10 hross þessi 3 ár undanfarin, sem þurft hefir að selja hjer af þeim sökum.

Annars held jeg, að það sje mikill ókunnugleiki í nefndinni á því, hve útflutningur í svona stórum stíl er afarvandasamur. Jeg nefni það hjer sem dæmi, að svo stóð á um vissan stærðarflokk af hryssum, að ef þær voru sendar til Englands, þá fekst 130 kr. lægra verð fyrir þær en ef þær voru sendar til Danmerkur. Sama má segja um hestana, að vissar stærðir af þeim þurftu að fara til hvors landsins, Englands og Danmerkur.

Þá vil jeg minnast á hina fyrirliggjandi þingsályktunartillögu. Stjórnin hefir nú þegar skipað útflutningsnefnd sömu mönnum og í fyrra. Ástæðan til þess var sú, að stjórnin taldi þessa menn hafa reynst sæmilega, og kom ekki auga á aðra betri. Auk þess hafa þessir menn mjög góð sambönd við

menn í hrossahjeruðum landsins. Jeg hafði nú tækifæri til þess í gær að bera þessa þál. landbúnaðarnefndar undir útflutningsnefndina, og get jeg borið álit þeirra fyrir mig um einstaka liði till.

Jeg get gengið inn á það, að gott sje að koma hrossafjelögum á fót, en jeg er hræddur um, að slíkt geti ekki komist í kring á þessu vori.

Það hefir ekki reynst auðhlaupið að því fyrir stjórnina að fá ýmsar áríðandi upplýsingar frá hjeruðunum, t. d. vissu um það, hve mörg hross komi úr hverju hjeraði. Því þótt þau hafi lofað ákveðinni tölu hrossa til útflutnings, þá hefir ekki verið staðið við þau loforð. Þetta hefir verið mjög bagalegt, þar sem stjórnin hefir þurft að útvega fyrirfram ákveðið skipsrúm á ákveðnum degi á ákveðnum stað. En vegna brigða hjeraðanna á loforðunum hefir ekki ætíð verið hægt að standa algerlega við slíka samninga. Hlýtur þetta að draga úr eftirspurn hrossanna og minni líkur til, að hagstæðir samningar fáist, ef ekki er hægt að segja fyrirfram með nokkurn veginn vissu,bæði um tölu hrossanna og útskipunartíma. En vel má vera, að hrossafjelögin geti einmitt bætt úr þessu með tímanum.

Annan lið till. bar jeg undir útflutningsnefnd. Taldi hún mjög varhugavert að treysta á það, að hjeruðin sæu sjálf um rekstur hrossanna til útskipunarstaða. Það sjest og ekki af þessari till., hvort hvert hjerað eigi að bera kostnaðinn af rekstrinum sjerstaklega. Væri það eðlilegra, enda þótt rekstrarkostnaðurinn hafi hingað til verið greiddur af óskiftu.

Því verður ekki neitað, að allmikill munur er á því, hvort hrossin eru tekin í nágrenni Reykjavíkur eða norður í landi. Sýnist því rjett, að hjeruðin fái að njóta aðstöðu sinnar í þessu efni. Hygg jeg, að það væri best, til þess að stjórnin hefði sem minstan vanda, að komið yrði með hrossin til framskipunarstaðar, og að þar yrðu þau mæld og keypt af markaðshaldara stjórnarinnar. En þetta er auðvitað þeim skilyrðum bundið, að framskipunarstaðir fáist víðar en í Reykjavík.

Fjórði liður till. er um útskipun hrossa á Norðurlandi. Þetta hafa útflutningsnefndirnar reynt, og það tókst um einn farm árið 1919. Það áttu að vera tveir farmar, en annar þeirra fórst fyrir, af því að stóð á skipinu. Í fyrra tókst ekki að semja um slíka útskipun nyrðra, nema þá af Akureyri. En slíkt var ógerningur, vegna hins tvennskonar markaðar, sem jeg hefi áður drepið á. Nú er von um, að hægt verði að fá framskipun af Borðeyri. En þá þarf að gera þar talsverðan undirbúning, því útskipunartækin eru þar svo ófullkomin, að ekki er við þau unandi.

Fimti liðurinn er um andvirði hrossanna. Útflutningsnefndin og stjórnin hafa ætlað sjer að skifta um þá aðferð, að flytja peningana fyrir hrossin um allar sveitir, en borga heldur hrossin framvegis með tjekkávísunum á bankana hjer. En svo hefir reynst undanfarið, að allmikil tregða hefir á því verið að fá hrossin, og því þurft að gera alt til þess, að framboð á hrossunum ykist. Og stundum hefir staðið á því að fá hrossin keypt, jafnvel þó að peningarnir hafi verið boðnir seljendunum út í hönd. Markaðshaldarar hafa því talið óhjákvæmilegt, að hrossin væru borguð út í hönd á hverjum markaðsstað, svo að ekki yrði tilfinnanleg vöntun á þeirri hrossatölu, sem um hefir verið samið í hvert sinn. En nú ætlar útflutningsnefndin framvegis að reyna að

prófa hina aðferðina, og borga í ávísunum, ekki síst þar sem það hefir reynst mjög dýrt að fá þessi peningalán fyrirfram og borga af þeim „disconto“ í bönkunum.

Loks vil jeg geta þess, að jeg uni mjög illa þessum hneykslissögum um hryssurnar, og þykir það nokkuð ónærgætnislegt af nefndinni að slá slíku hjer framan í stjórnina óviðbúna og fyrirvaralaust. Jeg get því miður ekki svarað til þessa nú, og vil því skjóta því til hæstv. forseta, að hann taki nú málið af dagskrá og fresti þessum umr.

Forseti (B. Sv.): Jeg vil verða við tilmælum hæstv. atvrh. (P. J.) um, að taka þetta mál nú af dagskrá og fresta um það umr., svo að hæstv. stjórn gefist kostur á að leita sjer nánari upplýsinga um þessar hryssur og hneykslissögur í sambandi við þær.

Pjetur Ottesen: Mig langar til þess að fá að skjóta örfáum orðum til hv. landbúnaðarnefndar, áður en þessari umr. er frestað.

Forseti (B. Sv.): Nokkrir þm. hafa nú þegar kvatt sjer hljóðs í þessu máli, og sýnist mjer því rjettast, annað hvort að hætta umræðum þegar, eða þeim verði þá áfram haldið til úrslita. Þó má það vel vera, að hv. þm. Borgf. (P. O.) fái að segja örfá orð, ef hann leggur mikið kapp á.

Pjetur Ottesen. Jeg vil aðeins skjóta því til hv. nefndar, viðvíkjandi öðrum lið till., að þar mundi rjettara að gera á nokkra breytingu. Jeg held að það sje óhjákvæmilegt, að það komi skýrt fram, að markaðshaldarar ráði því, hvernig mörkuðunum skuli hagað. Þetta verða þeir svo að sjálfsögðu að ákveða í samráði við stjórnina, sem hagar því eftir áætlunum þeirra skipa, er flytja eiga hrossin út. Komi þetta ekki skýrar fram en það er orðað nú, gæti risið reipdráttur um þetta atriði milli markaðshaldara og hjeraðanna, sem sjá eiga um hrossin að öðru leyti, sem gæti orðið til þess að rugla og tefja útflutning hrossanna. Það væri gott, að nefndin vildi athuga þetta nánar.

Umr. frestað.

Á 65. og 68. fundi í Nd., dagana 9. og 12. maí, var fram haldið einni umr. um till.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 377).

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Háttv. frsm. (Þór. J.) var að færa rök fyrir því, að spara mætti mikið fje við hrossasöluna, ef hjeruðin sjálf sæju um rekstur hrossanna frá mörkuðunum og á útskipunarstað. Gerði hann nokkra grein fyrir þessu, með því að sundurliða þennan kostnað og benda á þá liðina, sem spara mætti á. Að vísu snerta sumir þessir liðir ekki kostnaðinn við rekstur hestanna, eins og jeg skal nú minnast á, og skal jeg þá reyna að fara fljótt yfir sögu.

Hv. frsm. (Þór. J.) talaði um tímaeyðslu markaðshaldaranna og hátt kaup rekstrarmannanna. Það var þetta atriði, sem jeg vildi geta borið mig saman um við markaðshaldarana og þess vegna mæltist jeg til, að málið yrði tekið af dagskrá, er það var hjer síðast til umræðu.

En þó að nokkrir dagar sjeu nú liðnir

síðan, hefi jeg þó aðeins náð í einn markaðshaldarann, hr. Guðmund Böðvarsson. Hann var sá, er til kaupanna var sendur í Borgarfjörð og norður, og hann hefir sýnt mjer skýrslu um ferð sína, og er ekki annað að sjá en að hann hafi haldið allþjettan áfram og ferðin gengið svo fljótt og vel, að jeg tel ástæðulaust að krefjast meira af honum í þessu efni. (**P. O.**: Hefir hann tekið skýrslu úr Borgarfirði?). Nei, jeg hefi ekki fengið skýrslu úr Borgarfirði, og held, að engin ástæða sje til umkvartana þar heldur, þó að menn kunni að líta mismunandi augum á það.

En viðvíkjandi þessu mismunandi kaupi rekstrarmannanna, þá get jeg gefið þær upplýsingar, að kaup margra rekstrarmanna í Árnes- og Rangárvallasýslum var talsvert lægra heldur en þeirra manna, sem norður fóru, af því að þeir rjeðu sig fyrirfram fyrir lægra kaup, vegna þess, að þeir áttu eða notuðu sjer ferðina til Reykjavíkur. Var þetta að þakka lagni Eggerts í Laugardælum. Mundi kaupið að öðrum kosti hafa orðið eigi lægra. Eins er það að athuga, að kaupið sýnist nokkuð hátt vegna þess, að mennirnir, sem norður fóru, urðu að hafa 2—3 hesta, en austanmennirnir komust af með 1—2 hesta.

Þá hefir verið minst á dýrt markaðshald, geymslu, gistingu, haga o. fl. Er það satt, at þetta var alt dýrt, t. d. 50 aurar fyrir hestinn yfir nóttina á sumum stöðum. En við þessu var ekkert hægt að segja, því að grasleysi var mikið og menn sárir á högum. Geymslumannakaupið var líka hátt, kr. 2,00—2,50 um tímann. Tóku jafnvel nágrannar hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) þetta kaup. Hefði ef til vill mátt fá menn fyrir lægra kaup, ef tími hefði ætíð verið til þess að leita að þeim.

Hvað snertir haga og gistingu, þá er ekki nema um fáa staði að ræða, því að áfangar eru nokkuð fast ákveðnir, og svo er ekki heldur um svo marga staði að ræða, sem þetta geta veitt.

Þá mintist sami hv. þm. (Þór. J.) á það, að geymslan hjer væri dýr, færi illa með hestana og væri óþörf. Mætti alveg strika yfir þannan útgjaldapóst. Jeg tók það fram í fyrri ræðu minni, að hjá þessu væri ekki hægt að komast. Ef rekstur á hestunum er langur, verða þeir að hvíla sig áður en þeir eru fluttir út. Væri óforsvaranlegt að skipa hestunum út lúnum; veitir ekki af 2—4 daga hvíld, eftirþví, hve langt þeir eru reknir og hvernig. Um þá hesta, sem að austan koma, er hjer ekki að ræða; þeir hafa komið á rjettum tíma til útflutnings.

Annars munar það miklu, hvort framskipun fer fram einungis hjer í Reykjavík eða víðar, en það eru talsverðir örðugleikar á því að hafa hana víða, því það þarf að aðgreina hestana eftir aldri, kyni og stærð, milli Englands og Danmerkur, og þurfa þá margir að vera til staðar, ef fullfermi í skip á að fást á fyrirfram tilteknum tíma.

Þá skildist mjer á hv. þm. (Þór. J.), að hann teldi það jafnvel saknæmt hjá forstöðumönnunum að safna hrossunum saman hjer við Reykjavík. En það er víst, að reynt hefir verið til þess að fá bestu hagana, sem völ var á, og hefir ekki um það verið að ræða að fá betri haga heldur en í þeim 2 nesjum, sem hrossin hafa einkum verið geymd í, Gufunesi og Geldinganesi, því að Bessastaðanes var ófáanlegt. Auk þess var

notað annað land hjer í námunda við Reykjavík, og jafnvel uppi í Seljárdal, en sá ókostur hefir verið við það, að ekki verður komist hjá að hnappsetja hestana meira í ógirtum högum, svo þeir hafa í reyndinni orðið verri.

Þá vildi hv. þm. (Þór. J.) halda því fram, að hrossin hefðu sætt illri meðferð. En jeg þori að fullyrða, að forstöðumennirnir hafa lagt alt kapp á, að hrossunum liði vel og væri vel með farin, og einmitt vegna þess hefir kostnaðurinn orðið talsvert meiri. Hafa líka sárfá hross orðið eftir fyrir bilun eða skemdir; alls 5—6 hross munu hafa reynst óhæf til útflutnings 1919, en ekkert í fyrra. Dýralæknir hefir skoðað öll hrossin og kastað þeim úr, sem ekki voru útflutningshæf að lögun. Mun hann vanda það verk mjög, bæði nafns síns vegna og þess, að markaðurinn verði sem bestur. Mun hann ekki una þeim dómi, að hann hafi vanrækt skyldur sínar í þessu efni. Nokkur hross hafa farist af slysum eða veikindum eftir að þau voru keypt, en ekki hefir það orðið fyrir handvömm rekstrarmanna, heldur af hinum og þessum óviðráðanlegum orsökum.

Hvað útlit hrossanna snertir hjer, þá veit jeg vel, að það hefir ekki verið gott að holdafarinu til. Mörg hrossin voru tekin batalaus, einkum norðanlands, eða batalítil, rekin hingað og geymd svo hjer. Munu þau ekki hafa hýrgast eftir að þau voru rekin að heiman, og sum lagt af. En við þessu var ekkert hægt að gera frekar en gert var, og eigi veit jeg til, að nein kvörtun hafi komið frá kaupendum um útlit hrossanna, og enginn afsláttur gefinn þessa vegna.

Þá mintist hann á merarnar, sem kastað hefðu á leiðinni. Vakti þetta mikinn fögnuð hjer í deildinni. Jeg kannast við, að þetta mun hafa komið fyrir í einum farminum. En enga grein get jeg gert þess, hvernig þetta hefir atvikast. Guðmundur Böðvarsson, sem ekki átti hlut að máli um þær hryssur, sem hjer er um að ræða, og aldrei hefir orðið fyrir slíku í sínum hrossakaupum, sagði, að óhugsandi væri að taka fyrir það, að hryssur, sem keyptar væru, gætu verið með haustfyli, og þyrfti þá ekki nema sjóveiki eða önnur veikindi til þess, að þær ljetu. Mun þetta hafa átt sjer stað í eitt skifti. Annars gengu þessar hryssur í gegnum hendurnar á dýralækni, og get jeg hugsað, að honum líki miðlungi vel svona sögusagnir, ef þær eiga að vera til að ófrægja markaðshaldarana og hann.

Þá var sagan um hryssuna í jarðfallinu í Borgarfirði. Skildist mjer fyrst, að hún hefði drepist þar, en svo mun nú ekki hafa verið. Eru annars tildrög þessa máls þau, að á markaði, sem haldinn var á Svignaskarði 1919, kom það í ljós, að 1 hryssan, sem þar var keypt, reyndist hölt, þegar farið var að reka hana hratt. Guðm. Böðvarsson leit svo á, að hjer hefðu verið höfð svik í frammi, og skilaði hryssunni aftur, en eigandinn var farinn af markaði með borgun fyrir merina. En er til kom, neitaði hann að skila andvirðinu aftur. Stendur enn í þessu þrefi, því málaflutningsmanni var falið málið, og mun nú útlit á því, að sættir takist. Hryssan mun vera í gæslu hjá Guðm. í Svignaskarði, og mun ekkert vera hægt út á það að setja.

Þá er enn ótalið kostnaðurinn við skrifstofuhaldið, sem þm. (Þór. J.) óx mjög í augum. Er þá fyrst að geta, að maður var sendur út til þess að grenslast um hrossasölu og koma á samningum. Er ferðakostnaður hans og dvöl er-

lendis, á 5. þús. kr., innifólgið í þessum kostnaði. Hitt er kostnaður hjer, þar á meðal símakostnaður. Voru lengst af hafðir 2 menn, og annar þeirra allan tímann, við skrifstofuhald. Varð þessi kostnaður mun minni sökum þess, að samningar tókust við Samband samvinnufjelaganna að leggja til húsnæði, hita og ljós og að öðru leyti sjá um þetta. Sparaðist við það bæði í húsnæði og mannahaldi. Mun því ástæðulaust að gera athugasemdir við þann reikning.

Hefi jeg þá lokið að svara hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.), en vil taka það fram að síðustu, að þessir menn, sem ráðnir voru til forstöðunnar, eru viðurkendir að vera ágætir hestamenn og hinir samviskusömustu menn að öllu leyti. Held jeg, að ekki sje rjett að bera sakir á þessa menn hjer, þar sem þeir eru ekki til varnar sjálfir, nema því aðeins, að fullsannaðar sjeu.

Þá skal jeg víkja að orðróm þeim, sem legið hefir á því, að mismunur hafi verið á verði hrossa þeirra, er Eggert í Laugardælum keypti, og þeim, sem Guðm. Böðvarsson keypti. Skal jeg skýra þar frá því, sem jeg veit rjettast í því máli.

Eins og kunnugt er, þá eru hrossin keypt mismunandi háu verði, eftir hæð þeirra, en auk þess er gerður stigmunur á hverju hæðastigi, eftir því, hvort hrossið er í meðallagi útlítandi að sköpulagi og öðru, eða ofan við það eða neðan. Eru því á sama hæðarstigi 3 verðflokkar, og fer það eftir mati markaðshaldara, í hvert af þessum þremur verðstigum hann setur hrossið. Verða því verðstigin miklu fleiri en hæðarstig hrossanna.

Nú hefir verið svo undanfarið, að erfitt hefir verið að fá hrossin í fyrsta eða tvo fyrstu farmana. Hafa þau á þeim tíma engum eða sáralitlum holdum verið búin að safna, og mælast því ver. Kom jafnvel til orða í fyrra að gera verðmun á hrossum, eftir því, hve nær þau voru keypt, en af því varð þó ekki.

Hefir nú Guðm. Böðvarsson skýrt mjer frá því, að sjer hafi ekki þótt sanngjarnt, er hann keypti hrossin í Borgarfirði í fyrsta farminn í fyrra, að verðleggja þau á lágstigunum, af því að þau reyndust svo rýr í mælingu, þótt þau væru vel hæf til útflutnings. Þess vegna mat hann þau hross, sem hann þá keypti, flest á hæsta stigi og ekkert á lægsta stigi.

Nú höfðu þeir Eggert og hann því miður ekki borið sig saman um þetta atriði, og af því mun stafa einhver munur á því, hvernig þeir gáfu fyrir hrossin. Þegar Guðmundur kom í Norðurland í byrjun ágústmánaðar, voru hross þar lítið farin að fitna sökum vorharðindanna. Hins vegar voru hrossin mjög góð, og sýndist honum því rjett að fylgja sömu reglu þar og í Borgarfirði. Má það vel vera, að Eggert hafi ekki tekið tillit til þessa og hafi því keypt hrossin á lægra stiginu. Um annan mun en þann getur eigi verið að ræða, og nær engri átt, að hann hafi orðið um 20 kr. til jafnaðar á hrossi, í hæsta lagi 10 kr. Eru skýrslurnar til sýnis um þetta, en annars geri jeg ekki ráð fyrir, að skipuð verði rannsóknarnefnd til að athuga þetta.

Hefi jeg þá gefið þær upplýsingar um mál þetta, sem í mínu valdi eru, og er ófáanlegur til að þrefa meira um mál þetta á þessum stað.

Gunnar Sigurðsson: Jeg skal byrja á

því að lýsa ánægju minni yfir gerðum hv. landbúnaðarnefndar í þessu máli, því hún hefir gengið allröggsamlega að því, þótt jeg hafi ýmislegt við gerðir hennar að athuga, eins og jeg mun síðar víkja að. Það hefir sýnt sig, að það þarf rannsóknar á því. Hæstv. atvrh. (P. J.) taldi, að ekki ætti við að ræða þetta mál á þingi, en hann hefir fyr sagt þetta um mál, sem hafa snert hann óþægilega. Þetta mál varðar vissulega alla landsmenn, og þingið á að fylgjast vel með því.

Hv. landbúnaðarnefnd hefir ekki farið nógu langt aftur í tímann. Það má ekki skella allri skuldinni á þá, sem hafa haft þetta með höndum síðustu ár. Það var Sambandi íslenskra samvinnufjelaga að þakka, sem gert var í þessu máli síðastliðið ár, því að hæstv. stjórn dró málið á langinn þangað til það skarst í leikinn og fór að herða á stjórninni. Samband íslenskra samvinnufjelaga kom því síðan til leiðar, sem gert var síðastliðið ár.

Það varð að taka sömu markaðshaldara og með sömu kjörum og áður, enda vissi S. Í. S. ekki um samninga aðalstarfsmannanna við hrossasöluna fyr en undir haust.

Athugasemd hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) eru orð í tíma töluð, þar sem hann leggur áherslu á, að málinu sje komið í betra horf. Það atriði virðist ekki vera nógu ljóst fyrir nefndinni, að sýslubúar og sýslufjelög skifti sjer ekki af hrossasölunni út á við, en aðeins inn á við, en það er nauðsynlegt, að hún láti söluna út á við alveg afskiftalausa.

Vörn hæstv. atvrh. (P. J.) var mest þankabrot og þankaslitur. Hann taldi markaðshaldarana hafa haldið vel áfram. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi fengið, hafa þeir t. d. haft dagleið frá Grund í Skorradal að þyrli á Hvalfjarðarströnd. Það get jeg ekki kallað gott áframhald.

Jeg skal geta þess af kunnugleika, því jeg hefi sjálfur fengist við hrossaútflutning, að jeg tel ekki heppilegt að hafa nesin, Geldinganes og Álfsnes, eingöngu fyrir eins mörg hross og verið hefir að undanförnu. Það hefir verið ofsett í þau.

Jeg vil þá víkja að verðmismun hrossanna af Norður- og Vesturlandi annars vegar og Suðurlandi hins vegar. Jeg vil átelja hæstv. stjórn fyrir það, að hún hefir neitað að láta af hendi fullnægjandi skýrslur um þetta atriði, og vil jeg spyrja hana, hvers vegna hún neitar um þær skýrslur, sem víst er um að hún hefir haft og jeg hefi nú loks náð í mínar hendur. Þær sýna, að sunnanhrossin hafa verið keypt fyrir 10—20 kr. minna stykkið heldur en vestan- og norðanhrossin. Öll þvæla hæstv. atvrh. (P. J.) um hæðarstig og verðstig, sem jeg satt að segja botnaði ekkert í og býst ekki við, að neinn, og þá ekki hann sjálfur, hafi botnað í, skýrði ekkert þetta atriði. Það þarf ekki skarpan skilning nje sjerþekkingu til að bera saman skýrslurnar og bera saman verð á hrossum, sem hafa jafnan aldur og hæð. Ef hæstv. atvrh. (P. J.) finst þetta sanngjarnt, þá er það fjarstæða. Ef það er af ranglæti, að hann heldur þessu fram, þá verð jeg að átelja það harðlega. Sunnlensku hrossaseljendurnir hafa orðið að bera að jöfnu við hina allan geymslu-, gæslu- og rekstrarkostnað, og hafa gert það möglunarlaust, þó að það sje vitanlegt, að því fylgir miklu minni kostnaður og erfiðleikar að reka hross austan úr sveitum til Reykjavíkur heldur en að norðan og vestan. Jeg er enginn hreppapólitíkus

að eðlisfari, en jeg verð að segja, að þegar Sunnlendingar ofan á þetta fá 10—20 kr. minna fyrir hvert hross, þá sje ekki lengur hægt að þola mátið. Jeg fullyrði, að þetta misrjetti hefir átt sjer stað, og vitna jeg þar til hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) og hv. þm. Borgf. (P. O.) og hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), og jeg krefst þess, að úr þessu verði bætt hið bráðasta. Þetta misrjetti hefir altaf verið síðan einkasalan byrjaði, en jeg geri aðeins kröfu um uppbót fyrir síðasta ár. Jeg ætla að bera fram till. til þál. um þetta, og gerir hún þá minstu kröfu, sem hægt er að gera. Jeg vona, að allir geti fallist á þetta, því að hreppapólitík á alls ekki að komast hjer að. Jeg get líka minst á það, að hross að sunnan reyndust betri í fyrra heldur en norðan- og vestanhrossin, samkvæmt skeytum frá kaupendum, svo að því síður ætti að vera ástæða til að borga þau ver.

Jeg vil þá lesa till. upp. Hún hljóðar svo:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta rannsaka nákvæmlega verðmismun þann, er verið hefir á hrossum norðanlands og sunnan síðan landseinkasalan hófst á hrossum, og að hlutast til um, að Sunnlendingar fái þann mismun, að minsta kosti fyrir síðastliðið ár, hjá þeim hjeruðum, er ábatast hafa á verðmismuninum.“

Svo er varatill. með þeirri breytingu, að í stað þess, að hjeruðin, sem græða á mismuninum, greiði uppbótina, á að greiða hana úr sameiginlegum sjóði hrossasölunnar, því að mjer er kunnugt um, að hann er til og að í honum eru á fjórða þúsund krónur.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg kvaddi mjer hljóðs vegna þess, að nokkrir menn fyrir austan hafa kvartað yfir því, að þeim hafi verið goldið lægra fyrir hross sín heldur en hrossaeigendum norðanlands, eins og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) tók fram. Jeg játa það, að jeg er ekki nægilega kunnugur til þess að geta staðhæft þetta, því að jeg hefi ekki fengið skýrslur um það. En jeg hefi fengið hæstv. atvrh. (P. J.) skjal, þar sem fundur, sem haldinn var við Þjórsárbrú, skorar á mig að halda fram rjetti Sunnlendinga.

Það sjá allir heilvita menn, að Sunnlendingar greiða til jafns við Norðlendinga kostnaðinn við að reka hrossin að norðan til Reykjavíkur. Þó væri það ekki eins tilfinnanlegt eins og það, sem hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) skýrði frá og fullyrðir að sje rjett, að hrossaeigendur fyrir austan fái 10—20 kr. minna fyrir hross sín heldur en aðrir hrossaeigendur á landinu.

Jeg verð að krefjast þess, að slíkt komi ekki fyrir aftur. En jeg sje ekki, að þál. hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) geti komið til greina. Jeg veit ekki til, að neinn sjóður sje til, sem beri að greiða þetta. **(Gunn. S.:** Jeg hefi upplýst, að hann sje til). Því er neitað. Og ekki er hægt að heimta af stjórninni, að hún greiði uppbótina. Hún á enga sök á þessu, því að hún hefir falið þetta þeim mönnum, sem áður höfðu farið með þetta og mátti því búast við að væru færir til þess. En jeg vil leggja áherslu á, að þetta komi ekki fyrir aftur.

Jeg verð sömuleiðis að víta það, hvað markaðshöldurunum hefir verið greitt hátt kaup. Jeg álít það gersamlega rangt gagnvart þeim bændum, sem hjer eiga hlut að máli. Það nær ekki nokkurri átt að fara svo með fje fátækra manna. Það er rangt að greiða einum manni 1% af svo miklu fje. Það var hægurinn nærri að láta hann hafa

ávísanabók. Þá nær engri átt að greiða honum 1% af ágóðanum fyrir að gefa út ávísanir úr bókinni. En það dugir ekki að sakast um orðinn hlut. Jeg ætlast ekki til, að stjórnin endurborgi fjeð, sem haft hefir verið af Sunnlendingum, vegna þess, að jeg veit ekki hvar á að taka það. En jeg vona, að þetta komi ekki fyrir aftur.

Jeg get lýst ánægju minni yfir því, að hv. landbúnaðarnefnd hefir borið fram till. sína. En vegna þess, að sýslunefndarfundum mun nú lokið í flestum hrossahjeruðum, þá býst jeg ekki við, að gott sje að fela sýslunefndum að útnefna menn til þess að framkvæma það, sem hrossasölufjelögin eiga að framkvæma í ár. Jeg vil því leggja til, að hæstv. stjórn feli einstökum mönnum í hrossasýslunum að framkvæma þetta nú í ár.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Jeg ætla að víkja að nokkrum atriðum í ræðu hæstv. atvrh. (P. J.) síðast þegar þetta mál var til umræðu.

Honum þótti óþinglegt og illa viðeigandi, að athugasemdir landbúnaðarnefndar skyldu ekki koma í prentuðu nál. Jeg get í stuttu máli lýst ástæðunni til þess. Nefndin hafði gert ítrekaðar tilraunir til þess að ná í reikninga hrossasölunnar, en altaf drógst að hún fengi þá. Að vísu var útdráttur af þeim á skrifstofunni, en hann tapaðist. Jeg vona, að hæstv. ráðh. (P. J.) virði nefndinni það til vorkunnar, að hún hefir látið athugasemdirnar fylgja till. sjálfri. Það var ekki meining nefndarinnar að áfellast stjórnina, en hún ætlast til, að hrossasalan verði færð í betra horf en verið hefir.

Hæstv. atvrh. (P. J.) vildi bera í bætifláka fyrir það, að kostnaður við markaðshöldin hefði orðið of mikill. Jeg tel sjálfsagt, að sá liður hefði getað orðið lægri.

Hann sagði, að bændur væru ógreiðviknir og vilji ekki greiða fyrir markaðshöldurunum með því að selja haga. Jeg get náttúrlega ekki sagt um þetta með vissu. Jeg veit ekki, hvað markaðshaldararnir hafa viljað greiða fyrir hagagöngu. En þegar þess er gætt, að markaðshöldin eiga að vera til hags bændum, þá er ósennilegt, að þeir vilji ekki greiða fyrir þeim, og þá slaka nokkuð til á kröfum sínum. En verkamenn, sem við markaðshöldin vinna, heimta vitanlega fult kaup.

Þá sagði hæstv. ráðh. (P. J.), að ekki væri neitt hægt að finna að áframhaldinu á markaðsferðunum. Jeg vil ekki taka það aftur, að mjer finst fullmikið í borið að fara norður á Blönduós í 5 dagleiðum.

Þá talaði hæstv. ráðh. (P. J.) um erfiðleikana við útflutninginn. Meðan skipagöngur voru óvissar og þurfti að geyma hrossin hjer syðra og skifta þeim milli enska og danska markaðsins, voru þessir erfiðleikar skiljanlegir. En till. vill kippa þessu í lag. Það þarf að vera fyrirfram vitað, hve nær skipin koma, kaupa hrossin í einu og merkja þau eftir því, hvort þau eiga að fara á enska eða danska markaðinn. Ef ekki er hægt að fá skip til þess að flytja á báða markaðina í einu, þá verður að láta annan hrossaflokkinn bíða. Vitanlega stafa erfiðleikar af því, hvað samgöngur eru óvissar. En það má komast hjá því að miklu leyti, með því að reka hrossin ekki of langt að.

Árið 1919 voru hross þau, er komu hingað suður, illa útleikin eftir ferðina, en það mun hafa verið betra í fyrra, enda skarst dýraverndunarfjelagið í

leikinn. (**Atvrh. P. J.**: Ein ráðlegging dýraverndunarfjelagsins varð til hins verra). Vera má það, en tilgangurinn mun þó hafa verið góður.

Þá mintist hæstv. atvrh. (P. J.) á kostnað þann, sem leiddi af flutningi hrossanna hingað. Vitanlega kemur hann harðast niður á hjeruðunum hjer í kring, því þessum kostnaði hefir verið jafnað niður á öll hrossin. En það er nú tilgangur till. að fyrirbyggja þetta, með því að skipa hrossum út á Norðurlandi líka. Þá yrði sjerstakur kostnaður fyrir hvorn stað.

Hæstv. atvrh. tók fram, að til mála gæti komið, að hrossin væru rekin til útflutningsstaðar og svo keypt þar. Þetta álít jeg óhæfilegt. Rekstur er langur og hrossin líta illa út eftir svo langa leið. En það er ekki svo mikil hætta á, að mikið gangi úr hrossunum, ef góðir menn kaupa.

Hann gat þess einnig, að hross frá Norðurlandi hefðu verið óvenjulega ljeleg og alveg batalaus þetta ár. Jeg get ekki viðurkent þetta. Hrossin voru keypt í ágúst, og þau hross, sem jeg sá, voru í venjulegu standi, enda gengu hross óvenjuvel undan þetta vor.

Hæstv. atvrh. gat þess og, að nágrannar mínir hefðu verið dýrir á tímann; ekki veit jeg, hvort þeir hafa verið dýrari en aðrir, en hitt veit jeg, að rekstrarmenn hirtu ekki ávalt um að spara fje. Að minsta kosti höfðu þeir hestana í nátthaga á Blönduósi og borguðu 50 aura fyrir hestinn yfir nóttina, en hefðu getað fengið betri haga fyrir minna verð.

Hvað viðkemur geymslu hrossa hjer, þá er ekki nema eðlilegt, að það hafi nokkurn kostnað í för með sjer, en jeg hygg, að sá kostnaður gæti verið minni, ekki síst ef skip landsins væru notuð til útflutnings á hrossunum. Það er að minsta kosti eins gott og láta þau liggja uppi. (**Atvrh. P. J.**: Borg er óhæfileg til slíkra flutninga). Það má þá bæta hana svo, að hún sje nothæf til þess.

Annars finst mjer stjórnin hafa tekið sjer þetta mál nokkuð nærri, sjerstaklega með hryssuna. Það var alls ekki meiningin að áfella neitt stjórnina fyrir þetta.

Hæstv. atvrh. (P. J.) tók illa í till. Hann áleit, að ilt væri að framkvæma hana að ýmsu leyti; sjerstaklega væri það mjög í óvissu, hversu mörg hross fengjust.

Jeg álít nú samt, að till., ef hún nær fram að ganga, bæti mikið úr sölunni og miði að því að koma henni í gott horf, þótt það taki að vísu nokkurn tíma.

Meðan hæstv. stjórn hefir hrossasöluna á hendi, er sjálfsagt, að hún ráði markaðshaldara, og markaðshaldarar ráði svo aftur rekstrarmenn. Og í þetta skifti ekki óviðeigandi, þó að hæstv. stjórn rjeði 2 menn til að hafa söluna á hendi.

Jeg vildi leggja sjerstaka áherslu á, að útflutningi frá Norðurlandi verði komið á. Hitt spillir markaðinum, ef hrossin koma illa útleikin, eftir langan rekstur.

Annars vildi jeg ekki blanda mjer inn í deilu þeirra hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) og hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.). En jeg býst við, að markaðshaldarar hafi fleiri stig á hrossunum, og tel jeg því víst, að hross að norðan muni reynast betri en hross hjer syðra.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) var að tala um að greiða mismuninn úr einhverjum sjóði, sem ætti að vera 4—5000 kr. Þá er því til að svara, að þessi sjóður er ekki til. Það er til eitthvað 1000

kr. afgangur, sem ekki hefir verið jafnað niður enn.

Jeg verð að taka undir það með hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.), að það er ekki hægt að ætlast til, að hæstv. stjórn greiði þetta, þar sem ekkert er til að greiða það með. Jeg vænti þess bara, að hæstv. stjórn taki till. til greina, og þá mun þetta mál komast í gott horf.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það lítur út fyrir, að hv. þm. þyki þessar umr. ekki mjög skemtilegar, sem ekki er heldur von, því þeir halda sig lítt hjer inni í salnum. Ræða mín áðan var einungis tiltölulega stutt skýrsla, og var hvergi of freklega tekið til orða, enda var það, sem jeg sagði, bygt á „facta". Út af umræðunum síðan vil jeg minnast á eitt atriði. Það er verðmunur hrossanna eftir gæðum. Verð jeg þá að geta þess, að ef gera á verðmun eftir öðru en hæð, þá eru það markaðshaldararnir, sem verða að meta það. Til þess eru þeir meðal annars valdir. En jeg verð að telja nauðsynlegt að hafa þennan verðmun, vegna þess, að hann hvetur menn til að vanda betur til hrossa þeirra, sem út eru flutt, með kynbótum og öðru. Með nægilega miklum verðmun, bæði eftir stærð og öðrum kostum hrossanna, munum við fá komið til leiðar mestum framförum í hrossarækinni.

Það mun aftur á móti vera satt, að ef tveir menn framkvæma kaup hrossanna eða fleiri, þá mun þeim aldrei bera alveg saman um útlit þeirra, ef farið er eftir öðru en hæð. En ef ágreiningur á að verða eftir á út af mismunandi áliti þessara manna og heljarrekistefna, þá er ekki um annað að gera en að hætta við að mismuna eftir gæðum hrossanna og láta hæðina eina skera úr um mismun verðs. En þá er sú hvöt töpuð hjá mönnum að hafa hross sín sem fallegust.

Mjer þótti hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) taka vel í málið. Hann vildi ekki ýta undir það að skifta skaðabótum milli Sunnlendinga. Enda tekur stjórnin ekki á móti áskorun í þá átt.

Þá var minst á kaupgjald markaðshaldaranna. Það er satt, að kaup þeirra var talsvert mikið. En útflutningsnefnd sóttist eftir þessum mönnum. Það varð að taka þá frá góðri atvinnu, og alt sumarið gekk í þetta fyrir þeim. Menn hafa líka haft talsvert ríflegar tekjur undanfarin ár, þeir sem færir hafa verið um að reka vandasöm viðskifti.

Jeg verð að mótmæla því, sem hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) sagði, að afskifti stjórnarinnar hefðu komið alt of seint. Jeg hefi fært rök fyrir því, að ekki var hægt að skifta sjer fyr af málinu en gert var.

Einnig var það rangt hjá hv. þm. (Gunn. S.), að S. Í. S. hefði tekið málið í sínar hendur. Það var jeg, sem fjekk S. Í. S. og Sláturfjelagið til að skifta sjer af málinu, og S. Í. S. til að senda mann utan.

Þá var það eitt atriði hjá hv. frsm. (Þór. J.). Honum þótti það of langur tími fyrir Guðmund Böðvarsson að hafa 5 daga til að reka hrossin hingað suður. Jeg get gefið nánari skýrslu um það. Fyrsta daginn komst hann að Staðarhóli. Þar þurfti hann að láta járna 50 hross, sem þá voru orðin berfætt. Einnig hafði hann miklar tafir af því, að brúin á Hvítá í Borgarfirði var ónýt, svo það þurfti að sundleggja öll hrossin. Ferðin gat því ekki styttri orðið, af því að hann fylgdi hrossunum.

Hv. frsm. (Þór. J.) mintist og á það, að jeg hefði tekið mjer þetta alt of

nærri, Jú, það er satt, jeg tók mjer þetta nærri, en jeg tek mjer það æfinlega nærri, þegar hallað er á starfsmenn mína og skjólstæðinga, og jeg veit, að þeir hafa unnið verk sitt vel og samviskusamlega.

Læt jeg svo máli mínu lokið að sinni.

Gunnar Sigurðsson: Jeg þarf aðeins að gera stutta athugasemd út af þeirri einkennilegu hugmyndaskekkju, sem komið hefir fram í ræðu hæstv. atvrh. (P. J.). Jeg tek það aftur fram, að alt hans hæðar- og lægðarstigatal er mesta óvitahjal, sem alls ekki kemur þessu máli við. Skýrslurnar ljúga ekki, og þær liggja hjer til sýnis og samanburðar.

Hæstv. ráðherra (P. J.) tvítalaði um það, að jeg væri ókunnugur þessu máli. En jeg fullyrði, að jeg er því miklu kunnugri en hann sjálfur, því jeg hefi haft með hrossasölu að gera síðan jeg var stálpaður drengur.

Út af ummælum hans og fleiri um það, að ekki sje hægt að koma jöfnuði á í þessu, vil jeg benda á það, að leiðirnar eru margar til, t. d. að jafna þessu niður á hrossaeigendur. Það eru að mestu sömu seljendur í ár og í fyrra, og kemur því að mestu niður á sömu mönnum. Það verður ávalt að minsta kosti minna ranglæti en eins og er. Það er sanngjörn leið, þó hún sje óvanaleg. Svo er til á 4. þús. kr. í sameiginlegum hrossasölusjóði, og mætti nota það til að jafna þennan örjett, sem sunnlenskir seljendur hafa verið beittir.

Þorleifur Guðmundsson: Jeg skal ekki vera langorður. Jeg vona aðeins, að allir þeir, sem vilja vera sanngjarnir, sjái, að ekki er rjett að taka af norðlenskum bændum það, sem þeir hafa fengið, til að borga það Sunnlendingum, allra síst þegar alls ekki er víst, að það sjeu sömu mennirnir eða hrepparnir, sem selja nú, eins og áður. Og það er ekki rjett að velta þessu á ríkissjóð. Hitt er sjálfsagt, að það má ætlast til þess af hæstv. stjórn, að hún láti þetta ekki verða eins næst, eins og jeg hefi áður tekið fram, bæði um rekstur og geymslu. En jeg held fast við þetta, hvort sem mínir kjósendur eiga í hlut eða aðrir, að allri sanngirni sje beitt og öðru ekki.

Eiríkur Einarsson: Jeg ætlaði ekki að blanda mjer inn í þessar umræður. En jeg verð að gera stutta athugasemd út af ágreiningi hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) um það, hvort halda eigi til streitu skaðabótakröfu vegna verðmunar á hrossum sunnanlands og norðan. Það er ekki af því, að jeg telji mig þess umkominn eða vilji gerast nokkur oddamaður milli samþm. míns (Þorl. G.) og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). En jeg vil, að skoðun mín í málinu sje vitanleg, að jeg tel sjálfsagt, að leitað verði endurgreiðslu vegna þessa misrjettis, er má telja sannað; það er óþolandi fyrir hvaða hjerað sem er að þola slíkt bótalaust. Vil jeg þar leggja áherslu á ummæli hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) þar að lútandi. Ætti engum að vera kærara en hæstv. stjórn að færa þetta til leiðrjettingar og útvega Sunnlendingum endurgreiðsluna, hvort sem það er úr hrossasölusjóði eða á annan tiltækilegan hátt. Það er stjórnin, sem þarna stendur fyrir verslun og er auðvitað ant um, að enginn sje misrjetti beittur. Til þess hefir hún með höndum skýrslur um hrossasöluna, að hægt sje að hafa yfirlit yfir, hvort alt fari rjett og skipulega fram, og leið-

rjetta, ef út af ber. Hjer hafa skýrslurnar sannað misrjetti, er verður að leiðrjettast með endurgreiðslu til þeirra, er skaða hafa beðið.

Að öðru leyti skal jeg ekki fara út í málið, en jeg vænti þess, að till. landbúnaðarnefndar verði samþ., þó ekki væri til annars en að fyrirbyggja tortrygni og óánægju í málinu, er mjög hefir orðið vart, en líklegt, að slíkt lagaðist, ef hjeruðin fá sjálf málið í hendurnar að nokkru leyti.

Þorleifur Guðmundsson: Þessi ræðuhöld hafa á engan hátt getað fengið mig til að hvika frá fyrri skoðun minni. En hitt er það, að ef peningar eru fyrir hendi, sem nota á í slíkum tilfellum, tel jeg auðvitað rjett, að Sunnlendingum verði bættur upp halli þeirra. En jeg mun aldrei ganga inn á það, að það sje rjett að láta ríkissjóðinn greiða þetta, því að ríkið rak ekki hrossaverslun þessa, þótt ríkisstjórnin hefði hana með höndum. Og þó að hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) væri að ögra mjer með kjósendum, þá vil jeg svara honum því, að fyrir mjer er það fyrst að gera rjett, svo get jeg farið að dingla fyrir kjósendum með honum á eftir.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Viðvíkjandi því, sem talað hefir verið um þennan verðmun hrossanna og um tilhögun sölunnar framvegis út af því, skal jeg taka það fram á ný, að ef fara á svona strangt í sakirnar, eins og umr. nú benda til út af því, er varla önnur leið hugsanleg en sú, að enginn munur verði gerður hrossanna, nema eftir hæð, og er þá illa farið, því tilhögun undanfarandi ára hefir reynst mikil umbót frá því, sem áður var, og mundi hafa góð áhrif, ef hún hjeldist. Annars má benda á það í þessu sambandi, að meðan verslun hrossanna var „frjáls", var ekki verið að metast um slík atriði, og munu skakkaföll á verði þá hafa verið ólíkt meiri, eftir mismunandi smekk, áliti og kringumstæðum kaupendanna. Og um uppbæturnar er það að segja, að óframkvæmanlegt er, eins og nú er komið, að skifta þar rjettlátlega niður. Og svo aðeins eitt að endingu. Ef farið verður að þrengja mjög að stjórninni með framkvæmd laganna, hlýtur það að leiða til þess, að hún treysti sjer ekki til að taka þau til framkvæmda, eða nota heimildina í þeim.

Frsm. (Þórarinn Jónsson): Út af niðurlaginu í ræðu hæstv. atvrh. (P. J.), þar sem hann talaði um það, að sig hefði tekið þetta sárt vegna mannanna, sem fyrir hrossasölunni stóðu, vil jeg taka það fram, að nefndin hefir ekki viljað bera þeim neitt saknæmt á brýn í þessu máli.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 651).

8. Landsverslun.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um landsverslun (A. 435).

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí,

var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 435).

Þorleifur Guðmundsson: Jeg vildi aðeins gera grein fyrir því, að jeg get ekki greitt atkv. með annari till. en hv. þm. Ak. (M. K.). Það er vegna þess, að hún fer í einna rjettasta átt.

Jeg vil ekki láta skera niður landsverslunina að svo stöddu, heldur bíða til næsta þings og sjá, hverju fram vindur. Jeg er því ekki heldur hlyntur, sem felst í till. hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), að láta alla verslun fara í hendur ríkisins.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 18 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H., E. E., Gunn. S., H. K., J. A. J., J. B., J. S., M. K., P. O., P. Þ., S. St.

nei: E. Þ., Jak. M., J. Þ., M. J., M. P.

M. G. og P. J. greiddu ekki atkv.

Einn þm. (B. Sv.) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 655).

9. Tekjustofnar sveitar-, sýslu- og bæjarsjóða.

Á 71. fundi í Ed., þriðjudaginn 17. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um fasta tekjustofna handa sveitarsjóðum, sýslusjóðum og bæjarsjóðum (A. 621).

Á 72. fundi í Ed., miðvikudaginn 18. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, var till. tekin til einnar umr.

Frsm. (Guðmundur Ólafsson): Það var nokkuð minst á þetta mál hjer í hv. deild, er breyting á lögum um bæjarstjórn á Akureyri var til umræðu, og þar sem svo var að heyra þá, að háttv. deildarmenn teldu brýna þörf á lögum um fastar tekjur handa sjóðum þeim, sem till. ræðir um, býst jeg naumast við, að hún mæti mótstöðu nú.

Jeg hygg, að það hljóti að liggja ljóst fyrir öllum hv. deildarmönnum, að sjálfsagt sje að flýta setningu þessara laga sem mest, því að þegar þingið er búið að afgreiða ný lög um fasteignaskatt og tekju- og eignaskatt, sem fella úr gildi ábúðar- og lausafjárskatt, má heita, að engin ákvæði sjeu til um tekjustofna fyrir sveitarsjóði og sýslusjóði, nema ef telja má gjald af verkfærum mönnum. Hið sama verður reyndar ekki sagt um bæjarsjóði, því að allir bæirnir hafa lög um þetta efni, en þau lög eru svo mismunandi fyrir hina ýmsu kaupstaði, að full þörf mun að breyta

þeim að einhverju leyti, og einkum þó að samrýma þau.

Af því að nú er þannig ástatt í hv. deild, að jeg heyri illa til sjálfs mín og því síður munu aðrir heyra þessi orð mín, hlýt jeg að hætta að fara fleiri orðum um málið.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 7 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun efri deildar Alþingis.
(Sjá A. 662).

10. Rannsókn á sölu landbúnaðarafurða.

Á 53. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um rannsókn á sölu íslenskra landbúnaðarafurða (A. 408).

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 61., 64., 68. og 70. fundi í Nd., dagana 3., 7., 12. og 14. maí, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var till. enn tekin til fyrri umr. (A. 408).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 22 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 408).

Frsm. (Jón Sigurðsson): Jeg get ekki látið mál þetta fara svo úr deildinni, að ekki fylgi því nokkur orð af hálfu landbúnaðarnefndar.

Eins og greinargerð till. ber með sjer, hefir nefndin athugað mál þetta nokkuð. Flestum hugsandi mönnum verður nú tíðrætt um fárhagsvandræði vor og atvinnuhorfur, og eru þær ekki glæsilegar. Nefndin hefir því tekið upp mál þetta, hvað landbúnaðinn snertir, og er árangurinn af þessum athugunum till. sú, sem hjer liggur fyrir.

Nefndin lítur svo á, að vandræði landbúnaðarins stafi aðallega af verðfalli afurðanna, en það stafar aftur af almennu verðfalli í heiminum og einnig af of þröngum markaði og ónógri vöruvöndun. Ef landbúnaðurinn á að rjetta við, verður hann að vinna bug á örðugleikum þessum, og af því að við erum fámennir og dreifðir, verðum við að leita aðstoðar þjóðfjelagsins í þessu efni að einhverju leyti. Í öðrum löndum er slíkt oft í höndum einstakra öflugra fjelaga, en hjer verður því tæplega til að dreifa fyrst um sinn.

Till. sú, sem nefndin ber fram, er í þremur liðum, og skal jeg nú athuga þá nánar hvern fyrir sig.

Eins og kunnugt er, var maður sendur utan fyrir nokkrum árum til að rannsaka söluskilyrði ullarinnar. Árangur-

inn af þeirri ferð var ullarmatið. Síðan það komst á, hefir lítið verið gert til umbóta, en reynslan hefir sýnt, að matið er óábyggilegt, og væri mikilsvert, ef einhverju yrði þar um þokað. Kunnugir menn hafa sagt mjer, að mikill munur sje á 1. flokks ull úr ýmsum landshjeruðum, og er þá eðlilegt, að útlendingum gangi illa að átta sig á mati okkar. Við þurfum fyrst og fremst að koma samræmi á matið, og er það fyrsta sporið. Þá þurfum við að kynnast kröfum kaupendanna til vörugæða og reyna að uppfylla þær, því ella er ekki hægt að gera þær breytingar, sem að gagni koma.

Maður hefir nýlega verið sendur til Englands til þess að kynnast þessu lítilsháttar, en fullkomið lag getur ekki á þessu orðið, fyr en við fylgjumst nákvæmlega með þeim kröfum, sem gerðar eru á ýmsum tímum. Við fáum ekki sæmilegt verð fyrir ullina, fyr en við getum gert kaupendunum til hæfis.

Þá er markaðurinn. Hingað til höfum við eingöngu skift við England og Ameríku hvað ullina snertir, en nú er útlit fyrir, að hægt sje að opna markað í Þýskalandi og Póllandi, og væri það ekki lítilsvert. Það er kunnugt, að Þjóðverjar standa mjög framarlega í allskonar iðnaði, og gætu þeir því ef til vill haft ráð á að gefa meira fyrir ull okkar en aðrar þjóðir, því þeim gæti orðið meira úr henni að ýmsu leyti. Og það er líklegt, að við getum einmitt fengið markað þarna, því að keppinautar okkar, Rússar, standa mun ver að vígi nú en við. Ef þetta tækist, teldi jeg mjög mikið unnið.

Sendimaður okkar þyrfti jafnframt að kynna sjer þær verksmiðjur, sem vinna úr íslenskri ull, og fyrirkomulag þeirra, því að af því má margt læra, bæði um verkun og meðferð ullarinnar, og hvernig okkur mundi best að haga okkur, er við hefjumst sjálfir handa í þessum efnum.

Þó að það sje óneitanlega æskilegast, að íslensk ull væri öll unnin í landinu sjálfu, og það er markið, sem við eigum að stefna að, þá er þess svo langt að bíða, og við verðum að sjá okkur fyrir góðum markaði á meðan. Landbúnaðinum er það lífsspursmál, að afurðirnar geti selst með sæmilegu verði, og engin fyrirhöfn er of mikil til þess, að því takmarki verði náð.

Þá er kjötið. Það er eitt af aðalframleiðsluvörum okkar, en sú aðferð, sem notuð er við verkun þess, er úrelt. Aðrar þjóðir hafa yfirleitt yfirgefið þá leið að salta kjötið, og markaður fyrir saltkjöt þrengist óðum. Nú er svo komið, að Noregur einn mun vera viðskiftavinur okkar að þessu leyti. Við verðum að yfirgefa saltkjötið eins og aðrir, og taka upp nýjar aðferðir. Þá eru þrjár leiðir fyrir hendi: að frysta eða kæla kjötið, að sjóða það niður, eða flytja út lifandi fje.

Sú aðferð, að frysta eða kæla kjötið, tel jeg að sje ógreiðust og tvísýnust vegna búskaparhátta, fámennis og samgönguvandræða.

Þá er niðursuðan. Í vændum er, að bráðlega muni fram fara tvær tilraunir með niðursuðu. Sláturfjelag Suðurlands ætlar að gera slíka tilraun, og Borgfirðingar hafa fengið lánsheimild á þessu þingi til slíkra tilrauna. Nefndinni hefir þess vegna ekki þótt ástæða til að gera till. um þetta efni að sinni.

Þá er þriðja leiðin, að flytja út lifandi fje. En til þess þarf að fá undanþágu frá innflutningsbanni á lifandi fje í Englandi. Orsökin til þessa banns var sú, að á Norðurlöndum hafa geisað og

geisa enn illkynjaðir sjúkdómar, svo sem klaufnasýki o. fl., en vegna ókunnugleika Englendinga vorum við teknir þar með. Það hefir ekki verið gerð tilraun til að fá þessu breytt, en nú finst nefndinni tími til kominn, að hafist sje handa í þessu efni, að reynt sje að fá udanþágu, svo að flytja megi sauði og fullorðinn fjenað til Englands, án þess að slátra honum við skipshlið. Jeg held, að stjórnin standi vel að vígi í þessu efni; hún hefir hæfum mönnum á að skipa, eins og t. d. sendiherra okkar, og eflaust mætti fá aðstoð danska utanríkisráðuneytisins. Stjórnin þyrfti þá að láta gera ítarlega rannsókn, sem mundi leiða það í ljós, að þessir sjúkdómar fyndust ekki hjer á landi. En ef enska stjórnin vildi ekki taka slíka rannsókn gilda, þá mætti láta hana tilnefna menn til að framkvæma hana eða skipa fyrir um, hvernig hún skyldi gerð.

Nefndin gengur þess ekki dulin, að miklir örðugleikar eru á að koma þessu í framkvæmd. England hefir lengi haldið við frjálsri verslun, en nú lítur út fyrir, að verndartollastefnan sje að sigra þar. En þetta ætti þó ekki að draga úr því, að þessi tilraun yrði gerð, því að hún má á engan hátt undir höfuð leggjast.

Það gæti líka komið til mála, að reyna að opna markað víðar. Jeg veit, að Belgar keyptu hjer um eitt skeið lifandi fje, en ekkert veit jeg, hvernig söluskilyrði eru þar nú. En ef allar þessar tilraunir bregðast, sem jeg verð að telja mjög illa farið, er ekki annað fyrir hendi en að reyna að hefja undirbúning og rannsaka kælingu kjötsins, svo að tilraunir í þá átt verði sem fyrst gerðar.

Það er að minni hyggju mesta óhapp, ef við sleptum tökum á þessu máli. Við verðum að halda áfram með rannsóknir þessa máls, og þó að við finnum ekki viðunandi markaðsleiðir í bili, þá megum við aldrei gefast upp eða sleppa tökum á málinu. Framtíðarmarkið er efling iðnaðarins í landinu og þar með fólksfjölgunin, svo að full þörf verði fyrir alt okkar kjöt, með öðrum orðum að nota sem mest af þessum vörum í landinu sjálfu.

Því er eins varið með kjötið og með ullina, að við verðum að vanda allar okkar vörur og gera þær svo úr garði, að þær geti á sínum tíma staðið jafnfætis samskonar vörum annara þjóða á erlendum markaði.

Þá er þriðji og síðasti liður till., um hrossasöluna. Jeg mintist á það á öndverðu þingi, er hrossaeinkasalan var til umr., að mjer virtist markaðurinn fyrir hrossin æðiþröngur, því eftir upplýsingum, sem jeg hefi fengið, þá var talsvert af hrossunum óselt við síðustu áramót, bæði í Danmörku og Englandi.

Hjer ber að sama brunni sem um aðrar útflutningsvörur okkar, að leita verður að nýjum leiðum, og hefir nefndinni þá sýnst, að einna tiltækilegast væri að leita til Svíþjóðar. Sú leið er vitanlega að nokkru kunn frá fyrri árum, en hefir nú ekki verið farin um skeið. Fyrir nokkrum árum ferðaðist hjer um land sænskur hestakaupmaður, sem keypti nokkra hesta og fór með þá til Svíþjóðar. Tókst tilraun þessi ágætlega og hugði maður þessi á framhaldandi viðskifti og bjó sig undir það, en þá tók dauðinn í taumana, einmitt þegar hann hafði alt undirbúið og ætlaði hingað út, og varð þetta eflaust að miklu tjóni.

Sumarið 1919 var lítilsháttar tilraun gerð um að selja hesta til Svíþjóðar, en það hefir að líkindum lent í handa-

skolum, því eftir því sem sagt er, hefir tilraunin tekist illa og lægra verð fengist þar heldur en í Danmörku.

En þessi tilraun 1919 sannar ekkert um það, að ekki megi fá jafngóðan markað í Svíþjóð nú fyrir hesta okkar eins og í Danmörku. Þetta mál þarf því að rannsaka eftir því sem föng eru á. Það þarf að senda duglegan og ábyggilegan mann til Svíþjóðar, sem vit hefir á máli þessu, og láta hann kynna sjer alla málavexti og útvega pantanir. Hygg jeg, að þetta myndi best takast og verða heppilegast til lykta leitt með því að komast í samband við landbúnaðarfjelögin sænsku. Einnig gætum við farið að dæmi annara þjóða, sem eftirtekt vekja á afurðum sínum í löndum þeim, sem lítið þekkja til þeirra. Við gætum látið semja smáritlinga og gefið þá út á sænsku, með myndum af hestum okkar. Slíkir ritlingar hafa hjá öðrum þjóðum reynst ágætt „agitations"-meðal, og hygg jeg því, að þeir myndu geta komið að sama gagni fyrir okkur, og þó að varið væri til þess nokkrum hundruðum króna, þá geri jeg ráð fyrir, að slíkri upphæð væri ekki á glæ kastað, heldur myndi það margborga sig.

Þá er þriðja leiðin í máli þessu, sem jeg vildi beina til stjórnarinnar, að landbúnaðarháskólinn danski væri fenginn til að gera tilraunir með hesta okkar. Danir eru góðir búmenn eins og kunnugt er, og taka mikið mark á tilraunum landbúnaðarháskólans og tilraunastöðvanna, í búnaðarmálum. Danir eru líka kunnir að því að offóðra hesta okkar, svo mjer er nær að halda, að þeim notist ekki eins vel að þeim þeirra hluta vegna. Einnig mætti og benda Dönum á að nota önnur aktýgi; þeir munu að jafnaði nota brjóstaktýgi í stað klafa, sem betur eiga við okkar hesta, af því að þeir eru svo hálsstuttir, en sú er reynsla okkar, að brjóst- eða hálsaktýgi þrengja að andrýminu og draga úr úthaldi hestsins.

Fleira mætti um þetta fjölyrða, þó að jeg láti hjer staðar numið.

Nefndin hefir tekið fyrir þrjár aðalútflutningsvörur landbúnaðarins, sem jeg hefi nú gert að umtalsefni. Að hún slepti gærunum kemur til af því, að hún vissi, að Samband íslenskra samvinnufjelaga hefir tekið málið að sjer til nauðsynlegra rannsókna.

Landbúnaðarnefndin hefir hugsað sjer, að stjórnin leitaði ráða til Búnaðarfjelags Íslands um ýms atriði þessa máls, og sömuleiðis að því er sölutilboð snertir, að hún hefði í ráðum með sjer sláturfjelögin og sambandið, t. d. að framkvæmdastjóri íslenskra samvinnufjelaga væri hafður með í ráðum.

Nefndin væntir þess, að hæstv. stjórn geri það, sem henni er unt, til rannsóknar máli þessu og horfi ekki svo mjög í kostnað, því hjer er áreiðanlega mikilsvarðandi rannsóknarefni á ferðinni, og þó að árangurinn komi ekki í ljós fyr en á næsta ári eða næstu árum, þá er ekkert við því að segja, ef hann aðeins getur orðið sem mestur og bestur.

Þetta, sem hjer er lagt til, skoðar nefndin nánast sem byrjun á víðtækum rannsóknum á öllu því, er snertir sölu íslenskra landbúnaðarafurða erlendis, og verði haldið áfram árum saman.

Aðrar þjóðir verja miklu fje í slíku augnamiði. En hjá okkur er það lítið og að mestu leyti fálm. En í þessu efni megum við ekki sitja hjá og horfa á.

Að endingu vil jeg geta þess, að við höfum ekki ráð á því að láta aðrar þjóðir sópa því fje til sín, sem við gætum hæglega dregið saman, ef við hefðum

samtök um það. Og jeg vonast eftir, að hæstv. stjórn taki þetta nauðsynjamál að sjer og vinni því alt það gagn, er hún má.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg stend nú eiginlega upp til málamynda, að öðru leyti en því, að jeg get látið í ljós þakklæti mitt til hv. frsm. (J. S.) fyrir hina skörulegu greinargerð, er hann ljet fylgja till. sinni. Ef til vill geri jeg mjer ekki eins háar vonir um rannsókn þessa, en ímynda mjer hins vegar, að rjett sje að gera tilraun nokkra.

Annars þarf jeg ekki að gera svo sem neinar athugasemdir.

Hv. frsm. (J. S.) drap á, að mat á ull hefði reynst óábyggilegt, og er það hverju orði sannara. Þó er tvær afsakanir fram að bera í því efni. Í fyrsta lagi er mat á vörum ætíð ófullkomið í byrjun, og hjer var ástandið misjafnt hvað verkun hennar snerti. Sumstaðar var þvottur hennar vandaður, en annars staðar var hann slæmur og lítið til hans vandað. Einnig mætti nefna í þessu sambandi, að ullarfarið er misjafnt í hinum ýmsu hjeruðum landsins. Er því skiljanlegt, að erfitt sje að koma á samræmilegu ullarmati þegar svona stendur á. Þó hygg jeg, að nokkuð hafi miðað í áttina til meira samræmis en áður var.

Í öðru lagi er það truflun sú, sem komst á ullarmarkaðinn þegar stríðið skall yfir, eins og hv. frsm. (J. S.) drap lítilsháttar á. Áður fór ullin að mestu leyti til Englands, en síðar til Ameríku. En nú á seinni árum hefir ekki verið hægt að selja hana til Englands eða Ameríku, og hefir því mestur hluti hennar lent á meginlandi Norðurálfunnar. Væri því næst að rannsaka, hvernig henni væri tekið þar og hvernig hún líkaði, og hverjar kröfur þar gerðar.

Hv. frsm. (J. S.) sagði, að kjötsöltun okkar væri úrelt aðferð. Mjer finst við tæplega megum taka svo til orða. Að vísu eru til fleiri aðferðir til þess að geyma kjötið á löngum flutningum, t. d. frysting, en jeg held, að hún taki ekki söltuninni mikið fram. Söltunin er því ekki öllu úreltari en frystingin, og frysting er svo dýr aðferð, að hún mun ekki hæfa fyrir eins dýrt kjöt og hjer er á Íslandi.

Jeg geri ráð fyrir, að ekki saki, þó að saltkjötið sje ekki tekið með hjer í þessari till., því samband samvinnufjelaganna hefir tekið að sjer að rannsaka það mál, því að tilraunir, sem komnar voru vel á veg, hafa að nokkru truflast í stríðinu. Markaðurinn fluttist frá Danmörku til Noregs vegna verslunarhindrunar. Í Noregi hefir það þó reynst svo, að íslenskt saltkjöt hefir verið tekið fram yfir annað saltkjöt, sem þar hefir verið á boðstólum. En á það ber einnig að líta, að mikið af því kjöti, sem út hefir verið flutt, er slæmt kjöt, mikið af því af mylkum ám og ljelegum lömbum, en reynist þó ljúffengt þegar söltunin er í lagi.

Jeg er sammála hv. frsm. (J. S.), að erfitt sje að flytja út fryst kjöt. Enda hefir það reynst svo, að ekki er um trygt verð að ræða fyrir þá vöru. Framleiðslan er dýr og kostnaðurinn við það langtum meiri en við söltunina, og markaðurinn ekki þeim mun betri nje tryggari.

Þá er það útflutningur lifandi fjár, og er því síst að neita, að það er mikilsvert atriði, ef frjáls útflutningur fengist til Englands, svo að fjeð gæti jafnað sig og tekið bata þar eftir ferð-

ina, eins og var í gamla daga. Það er rjett og eðlilegt, að verið sje á verði um þetta mál, þótt búast megi við, að það sje örðugt, því vitanlega er fjeð ekki eins gott til útflutnings og áður. Á meðan við áttum 2—3 vetra sauði, þá var það kleift að hafa sæmilegt útflutningsfje, en síðan sauðirnir hurfu eru örðugleikarnir meiri, því þá þarf að koma því upp. Þá er áríðandi, að fjeð sje heilbrigt, svo að ekki þurfi að setja það í sóttkví. Jeg er nú samt hræddur um, að við þeim höftum megi búast áfram, þótt ekki sje nema af yfirskinsástæðum, til verndar fyrir enskan landbúnað.

Viðvíkjandi hestasölu til Svíþjóðar, þá er það kostnaðarlítið að rannsaka það mál, úr því að stjórnin hefir nú söluna með höndum. Eins og stendur eru slæmar horfur fyrir markað í Englandi, og geri jeg því ráð fyrir, að hestasölunefndin taki þetta mál til athugunar í sambandi við hestasöluna.

Mjer finst rjett, að till. þessi nái fram að ganga, en vil þó taka það fram fyrir hönd stjórnarinnar, að ekki er úr miklu fje að spila til dýrra sendiferða eða rannsókna, eins og þinginu er kunnugt, en stjórnin mun að sjálfsögðu reyna að haga þessu eftir því, sem hún hefir best vit á.

Frsm. (Jón Sigurðsson): Það er aðeins örstutt athugasemd. Jeg vildi geta þess, að nefndinni láðist að bera þetta erindi undir fjvn. Og þó að búast megi við, að þessar rannsóknir hafi einhver fjárútlát í för með sjer, vænti jeg þó, að hv. fjvn. hafi ekki neitt sjerstakt við till. þessa að athuga.

ATKVGR.

Till. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, kl. 10 árdegis, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 646).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 11 shlj. atkv.

Á 74. fundi í Ed., s. d., kl. 2 miðdegis, var till. tekin til síðari umr. (A. 408).

Of skamt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis.

(Sjá A. 664).

11. Endurskoðun fátækralaganna.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að hraða endurskoðun fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 (A. 484).

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 20. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 484).

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg býst ekki við, að þessi till. ætti að vekja svo miklar umræður hjer í deildinni. Þetta mál var eiginlega þrautrætt hjer, þegar breytingin á fátækralögunum var til umræðu, en mjer skildist, að hv. þm. þá ekki vildu ljá málinu atkvæði sitt, þar sem þeim ekki væri með öllu ljóst, hver áhrif breytingar á svo víðtækum lagabálki sem fátækralögunum gætu haft í framkvæmdinni, og svo af hinu, að hæstv. stjórn hafði ekki enn athugað málið til hlítar. Nú var á þinginu 1917 samþ. þál. um að skora á stjórnina að láta fara fram ítarlega endurskoðun á þessum lögum, og þessi till. er aðeins fram komin til þess að herða á stjórninni. Er vonandi, að hún beri þann árangur, að á næsta þingi sjáist einhverjar till. frá stjórninni í þessu máli, enda gat hæstv. forsrh. þess um daginn, að þess yrði ef til vill ekki langt að bíða, að stjórnin tæki málið til rannsóknar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 679).

---

12. Lækkun forvaxta.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um lækkun forvaxta (A. 641).

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 19. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 20. maí, var till. tekin til einnar umr. (A. 641).

Flm. (Gunnar Sigurðsson): Það hefir lengi brunnið við, að bankarnir okkar hafa verið sundurlyndir og ósammála um flesta hluti. En eitt hafa þeir þó altaf verið sammála um og samtaka. Það er að okra á viðskiftamönnunum. Þetta hefir sjerstaklega komið fram við hlutfallslega of háa forvexti. Bankarnir hafa verið fljótari til að hækka vexti í samræmi við erlendan peningamarkað

en að lækka. Nú er svo komið, að vextir hjer eru orðnir 2% hærri en í bönkum nágrannalandanna. Á jeg þar við Bank of England og Nationalbanken í Danmörku. Þetta er í sjálfu sjer næsta varhugavert, að þing og stjórn skuli ekki hafa haft hönd í bagga með þessu, þar sem Landsbankinn er þjóðareign og Íslandsbanki er mjög upp á landið kominn. Þess vegna ætti þeim ekki að þolast að íþyngja viðskiftamönnum sínum um skör fram. Það hefir áreiðanlega haft nokkur áhrif á forvaxtahækkunina þetta vitlausa kerfi, sem tekið var upp, að láta bankastjórana hafa hlut af gróða bankanna. Þetta hefir orðið til þess, að bankarnir hafa teflt djarfara, sett vexti hærri og tekið minni og óöruggari tryggingu, í þeirri von að græða sem mest. En þetta hefir orðið til þess, að siglt hefir verið út í ógöngur, eins og raun ber vitni um Íslandsbanka.

Jeg skal taka það fram, að þó að þetta mál virðist svipað því máli, sem var hjer til umræðu áðan, þá er það þó annars eðlis. Hjer er farið fram á, að þessi hv. deild láti uppi það álit, að hún vilji, að vextir verði hjer lækkaðir í samræmi við vaxtalækkun erlendis. Og svo er stjórninni falið að koma því á framfæri við bankastjórnirnar.

Jeg ætla, að enginn hv. deildarmanna geti haft nokkuð á móti þessu. Enginn þarf að óttast það, að bankarnir sjái ekki um sig þrátt fyrir þetta.

Jeg hygg, að jeg þurfi svo ekki að fjölyrða frekar um þetta að sinni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.
(Sjá A. 681).

13. Löggilding baðlyfs.

Á 70. fundi í Nd., laugardaginn 14. maí, var útbýtt
Tillögu til þingsályktunar um löggildingu baðlyfs (A. 609).

Á 71. fundi í Nd., þriðjudaginn 17. maí, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.
Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 20. maí, var till. aftur tekin til e i n n a r umr. (A. 609).

Flm. (Þjetur Þórðarson): Árangurinn af sauðfjárböðunum hjer á landi hefir ekki orðið eins mikill og skyldi. Það hafa smám saman verið gerðar ráðstafanir til að baða sauðfje árlega, og að síðustu var það talin slík nauðsyn, að það var lögboðið. Jafnframt var ákveðið, hverjar baðlyfstegundir ætti að nota.

Í framkvæmdinni hefir þessi laga-

setning ekki reynst betur en svo, að ekki hefir tekist að halda fjárkláðanum í skefjum. Reynslan hefir sannað, að flestar hinar lögboðnu tegundir hafa ekki verið einhlítar. Það er alkunnugt, að kláði hefir náð útbreiðslu í ýmsum sýslum, þrátt fyrir hina lögskipuðu böðun. Þau baðefni, sem lögskipuð hafa verið, hafa reynst of áhrifalítil til útrýmingar kláða. Þau eru góð fyrir ullargæði, en ónýt gegn kláða.

Það baðefni, sem reynst hefir best gegn kláða, er Coopers-baðduft, sem till. getur um. Sýslunefnd Mýrasýslu hefir skorað á mig að flytja þessa till. hjer á þingi, til þess að benda mönnum á að nota þetta baðlyf, að minsta kosti jafnhliða öðru. Það er náttúrlega ekki víst, að allir sjeu sammála um þetta á landinu, en hjer er ekki heldur farið fram á annað en að leyfa þetta jafnframt öðru. Jeg get sagt með sanni, að þessi skoðun er ekki eingöngu í Mýrasýslu, heldur er hún talsvert almenn. Þess vegna eru líka meðflytjendur mínir að till. mjög áfram um, að till. verði samþykt.

Jeg vona, að hv. deild fallist á till. og samþ. hana eins og hún liggur fyrir.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg er hræddur um, að stjórnin geti ekki tekið við áskoruninni, þó að till. verði samþykt. Jeg skal skýra það nánar og vona, að hv. deild athugi aðstöðu stjórnarinnar.

Samkvæmt lögum um sauðfjárbaðanir frá 10. nóv. 1913 er stjórninni falið að ákveða, hver baðlyf skuli notuð, og er það kölluð löggilding, sem stjórnin ákveður í því efni. Til þess þannig að löggilda baðlyf til þrifaböðunar hefir það í framkvæmdinni orðið svo, að dýralæknirinn hjer í Reykjavík hefir athugað baðlyfin og mælt með þeim til löggildingar, sem honum hafa þótt nægilega tryggileg. Önnur baðlyf hafa svo ekki fengist löggilt. Þetta var sú minsta trygging, sem stjórnin gat sætt sig við, til þess að löggilding hefði nokkuð að þýða. Það er ekki hægt að ætlast til, að ráðherra hafi vit á baðlyfjum, enda mun það tilviljun, ef þeir hafa reynslu í þeim efnum eins mikla og jeg hefi. En samt hefi jeg ekki þá reynslu í baðlyfjum, að jeg geti lagt dóm á það, hvort baðlyf, sem flutt eru inn í landið, eru brúkleg eða hættuleg.

Þessari baðlyfstegund, Coopers-baðdufti, hefir dýralæknir ekki viljað gefa meðmæli sín. Það er því ekki hægt að búast við, að stjórnin löggildi það gegn hans ráðum. Það væri sama sem að kippa fótum undan löggildingunni.

Það er ekki rjett að skipa stjórninni að gera það, sem hún ekki getur gert, og vil jeg því ráða alvarlega frá því, að þessi till. verði samþ. **(J. B.:** Ætlar stjórnin þá að segja af sjer?).

Sigurður Stefánsson: Jeg er hlyntur þessari till., án þess jeg ætlist til, að hæstv. stjórn segi af sjer hennar vegna. En jeg legg lítið upp úr henni. Jeg veit, að þar, sem jeg þekki til, nota menn þetta baðlyf og vita, að það er einhlítt til þess að eyða óþrifum. En þeir, sem hafa reynt hin löggiltu lyf, vita, að þau geta ekki drepið svo mikið sem eina íslenska færilús. Jeg hefi sjálfur notað Coopers-baðlyf í 20 ár, og það er svo grandvart um, að nokkur vargur lifi á skepnunni heilt og hálft missiri eftir baðið. Jeg hefi sagt dýralæknunum, að jeg noti það og að reynslan sýni, að það sje best. Jeg hygg, að þeir, sem hafa notað það hingað til, noti það líka

framvegis, hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki.

Björn Hallsson: Jeg er í vafa um, hvort rjett sje að samþykkja till. þó að jeg hafi ekki eins langa reynslu að baki mjer og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), þá hefi jeg reynt þetta baðlyf, og hefir reynst það mjög illa. Það er gert ráð fyrir því af umboðsmönnum baðlyfsins, að blanda megi með 1 á móti 150, og telja þeir það ágætt bað. En það er bráðónýtt, og veitir ekki af að blanda það með 1 á móti 60. Auk þess er ábyggilegt, að það eyðileggur ullina, af því að töluvert af „arsenik" er í því, enda hefir dýralæknirinn lagt á móti því, að það yrði löggilt, og sömuleiðis fjárræktarmenn, svo sem t. d. Jón H. Þorbergsson. En ef það er lítið blandað, skemmir það auðvitað meira ullina. Jeg hefi reynt ýms kláðaböð, sem mjer hafa gefist langtum betur, og vil jeg þar fyrst tilnefna Mc. Dougalls bað, sem er fitumikið og freyðir við blöndun, eykur ullarvöxt og helst vel í fjenu.

Jeg hefi vitað fje drepast af Coopersbaði, vegna þess, að það hefir ekki þolað eiturloftið af uppgufuninni. Mjer finst ekki rjett að fara því að löggilda slíkt bað hjer, þegar nóg er af betri böðum. Mjer virðist mest eiga að fara eftir tillögum dýralækna í þessu máli. (S. St.: En reynslunni?). Jeg hefi nú verið að skýra frá reynslunni, og þótt jeg sje ekki sextugur eða sjötugur, eins og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), þá er jeg þó á fimtugsaldri og hefi því nokkra reynslu í þessu efni, þar sem jeg hefi reynt mörg baðlyf og flest þessu betri. Jeg verð að telja dýralækna hafa betur vit á þessu máli en hv. þingmenn, þar sem þeir þekkja efnasamsetningu lyfjanna. Jeg hefi góðar heimildir fyrir því, að kreólín og lysól drepi betur kláðamaurinn en þetta baðlyf, en þau böð eru ekki skaðleg ullinni. — Jeg mun því greiða atkv. á móti þessari þál.

Flm. (Pjetur Þórðarson): Jeg skal nú ekki vera margorður. Jeg verð að segja það, að það er þó ekki til einskis barist, fyrst maður fær að heyra það hjá stjórninni, að hún metur meira álit dýralæknisins eins en margra ára reynslu bænda í sveitum og sýslum um land alt. Jeg ætla nú ekki að berjast neitt fastlega með þessari þál.

Jeg tek undir með háttv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að þeir, sem nota vilja þetta bað og álíta það best til kláðalækninga, munu geta náð í það hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki. Þessi till. er einungis gerð til þess að þurfa ekki að ganga á svig við lögin til þess að ná í þetta baðlyf. Því að sumum mönnum er nú þannig farið, að þeir vilja ekki brjóta lögin nema mikið liggi við.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg vil vara hv. deildarmenn við því að vera langorða um baðlyf. Jeg hefi eytt hálfum og heilum dögum í umræður um þau á fundum, þó ekki hjer á þingi, en aldrei vitað til þess, að menn hafi orðið sammála um, hvert baðlyf væri best. Það er svo sem auðvitað, að stjórnin getur ekki farið í bága við tillögur dýralæknis í þessu efni. Annað er nær til að losna við dýralækninn og losa stjórnina við vandræði, en það er að breyta lagagreininni og gera það alveg frjálst, hver baðlyf nota skuli. Það er þinginu heimilt. En hitt er óhugsandi, að stjórnin fari í bág við fagmenn í þessu efni. Það er þá þingmeirihl., sem löggildir baðlyfin.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 11 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., M. J., P. O., P. þ., S. St., B. Sv.

nei: J. þ., M. K., M. P., P. J., St. St., Sv. Ó., Þór. J., B. H.

Sjö þm. (B. J., J. A. J., J. S., M. G., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 680).

14. Hjeraðaskólar.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um hjeraðaskóla o. fl. (A. 639).

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 19. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 20. maí, var till. tekin til einnar umr. (A. 639).

Flm. (Eiríkur Einarsson): Það, sem fyrir mjer vakir, er jeg kem fram með þessa þál., er hreyfing sú, sem nú er að rísa í sveitunum og miðar að því að koma á stofn hjeraðaskólum, er taki við fræðslu unglinga eftir ferminguna. Mjer er kunnugt um, að í Suðurlandssveitunum er mikill áhugi fyrir þessu máli og farið að safna fje í þeim tilgangi. En það er erfitt að koma slíkum fyrirtækjum á stofn án drjúgs styrks frá landssjóðs hálfu. Jeg ber því fram till. til þess að heyra álit deildarinnar á þessu, hvort hún telur þetta góð fyrirtæki og þarfleg og vilji stuðla að þeim.

Um annað atriðið í þessari þál., að viðleitni til barnafræðslu á heimilum verði studd og efld, skal jeg geta þess, að það er ekki af mínum völdum þar komið, þótt jeg sje fyllilega sammála því. Það var annar háttv. þm., sem átti frumkvæðið að þessu, og mun hann mæla fyrir því, ef honum virðist svo.

Eina hugsanlega mótbáran, sem komið gæti í þessu máli, hygg jeg vera þá, að önnur till. sje fyrir, sem stefni í sama horfið, en það er till. frá 1919 um fræðslumál. En þar er aðeins gert ráð fyrir fræðilegri rannsókn, en hjer er spurt, hvort þingið sje hlynt og vilji stuðla að því, að hið opinbera komi slíkum skólum á. Það er því sýnilegt, að okkar till. á ekkert skylt við till. frá 1919, og vænti jeg, að hv. deild samþ. hana án langra umr.

Sveinn Ólafsson: Jeg hafði alls ekki ætlað mjer að taka til máls hjer í dag, en hv. flm. (E. E.) gaf mjer tilefni til þess. Jeg er meðflytjandi þessarar till., en jeg skal taka það fram, að það er aðeins vegna einnar setningar, sem í henni er. Að öðru leyti er till. svo rúm og almenns efnis, að jeg hefði ekki gerst meðflytjandi, ef þessi setning hefði ekki flotið með. En setning þessi lýtur að því, að viðleitni til barnafræðslu á

heimilunum verði studd og efld. Jeg hefi fylgst allvel með í fræðslumálamoldviðrinu, sem staðið hefir frá því um aldamót. Og síðan fræðsan fór að taka upp þann útlenda búning, sem virðist hafa verið sniðinn á hana með fræðslulögunum frá 1907, þá hefir, að minni hyggju, hinum gamla, þjóðlega búningi, barnafræðslunni á heimilunum, hnignað að mun. Það munu vera fá heimili, sem lagt hafa áherslu á hana síðan. En jeg þekki það af eigin reynslu, hvers virði heimilisfræðslan er, þar sem hún er rækt með alúð og samviskusemi, því að jeg hefi aldrei notið neinnar fræðslu í barna- eða unglingaskólum. Jeg hygg, að jeg megi fullyrða það, að fræðsla skólanna, jafnvel þar, sem þeir eru bestir, sem mun vera í kaupstöðunum, muni standa að baki heimilisfræðslu í sveitum.

Þetta er þá ástæðan til þess, að jeg ljet nafn mitt fljóta með á þessa þál., og vona jeg, að þetta mikilsverða atriði gleymist ekki, þegar málum þessum verður skipað.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 16 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. J., M. K., P. O., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., B. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., B. Sv.

nei: J. Þ., S. St.

Níu þm. (M. G., M. P., Ó. P., P. J., Þorl. J., Þór. J., H. K., J. A. J., J. S.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 682).

15. Skaðabótagreiðsla út af hrossakaupum.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skaðabótagreiðslu út af hrossakaupum landsstjórnarinnar sunnanlands (A. 643).

Á 74. fundi í Nd., fimtudaginn 19. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 20. maí, kl. 10 árdegis, var till. tekin til einnar umr. (A. 643, 656).

Flm. (Gunnar Sigurðsson): Það er búið að ræða þetta mál, og það hefir komið fram, að auk þess, sem Sunnlendingar hafa verið látnir greiða kostnað að jöfnu við Norðlendinga, sem ekki getur talist sanngjarnt, hafa þeir fengið lægra verð fyrir hross sín. Það getur verið, að þetta hafi verið af misskilningi gert, en síðastliðið ár er því þó varla til að dreifa. Jeg vil ekki ganga slyppur frá borði í þessu máli, sökum þess, að hjer er um sanngirnis- og rjettlætiskröfu að ræða. Og þó að oft sje erfitt að sækja rjettlæti í greipar þess-

arar hv. deildar, þá vona jeg, að hún sinni þessari kröfu. Það minsta, sem hægt er að fara fram á, er, að sjóði þeim, sem safnast hefir saman, verði skift milli þeirra, sem órjetti hafa verið beittir. Hann nemur 3 þús. kr., og verður því uppbótin ekki nærri því eins mikil og hún ætti að vera í raun og veru. Verði þetta felt, en það væri gert þvert ofan í alt vit og sanngirni, verð jeg að skoða það sem svo, að beinst sje að mjer persónulega.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg get verið hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) þakklátur fyrir það, hvað stuttorður hann var, og þarf jeg ekki að viðhafa mörg orð. Jeg hefi áður skýrt frá því, hvernig á þessu stendur, og verður stjórninni ekki um það kent. Það getur hver sagt sjer sjálfur, að þegar hrossin eru keypt eftir mati, þá getur altaf sprottið upp einhver óánægja út af matinu, en ekki má setja þeim, sem kaupa, of þröngar skorður. Jeg hafði hugsað mjer að rannsaka þetta mál, þótt engin till. hefði komið fram hjer á þingi, og er till. að því leyti óþörf.

Aðaltill. getur auðvitað alls ekki komið til greina, því að stjórnin hefir ekki yfir neinu fje að ráða í þessu skyni, enda óvíst, hvort því ætti að verja svo. Sama er að segja um varatill. En það er vitanlega hægt að samþykkja þrautavaratill., ef mönnum sýnist svo. Þessi sjóður er til, og honum má auðvitað skifta meðal þessara manna eftir því, sem rjettast þykir, en rjett verður það ekki fyrir því.

En jeg vil benda hv. deild á það, að lögin um hrossasöluna, sem þingið samþykti, eru aðeins heimildarlög, og ef fara á að binda um of hendur stjórnarinnar viðvíkjandi framkvæmd þeirra, getur það orðið til þess, að hún noti ekki heimildina.

Bjarni Jónsson: Jeg vildi aðeins gera örstutta athugasemd, sem er óháð því, hvernig till. fer. Jeg vildi mælast til þess við hæstv. stjórn, að hún ljeti frádráttinn verða Norðlendingamegin næstu fjögur árin til jafnaðar.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg vil ekki þola nein smánaryrði frá hv. þm. Dala. (B. J.), og ætti hann að kunna sóma sinn svo, að hann gerði stjórninni ekki upp svívirðilegar hvatir.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Nd., s. d., kl. 6 síðdegis, var framhaldið einni umr. um till. (A. 643, 656).

Flm. (Gunnar Sigurðsson): Jeg vildi aðeins taka það fram út af orðum hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.) við fyrri hluta þessarar umr., að þar sem hann vildi draga í efa, að skýrsla mín í málinu væri rjett, get jeg vísað til tveggja hv. þm., sem rannsakað hafa þetta mál og komist að sömu niðurstöðu. Það er hvorki tími nje tækifæri til þess nú að skýra málið nákvæmlega, en 10—20 kr. hefir að meðaltali verið gefið minna fyrir sunnlensk hross en norðlensk. Það er sannanlegt af þeim skýrslum, sem hjer liggja fyrir. Jeg vil benda háttv. deildarmönnum á það, að ef nokkurrar sanngirni á að gæta, er varla hægt að fara vægara í sakirnar en gert er í till. til þrautavara, og vona jeg, að hún verði að minsta kosti samþykt.

ATKVGR.

Tillgr. 643, aðaltill., tekin aftur.

Tillgr. 643, varatill., feld með 13 : 7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., B. J., B. Sv.

nei: J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. K., M. P., P. O., S. St., St. St., Þorl. G., Þorl. J., Þór. J.

P. J. og Þorst. J. greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (H. K., P. Þ., Sv. Ó., Ó. P., B. H.) fjarstaddir.

Brtt. 656 (ný tillgr.) samþ. með 12 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., M. K., B. Sv.

nei: P. O., S. St., St. St., Þór. J., J. A. J., J. S., J. Þ., M. P.

P. J. og M. G. greiddu ekki atkv.

Fimm þm. (Ó. P., P. Þ., Sv. Ó., B. H., H. K.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. afgr. sem

ályktun neðri deildar Alþingis.

(Sjá A. 683).

16. Ullariðnaður.

Á 52. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um undirbúning ullariðnaðar o. fl. (A. 393).

Á 56. fundi í Nd., miðvikudaginn 27. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, var till. aftur tekin til fyrri umr. (A. 393, 409).

Flm. (Eiríkur Einarsson): Till. sú, sem jeg ber hjer fram, er af sama toga spunnin og önnur þingsályktunartillaga, sem jeg var flutningsmaður að á aukaþinginu í fyrra vetur, og náði fram að ganga hjer í hv. deild. Sú till. var einungis hvatningarorð til landsstjórnarinnar, þess efnis, að styðja ullariðnað í landinu, en hjer er farið lengra og gerðar till. um nauðsynlegar rannsóknir og undirbúning, svo að þessu mikla nauðsynjamáli verði sem fyrst hrundið í framkvæmd. Að öðru leyti hefir mál þetta eigi verið rætt nje undirbúið hjer á þinginu, og sýnir það best, hve mikil deyfð er oft og einatt, er nauðsynjamálin eiga í hlut, í samanburði við það umræðumagn, er oft á sjer stað um hið einskisverða.

En að einu leytinu hefir ullariðnaðarmálið fengið mikilsverðan undirbúning. Það er vitanlegt, að alþjóð manna er það áhugamál, og víða í hjeruðum rætt um það sem brýna og aðkallandi nauðsyn. Spurningin um, hvort hafist skuli handa í þessum efnum, er því fyrir mörgum í rauninni hið sama og spurningin um það, hvort fremur eigi að leit-

ast við að vera sjálfbjarga eða láta alt drasla eins og það er, sem er að verða bjargleysisástand. Með hversdagslegum orðatiltækjum er hjer spurt að, hvort við eigum að duga eða drepast.

Þessi nauðsyn ætti líka að skýrast fyrir okkur Íslendingum, er við gætum þess, hvert kapp allar menningarþjóðir leggja nú á það, að vera sjálfum sjer nógar, bjargast sem mest með sína eigin framleiðslu og forðast mest kaup á útlendum varningi. Ættu gjaldeyrisvandræðin, sem hjer er nú við að búa, að vera manni þar til áminningar. Það ætti og á engan hátt að verða til þess að draga úr áhuga okkar í ullariðnaðarmálinu, þótt ullin falli í verði og vefnaðarvörur þá jafnvel líka. Nei, það ætti að auka áhugann til að tryggja okkur not svo dýrmætrar vöru, sem ullin er, tryggja okkur hana til eigin nota.

Jeg tel þýðingarlítið að benda á dæmi um þá meðferð, er ull okkar sætir nú. Það vita allir, að við verjum henni illa. Skal jeg þó til lítilsháttar skýringar í þessu efni geta þess, að árið 1918 var útflutt ull 941905 kg. að þyngd, en aðfluttar vefnaðarvörur námu það sama ár 5.222.595 krónum. Hefi jeg þetta eftir verslunarskýrslunum, hvort sem öll kurl koma þar til grafar. Skal jeg geta þess, að alt vefnaðarvöruefni, svo sem garn o. s. frv., er fluttist til landsins hið sama ár og nam mörg hundruð þúsundum kr., er eigi talið með í fyrnefndri upphæð. Ef við nú gerðum ráð fyrir, að í stað hinnar útlendu vefnaðarvöru væru unnir í landinu sjálfu dúkar, er svöruðu rúmlega til eins klæðnaðar handa hverjum landsmanni, kæmi þar fram sparnaður, er næmi fleiri miljónum króna. Kemur þetta í ljós við samanburð á verðlagi dúka frá verksmiðjunum á Álafossi og Glerá annars vegar en útlendum efnum hins vegar.

Eins og jeg drap áður á, hefir lítill áhugi eða viðleitni komið fram á þingi, er miði að því að koma ullariðnaðinum á rekspöl. Hins vil jeg geta, hv. þm. til lofs, að þeir hafa játað nauðsyn þessa iðnaðar með því að heita þeim tilstyrk, er þegar hafa komið verksmiðjum á stofn. Er í því sambandi nóg að geta þess erindis, sem nú er fyrir þinginu frá eigendum Álafossverksmiðjunnar og lýtur að lántökuhjálp. Hefir þessi háttv. deild heitið þar tilstyrk, og tel jeg það rjett, er um svo gott mál er að ræða í höndum svo áhugasamra manna.

En þetta er ekki nóg. Álafoss og Gefjun fullnægja ekki þörfinni. Hjer þarf að hefjast handa til iðnaðar í stórum stíl, er verði sameiginlegt mál allra Íslendinga. Þess vegna þarf að undirbúa málið og koma því í framkvæmd, þótt það verði ekki alt í einu, á þeim grundvelli, sem ekki sje neitt handahóf. Þar getum við einmitt lært af nágrannaþjóðunum og fært okkur þekkingu þeirra í nyt. Að þessum undirbúningi miða tillögur mínar, þær er hjer liggja fyrir þingdeildinni. Vakir þar fyrir mjer, að nauðsynlegt sje að byrja með því að afla upplýsinga með rannsókn þeirra, er hafa vit á, hvar og hvernig best muni að hefjast handa. Gerðar sjeu tillögur um nauðsynlegar byggingar og vjelaútvegun, og sjest best, hvað tiltækilegt er að framkvæma, þegar eitthvert yfirlit er fengið. Fyrir þessum rannsóknum á landsstjórnin að beita sjer og flýta þeim eftir því, sem hægt verður.

Þegar um þetta er rætt, er þess gætandi, að aldrei mundi fremur en nú auðvelt að fá ódýra menn til að framkvæma

rannsóknirnar; það er vegna atvinnuleysisins, sem nú á sjer stað í slíkum verksmiðjum víða um lönd, t. d. í Þýskalandi. Mjer er og kunnugt um það frá Noregi, er jeg var þar á ferð fyrri partinn í vetur, að auðvelt mun vera að fá þaðan tilstyrk í þessum efnum. Veit jeg t. d. af dúkagerðarverksmiðju í Kristjaníu, er hefir nýlega fengið stóra vefstóla og aðrar vjelar, og vill því selja ódýru verði það, sem fyrir var og eigi var að sjá, að úr sjer væri gengið, að öðru leyti en því, að vera of lítið við þeirra þarfir. Einnig komst jeg þar að því hjá stjórnvöldum, að auðsótt mundi verða að fá aðstoð og liðsinni þaðan til að hrinda slíku máli í framkvæmd hjer. Við megum ekki láta góð tækifæri ónotuð.

Þótt alt það yrði nú rannsakað, sem till. mín gerir ráð fyrir, er auðsætt, að ekki yrði öllu komið í framkvæmd á einum degi. Jeg geri líka ráð fyrir, að byrjað sje þar, sem verkefnin eru best fyrir hendi og geri jafnframt ráð fyrir ullariðnaði í smærri stíl, svo sem lopaeða kembingarvjelum, er nauðsynlega þyrfti að hraða þar, sem best þykir henta, og mundu þær verksmiðjur mjög hentugar í sambandi við heimilisiðnaðinn, eins og hann yrði nú best framkvæmdur.

Þá vil jeg geta þess, að engan má hræða frá að vilja undirbúa þetta mál, með því, að það sje svo dýrt. Ef við erum svo fátækir, að við stöndumst ekki kostnað til viðreisnarúrræða, þá eigum við ekki viðreisnarvon.

Loks skal jeg geta þess, að tillögur þær, sem jeg geri til þess, að einnig verði rannsökuð aðstaða til sútunar og skinnaverkunar, eru meir til þess að hreyfa því máli, sem einnig er merkilegt og verðskuldar athugun, en til hins, að jeg geti vænst þess, að því verði svo fljótt hrundið í framkvæmd, sem ullariðnaðinum. En athugunin á ekki að þurfa að vera svo dýr og getur komið að notum.

Annars mun jeg við aðra umr. gera nánar grein fyrir till. eftir því, sem tilefni gefst til. Geri jeg ráð fyrir, að henni verði vísað til nefndar til athugunar, sem má vel vera.

Björn Hallsson: Jeg vil lýsa ánægju minni yfir þál. þeirri, sem komin er fram um aukinn ullariðnað, á þskj. 393. Mjer barst áskorun frá fulltrúafundi austur á Fljótsdalshjeraði fyrir stuttu síðan, þar sem skorað var á Alþingi að gefa stjórninni heimild til að láta rannsaka aðstöðu og skilyrði fyrir stofnun og rekstri kembi- og lopavéla á Fljótsdalshjeraði og fullkominnar klæðaverksmiðju við höfn á Austurlandi. Þessu hreyfði jeg í landbn., og ákvað nefndin að flytja till. í tilefni af þessari áskorun, um allvíðtæka rannsókn á þessu máli, eftir óskum frá hlutaðeigandi hjeruðum. Nefndin var búin að ræða till. og hafði hana til skrifaða, þegar þessi till. kom fram, og sá hún þá enga ástæðu til að koma með aðra till. um sama efni. Eigi að síður er þessi till. nokkuð á annan veg en nefndin hafði ætlað sjer, þó að aðaldrættirnir sjeu þeir sömu. Það hefir vakað fyrir flm. (E. E.) hið sama og fyrir nefndinni, að nauðsyn bæri til að bæta úr þeirri hnignun ullariðnaðarins hjer á landi, sem hann er kominn í, og reyna að efla hann og auka aftur eftir föngum. Það er tilfinnanlegt og ekki álitlegt, að við skulum kaupa mestöll fataefni okkar dýru verði frá útlöndum, en selja

svo ullina út úr landinu fyrir smánarverð. En sem betur fer er nú komin hreyfing um alt land til að reyna að kippa þessu í lag. En þá eru þröskuldir, sem komast þarf yfir, og eru þeir misháir. Jeg held, að fyrst og fremst sje sú leið tiltækilegust, að komast yfir lægsta þröskuldinn. Að því stefna líka heimilisiðnaðarfjelög og vefnaðarnámsskeið, sem stofnuð hafa verið hjer á landi, að efla heimilisiðnaðinn sem undirstöðuatriði. Til þess að styrkja hann hefir hv. flm. (E. E.) bent á það, að spunavjelar gætu komið til greina og þá einnig prjónavjelar.

Tillaga landbúnaðarnefndar stefndi að því að auka heimilisiðnaðinn og jafnframt koma upp klæðaverksmiðjum, er unnið gætu utanyfirfataefni nægileg handa landsmönnum.

En nú gengur sú alda yfir hjer á landi, að menn geta ekki notað neitt heimaunnið í utanyfirföt, þykir það ekki nógu „fínt". Það vakti fyrir nefndinni, að viðráðanlegast, vegna kostnaðar, og álitlegast til flýtis heimavinnu væri að koma upp vjelum til að kemba ull og koma henni í lopa, og svo tækju við af þeim vjelum spuna- og prjónavjelar. Með því móti væri stefnt að því marki, að losna við nærfata- og millifatakaup frá útlöndum, og eins plagga.

Hins vegar er vinna nú svo dýr, að ekki borgar sig að taka kaupafólk til þess að vinna með handafla einum að ullarvinnu. Aftur á móti er fólk víða svo fátt, að það kemst ekki yfir mikla ullarvinnu auk venjulegra heimilisstarfa. Þess vegna þarf smærri vjelar til að ljetta og flýta vinnu vorri.

Kembi- og lopavélar eru á Halldórsstöðum í Þingeyjarsýslu, og hafa gefist vel. Einnig er þar fundin upp handspunavjel, sem virðist álitlegur vegur til flýtis heimavinnu ullar.

Jeg er nýbúinn að fá skeyti af Seyðisfirði um það, að þar sje stofnað undirbúningsfjelag til þess að koma þar upp klæðaverksmiðju. Það sýnir, að þó að getuna vanti ef til vill, þá vantar ekki viljann, og er það straks spor í rjetta átt.

Af því, sem jeg hefi nú tekið fram, sjest, að landbúnaðarnefnd hugsaði sjer þessar rannsóknir ekki eins víðtækar nú þegar eins og hv. flm. till. (E. E.). Taldi nefndin mega bíða þau atriði þessara rannsókna, sem ekki væri líklegt, að gætu komist í framkvæmd fyrst um sinn, svo sem stofnun sútunarverksmiðju og svo fullkominna klæðaverksmiðja, að hægt væri að vinna alla íslenska ull þar. Enda mundi ómögulegt að framkvæma það, sem till. innibindur, nema á mörgum árum. (**E. E.**: Jeg tók það fram).

Jeg undirstrika það, að við verðum að byrja neðan frá heimilisvinnu og halda svo áfram til víðtækari starfa, uns aðaltakmarkinu er náð, að vinna úr okkar eigin ull allan þann fatnað, er landsmenn þurfa.

Jeg vil ekki gera neina tillögu um, hvort málinu skuli vísað til landbn. eða ekki, af því, að jeg á þar sæti, en af því, að nefndin hafði líka till. á prjónunum, bjóst jeg við, að henni mundi verða vísað til hennar. Hins vegar fylgja till. útgjöld fyrir ríkissjóð, ef hún verður samþ., og þykir þess vegna ef til vill tiltækilegra að vísa henni til fjárveitinganefndar. En landbn. mun eigi að síður athuga hana og gera brtt., sem henni þættu má ske betur fara.

Pjetur Ottesen: Jeg vil gera það að

tillögu minni, að máli þessu verði vísað til landbúnaðarnefndar og það því fremur, sem mjer er einmitt kunnugt um, að hún hefir till. á prjónunum, sem fer í svipaða átt. Færi best á því að sameina þær báðar og að það kæmi skýrt fram í till. nefndarinnar, hvað sitja ætti í fyrirrúmi um rannsóknir. Það er vitanlega nauðsynlegt að athuga og rannsaka öll þessi atriði, en svo verður að haga þessu, að rannsókn og undirbúningur nái fyrst til þess, er fyrst má að gagni verða.

Tillögu þessa, sem hefir í för með sjer fjárútlát úr ríkissjóði, verður að sjálfsögðu að bera undir fjárveitinganefnd og fá álit hennar um þá hlið málsins.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Jeg gerði líka ráð fyrir því, að till. yrði vísað til nefndar, og þá landbn. Fjárhagsatriðið gæti jöfnum höndum komið til athugunar hjá fjárveitinganefnd.

ATKVGR.

Till. vísað til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1657) með 17 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 64. fundi í Nd., laugardaginn 7. maí, var framhaldið fyrri umr. um till. (A. 393, 409, n. 509).

Frsm. (Björn Hallsson): Jeg hefi fengið hálfgerð skilaboð frá hæstv. forseta (B. Sv.), að hann muni láta þessa tillögu koma til umræðu í kvöld, þótt áliðið sje, ef jeg og hv. flm. (E. E.) verðum stuttorðir, vegna þess, hvað orðið er framorðið og menn orðnir þreyttir af langri fundarsetu.

Jeg þykist ekki hafa stutt að því að teygja lopann, eins og sumir hv. þm. í dag, og þykist því ekki þurfa að biðja velvirðingar á því, þótt jeg tali í fjórðung stundar eða svo.

Nál. landbn. tekur flest fram af því, sem þörf er á að segja fyrir nefndarinnar hönd. Það, sem nefndinni og hv. flm. till. (E. E.) ber sjerstaklega á milli, er það, að nefndinni þótti hann ekki leggja mesta áherslu á það, sem hún telur meginatriðið í þessu máli.

Jeg þarf ekki að lýsa ástandi heimilisiðnaðar eða ullar hjer á landi eins og hann er nú kominn, því að flestir þekkja það mál og vita, að hann er svo að segja kominn í kaldakol. Í því sambandi get jeg bent á, að það er ekki lengra síðan heldur en t. d. þegar jeg var unglingur, að allur klæðnaður var unninn á sveitaheimilum hjer á landi, jafnvel yfirfrakkar. Nú má það kallast undantekning, að heimaunnin utanyfirföt sjáist, því jafnvel nærföt eru keypt frá útlöndum. Innlendu verksmiðjurnar geta ekki nálægt því fullnægt þörfinni.

Þessu valda breyttir tímar, dýr og ónógur vinnukraftur o. fl. Fólkinu hefir fækkað að mun í sveitunum og fólkshald orðið svo dýrt, að ekki borgar sig að láta vinna tóvinnu með handafla. Það minnast margir þess gamla og góða siðar, þegar fólkið sat við vinnu á kvöldin í baðstofunum og einn skemti með sögulestri eða kvað rímur. Það er dálítið gert að þessu enn, en það er miklu minna. Þessi siður vann tvennt eða fleira í einu, fólkið vann með meiri áhuga verk sitt og það fræddist og skemti sjer við það, sem lesið var. Að þessi siður er lagður niður, er nokkuð að kenna breyttum húsakynnum. Nú er víða bygt eitt hús í stað allra bæjarhúsa, og mörg herbergi víðast komin í stað baðstofunnar. Það er ekki svo að

skilja, að jeg vilji lasta þá breytingu; hún er óneitanlega til bóta í heilbrigðisáttina, þótt gölluð sje.

Karlmenn eru nú orðnir fáir á heimilunum og hafa því nóg að starfa úti, við gegningar gripa. Verða þeir því fegnir að hvíla sig á kvöldin, þegar þeir koma frá útiverkum. Dregur það úr tóvinnunni. Kvennfólkið er líka fátt og hefir nóg búsverka að vinna og getur ekki snúist við tóvinnu að miklum mun. Og ekki svarar kostnaði að kaupa fólk til þessara starfa. Niðurstaðan verður þá sú, að ullin er send utan og seld litlu verði, stundum hrakverði, en í staðinn kaupa menn frá útlöndum nærföt og utanyfirföt dýru verði. Það er líka orðin tíska, að ekki þykir nógu fínt að ganga í heimaunnum utanyfirfötum. Það þarf að fá það utanlands frá og er oft úr öðru efni en ull, sem þykir þá fylgja betur tískunni.

Nú er þó vöknuð alda í þá átt að efla heimilisiðnað. Má þar fyrst og fremst nefna stofnun heimilisiðnaðarfjelagsins. Hefir þessi hreyfing það aðallega fyrir augum að draga úr kaupum frá útlöndum og nota það, er vinna má í landinu sjálfu.

Þá vil jeg drepa á till. á þskj. 393 og brtt. nefndarinnar við hana.

Nefndinni virðist tiltækilegast að byrja með því að leggja áherslu á að útvega vjelar til hjálpar heimilisiðnaðinum. Sú undirstaða mun verða viðráðanlegust, að því er kostnað snertir. Nú eru víða komnar prjónavjelar og er þeim nokkuð að fjölga. Sömuleiðis er nýfundin upp álitleg spunavjel. Þyrfti að kosta kapps um að útvega og útbreiða þessar vjelar og koma sem víðast upp kembi- og lopavjelum, til þess að lyfta undir heimilisiðnaðinn.

Nú er lítið unnið að dúkavefnaði í vefstólum. Telur nefndin nauðsynlegt að auka þann iðnað og álítur, að námsskeið út um land hafi góð áhrif, og þarf þá líka að útvega góða vefstóla. Með því er hægt að spara kaup á ýmsu, svo sem borðdúkum, handklæðum, rúmteppum, gluggatjöldum, milliskyrtuefnum o. fl. En auðvitað þarf ef til vill að kaupa eitthvað af tvisti til þess að hafa með bandi í sumt af þessu. En það er þá samt unnið í landinu. Ekkert af þessu er svo óviðráðanlega dýrt, að ekki megi ráðast í það, þótt fjárkröggur sjeu.

Þá vill nefndin leggja áherslu á, að stofnaðar sjeu klæðaverksmiðjur, sem framleiði voðir handa landsmönnum. Þær mundu auðvitað kosta mikið. Þarf nákvæma rannsókn áður en ráðist verður í stofnun þeirra. Það verður að fara eftir aðstöðu, hvort þær verða hafðar fleiri og minni eða fáar og stórar. Er þó venjulega ódýrara að leggja í eitt stórt fyrirtæki heldur en mörg smá, sem framleiða jafnmikið. Við höfum hvorki viljað binda verksmiðjurnar við landsfjórðunga eða tölu. Verður það að fara eftir því, hvað hagkvæmast reynist við rannsóknina.

Þá leggur nefndin til, að mönnum verði veittur utanfararstyrkur til þess að kynnast meðferð vjela og þess háttar. Ætlast er til, að kostnaðurinn við það og rannsóknirnar verði veittur úr ríkissjóði, eins flm. till. (E. E.) leggur til. Álítum við rjett, að utanfararstyrkurinn sje veittur þeim hjeruðum eða tóvinnufjelögum, sem reka verksmiðjurnar, og teljum tryggara, að hann verði veittur hæfum mönnum, ef fjelögin ráða yfir honum heldur en hæstv. stjórn, sem ekki þekkir umsækjendur.

Hins vegar getum við ekki fylgt hv. flm. till. (E. E.) í því að vilja láta nú

þegar fara að rannsaka eða hrinda af stað sútunarverksmiðjum til skinnasútunar eða klæðaverksmiðjum, sem framleiði dúka úr allri íslenskri ull. Við álítum, að þetta yrði svo dýrt, að rjettara sje að fresta rannsókn á því fyrst um sinn, meðan fjárhagurinn er eins erfiður og hann nú er og má búast við, að hann verði fyrst um sinn. Hins vegar kostar slík rannsókn eflaust talsvert fje, og virðist rjett að leggja ekki í hana nú þegar, þar sem fje er ekki fyrir hendi til framkvæmda, og er þá líka rjettara að spara rannsóknarkostnaðinn í bráðina. En okkur kemur ekki til hugar að neita þýðingu þessa iðnaðar; það er eflaust framtíðar- og framfaramál. En það má heita gott, eins og nú er ástatt, ef ríkið getur komið nokkru verulegu til leiðar á þeim grundvelli, sem nefndin hefir bent á í áliti sínu og tillögum.

Það má benda á það, að ekki er ólíklegt, að samvinnufjelögin og kaupmenn vilji vinna eitthvað að endurbótum á verkun húða og skinna, sem þeir hafa á boðstólum. Ætti það að vera áhugamál þeirra, að þær vörur gengju sem hæstu verði.

Ekki fanst nefndinni tiltækilegt, að ráðist sje í sameiginlegan ullarþvott að svo komnu máli. Mundi vera erfitt að koma slíkum stöðvum á víða vegna strjálbýlis, og verksmiðjurnar þvo líka ullina, sem til þeirra er send. Í það minsta þarf að rannsaka vel, hvort ullin muni hækka að mun í verði á erlendum markaði við bættan þvott.

Hins vegar er líklegast eitt haldbesta ráðið til þess að bæta ullina það, að bæta fjárkynið og meðferð fjárins með því að rækta þelþykkra og ullarbetra fje.

Það er engum blöðum um það að fletta, að aukin ullarvinna að mun innanlands er eitt af allra þýðingarmestu málum vorum. Ber því að vinna að því máli með alvöru og af alefli. Nú er ullin í hrakverði, en rándýr útlend vara og verri keypt í staðinn. Sæi jeg lítið eftir eftir því, þó að silkidruslunum fækkaði dálítið í búðunum og haldgóð ullarföt kæmu í staðinn. En stúlkurnar eru líklega ekki allar þar á mínu máli.

Jeg er nú búinn að taka flest fram fyrir hönd nefndarinnar og ætla ekki að bæta meiru við fyr en hv. flm. (E. E.) hefir talað.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg stend upp einungis til þess að láta í ljós þakklæti mitt til hv. flm. till. (E. E.) og hv. landbúnaðarnefndar.

Það er sárt til þess að vita, að þetta mikilsverða mál skyldi ekki vera komið lengra á leið áður en fjárkreppan fór að þrengja að. Stjórnin hefir síðan hvorki haft tíma nje fje til þess að sinna málinu. Þó var vakið máls á því á aukaþinginu í fyrra.

Jeg er þakklátur hv. nefnd fyrir að leggja aðaláhersluna á heimilisiðnaðinn, því að jeg hygg, að ef hægt er að efla hann, muni það reynast drýgst og útlátaminst. Jeg get borið vitni um það, að það, sem eftir eimir af tóvinnu um miðbik Þingeyjarsýslu, er mikið að þakka tóvinnuvjelunum á Halldórsstöðum og því, að náðst hefir til vjelanna á Akureyri. Það er víst um það, að ef kembingarvjelar væru til víða á landinu, mundi það lyfta mjög undir heimilisiðnaðinn, með því að losa heimilin við kembinguna, því nú komast þau ekki yfir það fyrir fólksfæð og of miklum kostnaði við fólkshald.

Þá er líka nauðsynlegt að koma upp spunavjelum á heimilunum, eins og nefndin ráðgerir. Þess ber að geta, að

heimilisiðnaðarfjelagið hefir gert mikið til þess að hrinda af stað þessu máli.

Jeg hallast að brtt. hv. landbn. Og þó að skinnaverkunin þurfi líka að takast með og það sje bágt til þess að vita, að meðferð á skinnum hefir alls ekki batnað, heldur jafnvel þvert á móti á síðustu 50—60 árum, þá mundi það verða frekar verkefni fyrir einstaka menn eða fjelög að koma upp skinnasútunartækjum. Þess vegna held jeg, að tóskapurinn verði að sitja fyrir. Jeg hygg, að sútunarverksmiðjur komist ekki á fót fyrir ríkisstuðning einan. Jeg get bent á það, að Samband íslenskra samvinnufjelaga hefir haft það mál talsvert í huga, en ekki getað enn aðhafst neitt vegna fjárkreppunnar.

Þó að þetta sje mikilsvert, þá verð jeg að telja ullariðnaðinn mikilsverðari. Var jeg yfirleitt svo samþykkur hv. frsm. (B. H.), að mjer fanst flest, sem hann sagði, eins og talað frá mínu eigin brjósti.

Eiríkur Einarsson: Vegna þess, hve áliðið er dagsins og þingfundurinn orðinn langur, skal jeg flýta máli mínu, enda þótt það, sem hjer er til umræðu, verðskuldaði það, að því væri helgaður lengri tími en flest annað, er hjer verður til málalenginga.

Hv. landbúnaðarnefnd, er hefir haft till. mína til álita, reiðir hátt til höggs, en allar breytingar hennar falla að mestu í sama farið og verða endurtekning á tillögum mínum, með öðrum orðum og nokkrum úrfellum, er gera það að verkum, að till. verður veigaminni og lítilsigldari.

Þó eru nokkrar af brtt. nefndarinnar, er jeg tel fremur til bóta, svo sem það, að hún leggur til, að ungum og efnilegum mönnum verði veittur utanfararstyrkur eftir því, sem óskað kann að verða heiman úr þeim hjeruðum, þar sem um ullariðnað er að ræða, en í minni till. er þetta ekki sjerstaklega tekið fram, heldur einungis gert ráð fyrir utanfararstyrk handa efnilegum mönnum í þessu skyni, en vitanlega var þar undirskilið, að slíkt færi fram á eðlilegan hátt, í þágu og þá eftir tillögum úr þeim hjeruðum, er hefðu málið á prjónunum til framkvæmda. En það er ekki nema til bóta, að slíkt sje skýrt tekið fram.

Á hinn bóginn byggir landbn. í lausu lofti, er hún í þessu sambandi talar um tóvinnufjelög, eins og þau væru til, en gerir engar tillögur um, hvernig þau skuli stofnuð, en að mínu áliti er það höfuðatriði, er heyrir til nauðsynlegum undirbúningi málsins, sem ræðir um í 6. lið till. minnar, er nefndin vill, að falli í burtu án þess, að nokkuð komi í staðinn. Þetta tel jeg misráðið af nefndinni. Ef alt á ekki að lenda í handaskolum, er einmitt nauðsynlegt, að hjeruðum, er hafa áhuga fyrir ullariðnaðarmálinu, sje sem allra best leiðbeint um fjelagsstofnanir og fyrirkomulag, eins og jeg hefi fyr bent á. Við höfum of mörg dæmi fyrir okkur til þess að sjá ekki, hvað það þýðir að flaustra til fyrirhyggjulausra fjelagsstofnana, þar sem alveg er undir hælinn lagt, hvort nokkur ber skyn á málið, þeirra, er þar eiga hlut að. Er því nauðsynlegt, að stjórnin, með þeirri aðstoð, sem henni er hagkvæmust, sje til ráðuneytis frá öndverðu um stofnun tóvinnufjelaganna, bæði að því, er snertir eignarfyrirkomulag, og að öðru leyti. Í nágrannalöndum okkar, svo sem Noregi og Danmörku, er einmitt leitað slíks ráðuneytis þegar stofnuð eru iðnaðarfyrirtæki, annaðhvort til einskonar stjórnarskrif-

stofu, eins og Norðmenn hafa til leiðbeiningar í Kristjaníu, eða þá að iðnfjelög beitast fyrir þvílíku, eins og á sjer stað í Danmörku. Vildi jeg því, einkum að því, er þessi undirbúningsatriði snertir, koma tillögunni aftur í það horf, er hún hafði frá minni hendi. Það brýtur ekki í bága við það, að hlutaðeigandi hjerað hugsi sjálft fyrir fjáröflun, þótt það njóti leiðbeiningar.

Nefndin vill láta sútunar- og skinnaverkunarrannsóknir falla niður. Læt jeg mig það litlu máli skifta, því þess hefi jeg áður getið, að slíkar framkvæmdir mundu eiga lengra í land en ullariðnaðurinn, þótt það mál sje einnig merkilegt og verðskuldi rannsókn fyr en síðar.

Nokkur atriði í tillögu minni hefir hv. landbúnaðarnefnd alveg misskilið. Hún vill takmarka klæðaverksmiðjurannsóknirnar við klæðaþörf landsmanna, en horfir í kostnaðinn, ef athugað væri, hve miklar vjelar og verksmiðjutæki þyrfti til að vinna úr allri ull í landinu. Nefndin gáir þess ekki, að þegar undirbúningur og rannsókn þessa tóvinnumáls er komin á rekspöl, þá skiftir minstu, hvað kostnað snertir, hvort miðað yrði við meiri eða minni ull í væntanlegri skýrslu um rannsóknirnar. Þesskonar yrði hægt að finna reikningslega, úr því grundvöllurinn er fundinn. Þessi breyting nefndarinnar gerir því svo sem hvorki til nje frá, en sýnir, að hún misskilur málið. Eða heldur hún, að í rannsóknaryfirliti felist skuldbinding eða einskonar kvöð um, að alt þetta komist strax í framkvæmd?

Nefndin er á sama máli og jeg um það, á hverju eigi að byrja. Í 5. lið till. minnar er einmitt gert ráð fyrir, að rannsóknum skuli flýtt og sjeð um, að þær verði glöggar og ítarlegar í stærstu framleiðsluhjeruðum landsins, og jafnframt skuli annarsstaðar stuðla að því, að smærri vjelum til kembingar o. fl., sem eru nauðsynleg undirstaða heimilisiðnaðarins, verði komið á. Það kemur skýrt fram, að hið sama vakir fyrir nefndinni í 1. og 2. tölulið hennar till.; orðalaginu er aðeins breytt, sem einu má gilda, úr því meining málsins raskast ekki.

Jeg hefi því ekkert á móti því, að till. verði samþ. eins og þær komu frá nefndinni, en áskil mjer rjett til að bera fram nokkrar brtt. til annarar umr., svo að till. komist í það horf, er jeg tel þessu merkilega máli best borgið með.

Frsm. (Björn Hallsson): Jeg hafði ætlað mjer að svara flm. till. (E. E.) nokkrum orðum. En með því að áliðið er orðið dags og menn þreyttir af langri fundarsetu, fell jeg frá því í kvöld, en mun gera það seinna. Salurinn er líka orðinn því næst tómur.

ATKVGR.

Brtt. 509,1. 1—4 samþ. með 17 shlj. atkv.

— 509,2. samþ. án atkvgr.

— 509,3. samþ. án atkvgr.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 409 samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 18 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning ullariðnaðar.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var till. tekin til síðari umr. (A. 530, 557).

Frsm. (Björn Hallsson): Jeg sje, að hv. 1. þm. Árn. (E. E.) er ekki í sæti sínu; bjóst við, að hann mundi biðja um orðið fyrst, en úr því svo er ekki, þá vil jeg segja nokkur orð fyrir hönd landbn.

Jeg fjell frá orðinu við fyrri umræðu málsins vegna þess, að þá var orðið áliðið fundartíma. Annars þarf jeg ekki að svara nema fáum atriðum í ræðu hv. 1. þm. Árn. (E. E.), því við vorum í raun rjettri sammála um flest atriðin.

Hann sagði, að það væri að mestu leyti aðeins um orðamun að ræða á till. sinni og breytingum landbn. Er það og rjett að mestu leyti. Nefndin vildi leitast við að færa till. í betri búning að því er orðfæri snerti. En líka er þar um efnisbreytingu að ræða, því að bæði eru feldir liðir úr till. og hún stytt að miklum mun.

Það vakti fyrir landbn., að þegar í fyrsta og öðrum lið till. kæmi það fram, sem mest áherslan átti að liggja á, enda breytti og nefndin till. í samræmi við það.

Þá hefir nefndin felt úr till. ákvæðið um rannsókn á verksmiðjum til að súta skinn og á vjelum, er svo væru fullkomnar, að vinna mætti í þeim alla ull landsmanna, og tók jeg fram ástæðurnar fyrir því við fyrri umr. Vil þó nú endurtaka það, að landbn. leit svo á, að þótt nauðsynlegt væri að koma slíkum verksmiðjum á fót, þá væri slíkt þó ekki hægt fljótlega vegna fjárskorts og fleiri örðugleika.

Hv. flm. till. (E. E.) sagði, að það væri misskilningur hjá landbn., að rannsókn á þessum fullkomnari vjelum mundi kosta mikið fje. Sagði hann, að slíkt væri ekki nema einfalt reikningsdæmi, þegar búið væri að rannsaka, hve miklar vjelar þyrfti til þess að vinna nóg til klæðnaðar öllu landsfólki. Jeg get nú ekki fallist á þetta með hv. flm. (E. E.). Jeg held, að til þess þurfi allvíðtæka rannsókn og að ekki dugi þar eintóm þríliða. Það þarf meðal annars að rannsaka staði fyrir slíkar vjelar, því ekki getur til mála komið, að þær verði allar settar niður á sömu stöðum og hinar vjelarnar. Jeg get því alls ekki á það fallist, að hjer sje um að ræða misskilning af hálfu nefndarinnar.

Landbn. gerði ráð fyrir því, að tóvinnufjelögum yrði veittur styrkur úr ríkissjóði til þess að senda utan unga menn og efnilega til þess að afla sjer þekkingar á tóvinnuvjelum og öðru, er að þeim iðnaði lýtur. Þetta ákvæði sagði hv. flm. (E. E.) að væri sett algerlega út í bláinn, þar sem engin slík tóvinnufjelög væru til. Þetta er að vísu satt, en nefndin leit svo á, að þegar ullariðnaður kæmist hjer á, þá mundu um leið rísa upp fjelög til þess að stunda þann iðnað. Um það er að vísu ekkert ákveðið, hvað slík fjelög skuli heita, en eitthvert nafn varð nefndin að gefa þeim, og sýndist þá rjettast að kalla þau tóvinnufjelög. Sýndist nefndinni rjettara, að styrkurinn væri veittur slíkum fjelögum til umráða, heldur en að stjórnin sjálf úthlutaði honum til styrkþeganna.

Þá taldi hv. flm. (E. E.) það óheppilegt af nefndinni að fella niður sjötta lið till. En sá liður fjallar um það, að þessum rannsóknum skuli flýtt og helst svo, að þeim verði lokið fyrir næsta þing.

Nefndin taldi þennan lið óþarfan vegna þess, að í upphafi till. segir, að þetta skuli gert sem fyrst. Sjötti liður er því aðeins endurtekning, sem mátti og átti að falla niður. Þessi var ástæða

nefndarinnar, en alls ekki sú, að hún vildi ekki flýta þessu máli.

Jeg held, að ekki sje svo fleira, sem jeg þarf að minnast á í ræðu háttv. flm. (E. E.). Okkur bar lítið á milli og sama hugsunin vakti bæði fyrir honum og landbn. í aðaldráttunum.

Jeg skal svo ekki segja fleira um þetta mál, en bíð þess, að hv. flm. (E. E.) minnist á brtt. sínar, og mun þá taka til andsvara, ef að nefndinni er beinst.

Eiríkur Einarsson: Jeg þarf ekki að tala langt mál að þessu sinni, því flest hefir verið tekið fram áður um þetta efni, er máli skiftir. Er það og rjett, sem hv. frsm. (B. H.) hefir tekið fram, að nefndin og jeg erum sammála um aðalatriðin.

Hv. frsm. (B. H.) vildi ekki viðurkenna, að um misskilning væri að ræða hjá nefndinni, að því er snertir rannsókn á hinum stærri verksmiðjum. Um það má náttúrlega deila. En þó get jeg ekki frá því horfið, að í nefndinni hafi þarna gætt nokkurs misskilnings. Ef búið er að reikna út, hvað miklar vjelar þurfi til þess að vinna ákveðinn þunga af ull, þá ætti það ekki að vera nema einfalt reikningsdæmi, hversu miklum vjelum þurfi að bæta við til þess að vinna úr t. d. helmingi meiri ull. Jeg legg ekkert kapp á, að rannsakaðir sjeu nú staðir og stæði fyrir slíkar verksmiðjur, enda liggur það ekki í minni till.

Þá mintist hv. frsm. (B. H.) á tóvinnufjelögin. Jeg mun nú ekki hafa sagt, að nefndin hafi sett þetta ákvæði alveg út í bláinn, en hitt mun jeg sagt hafa, að grundvöllinn vantaði. Meinti jeg með því, að meðan slík fjelög væru ekki komin á fót, þá væri allsendis óákveðið, hvert þessi styrkur ætti að renna. Þó geri jeg ekki mikið úr þessu, því ekki er jeg í vafa um, að hvirfing bænda mundi að þessum iðnaði standa, þótt ekki mynduðu þeir sjerstök fjelög nú þegar, og gæti þá til þeirra runnið styrkurinn. Get jeg því látið mjer lynda, að í till. standi tóvinnufjelög.

Þá sný jeg mjer að brtt. mínum. Er þá fyrst, að jeg hefi bætt við 2. lið: „Skal þeim rannsóknum einkum flýtt og vandað til þeirra í hinum stærstu framleiðsluhjeruðum, er óska undirbúnings og hafa áhuga fyrir málinu."

Er þetta sett inn í þeim tilgangi að flýta fyrir „praktiskum" framgangi málsins.

En jeg vil geta þess, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að það er alls ekki meiningin, að meir sje metinn undirbúningur til klæðavinnu en tóvinnu að öðru leyti. Það hefir mjer ekki dottið í hug.

Önnur brtt. mín er viðbót við 3. lið, á þessa leið: „þar á meðal hvernig fjáröflun til fyrirtækjanna og eignarfyrirkomulagi þeirra verði best hagað."

Jeg álít, að eins og till. er nú komið, þá felist þetta ekki beint í henni, og mjer finst, að það verði aldrei of vandlega athugað, hvernig skipulagi og fjárhag slíkra stórfyrirtækja skuli hagað frá byrjun. Sýnist mjer og ekki liggja nær að leita til annara en hæstv. stjórnar í þessu efni.

Jeg skal svo ekki eyða fleiri orðum um þetta, en vona, að hv. deild samþ. brtt. mínar og hv. landbn. sjái, að þær eru í samræmi við tilgang bæði minn og hennar.

Frsm. (Björn Hallsson): Það er að vísu ekki mikið, sem ber á milli, en þó dálítið.

Jeg get ekki fallist á, að um misskilning sje að ræða hjá nefndinni; held, að hans megi fremur leita hjá hv. flm. (E. E.). Það getur ekki orðið auðvelt að reikna, hvað verksmiðjur kosti á ákveðnum stað, án allrar rannsóknar. Hjer liggur því fyrir nýtt rannsóknarefni, er mun kosta allmikið fje.

Þá vil jeg aðeins minnast á brtt. á þskj. 557. Hv. frsm. (E. E.) tók það að vísu fram um fyrri brtt., sem á við 2. lið till., að hann ætlaðist ekki til, að rannsókn stærri vjela sitji í fyrirrúmi fyrir hinum smærri. En við framkvæmd málsins mun meira verða farið eftir þeim till., sem samþ. hafa verið en eftir umræðunum. Nefndin mun því tæpast geta fallist á þessa fyrri brtt. eins og hún er orðuð, því hún telur einmitt mest um vert, að rannsakaðar verði tóvinnuvjelarnar. Ef brtt. hefði átt við 1. lið till. eða bæði 1. og 2. lið, þá mundi nefndin að líkindum hafa fallist á hana. Á 2. brtt. get jeg fallist fyrir mitt leyti.

Annars vil jeg geta þess, að jeg get hjer ekki skýrt frá afstöðu nefndarinnar til þessara brtt. Hún hefir ekki rætt þær.

Gunnar Sigurðsson: Jeg stend upp til þess að lýsa vanþóknun minni á því, að úr hinni upprunalegu till. skuli hafa verið feld rannsókn á vjelum til sútunar. Jeg býst við, að fyrir hv. landbn. hafi það vakað, að hjer þurfti að kosta nokkru fje til. En þó er jeg hræddur um, að með þessu sparnaðartiltæki hafi nefndin sparað eyrinn til þess að henda krónunni.

Eins og öllum er kunnugt, þá hafa gærur nú fallið afskaplega í verði. En hins vegar er nú í Englandi talsverður markaður fyrir sútaðar sauðargærur. Gæti einnig verið um markað að ræða í Ameríku fyrir slíka vöru. Það munu og ekki heldur vera mjög dýrar vjelar, er til þess þarf að súta sauðskinn. Við nautgripahúðir og þess háttar þarf dýrari tæki. Held jeg því, að nauðsynlegt sje að halda einmitt þessu máli vel vakandi.

Hefi jeg hugsað mjer á næsta þingi að taka þetta mál til nánari íhugunar og hafa þá kynt mjer rækilegar markað erlendis fyrir sútaðar sauðargærur. Er mjer og um það kunnugt, að slíkar vörur má nú flytja til Englands tollfrjálst, og þar eru þær sæmileg markaðsvara. Gærurnar íslensku væru ólíkt þrifalegri og skemtilegri útflutningsvara sútaðar heldur en í salti, eins og nú tíðkast.

Eiríkur Einarsson: Fyrri brtt. mín er fram komin af þeirri ástæðu, að till. eins og hún kemur frá landbn. er þannig orðuð, að um 1. lið er gert ráð fyrir, að rannsóknin fari fram í þeim sýslufjelögum, er æski þess, og er það rjett. En um 2. lið er þetta ekki tekið fram, heldur á sú rannsókn fram að fara hvort sem hjeruðin æskja þess eða eigi, eftir orðalaginu að dæma. Jeg vildi jafna þetta þannig, að sömu væru ákvæðin að því er snertir báða liðina, og sje jeg ekki, að það geti skaðað 1. lið á nokkurn hátt.

Hitt get jeg endurtekið, að jeg er sammála hv. frsm. (B. H.) um það, að lopa- og kembingarverksmiðjur eigi að vera undirstaðan og að þeim verði flýtt sem allra mest. Kostnaðurinn við það að koma þeim á fót ætti að verða minni en við klæðaverksmiðjurnar, og ættu þær því að eiga auðveldara uppdráttar. En klæðaverksmiðjumálið er

ekki síður nauðsynlegt, og margir, sem hafa áhuga fyrir því máli, svo hvorugt má tefja fyrir öðru, eftir því, sem áhugi og efni leyfa framgang þessara nytsemdafyrirtækja.

Frsm. (Björn Hallsson): Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) ljet í ljós vanþóknun sína á því, að landbn. hefði felt úr till. rannsóknina á sútunarverksmiðjum. Það er nokkuð seint, sem þetta kemur fram; hann hefði átt að vera viðstaddur við fyrri umr. og gera þá breytingu á þessu, en nú getur hann ekki gert það. Hann heyrði ekki þær ástæður, sem jeg færði fram fyrir nefndarinnar hönd fyrir þessari breytingu, en hann hefir getið rjett í eyðurnar. Nefndin áleit, að það mundi kosta nokkurt fje, og lagði því til að fresta því, að það kæmi til framkvæmda. Jeg sagði líka við fyrri umr., að líklegt væri og eðlilegt, að samband kaupfjelaganna og ýmsir kaupmenn, sem hefðu áhuga á bættum markaði fyrir þessa vöru, mundu má ske áður langt liði um gera umbætur á verkun þessarar vöru. Svo að það er ekki alveg út í hött, að nefndin kom fram með þetta, og jeg þóttist rökstyðja það nokkurn veginn við fyrri umr. Það hefði verið tækifæri fyrir þennan hv. þm. (Gunn. S.) að koma með brtt. við þessa umr. ef hann hefði hugsað um það, en nú er það of seint, í þessari deild að minsta kosti, ekki fyr þá á næsta þingi, eins og líka hv. þm. (Gunn. S.) var að tala um.

ATKVGR.

Brtt. 557,1. feld með 12 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. J., M. K., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., B. Sv.

nei: J. A. J., J. S., J. Þ., M. P., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., B. H., H. K.

Brtt. 557,2. samþ. með 16 : 2 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 68. fundi í Ed., fimtudaginn 12. maí, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Nd. (A. 578).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. án atkvgr.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 69. fundi í Ed., föstudaginn 13. maí, var till. tekin til f y r r i u m r. (A. 578).

Halldór Steinsson: Jeg hygg, ef till. þessi verður samþ. og stjórnin tekur nokkurt tillit til hennar, að af samþykt hennar leiði meiri kostnaður en menn grunar. Þetta á sjerstaklega við 3. lið till. Jeg get ljeð 1., 2. og 4. lið samþykki mitt, því þeir standa í sambandi við rannsókn fyrirhugaðra tóvinnuvjela, en alt öðru máli er að gegna um 3. lið; hann mundi baka ríkinu svo mikinn kostnað, að jeg sje ekki, að unt sje að samþykja hann. Síðustu setningu liðsins skil jeg ekki. Þar stendur: „Þar á meðal hvernig fjáröflun til fyrirtækjanna og eignarfyrirkomulagi þeirra verður best hagað". Jeg veit ekki, hvernig fjáröflun á að fara fram í sambandi við kostnaðaráætlun um

þetta. Mjer skilst þessi síðasta setning óþörf og fjarstæða.

Jeg vil þess vegna óska, að forseti beri upp hvern lið út af fyrir sig, því jeg get ekki verið með 3. lið, þótt jeg geti samþykt 1., 2. og 4. lið.

Guðmundur Ólafsson: Jeg er óundirbúinn að ræða þetta mál og skal því ekki tala lengi, fremur en minn er vandi. Mjer datt ekki í hug, að deildin hefði neitt við það að athuga, að skorað væri á stjórnina að rannsaka þetta mál, því jeg hefi ekki orðið annars var en að menn hafi talið þetta undanfarið eitt okkar mesta nauðsynjamál. Jeg hefi ekki sjeð neitt sjerstaklega athugavert við orðalag till. og bjóst hálfvegis við, að málinu yrði vísað til nefndar, og þá sennilega landbn.

Hv. þm. Snæf. (H. St.) taldi sig mundu geta samþ. 1., 2. og 4. lið till., en ekki geta greitt 3. lið atkv. Jeg skal ekkert um það fullyrða, hvort 3. liður er jafnnauðsynlegur og hinir, þótt mjer í fljótu bragði virðist svo, og mjer finst ekkert á móti því að samþykkja hann, ef það gæti stuðlað til þess, að mál þetta yrði betur rannsakað og lægi ljósar fyrir í framtíðinni. Hjer eru margir menn, sem fúsir eru til að gera alt, sem unt er, til þess að rækta sálir landsmanna, en mjer finst það óviðkunnanlegt, að þeir sömu menn skuli vera á móti því, sem horfir líkamanum til gagnsmuna, því enn þá fer þó þetta tvent, sál og líkami, saman. Og af því þetta verður nú ekki sundur skilið, þá vildi jeg mega vænta, að þessi till., sem beinist að því að skapa ullariðnað í landinu, og því eingöngu lýtur að hinum líkamlegu þörfum manna, verði samþ. hjer í deildinni.

Sigurður Hjörleifsson Kvaran: Jeg vil sýna till. allan sóma og vísa henni til nefndar, og þá eðlilega, eins og hv. þm. Snæf. (H. St.) stakk upp á, til landbn.

Það er satt, sem hv. þm. Snæf. (H. St.) tók fram, að ef gera ætti margar kostnaðaráætlanir, þá væri samfara því töluverður kostnaður. En jeg býst við, að stjórnin láti ekki gera samskonar áætlanir á mörgum stöðum.

Um 3. lið till. er það að segja, að hann má vel bera upp í tvennu lagi, því að síðari hluti hans er alveg óskyldur hinum fyrri. Jeg vil því leggja til, að málinu sje vísað til landbn., þótt ekki sje um langan tíma að ræða, í þeirri von, að hægt sje að fá umsögn hennar mjög bráðlega.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 14 atkv. og til landbúnaðarnefndar (sjá A. bls. 1652) með 8 shlj. atkv.

Á 73. fundi í Ed., fimtudaginn 19. maí, var till. tekin til s í ð a r i u m r. (A. 578, n. 638).

Frsm. (Sigurður Jónsson): Þótt nál. sje ekki mjög langt, hjelt nefndin, að í því feldist aðalskoðun hennar á málinu. Framsaga er því óþörf. Jeg vil aðeins óska þess, að till. nái fram að ganga.

Halldór Steinsson: Eins og hv. þdm. eflaust muna, gerði jeg nokkrar aths. við till. þessa við fyrri umr. Nú sje jeg, að nefndin hefir ekki getað tekið þær til greina. En jeg verð að halda fast við mína fyrri skoðun og vil því leyfa mjer

að óska þess, að hver liður till. verði borinn undir atkv. fyrir sig.

Forseti (G. B.): Jeg hefi ekkert á móti að verða við tilmælum hv. þm. Snæf. (H. St.), en jeg þarf samþykki hv. deildar til þess, því að þingsköp ákveða, að tillögur til þál. skuli við síðari umr. sæta sömu meðferð og frv. við 3. umr. En ef enginn hv. þdm. mælir á móti, vil jeg telja það samþykt án atkvgr., að atkv. verði greidd um hvern lið till. út af fyrir sig.

ATKVGR.

1. liður till. samþ. með 8 shlj. atkv.
2. liður till. samþ. með 9 shlj. atkv.
3. liður till. feldur með 7 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., K. E., S. E., S. J., E. Á., G. Ó.

nei: H. St., Jóh. Jóh., S. F., B. K., G. G., G. Guðf., G. B.

4. liður till. samþ. með 10 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. til Sþ.

Á 3. fundi í Sþ., fimtudaginn 19. maí, var till. útbýtt eins og hún var samþ. við síðari umr. í Ed. (A. 661).

Á 4. fundi í Sþ., laugardaginn 21. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem

á l y k t u n A l þ i n g i s.

(Sjá A. 685).

B.
Um skipun nefnda.

1. Fossanefnd efri deildar.

Á 5. fundi í Ed., mánudaginn 21. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að íhuga fossamálið (A. 50).

Á 6. fundi í Ed., þriðjudaginn 22. febr., var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á. 7. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. febr., var till. tekin til e i n n a r u m r.

Flm. (Guðmundur Ólafsson): Jeg býst við, að hv. deild sje sammála flm. í því, að nauðsynlegt sje að skipa sjerstaka nefnd til að íhuga fossamálið og að hún sje kosin nú þegar, til þess að hún geti haft samvinnu við fossanefnd Ed. Sú nefnd er skipuð 7 mönnum, og er því sjálfsagt, að þessi hv. deild kjósi 5 manna nefnd.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosning var viðhöfð. Einn listi var borinn fram, með nöfnum 5 manna, eða jafnmargra og kjósa skyldi, og lýsti forseti þá rjett kjörna í nefndina, en þeir voru þessir:

Guðjón Guðlaugsson,
Guðmundur Guðfinnsson,
Hjörtur Snorrason,
Sigurjón Friðjónsson,
Guðmundur Ólafsson.

2. Peningamálanefnd efri deildar.

Á 7. fundi í Ed., miðvikudaginn 23. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að rannsaka orsakir fjárkreppu bankanna m. m. (A. 55).

Á 8. fundi í Ed., fimtudaginn 24. febr., var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 9. fundi í Ed., laugardaginn 26. febr., var till. tekin til einnar umr. (A. 55).

Flm. (Björn Kristjánsson): Eins og hv. deild er kunnugt, hefir nú fjárkreppan staðið í fult ár. Fjárkreppa þessi kom flestum á óvart, sem athugað höfðu fjárhagsaðstöðu bankanna stjórnaldarárin. Slík bankafjárkreppa hefir ekki komið fyrir í bönkum Norðurlanda, jafnvel þótt þau lönd hafi ekki haft helminginn út að flytja á móti því, sem inn var flutt. Menn tóku fjárkreppunni rólega í fyrstu og gerðu sjer vonir um, að úr henni myndi greiðast með haustinu. Og menn styrktust ekki lítið í þessari trú, þegar menn sáu í Morgunblaðinu 25. ágúst 1920 áætlun Landsbankastjórnarinnar um fjárhagshorfurnar, er bankastjóri L. Kaaber skýrir þar frá. Bankinn gerir ráð fyrir, að afurðir landsins sjeu eigi minni en 50—60 miljónir króna, og að bankarnir báðir skuldi í mesta lagi 17 miljónir króna og einstakir menn 7—8 miljónir kr., eða samtals 25 miljónir kr. Vjer hefðum samkvæmt þessu átt að hafa 25—35 miljónir til að flytja út umfram skuldir erlendis. Enn fremur segir bankastjórnin, að í landinu sjeu miklar birgðir af allskonar vörum, t. d. kolum, rúgmjöli, kaffi og vefnaðarvörum, sem sjeu óeyddar, og muni flestar þeirra vera borgaðar.

Hagur landsins var eftir þessu glæsilegur. Reyndar bar þar nokkurn skugga á, þar sem bankastjórnin segir í sömu grein um Íslandsbanka: „En hann hefir enn fremur bundið alt það fje og alt það lánstraust, sem hann hefir getað fengið erlendis, án tillits til þeirrar skyldu, sem hvílir á honum sem seðlabanka, sem er að geta ávalt útvegað verðgildi fyrir seðla sína, danskar krónur.“ Og enn fremur segir bankastjórnin:

„Það þýðir ekkert að loka augunum fyrir þessari staðreynd, já, það er óforsvaranlegt að leitast við að breiða yfir hana lengur.“

Skuggi þessi hvarf alveg úr hugum manna, hann druknaði í stóru tölunum, er jeg hefi nefnt, og því meir fyrir þá sök, að bankastjórinn endurtók þessa áætlun í enskum blöðum, sem skýrt var hjer frá síðar í blöðunum. Menn treystu því, að þessi áætlun væri á rökum bygð. Og loksins styrktist trú manna á þessu við umsögn fjármálaráðherrans um fjármálaástandið, er hann kom úr utanför sinni. En hans álit var bygt á áliti bankanna.

En allir sjá nú orðið, á hve litlum rökum þessir útreikningar bankanna boru bygðir, sem orsakaði, að menn hjeldu áfram að „spekúlera“, að sökkva dýpra og dýpra.

Nú er farið að líða á febrúar, og altaf harðnar fjárkreppa bankanna. Ýmsir kaupmenn ætluðu að sigla með „Íslandi“ síðast, en urðu frá að hverfa, fengu ekkert innflutningsleyfi og enga peninga flutta.

Fjárkreppan er því miklu alvarlegri en menn hafa haldið. Enginn veit neinn botn í henni, sennilega ekki bankarnir sjálfir.

Það er því nauðsynlegt, að þingið geri sjer sem fyrst ljóst, hvað fjárkreppan er umfangsmikil. Fyr en það er sjeð eru engin ráð til að bjarga. Og eins verður þingið að vita um, hvort fjárkreppan stafar af eðlilegum orsökum, sem stjórn bankanna gat ekki sjeð

fyrir, eða ekki er hægt að ætlast til, að þeir sæju fyrir, eða af því, að þeir hafi farið óafsakanlega gálauslega með fjeð. Sje sú raunin á, hvað hefði þá að þýða að fá þeim meira fje í hendur, án frekara eftirlits en verið hefir?

Þess vegna ríður nú á:

1. að grafast fyrir um orsakirnar.
2. að reyna að bæta úr fjárkreppunni, og
3. að reyna að fyrirbyggja, að fjárkreppa komi fyrir aftur af sömu orsökum og þessi.

Að öðru leyti vísa jeg til ástæðnanna fyrir till., sem eiga ekki að merkja annað eða meira en framhald af því, sem jeg hefi áður talað og ritað um bankamálið, utan þings og innan.

Forseti (G. B.): Hjer er komin fram skrifleg brtt. frá hv. þm. Vestm. (K. E.) þess efnis, að í stað 3 manna nefnd skuli koma 5 manna nefnd, og vil jeg nú, með leyfi hæstv. forsætisráðherra, bera það upp fyrir hv. deild, hvort leyfð skuli þau afbrigði frá þingsköpum og brtt. verði borin upp.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþ. um skriflegu brtt. frá þm. Vestm. (K. E.) með 12 shlj. atkv., og sú till. (verður þskj. 65) síðan samþ. með 14 atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 14 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosning var viðhöfð. Forseta barst einn listi, með 5 mönnum á, og voru þeir því sjálfkjörnir í nefndina, en þeir voru þessir:

Sigurður Hjörleifsson Kvaran,
Halldór Steinsson,
Björn Kristjánsson,
Sigurður Eggerz,
Einar Árnason.

3. Viðskiftamálanefnd efri deildar.

Á 10. fundi í Ed., mánudaginn 28. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun viðskiftamálanefndar (A. 68).

Á 11. fundi í Ed., þriðjudaginn 1. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Ed., miðvikudaginn 2. mars, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór Steinsson): Það þýðir ekki að vera margorður um þessa till., en jeg vildi þó í fáum dráttum gera grein fyrir tilgangi hennar.

Eins og kunnugt er, hefir nú um hríð verið mesta ólag á viðskiftahögum vorum. Dýrtíðin kom sem afleiðing styrjaldarinnar, en fyrstu ár stríðsins hjelst verð á innlendri og útlendri vöru nokkurn veginn í hendur. Nú er aftur á móti svo komið, að íslenskar afurðir eru í lágu verði eða því sem næst óseljanlegar, en útlend vara hefir aldrei dýrari verið. Fyrir því hefir orðið þurð á gjaldeyri erlendis. Þessu hugðist stjórnin að bæta úr með innflutningshömlunum. En það er margra manna mál, að þær hafi ekki náð tilgangi sínum. Það gat komið til mála að takmarka innflutning á óþarfavörum, en

takmörkun á innflutningi nauðsynja verður að fara varlega í.

Raddir hafa heyrst um það, að þessar hömlur hafi komið misjafnt niður á kaupsýslumönnum, að ekki hafi verið samræmi í starfi viðskiftanefndarinnar. Jeg skal ekki dæma um það. En oft mun það hafa verið látið ráða um veitingu innflutningsleyfa, hvort landsverslunin þyldi samkepnina eða ekki af nýjum innflutningi. Landsmenn hafa þannig orðið að súpa seyðið af misjafnlega viturlegum ráðstöfunum landsverslunarinnar.

Hjer liggja nú birgðir af dýrum vörum hjá kaupmönnum, en samskonar vörur má fá miklu ódýrari erlendis. Kaupmenn yfirleitt skilja rás viðskiftalífsins og vita, að vörur lækka ef leyfður er innflutningur. Landsverslunin og fáeinir aðrir vilja þó hafa höftin. Vitanlega verður halli á þeim birgðum, sem fyrir eru, ef leyfður er innflutningur. En þá vil jeg spyrja: Hvort er heppilegra, að nokkrir einstaklingar bíði halla, eða að öll þjóðin skaðist meðan seldar eru dýru birgðirnar? Mjer blandast ekki hugur um, að hjer verður þjóðarhagurinn að sitja fyrir hag einstaklinganna.

Um landsverslunina hafa verið ærið misjafnir dómar. Sumir töldu hana nauðsynlega í stríðsbyrjun, og telja hana nauðsynlega enn, og jafnvel heppilegt að hafa hana framvegis. Á þeirri skoðun virðist hæstv. stjórn vera, eftir þeim frv., sem hún hefir lagt fyrir Alþingi. Aðrir líta svo á, að hún hafi verið ónauðsynleg fram til ársins 1916, en átt rjett á sjer úr því til stríðsloka. Eftir lok ófriðarins hafi hún verið óþörf og sje nú meira en óþörf, því með ýmsum sjerrjettindum, sem hún fær, hafi hún lamað viðskiftalíf landsins og aukið viðskiftakreppuna. Þegar menn eru svo ósammála um jafnstórt atriði, þá virðist ekki vanþörf á, að Alþingi rannsaki þetta og yfirvegi. Og svo er til ætlast, að það verði aðalverk nefndarinnar að rannsaka landsverslunina og viðskiftahöftin.

Þess er ekki getið í till., hve marga menn eigi að kjósa í nefndina. Jeg vil leyfa mjer að leggja til, að kosnir verði 5 menn og verði viðhöfð listakosning. Leyfi jeg mjer því að afhenda forseta lista með 5 nöfnum.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg mun ekki tala langt mál um till. þessa. Þó vil jeg ekki láta ósvarað einu atriði í ræðu hv. flm. (H. St.).

Hann sagði, að innflutningsleyfi hefðu ekki verið veitt af því, að landsverslunin hefði ekki þolað samkepnina. Menn munu hafa skilið hann svo, að þetta ætti við um allar þær vörutegundir, sem landsverslunin verslar með, en það eru nær eingöngu kol, rúgmjöl, hveiti og sykur. Um þetta vildi jeg gefa upplýsingar.

Það er satt, að neitað hefir verið um innflutningsleyfi á kolum, nema til fiskiútgerðar. Þetta var gert með ráði landsstjórnarinnar, og ástæður eru þær, að landsverslunin sat uppi með forða, og vildi stjórnin bíða fram til þings og láta þingið skera úr, hvort kolaverslun yrði frjáls framvegis.

Afskifti stjórnarinnar af innflutningi á hveiti og sykri hafa alls ekki verið til þess að hlífa landsversluninni. Þar koma alt aðrar ástæður til greina. Um sykurinn er það að segja, að landsverslunin hafði ráðstafað þeim birgðum, sem hún fjekk í sumar og haust, áður en

verðlækkunin kom, en sá sykur, sem hún fjekk síðast, sýndi sig að þola vel samkepni við þann, sem heildsalar fluttu inn. Landsverslunin þurfti þar engrar hjálpar eða hlífðar. Hins vegar vildi stjórnin, að farið væri sparlega með gjaldeyrinn. Þegar verðfallið byrjaði, komu umsóknir um innflutning á geysimiklu af sykri, og ef alt hefði verið látið frjálst, en á hinn bóginn skömtun á sykrinum, hefði langsamlega óþarflega mikið fje verið bundið í sykri og það á óheppilegum tíma, meðan verðlækkunin var ekki hálfnuð.

Svipað er segja um hveitið. Samkvæmt skömtuninni á að eyðast $^1/_3$ minna hveiti en venjulega og því eigi ástæða til að kaupa jafnmiklar birgðir. Auk þess var stjórninni kunnugt um, að kaupmenn og landsverslun ætla að reyna að fá heilan farm af hveiti frá Ameríku, og þá með betri kjötrum en hægt er að fá hveiti frá Englandi.

Þetta alt getur nú tilvonandi nefnd rannsakað og komist að raun um, hvað hæft er í því, sem þeir bera fram, sem hæst hrópa móti landsverslun. En mig uggir, að þeir eti orð hver eftir öðrum, að órannsökuðu máli. Að minsta kosti mátti sjá á ræðu hv. flm. (H. St.), að hann var ekki kunnugur því, er hann ræddi um, enda var ekki alt satt, sem hann sagði. **(H. St.:** Hvað?). Það var margt. Jeg ætla ekki að eltast við það meira. Hv. nefnd fær tækifæri til að rannsaka það.

Sigurður Jónsson: Þessi deild er fáliðuð og hefir nú þegar skipað tvær aukanefndir. Þykist jeg sjá, að liðskortur muni verða, ef skipa á fleiri aukanefndir. Má ekki vísa þessu máli til bankamálanefndar?

Forseti (G. B.): Á lista þeim, sem mjer hefir verið afhentur, standa nöfn allra sömu manna, sem eru í bankamálanefnd.

Guðjón Guðlaugsson: Þetta mál er nú ekki annað en að skipa nefnd, og virðist þó vera þrætuepli, að minsta kosti í hv. Nd. Jeg tel rjett, að nefndin verði skipuð, ef verða mætti til þess að komast að sannleikanum um landsverslunina og viðskiftamálin.

Jeg heyrði á ræðu hv. flm. (H. St.), að þess var þörf. Hann talaði um, að landsmenn sypu seyðið af landsverslun. Jeg kem þessu nú ekki í mitt höfuð og því síður, sem jeg hefi komist betur í kynni við landsverslunina. Jeg hefi ekki getað fundið þetta beiska seyði, sem landsverslunin á að hafa bruggað landsmönnum. Það er ekki hún, sem skapar dýrtíð í landinu. Það er hún, sem selur vörur með sanngjörnu verði. Það hefi jeg komist að raun um við að hafa hlotið þann heiður að vera skipaður í verðlagsnefnd þessa bæjar, sem síðar hefir náð til alls landsins. Við höfum sent fyrirspurnir um vöruverð víðs vegar um lönd og fengið svör gegnum sendiherra vorn í Kaupmannahöfn. Þegar þetta hefir verið rannsakað, þá hefir það komið í ljós, að landsverslunin hefir jafnan selt með sanngjörnu verði, og verður ekki það sama sagt um allar aðrar verslanir, eftir að hafa borið saman innkaups- og kostnaðarreikninga á aðra hlið og útsöluverðið á hina.

„Þá var mörgu logið", stendur í „Heljarslóðarorustu" Gröndals, og á það fyllilega við um ýmislegt, sem borið var fram við síðustu þingkosningar hjer í Reykjavík, og ekki síst ýms ummæli manna um landsverslunina og svo viðskiftahömlurnar, sem jeg skoða ekki

nema eina hömlu, sem sje viðskiftanefndina.

Það hefir verið tekið fram, og er alveg rjett, að viðskiftanefndin hafi í byrjun haft fullan rjett til þess að hindra innflutning á vörum inn í landið, en nú sjeu slíkar hömlur ónauðsynlegar síðan vörur þessar fóru að lækka erlendis. Jeg er þar á þeirri skoðun, að ekki verði dregin af því sú ályktun.

Verkahringur hennar hefir að vísu þrengst við, að vörur fóru að falla í verði erlendis, en þar fyrir finst mjer órjett að afnema nefndina. Jeg álít, að hún hafi mjög vandasamt starf með höndum. Hún á að ákveða, hvað er nauðsynjavara og hvað ekki, og þeim nauðsynjavörum, sem mikið er til af í landinu, á hún að veita takmarkað innflutningsleyfi á og lækka verð á þeim vörum, sem landsverslunin hefir. Verðlagsnefndin hefir átt mjög örðugt með að ákveða nákvæmt verð á ýmsum nauðsynlegum þurftarvörum, svo sem álnavöru ýmiskonar, fatnaði, skófatnaði o. fl. Því þó að nefndin hafi aflað sjer upplýsinga um það, hvað t. d. fatnaður og skófatnaður kosti á erlendum markaði, þá eru vörugæði og efni þessara vara svo mjög breytilegt, að ókleift er að ákveða verð á þeim eftir þeim upplýsingum. Verðlagsnefndin hefir komist það lengst í þessu efni að fá kaupmenn til þess að sýna kaupreikninga sína yfir þessar vörur og leggja á hæfilegar prósentur eftir þeim.

Þá er ein leiðin til þess að færa niður verðið sú að gefa öllum frjálst leyfi til að flytja inn þær vörur, sem eru að falla í verði erlendis, því jeg er viss um það, að það kemur vöruverðinu best niður.

Hv. flm. (H. St.) sagði, að hagur einstaklingsins eigi að sitja fyrir hag landsverslunarinnar. En ekkert fjelag eða stofnun er til í landinu, sem ekki samanstendur af fleiri eða færri einstaklingum, svo að ekki verður af því dregin nein ályktun um það, hvort hagur almennings er fyrir borð borinn eða ekki. En það er hagur almennings eða neytendanna, sem landsverslunin hefir fyrir augum.

Mjer fanst hv. þm. (H. St.) benda til þess, að viðskiftanefndin og jafnvel stjórnin hafi veitt nokkrum einstaklingum ívilnun með innflutning o. fl. Jeg kannast ekki við, að það sje rjett. Hitt kann að vera rjett, að viðskiftanefndin hafi veitt þessum innflutningsleyfi, en ekki hinum, jafnvel þótt um svipað vörumagn og vörutegundir hafi verið að ræða. Getur og skeð, að annar hafi haft gjaldeyri til reiðu í erlendum banka, og sömuleiðis að annar hafi komið fyr en hinn, svo að þess vegna hafi sá síðarnefndi orðið að sitja á hakanum. Alt þetta verða menn að hafa í huga, þegar þeir dæma um störf viðskiftanefndar og þær misfellur, sem vitanlega altaf verða á starfi slíkrar nefndar. Þær eru mannlegar yfirsjónir, sem henda allar stjórnir og allar nefndir hvar sem er.

Jeg sný mjer svo aftur að landsverslúninni. Það kom fyrir, að verðlagsnefndin setti hámarksverð á rúgmjöl, 60 kr. á tunnuna, fyrst þegar hún byrjaði að starfa. Ekki einn einasti kaupmaður seldi þá rúgmjöl svo lágu verði. Samband íslenskra samvinnufjelaga var langlægst, seldi það á 61 kr. tunnuna. Nefndinni bárust margar kvartanir, og jeg fjekk jafnvel að heyra ónotaorð á götum úti fyrir að hafa sett rúgmjölstunnuna á 60 krónur. Það væri auðsjeð,

að jeg væri hættur að fást við verslun, að jeg skyldi setja verðið á rúgmjölinu svona niður.

Nýlega frjetti jeg svo í gegnum landsverslunina, að verð á rúgmjöli hefði hækkað um 15 kr. tunnan í Kaupmannahöfn. Eftir það seldi þó landsverslunin rúgmjölið á 60 kr. Hún gat þó fengið rúgmjöl með dýrara verðinu og grætt á því. Kaupmenn gerðu annað; þeir geymdu rúgmjölið og settu það svo upp í 76 krónur. Nú hefir rúgmjölið verið sett niður í 74 kr., og er lækkunin frá 76 kr. fólgin í fallandi farmgjaldi. Eftir þetta barst verðlagsnefnd reikningur yfir rúgmjöl frá Kaupmannahöfn, vel sundurliðaður og ítarlegur, og eftir honum kostar rúgmjölið hjer 87 krónur. Verðið var ómögulegt að setja niður, ef fara átti eftir reikningnum. En svo getur manni dottið í hug, að þetta kunni að vera afleiðingar þess, að í Kaupmannahöfn vita menn, að hjer hefir hefir verið skipuð verðlagsnefnd, og því væri vissara að setja innkaupsverð vörunnar nokkuð ríflega.

Nú vil jeg spyrja: Er það þetta, sem landsmenn eru að gera kröfu um? Er það svona verslunarmáti, sem þeir ákalla? Er það vegna hans, sem á að afnema landsverslunina sem óþægilegan keppinaut, og alt eftirlit í þessu efni? Eru menn að hrópa um það að fá að borga 87 kr. fyrir það sama, sem landsverslun selur á 74 kr.?

Jeg heyrði á umr. í Nd. um þessi mál, og þar var það borið fram, að verðlagsnefndin hefði hlíft landsversluninni þegar hún átti mikið af vörum, sem dýrari voru en fáanlegar reyndust hjá kaupmönnum. Verðlagsnefndin hefir ávalt reynt að synda milli skers og báru í þessu efni. Hún hefir altaf sett verðið nokkru hærra, ef um gamlar vörur var að ræða. Og hún hefir líka athugað, hvort hinir ýmsu verslunarstaðir hafi átt kost á að ná í ódýrar vörur af þeim vörutegundum, sem fallið hafa í verði undanfarið.

Þetta vona jeg að hv. nefnd taki til greina, þegar hún fer að athuga þessi mál.

Að landsverslunin hefði lamandi áhrif á viðskiftalífið, þótt hún hefði einkasölu á nokkrum nauðsynjavörutegundum (einokun, sem sumir nefna það, er það alls ekki, því það er ekki einokun, nema okrað sje á vörunni í eiginhagsmunaskyni, en það hefir landsverslunin ekki gert), það fæ jeg ekki skilið. Og að landsverslunin hafi ekki fullan rjett á sjer í frjálsri samkepni við kaupmenn, get jeg ekki heldur fallist á. Hún er og nú ekki annað en heildsali. Hún ef til vill bægir frá nokkrum óþörfum milliliðum, nokkrum svokölluðum heildsölum, sem kalla mætti gorkúlur, er vaxið hafa á þessum viðskiftasorphaug, sem safnast hefir á stríðsárunum. En ætli neytendurnir, þeir, sem borga brúsann, telji hana hafa lamandi áhrif á viðskiftalífið fyrir því? Landsverslunin á að vera stórsöluverslun, sem nemur burtu óþarfa milliliði, og jafnframt svo vönduð í öllu, að óhætt sje að treysta henni og byggja á henni.

Sigurður Eggerz: Jeg ætla ekki að blanda mjer inn í þetta spursmál, sem hjer hefir verið deilt um, um nauðsyn landsverslunar og rekstur hennar undanfarið. Málinu verður vísað til nefndar, og jeg verð í þeirri nefnd, svo þar gefst tækifæri til þess að athuga þau deiluefni. Jeg ætla aðeins að benda á eitt atriði, sem stendur í nánu sambandi við það, sem hjer er rætt um.

Yfirstandandi tímar eru alvarlegir, svo alvarlegir, að ekki er hægt að segja annað en verið sje að skerða lánstraust landsins með því að láta undir höfuð leggjast að afla ríkissjóði fjár. Til þess að sýna, að jeg fer ekki með staðlausa stafi, skal jeg benda hv. samþm. á nokkur dæmi.

Þótt menn sjeu efnaðir, eigi nokkrar eignir og geti staðið í skilum með allar greiðslur sínar, þá geta þeir samt ekki viðhaldið lánstrausti sínu. Því þótt þeir borgi inn í bankana hjer fjárhæðir, sem þeir skulda erlendis, þá geta þeir samt ekki greitt þær skuldir sínar vegna þess, að bankarnir geta ekki yfirfært fjeð fyrir þá. Íslandsbanka hafa t. d. verið sendar miklur innheimtur, sem hafa verið greiddar inn í bankann, en hann getur ekki greitt aftur erlendis. En með hverri slíkri fjárkröfu, sem greidd er hjer í bankana og fæst greidd erlendis aftur, rýrnar lánstraust landsins. Og þetta er að miklu leyti sök stjórnarinnar. Það er hennar sök, ef landið glatar svo lánstrausti sínu, að það verður álitið sem gjaldþrota ríki erlendis.

Mjer er ekki gjarnt á að fara neinar krókaleiðir, og jeg segi það á brjóst stjórninni, sem jeg segi á bak henni og tel aðfinningarvert. Jeg vil sýna hæstv. stjórn fulla sanngirni og ekki ráðast á hana fyrir ýmsar ófyrirsjáanlegar yfirsjónir. En stjórnin verður altaf að sjá, hvað er aðalatriði hlutanna. Og það, sem stjórninni bar fyrst og fremst skylda til, var að bjarga lánstrausti landsins. Jeg sje einungis eina leið til þess að bjarga lánstrausti landsins, og það er lánaleiðin.

Alment er það álitið hjer í bæ, að stjórnin hafi sýnt mikla vanrækslu í því að leitast ekki fyrir um lán í Ameríku meðan gengi peninga þar stóð sem hæst síðastliðið haust. Norðmenn og Danir fengu, eins og kunnugt er, lán í Ameríku á þeim tíma. Og allar líkur má telja til þess, að við hefðum fengið lán með sömu kjörum og þeir, ef leitast hefði verið fyrir um það. Ef þetta lán hefði verið tekið meðan gengi ameríska peninga stóð hátt, þá hefði það bjargað lánstrausti landsins.

Þetta er það, sem mjer sýnist að hæstv. stjórn hafi vanrækt. Nú eru gerðar ýmsar kröfur til þingsins um að bjarga atvinnuvegum landsins, kröfur, sem hafa við full rök að styðjast og nauðsynlegt er að bæta úr. En það vantar fje, peninga, til þess að bæta úr þeim.

Segja má ef til vill, að enn þá megi taka lán, í Ameríku t. d., sje það vilji þingsins. En jeg ímynda mjer, að aðstaðan til þess sje nú erfiðari en áður, og því góða tækifæri slept.

Í framsöguræðu hæstv. fjármálaráðherra, er hann lagði fram fjárlagafrv. í Nd., sje jeg, að hann hefir minst á þetta mál og skift lánum þeim, er ríki venjulega taka, í ýmsa flokka, svo sem eyðslulán, verslunarlán, lán til framkvæmda og „spekúlations"-lán. Jeg held, að þessi flokkaskifting hafi verið alls óþörf til þess að rjettlæta vanrækslu stjórnarinnar í þessu efni. Jeg held, að ef því láni, sem við áttum að taka, verði gefið nafn, yrði hið rjetta nafn þess bjargráðalán, bjargráðalán til þess að forða atvinnuvegum vorum frá hruni og bjarga lánstrausti landsins.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg var því miður ekki inni, þegar hv. 2. landsk. þm. (S. E.) hóf ræðu sína, en jeg heyrði þó, að hann sagði, að lánstraust landsins væri illa komið erlendis. Jeg

get gefið þær upplýsingar, að þegar jeg var utanlands í sumar, í Danmörku og Svíþjóð, var þar ekki álitið, að hagur landsins væri illa kominn. Þar var þá alment álitið, að viðskiftakreppan væri eðlileg rás viðburðanna, sem ekki gengi yfir Ísland eitt, heldur allan heiminn.

Mjer finst það ekki bera vott um velvild til þessa lands að bera út, að lánstraustið sje farið. Utanlands, í Danmörku, er því haldið fram, að ekkert sje að fjárhag landsins, en hjer heima er viss flokkur manna, sem altaf er að stagast á því, að alt sje í kaldakoli.

Annars er undarlegt að halda því fram, að hægt sje að taka lán, ef lánstraustið er farið. Ef svo væri, hver skyldi þá vilja lána?

Að líkja saman lántöku Dana og okkar er rangt. Danir tóku lán til að kaupa land, ef svo mætti að orði komast.

Að taka gengislán, eins og Norðmenn gerðu, er ekki heppilegt. Þeir sjá ekki eftir öðru meir en að þeir skyldu taka þetta lán. Gengið hækkaði þar að vísu í bili, en fjell því meir á eftir, svo það varð lægra en það hafði nokkurn tíma verið áður.

Það er ósköp vel hægt að slá því fram, að stjórnin hefði átt að taka gengislán í landi, þar sem gengið var hátt. En því tók hv. 2. landsk. (S. E.) ekki lán í Englandi eða Ameríku, þegar hann var fjármálaráðherra? Hann tók þá lán í Danmörku. Jeg álasa honum ekki fyrir það, þótt hann álasi mjer fyrir að fara svipað að og hann, í því að taka ekki lán í Englandi eða Ameríku.

Hann tók fram, að bankana vantaði lánstraust erlendis. Þetta getur verið. En Landsbankinn fjekk þó lán hjá viðskiftabanka sínum í haust, eins og hann bað um.

Jeg spurði bankastjóra beggja bankanna í haust, hvort þörf væri á láni. Þeir fóru að reikna út, hvað mundi borgast inn og hverju þyrfti út að svara, og komust að þeirri niðurstöðu, að þess þyrfti ekki. Þá er eftir að athuga, hvort reikningur þeirra var rangur. Það getur verið, að hann hafi verið það, og það reyndist þannig, en það verður að dæma hverja ályktun út frá því,hvernig ástatt er þegar hún er gerð, en ekki eftir því, hvernig síðar verður.

Það er óþarft að ræða þetta mál frekar nú, en jeg tek þetta fram til þess, að eigi skuli standa ómótmælt það, sem hv. 2. landsk. (S. E.) sagði.

Sigurður Eggerz: Hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) sagði, að það væri síður en svo, að lánstraust landsins væri í slæmu lagi. En sje þetta rjett hjá hæstv. fjármálaráðherra, þá er einkennilegt, hvað illa gengur með yfirfærsluna. Jeg veit ekki til, að Íslandsbanki gæti fengið lán hjá viðskiftabanka sínum.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði, að það væri einkennilegt, að einstakir menn rjeðust á lánstraust landsins. En þetta er ekki rjett. Hæstv. fjrh. veit, að það eru ekki menn, heldur atvikin, sem gera það. Þegar erlendir menn geta ekki fengið borgað það, sem þeir eiga hjá landsmönnum, hlýtur lánstraust landsins að minka við það. Það, sem hefir mest áhrif á lánstraust landsins, er, hvernig það fullnægir skuldbindingum sínum, en ekki það, sem sagt er í þingsölunum.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði, að jeg hefði átt að taka lán þau, er jeg tók, í þeim löndum, þar sem gengið var hátt. En fyrst var gengið þá ekki svo mjög hátt, og því næst er það ekki mín skoðun, að rjett sje að taka lán til þess

að vinna á genginu, heldur til þess að varðveita lánstraustið, en taka þá það lán þar, sem gengið væri hæst, svo að hægt væri um leið að græða á genginu.

Þau lán, sem jeg tók, urðu landinu til góðs. Það er ekki rjett, að jeg hafi ekki reynt að taka lánin þar, sem gengið var hátt. Jeg reyndi bæði í Noregi og Svíþjóð, en lánskjörin þar voru óaðgengileg. Þau voru best í Danmörku, og því tók jeg lánin þar.

Jeg bið hæstv. fjrh. (M. G.) að athuga, að meðan jeg var ráðherra hafði fjármálaráðherra aðeins að hugsa um ríkissjóð, og jeg get ekki betur sjeð en jeg hafi sjeð um hag hans. En jeg skal játa, að eftir að núverandi fjármálaráðherra tók við stjórn hefir fjrh. haft enn þá örðugra starf, því þá hefir hann ekki einungis orðið að hugsa um hag ríkissjóðs, heldur allan fjárhag landsins í heild sinni, því hann hefir ekki getað gengið sinn vanalega gang sökum þess, að lánstraustið vantaði erlendis. Þetta atriði átti landsstjórnin ekki að láta hlutlaust. Skylda hennar var að gera eitthvað í því máli. Hæstv. fjrh. (M. G.) vildi yfirfæra þessa sök á bankastjórana. Hann sagðist hafa talað við bankastjórana í Kaupmannahöfn. Það getur ekki hafa verið nema einn bankastjóri Landsbankans. Hvort hann hefir talað við bankastjórnina áður en hann fór, veit jeg ekki; hæstv. fjrh. (M. G.) veit það.

En hins vegar, þótt allir bankastjórar landsins hefðu lokað augunum fyrir því, sem hvert mannsbarn sá, þá átti landsstjórnin ekki að loka augunum. Ummæli bankastjóranna eru engin afsökun fyrir landsstjórnina. Bankastjórarnir eiga ekki að hafa ráð fyrir stjórninni, heldur stjórnin fyrir þeim, því að landsstjórnin er yfir bankastjórunum.

Þetta, að eigi er hægt að yfirfæra, getur orsakað það, að ýms hin þörfustu fyrirtæki í landinu verði að hætta. Jeg veit ekki, hvort það er satt, að sökum vöntunar á yfirfærslu stefni að því, að verslunin muni smám saman flytjast úr höndum innlendra manna til útlendra. Mjer er sagt, að útlend verslunarhús hafi, vegna þess, að þau höfðu gjaldeyri, flutt inn mjög mikið, en innlendir menn hafa orðið að draga saman seglin. Sje þetta satt, þá sjá allir, að það er alvarleg afleiðing af lánstraustsleysinu. Stjórninni finst ef til vill ekki taka því að athuga þetta. En Alþingi er áreiðanlega ekki sömu skoðunar. Það mun sýna það.

Fjármálaráðherra (M. G.): Hv. 2. landsk. þm. (S. E.) sagði, að ef lánstraust væri erlendis, mundi vera hægt að fá yfirfærslur, og sje ekki hægt að fá yfirfærslur, þá sje lánstraustið heldur ekkert. Jeg vil benda á, að það er ekki nóg að hafa traust, heldur verður fje að vera fyrir hendi hjá þeim, sem á að fá lánið hjá. Flestar þjóðir hafa nú nóg með sig. Erfiðleikarnir á yfirfærslunni eru því ekki vottur um vantandi lánstraust, heldur um vantandi fje erlendis til lánveitinga.

Hv. þm. (S. E.) gaf þær upplýsingar, að hann hefði getað fengið lán í Noregi eða Svíþjóð 1919, en að hann hefði ekki tekið þau þar, því að skilyrði þau, sem hann gat fengið lánið með, hefðu ekki verið svo góð sem skyldi. Ætli það sje ekki enn þá svo,að ekki er hægt að binda sig við neitt sjerstakt land, því lönd þau, þar sem gengið er hátt, geta sett

svo erfið lánskjör, að þau sjeu með öllu óaðgengileg, því þeir vita engu síður en við um hið háa gengi. Ameríkumenn hafa nú þegar sýnt þetta með lánskjörum sínum. Jeg neita því ekki, að hv. þm. (S. E.) hafi staðið vel í stöðu sinni, þegar hann var fjármálaráðherra, og sjeð vel fyrir ríkissjóði, og þykist jeg hafa stutt hann til þess. En hvað því viðvíkur, að fjármálaráðherra einn hafi ábyrgð á fjárhag landsins, (**S. E.**: Ekki hann einn, heldur stjórnin öll). Hv. þm. (S. E.) sagði, að fjármálaráðherra einn bæri ábyrgðina. (**S. E.**: Jeg bið afsökunar á því).

Það er rjett, að jeg talaði aðeins við einn bankastjóra Landsbankans. En hann var sendur af bankastjórninni, og þegar hann fær það lán, sem hann biður um, í samræmi við vilja hinna bankastjóranna, þá álít jeg það fullnægjandi.

Hv. þm. (S. E.) hjelt því fram, að jeg hefði átt að skipa bankastjórunum að taka lán. En jeg vil benda á, að stjórnin getur ekki skipað Íslandsbanka að taka lán. Forsætisráðherra hefir að vísu eitt atkv. í bankaráðinu af 7, en stjórnin sem slík hefir engan rjett til að skipa bankanum að taka lán. Jeg tek fyllilega á mig ábyrgðina af því, að landsstjórnin tók ekki sjálf lán.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Aðeins örfá orð, út af orðum, sem fjellu í ræðu hv. 2. landsk. þm. (S. E.), og reyndar einnig hjá öðrum.

Það virtist koma fram sú skoðun, að stjórnin eigi að hafa vit fyrir bankastjórunum. En jeg held, að þar sje til helst til mikils ætlast af stjórninni. Jeg skil eigi, hvernig hægt er að ætlast til, að stjórnin hafi betra vit á bankamálum en bankastjórarnir. Slíkt þekkist ekki í neinu landi. Það þykir sjálfsagt, að stjórnir hafi fremur bankastjórnir aðalbankanna sjer til leiðbeiningar í þeim fjármálum. Þetta vildi jeg taka fram, til þess að vísa á bug þessari kenningu. Það má ekki miða við það ástand, sem nú er komið í ljós, gerðir stjórnarinnar á undanförnum tímum, því að kalla má, að hver einasta vika hafi flutt eitthvað nýtt og áður jafnvel óvænt, nýjar kringumstæður. Það má því ekki ætlast til þess, að menn hafi sjeð það í haust, sem nú sjest að heppilegast hefði verið að gera.

Jeg get ekki annað sjeð en að þessar umr. sjeu á eftir tímanum, því þessi peningamál heyra undir bankanefndina. Nema svo sje, að öll þessi mál heyri undir einu og sömu nefndina, eins og nokkrir hafa haldið fram.

Sigurður Jónsson: Jeg vil aðeins endurtaka þá till. mína, að þessu máli sje vísað til peningamálanefndar.

Flm. (Halldór Steinsson): Það eru orðnar langar umræður, og jeg skal því ekki vera langorður.

Hæstv. atvrh. (P. J.) staðfesti flest það, sem jeg sagði í ræðu minni. Hann kannaðist við, að bannið á innflutningi á kolum væri gert til að sjá um, að landsverslunin yrði ekki fyrir tapi. Og sömuleiðis viðurkendi hann, að bannaður væri innflutningur á hveiti og sykri, en eftir því, sem mjer skildist, ekki vegna landsverslunarinnar, heldur af því, að það væri óþarfavarningur. Þetta er ný kenning, sem hefir ekki heyrst áður. En nú er þetta bann sýnilega gert til að varðveita landsverslunina, því það hveiti, sem nú er hægt að flytja inn, er miklu ódýrara en það, sem hún hefir.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að stjórn-

in ætti ekki upptökin að viðskiftahöftunum. Þetta er rjett og ekki rjett. Þingið gaf heimild til að takmarka innflutning, en ætlaðist til, að það yrði aðeins gert á óþörfum varningi. En það, sem þar er fram yfir, er ekki frá Alþingi.

Hv. 4. landsk. þm. (G. G.) hefir gersamlega misskilið ræðu mína. Hann sagði, að jeg hefði sagt, að viðskiftakreppan stafaði af landsversluninni. Það sagði jeg ekki, heldur hitt, að landsmenn yrðu að súpa seyðið af miður heppilegum ráðstöfunum landsverslunarinnar. Hann vildi ekki viðurkenna þörfina á að afnema hana, og hann nefndi sem dæmi upp á ágæti hennar, að hún hefði selt rúgmjöl lægra verði en aðrir. En þetta er veikt hálmstrá, því það er ekki erfitt að sýna, að einstakir kaupmenn hafa á ýmsum tímum getað selt ódýrara en aðrir.

En eins og jeg sagði, hefir háttv. þm. (G. G.) algerlega misskilið ræðu mína, en tíminn er svo naumur, að jeg get ekki farið að endurtaka hana, og hefi því ekki meira að segja.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. frá 3. landsk. þm. (S. J.) um að skipa þessa nefnd sömu mönnum og þegar eru í peningamálanefnd, þeim:

Sigurði Hjörleifssyni Kvaran,
Halldóri Steinsson,
Birni Kristjánssyni,
Sigurði Eggerz, og
Einari Árnasyni,

var samþ. með 10 shlj. atkv.

4. Viðskiftamálanefnd neðri deildar.

Á 5. fundi í Nd., mánudaginn 21. febr., var útbýtt

Tilllögu til þingsályktunar um skipun viðskiftamálanefndar (A. 51).

Á 6. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 7. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. febr., var till. tekin til einnar umr. (A. 51, 54).

Afbrigði leyfð og samþ. með 20 : 1 atkv. um brtt. 54, er of seint var útbýtt.

Flm. (Jón Þorláksson): Það mun þykja hlýða, að gerð sje stuttlega grein fyrir höfuðástæðum þeim, er við flutningsmenn teljum vera til nefndarskipunar þeirrar, er við förum fram á.

Horfurnar um afkomu atvinnuveganna eru nú sem stendur áhyggjuefni öllum hugsandi mönnum í þessu landi. Eins og kunnugt er, hefir dýrtíð sú, sem stríðinu fylgdi, aukið afskaplega allan framleiðslukostnað, bæði til sjávar og sveita. Verkalaunin hafa, sem vonlegt er, hækkað nokkurn veginn hlutfallslega við hina almennu verðhækkun á nauðsynjavörum, og þau eru meðal stærstu gjaldaliðanna fyrir flestan atvinnurekstur. Efni og áhöld, sem til framleiðslunnar þarf að eyða eða nota, hafa einnig hækkað stórkostlega í verði, sumt af því margfaldast í verði síðan 1914. Þrátt fyrir þetta gat afkoma at-

vinnuveganna orðið þolanleg eða jafnvel góð, meðan verðlag íslenskra afurða hjelst í hendur við hina almennu verðhækkun. En nú er svo komið, að allar íslenskar afurðir eru fallnar mjög í verði, ýmsar jafnvel svo mjög, að nálgast verðlagið, sem var fyrir styrjöldina. Verðlækkun á erlendum nauðsynjavörum er að vísu byrjuð, an af ýmsum ástæðum gætir hennar ekki enn þá hjer á landi svo mjög, að neitt nálgist það, að hún samsvari verðfalli hjerlendu afurðanna. Niðurstaðan af þessu er sú, að hjerlendir atvinnurekendur sjá nú ekki fram á, að atvinnureksturinn geti með nokkru móti borið sig. Það hefir þegar orðið stórkostlegt tjón á síldveiðum í tvö ár, vegna verðfalls afurðanna. Þróttmesta grein sjávarútvegsins, togaraútgerðin, hefir síðasta ár verið rekin með stórtapi yfirleitt. Og nú eru horfurnar fyrir þá atvinnugrein svo svartar, að sem stendur er ekki útlit fyrir annað en að mestöllum eða öllum togaraflotanum verði lagt í lægi um hábjargræðistíma fiskimanna, um sjálfa vetrarvertíðina. Komi þetta fyrir, þá leiðir þar af dæmalaus neyð fyrir landsmenn og hrun á efnahag einstaklinga og tekjum ríkissjóðs.

Eina bjargarvonin virðist vera sú, að dýrtíðinni á erlendum nauðsynjum linni svo, að kostnaður við framleiðsluna geti færst það niður, að hún borgi sig.

Það verkefnið, sem nú kallar brýnast að landsstjórn og Alþingi, er að finna úrræði í þessum vanda atvinnuveganna. Því miður má sjálfsagt með rjettu segja, að litlar vonir sjeu til, að hið háa Alþingi geti fundið þau ráð, sem dugi, af því að misbrestirnir á afkomu atvinnurekstrarins eiga að talsverðu leyti rót sína að rekja til viðskiftalögmála, sem liggja fyrir utan valdsvið löggjafanna. En eins verður skýlaust að krefjast af hinu háa Alþingi, sem sje, að það sjái um, að allar ráðstafanir þær, sem ríkisvaldið gerir um þessi mál, miði að því að greiða fyrir atvinnurekstrinum, en hitt má alls ekki fyrir koma, að gerðar sjeu ráðstafanir því til fyrirstöðu, að tilkostnaður atvinnurekenda lækki svo, að framleiðslan geti borið sig.

Það er nú alment álitið, að viðskiftahömlurnar, og þá sjerstaklega innflutningshömlurnar á nauðsynjavörum, eigi mjög mikinn og beinan þátt í því, að verðlækkun sú, sem orðin er erlendis á ýmsum nauðsynjavörum, er svo lítið komin fram hjer. Menn þykjast sjá það, að skilyrðið fyrir því, að verðið lækki hjer, sje það, að ódýrari vörunum sje leyft að flytjast hingað, þótt birgðir af áður keyptum dýrum vörum kunni að vera hjer fyrir. Auðvitað mundi slíkt innflutningsfrelsi einatt hafa í för með sjer tap fyrir þá kaupsýslumenn, sem hafa gamlar og dýrar birgðir fyrirliggjandi, en neyðast til að lækka verðið þegar ódýrari vara sömu tegundar kemur á markaðinn. En atvinnurekendur og allur almenningur lítur svo á, að betra sje,að nokkrar verslanir verði fyrir tjóni í bili, en að almenn dýrtíð haldist og stöðvi framleiðsluna, og baki þar með eymd og atvinnuskort. Og verslunarstjettin sjálf viðurkennir þetta fullkomlega, með því að hún hefir nú alveg nýskeð nokkurn veginn einróma farið fram á, að innflutningshömlurnar yrðu úr gildi feldar. Okkur flutningsmönnum hefir því þótt nauðsyn til

bera, að þessi hv. þingdeild skipaði nefnd til að rannsaka, hvort, eða þá að hvað miklu leyti, rjett eða forsvaranlegt mundi vera að halda innflutningshöftunum áfram, og við teljum, að Alþingi gæti ekki skyldu sinnar, ef það leiðir það mál hjá sjer.

Með viðskiftahömlunum má telja skömtun þá á sykri og hveiti, sem innleidd var að stjórnarráðstöfun um áramótin. Það er kunnugt, að sú ráðstöfun hefir mikinn kostnað í för með sjer, en um gagnsemi hennar efast menn talsvert alment, eftir því sem nú er komið, og þykir okkur því rjett, að það mál sje einnig athugað í hinni fyrirhuguðu nefnd.

Verslunarrekstur fyrir reikning ríkissjóðs byrjaði hjer á stríðsárunum, og þarf ekki að rekja tildrögin til þess. Allir viðurkenna, að það var óhjákvæmileg bjargarráðstöfun í styrjaldarvandræðunum. En nú virðast mönnum flestar þær ástæður vera horfnar úr heiminum, sem fyrirtæki þetta bygðist á. Við stöndum í því efni á tímamótum stríðs og friðar, og þá verður ekki komist fram hjá þeirri spurningu, hvort eða að hverju leyti þessi stríðsráðstöfun — landsverslunin — eigi að halda áfram sem friðar- og framtíðarráðstöfun. Okkur virðist óhjákvæmilegt, að núverandi Alþingi taki að einhverju leyti ákvörðun um þetta, þó ekki væri vegna annars en þess, að hæstv. stjórn hefir lagt fram 3 lagafrumvörp um landseinkaverslun framvegis, með allmargar vörutegundir. Ekki er þetta þó síður nauðsynlegt vegna þess, hve stórvægilegt stefnumál það er, hvort ríkisstjórnin skuli fást við verslunarrekstur, með öllum þeim afleiðingum, sem slíkt hlýtur að hafa fyrir stjórnarfar landsins og framkvæmdir hins opinbera á öðrum sviðum. Enn er sú ástæða, að menn greinir mjög á um það, hver áhrif landsverslun hafi haft og muni hafa á vöruverð í landinu. Það er álit margra manna, og virðist hafa við nokkur rök að styðjast, að landsverslunin eigi nokkurn veginn jafnan þátt í því og innflutningshöftin að halda uppi dýrtíðinni í landinu, og vík jeg ofurlítið að því síðar.

Loks skal geta þess, að sú landsverslun, sem rekin hefir verið hjer til þessa, hefir verið mjög stórt fyrirtæki á peningamælikvarða, sennilega hið langstærsta, sem landið hefir haft með höndum, en um fjárhagsafkomu þessa fyrirtækis hafa gengið ýmsar sögur og mjög mismunandi. Er í alla staði nauðsynlegt, að Alþingi og landsmenn fái hið rjetta að vita um þessi efni, og því er það tilætlun okkar, að nefndin rannsaki og gefi skýrslu um rekstur landsverslunarinnar.

Loks skal jeg víkja að sambandinu, sem virðist vera milli landsverslunarinnar og innflutningshaftanna. Landsverslunin er rekin fyrir reikning ríkissjóðs og er mikið áhættufyrirtæki, sem raun hefir borið vitni, ekki síst á þeim tímum, þegar vörur eru að falla í verði. Í hvert sinn sem landsverslunin hefir keypt birgðir af vörum, og sú vörutegund síðan fellur í verði, þá rekast á hagsmunir ríkissjóðs annars vegar og almennings hins vegar. Er þá afsakanlegt, þótt landsstjórnin fari nokkuð langt í gæslu hagsmuna ríkissjóðs, enda virðist það vera gert, og til þess notuð innflutningshöftin. Skilorðir menn herma, að viðskiftanefndin, sem veitir eða synjar um öll innflutningsleyfi, hafi fengið tilmæli eða skipun frá ríkisstjórninni um að veita ekki innflutningsleyfi á þremur af þeim vöru-

tegundum, sem landsverslunin verslar með, kolum, hveiti og sykri. Þess vegna fær verðlækkun þessara vörutegunda á erlendum markaði ekki að njóta sín hjer. Það liggur ekki fyrir að þessu sinni að gefa skýrslur um það, hve mikil sú verðlækkun kann að vera, sem vjer förum á mis við vegna innflutningshaftanna og sambands þeirra við landsverslunina, en til þess þó að gefa þessari háttv. þingdeild ofurlitla hugmynd um, hvað hjer getur verið um að ræða, skal jeg bera saman verð á hveiti og sykri, eins og það mundi verða komið á höfn á viðkomustað millilandaskipa utan Reykjavíkur, eftir því, hvort keypt er frá landsversluninni eða frá útlöndum, og á samanburðurinn við verð samkvæmt tilboðum, er fyrir liggja þessa síðustu daga.

Hveiti:

Verð landsverslunar, að viðbættum flutningskostnaði frá Reykjavík, fyrir sekk 63 kg.	kr. 92.00
Verð á sama frá útlöndum, að viðbættum flutningskostnaði	kr. 48.30
Mismunur	kr. 43.70

Neitað hefir verið núna síðustu dagana um innflutningsleyfi á þessu tiltölulega ódýra hveiti.

Sykur (strausykur):

Verð landsverslunar, að viðbættum flutningskostnaði frá Reykjavík, hvert kg.	kr. 1.91
Verð frá útlöndum, að viðbættum flutningskostnaði og tolli, kg.	kr. 1.14
Mismunur	kr. 0.77

Jeg vona, að þetta nægi til þess að sýna hinni hv. deild, að hjer er ekki um neitt smáræði að tefla, heldur stórmál, sem Alþingi getur ekki með nokkru móti leitt hjá sjer, og leyfi mjer því að vænta, að nefndarskipun sú, sem við förum fram á, verði samþykt.

Brtt. á þskj. 54 get jeg ekki aðhylst. Eftir henni mundi öll rannsókn og till. um verslunarrekstur fyrir reikning ríkisins falla fyrir utan verksvið nefndarinnar, að minsta kosti ef formaður nefndarinnar vildi svo vera láta, en um skipun bankamálanefndar hefir verið lögð fram önnur tillaga, sem er ekki til umræðu nú, og munum við flutningsmenn greiða atkvæði með þeirri nefndarskipun, er til kemur.

Sveinn Ólafsson: Við höfum nokkrir þdm. leyft okkur að koma fram með brtt. þá, sem er á þskj. 54, við till. á þskj. 51. Fyrir okkur flm. brtt. vakti það, að við álítum, að aðalverkefni það, sem nefnd þessi ætti að hafa með höndum, væri peningamálin og bankamálin. Verslunarmál ríkisins heyra nánast undir fjárhagsnefnd, og mætti því líta svo á, að nefndarskipun eftir till. á þskj. 51 væri til eftirlits með fjárhagsnefnd, — einskonar yfirnefnd. Okkar till. fer fram á að skipa sjerstaka peningamálanefnd, sem að sjálfsögðu gæti tekið við þeim öðrum viðskiftamálum, er snerta hennar starf og hentara þætti að vísa til hennar en fjárhagsnefndar, sem nú þegar er ofhlaðin störfum.

Hins vegar er tæplega tilgangshæft að skipa tvær nefndir,aðra vegna bankamálanna og hina vegna viðskiftamálanna, ekki síst þegar þess er gætt, að fjárhagsnefnd er nú skipuð fleiri mönnum en venja hefir verið til þessa. Jeg fæ ekki betur sjeð en að taka verði út af

dagskrá 3. og 4. mál, ef brtt. okkar gengur ekki fram. Frestur er þá sjálfsagður með þau mál, því að ætla verður, að till. á þskj. 53 gangi síður fram, ef till. á þskj. 51 verður nú samþykt.

Jeg ætla að þessu sinni ekki að fara út í þær ástæður, sem frsm. (J. Þ.) færði fyrir nauðsyn og haldkvæmi þessarar nefndar; sumt var rjett, sem hann sagði, sumt aftur á móti vafasamt. En eins og jeg þegar hefi tekið fram, þá álít jeg, að verkefni þessarar viðskiftamálanefndar falli eðlilega undir peningamálanefnd þá, sem ráðgerð er á þskj. 54, að því leyti, sem það fellur eigi beint undir fjárhagsnefnd.

Magnús Kristjánsson: Jeg bjóst ekki við, að umr. mundu komast inn á svo breiðan grundvöll, eins og hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir gefið tilefni til, og er því ekki eins undirbúinn og skyldi. En jeg verð þó að leiðrjetta ýmsar rangfærslur og mishermi, sem komu fram í ræðu hans. Hann hjelt því fram, að landsverslunin hefði skapað dýrtíðina, eða fullyrti að minsta kosti, að hún hefði haldið henni við. Þessu verð jeg að mótmæla. Hvort þessi ummæli eru hjer fram komin til þess að endurtaka eina af þessum frægu þingmálafundaræðum frá því á dögunum, læt jeg ósagt. Þm. (J. Þ.) tilfærði ýms dæmi, en þau eru alveg óábyggileg. Ýms fleiri atriði komu fram í ræðu hv. þm. (J. Þ.), sem þyrfti að athuga, en jeg verð þó að fara fljótt yfir sögu.

Jeg vil þá fyrst spyrja hv. þm. (J. Þ.), hvort hann gæti haldið því fram, að landsverslunin hefði haldið uppi verði á steinolíu? Jeg verð að benda hv. þm. (J. Þ.) á það, að sú lækkun á steinolíu, sem nú er fram komin, er að þakka ráðstöfun stjórnarinnar og landsverslunarinnar.

Þá er einnig rúgmjölsverðið hjer í bæ mismunandi. Landsverslunin selur sekkinn á kr. 74.00, en kaupsýslumenn, jeg veit með vissu um einn, á kr. 88.00.

Þá mætti minna á sykurverðið. Það þýðir ekki að halda því fram, að landsverslunin hafi haldið uppi sykurverðinu. Allir heilvita menn vita það, að þetta er alveg öfugt.

Enn fremur má hjer minnast á kolamálið, enda munu ummæli hv. þm. (J. Þ.) helst hafa átt við þau. Þar hefir nú staðið alveg sjerstaklega á oft og einatt. En þegar verkföll eða aðrar slíkar hindranir hafa ekki átt sjer stað, þá hefir full samkepni getað notið sín, og mjer er ekki kunnugt um, að verslanir hafi þó getað selt vörur sínar undir verði landsverslunarinnar. Það má reyna að villa mönnum sýn, og það er eins og hv. þm. (J. Þ.) hafi verið að fikra í kringum það, að einhver mistök hafi átt sjer stað að því er snertir kolaverslunina.

Þegar hv. þm. (J. Þ.) virtist gefa í skyn, að útgerðinni væri hætta búin af ráðstöfun landsstjórnarinnar, átti hann líklega við kolainnflutninginn, því að steinolían hefir þegar verið nefnd, og ráðstöfun stjórnarinnar í því efni var til bóta. Hvað snertir kolaverslunina, þá fullyrði jeg, að landsstjórnin hafi engar tálmanir lagt á veg útgerðarmanna að ná í þessa vöru svo ódýrt sem þeir gætu, nema ef vera skyldi tollur sá, er þingið 1919 lagði á kolin, en hann getur naumast hafa orðið útgerðinni til niðurdreps. Annars verður tækifæri til að ræða þetta mál ítarlegar síðar, og jeg skal nú aðeins minnast stuttlega á vöruverðlag það, sem háttv.

þm. (J. þ.) talaði um. Menn hafa álitið, að heppilegasta leiðin til að afla landinu hveitis væri að fá það frá Ameríku. Nú stóð svo á skipaferðum, að til þess að fá þá vörutegund varð að fá hana síðastliðið haust, enda vissi enginn þá, að verðfall væri í aðsigi. Kaupsýslumönnum stóð til boða að afla sjer þessarar vöru, en þeir vildu ekki. Nú hefir verðlagið breyst síðan, en þar sem engar skipaferðir hafa verið, þá er það eðlilegt, að verðfallsins hefir ekki gætt enn, að því er þessa vörutegund snertir. Kaupmenn hafa haft frjálsræði til að afla sjer þessarar vöru frá Englandi, en reynslan hefir verið sú, að verðið hefir ekki verið lægra, og varan að mun verri. Jeg veit, að hjer í deildinni eru menn, sem geta borið mjer vitni, ef orð mín verða vefengd.

Þá vil jeg aðeins víkja nokkrum orðum að þessum samanburði hv. þm. (J. þ.) á því, hvað mætti fá vöruna fyrir nú. Ummæli hans í þessu efni eru alveg órökstudd. Ýms af þessum tilboðum sem hv. þm. (J. þ.) gat um, eru hreinustu tylliboð, sem hampað er á lofti af þeim, sem vilja afnema viðskifti ríkisins, en hafa ekkert við að styðjast. Þessi tilboð munu reynast ósönn og óábyggileg, þegar á á að herða. Og jeg get ekki annað sagt en að verðfallsins hafi þegar gætt hjer hjá landsversluninni, bæði að því er steinolíu og sykur snertir, og hveiti mun lækka að mun þegar næsti farmur kemur. Annars er ekki ástæða til að fjölyrða um verðið á þeirri vörutegund, því að hún fæst alls ekki sem stendur.

Jeg get ekki annað en fallist á álit hv. þm. S.-M. (Sv. Ó.), að það sje hjákátlegt með allar þessar till. um nefndaskipanir. Viðskiftamál eru ávalt fjárhagsmál, og þar sem nú er sjerstök fjárhagsnefnd í þinginu, þá lítur það aðeins út sem vantraustsyfirlýsing á þeirri nefnd að fara að skipa nýja nefnd. Og þótt nú slík nefnd væri skipuð, þá mundi það lítið breyta ástandinu. Þá nefnd mundu ef til vill sömu menn skipa og nú eiga sæti í fjárhagsnefnd, eða að minsta kosti þá yrði hún skipuð eftir sömu hlutföllum og flokkabrotin eru í þinginu, og því virðist lítill ávinningur í því að kjósa sjerstaka nefnd til þess að fara með samskonar mál. Og hvað aðalástæðu flm. (J. þ.) viðvíkur, að málaumleitun kynni að koma fram, líklega frá útgerðarmönnum, þá er eðlilegast að taka slíka nefndarskipun til athugunar fyrst þegar slík málaumleitun er komin fram.

Jeg ætla þá ekki að segja meira að sinni, þótt hjer liggi fyrir ótæmandi efni, enda er það mín skoðun, að best sje, að þingmenn sjeu sem stuttorðastir, en reyni ekki að teygja lopann sem allra lengst, eins og sumum hv. þm. hættir svo mjög til að gera.

Flm. (Jón Þorláksson): Viðvíkjandi því, hvert eigi að vísa þessu máli, þá hefði mátt vísa því til fjárhagsnefndar, en engin slík tillaga liggur hjer fyrir. Það er vísu satt, að viðskiftamál eru fjárhagsmál, en þau þurfa ekki endilega að vera fjárhagsmál ríkissjóðs.

Jeg hygg, að það hafi annaðhvort verið vond samviska þm. Ak. (M. K.), eða endurminningar hans frá þingmálafundunum, sem knúðu hann til þessarar ræðu sinnar; jeg gaf honum að minsta kosti ekki tilefni, því að jeg veittist ekkert að forstöðumönnum landsverslunarinnar nje að henni sjálfri. Gat aðeins um álit margra um hana, sem mjer sýndist hafa við rök að styðjast, og nefndi nokkrar tölur, máli mínu

til árjettingar, sem jeg veit eigi betur en að sjeu rjettar, enda þótt þm. Ak. (M. Kr.) telji þær ósannaðar. Jeg benti aðeins á í ræðu minni, að hætta væri á því, að árekstur gæti orðið milli hagsmuna ríkissjóðs annars vegar og hagsmuna almennings hins vegar, og til þess að koma í veg fyrir þessa hættu framvegis væri það einfaldasta ráðið að afnema landsverslunina.

Mjer kemur ekki til hugar að neita því, að það geti komið fyrir, að landsverslun geri betri innkaup á vöru en kaupmenn, og selji þá ódýrara þá vörutegund; dæmi þessa eru steinolíukaupin, sem þm. Ak. (M. K.) gat um. Mætti það enda einkennilegt heita, ef landsverslun væri fyrirmunað að gera nokkru sinni betri innkaup en kaupmenn, á þeim tímum, sem alt vöruverð er sífeldum breytingum undirorpið. En einmitt vegna þessa, til að meta kostina og gallana, sem eru við verslunarrekstur ríkisins, er farið fram á það, að nefndin verði skipuð. Og því virðist þessi mótstaða gegn skipun nefndarinnar næsta undarleg, og eigi hægt að skýra hana öðruvísi en svo, að þeir vilji eigi, að málið sje rækilega athugað, þar sem engin till. liggur fyrir, um að vísa málinu til fjárhagsnefndar og brtt. á þskj. 54 eðlilegast ekki skilin svo, að með henni sje verið að reyna að koma því svo fyrir, að málinu verði ekki sint.

Þm. Ak. (M. K.) fullyrti, að landsstjórnin hefði ekki lagt neinar tálmanir fyrir sjávarútveginn, en sje það rjett, að innflutningshöftin haldi uppi dýrtíðinni í landinu, og að þeirra vegna verði bæði kaupgjald og fæðiskostnaður svo tilfinnanlegt, sem það nú er, þá eru ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til tálmunar atvinnuvegunum, og það má aldrei vera.

Það eitt, að skoðanir manna eru skiftar um þetta atriði, er því meir en nóg ástæða til þess, að þetta þýðingarmesta mál, sem Alþingi nú hefir til meðferðar, fari í nefnd til rækilegrar yfirvegunar, og að athugað sje, hvort eigi er fært fyrir ríkisvaldið að gera einhverjar ráðstafanir til viðreisnar og viðhalds atvinnuvegunum.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg ætla ekki að blanda mjer í umr. um nefndarkosninguna, aðeins vil jeg segja örfá orð út af ummælum hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) því viðvíkjandi, að stjórnin hafi bannað viðskiftanefndinni að leyfa innflutning á vissum vörutegundum, sem landsverslunin verslar með. Það er rjett, að stjórnin ljet það í ljós við viðskiftanefndina, að rjett mundi að hamla innflutningi á hveiti og sykri, þar sem ákveðið var, að þessar vörutegundir skyldu skamtaðar.

Um skömtunina skal jeg ekki fjölyrða að þessu sinni, en þess eins má geta, að þegar skömtunin var ákveðin í október síðastliðnum, var verðhlutfallið milli hveitis og rúgs alt annað en það varð síðar, og ástæðurnar til skömtunarinnar þá miklu ríkari en nú. En það er auðsætt, að fyrst um skömtun var að ræða, þá var ekki heppilegt að fá meiri forða af þessum vörutegundum inn í landið en sem svaraði til missiris þarfa, og það því fremur, þegar litið er til gjaldeyrisskortsins og erfiðleika einstakra manna á því að fá vörur keyptar erlendis. Jeg veit, að því er haldið fram, að þessar ráðstafanir stjórnarinnar hafi orðið til að halda við dýr-

tíðinni, en jeg hygg, að það sje eigi rjett. Ef marka má af umsóknum, sem lágu hjá viðskiftanefnd, um sykurinnflutning í nóvember, þá hefði einmitt mikið verið keypt af sykri meðan verðið var lítið fallið. Ráðstafanir stjórnarinnar urðu þessu til hindrunar, og hafa því beinlínis varnað dýrari sykurkaupum. Það er ekki heldur rjett, að þessar ráðstafanir hafi verið gerðar vegna landsverslunarinnar, því að hennar sykri var þá öllum ráðstafað, og sá sykur, sem hún fjekk um áramótin, var með lækkuðu verði, og sykurverðið þá sett niður. Hvað hveitinu viðkemur, þá er hveiti frá Ameríku betra en annarsstaðar að og ekki dýrara, en hins vegar óhjákvæmilegt að safna saman, uns fenginn er heill farmur, ef flutningur á að fást beina leið; enda var Lagarfoss ráðinn til þess að sækja farm vestur í mars. Því er auðsætt, að ekki var heppilegt að leyfa í stórum stíl viðbótarinnflutning af hveiti, þar sem skömtun var líka ákveðin á því. Í stuttu máli: Stjórninni var ljóst, að menn gátu ekki keypt nema takmarkað vegna gjaldeyrisskortsins, og því nauðsynlegt, að ráðstafanir væru gerðar til að aftra því, að fjenu væri varið í annað en það, sem lífsnauðsyn var á, og því mátti ekki láta alt vaða á súðum.

Hvað kolunum viðvíkur, þá skilja það sennilega allir, að stjórnin gerir það ekki sjer til gamans að liggja með þau, og enginn hefir enn dirfst að halda því fram, að það hafi verið rangt gert af stjórninni að útvega kol, þegar tækifærið gafst til að fá vetrarforða og útsjeð var um það, að einstakir menn gátu það ekki, eða að minsta kosti gerðu það ekki, þrátt fyrir það, þó að innflutningur á kolum væri frjáls. Þegar innkaupin á kolum voru gerð, var ómögulegt að fá sigtuð kol, hvorki í Englandi eða Ameríku. Kolin voru ekki heldur aðallega ætluð til fiskiskipa, heldur til eldsneytis fyrir landsmenn, og til vara handa fiskiskipum, ef þeim brygðist sjálfum að afla sjer kola.

Þess verður líka að gæta, að kolabirgðirnar mundu ekki vera miklar nú, ef veturinn hefði eigi verið svona góður. Þegar þessa er gætt, þá sýnist það ekki nema eðlilegt, að hallinn, sem verður á kolakaupunum, komi niður á þeim, sem þau voru gerð fyrir, og þá eðlilegt að leyfa ekki innflutning á kolum fyr en þau eru á þrotum hjá landsversluninni.

Enn má minna á það, að kolin hafa verið færð niður og stjórnin mun leggja það til, að þau verði enn lækkuð svo, að verðið verði líkt á þeim og þeim kolum, sem samtímis er hægt að fá frá Englandi. En fram til þings vildi stjórnin ekki breyta verðinu meira. Að öllu þessu athuguðu sýnist eigi ástæða til að áfellast stjórnina út af afskiftum hennar í kolamálinu og auðsætt, að ráðstafanir hennar voru á engan hátt sjávarútveginum til tjóns, því hann hefir ekkert teljandi þurft að nota landsverslunarkolin.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg mun ekki lengja umr. mikið. Mjer skilst aðeins, að hjer sje verið að stofna til fullmargra nefnda, þar sem bæði er að ræða um fossanefnd, bankamálanefnd, fjárkreppunefnd o. fl., auk fastanefndanna. En hv. þingmenn verða að athuga, að það er gagnslaust að skipa nefndir, sem hafa hvorki tíma til starfa nje húsrúm. Jeg óska því helst eftir, að engar aukanefndir verði skipaðar, en málinu vísað til þeirrar fastanefndar, sem hjer liggur næst, en það er fjárhagsnefnd.

Jeg geri þetta þó ekki að kappsmáli, en vildi aðeins benda á, að þessar aukanefndir geta eigi haft annan tíma en eftir klukkan 9 á kvöldin, eða ef þingfundir standa eigi nema til 2, þá tímann, þar til fastanefndirnar taka til starfa. En það, sem mjer er sjerstaklega ant um, er það, að þessar aukanefndir dragi ekki frá starfi fastanefndanna, en komi aukanefnd, hallast jeg helst að brtt. á þskj. 54.

Að öðru leyti mun jeg láta málið afskiftalaust, en vildi að síðustu aðeins benda hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) á, að það er vafamál, hvort hægt er að segja með rjettu, að hagsmunir ríkissjóðs og almennings rekist á, ef svo vill til, að vara er keypt handa almenningi og hún síðan fellur í verði, svo að annaðhvort verður að selja hana undir verði, eða hærra en sama vara er seld á sama tíma.

Eiríkur Einarsson: Jeg vildi aðeins segja nokkur orð um afstöðu mína til þeirra tveggja nefnda, sem hjer koma til greina.

Það hefir vakað fyrir mjer, sem mörgum öðrum þingmönnum, að nauðsyn bæri til að skipa sjerstaka nefnd, er tæki til rannsóknar og gerði till. um banka- og peningamál landsins, en það eru nú þau mál, sem mest eru vandamál þeirra, sem þingið verður að leita úrlausnar á. Þegar því við, sem þessi nefndarskipun var kappsmál, sáum, að komin var fram hjer í deildinni till. um skipun viðskiftanefndar, ýtti það undir okkur að flýta einnig framgangi hinnar till. um skipun peningamálanefndar. Þó að sumir vildu líta svo á, sem peningamálin gætu einnig komið til athugunar væntanlegrar viðskiftamálanefndar, þá álít jeg, að slíkt geti ekki komið til mála. Banka- og peningamálið er, eins og jeg drap á, langþýðingarmesta málefni þingsins, og má því ekki fljóta inn í skjóli nje skugga neins annars máls, og verða þm. að sýna það öllum landslýð, og einnig erlendum þjóðum, að peningamálunum sje gaumur gefinn og reynt að koma því í rjett horf, sem vakið hefir ísjárverðasta athygli. Þessu til stuðnings vil jeg einnig geta þess, að hv. flm. viðskiftamálatill. taka fram, hvaða mál væntanleg nefnd eigi aðallega að hafa til meðferðar, og eru þau alt önnur en banka- og peningamálin, og gefur það auðvitað áherslu þeim málstað mínum, að umrædd peningamál þurfi að ræðast í annari sjerstakri nefnd. Einnig er á það að líta, að telja verður sjerstaklega óheppilegt að láta bankamálin, sem þurfa að ræðast með gætni og varúð, sameinast störfum þeirrar nefndar, sem hefir landsverslun og viðskiftahömlur til meðferðar, þar sem illindi og sundrung er fyrirsjáanlegt.

Mjer er í rauninni sama, hvort brtt. á þskj. 54 eða till. okkar á þskj. 53, sem enn er órædd, verður samþ. Höfuðatriðið, sem þær ganga báðar út á, er, að skipuð verði nefnd, sem hafi fyrst og fremst þessi mál til meðferðar, sem eru hin þýðingarmestu, þó að jeg viðurkenni auðvitað, að verslunarmálin sjeu einnig áríðandi, og hefði jeg því ekkert á móti því, að nefnd yrði einnig skipuð til að rannsaka þau.

Hæstv. fjrh. (M. G.) virðist heldur andvígur skipun þessara nefnda, vegna húsnæðisskorts og anna við fastanefndir. Þessar ástæður eru alveg óframbærilegar, þegar um slík alvörumál er að ræða. Þingnefnd, sem falið er að ræða

mesta alvörumál þjóðarinnar, hlýtur að fá einhversstaðar inni, og þess ætti fremur að gæta, að fastanefndirnar þvældust ekki fyrir henni, en hún yrði fyrir þeim.

Ólafur Proppé: Herra forseti! Flm. till. (J. Þ.) hefir gert svo ítarlega grein fyrir tilgangi hennar, að jeg þarf litlu við það að bæta, enda mun flestum vera það ljóst, að eitthvað þurfi og verði að gera til að kippa í lag því ólagi, sem er á verslunarmálum vorum, og því öngþveiti, sem þau eru komin í. Mjer fanst það því koma úr hörðustu átt, þegar hv. þm. Ak. (M. K.) legst á móti þessari nefndarskipun Mjer finst, að hún ætti að vera æskileg, einmitt einnig frá hans sjerstaka sjónarmiði. Því ef landsverslunin er eins ágæt og hann vill vera láta, þá fengi hann með slíkri hlutlausri rannsókn það vopn í hendurnar, sem orðið gæti til þess, að þeir, sem nú eru ef til vill á móti landsverslun, fengju með rannsókn þessari þær sannanir fyrir nauðsyn hennar, að þeir yrðu henni kann ske fylgjandi eftir á.

Hv. þm. Ak. (M. K.) mintist á steinolíukaup stjórnarinnar og virtist vilja gefa í skyn, að þau væru fram komin fyrir forgöngu hans og landsverslunarinnar. Hæstv. forsrh. (J. M.) mun þó kannast við, að máli þessu var upprunalega hreyft úr annari átt, og það áður en landsversluninni kom slíkt til hugar, enda þótt jeg ekki hjer kæri mig um að geta upptakanna. Svo það er tæpast með öllu verðskuldað, að landsverslunin eða forstjóri hennar eigi allar þakkirnar fyrir verðlækkun þá á steinolíu, sem nú er að verða.

En að því er andmælin snertir, sem komið hafa fram gegn þessari nefndarskipun, virðast mjer þau harla ljettvæg. Mannfæð innan hv. deildar getur ekki verið til að dreifa. Í hv. deild eru margir þm., sem ekki sitja í nema einni nefnd, og eru því fullfærir um að bæta á sig nokkru starfi enn. Og um húsnæðið er það skemst að segja, að oft hefir ríkissjóður greitt fjárframlög, einnig til húsaleigu, fyrir málefni, sem minna hefir verið um vert en þetta, og ætti það því ekki að vera nein frágangssök nú.

Jakob Möller: Hjer er um það að ræða fyrst og fremst, hvort menn vilja láta rannsaka það, hvernig hagur landsverslunarinnar er, og hvort halda á henni áfram eða ekki. Þetta virðist svo sjálfsagt, að um það ætti ekki að þurfa langar umræður.

Því hefir verið haldið fram, að þetta gæti komið undir fjárhagsnefnd. En það er hvorttveggja, að hún er nægum störfum hlaðin fyrir, og þessi mál þar að auki mjög umfangsmikið vandamál. Bæði bankamálin og viðskiftamálin eru hvor um sig svo mikilsverð mál, að sjálfsagt virðist að rannsaka þau bæði eftir föngum, og það verður best gert með því að rugla þeim ekki saman og láta sjerstakar nefndir hafa þau með höndum. Með þessu er alls ekki verið að ganga inn á neinar nýjar brautir. Jeg veit t. d. ekki betur en að landsverslunin hafi í upphafi verið stofnuð eftir till. alveg samskonar nefndar, sem hjer er farið fram á að setja, bjargráðanefndar, eða hvað hún nú hjet. Þessi nýja nefnd á einnig að verða bjargráðanefnd, — út úr ógöngum landsverslunar og viðskiftahafta. Þar að auki hefir fjárhagsnefnd ekki verið skipuð með þessi mál fyrir augum, heldur með tilliti til þeirra frumvarpa, sem fyrir hana átti að sjálfsögðu að leggja.

Svo vil jeg loks benda á það, að að því leyti, sem seinni till. fer fram á það að skipa sjerstaka nefnd til að íhuga bankamál, en ekki viðskiftamál sjerstaklega, þá er óheimilt að bera hana upp sem brtt. Hún fjallar sem sje um alt annað en hin till.

Jón Baldvinsson: Mjer finst till. á þskj. 51 helst til þröng, og felli mig betur við orðalagið á brtt. á þskj. 54, og get því gefið henni atkv. mitt.

Annars var það hv. flm. (J. Þ.), sem gaf tilefni til umræðnanna um landsverslunina. Og jeg skil vel þann tilgang hans að gera hana að aðalmáli hjer, og vil því víkja lítið eitt að henni, þótt mjer finnist reyndar, að nefndarskipunin hefði ekki þurft að gefa tilefni til mikilla umr. um hana.

Það, sem mig undraði stórlega, var það álit hans, sem virtist koma fram í framsöguræðunni, að landsverslunin hafi haldið við dýrtíð í landinu. Jeg hjelt sannast að segja, að hann mundi ekki fara að flytja hjer inn í þingið þessar marghröktu staðhæfingar sínar og fjelaga sinna frá þingmálafundum hjer í Reykjavík.

Viðvíkjandi því, sem komið hefir fram í sambandi við þetta, að kaupmenn selji lægra verði en landsverslunin, get jeg af eigin reynslu nokkuð um þetta borið, og sú reynsla hefir ávalt verið á þá leið, að landsverslunin þyldi fullkomlega samanburð við kaupmenn, bæði með gæði vöru og verð, og út af tylliboði því, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) var að hampa í framsöguræðu sinni, skal jeg geta þess, að það er t. d. mjög skamt síðan jeg vissi, að hveitipokinn var seldur hjá heildsala 4 kr. dýrari en ekki lakari tegund hjá landsversluninni, og er þó vitanlegt, að heildsalar í Reykjavík hafa fengið innflutningsleyfi á hveiti samtímis landsversluninni. En á þessum grundvelli einum getur samanburður kaupmannaverslunar og landsverslunar orðið rjettur, en ekki með því að bera saman við ímynduð tylliboð. Mjer er líka kunnugt um, að hveiti hefir verið flutt hingað til landsins frá Englandi síðan um nýár, og hefir þó ekki heyrst, að verðið hafi lækkað neitt stórkostlega hjer hjá kaupmönnum fyrir þann innflutning.

Jeg er ekki í efa um það, að landsverslunin er þjóðfjelaginu í heild sinni hollari en kaupmannaverslunin. Kaupmennirnir versla fyrir sjálfa sig, og hagur þeirra er að selja með sem hæstu verði, en það er vitanlega gagnstætt hagsmunum almennings. En verslun þjóðarinnar sjálfrar, landsverslunin, starfar með hag þjóðarinnar fyrir augum, og mætti sanna með mörgum dæmum og talandi tölum, að hún hefir verið hagstæðari almenningi en kaupmannaverslunin.

Jeg get verið flm. (J. Þ.) sammála um það, að viðskiftahömlurnar verði afnumdar. Það eru ýmsar nauðsynlegar vörur, svo sem skófatnaður, fatnaður o. fl., sem í nágrannalöndum vorum eru meira en helmingi ódýrari en hjá okkur og kaupmenn geta hjer, í skjóli innflutningshaftanna, haldið uppi verðlagi á, og það jafnvel þótt eitthvað lítilsháttar sje leyft að flytja inn af þessum vörum. Jeg hefi reyndar ekki þá trú, að við nytum eins verðfallsins á þeim eins og við njótum nú og munum njóta verðfallsins á vörutegundum, sem landsverslunin flytur inn. En sjeu hömlurnar afnumdar, þá hafa kaupmenn ekki neina afsökun, og almenningur getur krafist lægra verðs.

En hitt þykist jeg viss um, að heróp

kaupmannanna um afnám landsverslunarinnar, sem nú heyrast landshornanna á milli, sjeu sprottin af því einu, að þeir þori ekki að leggja út í samkepni við hana, og sannast að segja finst mjer sá ótti þeirra ekki ástæðulaus.

Jeg get ekki stilt mig um að láta það í ljós, að það gladdi mig stórlega að heyra þann kafla úr framsöguræðu hæstv. fjrh. (M. G.) um fjárlögin, sem fjallaði um fjárhagsástæður landsverslunarinnar, sem einmitt sannaði það, sem jeg og sá flokkur, sem jeg telst til, hafði haldið fram í kosningunum hjer í Reykjavík.

Björn Hallsson: Jeg stend ekki upp til þess að taka þátt í þeim hnippingum, sem hjer hafa orðið um málið, að mínu áliti alt of fljótt. En jeg bað um orðið til þess að reyna að miðla málum í því tillögumoldviðri, sem hjer er komið upp. Mjer finst sem sje, að þessi mál gætu heyrt undir eina og sömu nefnd. Tel jeg óheppilegt að skipa margar nefndir, auk fastanefndanna, því að þá tefja þær hver fyrir annari við afgreiðslu málanna. Svo reyndist það eftir gömlu þingsköpunum, og svo mun enn vera. Jeg gæti fylgt brtt. á þskj. 54, ef í henni stæði „viðskiftamál", í staðinn fyrir „önnur skyld mál". En ef nú verða skipaðar 2 nefndir, viðskiftamálanefnd og bankamálanefnd, þá eru í raun og veru 4 nefndir starfandi að fjármálunum með fastanefndunum.Þess vegna vil jeg sameina till. á þskj. 51 og 53 og gera eina nefnd úr tveimur. En mjer þótti leitt að heyra hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) lýsa því yfir, að samkomulag milli tillögumanna um þessa nefndarskipun væri ómögulegt. En jeg vil samt skora á flutningsmenn þál. 51 að taka hana út af dagskrá og koma sjer saman við hina tillögumennina. Jeg get engri þessari till. fylgt eins og þær eru nú.

Pjetur Ottesen: Hv. 1. þm. Árn. (E. E.), sem er annar meðflutningsmaður minn að till. á þskj. 53, tók það fram í ræðu sinni, hvað fyrir okkur flm. hefði vakað, sem sje það, að starf nefndarinnar væri svo umsvifamikið og viðfangsefnið það alvörumál, að ekki mætti saman við það blanda störfum eins og þeim, sem gert er ráð fyrir í till. á þskj. 51. Sú till. hljóðar um viðskiftamál (viðskiftahömlur og verslunarrekstur fyrir reikning ríkisins), en okkar till. fer fram á „að rannsaka orsakir til fjárkreppu bankanna". Sjá því allir, að till. þessar eru næsta ólíkar og viðfangsefnið hvort út af fyrir sig svo umfangsmikið og vandasamt, að þær verða tæplega sameinaðar, eins og brtt. á þskj. 54 fer þó fram á.

Þess vegna þótti mjer kenna nokkurrar mótsagnar hjá hv. 1. þm. Árn. (E. E.). Mjer virtust orð hans falla eitthvað á þá leið, að honum lægi í ljettu rúmi, hvor till. næði fram að ganga, sú, er við flytjum saman, eða brtt. á þskj. 54. Sú till. er þó nokkuð á annan veg, eins og jeg hefi þegar drepið á, þar sem hún nær líka til verslunarmálanna. Þess vegna verðum við, jeg og hv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.), mótfallnir því að bræða saman till. á þskj. 51 og 53.

Hæstv. fjrh. (M. G.) taldi tormerki á því, að lausanefndir þessar fengju tíma til að starfa, vegna fastanefnda þingsins, og að hæpið myndi líka vera, að húsrúmið leyfði það.

Jeg get nú ekki annað sagt en að mig furðar á að heyra slíkum ástæðum sem þessum kastað fram hjer í deildinni. Það er þó öllum kunnugt, að það

hefir einmitt tíðkast hjer á þingi áður að kjósa 2—3 lausanefndir, þegar svo stóð á, að brýn nauðsyn þótti kalla, og hefir það aldrei komið í bága við störf fastanefndanna. Nú hafa þó bæst við tveir menn hjer í deildinni, svo ekki ættu starfskraftarnir að vera minni. Og um húsnæðið er það að segja, að þó að lausanefndir hafi á sumarþingum stundum haft til afnota eina eða tvær af stofum háskólans, þá hefir Hlaðbúð nú verið tekin til afnota fyrir fjárveitinganefnd, og rýmkast svo mikið við það, að skorti á húsnæði er alls ekki til að dreifa. Það er því gersamlega haldlaus ástæða gegn þessum nefndaskipunum. Þess vegna get jeg á engan hátt sjeð, að störf lausanefndanna þurfi nokkurn hlut að rekast á föstu nefndirnar.

Banka- og viðskiftamálin eru höfuðmál þessa þings; þau grípa svo inn í líf þjóðarinnar og framtíð, en hvort á sinn hátt. Þess vegna má ekki blanda þeim saman; það verður að greina þar á milli og kosta, svo sem kostur er, kapps um að greiða fram úr því öngþveiti, sem þau eru komin í.

Jafnframt því sem það er að sjálfsögðu hlutverk peningamálanefndar að benda á leiðir til þess að greiða fram úr og ráða bót á því peningamálaöngþveiti, sem við erum í, þá er það engu síður hlutverk þessarar nefndar að rannsaka og upplýsa ýmislegt í rekstri bankanna, og þá einkum Íslandsbanka, sem orðið hefir fyrir hörðum dómum, sjer í lagi nú á síðustu tímum.

Sumir líta meira að segja svo á, að hin taumlausa seðlaútgáfa bankans, og hvað fje hans hefir verið bundið mikið á hendur einstakra manna, eigi ekki óverulegastan þátt í því, hversu komið er. Þetta þarf að upplýsa, enda nauðsynlegt að rannsaka það í sambandi við till. um ráðstöfun á seðlafyrirkomulaginu. Jeg vænti, að engum dyljist, að þetta er ærið verkefni einni nefnd. Það er þetta, sem fyrir okkur vakir, sem flytjum till. á þskj. 53. Þess vegna mun jeg greiða atkv. með till. á þskj. 51, af því að þá geri jeg ráð fyrir, að okkar till. nái fram að ganga. Leiðir því af sjálfu sjer, að jeg hlýt að greiða atkv. á móti brtt. á þskj. 54.

Eiríkur Einarsson: Það er aðeins örstutt athugasemd. Hv. meðflutningsmanni mínum (P. O.) þótti mótsagna gæta hjá mjer, er jeg sagði, að mjer lægi í ljettu rúmi hvor till. næði fram að ganga, sú á þskj. 53, eða brtt. á þskj. 54. Jeg get ekki fallist á, að nokkurs ósamræmis gæti hjá mjer í þessu efni, enda hefir það þegar komið ljóslega fram í umr., að tilgangur brtt. er hinn sami, eða sá, að rannsaka banka- og peningamál.

Hitt endurtek jeg aftur, að jeg álít banka- og peningamálin svo alvarlegt mál, að athuga þurfi það með allri gætni og forðast að draga þangað inn önnur þau mál, er valdið gætu sundrung í nefndinni.

Magnús Kristjánsson: Það vill nú svo til, að jeg hefi enga ástæðu til að svara hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Hann gerði enga tilraun til þess í svarræðu sinni að hrekja það, sem jeg hafði sagt.

Aftur á móti þarf jeg að beina nokkrum orðum til hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.). Hann virtist helst draga það út úr orðum mínum, að jeg væri því mótfallinn, að rannsakaður væri og athugaður verslunarrekstur landsins. En þetta er misskilningur. Jeg hefi aldrei sagt það, enda er fjarri, að jeg sje því mótfall-

inn, þó að mjer á hinn bóginn sýnist það óþarfi, þar sem landsverslunin stendur undir daglegu eftirliti stjórnarinnar og bestu endurskoðunarmanna, sem lokið hafa lofsorði á verslunarrekstrinn.

Enda býst jeg við, að slíkri rannsóknarferð myndi farast líkt og stóru nefndinni 1918. Þá var kosin nefnd manna hjer á þingi, knúin fram af pólitískum ástæðum, til þess að athuga landsverslunina. Og það vantaði síst, að mikið átti að gera, en hvernig fór svo? Þegar öllu var á botninn hvolft, fann nefndin ekkert athugavert í rannsóknum sínum, er hún gæti hengt hatt sinn á. Eins býst jeg við, að gæti farið enn, að ekkert hefðist upp úr slíkri rannsókn annað en fyrirhöfn og tímaeyðsla. En hitt blandast mjer ekki hugur um, að ef þm. vildu sjálfir kynna sjer rekstur landsverslunarinnar nánar, þá myndu þeir hafa gott af því. Umr. sýna það, að hv. deildarmenn eru heldur ófróðir um hann og ókunnugir málinu yfirleitt.

Þá efaðist sami hv. þm. (Ó. P.) um það, að landsverslunin hefði átt frumkvæði að útvegun steinolíunnar í vetur. Mjer finst það nú litlu máli skifta, hver fyrstur hafi á það minst, en framkvæmdirnar voru þó hjá landsversluninni; því verður ekki neitað. En hann viðurkendi líka, að þetta hefði verið nauðsynleg ráðstöfun, og með því hefir hann þá játað, að hann sje þeirri stefnu fylgjandi, að stundum verði ekki hjá því komist, að ríkið taki innflutninginn í sínar hendur, enda vona jeg það, að hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) sýni það í verkinu, að hann hafi að einhverju leyti verið frumkvöðull þessara ráðstafana, og skifti nú við landsverslunina eftirleiðis, í staðinn fyrir það að hlaupa til keppinauta hennar á þessu sviði.

Að lokum aðeins örfá orð til hv. 2. þm. N.-M. (B. H.). Jeg skildi ekki hugsanaganginn í ræðu þessa hv. þm. Hann virtist leggja mikla áherslu á það, að banka- og peningamálin verði tekin til alvarlegrar íhugunar, en telur sig þó vera á móti brtt. á þskj. 54. Brtt. tekur það einmitt skýrt fram, að nefndin eigi að athuga þessi mál, en að vísa megi til sömu nefndar öðrum skyldum málum. Þetta er svo ljóst, að jeg get ekki annað skilið, en að hver meðalgreindur maður hljóti að skilja það.

Ólafur Proppé: Það er aðeins lítil athugasemd, sem jeg vildi gera. Mjer þykir vænt um, að við skulum vera orðnir sammála, hv. þm. Ak. (M. K.) og jeg, um það, að nauðsyn sje á að rannsaka landsverslunina og ástæðurnar fyrir viðskiftahömlunum. Það er altaf gleðilegt, þegar menn sjá sig um hönd, og það á jafnskömmum tíma eins og hv. þm. (M. M.) hefir gert.

Hvað þessa endurskoðunarmenn landsverslunarinnar snertir, þá hafði jeg ekki til þeirra spurt, og væri mjer því kært, ef hv. þm. (M. K.) vildi skýra mjer frá því, hverjir þeir sjeu.

Um steinolíuna verð jeg að halda því sama fram og jeg hefi áður gert, sem sje, að landsverslunin hafi ekki átt upptökin í því máli.

Viðvíkjandi því, að jeg eða verslun sú, sem jeg er viðriðinn, hafi orðið að skifta við landsverslunina undanfarið, þá er þar til að svara, að verslun okkar hlýtur, eins og hver önnur verslun í landinu, að vera háð viðskiftahömlunum, og leiðir þá af sjálfu sjer, að hún hefir orðið að kaupa af landsversluninni þær vörur, sem hún hefir haft einkainnflutning á, og öðruvísi hefir ekki verið hægt að ná í.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg ætlaði nú í upphafi að leiða sem mest hjá mjer deilur um þessar till. Jeg vildi því aðeins með því að standa upp segja það, að jeg vil helst styðja till. hv. 2. þm. N.-M. (B. H.), nefnilega það að sameina starf þessara tveggja nefnda, sem talað er um að kjósa, í einni og sömu nefndinni. Mjer finst þetta svo lafhægt, að um það ætti ekki að þurfa að deila. Það er, frá mínu sjónarmiði sjeð, ekkert hægara að hafa tvær nefndir starfandi í þessum málum, heldur til trafala fyrir þingstörfin. Þess vegna finst mjer ekkert á móti því að samþykkja brtt. á þskj. 54. Hún segir líka beinum orðum: „að athuga bankamál, og önnur mál, sem þeim eru skyld", en það hljóta að vera verslunarmálin og viðskiftahömlurnar þá um leið. Öll þessi mál grípa svo hvert í annað, að það hlyti að tefja fyrir heppilegri rannsókn þeirra, að skifta þeim í tvær nefndir. Nú vill svo til, að á dagskránni í dag eru einmitt tvö mál, sem vísa mætti til þessarar nefndar, en það eru 2. og 3. málið. Bæði þessi mál eiga að sjálfsögðu að fara til slíkrar nefndar, eins og brtt. á þskj. 54 fer fram á, að sje skipuð. Og með því eru þá báðar hinar till. orðnar óþarfar.

Björn Hallsson: Jeg ætlaði mjer ekki að taka til máls aftur. En hv. þm. Ak. (M. K.) neyddi mig til þess. Hann virðist óvenjulega skilningssljór í dag, og fanst mjer jeg þó tala svo ljóst og skýrt, að hann, sem jeg hefi altaf álitið greindan og skýran mann, hefði átt að geta skilið mig. Jeg vil ekki nema eina nefnd í banka- og viðskiftamálin; það er mergurinn málsins fyrir mjer. Hæstv. atvrh. (P. J.) skildi líka, hvað jeg átti við. Jeg tók það beint fram, að mjer þætti brtt. á þskj. 54 ekki nógu ljós, og þess vegna gæti jeg ekki goldið henni atkv. En úr því, að svona er nú ástatt með hv. þm. Ak. (M. K.), að hann skilur ekki mælt bót, eða vill að minsta kosti ekki skilja það í dag, sje jeg enga ástæðu til þess að deila við hann frekar.

Flm. (Jón Þorláksson): Það voru aðeins nokkur ummæli hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), sem jeg vildi minnast á. Hann taldi sig að sumu leyti manna kunnugastan hjer í bæ um verslun og viðskiftalíf. Hann sagði eitthvað á þá leið, að þegar um sömu vörugæði hafi verið að ræða, þá hafi verð kaupmanna ávalt verið hærra heldur en hjá landsversluninni, og fyrir þessu sagðist hann hafa reynslu.

Jeg veit, að þetta er ekki rjett hjá honum, enda mun hann ekki fá neinn mann til að trúa því, að á þessum tíma, þegar vöruverð er sífelt að breytast, hafi allir kaupmenn á landinu sífelt verið svo óhepnir að kaupa vörur á óhentugri tíma heldur en landsverslunin, því að um meiri framfærslu eða álagningu hjá kaupmönnum ætti ekki að geta verið að ræða, þar sem verðlagsnefndin vakir yfir því. Þetta gæti því aðeins verið eins og hv. þm. (J. B.) segir, ef í hvert skifti sem landsverslunin hefði birgt sig upp af einhverri vörutegund, og verðið síðan lækkað, hefði verið passað upp á það, að aðrir gætu ekki fengið innflutningsleyfi. Svo langt held jeg að ekki hafi verið gengið, og mun því hv. þm. (J. B.) veitast örðugt að standa við þessa staðhæfingu sína.

Þá mótmælti sami hv. þm. (J. B.) því, þrátt fyrir viðurkenningu hæstv.

atvrh. (P. J.), að teptur væri innflutningur á hveiti, og sagði, að kaupmenn fengi hveiti með „Lagarfossi“ næst. Það datt víst engum í hug, að hveitiinnflutningurinn væri svo algerlega teptur, að enginn ljeti sjer framar hveitibrauð í munn. En hann hefir verið teptur, synjað um innflutningsleyfi á ódýru hveiti, og nú er svo komið, að hveiti fæst ekki í bænum.

Það er álit margra manna, að innflutningur hafi verið teptur af hinu opinbera til þess, að landsverslunin gæti í næði selt vörubirgðir sínar. (**M. K.**: Þetta er rangt). Nei, þetta er rjett, og get jeg þá í þessu efni nefnt kolin. Nú liggur landsverslunin með birgðir af þeim, og innflutningur bannaður öllum öðrum.

Annars gladdi það mig, að hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) er mótfallinn innflutningshöftunum.

Um till. þær, sem liggja fyrir, er það að segja, að samkomulags hefir verið leitað um að hafa einungis eina nefnd til að athuga bæði viðskiftamálin og bankamálin, en ekki náðst. Enda var það rjettilega tekið fram hjá hv. 1. þm. Árn. (E. E.), að verkefni þessara nefnda eru ólík.

Ástæða mín fyrir því að láta þessa nefnd hafa á hendi rannsókn á verslunarrekstri fyrir reikning ríkissjóðs er ekki svo mjög sú að rannsaka gerðir landsverslunarforstjóra, heldur einkum sú, að jeg tel, að það þurfi að rannsaka, hvort slík ríkisverslun eigi að halda áfram eða ekki. Það mundi nú ef til vill koma sumum betur, að ákvarðanir um þetta væru teknar á skrifstofum úti í bæ, en jeg tel málið svo mikilsvert, að þingið sjálft eigi ótvírætt að ákveða um það, hvort slíkri starfrækslu skuli áfram haldið, og hvernig henni skuli hagað. En þetta heyrir ekki beint undir væntanlega nefnd, samkvæmt þskj. 54, og þarf þá að gera nýjar ráðstafanir, ef trygging á að fást fyrir því, að rannsókn á þessum efnum verði gerð. Við getum því ekki gengið inn á brtt. á þskj. 54, en höldum fast við okkar till. En til samkomulags höfum við gengið inn á það, að skipaðar verði tvær nefndir, og munum við greiða atkv. með till. á þskj. 53, ef okkar till. verður samþ.

Sveinn Ólafsson: Mjer skilst, að hjer sje um það að ræða, hvort skipa skuli eina nefnd eða tvær. Og jeg tel, að hjer nægi vel ein nefnd. Það hefir orðið ljósara af umr., að verkefnin eru ekki ofvaxin einni nefnd, því sum málin gætu farið til fjárhagsnefndar. Jeg skil ekkert í því, að þeir, sem vilja eina nefnd, skuli ekki geta horfið að brtt. á þskj. 54.

Það er ekki rjett, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hjelt fram, að nefndin væri ekki skyld til að taka að sjer landsverslunarmálið, ef því væri þangað vísað, þó ekki sje það beint tekið fram í till., að nefndin skuli fjalla um þau mál. Það er ekki lengra síðan en í gær, að máli var vísað til allsherjarnefndar, sem eftir eðli sínu átti heima í fjárhagsnefnd, og tók allsherjarnefnd mótmælalaust við málinu. Það væri allundarlegt, ef hin væntanlega peningamálanefnd neitaði að taka við málum, sem deildin vísaði til hennar, og vörðuðu viðskifti, þar sem brtt. á þskj. 54 ætlar henni eigi aðeins peningamál, heldur tekur fram, að hún skuli fara með „önnur skyld mál“.

Jakob Möller: Það er út af ræðum þeirra hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og hv.

þm. Ak. (M. K.), eða sjerstaklega þeim orðum hins síðarnefnda, að hjer væri af vanþekkingu rætt um landsverslunina, að jeg verð að segja nokkur orð. Jeg vil benda á það, að till. á þskj. 51 fer einmitt fram á nefndarskipun til þess að afla þinginu þekkingar á þessu máli. Þetta vilja hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og hv. þm. Ak. (M. K.) ekki. Þeir vilja ekki, að deildin fái auknar upplýsingar og þekkingu á landsversluninni. (**Sv. Ó.**: Þetta eru getsakir). Nei, þetta eru ekki getsakir. Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) talaði að vísu um það, að vísa mætti viðskiftamálunum til nefndar þeirrar, sem brtt. á þskj. 54 fer fram á, að skipuð verði, en sagði þó, að þeim málum ætti að vísa til fjárhagsnefndar. Og hvað rannsókn eða athugun landsverslunarinnar snertir, þá getur hún ekki komið til kasta bankamálanefndar sem „skylt mál" bankamálum. Það yrði því að samþykkja sjerstaka þingsályktun um, að slík athugun eða rannsókn skuli gerð. Í till. á þskj. 51 er það beinlínis tekið fram, að slík rannsókn skuli falin nefnd þeirri, sem till. fer fram á, að verði skipuð.

Það er og nokkuð einkennilegt hjá flm. brtt. að miða till. við bankamál, ef þeir meina viðskiftamál, því að viðskiftamálin eru miklu yfirgripsmeiri. Bankamálin eru viðskiftamál, en öll viðskiftamál eru ekki bankamál. Jeg fæ því ekki annað sjeð en að tilgangurinn með þessari brtt. sje aðeins sá að reyna að koma landsversluninni undan. Það kom og berlega fram í ræðu háttv. þm. Ak. (M. K.), að hann vildi ekki láta neina rannsókn á landsversluninni fara fram og enga nefnd skipa í því skyni, og ljet hann það í veðri vaka, að árangurinn af slíkri rannsókn mundi ekki verða mikill, frekar en 1918. En þessa athugun á rekstri landsverslunarinnar viljum við flm. till. á þskj. 51 láta fara fram, og um það, hvort svo skuli verða, verða greidd atkv. hjer.

Jón Baldvinsson: Jeg þarf ekki að draga neitt úr þeim ummælum mínum, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) gerði að umtalsefni, að mín persónulega reynsla sje sú, að vörugæði og verð hjá landsversluninni sje ávalt hagkvæmara en hjá kaupmönnum. Hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) leit svo á, að til þessa gæti ekki verið nema ein ástæða, sem sje sú, að kaupmenn gerðu „ávalt" verri innkaup en landsverslunin. Mjer er nú ekki kunnugt um þetta, en jeg geri ráð fyrir, að innkaup landsverslunarinnar sjeu ekki verri en kaupmanna. En þó að innkaup kaupmanna væru nú jafngóð, þá veit jeg, að hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) er svo mikill kaupmaður, að hann veit, að það er langt bil á milli innkaupsverðs kaupmanna og þess verðs, sem almenningur verður að greiða.

Þrátt fyrir ummæli hæstv. atvrh. (P. J.) h e f i r hveiti verið flutt til landsins síðan í janúar. Það er því ekki rjett, að innflutningur hafi verið bannaður á þeirri vörutegund. En það hefir ekki verið haft hátt um, að verðið sje sett niður.

Jeg þori vel að leggja út í landsverslun með samkepni við kaupmenn, og mjer þykir ekki ósennilegt, að margar af árásunum á landsverslunina eigi rót sína að rekja til ótta kaupmanna sjálfra við landsverslun sem keppinaut.

Magnús Kristjánsson: Aðeins örfá orð til þess að svara fyrirspurn hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.). Mjer þótti fyrirspurnin

satt að segja undarleg. Jeg hjelt þingmanninn svo fróðan, að hann vissi þetta. En úr því svo er ekki, þá er mjer ánægja að fræða hann.

Endurskoðendur landsverslunarreikninganna eru þeir dr. Ólafur Daníelsson og Gísli Ísleifsson skrifstofustjóri. Síðan ganga reikningar þessir til endurskoðenda landsreikninganna.

Forseti (B. Sv.): Þá verður látin fara fram atkvgr. um till. þessar. Grundvöllurinn, sem till. byggjast á, er nokkurn veginn sá sami, sá, að athuga viðskiftamál landsins. En munurinn liggur helst í því, að till. á þskj. 51 leggur meiri áherslu á eina grein viðskiftamálanna heldur en brtt. á þskj. 54, sem útilokar þó eigi, að öllum málunum megi þangað vísa.

Jeg vil þá leyfa mjer að bera brtt. á þskj. 54 fyrst undir atkv.

ATKVGR.

Brtt. 54. feld með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Gunn. S., J. B., J. S., M. G., M. K., P. J., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J.

nei: B. H., E. Þ., H. K., Jak. M., J. A. J., J. Þ., M. J., M. P., Ó. P., P. O., P. Þ., S. St., Þór. J., B. J., B. Sv.

E. E. greiddi ekki atkv.

Tillgr. (51) samþ. með 16 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Nefndarkosningunni frestað til næsta fundar.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 24. febr., var

kosin viðskiftamálanefnd.

Samþ. var í e. hlj. að skipa nefndina 5 mönnum.

Var síðan kosið í nefndina, að viðhafðri hlutfallskosningu. Forseta bárust 3 listar, A, B og C, með samtals 5 nöfnum eða jafnmörgum og kjósa skyldi menn í nefndina, og voru þeir því rjett kjörnir í viðskiftamálanefnd án atkvgr., en þeir voru þessir:

Af A-lista: Pjetur Ottesen,
Af B-lista: Magnús Kristjánsson, Jón Baldvinsson.
Af C-lista: Jón Þorláksson, Ólafur Proppé.

5. Peningamálanefnd neðri deildar.

Á 6. fundi í Nd., þriðjudaginn 22. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að rannsaka orsakir fjárkreppu bankanna m. m. (A. 53).

Á 7. fundi í Nd., miðvikudaginn 23. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Nd., fimtudaginn 24. febr., var till. tekin til einnar umr. (A. 53).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 9. fundi í Nd., laugardaginn 26. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Þorgilsson): Þessi till.

er ekki nýmæli hjer í deildinni, því að hún hefir verið hjer á dagskrá undanfarna daga, og jeg hygg, að hv. þdm. greini eigi á um efni hennar. Það, sem deilunum olli, er hvort till. eigi að vera 2 eða aðeins 1, sem felur svo í sjer efni till. á þskj. 51, um viðskiftahömlur og fjárkreppu ríkisins, og till. á þskj. 53, sem hjer er til umr. Vil jeg nú sem flm. till. á þskj. 53 gera stutta grein fyrir afstöðu minni til málsins.

Það hefir verið tekið fram hjer, að við stæðum á takmörkum stríðs og friðar, og að tímarnir væru viðsjárverðir, bæði fyrir einstaklingana og ríkið, hvað fjárhagslega afkomu þeirra snerti.

Jeg lít nú svo á, að þó að mörg mikilsverð mál liggi fyrir þessu þingi, þá sje þó þetta ef til vill mál málanna.

Á ófriðarárunum var oft kvartað yfir ýmsu, en ástæðulítið mörgum sinnum, því þá leið einstaklingum og þjóðinni ekki svo illa, að ástæða væri til að kvarta. Margir söfnuðu þá fje á þeim árum, en nú eru tímarnir breyttir. Þjóðarbúið hefir á síðustu missirum tapað tugum miljóna króna og fjöldi einstaklinga stendur höllum fæti efnalega. Það er því eigi vanþörf að athuga, hvort hægt sje úr að bæta.

Háværar raddir hafa kveðið við í blöðunum um það, að fjárkreppan stafaði af eftirlitsskorti stjórnarinnar og mistökum bankanna. Jeg skal ekki leggja neinn dóm á þetta, en meðfram vegna þessa berum við flm. till. fram, svo að hið sanna fái komið í ljós, og ef unt væri að bæta úr ástandinu.

Finn jeg svo eigi ástæðu til að fjölyrða meira um till., veit enda, að hún nær fram að ganga, því nauðsyn þess er svo ljós. Ástæðurnar eru svo þröngar og útlitið svo ískyggilegt, að Alþingi verður að hafa hönd í bagga með, ef ske kynni, að það fengi einhverju um þokað. Veit að vísu, að hætt er við því, að ein þingnefnd fái ekki miklu áorkað, en má þó eigi láta óreynt, ef gagn kynni að að verða. Mælist til, að till. nái fram að ganga og 5 manna nefnd verði kosin.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 18 shlj. atkv. og með sama atkvæðafjölda samþ. að skipa nefndina 5 mönnum.

Nefndarkosning.

Hlutfallskosing var viðhöfð. Forseta bárust 3 listar, A., B. og C. með samtals 5 nöfnum eða jafnmörgum og kjósa skyldi menn í nefndina og voru þeir því rjett kjörnir í peningamálanefnd án atkvgr., en þeir voru þessir:

Af A.-lista Pjetur Þórðarson,
Af B.-lista Eiríkur Einarsson,
Þorsteinn Jónsson,
Af C.-lista Jakob Möller,
Jón Auðunn Jónsson.

C.
Feldar.

1. Traustsleitun stjórnarinnar.

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að skora á stjórnina að leita umsagnar Alþingis um það, hvort hún njóti trausts þess eða ekki (A. 462).

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r. (A. 462).

Flm. (Eiríkur Einarsson): Meðan það stjórnarfarsskipulag, sem nú er við að búa, á að haldast í þessu landi, skiftir miklu, að hyrningarsteinn þess, sem er þingræðið, raskist ekki. Þessa verður vel að gæta, og liggur þar við sómi þingsins. Það orkar mjög tvímælis, hvort alt sje nú með feldu á Alþingi Íslendinga, að því, er þetta snertir. Eru þau dæmi deginum ljósari, er sýna, hvernig óvissan um fylgi þingsins og aðstöðu til stjórnarinnar, óvissan um, hvort þingræðis sje gætt í landinu, verkar á siðferði þingsins og allar aðgerðir. Engir ættu að hafa næmari tilfinningu fyrir þessu en hæstv. ráðherrar. Það færi því vel á því, að þeir stæðu þar fyrst og fremst á verði og kveddu þingmenn fram úr skugganum til fylgis eða andstöðu. Í þessu skyni er till., sem hjer liggur fyrir, fram borin. Með þeirri greinargerð, sem henni fylgir, álít jeg meiri skýringar óþarfar. Við flm. teljum rjettast, ef þess væri kostur, að umr. þyrftu ekki að verða, og viljum ekki gefa tilefni til þess. Það verða þá aðrir, sem koma deilum af stað, ef nokkrar verða, en við munum vitanlega svara, ef svo þarf endilega að verða.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skil vel, að hv. flm. (E. E.) vilji fylgja hinni gömlu og góðu reglu:„Svaviter in modo fortiter in re“. En hvað hitt snertir, að hann hafi ekki viljað gefa tilefni til deilu, efast jeg um, að hann hafi meint það verulega, jafnhvatvíslega og hann hefir hagað sjer. Og jeg bjóst alls ekki

við eins illvígri árás frá hans hendi og nú hefir sýnt sig.

Hv. flm. (E. E.) sagði, að óvissan hefði skaðleg áhrif á siðferði þings og stjórnar. Jeg get vel hugsað mjer, að það geti haft skaðleg áhrif á hv. stjórnarandstæðinga að geta ekki komið fram vilja sínum, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. En jeg get ekki kannast við, að þessi óvissa, sem hv. flm. (E. E.) talar um, hafi haft nokkur skaðleg áhrif á störf stjórnarinnar. Jeg neita því, að hún hafi haft áhrif á störf þings eða stjórnar yfirleitt. Jeg get bent á það, að á öllum stórmálum, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið, hefir verið höfð svo góð meðferð, að hver stjórn mætti vel við una.

Þá sagði hann, að stjórnin hefði ekki fylgi þingsins. Jeg veit ekki til, að hingað til hafi annað sannast en að hún hafi nægilegt fylgi meiri hlutans til þess að geta setið áfram. Annars er það andstæðinganna að sanna það, að stjórnina bresti fylgi, en ekki hennar, fremur en eða fyr en henni sýnist.

Jeg man ekki til, að stjórnarandstæðingar hafi nema tvö ráð til þess að koma ráðuneyti frá: annaðhvort að fá vantraust samþykt eða að drepa þau mál, sem ráðuneytinu er sjerstaklega ant um og vill setja á oddinn. Á þessu þingi er ekki hægt að benda á nein slík úrslit mála.

Á hinn bóginn er hverjum hv. þm. frjálst og rjett að bera fram þinglega vantraustsyfirlýsingu á stjórnina.

Þessi till. hvílir á alveg samskonar grundvelli og till. hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), sem hann lýsti yfir, að hann myndi ekki greiða atkv. sjálfur. Það er dálítið annað form, en mjög svipuð aðferð og tilgangur.

Jeg hefi lýst yfir því, bæði hjer og í hv. Ed., að ráðuneytið viðurkendi ekki rjett hv. andstæðinga til þess að ráða því, hvenær það spyrði þingið eða leitaði trausts hjá því. Jeg kvaðst ekki mundi taka tillit til þess, þó að slík krafa kæmi fram úr þeirri átt. Og mjer er ekki heldur kunnugt um, að slíks hafi nokkurn tíma fyr verið krafist. Ráðuneytið getur því með engu móti tekið á móti slíkri till.

Jeg hefi áður sagt það mjög ljóst, að ráðuneytið vill ekki brjóta þá venju, sem komin er á hjer á landi um það, að til þess að taka til greina vantraust, hefði stjórnin rjett til að heimta, að báðar deildir þingsins, eða sameinað þing, taki afstöðu til till.

Jeg get því sagt það nú þegar, að ráðuneytið mun ekki taka tillit til þessarar till., eins og hv. flm. (E. E.) virðist ætlast til. Jeg veit það, að hv. flm. neita því ekki, enda sjest það á greinargerð till., að hún er grímuklædd vantraustsyfirlýsing. En jeg skal ekki fara út í það, því jeg vil gjarna stilla því svo til, að ekki þurfi langar umr.

Jeg vil þó ítreka það, að rjettara er að bera till. upp fyrir báðum þingdeildum. Það er líka rjett af öðrum ástæðum heldur en jeg þegar hefi tekið fram. Í till. felst sem sje meira en vantraust. Það er ætlast til, að farið verði inn á alveg nýja braut. Deildin á að gefa viðurkenningu sína á þeim nýja sið, að stjórnarandstæðingar, sem ekki eru þess megnugir að fá þingmenn til þess að lýsa vantrausti sínu á stjórninni á bindandi hátt, geti heimtað, að þingið gefi traustsyfirlýsingu eða að stjórnin fari fram á traustsyfirlýsingu frá þingsins hálfu. Ef hv. deild vill taka upp þennan nýja sið, þá mun ráðuneytið þegar beiðast lausnar, því slíkt vill það ekki láta bjóða sjer.

Jakob Möller: Jeg ætla mjer ekki að lengja umr. mikið. En út af síðustu orðum hæstv. forsrh. (J. M.) vil jeg undirstrika það, að það var engan veginn aðallega tilgangur till. að koma stjórninni frá. Tilgagurinn er aðeins sá, eins og hv. flm. (E. E.) tók fram, að fá hreinar línur, fá að vita það, hvort stjórnin hefir fylgi meiri hluta að baki sjer eða ekki. Þetta er svo sjálfsagður hlutur, að það á ekki að þurfa að koma hæstv. stjórn í neinn æsing.

Hæstv. forsrh. (J. M.) neitaði því, að stjórnin hefði átt nokkuð erfitt uppdráttar á þessu þingi. Jeg get þó bent á a. m. k. tvær atkvgr. hjer í deildinni, sem hæstv. stjórn hlýtur að telja sjer andvígar, sem sje um innflutningshöftin og seðlamálið. Stjórnin lýsti að vísu ekki beinlínis yfir, hvað hún myndi gera, ef seðlaútgáfunni yrði ekki endanlega skipað. En það er alkunnugt, að henni var mjög umhugað um að koma fram endanlegu skipulagi. Þetta mál gaf fyrsta tilefnið til þess, að við bárum fram þessa till. Við flm. álítum, að þeir þm., sem vilja láta stjórnina sitja áfram, verði að taka tillit til vilja hennar í slíkum málum. Hins vegar álítum við, að meiri hluti, sem myndast kann um slík mál, hljóti að heimta að fá vissu um það, hvernig afstöðu stjórnar og þings er varið.

Það er þannig rangt hjá hæstv. forsrh. (J. M.), að þetta sje grímuklædd vantraustsyfirlýsing. Við höfðum till. einmitt í þessu formi af því, að við vildum ekki hafa hana vantraustsyfirlýsingu. Það er því óviðkunnanlegt, ef hæstv. stjórn ætlar alls ekki að taka till. til greina, þó að hún gangi fram. Það er engin tilviljun, að till. þessi er komin frá peningamálanefndinni, eða er flutt af fjórum nefndarmönnum. Skipun peningamálanefndarinnar gaf einmitt alveg sjerstakt tilefni til að bera slíka till. fram. Nefndin er þannig skipuð, að aðeins 2 af 10 nefndarmönnum úr báðum deildum munu geta talist fylgismenn stjórnarinnar, en 6 eru algerlega andvígir henni og treysta henni alls ekki til að fara með þessi mál. Hjer í deildinni hefir nefndin skipast þannig, að 4 af 5 nefndarmönnum eru algerlega andvígir stjórninni. Það er því auðsætt, að samvinna getur engin átt sjer stað milli nefndar og stjórnar. Hefir það og tilfinnanlega komið fram. Ef því stjórnin situr áfram, þá verður nefndin væntanlega neydd til að skila af sjer, því það nær ekki neinni átt, að nefnd sje að berja fram till. sínar í svo mikilvægum málum á móti vilja stjórnarinnar, enda væri það í alla staði óeðlilegt, að þær till. gengi fram, og gæti sú barátta þá aðeins orðið til að tefja fyrir. En það verða allir, bæði hv. þm. og hæstv. stjórn, að gera sjer ljóst, að stjórnin verður að hafa meiri hluta þingsins með sjer, og njóta fylgis þess meiri hluta til að fá því framgengt, sem hún vill, eða að fara frá að öðrum kosti. Ef meiri hlutinn er á móti stjórninni, þá verður hann að heimta að fá sjer samhenta stjórn. Í till. felst ekkert annað en krafa um þennan sjálfsagða hlut.

Annars ætla jeg ekki að fara út í gerðir stjórnarinnar í einstökum málum.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þykir það nærri leiðinlegt, þegar hv. andstæðingar setja upp þessi hvítasunnuandlit og þykjast vera svo ósköp meinlausir og saklausir. Alt á að vera eftir rjettum reglum og þarf endilega að koma fram, og ef stjórnin segist ekki vera ánægð með niðurstöðu á einhverju ákveðnu

máli, þá lýsa þeir undrun sinni yfir því, að stjórnin skuli vera að gera svona mikið úr öðru eins smáræði. En svo verða þeir steinhissa, ef hún ekki rýkur upp á nef sjer og segir af sjer út af einhverju, sem þeim finst mikilvægt, en stjórnin kann ske lítur alt öðruvísi á.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) segir, að hv. peningamálanefnd geti ekki starfað, ef stjórnin sitji áfram. Jeg verð nú að segja, að jeg hefi ekki orðið var við, að henni hafi orðið svo mikið úr verki þann langa tíma, sem hún hefir starfað, að það geti talist stórt tjón, þó að hún hætti.

Þá gægðist það upp hjá sama hv. þm. (Jak. M.), að nefndin geti ekki starfað, nema stjórnin fari frá, og að það liggi til grundvallar fyrir till. Ef það er grundvöllurinn, þá er ekki hægt að neita því, að hjer er um grímuklædda vantraustsyfirlýsingu að ræða. Jeg hefi auðvitað ekkert út á það að setja, þó að hv. þm. reyni að koma stjórninni frá. En þeir verða bara að gera það á rjettan og þinglegan hátt.

Hv. þm. (Jak. M.) talaði um seðlamálin og viðskiftahöftin. Jeg veit ekki, hvort hann hefir átt við atkvgr. um sitt eigið frv. En það hefði verið beint hlægilegt, ef stjórnin hefði farið að gera það að ágreiningsatriði.

Eða seðlamálin. Hví skyldi stjórnin fara að gera þau að ágreiningsatriði, meðan alt er í einum graut og ekkert komið fram frá hv. peningamálanefnd nema brotasilfur eða eitthvað enn ónýtilegra.

Jakob Möller: Jeg skil það reyndar vel, að hæstv. forsrh. (J. M.) sje illa við hvítasunnuandlitin. Hitt skil jeg síður, hvað hann er orðinn fádæma skilningssljór. Jeg var ekki að átelja það beinlínis, þó að hæstv. stjórn hefði ekki gert þessar atkvgr. sjálfar, sem jeg nefndi, að fráfararsök. Hitt sagði jeg, að eftir því, hvernig þær fóru, hefði stjórnin á eftir átt að ganga eftir því, að úr því yrði skorið skýrt og skorinort, hvert fylgi hún hefði. Hún átti að heimta hreinar línur.

Það, sem hæstv. forsrh. (J. M.) sagði um starf eða starfsleysi peningamálanefndarinnar, kom mjer líka dálítið einkennilega fyrir sjónir, því jeg hjelt, að einmitt hann hefði orðið tilfinnanlega var við það, að hún hefir starfað. Að minsta kosti hefir honum ekki orðið svo greitt um svör við öllum þeim spurningum, sem hún hefir lagt fyrir hann. Svo ógreitt hefir honum orðið um þau, að mig undruðu ekkert orð hv. flm. (E. E.), að afstaða stjórnarinnar til peningamálanna hefði haft spillandi áhrif á þingið. Held jeg því einnig fram, að svo sje, og álít, að hv. deild verði að gera sjer það ljóst, enda er það öllum vitanlegt, að stjórnin hefir beinlínis gefið rangar og villandi skýrslur um ýms mál. Þess vegna get jeg ekki heldur talið það of djúpt tekið í árinni að segja, að siðferði þingsins sje hætta búin af slíkri stjórn.

Að því er kemur til meðferðar þingsins á málum þeim, sem stjórnin lagði fyrir það, þá er þess að gæta, að þau mál eru flest fram borin samkvæmt fyrirmælum fyrri þinga. Því fer t. d. fjarri, að stjórnin hafi tekið það upp hjá sjálfri sjer að „endurskoða“ skattalögin, heldur eru skattafrv. þau,sem stjórnin lagði fyrir þetta þing, fram borin eftir margítrekaða skipun þingsins. En þar við bætist, að eins og nú er ástatt, þá er þingið til neytt að samþ. svo að

segja hvaða tekjuaukafrv., sem fyrir það er lagt. — Að öðru leyti er það um afstöðu þingsins til mála stjórnarinnar að segja, að stjórnin hefir þar oft farið halloka og sjest það best með því að bera saman afstöðu stjórnarinnar til sömu málanna fyr og síðar. Og það haggar þessu ekkert, þó að stjórnin sje altaf í það búin að kúvenda, þegar hún sjer sitt óvænna.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer þykir vænt um það, að hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hefir komið fram úr sauðargærunni; hún er honum ekki eðlilegur búningur. Hv. þm. (Jak. M.) hefir reyndar áður sagt það, sem hann hamraði á nú, um rangar og villandi skýrslur, og hefi jeg áður mótmælt því, og geri mjög ákveðið enn, enda hefir hv. þm. (Jak. M.) aldrei reynt að sanna þetta. Ef það væri satt, mundi það ekki heldur falla vel inn í „meinleysið", sem á að vera í þál. Hv. þm. (Jak. M.) sagði einnig, að það væri ekki mikið, sem stjórnin hefði gert eða lagt fyrir þingið og fengið fram. Um þetta þarf jeg ekki að deila við hann. Og þó að þingið hafi sagt áður, að þetta ætti að gera, þá hefir það ekki sagt, hvernig ætti að gera það. Að öðru leyti getur hv. þm. (Jak. M.) gert eins lítið úr þessu og hann vill. Sumum mundi þó kann ske finnast það eitthvað, þegar t. d. er m. a. lagt fram endurskoðað alt skattakerfi landsins.

Jakob Möller: Jeg vil aðeins undirstrika fyrri orð mín um það, að stjórnin hefir ekki gert annað en það, sem henni var bæði sagt um, hvað og hvernig hún ætti að gera það, og hefir hún meira að segja notið til þess aðstoðar sjerstakra nefnda, og samt ganga málin ekki betur fram en raun er á.

Forsætisráðherra (J. M.): Út af síðustu orðum hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) mundi jeg það, sem jeg gleymdi að taka fram áðan, að það er að sumu leyti alveg satt, að þau mál, sem þingið hefir gefið tilefni til, hafa sum gengið treglega, en mál stjórnarinnar sjálfrar hafa gengið vel til þessa. En hvort þetta sannar það, sem hv. þm. (Jak. M.) ætlast til, það getur hann átt um við sjálfan sig.

ATKVGR.

Tillgr. **f e l d** með 14 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: M. J., M. P., P. þ., þorl. G., þorl. J., þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., B. Sv.

nei: J. S., J. þ., M. G., M. K., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., þór. J., B. H., E. þ., H. K., J. A. J.

2. Landsverslunin.

Á 60. fundi í Nd., mánudaginn 2. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um landsverslunina (A. 431).

Á 61. fundi í Nd., þriðjudaginn 3. maí, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var till. tekin til e i n n a r u m r.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 431).

Jón Þorláksson: Hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) er því miður veikur enn, en hann er frsm. meiri hluta viðskiftamálanefndarinnar í þessu máli. Jeg hefi því tekið að mjer að hlaupa í skörðin fyrir hann. En með því að nú er áliðið þings, og auk þess liðið langt á daginn og hv. deildarmenn orðnir þreyttir á löngum og tilgangslitlum umræðum, þá skal jeg ekki hafa framsögu mína langa, og vænti þess, að hún gefi ekki tilefni til langra umræðna.

Landsverslunin, sem rekin hefir verið frá upphafi á ríkisins kostnað, sækir tilveruheimild sína til laga um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum, sem náðu staðfestingu 1. febr. 1917, og til viðauka við þau lög, frá 30. júlí 1918. Í fyrri lögunum var landsstjórninni veitt heimild til ófriðarráðstafana meðan á Norðurálfuófriðnum stæði, en með viðaukalögunum frá 1918 var heimild þessi framlengd „þangað til öðruvísi væri ákveðið". Af þessu er það bert, að sú landsverslun, sem rekin hefir verið til þessa, var í upphafi hrein og bein ófriðarráðstöfun og til hennar stofnað í þeim tilgangi að draga úr afleiðingum styrjaldarinnar fyrir landið, meðan hún stæði yfir.

Nánari orsakir til þess, að verslunin var rekin í svo stórum stíl, sem raun varð á, voru þær, að þegar leið á styrjöldina, sáu stjórnir bandamanna sjer ekki annað fært en að innleiða vöruskömtun til allra hlutlausra landa í Norðurálfunni. Framleiðslan hafði þá minkað svo, að þær treystust ekki til að halda lífinu í þjóðum bandamanna og hlutleysingjum, nema með því að takmarka útflutning. En af þessu leiddi það, að hlutlausu þjóðirnar urðu, sumpart beinlínis, að eiga við stjórnir bandamanna um vörukaupin, og sumpart óbeinlínis, með því að hlíta reglum þeim, sem þær settu. Þetta land neyddist til að gera víðtæka verslunarsamninga um kaup á aðfluttum vörum og sölu afurðanna, og varð það þá að framkvæmast með stjórnarráðstöfun.

Þessar orsakir, sem gerðu það að verkum, að landsverslunin var rekin í svo stórum stíl, eru nú burtu fallnar. Nú eru engar takmarkanir á sölu á vörum þeim, sem við þurfum að flytja inn í landið, og engar hömlur á útflutningi. En auðvitað má ekki vænta þess, að allar afleiðingar styrjaldarinnar sjeu á braut horfnar. Sumra þeirra mun gæta í rás viðburðanna í heiminum allan þennan mannsaldur og kann ske lengur.

Það er því vitanlegt, að þegar taka á ákvörðun um það, hvort þessi ófriðarráðstöfun eigi að leggjast niður, þá ber ekki að líta á það, hvort allar afleiðingar ófriðarins sjeu um garð gengnar, heldur hitt, hvort þær orsakir, sem gerðu slíka ráðstöfun nauðsynlega, sjeu burtu fallnar. Ef litið er á erfiðleika þá, sem landið á við að stríða nú, þá sjest það, að helsti erfiðleikinn er gamall kunningi, en það er fátæktin, getuleysið til þess að veita sjer það, sem menn óska, og borga það, sem menn þarfnast. Slíkur skortur er gamall kunningi og ekki við því að búast, að honum verði afljett með samskonar ráðstöfun, sem þurfti til þess að greiða úr viðskiftateppunni á stríðsárunum.

Við höfum nú komist að þeirri niðurstöðu, eins og sjá má af greinargerðinni fyrir þál., að ekki sje tímabært, að svo komnu máli, að taka fullnaðarákvörðun um það, hvort leggja skuli landsverslunina niður. Við álítum högum hennar þannig háttað, að ekki sje hægt að leggja hana fyrirvaralaust niður. Við teljum heppilegast, að henni verði haldið áfram til næsta þings og á þeim tíma verði starfi hennar þannig háttað, að það beinist aðallega að því að selja vörubirgðir þær, sem fyrir eru, og innheimta útistandandi skuldir, að svo miklu leyti, sem fært þykir að ganga að skuldunautunum. En að þessum tíma liðnum hafi næsta þing óbundnar hendur í því að taka fullnaðarákvörðun um, hvort hún skuli þá leggjast niður eða ekki. Að þessu beinist þál. okkar.

Það er drepið á það í greinargerðinni, að ein af orsökum þess, að við viljum ekki halda áfram versluninni, er það, hve áhættusöm slík verslun er nú á tímum. Er þar vitanlega átt við verðfall það, sem nú er komið á allar vörur, og búast má við, að haldi áfram og fari vaxandi. En það er mjög óhagstætt fyrir verslanir, sem reknar eru í svo stórum stíl, sem landsverslunin. Enda hefir raun borið vitni um, hve áhættusamt þetta er, og er það þá ekki síst af þeirri ástæðu, að af þessari verslun er heimtað, að hún kaupi og flytji inn það, sem aðrir vilja ekki kaupa, vegna þess, að þeir álíta það of áhættusamt. En okkur virðist ekki ástæða til að hafa ríkissjóð lengur í þessari áhættu, með því að afleiðingar stríðsins gefa ekki lengur tilefni til þess.

Við höfum í greinargerðinni látið uppi skoðun okkar á því, hvernig verslunarrekstrinum skuli hagað á yfirstandandi ári. Við höfum lagt til, að bætt verði við kolabirgðirnar, af þeim ástæðum, sem voru fyrir hendi, þá er nál. var samið, og fyrir liggja enn, þótt breyst hafi nokkuð.

Þá höfum við og talið sjálfsagt, að landsverslunin hefði vakandi auga á steinolíuversluninni, og grípi þar fram í, ef nauðsyn krefur, til þess, að steinolía verði hjer fáanleg með sanngjörnu verði. Eins og kunnugt er, er hjer ekki að tala um nema eitt „firma", sem innflytjanda þeirrar vöru. Annars höfum við lagt til, að landsverslunin bætti engu við birgðir sínar, eða flytti annað inn á þessu ári.

Þá höfum við álitið það heppilegt, að verslunarstjett landsins hefði vitneskju um það, hvenær búast mætti við, að landsverslunin hætti að flytja inn vörur. Með því móti, að henni er ekki gert vitanlegt, hvort hún hætti eða haldi áfram, getur hún ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir í tíma um kaup á þessum vörum. Óvissa um vörukaup landsverslunar gæti orðið til þess, að verslunarstjettin ljeti undir höfuð leggjast að flytja nægar vörur inn, og gæti það stuðlað að því, að vöruskortur yrði í landinu.

Hv. þm. Ak. (M. K.) hefir gert landsjóðsskipin að umtalsefni í greinargerðinni. Meiri hluti nefndarinnar tók þetta ekki í sitt álit af því, að hún vissi, að samvinnunefnd samgm. hafði tekið þetta til athugunar. Sú nefnd komst að sömu niðurstöðu, sem þm. Ak. (M. K.). Hún taldi ekki fært að gera till. um að selja neitt af vöruflutningaskipum landssjóðs, eða skifta þeim fyrir hentugt strandferðaskip, eins og komið hafði til orða.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Hjer eru á dagskrá þrjár þingsályktunartill.,

sem allar eru um sama málið, en einungis ein þeirra til umr. í senn. En af því, að mikils er um það vert að spara tíma nú, mun jeg ræða till. allar í einu, og vona jeg, að hæstv. forseti hafi ekki á móti því.

Jeg ætla fyrst að minnast á síðustu till., eða þá, sem komin er frá hv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Þó að flm. geti fært góð rök að því, að landsverslunin hafi komið að miklu gagni, þá getur stjórnin ekki aðhylst till. hans. Jeg hefi áður lýst yfir því fyrir stjórnarinnar hönd, að hún er ekki hneigð til ríkisverslunar með almennar vörur yfirleitt. Þótt hún flytti frv. á þessu þingi um einkasölu á einstökum vörum, þá var það í sjerstöku augnamiði um hvert þeirra fyrir sig, sem engan verslunarlegan tilgang hafði. Stjórnin getur því ekki fallist á, að landsverslunin, slík sem hún hefir verið, eigi að vera framtíðarfyrirtæki.

Hinar till. getur stjórnin aðhylst, hvor sem samþykt verður. Báðar miða að því, að starf landsverslunarinnar eigi aðallega að vera í því fólgið að selja þær vörur, sem fyrir eru, og innheimta skuldir. Meiri hlutinn ætlast til þess, að hægt verði að ljúka þessu fyrir næstu áramót, og gera þá endanleg reikningsskil. Ef þetta er tekið mjög bókstaflega, getur stjórnin ekki lofað að framkvæma það. Meiri hlutinn bendir á að kaupa verði ef til vill kol og steinolíu, en stjórnin er ekki viss um, nema sama máli gegni um einhverjar aðrar vörutegundir, álíka nauðsynlegar. Og hún getur ekki lofað því, að alt það, sem kaupa þarf, verði selt fyrir næsta nýár.

Þá er till. hv. þm. Ak. (M. K.). Hún gerir ráð fyrir því, að keypt verði kol, steinolía, salt, sykur og kornvörur. En hjer er aðeins um heimild að ræða en enga skipun, og getur stjórnin þá farið eftir því, hve þörfin er brýn. Í stuttu máli sagt: Stjórninni þykir ákjósanlegast að hafa nokkuð frjálsar hendur og geta hagað sjer eftir kringumstæðunum. Stjórnin væntir þess, að öllu þoki í þá átt, að hægra verði að leggja landsverslun niður á næsta þingi, ef mönnum þá sýnist svo.

Fleira hefi jeg ekki að segja og býst ekki við, að jeg þurfi að taka aftur til máls.

Magnús Kristjánsson: Jeg er sammála hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) um það, að ástæðulaust sje að hafa langar umr. um þessar till., sem hjer liggja fyrir. Jeg álít, að greinargerðir þær, sem tillögunum fylgja, skýri málið nægilega, og þess vegna er hægt að komast hjá að segja mörg orð um þær. Jeg vona, að hv. þm. sjái, að mín till. fer þann hóflega meðalveg, og þess vegna vænti jeg, að þeir geti fallist á hana. Aðaláherslan er á það lögð að binda ekki um of hendur stjórnarinnar, svo að hún geti aflað landinu þeirra vörubirgða, sem nauðsynlegar eru. Þess vegna hlýt jeg að vera mótfallinn till. meiri hlutans, því hann einskorðar landsverslunina við 2 vörutegundir, kol og olíu. Hafi þetta getað talist afsakanlegt þegar till. var samin, er nú frágangssök að samþykkja það, því að kringumstæður hafa breyst síðan, og það ekki til batnaðar. Örðugleikarnir hafa vaxið. Tímarnir eru svo nú, að fara verður gætilega í því að hindra stjórnina í því að afla landinu nauðsynja, og er því hyggilegast að fallast á till. mína, sem tekur tillit til þessa. Jeg þarf ekki að ræða þetta mál, greinargerðin getur talað fyrir mig, og hana vona jeg, að hv. þm. hafi lesið, en jeg

verð þó að víkja að nokkrum atriðum í greinargerð meiri hlutans, sem geta verið villandi.

Það er skýrt svo frá í þessari greinargerð, að rekstrarhalli verslunarinnar hafi á síðasta ári verið kr. 347,566,44. Þetta er villandi, því að hagnaður er á því ári kr. 610,649.02, og er það talsverður munur. En jeg þykist sjá, hvaðan þessi villa stafar, því að meiri hlutinn dregur frá niðurfærslu á kolum, sem gerð var um síðustu áramót. Þessi niðurfærsla er færð á fyrra árs reikning, en það er vafamál, hvort þetta beri að skoða sem halla verslunarinnar eða ekki. Þetta er ekki þýðingarmikið atriði, því að einu gildir, hvar þetta lendir, hvort heldur er á landsverslun eða ríkissjóði, en til þess að sýna sanna niðurstöðu á rekstri verslunarinnar, vil jeg benda á tvö atriði. Meiri hlutinn heldur því fram, að niðurfærsla sú, sem gerð var á kolum og salti í þann mund, sem vopnahlje var samið og nam um 1½ milj. kr., sje tap verslunarinnar. Þessu verð jeg að mótmæla, því að hægt hefði verið að komast hjá þessu tapi, með því að halda við eðlilegu vöruverði og selja vöruna eins og hún kostaði. En stjórnin leit svo á, að rjett væri að veita almenningi þessi hlunnindi, og verður það ekki skoðað sem tap. Næsta þing staðfesti þessa skoðun, með því að ákveða, að þetta skyldi ekki teljast tap verslunarinnar, heldur skyldi það unnið upp með tolli. Þess vegna er ekki hægt að færa upphæð þessa til frádráttar. Með því að færa alla þessa síðari verðniðurfærslu á kolum á landsverslunina, sem alls ekki er rjett, yrði hallinn á síðasta árs rekstri ekki meiri en kr. 207,945, því að þær 139 þús., sem meiri hlutinn telur með, er alt annars eðlis, og er næsta undarlegt að telja það verslunartap. Annars eru þetta atriði, sem ekki er vert að deila um, en jeg vildi aðeins skýra það af því, að meiri hlutinn hefir reynt að koma inn misskilningi, þeim viðvíkjandi.

Þá heldur meiri hlutinn því fram, að verslunin hafi notið stórkostlegra hlunninda fram yfir aðrar verslanir. Hún hafi verið látin sitja fyrir með vöruflutninga á skipum landssjóðs, og verið bjargað frá kolatapinu með tolli. Jeg hefi áður talað um kolin, og þarf ekki að fara lengra út í þær flækjur hv. meiri hluta. En hvað skipunum viðvíkur, veit jeg ekki betur, en að verslunin hafi greitt fult farmgjald fyrir vörur þær, sem þau hafa flutt fyrir hana.

Þá er því slegið föstu í greinargerðinni, að landsversluninni hafi aðeins verið ætlað að starfa stuttan tíma. Jeg verð að telja þetta mjög hæpna ályktun. Það hlaut auðvitað að fara eftir því, hvernig verslunin gengi, hvaða árangur hún hefði, hvort hún stæði lengur eða skemur. Og úr því að árangurinn hefir reynst góður, er ekki ástæða til að leggja hana niður þess vegna. Og síst er tími til þess nú að taka ákvörðun í þá átt, að verslunin hætti þegar í stað.

Þá er lögð áhersla á það í greinargerð meiri hlutans, að verslunin sje áhættumikil, og eigi frekar að stuðla að því að losa landssjóð við áhættu á þessum tímum, heldur en að auka hana. Þetta er út í loftið sagt. Áhættan er ekki meiri nú en áður hefir verið, og þetta getur engin úrslitaáhrif haft á málið. Jeg spyr alla þá hv. þm., sem hafa tilhneigingu til þess að líta rjett á málið, og ekki eru bundnir hagsmunum, sem teyma þá í öfuga átt. Er nokkurt vit í því á þessum tímum að tala um, að landið þurfi sem fyrst að hrista

af sjer þessa stofnun, landsverslunina? Jeg lít þveröfugt á það mál. Jeg er sannfærður um, að það hefði lamandi áhrif á alt viðskifta- og atvinnulíf landsins, ef þessi stofnun yrði afnumin þegar alt er enn í óvissu í heiminum, eins og nú á sjer stað. Afleiðingarnar eru tvennskonar. Í fyrsta lagi sú, að svo er nú komið, að skortur er orðinn á ýmsum vörutegundum, svo sem kolum, rúgmjöli og sykri. Þetta er afleiðingin af því hiki, sem orðið hefir á starfsemi vegna þess, hvaða skoðun hefir verið á lofti haldið af mótstöðumönnum landsverslunar. Og í öðru lagi er minni von um, að fyrirtækið geti staðið straum af þeirri verðlækkun, sem orðið hefir á kolum og öðrum vörutegundum á þessu ári. Hefði verslunin ekki orðið að takmarka sig vegna þess mótþróa, sem hún hefir átt að mæta, og hefði þessi andróður gegn versluninni ekki átt sjer stað, þá hefði hallinn getað orðið lítill. En það er loku fyrir það skotið, að nokkuð geti áunnist, ef till. hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) og hans samherja verða samþ., enda vænti jeg, að svo verði ekki, því það myndi verða til mikils tjóns.

Jeg held jeg hafi lofað því að verða stuttorður, og verð því að enda það, enda var hv. frsm. (J. þ.) svo hógvær, að jeg vil síst gefa tilefni til þess, að hann þurfi að eyða miklum tíma í þetta mál. Jeg vil þó, áður en jeg skil við málið, geta þess, að enda þótt jeg að ýmsu leyti geti fallist á stefnu hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), lít jeg þó fremur á hana sem framtíðarhugsjón, sem rjett sje að stefna að, þó að ekki sje hægt að framkvæma hana nú, eins og sakir standa, eða gera eins víðtækar ráðstafanir og hann vill og telur æskilegar. Það er eins um þetta mál og mörg önnur, sem miða til þjóðþrifa, að þjóðin þarf tíma til þess að átta sig á þeim og skilja nytsemi þeirra. Það er annað, sem gerir það líka, að jeg treystist ekki að fylgja stefnu þessari nú þegar, og það er það, að fyrirtækið heimtar mikið rekstrarfje, sem erfitt er að hafa handbært nú á tímum.

Eftir að hafa tekið þetta fram, og jafnframt vísað til greinargerðarinnar, sem fylgir minni till., býst jeg ekki við, að jeg þurfi fleira að segja, og treysti svo á greind og góðan vilja hv. þdm., að jeg tel víst, að þeir samþykki till. mína.

Jón Baldvinsson: Jeg ætla að nota mjer leyfi það, er hæstv. forseti (B. Sv.) gaf, að tala mætti um allar þessar till. í einu, enda verður tæplega á eina þeirra minst, án þess að minnast á hinar líka.

Haustið 1914 byrjaði landið á verslun þeirri með nauðsynjavörur, sem síðan hefir nær slitlaust starfað, og nú má segja, að sje orðin föst stofnun í landinu, og kölluð er landsverslun.

Orsökin til þess, að landið byrjaði á þessari verslun, mun fyrst og fremst hafa verið óttinn við vöruskort, en vafalaust líka að nokkru leyti sú, að matvörubirgðir allar í verslunum hjer voru færðar upp í verði, þegar stríðið skall á. Þá var verslun landsmanna þannig, að þó að sumar vörutegundir væru frá Vesturheimi, t. d. hveiti og haframjöl o. fl., þá komu þær hingað krókaleiðir, sumpart yfir England og sumpart jafnvel keyptar af dönskum milliliðum og frá Danmörku. En í stríðsbyrjun urðu straks nokkrir flutningaerfiðleikar,bæði vegna eftirlitsins o. fl. „Hermods"-farmurinn, sem keyptur var frá Vesturheimi haustið 1914, var seldur straks frá skipi að heita mátti. Þótti almenningi bæði

verð og vörugæði skara fram úr því, sem áður var á kaupmannavörum, og hlaut stjórnin mikið lof fyrir þessi vörukaup hjá allri alþýðu. En kaupmenn brugðust ofsareiðir við, og töldu á rjett sinn gengið. Hófst þá sú barátta kaupmanna gegn landsverslun, sem staðið hefir til þessa dags.

Fyrstu árin, sem landsverslunin starfaði, var yfirstjórn hennar í stjórnarráðinu. Atvinnumálaskrifstofan, eða rjettara sagt skrifstofustjórinn þar, rjeði nær öllu um starfsemi hennar, og nokkur hluti bókhaldsins var þar einnig. Þetta fyrirkomulag reyndist nokkuð þunglamalegt, og fyrir aðgerðir þingsins var þessu kipt í lag þannig, að sjerstök framkvæmdastjórn var skipuð fyrir verslunina, og sýndi það sig brátt, að það fyrirkomulag var miklu hagfeldara.

Það er fyrst síðari hluta ársins 1917, að verslunin er komin í fast horf, og þá fer hagfeldra áhrifa hennar verulega að gæta í verslun landsmanna. En fram að þeim tíma hafði verslunin að miklu leyti verið nokkurskonar vöruforðabúr. En úr því má segja, að landsverslunin flytji inn megnið af þeim nauðsynjavörum, sem landsmenn þarfnast, og verður það bæði fyrir þá sök, að ófriðarþjóðirnar, sem eftirlit höfðu með flutningum hingað og hjeðan, og keyptu að mestu afurðir landsmanna, höfðu með samningum lofað landinu nauðsynjavörum, en landsverslunin sjálfsögð til þess að taka að sjer verslun með þá vöru, og svo hitt, að skipakostur var þá lítill og kaupmenn höfðu hvorki vilja nje getu til þess að taka á sig þá áhættu, sem því fylgdi að birgja landið að vörum. Þannig verður landsverslunin fyrir rás viðburðanna nær eini innflytjandinn um nokkurt tímabil.

Þó að kaupmenn væru getulitlir um innflutning og kaup á nauðsynjum, þá hjeldu þeir þó uppi stöðugum andróðri gegn landsversluninni. Og þegar vopnahlje var samið milli ófriðarþjóðanna síðast á árinu 1918, hugsuðu þeir sjer gott til glóðarinnar, að verða aftur einráðir um verslun landsins, og hófu þá herferð á hendur landsversluninni. Var þá ekkert til sparað að gera hana sem allra tortryggilegasta í augum landsmanna. Þóttust kaupmenn nú geta útvegað vörur fyrir miklu lægra verð en landsverslunin seldi. Varð sú barátta kaupmanna ekki árangurslaus. Landsstjórnin ljet að nokkru undan. Áttu þeir nú að uppfylla loforð sín við landsmenn og gefa þeim kost á hagkvæmari viðskiftum og lægra verði á nauðsynjum. En reynslan varð nokkuð önnur og dýrkeypt almenningi. Vil jeg sjerstaklega benda á eina vörutegund, sykur, sem landsverslunin hætti í bili að versla með 1. maí 1919. Var ætlunin, að kaupmenn tækju þá við. En svo brá undarlega við, að þá þegar varð skortur á þessari vöru. Fyrsta sending til kaupmanna varð með svipuðu verði — lítið eitt dýrari þó — en landsverslunin hafði áður selt fyrir, en hækkaði svo aftur hjá þeim um nær eina krónu á hvert kg., og lækkaði eigi fyr en landsverslunin tók aftur að flytja inn danskan sykur, sem hún að vísu mun hafa fengið hagkvæm kaup á, en það er líklega óhætt að fullyrða, að þeirra kjarakaupa hefðu landsmenn ekki notið fyrir milligöngu kaupmanna, eða þó að þeir hefðu fengið þessi kjör, þá mundu landsmenn ekki hafa notið þeirra, að minsta kosti ekki að öllu. Og það, að landsstjórnin slepti þá nokkru af sykurversluninni í hendur kaupmanna, og ljet landsverslunina hætta með þá

vöru, þó ekki væri nema um stund, hefir áreiðanlega orðið landinu dýr tilraun, því ef það hefði ekki verið gert, mundu hafa verið keyptar svo miklar birgðir eða samið um kaup á þeim, þegar um veturinn 1918, að eigi hefði þurft að hækka verðið það ár út. En einnar kr. hækkun á hverju kg. af sykri nemur á eyðslu landsmanna liðl. 200 þús. kr. á mánuði eða um hálfa þriðju miljón kr. yfir árið, svo að hjer er ekki um neinar smáfjárhæðir að ræða.

Á síðastliðnu ári fluttu nokkrir heildsalar inn hveiti frá Ameríku samhliða landsversluninni, og var verð þeirra að jafnaði mun hærra en verð hennar. Og það var segin saga, að þegar fór að ganga á birgðir landsverslunar, settu þeir hveitið upp enn meir. Jeg get af talsverðum kunnugleik um þetta borið, og mjer hefir talist til, eftir rannsókn á verðlaginu, að sú verðmunur hafi verið liðugar 60 kr. á smálest, sem heildsalarnir voru að jafnaði hærri en landsverslunin, eða 4 kr. á venjulega hveitipoka, en þeir eru 63 kg. Nú hefir innflutningur af hveiti hingað til lands verið kringum 3800 smálestir, ef tekið er meðaltal innflutnings á árunum 1916—1918, eins og hann er talinn í verslunarskýrslunum. Og sá óbeini hagnaður, sem landsmenn hafa haft af lægra verði landsverslunar, eftir því sem mjer telst til, er þannig ekkert smáræði, eða nálægt 230 þús. kr. á ári. Það munar um minna.

Rúgmjölsverð landsverslunar var á síðasta ári — en það er hendi næst — ávalt það lægsta. En kunnugt er mjer um það, að þegar þrot voru hjá landsverslun á rúgmjöli, þá var það að minsta kosti einn heildsali, sem seldi það 18 kr. hærra tunnuna, en altítt var, að það væri selt 1—5 kr. hærra. Sýnir þetta eins og annað, hvernig verðið mundi hafa orðið, ef landsverslunarinnar hefði ekki notið við. Og þótt ekki sje gert, að verðið hefði þá verið hærra en 2 kr. á hverja rúgmjölstunnu, eða 20 kr. á smálest, verður það nálægt 100 þús. kr. á árlega notkun landsmanna, en meðalnotkun árin 1916—1918 er tæpar 5 þús smálestir.

Um steinolíukaup landsverslunar á síðasta ári þarf ekki að fjölyrða. Öllum er kunnugt, hversu mikill hagur landsmönnum varð að þeim. Enda virðast allir sammála um, að sjálfsagt sje, að landsverslunin hafi með hönd í bagga um steinolíuverslunina, þó að rjettara væri nú samt, að hún tæki hana algerlega í sínar hendur.

Kolakaup landsins á síðasta ári verða algerlega að skoðast sem öryggisráðstöfun gegn yfirvofandi hættu, þeirri hættu, að kolaverkfallið í Bretlandi, sem þá stóð fyrir dyrum, mundi standa lengi. Og það voru fleiri þjóðir en Íslendingar, sem reyndu að draga að sjer eins mikið af kolum og þær gátu. Allar aðrar Norðurlandaþjóðir munu hafa gert slíkt hið sama. Hafa fáir orðið til þess að ámæla stjórninni fyrir þessa ráðstöfun. Flestir munu hafa talið hana sjálfsagða eins og þá stóð á. Samt var nú þá frjáls innflutningur á kolum. En það virtist, sem kolakaupmenn hefðu hvorki vilja nje getu til þess að flytja inn kol. Jafnvel hið volduga kolakaupfjelag útgerðarmannanna hjer í Reykjavík virtist gersamlega ómáttugt til þessa. Landið varð því að kaupa, hvað sem það kostaði, eins og svo oft kom fyrir á stríðsárunum, þegar kaupmennirnir hvorki vildu nje gátu flutt inn nauðsynjavöru, þá þurfti lands-

verslunin oft að bregða við skjótt, leigja skip og kaupa vörur, til þess að ekki yrði skortur í landinu. Urðu þessar ráðstafanir oft kostnaðarsamar eins og gefur að skilja, þegar landið þurfti að hlaupa í skörðin, miklu kostnaðarsamari en ef enginn hefði reitt sig á kaupmenn, og landsverslun ætlað að hafa á hendi allan innflutning. Þessar ráðstafanir voru það, sem kaupmenn og málsvarar þeirra kölluðu „skakkaföll" landsverslunar. Blöð þeirra hafa verið látin breiða sig út yfir þetta. En yfir vanmætti kaupmanna til að birgja landsmenn að vörum, sem þeir þó þóttust sjálfkjörnir til og fullkomlega færir um, var vandlega þagað. Og þannig var ástatt, þegar kolakaupin voru gerð. En það, sem greinilegast sýnir, að hjer var um sjerstaka ráðstöfun að ræða, er það, að það er landsstjórnin sjálf, sem lætur gera þessi kolakaup, í sambandi við útflutning á hrossum til Englands, en ekki stjórn landsverslunarinnar, eins og vera hefði átt, ef um venjuleg vörukaup hefði verið að ræða. Mjer er nú ekki grunlaust um, að þessi kaup hefðu ef til vill orðið nokkuð hagfeldari, ef stjórn landsverslunarinnar hefði ráðið þeim. En út í það skal ekki farið hjer. Hitt veit jeg aftur á móti, að þessi kol voru á síðastliðnu ári seld undir því verði, sem þau kostuðu hingað komin, og þessi verðmunur var ekkert smáræði. Eftir því sem jeg hefi komist næst, hefir hann verið um 20—30 kr. á smálest, og hefir þá síðasta rekstrarár landsverslunarinnar borið þennan halla uppi, svo að hagnaðurinn af versluninni 1920 hefir í raun rjettri verið hátt á annað hundrað þús. kr. hærri en reikningarnir sýna.

Það er óhætt að segja, að af kaupmannaliði landsins hefir fátt verið til sparað að ófrægja landsverslunina. Henni hefir verið kent um flestalt það, sem aflaga hefir þótt fara í verslunarmálum þjóðarinnar. Allar framkvæmdir hennar hafa verið færðar á versta veg. Þessa hefir sjálfsagt þurft með, til þess að vinna nokkuð á. Almenningur vissi, eða átti að geta vitað, í hvaða skyni þessar árásir voru gerðar. Og hann þekti nokkuð til þess, að kaupmennirnir voru hjer að vinna fyrir sjálfa sig, til þess að geta aftur tekið við yfirráðum verslunarinnar. En því miður hafa þessar ofsóknir borið meiri árangur en verðugt er. En við þessu mátti kann ske búast, jafnsleitulaust og unnið var. Í hverri búð, að heita má, fylgdi og fylgir enn, hverju sykurpundi og hverju grænsápupundi, sem úti var látið, einhver hnífilyrði og hnjóðsyrði um landsverslunina. Vitanlega hefir ekki heldur verið sparað að flytja hnjóð um verslunina í kaupmannablöðum landsins. Og á opinberum fundum hafa almenningi verið fluttar hinar ógurlegustu tröllasögur af skakkaföllum hennar.

Á síðastliðnu hausti skáru kaupmenn upp herör gegn landsversluninni kringum alt land, og var ætlun þeirra að fá þingið til þess að ganga milli bols og höfuðs á þessari þörfu stofnun. Þá var, eins og segir í Heljarslóðarorustu Gröndals, mörgu logið. Í kosningunum hjer í Reykjavík var landsverslunin kölluð „stærsta þrotabú landsins". Og það er í rauninni hart fyrir þá hina sömu, sem þessari skoðun fylgdu, að verða að skrifa undir, að hún eigi nú eignir um hartnær 2 miljónir króna. Bara að við ættum fjölda af þesshátt ar „þrotabúum". Á Austfjörðum er mjer sagt að sú saga hafi verið látin ganga út frá kaupmönnunum þar á undanförnum

þingmálafundum, að landsverslunin hefði á síðastliðnu hausti, þegar hveiti var í sem allra hæstu verði og dollarinn í hálfri áttundu krónu, keypt tvo skipsfarma af hveiti frá Canada. En þessir skipsfarmar hefðu frosið inni og kæmu ekki fyr en með vorinu. En þessir farmar væru að minsta kosti ársbirgðir, og væri því engin von á lækkun á þessari vöru vegna þessara ráðstafana landsverslunar. Fleiri sögur þessu líkar hafa verið á gangi, svo sem um það, að einn eða fleiri kolafarmar hafi týnst og því um líkt. En það er ástæðulaust að vera að rifja það alt upp hjer. En það sýnir, hvaða meðulum hefir verið beitt til þess að vinna slig á þessari stofnun.

Þá er það önnur aðferð, sem kaupmannaliðið hefir líka notað jöfnum höndum, og sú aðferð er miklu lævíslegri og skaðlegri. En það er sú aðferð, að þykjast ávalt geta útvegað vöru með lægra verði en landsverslunin. Hafa þeir þótst hafa í höndum tilboð um, að nú sje hægt að fá þessa og þessa vörutegund fyrir svo og svo miklu lægra verð en landsverslunin selji fyrir. Hafa þeir stundum verið að hampa símskeytum, er sýni þetta. En ávextirnir af þessu lága verði þeirra hafa aldrei komið í ljós. Og þó að þeir hafi fengið vörur samtímis landsversluninni, þá hefir verð þeirra nær ávalt verið hærra, eins og jeg hefi sýnt fram á. En almenningur er má ske nokkuð varbúinn að sanna, að þessar staðhæfingar þeirra í hverju einstöku tilfelli sjeu beinlínis rangar. Og meðan viðskiftahöftin voru, gátu kaupmenn skotið sjer inn undir þau, og ekki þótst geta fengið þetta innflutt, þó að innflutningshöftin yfirleitt ekki að jafnaði tæki til matvöru. Og þessum tylliboðum hefir síðan verið hampað bæði leynt og ljóst, í von um, að ekki tækist að sanna, að þau væru blekkingar einar. Þessi tylliboð hafa jafnvel komist hjer inn í þingsalinn, auðvitað í því skyni að ófrægja landsverslunina og í sömu voninni, að ekki væri hægt að sanna, að þau væru eintómt tál. Það var hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.), sem í framsögu sinni um skipun viðskiftamálanefndar á fundi í þessari hv. deild, bar fram eitt slíkt tylliboð. Gerði hann þar samanburð á því, hvað hveiti landsverslunar kostaði þá, og hvað hægt væri að fá það fyrir frá útlöndum, og komst að þeirri niðurstöðu, að hægt væri að útvega hveiti fyrir 48 kr. 30 aura hvern 63 kg. poka, komið á höfn hjer við land, og flutningskostnaður þá greiddur. Og átti þetta, eftir útreikningi þessa reikningsmeistara, að vera nærri 44 kr. ódýrara en verð landsverslunar. En til þess að gera málið enn flóknara, þá var verðið miðað við, að kaupmannahveitið væri komið á höfn á viðkomustað millilandaskipa, utan Reykjavíkur, því með því fekst líka óhagstæðari samanburður fyrir vöru landsverslunar. Benda má á það, að hefði hv. þm. (J. þ.) tekið hjer til samanburðar síst betri tegundir sömu vöru, sem heildsalar höfðu hjer til sölu um og eftir síðastliðin áramót, þá hefði verðmismunurinn á því orðið að minsta kosti 3—4 kr. hærri á hverjum hveitipoka. En samanburðurinn var líka að öðru leyti mjög villandi og blekkjandi. Hveitið, sem landsverslunin hafði þá, og var í þann veginn að selja upp, var keypt á síðastliðnu hausti, þegar hveiti var í miklu hærra verði og gengi erlendrar myntar hærra en það hefir jafnvel nokkru sinni komist áður, meðal annars var dollarinn í 7 kr. 60 aurum og sterlingspundið til-

svarandi hátt. En þegar hv. þm. (J. Þ.) kom með tilboð sitt, var hveiti nokkuð lækkað og gengi erlendrar myntar lækkað líka að miklum mun. En þrátt fyrir allan þennan villandi samanburð, sem mætti fóðra sem nokkurskonar kaupmannabrellur — og þeim eru menn orðnir svo vanir í þessu sambandi, — þá eru þessar smáblekkingar þó í mínum augum nærri því aukaatriði.

Það mætti nú ætla, að þessháttar tilboð, sem flutt er fram hjer í þingsalnum sem óyggjandi sannleikur, hafi við eitthvað að styðjast; það sjeu ekki aðeins hin venjulegu tylliboð kaupmanna, sem margir hafa orðið varir við í sambandi við landsverslunina. En líkur benda samt sem áður óneitanlega í þá átt, og það svo sterkar líkur, að það má nær telja fullkomnar sannanir fyrir því, að tilboð þetta, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir borið hjer fram á löggjafarþingi þjóðarinnar, sje ekkert annað en blekking. Og skal jeg leitast við að sanna þetta.

Það var 23. febr. síðastliðinn á fundi þessarar hv. deildar, að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) flutti fram þessar margnefndu árásir sínar á landsverslunina. Og þá var þessi ræða hv. þm. (J. Þ.) birt í Morgunblaðinu. En nokkrum dögum seinna kemur í öðru dagblaði hjer í bænum samskonar árás á landsverslunina. Og undir þeirri grein dulnefni, stafirnir S. S. Í þeirri grein er verið að kvarta undan verðlagi landsverslunar og fullyrt, að hægt sje að fá hveiti frá Englandi fyrir 48—50 kr. hveitipokann. Skal jeg með leyfi hæstv. forseta lesa hjer upp stuttan kafla úr grein þessari. Þar segir svo:

> „Í miðjum febrúar gat Bakarameistarafjelag Reykjavíkur fengið 35—40 smálestir af hveiti frá Englandi, sem ekki hefði kostað meira en 48—50 kr. pr. poka (63 kg.) hingað kominn, en þegar til viðskiftanefndar kom, vildi hún ekki leyfa innflutning á því, enda þótt heildsali sá, er útvegað gat hveitið, hefði erlendan gjaldeyri til að borga það með, en aftur á móti vill viðskiftanefndin leyfa, og leyfir, landsverslun að flytja þetta sama hveiti.“

Og það er rjett í þessari grein, að landsverslunin gekk inn í þetta tilboð um hveitið frá Englandi, og flutti hveitið inn handa Bakarameistarafjelaginu. En hvað kemur þá upp úr kafinu? Hveitipokinn kostar, hingað kominn, kringum 60 kr. Var það nú vegna gífurlegrar álagningar landsverslunar, eða hvað? Nei, onei! Það var nú dálítið annað. Bakararnir þóttust, sem von var, illa sviknir með 60 kr. verðinu í stað 48—50, sem heildsalinn hafði boðið þeim, og vildu fyrst í stað kenna landsverslun. Og þeir sönsuðust ekki fyr en þeim var sýnt tilboðið, sem landsverslunin hafði gengið inn í, og þeir sáu, að það var hið sama, sem þeir höfðu áður fengið. Og þeim var bent á, hvernig í öllu lægi. Höfuðkórvillan var sú, hvort sem það var viljandi eða óviljandi hjá heildsalanum, sem hveititilboðið gerði, eða hjá bökurunum, að gengið hafði verið út frá í enska tilboðinu 50 kg. poka (eða ctw.), og þá kostaði hveitið 48—50 kr., en hjer hafði það verið túlkað á þá leið, að átt væri við 63 kg.

En þessi viljandi eða óviljandi misreikningur er notaður til þess að gera árásir á landsverslunina. Og greinarhöfundurinn í dagblaðinu, sem áreiðanlega hefir fengið upplýsingar um þennan misskilning, fann ekki ástæðu til þess

að leiðrjetta þetta. Það var alt of mikil sanngirni, þegar landsverslunin átti í hlut.

En nú vil jeg aftur víkja að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) og tilboðinu, sem hann skýrði frá í þessari hv. deild, og átti að vera rothögg á landsverslunina. Það liggur ískyggilega nærri að ætla, að tilboð hans sje samskonar tylliboð og hjá greinarhöfundinum. Það er má ske ekki hægt að færa á það lögfullar sannanir, en líkurnar benda óneitanlega í þá átt. Verðið er hið sama eða svipað hjá báðum, 48 kr. og 30 aurar hjá hv. þm. (J. Þ.) og 48—50 kr. hjá hinum. Báðir miða verðið við sama vörumagn, 63 kg. En nú hefi jeg fært sönnur á, að grundvöllur sá, vörumagnið, sem greinarhöf. bygði á, var rangur, og verðið þar af leiðandi of lágt. Þessar s a n n a n i r liggja ekki fyrir um hitt, en l í k u r n a r eru allar fyrir því, að sama eigi sjer stað um það.

Jeg hefi nú haft nokkur kynni af hveititilboðum frá Englandi, bæði fyrir og um þetta leyti, og það tilboðum frá sumum stærstu verslunarhúsum á Englandi í þessari verslunargrein. Og verðið hefir verið hjá þeim flestum svipað því, sem þetta hveiti reyndist, er landsverslunin flutti þaðan. Og styður það alt mitt mál, að tilboð þm. (J. Þ.) sje aðeins venjulegar blekkingar til að skaða landsverslunina í augum almennings.

Það g æ t i verið um þá afsökun að ræða hjá hv. þm. (J. Þ.), að hveitið, sem ekki átti að kosta nema liðl. 48 kr., hafi verið svo afskaplega ljeleg tegund, og sem venjulega væri þá notað til skepnufóðurs, og þess vegna verið svo ódýr. En blekkingin væri alveg sú sama.

Þess er vert að geta, að um þessar mundir, sem þetta kom fram, hafði landsverslunin gert kaup á hveiti í Ameríku, og kom það skömmu síðar, og var það um 5 kr. ódýrara en enska hveitið, svipuð tegund.

Jeg hefi verið nokkuð langorður um þetta, en mjer hefir fundist ástæða til þess að hrekja þessar blekkingar kaupmanna um hið lága verð kaupmanna móts við verð landsverslunar, og þessi tvö dæmi, sem jeg hefi nú rakið, hafa bæði komið fram opinberlega, svo að hægt er að halda sjer að þeim. Vitanlega hafa mörg slík tilboð komið fram, en jeg hygg, að þau sjeu flest af sömu rótum runnin og að þau mundu reynast ljettvæg eins og þessi, ef þau væru krufin til mergjar. En á þennan hátt hefir verið reynt að spilla hug manna til landsverslunarinnar. Og þessi eru vopnin, sem nú eiga að ráða niðurlögum hennar.

En hví er nú verið að þessu? Ef verðlag kaupmanna er svona miklu lægra og hagstæðara almenningi eins og þeir fullyrða og láta fullyrða, þá er auðsætt, að landsverslunin á að falla úr sögunni. En þetta lága verðlag kaupmanna er ekki nema fullyrðingar út í bláinn. Reynslan er þeim óhagstæð. Hún segir, að landsverslunin hafi verið hollari þjóðinni en kaupmannaverslunin. Kaupmennirnir gera tylliboð um lægra verð á vöru einhversstaðar úti í heimi. Landsverslunin sýnir það áþreifanlega í verki, með yfirburðum yfir kaupmannaverðlagið. Þess vegna á ekki að leggja hana niður. Þess vegna á að efla hana og auka, svo að hún starfi áfram, þjóðinni til gagns.

Fram á þetta fer mín till. En því miður kemur hún síðast til atkvæða. Jeg hefi nú tilhneigingu til þess að samþ. till. hv. þm. Ak. (M. K.), og mun sennilega gera það, því að hana má fram-

kvæma svo, að líkur verði árangurinn af henni og minni till.

Að lokum skal jeg geta þess, að það var algerlega óþarft af hæstv. atvrh. (P. J.), að sverja stjórnina frá „socialismanum", þótt hann viðurkendi, að mín till. væri góð; þá viðurkenningu var honum alveg óhætt að gefa, án þess, að nokkuð slíkt kæmi til.

Jón Þorláksson: Jeg get fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar þakkað hæstv. stjórn fyrir að geta aðhylst till. okkar, sem jeg vona, að verði samþykt. Var mjer enda kunnugt um það áður, að hún mundi geta það, og mundum við hafa borið málið fram í öðru formi en í þál.formi, ef svo hefði eigi verið.

Jeg ætla ekki að fara út í ástæðurnar fyrir því, hvers vegna meiri hlutinn lagði ekki til, að heimildin til verslunarrekstrarins yrði af stjórninni tekin með því að breyta hlutaðeigandi lögum. Við höfum ekki farið fram á það, að stjórnin yrði svift heimildinni, og er því lagalega heimildin enn til staðar, þó að till. okkar verði samþykt. Getur stjórnin því gripið til hennar ef ástæður kunna að breytast svo, að það verði nauðsynlegt. Getum við, sem stuðningsmenn stjórnarinnar, að sjálfsögðu gert okkur það að góðu, að stjórnin geri það, ef brýn þörf er á, en hins vegar treystum við því, að stjórnin telji ekki annað brýna þörf en sem er það í raun og veru.

Hv. þm. Ak. (M. K.) þarf jeg litlu að svara. Talaði hann hógværlega í þetta sinn, enda ber svo lítið á millum hans og okkar meiri hlutans, að nærri lá, að við 4 nefndarmennirnir gætum fylgst að um nefndarálit og till. Hann taldi ástæður breyttar nú frá því, er þær voru, er nál. meiri hlutans var samið. En þetta er ekki rjett. Aðstaða okkar að kaupa vörur og koma þeim til landsins er ekki verri nú en hún var þá; hafa vörur einmitt talsvert lækkað og flutningsgjöld sömuleiðis síðan, svo að erfiðleikarnir hafa fremur minkað en vaxið. Má segja, að eini þröskuldurinn á veginum sje fátækt okkar, erfiðleikarnir á að borga.

Fyrir útkomunni á rekstri landsverslunarinnar er gert grein í nál. meiri hlutans, og er enginn ágreiningur um lokatöluna. Hið raunverulega tap á árinu 1920 er það, sem varasjóðurinn hefir lækkað um, og er greint frá því í nál., af hverju þetta tap stafar, kolalækkuninni, og mundi þetta vera talið verslunartap hjá öllum öðrum verslunum. En þó að verði að telja þetta svo, þá er ekki verið að leggja það forstöðumönnum verslunarinnar til lasts, heldur hefir þetta orðið fyrir ófyrirsjáanlega rás viðburðanna.

Okkur skilur einkanlega á um framtíðarhugsjónirnar. Er hv. þm. Ak. (M. K.) þar samherji hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), og telur, að í hans stefnu felist framtíðarhugsjón, sem þjóðin enn sje ekki nægilega þroskuð til að veita móttöku eða skilja.

En það er alt önnur hugsun, sem vakir fyrir mjer en sú, að ein stjórn framkvæmi alt og að landsmenn sjeu eins og auðmjúk börn, sem taki möglunarlaust móti öllu, sem heimilisfaðirinn rjettir að þeim. En þetta er það, sem vakir fyrir hv. 2. þm. Reykv. (J. B.).

Þá eru það einstök atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), sem jeg get ekki komist hjá að svara.

Hann rjeðist allógætilega á mig fyrir ummæli, sem jeg hafði haft hjer fyr á þinginu, þegar rætt var um skipun viðskiftamálanefndar og afnám innflutningshaftanna. Jeg gerði þá grein þess,

að viðskiftanefndin, sem þá sat, var notuð eftir fyrirmælum stjórnarinnar til þess að neita öðrum um innflutning á þeim vörum, sem landsverslunin seldi, jafnvel þó að aðrir gætu flutt þær inn og selt þær með miklu lægra verði, sökum lækkandi verðlags þessara vara erlendis. Olli þetta mikilli óánægju, sem von var, og gat ekki haldist til langframa. Bjóst jeg ekki við að þurfa að elta ólar um þetta nú, og síst við samnefndarmann minn, hv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Hefði honum verið innan handar að koma með þetta í nefndinni, ef hann hefði ekki ætlað sjer með þessu að slá ryki upp í augu annara en hv. þdm., sem hjer eru viðstaddir, utan þingsalsins. Hann leyfði sjer að segja, að jeg hefði borið „tylliboð" hjer inn í þingsalinn, og átti þar við tilboð um hveiti frá Englandi, sem jeg skýrði frá að fá mætti, komið hingað á innflutningshöfn, fyrir kr. 48.30 sekkinn, 63 kg. En þessi hv. þm. (J. B.), sem sjálfur á sæti í viðskiftamálanefndinni, hefir gleymt því, að sú nefnd fjekk nokkrum dögum seinna upplýsingar um hveitiverð frá Verslunarráði Íslands og Sambandi íslenskra samvinnufjelaga, sem staðfestu algerlega það verð, er jeg hafði skýrt frá. Sjerstaklega skýrði S. Í. S. frá hveitiverði, sem að vísu kom ekki alveg heim við umgetið tilboðsverð, heldur var nokkru lægra. Jeg hafði ekki þessi skjöl við hendina, því að jeg átti ekki von á þessari árás, en mjer hefir nú hepnast að láta ná í þau, og er nú þessi skýrsla frá S. Í. S. hjer. Jeg get ekki sjeð í fljótu bragði, hve miklu lægra verð það er, sem S. Í. S. gefur upp, en það, sem jeg skýrði frá, því að S. Í. S. gefur upp verð vörunnar, kominnar í hús, en jeg fluttrar á höfn, en þetta skal jeg athuga nánar. Og með því hv. þm. (J. B.) sjálfur hafði þessa skýrslu til athugunar í nefndinni, þá er annaðhvort, að hann er óvenjulega minnissljór, eða hefir talað hjer á móti betri vitund.

Jeg flutti ekki þetta tilboð inn í deildina til árásar á landsverslunina, heldur til þess að sýna, að það var óverjandi að halda innflutningshöftunum. Þeim manni, sem hafði tilboðið í höndum, var neitað um innflutningsleyfi af því að landsverslunin seldi þá hveiti fyrir miklu hærra verð.

Í orðum mínum lá engin árás á landsverslunina, enda var það ekki tilætlun mín, þó að jeg álíti rangt að halda henni áfram.

Hv. sami þm. (J. B.) tók nokkuð upp úr einhverri blaðagrein. Jeg þarf ekki að tala neitt um það, því jeg hefi ekki verið neitt við þá blaðagrein riðinn.

Annars er ekki ástæða til að gera að umtalsefni margt af því, sem hann sagði; allra síst að svara þeim sögum, sem hann kvaðst hafa heyrt, og flytti inn í þingsalinn vegna þess, að enginn fótur væri fyrir þeim. Það er nokkuð einkennilegt að flytja sögur inn í þingsalinn fyrst og fremst vegna þess, að enginn fótur sje fyrir þeim. Mjer finst betur við eiga að flytja þær sögur, sem eru sannar og rjettar. Hitt yrði alt of langt mál. Og það er ekki eingöngu um landsverslunina, að svona sögur ganga; kaupmenn fá engu síður að kenna á því, og það ganga margar staðlausar sögur um þá. T. d. sagði hv. þm. (J. B.), að þegar stríðið hefði skollið á, hefðu allir kaupmenn hjer á landi sett upp vörur sínar, og er slíkt öldungis staðlaust fleipur.

Jeg verð að leiðrjetta það, að kolainnflutningur hafi verið frjáls hingað til lands á síðasta ári. Að minsta kosti

mun útgerðarmönnum og öðrum þeim, sem mesta þörf hafa fyrir kol, ekki hafa fundist hann frjáls.

Það er óhapp, sem enginn getur ráðið við, að sama daginn, sem innflutningshöftin eru afnumin hjer, skellur á kolaverkfall í Bretlandi. Síðan hafa ekki fengist nein kol þar, og engin kol komist til landsins, nema einn eða tveir smáfarmar, sem menn höfðu ráðist í að kaupa áður en innflutningsbanninu hjer var afljett, í trausti þess, að innflutningshöftin væru úr sögunni áður en farmarnir kæmu hingað, sem og varð.

Mjer liggur við að biðja hv. þm. Ak. (M. K.) afsökunar á því, að jeg mintist á innflutningshöftin í sambandi við landsverslunina, því að í raun og veru snerta þau ekkert þá ákvörðun, sem á að taka hjer í kvöld og tilheyra liðna tímanum. En það er vegna hinna hvatvíslegu og röngu ummæla hv. 2. samþm. míns (J. B.), að jeg hefi neyðst til að gera það.

Jeg vil þá minnast ofurlítið á annað, sem hv. sami þm. (J. B.) hefir tvisvar minst á hjer í deildinni. Það eru ummæli sem fjellu á þingmálafundi hjer í bæ, á þá leið, að ef landsverslunin væri gerð upp, myndi hún reynast stærsta þrotabú landsins. Mjer þykir rjett að gera nokkra grein fyrir þessum ummælum, þótt þau ekki kæmu frá mjer, heldur öðrum góðum manni. Hann sagði, að ef landsversluninni væri talið til útgjalda tapið á kolum og salti, og skipatap landssjóðs og verðfallið á þeim, og fyrirtækið gert upp nú, þá væri það stærsta þrotabúið, sem nokkurn tíma hefir orðið á þessu landi. Jeg vil að vísu ekki gera þessi ummæli að mínum. Hins vegar verða hv. þdm. að kannast við, að skipastóll landssjóðs er fallin svo mjög í verði, að ekki er hægt að meta hann helming af hinu upprunalega verði, svo að þar má reikna 2 milj. kr. tap. Þótt því gróði verslunarinnar væri nógur til þess að bera tapið á kolum og salti, sem ekki er, þá er hallinn á þessum stríðsráðstöfunum einar 2 miljónir, og svo stórt þrotabú hefir aldrei verið til á þessu landi. Með þessu vil jeg gera hv. þm. ljóst, að maðurinn sagði ekki annað en það, sem hann gat staðið við sem sannleika, þó það væri borið fram í formi sem ekki allir vilja gera að sínu.

Að lokum vil jeg leiðrjetta það, að viðskiftahöftin hafi ekki náð til matvöru, sem landsverslunin verslaði með. (**J. B.**: Það eru ekki mín orð. Jeg sagði, lítið náð til hennar). Hv. þm. (J. B.) sagði það, þó hann vilji nú taka það aftur.

Viðskiftanefndin hefir skýrt mjer frá því, að innflutningur hafi yfirleitt verið frjáls, nema með þessar vörur. Innflutningur á öðrum vörum var leyfður nokkurn veginn eftir því, sem um var beðið. Þetta á sjerstaklega við þann tíma, þegar vörur voru farnar að lækka í verði.

Jeg ætla ekki að þreyta hv. deild meira, en vona, að hún samþykki till. meiri hluta nefndarinnar, sem eingöngu miðast við hag og þarfir ríkissjóðs og landsmanna.

Magnús Kristjánsson: Jeg get skilið, að hv. þdm. vildu fegnir, að umr. yrðu ekki mikið lengri. En það eru þó ekki nema sumir, sem ástæða er til að vorkenna, því aðrir hafa oft leyft sjer að þreyta bæði mig og aðra með löngum og oft óviðeigandi ræðum. Jeg vona því, að mjer fyrirgefist, þó að jeg leyfi mjer að svara með nokkrum orðum hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Hann bað afsökunar á því að nefna innflutningshöft í

sambandi við landsverslun. Það var engin ástæða til að biðja mig afsökunar á slíku. Það hefði verið meiri ástæða til að biðja afsökunar á því, að hann fór með rangt mál, þegar hann lýsti afstöðu stjórnarinnar eftir ummælum hæstv. atvrh. (P. J.). En jeg skal víkja að því seinna.

Jeg vil fyrst minnast á það, að hann gaf í skyn, að landsverslunin hefði notið góðs af innflutningshöftunum. Jeg vil mótmæla því afdráttarlaust. (**J. Þ.**: Jeg sagði, að hún hefði ekki skaðast á þeim). Það er þýðingarlaust fyrir hv. þm. (J. Þ.) að vera nú að rifa seglin; það lítur út eins og honum finnist flest meðul verjanleg, þegar hann vill gefa það í skyn, að innflutningshöftin hafi verið sett vegna landsverslunarinnar. Hann veit vel, að þau voru ekki sett vegna hennar, heldur vegna fjárkreppunnar. Það er því mjög óviðeigandi og gegn betri vitund, þegar hann gefur það í skyn. Höftin voru sett vegna gjaldeyrisskorts og fjárkreppu, og jeg vildi mótmæla þessu nú þegar, og hann hefir gefið mörg önnur tilefni til mótmæla.

Þá er annað atriði, sem hann vildi gera sjer mat úr. Hann sagði, að í raun og veru ætti það tjón, sem kynni að verða á skipum landsins, að skrifast á synda-„registur“ hinnar skaðvænu, illræmdu og úthrópuðu landsverslunar. Þetta var það, sem notað var til þess að fleyta þessum hv. þm. (J. Þ.) inn á þingið nú fyrir skömmu. Jeg gæti trúað því, að hann sjái eftir því áður en lýkur, að hafa valið þetta þrætuepli til þess að þóknast kjósendunum. (**J. Þ.**: Það var mjög geðfelt). Jeg hygg þó, að samviskan muni fyr eða síðar slá hann. Hún hlýtur einhvern tíma að vakna, og jeg býst við, að það verði í þessu lífi.

Það var ætlun mín þegar jeg byrjaði ræðu mína að ræða málið sem hóflegast, enda er jeg ekki enn kominn af þeirri braut, og jeg mun reyna að halda mjer á henni, þó að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) reyni með dylgjum að gefa í skyn, að ræða hv. 2. samþm. hans (J. B.) sje í alla staði skaðleg. Aftur mintist hann ekki á mína ræðu sem skaðræði, þótt hann viti, að jeg er hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) samsekur. Það er þetta hógværa blygðunarleysi, sem mjer leiðist sjerstaklega.

Þá vil jeg víkja að því atriði í ræðu hv. þm. (J. Þ.), sem jeg alls ekki get mælt bót, sem sje þegar hann hafði ummæli eftir hæstv. atvrh. (P. J.), sem hann aldrei hefir viðhaft. Mjer finst hv. þm. (J. Þ.) treysta of mjög á sljóleik hæstv. atvrh. (P. J.), þegar hann hefir eftir honum orð, sem hann alls ekki hefir mælt. Hv. þm. (J. Þ.) sagði, að hæstv. atvrh. (P. J.) hefði sagst aðhyllast till. meiri hlutans. (**J. Þ.**: Gæti fallist á). Nú rifar hv. þm. (J. Þ.) seglin eins og fyr. Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að till á þskj. 431 og fyrri liður till. á þskj. 435 gengju í sömu átt. Þetta er alveg rjett, eins og jeg hafði búist við af honum. (**J. Þ.**: Hann sagði meira). Já, hann gerði það einmitt. Hann sagðist ekki geta lofað að breyta eftir till. hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vegna þess, að ekki væri hægt að framkvæma hana. Enn fremur, að hann vildi ekki lofa að binda sig, eins og hv. þm. (J. Þ.) og skoðanabræður hans vilja, svo að hann hafi ekkert svigrúm til þess að kaupa nauðsynjavörur, ef þörf krefði.

Þetta var aðalatriði. Aukaatriðin ætla jeg ekki að fara að eltast mikið

við, til þess að hinn góði ásetningur okkar 3. þm. Reykv. (J. þ.) verði ekki tómt loforð. Jeg ætla þess vegna að sleppa mörgu, sem jeg annars þyrfti að segja.

Hv. þm. (J. þ.) mótmælti því eindregið, að horfur væru nú ískyggilegar í viðskiftalífinu. Jeg bjóst þó við því af þessum hv. þm. (J. þ.), sem oft hefir verið viðbrugðið fyrir vitsmuni og eftirtekt, að hann hefði veitt því athygli, sem er að gerast í heiminum. Jeg get ekki skilið annað en hver hugsandi maður hljóti að álíta það styrjaldarbliku, þegar bandamenn, sem staðið hafa saman í ófriðnum mikla, Bretar og Frakkar, eru orðnir svo ósammála, að lítið útlit er fyrir, að þeir geti jafnað það með sjer friðsamlega. Þá má að minsta kosti búast við stórtíðindum fyr en varir. Hv. þm. (J. þ.) verður að viðurkenna, að þótt nú sje margt bölvað, þá getur ástandið þó orðið verra síðar, þegar afleiðingar hinna stórkostlegu verkfalla og annara óeirða úti í heiminum koma fullkomlega í ljós.

Þá er enn eitt atriði. Hv. þm. (J. þ.) sagði, að ef þing og stjórn gerðu ráðstafanir til að selja almenningi vörur undir verði, þá hlyti það að falla á reikning landsverslunar. Þetta er hreinasta kórvilla, að það eigi nokkuð skylt við landsverslunina, þó að slíkar ráðstafanir sjeu gerðar. Þessi rök hv. þm. (J. þ.) falla því alveg um sjálf sig.

Þá kemur að þessu margumtalaða tylliboði, sem nýlega var minst á hjer. Það er tylliboð vegna þess, að rangt var skýrt frá vörumagni. Það voru ekki nema 50 kg. í pokanum, í staðinn fyrir 63 kg. Jeg fer því ekki lengra út í það, en það eru nægar sannanir fyrir hendi.

Þá var það eitt atriði, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) lagði talsverða áherslu á. Það var það, að kolainnflutningur hefði verið bannaður á síðasta ári, og útgerðarmenn því átt mjög erfitt uppdráttar. Þetta er algerlega rangt; kolainnflutningur var alveg frjáls, enda veit jeg, að æðimargir kolaformar komu hingað hindrunarlaust til ýmsra. Einhver tók til, að eftir áramót hefði það ekki verið. Honum svara jeg, að það sje gjaldeyrisskorturinn, sem hafi verið orsök þess, að lítill innflutningur hafi verið. Útgerðarmönnum var aldrei meinað að flytja inn kol árið 1920, nema hvað gjaldeyrisskortur kann að hafa hindrað það.

Út af samanburði á landsverslun og kaupmannaverslun, þá vil jeg drepa á eitt atriði. Hv. þm. (J. þ.) sagði, að kaupmannastjettin hefði orðið fyrir hörðum dómum, að altalað væri, að kaupmenn hefðu hækkað verð á öllum vörum þegar Norðurálfuófriðurinn hófst. Jeg hygg, að þetta fari ekki fjarri; vil þó ekki segja, að allir kaupmenn hafi gert það. Jeg ætla að nefna eitt dæmi.

Hjá verslun, sem átti talsverðar birgðir af kolum og salti þegar ófriðurinn skall á, gátu viðskiftavinir hennar ekki fengið salt, nema að lofa fiski fyrir verð, sem kaupmaður setti, og síðar var neitað um vörurnar. Þessi kaupmaður geymdi svo vörurnar þangað til þær voru komnar úr 20 kr. upp í 200—300 kr. Jeg nefni þetta aðeins sem dæmi, veit að það var ekki alment, sem betur fór.

Aðeins eitt atriði enn þá vildi jeg minnast á. Hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) þóttist hafa fengið höggstað á mjer þar sem jeg ljet í ljós, að jeg aðhyltist skoðun hv. 2. þm. Reykv. (J. B.), þótt þess yrði langt að bíða, að hún fengi

fylgi hjer. Þetta hjelt hv. þm. (J. Þ.), að myndi ráða niðurlögum mínum. En jeg er ekki hræddur við það. Tíminn mun leiða það í ljós, að stefnan er ekki skaðleg, enda hafa mörg lönd hjer í álfunni viðurkent hana, þó það hafi ekki verið gert hjer enn þá; en þess verður ef til vill ekki langt að bíða.

Þetta er nú það bitra vopn, sem hv. þm. (J. Þ.) ætlaði að nota til að spilla fyrir mínum málstað.

Það var nú ekki meiningin fyrir mjer að gefa ástæðu til illinda í kvöld, svo jeg ætla ekki að fara lengra. Jeg vildi aðeins spyrja hv. þm. (J. Þ.) að því, hvort það sje framtíðarstefna hans að hlynna að hagsmunum örfárra einstaklinga á kostnað almennings.

Jón Baldvinsson: Mjer þótti vænt um, að samþm. minn, hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) fór að afsaka tylliboðið, sem hann bar fram hjer í deildinni og jeg mintist á áðan. Það sýnir, að hv. þm. (J. Þ.) hefir ekki viljandi ætlað að blekkja. En þar sem hv. þm. tók til samanburðar tilboð þau, sem viðskiftamálanefndinni bárust frá S. Í. S., um verð á hveiti frá Englandi, þá voru mjer þau tilboð fullkunnug áður. Og nú hefi jeg hjer fyrir framan mig útreikninga viðskiftamálanefndar þingsins á þessum tilboðum. Og var sá útreikningur gerður og samþyktur af hinum verslunarfróðu mönnum í nefndinni, hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.) og hv. 1. þm. G.-K. (E. Þ.). Og eftir þeim útreikningi var verðið á hveiti eftir öðru tilboði S. Í. S. kr. 0.81 kg., komið í hús, eða liðlega 53 kr. 63 kg. poki. En þess ber vel að gæta, að þá var sterlingspundið aðeins reiknað á kr. 21,90, en það er vitanlegt hverjum manni, að ensk mynt stóð miklu hærra, og að enginn mundi hafa getað fengið sterlingspundið fyrir minna hjer í bönkum en 24 kr., og bætist þar þá við verðið kr. 4,20, en þá er hveitið komið í 58 kr. pokinn álagslaust, og verður það áreiðanlega ekki selt undir 60 kr., eða því verði, sem reyndist vera á hveitinu, sem landsverslunin flutti inn frá Englandi. Það er rjett, að lægra tilboð lá líka fyrir frá S. Í. S., og kostaði kg. af því, eftir útreikningi viðskiftamálanefndar, kr. 0,76, eða kr. 47,88 pokinn, komið í hús hjer, en þá er sterlingspundið reiknað eins og áður, kr. 21,90, sem ekki var hægt að fá það fyrir, og þegar sú viðbót kemur á útlendu myntina, verður hveitipokinn yfir 50 kr., álagslaust. En athugandi er, að þetta er hveiti nr. 2. Og hvernig sem á því stendur, þá höfum við ekki almennilega komist upp á að nota þessa lakari ensku tegund vegna þess, hve ljeleg hún er. Svo það þýðir ekki að taka það til samanburðar. Þessi tilboð, sem hv. þm. (J. Þ.) ætlaði að bjarga sjer á, hafa einmitt sýnt hið gagnstæða við það, sem hann vildi vera láta, og sannað mitt mál um verðið.

Jón Þorláksson: Jeg vildi aðeins bæta því við, til þess að rjettar tölur komi í þingtíðindunum, að í tilboði því, sem jeg var að tala um, var hveitisekkurinn, kominn á höfn, kr. 48,30. En verð það, sem S. Í. S. gefur upp fyrir hveiti nr. 2 frá Englandi, komið á höfn, er kr. 45,58 fyrir sekkinn, og mun það vera um samskonar vöru að ræða, og er þetta talsverður verðmunur. (**M. K.:** Það er bara ekkert komið af því hveiti). En S. Í. S. mun sjálft geta svarað fyrir sig, ef því er haldið fram, að það hafi gefið upp tylliboðsverð.

ATKVGR.

Tillgr. **f e l d** með 14 : 9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Jak. M., J. Þ., M. J., M. P., P. O., S. St., Þór. J., B. H., E. Þ.

nei: H. K., J. A. J., J. B., J. S., M. K., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S.

M. G. og P. J. greiddu ekki atkv.
Einn þm. (B. Sv.) fjarstaddur.

3. Skipun fjármálanefndar.

Á 71. fundi í báðum deildum, þriðjudaginn 17. maí, var útbýtt frá Sþ.

Tillögu til þingsályktunar um skipun fjármálanefndar (A. 623).

Á 2. fundi í Sþ., miðvikudaginn 18. maí, var till. tekin til meðferðar, h v e r n i g r æ ð a s k u l i.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 3. fundi í Sþ., fimtudaginn 19. maí, var till. tekin til f y r r i u m r. (A. 623, 635, 652).

Frsm. (Einar Árnason): Jeg ætla ekki að svo stöddu að fara mörgum orðum um þessa till.; aðeins gera stutta grein fyrir, hvers vegna hún er fram komin.

Bankamálin hafa nú um mörg undanfarin ár legið fyrir Alþingi til úrlausnar í einhverri mynd, og altaf orðið að meiru og meiru deiluefni. Þessi mál hafa altaf reynst þinginu erfið viðfangs, þó aldrei hafi kveðið svo ramt að sem á þessu þingi. Eiga viðskiftavandræðin og fjárkreppan sinn þátt í því. Bankamálin eru líka í eðli sínu þannig vaxin, að það er eðlilegt, að þingið eigi erfitt með að byggja upp endanlegt, fast skipulag á þeim, án þess, að fyrir því liggi ákveðinn skipulagsgrundvöllur.

Nefnd þeirri, sem hafði með höndum bankamálin á þessu þingi, hefir ekki hepnast að finna leið til að leggja neina till. fyrir þingið um fullnaðarfyrirkomulag bankamálanna. Jeg veit, að nefndin hefir sætt ámælum út af þessu. En þær ásakanir eru ástæðulitlar. Nefndin hafði við meiri örðugleika að stríða en margur hyggur, auk þess sem nefndarmenn voru svo mjög öðrum störfum hlaðnir, að þeir gátu ekki sint þessu máli nema með ígripum.

Nú er komið að þinglokum og það er ekki sýnilegt, að útgert verði að þessu sinni um endanlega skipun bankamálanna í framtíðinni. Það má því gera ráð fyrir, að þetta mál verði tekið fyrir á næsta eða næstu þingum. Og verði þá sama undirbúningsleysið fyrir hendi, má búast við sama fálminu og sama aðgerðaleysinu, sem hingað til. En þetta mál þolir ekki langa bið.

Til þess nú að Alþingi verði kleyft að ganga frá þessu máli á viðunandi hátt, er nauðsynlegt, að gerður verði sem ítarlegastur undirbúningur milli þinga. Ef til vill þurfa einhverjir hv. þm. að vera þeirrar skoðunar, að þann undirbúning eigi stjórnin að gera. En þar til er því að svara, að Alþingi hefir haft þá reglu að láta milliþinganefndir undirbúa öll mikilvægustu og vandasömustu þjóðmálin. Skal jeg þar til nefna mentamálin, skattamálin, heilbrigðismálin og fossamálin. Jeg býst við, að það orki ekki tvímælis, að bankamálin sjeu eitt af stærstu og þýðingarmestu

þjóðmálunum, og því sje full ástæða til að gera þeim sömu skil. Það er líka víst, að eitt misstigið spor á því sviði getur bakað þjóðinni ómetanlegt tjón. Og um það verður ekki deilt, að það skipulag, eða rjettara sagt skipulagsleysi, sem nú er á bankamálunum, er ekki einungis óviðunandi, heldur hættulegt efnalegu sjálfstæði þjóðarinnar.

Það er því álit okkar flm. þessarar till., að rjett sje, að þingið skipi þriggja manna nefnd til að undirbúa þetta mál undir næsta þing. Yrði það þá meðal annars eitt verkefni hennar að gera till. um endanlegt og fast skipulag seðlaútgáfunnar, jafnframt öðrum endanlegum endurbótum á fyrirkomulagi bankanna.

Nú er enn fremur á það að líta, að þessi nefnd gæti einnig haft annað verkefni. Það vita allir hv. þm., að óhjákvæmilegt er að taka lán í útlöndum til þess að halda uppi viðskiftum landsins út á við. Gæti þá þessi nefnd verið stjórninni til aðstoðar og ráðuneytis um ráðstöfun á því fje.

Þá er og í þessu sambandi að geta þess, að líklegt er, að þingið geri þær ráðstafanir nú viðvíkjandi Íslandsbanka, sem ef til vill hafa það í för með sjer, að ríkissjóður kaupi hluti í bankanum. Er þá sjálfsagður hlutur, að rannsaka verður vel allan hag bankans áður en út í það er lagt, því ekki væri ráðlegt að kaupa „köttinn í sekknum". Þessi nefnd virðist því sjálfkjörin til að framkvæma þessa rannsókn, og gæti þá um leið verið stjórninni til ráðuneytis, ef hlutakaup færu fram. Ætti svo nefndin að leggja skýrslu um þessi störf sín fyrir næsta þing.

Jeg skal svo ekki fara fleiri orðum um till., en minnast lítillega á brtt. þær, sem fram eru komnar. En það, sem jeg segi um þær, er upp á minn eigin reikning gert, því jeg hefi ekki borið mig saman við meðflm. mína.

Það er þá fyrst brtt. á þskj. 635, frá hv. 2. þm. G.-K. (B. K.). Jeg get ekki felt mig við þá till., því að eftir henni á að stofna til nefndar á annan hátt en till. okkar fer fram á, sem sje að stjórnin skipi hana. En við viljum, að Alþingi kjósi 3 menn með hlutbundnum kosningum. Einnig tel jeg það galla á brtt., að hún gengur skemra en ákvæðið er í till. okkar á þskj. 623, og get jeg því ekki greitt henni atkv.

Þá er brtt. á þskj. 652 frá hv. samþm. mínum, hv. 1. þm. Eyf. (St. St.). Um hana hefi jeg það að segja, að jeg gæti í rauninni fallist á annað orðalag á síðasta málslið fyrri málsgr. í okkar till. En síðari liður þessarar brtt. ruglar svo mjög efni aðaltill., að jeg get ekki gefið henni atkv. eins og hún er. Mætti ef til vill breyta henni svo, að jeg gæti fallist á hana. Jeg hygg því, að betra sje að geyma hana til síðari umr. í þeirri von, að samkomulag náist.

Stefán Stefánsson: Þó að jeg sje einn af meðflutningsmönnum till. á þskj. 623, þá er ekki þar með sagt, að jeg sje eða hafi verið alls kostar ánægður með orðalagið og jafnvel einstakt ákvæði í till., enda viðurkendi hv. aðalflm. (E. Á.), að orðalagið væri ekki sem heppilegast. Jeg hefi því leyft mjer að taka upp þau meginatriði till., sem jeg geng út frá, að hv. flutningsmenn telji kjarna málsins, með brtt. á þskj. 652. Jeg lít svo á, að aðaláhugamál flutningsmannanna sje, að kosnir sjeu þrír menn í nefnd til að gera till. um skipulag bankamálanna, og leggja þær fyrir næsta þing. Það virðist vera augljóst, að sjálfsagt sje að skipa nefnd, því að

mál þetta er svo margbrotið og enda flókið, að jeg álít, að það sje ekki við þingsins hæfi að ráða fram úr því án sjerstakrar aðstoðar. Það þarf því að leita ráða hinna fróðustu manna til þessa starfa. Með því væri nokkurn veginn fengin trygging fyrir því, að málið yrði til lykta leitt betur en við annars eigum tök á.

Þingið hefir verið að vinna að því næstum allan þingtímann að finna leið til að koma bankamálunum í viðunandi horf, í eitt eða tvö ár. Það er ekki hægt að segja, að þingið hafi neinn vissan mann, er hægt sje að snúa sjer til að þessu leyti, sem hægt sje að treysta svo, að vissa sje fengin fyrir því, að vel fari. Jeg tek því undir með hv. flm. (E. Á.), að bestu og hæfustu menn landsins sjeu kvaddir til þess að athuga þetta vandamál á milli þinga og leggi fram tillögur sínar fyrir næsta þing, og væri þá hægt að ganga út frá, að með því væri besta lausn málsins fengin. Í þessa átt virðist mjer verða að stefna.

Þá er annar liður brtt. minnar á þskj. 652 um, að „nefndin skal enn fremur vera í ráðum með stjórninni um meðferð væntanlegs ríkissjóðsláns, ef til kemur". Þessi liður er næsta mikilvægur, og er hann gerður til þess, að ef til þess kemur, að ríkið tekur lán, þá geti stjórnin haft þessa þrjá menn, sem hafa lagt sig í bleyti til að ráða fram úr þessum málum, með í ráðum um meðferð þess fjár. Sjálfa lántökuna virðist mjer aftur ekki veruleg ástæða, að nefndin hafi með að gera, enda býst jeg við, að lánið verði ekki eins stórt, eftir því að dæma, sem komið hefir fram nú á síðustu dögum, eins og búist var við.

Jeg skal svo ekki fjölyrða meira um þetta mál, en mín sannfæring er það, að till. mínar nægi til þess að fá undirbúið málið undir næsta þing, og vil jeg því jafnframt taka það fram, að ef hv. þm. vilja ekki samþykkja brtt. mínar, þá finn jeg mig knúðan til að greiða atkv. á móti aðaltill.

Björn Kristjánsson: Eins og hv. þm. sjá, er jeg sammála flm. till. á þskj. 623 (E. Á.), að rjett sje að skipa þriggja manna nefnd til að íhuga, hvernig bankamálunum verði best fyrir komið framvegis. Aðeins greinir okkur á um aðferðina á vali þessarar nefndar, og verksviðið. Mitt álit er, að nefndin hafi nóg að gera til næsta þings; það er ekki svo langt til 15. febrúar 1922, þó hún gefi sig ekki við meiru en að gagnrýna bankamálin. Þau eru það flókin og vandasöm, vandasamari en margur hyggur. Sú nefnd þarf að rannsaka bankafyrirkomulag það, sem er, og koma fram með þær breytingar við það, sem nauðsynlegar eru. Nefndin verður einnig að rannsaka, hvernig best verður að koma seðlaútgáfunni fyrir framvegis; hvort stofna á sjerstakan seðlabanka, og þá eftir hvaða reglum; hvort hann á að vera opinber eign, eins og í Rússlandi og Svíþjóð, eða hvort hann á að vera innlendur hlutafjelagsbanki, eins og alstaðar annarsstaðar gerist í Evrópu um seðlabanka. Og þá verður að athuga, hvort sá banki á að standa einn, eða t. d. í sambandi við ríkisbankann.

Sú nefnd verður og að íhuga, hvort eigi er nauðsynlegt að bæta eða breyta ríkisveðbankalögunum áður en hann tekur til starfa, sem jeg tel bráðnauðsynlegt. Einnig verður hún að athuga, hvort rjett sje að gera Landsbankann að hlutafjelagsbanka, sem komið hefir til orða, og hún verður að komast að fastri niðurstöðu um, hvað hin sanna

gjaldmiðilsþörf er í landinu á venjulegum tímum, sem jeg tel vera við 8% af innfluttum og útfluttum vörum, eða af verslunarveltunni við útlönd.

Og þá verður nefndin og að komast að fastri niðurstöðu um, hvað mikið megi nota af seðlum til að uppfylla þessa gjaldmiðilsþörf, og hversu mikið rúm verður að ætla fyrir gullmynt og útlendum gjaldmiðli o. s. frv.

Þá tel jeg það eftir kringumstæðum heppilegra, að stjórnin velji þessa nefnd, og að hún sje að öllu óháð bönkunum hjer. Svo tel jeg og æskilegt, að annaðhvort sitji í nefndinni útlendur þektur fjármálamaður, eða að nefndin fái álit slíks manns um till. sínar. Það mundi gefa tillögum nefndarinnar betra traust, þegar til þingsins kasta kæmi að dæma um þær.

Áríðandi er að geta gert út um slík peningamál með sem mestu samræmi í þinginu, og að flokkadeilum sje grandgæfilega haldið utan þeirra. Þess vegna er líka nauðsynlegt, að nefndin sje skipuð án tillits til flokkaskipunar.

Till. mín nær ekki lengra en til þessa atriðis, og er það af því, að jeg bjóst ekki við, að önnur atriði í þál. á þskj. 623 yrðu samþ., eins og þau líka eru orðuð. Og jeg tel, að stjórnin sje einfær um að taka lán, og þingið mun sjálft ákveða, til hvers það á að notast.

Þá tel jeg, að nægilega sje sjeð fyrir rannsókn á hag Íslandsbanka í seðlaútgáfufrumvarpinu. Nefnd sú, sem meta á hlutabrjef bankans áður en ríkissjóður leggur fje í hann, hlýtur að fullvissa sig um, hvers virði brjefin eru, áður en hún kveður upp dóm sinn. Miklu á ekki að skeika. Og þar við bætist, að landsstjórnin hefir líka sömu skyldu. Það virðist því vera að bera í bakkafullan lækinn, að þingið fari að skipa nýja rannsóknarnefnd í þessu skyni.

Af öllum þessum ástæðum vænti jeg þess, að brtt. mín á þskj. 635 verði samþykt.

Gunnar Sigurðsson: Jeg er einn meðal flm. till. á þskj. 623. Þegar jeg skrifaði undir þá till., var tilgangur minn enginn annar en sá, að hin fyrirhugaða nefnd ætti að vera stjórninni til aðstoðar og meðráða um bankamálin í heild sinni og væntanlega lántöku ríkisins, og jeg hefi að engu leyti skift um skoðun í þessu efni síðan.

Till. er tvíliðuð. Fyrra atriði hennar lýtur að framtíðarskipulagi bankanna. Jeg tel þetta atriði sjerstaklega nauðsynlegt, eins og hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) tók fram, að skipaðir yrðu menn til þess að gera till. um framtíðarskipulag bankamálanna. Það mega gjarnan vera innlendir menn, ef þeir leita fyrir sjer til erlendra sjerfræðinga, sem reynslu og þekkingu hafa á þessum málum, því ekki er við því að búast, að við höfum innlendum mönnum á að skipa með fullkomna sjerþekkingu á þessum málum.

Hitt atriðið, sem till. beinist að, er, að væntanleg nefnd sje í ráðum með stjórninni um útvegun væntanlegs gjaldeyrisláns.

Frá sjónarmiði okkar, sem tjáð höfum okkur andstæða hæstv. stjórn, er talsverð trygging í því fólgin að hafa slíka nefnd stjórninni til ráðuneytis og aðstoðar. En auk þess eru og meðal tillögumanna nokkrir hv. þm., er eigi hafa talið sig andvíga stjórninni. Sje jeg því ekki annað en stjórnin geti verið ánægð með till. þessa.

Jeg er ósammála hv. þm. G.-K. (B. K.) um, að væntanleg nefnd eigi ein-

göngu að rannsaka bankamálið, og því ósamþykkari honum í því, að stjórnin eigi eingöngu að skipa nefndina. Og mjer kemur þetta kynlega fyrir, eftir því, sem hv. þm. (B. K.) hefir látið uppi um traust sitt á þessari stjórn. Hann sagði, að nefndin ætti að vera óháð bönkunum, og vil jeg undirstrika það, og enn fremur, að nefndin ætti að vera ópólitisk, og þætti mjer líka best fara á því. En það er síður en svo, að meiri trygging sje fyrir því, að nefndin verði óháð bönkunum og ópólitísk, skipi stjórnin hana.

Jeg skal viðurkenna, að í brtt. á þskj. 635 og 652 er ýmislegt gott, en jeg vildi beina því til flutningsmanna að taka þær aftur til síðari umr., því verði aðaltill. vísað til síðari umr., er öllu hægra að koma brtt. að þá.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal ekki vera margorður um till. þessa. Jeg skal aðeins taka það fram, að verði brtt. hv. 1. þm. Eyf. (St. St.) eða brtt. hv. 2. þm. G.-K. (B. K.) samþyktar, þá sjer stjórnin eigi ástæðu til að berjast gegn málinu. En fyrir mitt leyti vil jeg segja það eitt, að jeg sje alls eigi ástæðu til þess að skipa nefnd þessa, sem vitanlega mun hafa mikinn kostnað í för með sjer, minst einar 20000 kr., og þann kostnað vil jeg spara, en nú skal jeg ekki fara lengra út í það atriði. Skal jeg efna það, sem jeg lofaði, að vera stuttorður, en mun geyma mjer frekari athugasemdir til síðari umr., ef til hennar kemur. Aðeins vil jeg taka það fram, út af ræðu hv. 2. þm. Eyf. (E. Á.), að það var ekki skipuð nein milliþinganefnd í skattamálum til undirbúnings þessu þingi, heldur voru aðeins kvaddir menn stjórninni til aðstoðar, til þess að undirbúa nokkur skattafrumvörp.

Flm. (Einar Árnason): Út af síðustu ræðu hæstv. fjrh. (M. G.) vil jeg taka það fram, að jeg átti eigi við þá nefnd, sem bjó út skattamálin nú, heldur við milliþinganefndina í skattamálum 1907.

Fjármálaráðherra (M. G.): Að fengnum þessum upplýsingum tek jeg það fram, að jeg hefi ekkert að athuga við ummæli hv. 2. þm. Eyf. (E. Á.) um milliþinganefndina í skattamálum.

ATKVGR.

Brtt. 635,1. feld með 22 : 17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., P. J., S. H. K., S. St., S. F., Þór. J., B. H., B. K., E. Þ., G. G., G. B., H. St., H. K., Jóh. Jóh.

nei: Jak. M., J. B., M. J., M. K., M. P., P. O., P. Þ., S. E., S. J., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. Á., E. E., G. Guðf., G. Ó., Gunn. S., H. Sn.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

Brtt. 635,2. kom ekki til atkv.

Brtt. 652,1. meld með 24 : 15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: G. Guðf., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. K., P. J., S. H. K., S. St., S. F., St. St., Sv. Ó., B. K., E. Þ., Jóh. Jóh.

nei: G. Ó., Gunn. S., H. St., H. K., H. Sn., Jak. M., J. B., M. J., M. P., P. O., P. Þ., S. E., S. J., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. Sv., B. J., B. H., E. Á., E. E., G. G., G B.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

Brtt. 652,2. tekin aftur.

Tillgr. (á þskj. 623) **f e l d** með 22 : 17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. Sn., Jak. M., J. B., M. J., M. P., P. Þ., S. E., S. J., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. J., E. Á., E. E., G. Ó., Gunn. S.

nei: J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. K., P. J., P. O., S. H. K., S. St., S. F., St. St., Þorl. G., Þór. J., B. H., B. K., E. Þ., G. G., G. B., G. Guðf., H. St., H. K., Jóh. Jóh.

Einn þm. (K. E.) fjarstaddur.

D.
Afgreiddar með rökst. dagskrá.

1. Framkvæmd 7. gr. sambandslaganna.

Á 2. fundi í Nd., fimtudaginn 17. febr., var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um framkvæmd á 7. gr. sambandslaganna (A. 48).

Á 3. fundi í Nd., föstudaginn 18. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 8. fundi í Nd., föstudaginn 24. febr., var till: tekin til fyrri umr. (A. 48).

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg mun leyfa mjer að hafa formála nokkurn fyrir máli mínu um aðalefnið.

Í júlímánuði 1918 sátum vjer að samningum við Dani, er lauk með þeim hætti, sem fullkunnugt er. Mjer var það ljóst, að vjer ljetum mikið til við Dani, til þess að fá þá til að viðurkenna fullveldi vort. Mjer var og ljóst frá upphafi, að mótstaðan gegn sáttmálanum hefði gert miklu meira gagn, það er að skilja, ýtt meira undir góða framkvæmd hans, ef hún hefði ráðist meira á 7. grein en hún gerði. Því að höfuðgalli sáttmálans er sú grein, að leyfa Dönum að fara með utanríkismál vor um 20 ár, þótt í umboði sje. Vjer gengum þó að sáttmálanum, sem sjálfsagt var.

Eftir því, sem stóðst í odda með oss og Dönum um eðli sambands þess, sem var í verki milli landanna, var það eigi hyggins háttur að láta ónotað tækifærið til þess að fá þá til að viðurkenna fullveldi Íslands, þ. e. viðurkenna, að sambandið væri og skyldi vera hreint konungssamband, svo sem vjer höfðum ætíð haldið fram að vera ætti og væri. Þessu færi mátti ekki sleppa, jafnvel þótt 7. gr. yrði svo, sem hún er.

Hvað hefði orðið, ef vjer hefðum eigi lokið málum vorum við Dani áður en vopnahlje komst á? Þá hefði sannarlega alt staðið í sama farinu sem áður, og vjer staðið þeim mun ver að vígi sem heimurinn er orðinn verri eftir stríðið en fyrir það. Þó munu sumir hafa gert sjer vonir um, að oss mundi auðnast að losna að fullu úr öllu sambandi við Dani, ef vjer segðum skilið við þá, í stað þess að gera sáttmála við þá. Þessir menn

munu hafa bygt vonir sínar á því, að Englar mundu vilja sýna það í verki á oss, að þeir væru verndarar smáþjóðanna, sakir þess, að þeir höfðu þá vernd smáþjóðanna mjög á orði.En það mundu hafa orðið hin mestu vonbrigði. Var mönnum vorkunnarlaust að muna, hvað gerðist fyrir rúmri öld. Þá áttu Englar í stríði við Dani og höfðu gert sig líklega til að losa Ísland undan danskri óstjórn.*) En þeir hurfu frá því óðar en friður var saminn í Kiel 1814.*) Þeir kusu þá heldur vingan stærri þjóðarinnar og mundu hafa gert svo enn. Og þótt vjer hefðum losnað með tilstyrk Engla, þá mundu þeira vafalaust hafa áskilið sjer að vera verndarar landsins, og mundi sú vernd hafa komið nær sjálfstæði voru en 7. grein sáttmálans, þótt leið sje.

Jeg gerði og ráð fyrir því, að þjóðin mundi gæta þess, að í framkvæmd sáttmálans væri því öllu haldið til skila, sem í honum felst oss til handa af góðu. Jeg bygði og á því, að þjóðin mundi þegar hefja undirbúning undir atkvæðagreiðsluna eftir 1940, því að jeg þóttist vita, að sá Íslendingur væri enginn í landinu, að hann ætlaði sjer eigi þá að losna við 6. gr. og 7. gr. sáttmálans og aðra annmarka hans, ef hann verður þá yfir höfuð endurnýjaður.

Jeg gekk því nokkurn veginn óhræddur að samningnum. En nú gerast þó hræðsluefnin fleiri en jeg hugði um stund. Þess vegna vil jeg gera skyldu mína og vara Íslendinga við að „fljóta sofandi að feigðarósi", og hvetja þá til að krefjast viturlegra framkvæmda á sáttmálanum og staðfastrar aðgæslu á því, að rjettur vor sje hvergi fyrir borð borinn. Ástæður eru margar og miklar til slíkrar kröfu af hendi þjóðarinnar til þings og stjórnar, og skulu nú taldar nokkrar þeirra.

Fyrst vil jeg telja það, að sáttmálinn var saminn á skömmum tíma, og að mest af þeim tíma fór í þrátt um aðalatriði, en orðalag í ýmsum atriðum varð því eigi svo ljóst, sem skyldi. Kann því að orka tvímælis um skilning á einstökum atriðum, t. d. í § 7. Því er nauðsyn, að íslenska stjórnin haldi fast á þeim skilningi, sem hinir íslensku samningamenn og þingið lagði í sambandslögin, er það samþykti þau. Það tel jeg annað, að sáttmálinn gerir eigi með berum orðum ráð fyrir öllu, sem fyrir getur komið, sjá t. d. § 3. Þar er þá nauðsynlegt, að stjórn vor sjái um, að framkvæmdin verði samkvæm anda sáttmálans eftir vorum skilningi. Það tel jeg hið þriðja, að sjálfsagt má búast við því, að Danir reyni að teygja sáttmálann sjer í vil, sbr. skrif Knud Berlins um § 7 o. fl., og verðum vjer því vel að gæta vor og þola eigi nein undanbrögð eða rangar skýringar á ákvæðum sáttmálans. Það tel jeg hið fjórða, að stjórn vor gæti gleymt árvekninni, ef hún vissi eigi þá alþjóðar kröfu á hendur sjer, er hjer var nefnd, svo ríka, að hver minsta yfirsjón og vanrækslа mætti endast henni til falls eða dóms. Það tel jeg hið fimta, að öllum almenningi þurfa þegar að verða kunn öll þau deiluatriði, sem fyrir koma, svo að hann lifi eigi í sífeldu tilhugalífi við Dani og haldi, að nú sje öllu vel borgið, hvernig sem með er farið. Hann verður að vaka yfir rjetti sínum og verður að vera óljúgfróður um fyrirætlanir og tilraunir hins aðiljans. Því verður stjórn vor að láta tafarlaust skríða til skarar

*) Sjá Aldahvörf, Rvík 1914.

um öll vafaatriði. Það tel jeg hið sjötta, að öll misgrip, sem verða í upphafi, verða að fordæmum, sem farið verður eftir síðar. Því er nú í upphafi mest nauðsyn á festu og skörungskap í framkvæmd sáttmálans.

Þá kem jeg að efni tillögunnar, að framkvæmd § 7. En til þess að ráða við sig, hverrar framkvæmdar skuli krefjast, þurfa þingmenn að gera sjer fyllilega ljóst, hvers konar samband nú er milli Íslands og Danmerkur.

Fullveldisnefndir Alþingis 1918 leiddu rök að því, að hjer væri um hreint konungssamband að ræða, og studdu þeir það mál báðir, Gjelsvik og Lundborg. Og með þessum skilningi samþykti Alþingi sambandslögin. Skýringar á vafastöðum mega því eigi koma í bág við þetta grundvallaratriði, og eru því allar slíkar skýringar útilokaðar. — Þar sem ákvæði sáttmálans (sambandslaganna) eru óljós eða ónóg, þá verður að fylla þau út eftir anda og grundvelli sjálfs hans og almennum venjum og hugtökum, er nú ganga meðal þjóðanna. Þar er nú annar mælikvarði.

Jeg vil þó geta þess, að Knud Berlin heldur því fram í bók sinni „Den dansk-islandske Forbundslov af 30. November 1918", Kh. 1920, að sambandið sje málefnasamband af því að hann telur samið um að hafa sama konung. En Ragnar Lundborg hefir þó hrakið það gersamlega í „Syn og segn" 1920 og í óprentaðri bók, þar sem hann sýnir fram á, að Ísland og Danmörk sjeu hvorki sambandsríki (Bundesstaat) nje ríkjasamband (Staatenbund), heldur sjeu ríkjasamningsaðiljar í samningssambandi (Staaten-allianz).

Skilning þessara tveggja manna á § 7 er að sama skapi ólík. Knud Berlin segir á bls. 49, að Ísland geti eigi sjálft samið eða komist í sambönd við önnur ríki í 25 ár, og að konungur Íslands geti eigi komið fram fyrir þess hönd út á við og að hann geti hvorki sent erindreka nje tekið við þeim. Þetta þykist hann byggja á 7. gr. sáttmálans. Ragnar Lundborg kemst að gagnstæðri niðurstöðu með betri skilningi á sömu grein: „Ísland hefir ótakmarkað jus legationum, sendirjett og viðtökurjett, þ. e. a. s. sama rjett til þess að senda og taka við ríkjaerindrekum (diplomat) sem hvert fullvalda ríki hefir". Knud Berlin hefir fylgismenn í þessum skilningi, þar sem er Funder, skrifari dönsku samninganefndarinnar, sem heldur því fram í skrifi sínu um sáttmálann, að Íslendingar geti eigi sent ræðismann eða sendiherra til Kaupmannahafnar, heldur verði forstöðumaður í danskri stjórnarskrifstofu í Reykjavík og forstöðumaður fyrir stjórnarskrifstofu Íslands í Kaupmannahöfn að heita „skrifstofustjóri, deildarstjóri, stjórnarfulltrúi eða þess háttar". Hafa þau nöfn aldrei heyrst hjer í Nd.

Þessar kenningar þeirra fjelaga hefir eigi aðeins Ragnar Lundborg hrakið með fyllstu rökum, heldur hefir og stjórn Danmerkur og konungur þess lands hrakið hana í verki. Því að hingað var þegar sendur danskur sendiherra, og hefir því Danmörk játað ótvíræðlega rjett Íslands til þess að taka við sendiherrum annara þjóða. Nú er Danmörk í sjálfsvald sett í 15. gr. sáttmálans, með hverjum hætti hún gætir hagsmuna sinna hjer, og er því hjer fenginn órækur vottur um skilning þeirrar stjórnar, sem var þá í Danmörku. En sem menn vita, var það sú hin sama, er samþykti sáttmálann.

Enn má nefna skilning, sem Alþingi

mun seint ganga fram hjá eða telja ómerkan. En það er skilningur Alþingis sjálfs, sama þings, er samþykti sáttmálann. Það samþykti þessa grein með þeirri skilning, sem er í áliti fullveldisnefnda þingsins 1918 (Alþt. 1918, A, sambl.þ., bls. 24).

„Hið eina, sem í fljótu bragði gæti virst vera sameiginlegt, eru utanríkismálin. En það er þó ekki. Í fyrsta lagi gerir 7. gr. ljóslega ráð fyrir íslenskum utanríkismálum, og þótt annar þjóni oss eftir umboði, þá er og verður það eigi ástæða til að telja utanríkismálin sameiginleg. En auk þess liggur alt undir samþykki vort, sem gert er í þeim málum, og enn má geta þess, að vjer getum sent svo marga fulltrúa út, sem vjer viljum, og gætum því tekið alla meðferð utanríkismálanna sjálfir, þótt vjer tækjum eigi umboð af Dönum". Næsta þing, skipað sömu mönnum, ákvað svo að senda íslenskan sendiherra til Kaupmannahafnar, og stjórn vor hefir nú framkvæmt það. Með þessu hefir þá þing og stjórn Íslands sýnt í verkinu, að þau telja Ísland hafa rjett til þess að senda sendiherra til annara ríkja. Og þetta hefir konungur Danmerkur og stjórn viðurkent, með því að veita honum viðtöku, svo sem og konungur Íslands og stjórn hafa neytt rjettar vors til þess að taka við sendiherrum annara ríkja, þá er hinum danska sendiherra var veitt viðtaka hjer. — Þá hefir og stjórn Þýskalands sent sendiherra til konungsins yfir Íslandi, og er sá í Kaupmannahöfn, þar sem konungur Íslands býr að jafnaði. Ekki er þá stjórn Þýskalands sammála Knud Berlin um það, að konungur vor geti eigi komið fram fyrir vora hönd út á við, og hefir hún sýnt þann skilning í verki. Og vafalaust mundi hún hafa sent hingað til Reykjavíkur þennan sendiherra, ef gengi marksins væri eigi svo lágt, sem það er. Því að þótt svo sje í orði kveðnu, að sendiherrar sjeu sendir konungum landanna, þá getur það eigi átt við hjer, þar sem svo sjerstaklega stendur á, að konungur er einn og ábyrgðarlaus í öðru landi. Ríkin verða að senda sendiherra sína hingað, því að hjer er sú stjórn, sem ræður utanríkismálum Íslands og ber ábyrgð á stjórnarstörfum konungsins yfir Íslandi.

Jeg geri mjer í hugarlund, að nokkrir kunni þeir menn að vera, sem nú vilja spyrja: Hvað vilt þú með þingsályktun, úr því svo margir skilja 7. gr. sáttmálans á þenna veg? Þar til svara jeg þessu. Jeg ávarpaði þá stjórn, er nú situr, þegar hún tók við, og bað hana lengstra orða að gera svo, sem segir í tillögunni. En hún hefir eigi verið svo skjót til framkvæmda, sem jeg hefði kosið. Nú vil jeg reyna, hvort eigi verður greiðara um framkvæmdirnar, ef deildin æskir þess öll. Í annan stað þykir mjer eigi víst, að allar danskar stjórnir til 1940 líti svo á, sem hin fyrsta. Og í þriðja lagi er eigi nóg að skilja slíkan sáttmála rjett, heldur þarf og að sýna öllum heimi skilninguna með framkvæmdinni. Við hinu er og hætt, sem fyr var sagt, að lengi búi að fyrstu gerð, og mun því eigi seinna vænna að gera alt, sem gera ber og með þeim hætti, sem vera ber.

Og nú er þar á að líta, hvernig beri að skilja 7. gr. sáttmálans, og hvern veg eigi að framkvæma hana. Fyrsta málsgrein hennar hljóðar svo: Danmörk fer með utanríkismál Íslands í umboði þess. Danmörk gerir Íslandi þann greiða að fara með utanríkismálin, þ. e. að reka erindi Íslands í utanríkismálum eftir umboði

og fyrirsögn þess. Þetta er nákvæmlega sama eðlis sem greiði sá, er sendiherra Bandaríkjanna í Þýskalandi gerði Englendingum í stríðinu, að fara með erindum þeirra þar (á dönsku: varetage deres Interesser). Samskonar umboð getur hver danskur sendimaður fengið til þess að fara með erindum vorum á þeim stað, sem hann er. Og utanríkisráðherra Dana getur því og orðið samskonar umboðsmaður vor til þess að flytja hinum einstöku sendimönnum vilja umbjóðandans í hvert sinn og í hverju máli. En hvorki hann nje þeir hafa nein umráð yfir því, hvað gert er, og þótt þeir vildu gera eitthvað upp á eigin hönd, þá er það ógilt, nema samþykki rjettra íslenskra stjórnarvalda komi til. Ýmsir menn halda því fram, að 7. gr. sjálf sje það umboð, er hún nefnir. En sje svo, þá er það umboð innihaldslaust og þýðir því eigi annað en heimild til þess, að Danir þeir, er starfa að utanríkismálum þess ríkis, megi og taka við umboði til þess að fara með erindum Íslands, og heimild til þess, að Ísland eða stjórn þess megi gefa þetta umboð. En hið eina rjetta í framkvæmdinni er það, að hver sá danskur erindreki, sem vjer viljum láta starfa fyrir oss, fái til þess sjerstakt umboð frá oss, þ. e. frá utanríkisráðherra vorum, og síðan fyrirsögn fyrir hverju því verki, er hann skal vinna. Þetta skal og tilkynna stjórn hvers ríkis, þar sem slíkir umboðsmenn vorir eru, svo að þau viti, að vjer höfum þar sendiherra, ræðismenn o. s. frv. Enginn annar skilningur kemst að, þar sem vjer erum fullvalda ríki og höfum ekkert sameiginlegt við Dani, nema konunginn af hendingu. Þriðji liður greinarinnar sýnir, að greinin er að minsta kosti ekki sjálf umboð fyrir Dani að fara með öll vor utanríkismál. Því að þar er gert ráð fyrir, að stjórn Íslands geti sent menn úr landi á sinn kostnað til að semja um sjerstök málefni. En þar sem sáttmálsgreinin sjálf er ekki neitt allsherjarumboð, þá sjest á því, að sjerstakt umboð verður að koma til, ef danskur erindreki á að fara með erindum vorum. Enn er þess að geta, að Danir hafa víða erindreka, þar sem oss er þeirra engin þörf. Þeir hafa þá ekkert umboð til að fara með utanríkismál vor, enda væri það óeðlilegt, þótt fyrsti liður greinarinnar heimili oss að gefa þeim það og þeim að taka. Ef vjer hins vegar þurfum að hafa erindreka þar, sem Danir hafa engan, þá getum vjer sent þangað íslenska sendimenn samkvæmt þriðja lið. Sýnir það og, að greinin er ekki umboð handa Dönum til þess að fara með öll vor utanríkismál.

Greinin er því rjett skilin svo: Danmörk gerir Íslandi þann greiða, að bjóða erindrekum sínum að fara með erindum Íslands, ef það og þar sem það vill gefa þeim umboð til. En Ísland hefir óskertan rjett til þess að láta sína eigin menn gera það, þegar það kýs, og hefir óskorað jus legationum, sendirjett og viðtökurjett. Rjett íslensk stjórnarvöld fullgera og staðfesta alla ríkjasamninga Íslands, samkvæmt 7. gr., 4. lið.

En hver eru nú þessi rjettu stjórnarvöld og með hverjum hætti veita þau samþykki sitt?

Ísland er fullvalda ríki og ræður öllum sínum málum sjálft, og þá einnig utanríkismálum. Rjett stjórnarvöld eru því sömu stjórnarvöld, sem ráða utanríkismálum í öðrum löndum: konungur, þing og utanríkisráðherra, eða aðrir ráðherrar, er undirrita þau með konungi.

Jeg hefi áður talið þá, er eigi aðeins neita því, að utanríkismál Íslands sjeu sameiginleg við Danmörk, heldur halda því fram, að íslenska konungsríkið hafi fullkominn sendiherrarjett, jus legationum, bæði sendirjett og viðtökurjett. Þeir voru Ragnar Lundborg, fullveldisnefndir Alþingis, Alþing 1918 og Alþing 1919, stjórn Íslands og konungur þess, stjórn Danmerkur og konungur og stjórn Þýskalands. Hjer við má bæta ágætum fræðimanni á þessu sviði, Gjelsvik. Því að hann ljet þessa skoðun ótvírætt í ljós, þá er jeg bar málið undir hann. Og enn skal þess getið, að Knud Berlin heldur því fram, að Ísland hafi sín sjerstöku utanríkismál, þótt þá verði óskiljanlegt, hvernig hann kemst að sinni niðurstöðu.

Niðurlagið á 4. lið 7. gr. sáttmálans er mjög óljóst orðað. Þó var oss, hinum íslensku samningamönnum, frá upphafi ljóst, hversu rekja skyldi það hnoða. Og í undanförnum athugasemdum hefi jeg reynt að benda þm. á, hversu það skal gera. Orðin hljóða svo: „Ríkjasamningar þeir, sem Danmörk gerir eftir að sambandslög þessi hafa náð staðfestingu, skuldbinda ekki Ísland, nema samþykki rjettra íslenskra stjórnarvalda komi til“. Þegar nú utanríkismál ríkjanna eru fullkomlega aðskilin, þá þarf eigi að setja í lög eða samning neitt ákvæði um, að ríkjasamningar þeir, er Danmörk gerir fyrir sjálfa sig, skuldbindi eigi Ísland. Það liggur í hlutarins eðli. Orðin geta því eigi þýtt annað en þetta: „Ríkjasamningar þeir, er danskir umboðsmenn gera fyrir Íslands hönd, eftir að sambandslög þessi hafa náð staðfestingu, skuldbinda eigi Ísland, nema samþykki rjettra íslenskra stjórnarvalda komi til“. Og það þýðir aftur, að umboð vort til danskra erindreka getur eigi náð lengra en til undirbúnings samninga. En samþyktin hverfur ætíð undir íslensk stjórnarvöld, þ. e. konung Íslands og þann ráðherra, er skrifar undir með honum, það er að segja venjulega hinn íslenska utanríkisráðherra. Ef þetta væri ekki svo, þá væru utanríkismál vor í fullri óreiðu. Ef t. d. danskur utanríkisráðherra undirritaði með konungi vorum samning við eitthvert ríki, þá væri það brot á 7. gr. sáttmálans, því að þá vantaði samþykki rjettra íslenskra stjórnarvalda, eða samningurinn væri með öðrum orðum ekki skuldbindandi fyrir Ísland. Einhver kynni að vilja svara þessu svo, að konungur Íslands væri þó rjett stjórnarvald og að þessi meðferð væri samkvæm 17. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir svo: „Konungur gerir samninga við önnur ríki“. En sá maður mundi hafa gleymt 1. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem stendur: „Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn“. Því að samkvæmt henni verður ætíð einhver íslenskur ráðherra að bera ábyrgð á stjórnarathöfnum konungsins, ekki síður undirskrift samninga en öðrum athöfnum hans. En danskur ráðherra getur eigi borið ábyrgð fyrir Alþingi og yrði því konungur að vera einvaldur í utanríkismálum vorum, ef sú aðferð væri rjett, sem jeg gerði ráð fyrir, og væri þá brotin 1. gr. stjórnarskrárinnar. En þá þyrfti hann eigi heldur að ómaka neinn dansk-an, þýskan eða enskan eða rússneskan ráðherra til undirskriftar með sjer, enda væru þeir allir jafngildir til undirskriftar með konungi Íslands.

Þótt jeg hafi farið þessum orðum um ábyrgðina gagnvart Alþingi í utanríkis-

málum vorum, þá hefði þess eigi verið þörf, því að Lundborg hefir tekið þetta skýrt fram í „Serprent av Syn og segn 1920", bls. 13. Skal jeg lesa orð hans með leyfi forseta:

> I en konstitutionelt styrd stat måste altid någen minister taga det konstitutionella ansvaret även för utrikes politiken. Den danske utrikesminister är en dansk ämbetsman och ingen unionell sådan och bär ej detta ansvar gentemot Island. Därav följer att någen av de isländske ministrarna måste göra det.*)

En hitt skiftir þó mestu máli hjer í deildinni, að Alþingi 1919 og 1920 hefir haft þessa skoðun og lýst yfir henni í ekki ómerkara skjali en stjórnarskráin er. Seytjánda grein hennar hljóðar svo: „Konungur gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann eigi slíka samninga gert, ef þeir hafa í sjer fólgið afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi, eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis komi til". Þessi grein í sambandi við 1. gr. stjórnarskrárinnar sýnir, að skoðun Alþingis er nákvæmlega hin sama, sem jeg hefi nú lýst.

Jeg þarf því eigi að efa það, að þingið sje enn á sama máli. En mjer þykir það eigi nóg, að einhver af ráðherrunum beri ábyrgð á utanríkismálunum, heldur tel jeg nauðsynlegt, að öll utanríkismál hverfi undir einn ráðherra.

Jeg skal ekki fjölyrða mjög um sjerstaka liði tillögunnar.

Um 1. lið er það að segja, að ætlun mín með honum er sú, að öll utanríkismál hverfi undir einn ráðherra, er heiti utanríkisráðherra Íslands. Enginn skilji þó orð mín svo, að með þessu vilji jeg stofna nýt ráðherraembætti, en sjerstök skrifstofudeild verður að vera fyrir þau mál. Hitt er algengt, að einn maður gegni mörgum ráðherrastörfum. Tökum til dæmis forsætisráðherrann hjer. Hann er nú þegar bæði forsætisráðherra, dómsmálaráðherra og kirkju- og kenslumálaráðherra. Þar hefir hann þriggja ráðherra starf, og tæki hið fjórða, ef hann yrði utanríkisráðherra. Jeg vil einkum færa þrjár ástæður fyrir því, að þessi breyting sje nauðsynleg:

1. Að óheppilegt er, að utanríkismálin þvælist milli allra skrifstofanna og enginn hafi yfirlit yfir þau.
2. Að óþægilegt er fyrir útlendinga að þurfa að hrekjast úr einni skrifstofu í aðra til þess að geta fundið þá menn, er utanríkismálin hafa með höndum og þeir eiga erindi sín við.
3. Að það er er ekki vansalaust þjóð og þingi að sjá ekki til þess, að haldið sje uppi heiðri landsins, en það er ekki gert, meðan landið hefir ekki sinn utanríkisráðherra.

Jeg vil minna hjer á orð eins hv. þm. í deildinni, er hann hafði nýlega um þetta á kosningafundi um daginn, að engan veginn væri það lítils virði, að sýnast vera það, sem maður er. Jeg hvet engan til að sýnast annað eða meira en hann er, en þótt einhverjir sjeu svo yfirlætislausir, að þeir vilji jafnan setjast í krókbekkinn, þá hafa þeir

*) Í riki með þingbundinni konungsstjórn verður ætið einhver ráðherra að bera ábyrgðina, einnig í utanríkismálunum. Danski utanríkisráðherrann er danskur embættismaður og ekki sambandsráðherra og ber eigi þessa ábyrgð gagnvart Íslandi. Þar af leiðir, að einhver af íslensku ráðherrunum verður að gera það.

enga heimild til að sýna þá auðmýkt, þegar þeir fara með umboð þjóðar sinnar.

Að þetta sje framkvæmt, sýnist mjer ekki vera annmörkum bundið, og jeg skil ekki, að það ætti að geta móðgað neinn. Sáttmálinn ætlast beint til þess í 15. gr., að Ísland gæti hagsmuna sinna í Damörku, með hverjum þeim hætti, sem það vill, og þá einnig með því að senda þangað sendiherra og sýna með því, að vjer höfum jus legationum. En þótt vjer hefðum engin önnur afskifti af utanríkismálum, þá þyrftum vjer þó að hafa utanríkisráðherra yfir þessum eina sendiherra.

Jeg vil enn nota tækifærið til þess að minna á það, að ekki er nóg fyrir afskekt land, sem um margar aldir hefir hangið í perlufestinni Ísland, Færeyjar og Grænland, að senda í eitt skifti fyrir öll til ríkjanna skjal um það, að á því herrans ári 1918 hefði Ísland verið viðurkent fullvalda ríki. Stjórnmálamenn sitja ekki á hverjum degi í skjalasöfnum til þess að leita að einhverjum lappa um stjórnarfar Íslands. Þeir þurfa að vita þetta og skilja á annan hátt, ef að gagni á að verða. Þeir þurfa að sjá fullveldi vort í atburðum sjálfs lífsins og viðskiftunum við oss. En til þess að það megi verða, þurfum vjer að hafa sendiherra í útlöndum með fullkomlega jafnri virðingu við aðra slíka sendiherra og utanríkisstjórn hjer heima fyrir. Þetta mál er því hvorki tildur nje heimska, eins og sumir vilja halda fram, heldur er hjer um lífsnauðsyn að ræða og virðing þjóðarinnar í veði, ef eigi er framkvæmt.

Fáfræðin um Ísland er svo mögnuð, að ræki lega þarf að taka þar í taumana. Það er því full þörf á íslenskri utanríkisstjórn, svo að þjóðirnar viti, hvar samningavaldið er, hvar hinn íslenski utanríkisráðherra er, enda taldi hæstv. forsrh. (J. M.) í ræðu fyrir skömmu, að nafnið væri þýðingarmikið.

Annar liðurinn hljóðar um það, að halda fast fram skilningi hins íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar, eftir 16. gr. sambandslaganna, að þeir menn sjeu íslenskir embættismenn, sem sendir eru eftir 7. gr. 3. lið þangað, sem engir danskir sendiherrar eru eða ræðismenn, og slíkt hið sama ráðunautar, sem sendir eru eftir sömu grein, sama lið.

Í fundargerð hins íslenska hluta dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar frá 7. júní 1920, var 2. mál á dagskrá utanríkismál. Í fundargerðinni segir svo:

> „Að tilhlutun forsætisráðherra var rætt um væntanlegan sendiræðismann í Miðjarðarhafslöndunum. Út af þessu samþykti nefndin svolátandi yfirlýsingu: Nefndin lýsir því áliti sínu, að tjeður ræðismaður verði íslenskur embættismaður, enda þótt utanríkisráðherra Dana undirriti skipun hans í umboði íslensku stjórnarinnar, (var gert ráð fyrir, að hann gæti það á ábyrgð íslensku stjórnarinnar); að honum beri að senda skýrslur sínar beint til íslensku stjórnarinnar; að honum verði greidd laun og skrifstofufje beint úr ríkissjóði Íslands, og að skylda hans til að leggja fje í lífeyrissjóð og rjettur hans til lífeyris, þegar hann sleppir stöðunni, fari eftir íslenskum lögum. Og sama skilning heldur nefndin fram um ráðunaut (attaché), ef það yrði að ráði að senda hann í stað ræðismanns."

Þessum skilningi vil jeg, að stjórnin haldi fram, ef ágreiningur verður, en það er eigi ennþá víst, að svo verði. Þegar svo danska ráðgjafarnefndin settist á fund með oss, 5. ágúst 1920, svöruðu þeir þessum atriðum svo:

„I det vi erkende at Forbundslovens § 7 lader sig, hvad Sager af den foreliggende Karakter angaar, udføre i Praksis ad forskellige Veje, maa Nævnets danske Afdeling hævde, at den Ordning, som de islandske Medlemmer af Nævnet har givet Udtryk i deres Erklæring i alt Fald ikke stemmer med de danske Medlemmers Opfattelse af Ord og Aand i Forbundslovens § 7, der forudsætter Enhed i det danske Udenrigsstyre, som paa Islands Vegne tillige varetager dettes udenrigske Anliggender, jfr. de fælles Bemærkninger til § 7. Den danske Afdeling maa forbeholde sig fornöden Tid til Sagens nærmere Overvejelse og til Forhandling med den danske Regering i Lighed med, hvad man maa antage, har fundet Sted for den islandske Afdelings og den islandske Regerings Vedkommende, hvorefter Sagen vil kunne optages til endelig Dröftelse indenfor Nævnet ved dettes Möde i kommende Aar.*)

Af þessu má öllum vera það ljóst, að hjer er ekki lýst neinu stríði af hálfu hins danska hluta nefndarinnar, heldur hafa þeir aðeins áskilið sjer frest til að ræða málið og bera sig saman við dönsku stjórnarvöldin,**) enda þótt þeir hafi skilið greinina öðruvísi.

Orð dönsku nefndarmannanna um, að danska utanríkisstjórnin þurfi að vera ein heild, lúta að athugasemdum samningamanna við 7. gr.: „Enda þótt danska utanríkisstjórnin, sem fer með utanríkismál Íslands í umboði þess, hljóti að vera ein, undir einni yfirstjórn, til þess að girða fyrir gagnstæðar ályktanir og framkvæmdir, hafa þó, o. s. frv.“ Þessi orð eru inn komin að tilhlutun hinna dönsku samningamanna, og vjer mótmæltum þeim eigi sakir þess, að skynsamlega upp tekin og rjett skilin eru þau rjettmæt. Og þar sem hinir dönsku samningamenn voru gáfaðir menn, þá verðum vjer að ætla, að þeir hafi lagt sama í þessi orð og vjer, þótt orðalagið megi telja villandi. — Hjer getur alls eigi verið að ræða um stjórnina í utanríkismálum Dana. Hún breytist hvorki nje raskast, þótt þeir fari með vor mál í umboði, hvort sem það er að öllu leyti eða nokkru leyti. Nei,

*) Þótt vjer játum, að 7. gr. sambandslaganna megi framkvæma á ýmsa lund í slíkum málum, sem þessu, verður þó hinn danski hluti nefndarinnar að halda því fram, að það fyrirkomulag, sem hinir íslensku nefndarmenn leggja til í yfirlýsing sinni, sje að minsta kosti ekki í samræmi við skilning hinna dönsku nefndarmanna á orðum og anda 7. gr., sem byggir á því, að danska utanríkisstjórnin sje ein, sem einnig fer með utanríkismál Íslands í umboði þess, sbr. sameiginlegar athugasemdir við 7. gr. Hinn danski hluti verður að áskilja sjer nægan tíma til nákvæmrar íhugunar á málinu og til að ræða það við dönsku stjórnina, svo sem vjer gerum ráð fyrir, að átt hafi sjer stað um íslensku nefndarmennina og íslensku stjórnina. Síðan má taka málið til úrslitameðferðar á fundi nefndarinnar næsta ár.

**) Hjer hjá oss leitar stjórnin ráða hjá nefndinni, en ekki öfugt.

hjer er átt við dönsku utanríkisstjórnina, sem fer með utanríkismál Íslands í umboði þess; hjer er átt við hina dönsku umboðsmenn, sem fara með mál vor. Hjer segir því, að stjórnin á utanríkismálum Íslands þurfi að vera ein o. s. frv. En það verður hún eins, þótt umræddir sendimenn verði íslenskir embættismenn, því að bæði þeir og umboðsmennirnir vinna undir einni yfirstjórn, undir utanríkisráðuneyti Íslands. Auk þess er til öryggis tekið fram í greininni, að umboðsmennirnir skuli fá að vita um, hvar og hvenær íslenskir menn koma inn í kerfið, til þess að samvinna geti verið á milli, eða með öðrum orðum til þess, að íslenska utanríkisstjórnin verði ein heild. Þetta liggur í athugasemdinni og annað ekki.

En því ber jeg þetta fram hjer, að stjórnin geti haft nokkurn styrk að baki, ef til deilu kemur.

3. liðurinn er um það, að þessir sendimenn heiti sendiherrar. Og er það til þess, að þá hafi þeir lykla að dyrum og eyrum manna, sem þeir kæmist eigi annars til, eins og forsætisráðherra hefir tekið rjettilega fram hjer á þinginu nýlega.

4. liður, að samningar fyrir Íslands hönd verði gerðir af þessum mönnum. En til þess liggja þau rök, að sjálfs er höndin hollust, því að þótt útlendir menn væri allir af vilja gerðir, mundi þó giftudrýgra, að í stað þeirra kæmi íslenskir menn, fæddir og uppaldir við íslenska staðháttu, og nákunnugir íslenskum málum.

5. liður, að sjá um, að sendiherra vor í Kaupmannahöfn gangi þar að öllu til jafns við sendiherra annara þjóða. Því hefi jeg sett inn þetta atriði, að jeg hefi heyrt ávæning af því, að svo sje eigi áður.

Í „Politiken“ 2. jan. hefi jeg nýlega lesið, að sendiherra vor hafi verið í konungsboði með þar tilteknum dönskum embættismönnum „og andre Rangspersoner“. Hvort af þessu megi ráða, að hann sje eigi í sendiherraflokknum, veit jeg ekki. En ef svo er, þá er slíkt óþolandi, og vil jeg skora á stjórnina að hlutast til um það, að sendiherra vor verði þar engin hornreka framvegis.

Jeg hefi og heyrt, að sendiherra vorum sje eigi ætlað að bera erindi sín upp fyrir utanríkisráðherra Dana sem öðrum sendiherrum, heldur forsætisráðherra. Jeg veit eigi sönnur á þessu, en ef svo er, þá er það gert til þess að villa öðrum sýn á því, hversu háttað er sambandi þessara konungsríkja. En nú gef jeg stjórninni tækifæri til að gefa skýrslu um þetta. Og ef alt er svo sem vera ber, þá má þessi liður falla niður.

6. liðurinn er af því fram kominn, að jeg sje í „Dansk Hof- og Statskalender“, að Jón Sveinbjörnsson einkaritari konungs Íslands, er þar talinn með dönskum embættismönnum, og er þar nefndur „Kabinetssekretær for Islands Anliggender“, og sama mun hann hafa á nafnspjaldi sínu. Þetta vona jeg, að stjórnin sjái um, að verði lagað, því það gæti haldið uppi endurminningunni um „hin sjerstaklegu málefni Íslands“, og er það bæði skaði fyrir Ísland og móðgun við hið íslenska ríki og konung þess.

Að lokum vil jeg svo beina þeirri áskorun til íslensku stjórnarinnar, að hún sjái um, að tilsvarandi bók komi út á íslensku fyrir Ísland, og í þeirri bók

á J. Sv. að teljast, því að hann er ekki einkaritari konungsins í Danmörku, heldur konungsins yfir Íslandi.

Þá er ráðgjafarnefndin átti fund í Danmörku síðast, þá fundum vjer að því, að Ísland eða Íslendingar væru í danskri starfsmannaskrá. Voru þá höfð góð orð um að laga þetta. En nú hefi jeg hjer milli handa nýja útgáfu alveg óbreytta að þessu leyti. Áskorun mín til stjórnarinnar er þá sú, að hún gefi út á hverju ári starfskrá (þ. e. Hof- og Statskalender) fyrir Ísland, og einkum að hún sjái um, að oss sje eigi gerð sú háðung, að vorir menn sjeu settir í starfskrár annara ríkja, sem Ísland væri hluti úr þeim.

Jeg hefi áður við þessa stjórn reynt að koma ýmsu fram, sem miðar að því að efla sjálfstæði þess íslenska ríkis og fylgja fram rjettum skilningi sáttmálans, en hefi fengið daufar undirtektir, og það leitt til lítilla framkvæmda af hennar hálfu. Jeg er seinþreyttur til illinda, en nú er þó svo komið, að mjer er full alvara, að þessi tillaga nái fram að ganga, enda tel jeg ósennilegt, að þm. taki sjer það þrifaverk fyrir hendur að drepa niður rjettum skilningi á 7. gr. sáttmálans.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi sagt hv. þm. Dala. (B. J.), að jeg væri ófáanlegur, að svo vöxnu máli, til þess að ræða þessa till. við hann hjer í hv. deild. Jeg hefi enn fremur sagt honum frá því, að jeg hafi beðið hæstv. forseta að stilla svo til, að ráðuneytið gæti haft einkafund með hv. þm. á morgun til þess að gefa skýrslu um nokkur mál, þar á meðal að minsta kosti eitt af þeim atriðum, sem um ræðir í till.

Þá hefi jeg látið þess getið við hann, að jeg yrði að líta svo á, að í till. feldist vantraust á mjer, eða ekki fult traust á meðferð minni á þeim málum, sem um ræðir í till.

Mjer dettur ekki í hug, að hv. deild samþykki svo þýðingarmikla og athugaverða till. íhugunarlaust, og tel sjálfsagt, ef hún á fram að ganga, að henni verði vísað til nefndar. En jeg tel ekki fallið að ræða till. frá minni hálfu nú.

Mjer þykir þó rjettara að lýsa yfir því nú þegar, svo ekki verði um vilst, að verði till. samþykt endanlega þannig, sem hún nú er, þá tel jeg það vott um, að jeg hafi ekki það traust hv. deildar, sem jeg tel mjer nauðsynlegt til þess, að jeg geti haldið áfram því starfi, sem jeg hefi með höndum, enda tel jeg till. að ýmsu leyti svo athugaverða, að jeg vil ekki taka á mig ábyrgðina á henni.

Flm. (Bjarni Jónsson): Ólíkt höfumst við að. Jeg stilli mig, og kem ekki fram með vantraustið, heldur miklu fremur með traust á stjórnina, þar sem jeg þó treysti henni að framfylgja till. minni. En hæstv. forsætisráðherra stendur upp með þjósti og vill gera þetta að vantrausti.

Jeg hefi áður beðið hann og alið á honum að kippa ýmsu af því í liðinn, sem tekið er fram í till. minni. Það hefir hann hingað til ekki gert, og er það því ekki nema að vonum, að þessi till. er hjer fram komin.

Forsætisráðherra (J. M.): Neitar hv. þm. Dala. (B. J.) því, að er jeg sagði honum í gær, að jeg teldi vantraust á mjer liggja í þessari till., þá svaraði hann því á þá leið, að vel mætti svo á líta?

Jakob Möller: Jeg get ekki látið hjá

líða að lýsa yfir undrun minni á því, hvernig hæstv. forsrh. (J. M.) tekur í þetta mál. Það lítur út fyrir, að hann vilji ekki ræða það opinberlega, en vilji fá tækifæri til að ræða það á leynifundi. Mjer finst hv. þm. Dala. (B. J.) hafa gert ljósa grein fyrir því, að þessar till. sjeu í fullu samræmi við sáttmálann við Dani. Þær eru einnig í samræmi við álit íslenska hlutans í lögjafnaðarnefndinni, og sjálft Alþingi hefir haldið fram sama skilningi. Hjer er þess vegna spurning aðeins um það, hvort stjórnin vilji fylgja þessum íslenska skilningi á sambandslögunum gagnvart danska skilningnum.

Nú færist hæstv. forsrh. (J. M.) undan því að gera grein fyrir afstöðu sinni opinberlega, og hann leggur þó svo mikið kapp á það, að till. verði feld, að hann lýsir yfir því, að hann muni skoða það sem vantraustsyfirlýsingu ef hún verði samþykt. Þetta verður ekki skilið á annan hátt en þann, að hann ætli að reyna að neyða fylgismenn stjórnarinnar til að greiða atkv. gegn till., hver svo sem sannfæring þeirra er. Þessi ógnun hæstv. forsrh. (J. M.) ætti að hafa öfugar verkanir og hann ætti að gjalda þess eða njóta, jeg veit ekki hvernig hann lítur á það atriði, að hann vill fara í felur með jafnaugljóst og mikilsvarðandi mál.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg veit ekki, hvort hv. þm. (Jak. M.) misskilur mig viljandi eða óafvitandi. Jeg vil ekki láta uppi afstöðu mína til málsins á þessu stigi, en jeg hefi ekki heldur gefið í skyn, að jeg vilji fara í felur með hana. Jeg hjelt því aðeins fram, að ótækt væri að ráða þessu máli til endanlegra lykta án athugunar. Jeg er fús til að ræða það við væntanlega nefnd og við síðari umr. Og jeg verð að endurtaka það, að jeg tel hv. deild lýsa vantrausti sínu á mjer, ef hún samþykkir þessa till. þegar í stað og án þess einu sinni að taka tillögu mína um að athuga hana í nefnd til greina. Mjer þykir það liggja í augum uppi, að slíkt mál sem þetta verður að rannsakast í nefnd. Það er of þýðingarmikið til þess, og jeg veit ekki, hvernig hv. þm. eiga að gera sjer fulla grein fyrir því svona alveg umhugsunarlaust. Jeg get þess vegna ekki skilið mótstöðuna gegn því að vísa málinu til nefndar, nema hvað snertir hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Ef nokkrum manni er þægð í því, að eitthvað sje gert, sem lýsir vantrausti á núverandi stjórn, þá er það hv. þm. (Jak. M.). Og nú hefir hann ef til vill vonað, að hægt væri að höggva á þann örðuga hnút, sem svo lengi hefir verið reynt að leysa.

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hefi ekkert á móti því, að málið fari í nefnd. Hv. deildarmenn varðar eins mikið um heiður og sjálfstæði landsins sem mig. Jeg þykist hafa gert skyldu mína, er jeg bar málið fram; nú eiga þeir að gera skyldu sína og taka málinu sem vera ber. Og ef þeir þurfa nefnd til þess að átta sig á, hvað sje skylda þeirra í þessu máli, þá er betra að það verði með þeim hætti heldur en þeir verði fáfróðir um hana framvegis.

Jakob Möller: Mjer þykir það undarlegt, að hv. deild þarf að láta nefnd rannsaka skýlausan og fullkominn rjett Íslands samkvæmt sambandslögunum. Málið er þannig vaxið, að það er óviðeigandi að vísa því til nefndar. Það liggur svo ljóst fyrir, að allir þm. hljóta að hafa áttað sig á því, og mjer þykir

það lýsa of lítilli skerpu og ákveðni um sjálfstæði landsins að vefja þetta mál. Jeg get þess vegna ekki varið það fyrir sjálfum mjer að greiða atkv. með því, að málið fari í nefnd. Um aðra þm. get jeg ekki sagt; þeir verða að fara eftir því, sem samviska þeirra býður þeim.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með shlj. atkv. og til allsherjarnefndar (sjá A. bls. 1659) með 19 : 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: H. K., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J., Ó. P., P. J., P. Þ., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. H., E. E., B. Sv.

nei: Jak. M., M. P., P. O., Gunn. S.

B. J., E. Þ. og S. St. greiddu ekki atkv.

Einn þm. (M. K.) fjarstaddur.

Á 47. og 64. fundi í Nd., dagana 19. apríl og 7. maí, var till. tekin til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var till. aftur tekin til 2. umr. (A. 48, n. 307, 323).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Það var svo að skilja í fyrstu, er till. þessi var fram borin á öndverðu þingi, að henni lægi mikið á. Allsherjarnefnd var fyrir munn forseta deildarinnar ámint um að láta ekki lengi dragast að koma með nál. sitt. Nefndin hafði ekki ætlað sjer að stinga máli þessu undir stól nje tefja framgang þess að nokkru leyti, því hún áleit það vandamál mikið, er fulla rannsókn ætti skilið, svo þar þótt-ist nefndin nokkra afsökun hafa, þó að hún rasaði ekki mjög að athugunum sínum. En hins vegar bjóst nefndin við, að eftir að hún hafði birt álit sitt, yrði alt gert til þess að flýta málinu, í stað-inn fyrir að láta það liggja í dái mest-an hluta þingtímans. Má vera, að þegar þetta mál er nú seint og um síðir upp tekið aftur, þá eigi það að verða einn þáttur í leik þeim, sem leikinn hefir ver-ið hjer í deildinni í vetur og er nú að verða þríþættur. **(B. J.:** Jeg er ekki for-seti og ræð engu um það, hvenær mál eru tekin á dagskrá). Það er nú svona eftir því, sem á það er litið, en nefnd-inni, og líklega fleirum hv. þdm. er það ofkunnugt, hvað valdið hefir því, að málið hefir svo lengi legið niðri, og er því ástæðulaust að fara frekar út í það nú.

Þegar maður athugar till. þessa og tildrög hennar, verður líka að athuga, hvaða þýðingu hún geti haft.

Eftir áliti nefndarinnar voru það tvær ástæður, sem gátu verið því valdandi, að slík till. sem þessi væri fram borin.

Í fyrsta lagi, að stjórnin hefði van-rækt skyldu sína um að vera á verði fyr-ir rjetti Íslands og þjóðarinnar um það, sem till. ræðir um. Og þess vegna þyrfti stjórnin brýningu frá Alþingi um að gera skyldu sína.

Og í öðru lagi, að þau atriði, sem till. hefir að geyma, væru svo mikilsvarð-andi fyrir rjettan skilning á 7. gr. sam-bandslaganna, að Alþingi yrði að grípa fram í til verndar rjettindum hins ís-lenska fullvalda ríkis og sem lögfest eru í sambandslögunum.

Þegar maður nú athugar fyrri ástæð-una, verður að minnast þess, er hv. flm.

(B. J.) ljet í ljós, er hann bar fram till., að hann vildi ekki bera stjórninni tómlæti á brýn í framkvæmdum þessa máls, með öðrum orðum, að flm. (B. J.) vildi ekki saka stjórnina fyrir það, að hún hefði ekki gert skyldu sína, og þó að langt sje liðið síðan fyrri umr. þessa máls fór fram, hygg jeg þó, að jeg skýri rjett frá afstöðu hv. flm. (B. J.). Þess vegna virðist mjer, að þessi ástæða sje þar með fallin úr sögunni.

Þá er það viðvíkjandi síðari ástæðunni, að Alþingi beri bráð nauðsyn til þess að grípa fram í, og það að fyrra bragði, til verndar okkar unga ríki. Til þess nú að sannfærast um, hvað mikið megi upp úr þessu leggja, verður að athuga, hvað felst í till. Ef niðurstaðan verður sú, að hjer sje mikil hætta á ferðum fyrir okkar unga fullvalda ríki, þá skal jeg fúslega játa og viðurkenna, að slík orð sjeu í tíma töluð, því sóma og heiðurlands míns og þjóðar vil jeg í öllu. En ef engin rök er hægt að færa fyrir þessari miklu hættu, sem nú var minst á, þá virðist till. eiga nauðalítið erindi hjer inn á hið háa Alþingi, og er þá síst að furða, þó að mjer og öðrum alvörumönnum finnist hún vera borin fram af sjálfstæðisgorgeir og þjóðarrembingi þeim, sem gert hefir svo mikið vart við sig hjer á þingi og víðar síðan við fengum fullveldisnafnið, og ætti fremur að fylgja lítt hugsandi angurgöpum heldur en æfðum stjórnmálamönnum.

Að öðru leyti ætla jeg ekki að hafa inngang ræðu minnar lengri. Jeg læt mjer nægja, til frekari skýringa, að vísa til nál. okkar. Þó skal jeg geta þess, eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, að hv. flm. (B. J.) hefir nú sniðið aftan af till. 3 liði, og sýnir þetta meðal annars, hversu mikið alvörumál þetta er fyrir honum. Nefndin hafði, er hún samdi álit sitt, búist við, að till. kæmi til síðari umr. eins og hún upphaflega var, og miðaði við það nál. En þar sem nú eru ekki eftir nema þrír fyrstu liðirnir, sje jeg ekki ástæðu til að ræða nema um þá, og skal jeg þá taka þá alla í rjettri röð og athuga þá frekar.

Nefndin hefir ekki talið, að þessi nafnbreyting í 1. lið till. hefði neina sjerstaka praktiska þýðingu. Hún er í alla staði meinlaus, en hefir ekkert að segja í framkvæmdunum, því þetta, sem þarna er nefnt, mun koma á einn ráðherrann, og þá að líkindum forsætisráðherrann. Hann mun að sjálfsögðu hafa á hendi þá íhlutun um utanríkismál okkar, sem leiðir af valdi voru yfir þeim málum, sem vjer höfum, þó að Danir fari með þau í umboði voru, og virðist þá ekki miklu skifta fyrir íslenska fullveldið, hvort einn ráðherrann beri titilinn utanríkisráðherra, eða ekki. Það er vitanlegt, að Danir fara með utanríkismál okkar í umboði okkar samkvæmt 7. gr. Og hefði þeim vitru mönnum, er samninginn gerðu, þótt svo miklu máli skifta, að einn ráðherrann hjeti utanríkisráðherra, þá hefðu þeir vafalaust komið ákvæði um það þegar í öndverðu inn í sambandslögin. En mjer vitanlega bar slíkt aldrei á góma á milli þeirra vitru stjórnmálamanna, er að þessum samningum unnu, svo þá hefir það eigi þótt svo þýðingarmikið eins og nú er látið í veðri vaka.

Nefndin lítur því svo á, að það hvorki skerði nje veiki fullveldi okkar, hvort þetta sje upp tekið nú eða ekki. Fari svo í framtíðinni, að reynslan sýni, að þetta geti haft praktiska þýðingu, þá getur stjórnin, og er það líka innan handar, tekið þetta upp. En sem sagt, eins og nú standa sakir, hefir það enga þýðingu. Hins vegar er nefndinni ekki

kunnugt um, að vöntun á þessum titli eða heiti hafi komið að ógagni, eða verið til tálmunar nauðsynlegum framkvæmdum 7. gr. sambandslaganna. Og jeg hygg, að þessi skilningur nefndarinnar sje á rökum bygður.

Þá er það 2. liður till., og þykir mjer þá hlýða að lesa hann upp, með leyfi hæstv. forseta:

> „Að halda fast fram skilningi hins íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar eftir 16. gr. sambandslaganna, að þeir menn sjeu íslenskir embættismenn, sem sendir eru eftir 7. gr. 3. lið, þangað sem engir eru danskir sendiherrar eða sendiræðismenn, og slíkt hið sama ráðunautar, sendir eftir sömu gr. sama lið."

Um þennan lið er það að segja, að nefndinni hefir borist til eyrna, og hefir talsverð rök fyrir, að satt muni vera frá sagt, að hjer væri um nokkurn ágreining að ræða milli hins íslenska og danska hluta lögjafnaðarnefndarinnar, og að íslenski hlutinn hjeldi fram þeim skilningi, sem felst í till. Að þessu leyti hefir því 2. liður till. við meiri rök að styðjast heldur en 1. liður. En lögjafnaðarnefndin í heild sinni hefir enn ekki tekið fullnaðarákvörðun um þennan ágreining, að því er nefndin best veit. Hins vegar verður nefndin að hallast á það, að skilningur íslenska hlutans sje eðlilegri frá okkar sjónarmiði sjeð, og málið í sjálfu sjer merkilegt, en þrátt fyrir það þykir nefndinni engin ástæða til þess, að Alþingi fari upp úr þuru að gera þetta að frekara deiluatriði milli Íslendinga og Dana. Enda ekki ástæða að örvænta um, að stjórnin geti ekki jafnað þetta og til lykta leitt á heppilegan hátt, svo vel megi við una, og ætti hún þar að hafa góðan stuðning í hinum íslenska hluta lögjafnaðarnefndarinnar, og ekki síst á meðan þar á sæti sjálfur flm. till., hv. þm. Dala. (B. J.). En að stjórnin hefir enn ekki látið þetta deiluefni til sín taka, mun vera af því, að þessi ágreiningur er svo nýlega upp risinn, að stjórnin mun tæplega hafa haft færi á að jafna hann. En færi nú svo um þennan ágreining, að Íslendingar þættust ekki mega við una og Danir vildu í engu vægja nje sveigja til fyrir okkar skilning, — jeg segi, ef svo færi, án þess þó, að jeg sje nokkru um það að spá, — þá er hægt að grípa til heimildar þeirrar, sem er í 7. gr. sambandslaganna og nota gerðardóminn, sem þar er settur, til að leggja úrskurð á þann ágreining, sem rísa kann um skilning á sambandslögunum.

Nefndin lítur því svo á, að enn sje málinu ekki svo langt komið, að ástæða sje fyrir þingið að grípa hjer fram í og skora á stjórnina að kippa þessu í lag. Enn sem komið er hefir ekkert það komið fram, er bendi til þess, að stjórnin eða íslenska hluta löggjafarnefndarinnar skorti vilja og djörfung til þess að halda fram rjetti hins íslenska fullvalda ríkis, og á meðan ekki liggur neitt slíkt fyrir, sem ásaka þurfi, er ástæðulaust að örvænta um góðan framgang þessa máls.

Þá er 3. liðurinn um að láta þá menn hafa embættisheitið sendiherra um stundarsakir, sem stjórnin sendir til sjerstakra samninga eftir 7. gr. sambl. 3. lið."

Eins víst og það er, að þau atvik geti komið fyrir, að íslenska stjórnin þurfi að senda menn í þarfir ríkisins til annara landa, eins álítur nefndin, að engin brýn nauðsyn sje á því að titla slíka menn þessu heiti, „sendiherrar um

stundarsakir". Nefndin getur því ekki hugsað sjer þetta annað en sjálfstæðistildur, svo jeg viðhafi ekki stærri orð, t. d. ef stjórnin sendir mann til útlanda til þess að semja um hrossasölu, annaðhvort í Danmörku eða Englandi; ætli mönnum þætti það ekki hálftildurskent, að slíkur hrossasölumaður ætti að bera titilinn „sendiherra um stundarsakir", hvort sem nafn hans væri Guðmundur Hávarðsson, Pjetur Pjetursson eða bara Páll? (**B. J.**: Eða Sigurður Stefánsson). Jeg geri nú ekki ráð fyrir því, að hann myndi verða fyrir slíku vali, en yrði hann sendur, er mjer þó óhætt að fullyrða, að hann myndi frábiðja sjer þennan sendiherratitil. Aftur á móti þykir mjer mjög sennilegt, að þm. Dala. (B. J.), yrði hann sendur, myndi vilja halda slíkum titli, enda hefir hann áður, sem viðskiftaráðunautur, getið sjer mikinn heiður, og myndi því einkar vel fallinn til þess að heita „hrossasölusendiherra um stundarsakir".

Annars var nú þetta útúrdúr, sem hv. þm. Dala. (B. J.) gaf tilefni til, en ekki jeg. (**B. J.**: Ekki gaf jeg tilefni til þess, þó að jeg nefndi eitt nafn).

Nefndin vill í þessu máli, á meðan stjórnin hefir ekki sýnt nein mistök, að hún hafi sem óbundnastar hendur um þessi atriði. Það skiftir minstu, hvað sendimenn stjórnarinnar eru nefndir; hitt er aðalatriðið, og á því verður að byggja, hvort sem um hrossasölu er að ræða eða annað, að mennirnir sjeu hæfir og leysi starf sitt vel af hendi. Auk þess getur komið fyrir, að gott sje fyrir oss að njóta aðstoðar við samninga erlendis hjá sambandsþjóðinni. Og þó að við sjeum miklir menn og stjórnkænir „diplomatar", tel jeg okkur það enga minkun að nota þá góðu krafta, sem við eigum völ á hjá sambandsþjóðinni. Þessi stimpill, eða sendiherratitill, er ekki svo mikils virði í þessu efni, að Alþingi eigi nú að rísa upp og skora á stjórnina að hrinda þessu þegar í framkvæmd. Enda man jeg ekki betur en að forsætisráðherra mælti eitthvað á þá leið við fyrri umræðu þessa máls, að hann hefði góðar vonir um, að þetta gæti lagast með tíð og tíma, án allra áskorana frá Alþingi, ef það þætti miklu máli skifta, og þess vegna sýnist nefndinni ástæðulaust að fara að skipa um þetta nú með sjerstakri þingsályktun. En þá nauðsyn hefir nefndin ekki getað komið auga á, að því, er til till. hv. þm. Dala. (B. J.) kemur.

Auðvitað gerir bæði nefndin og þingið ráð fyrir, að stjórnin sje jafnan á verði að því er rjettindi Íslands snertir, og láti ekki ganga þar á gerða samninga. Að því lýtur og dagskrá nefndarinnar.

Skal jeg svo ekki fara frekari orðum um afstöðu nefndarinnar til þessarar till., heldur bíða átekta og svara síðar fyrir nefndarinnar hönd, ef mótmæli koma fram.

Bjarni Jónsson: Jeg býst við, að enn sje þm. í fersku minni það, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði fyrir skemstu í ræðu sinni, að hefði þeim Íslendingum, sem samningana gerðu við Dani 1918, þótt mikið undir komið, að einn ráðherranna hjeti utanríkisráðherra, þá hefðu þeir átt að setja ákvæði um það í samninginn. Ekki er nú djúpt rist hjá þessum hv. þm. (S. St.), eða er hann virkilega svo blár, að hann haldi, að það eigi að blanda alíslenskum málum inn í sáttmála og samning, sem íslenska ríkið gerir við aðra þjóð. Vill þá ekki

þm. (S. St.) einnig víta það, að ekki skuli vera ákvæði um það í sambandssamningnum, hvort t. d. þm. í Nd. skuli vera 26 eða 28! Jeg held, að engum nema þessum hv. þm. (S. St.) hefði dottið í hug að slá slíku fram. Og ef við eigum að semja við Dani um heiti á embættismönnum vorum, þá ættu Danir alveg eins að semja við oss um heiti á sínum á embættismönnum. Það ætti þá að vera samningsmál milli Dana og Íslendinga, hvort Danir megi kalla einn ráðherra sinna utanríkisráðherra eða ekki. Ríkin standa algerlega jafnfætis eftir samningana. Og því kemur þetta atriði engum við nema Alþingi og stjórn Íslendinga. Jeg hjó eftir þessu í ræðu hv. frsm. (S. St.); það sýndi svo greinilega fávisku hans. Annars mun jeg framvegis fremur halda mig við hið prentaða mál, því á ræðu hv. frsm. (S. St.) var lítið að græða. Hann var auðsjáanlega í hinum mestu vandræðum, þráðurinn slitróttur og hugsun og rök í molum.

Nefndin segir í áliti sínu meðal annars, að sjálfsagt hafi einn ráðherrann yfirumsjón með framkvæmd þeirrar íhlutunar um utanríkismálin, sem vjer höfum í vorum höndum. Nefndin kallar það þá íhlutun, sem Íslendingar hafa um utanríkismál sín. En vjer köllum það ekki íhlutun, heldur yfirráð. Danir fara aðeins með þau mál um stundarsakir eftir umboði Íslendinga sjálfra. Svo segir nefndin neðar á sama blaði, að núverandi stjórn leggi sama skilning í ákvæði 7. gr. eins og íslenski hluti ráðgjafarnefndarinnar. En þessi ummæli hv. nefndar stangast eins og mannýgir hrútar, því bæði nefndin, þing og stjórn hafa altaf viðurkent, að hjer væri um yfirráð að ræða. Jeg veit, að hæstv. forsrh. (J. M.) hefir sagt það og mun segja það, og býst jeg því ekk við, að hann verði hv. allsherjarnefn þakklátur fyrir þetta orðalag.

Enn segir nefndin, að atkvgr. un þetta mál gæti litið svo út í augun þeirra, er lítt þekkja til, sem hjer vær um sundurþykkju að ræða í skilningi Ís lendinga á þessu atriði. En þeirri sund urþykkju sje ekki til að dreifa. En þv í ósköpunum leggur þá ekki nefndin ti að till. mín sje samþykt, úr því ekki e um neitt sundurþykki að ræða?

Hv. frsm. (S. St.) telur mínar skoðan ir, og þá um leið meiri hluta þingsins heimskulegar um þessi efni, en þó skrif ar nefndin, að allir sjeu samþykki þetta er ekki ólaglegt.

Þá er það og gott hjá hv. frsm. (S St.), að hann vísar til gerðardóms un þetta atriði. En mjer er spurn: Hverr ig á málið að fara til gerðardóms, e engu er fram haldið af hálfu Íslend inga? Annars liggur það alls ekki minni till, að þetta mál fari fyrir gerð ardóm. Jeg hefi þann skilning, að e fram kemur skýr og ótvíræður vil þings og stjórnar í þessu máli, þá mun ekki koma til neinnar deilu. En því ba jeg hjer fram þessa till., að jeg vil hafa skýlausan vilja þingsins að bal mjer, ef til deilu kæmi um 2. lið. Um liðinn verður alls ekki deilt.

Þetta eru þá nokkrar helstu mótsagn irnar í nál. En jeg nenni ekki að tefj tíma þingsins með því að telja flein en nóg er til.

Þá kem jeg að því, sem hv. frsm. (S St.) sagði, og prentað er í nál., að þa atvik geti legið fyrir, að búhnykkur s fyrir Dani og Íslendinga að gera sam inga í fjelagi. Hver neitar því? Norðu lönd gerðu á stríðsárunum ýmsa sam inga við erlend ríki í fjelagi, og náð hagkvæmari kjörum fyrir þá sök. E

þó að Ísland og Danmörk semji í fjelagi, þá liggur ekki þar í, að Danmörk eigi ein að gera þá samninga. Nei, bæði ríkin eru þar jafnrjetthá. Þetta er því bara þvaður út í loftið. Í minni till. er ekkert orð því til fyrirstöðu, að bæði ríkin geti samið saman, ef það þykir búhnykkur.

Þá heldur hv. frsm. (S. St.), að ef einhver ráðherranna hjer heiti utanríkisráðherra, þá geti ríkin ekki lengur gert samninga saman um utanríkismál beggja ríkjanna. En þetta er alveg sama og að neita því t. d., að Norðmenn og Svíar geti gert samning saman, af því þau hafa ekki einn utanríkisráðherra bæði.

Mín till. er til þess gerð, að allar þjóðir sjái það og skilji, að Íslendingar hafa ekki fengið utanríkismál sín í hendur Dönum næstu 25 ár til yfirráða, heldur aðeins þegið þjónustu þeirra. Hjer er aðeins um umboð að ræða, og þótt í dönskunni sje notað heldur rýmra orð, þá er það þrengt með íslenska nafninu. Jeg vil, að það verði lýðum ljóst, að þeir samningar, sem íslenska ríkið gerir við önnur ríki, sjeu samþyktir af konungi Íslands og íslenskum stjórnarvöldum.

Þá hafa menn minst á, að einingin í utanríkisstjórninni rofni fyrir þessar sakir, þannig, að hún ekki lengur verði ein heild. Því hefir áður verið svarað, að heildin þarf og á ekki að raskast þótt íslenskir verkamenn vinni þar með. Og sjálfsagt er að láta utanríkisráðherrann danska vita af sendimönnum hjeðan, svo ekki vinni hver á móti öðrum.

Og það fellir síst þennan rjett vorn, þótt einhver geri sig svo ófyndinn að kalla það tildur, eða telji það ekki sendiherra samboðið að selja hross. Jeg veit, að sendiherrar annara ríkja hafa ekki álitið misboðið virðingu sinni að annast slík störf. Og ef hv. þm. (S. St.) vill gera það að till. sinni að senda Guðmund Hávarðsson í þessum erindum, þá mun því ekki verða mótmælt af mjer. Það er stjórnarinnar að ráða slíka menn. En hinu vil jeg mótmæla og kalla það ekki leyfilegt hjer, að draga saklausra manna nöfn inn í umræður til þess annaðhvort að ófrægja þá sjálfa, eða til þess að reyna að gera málin hlægileg.

Alt skraf hv. frsm. (S. St.) um fullveldistildur og annað þesshátttar, í þessu sambandi, sýnir aðeins það, að hann er nú orðinn forngripur og langt á eftir tímanum í allri hugsun. Hann man ekki, að sambandið er nú alt annað en áður var, og að þessi gamli lítilmannlegi hugsunarháttur á ekki við í fullvalda ríki. Þvert á móti mætti kalla það hroka, ef Íslendingar hjeldu, að heimurinn stæði nú allur á öndinni til þess að fá upplýsingar um þetta nýviðurkenda íslenska ríki, eða að þjóðirnar hefðu úti þjóna til þess að grafa samninginn frá 1918 upp úr skjalasöfnum ríkjanna til þess að hafa hann stöðugt við höndina. Nei, smáþjóðirar gleymast fljótt, nema vel sje staðið á verði og rjettir menn komi fram á rjettum tíma með rjettu umboði. Og mín till. fer ekki fram á annað. Má hver kalla það tildur og hjegóma, sem vill, að vilja heita og vera það, sem maður er.

Jeg hefi nú felt burtu úr till. minni þá liði, sem gátu haft kostnað í för með sjer. Lagði jeg það til vegna þess, að jeg vildi ekki, að sparnaðarástæður rjeðu atkvæðum hv. þm. um þetta mál. Þykir mjer ekki alllítið undir komið, að

þessi till. verði samþykt. Hún er í fullu samræmi við samninginn 1918, þingið, stjórnina þá og stjórnina nú.

Hv. frsm. (S. St.) sagði, og hafði það eftir hæstv. forsrh. (J. M.), að þessu, sem till. mín fer fram á, mætti ná smám saman. Jeg þykist nú vita, að hæstv. forsætisráðherra sje svo hyggginn maður, að hann muni aldrei hafa sagt þetta. Það liggur svo í augum uppi, að rjett er að koma með alt fram í upphafi. Maður á að segja einarðlega og hreint í upphafi: Svona skil jeg samninginn, og svona vil jeg hafa það. Hreinn grundvöllur verður að fást þegar í byrjun. Annars koma rangar framkvæmdir á ákvæðum samningsins og verða að venju, sem erfiðara er að laga síðar. Slík röng framkvæmd sambandssamningsins hlýtur að vekja þær vonir hjá sambandsþjóð vorri, að Íslendingar ætli að fallast á þann skilning, sem Danir hafa á samninginn lagt.

Skal jeg nú, til þess að sýna hvern skilning Danir leggja í sambandssamninginn, ef ekkert verður hafist handa af hálfu Ísledinga, lesa nokkrar glefsur úr bók prófessors Knud Berlin, Den dansk-islandske Forbundslov af 30. November 1918, Kh. 1920.

Þessi bók er í margra manna höndum, og ef engar kröfur koma fram af Íslendinga hálfu, þá munu menn halda, að Íslendingar skilji þetta eins og Knud Berlin, og Danir gera sjer vonir um að fá þau rjettindi, sem þar er um getið.

Jeg ætla þá fyrst að grípa niður í bókinni á bls. 48.

> „Orsökin til þessa fyrirkomulags, sem er óuppsegjanlegt fyrir bæði ríkin í 25 ár, sbr. sambandslög § 18, mun frá Íslands hlið meðfram vera sú, að þótt Ísland sje viðurkent fullvalda ríki, þá hefir það ekki enn þá nauðsynlegt fjármagn nje hæfa menn til þess að taka þegar að sjer alla stjórn utanríkismála sinna, en af Dana hálfu hefir þess vafalaust verið krafist, að Danmörk haldi enn nokkra stund eftirliti með því, að stefna Íslands í utanríkismálum fjarlægist eigi um of stefnu Danmerkur. Þetta síðasta atriði er hið eina, sem fram er tekið í ástæðum fyrir § 7, þar sem sagt er, að hin danska utanríkisstjórn, sem fer með utanríkismál Íslands í umboði þess, hljóti að vera ein, undir einni yfirstjórn, til þess að girða fyrir gagnstæðar ályktanir og framkvæmdir."

Enn er hjer dálagleg klausa á næstu blaðsíðu (49):

> „Heildin er hins vegar fengin með því, að öll utanríkismál Íslands eru alla þá stund, sem sambandslögin standa, það er að segja óuppsegjanlegt á báðar hliðar í 25 ár, algerlega látin í hendur Dnmerkur til meðferðar fyrir hönd Íslands, svo að Ísland alla þá stund getur að jafnaði ekki sjálft á eigin hönd komist í samband við önnur lönd. Konungur Íslands getur því eigi, meðan sambandslögin standa, komið fram út á við fyrir hönd Íslands nje gert samninga við önnur ríki, — nema Danmörku. —
>
> Ekki getur heldur konungur Íslands yfir höfuð að tala tekið við eða sent sendiherra eða ræðismenn til annara ríkja."

Og þetta segir Knud Berlin, þrátt fyrir § 17 stjórnarskrárinnar.

Nú gefst hv. þm. kostur á að sýna það með atkvæði sínu um till. mína, hvort þeir vilja láta þessum skilningi

Knud Berlins ómótmælt, eða hvort þeir vilja halda fram hinum íslenska skilningi, að Ísland sje með samningnum viðurkent fullvalda ríki, en fullvalda ríki gæti ekki Ísland heitið, ef það hefði afhent öðru ríki öll sín utanríkismál í 25 ár.

En ef þm. fella þessa till., þá verð jeg að skilja það svo, að Alþingi vilji ekki fallast á minn skilning á sambandslögunum. Nál. er að mínu viti algerlega ónýtt skjal, og ekkert nema mótsagnir og hrærigrautur. En atkvgr. um till. mína er glögg og sker úr, hverjir eru með og hverjir móti.

Enn segir Knud Berlin á bls. 50:

„— — — utanríkisráðherrann í § 7 er hinn danski utanríkisráðherra", (og svo kemur ályktunin) „svo Ísland getur ekki fremur haft sinn eiginn utanríkisráðherra en krafist þess, að utanríkisráðherrann, sem sambandsembættismaður með ábyrgð gagnvart báðum ríkjum — — —."

Og á bls. 51:

„Raunar gerir § 7, 3. allóákveðna undantekningu frá reglunni um, að eingöngu hin danska,en ekki hin íslenska stjórn geti komið fram fyrir Íslands hönd út á við".

Á hann hjer við þá menn, sem um er getið í 3. lið till.

Hjer segir þá Knud Berlin skýrum orðum, að Ísland geti ekki haft eiginn utanríkisráðherra. (**H. K.**: Það markar enginn hvað Knútur segir). Hv. þm. Barð. (H. K.) segir, að enginn marki það, sem Knud Berlin segir. Jeg held, að slíkt sje óvarlega mælt, og allur er varinn góður. Knud Berlin er ekki heldur ómerkur maður, nje heldur þessi bók hans ómerk. Hann er prófessor við háskólann, og ef enginn mótmælir skilningi hans á sambandslögunum, þá get jeg óttast, að Danir muni á þann skilning fallast, þar sem hann þá er þeim sjálfum í hag.

Jeg vil að minsta kosti ekki verða til þess að láta vaxa út úr mjer handarhöld handa slíkum mönnum, líkt og um manninn, sem æxlin uxu út úr, uns þau urðu að handarhaldi fyrir fjandann til þess að draga hann til sín.

Eftir þessari skoðun Knud Berlins hafa Íslendingar afhent umráð utanríkismála sinna í hendur Dana, svo að þeir geta enga ábyrgð gert gildandi gegnt álræðinu danska.— Þeir,sem vilja undirskrifa þessa skoðun Knud Berlins, að þetta valdi ekki neinu, munu greiða atkvæði móti till., en jeg vildi þó reyna að gera hv. þdm. skiljanlegt, hvað um er að ræða.

Hv. frsm. (S. St.) vildi ekki, að sendimenn hins íslenska ríkis bæru svo veglegt nafn, og vildi kalla það tildur. En því er til að svara, að stjórnin íslenska hefir rjett til að kalla þá sendiherra um stundarsakir, eða „envoyé".

Hv. frsm. (S. St.) virtist það miður sæmandi, ef hann ætti að selja hross. En jeg skal geta þess, að þeim sendimanni, er sendur er til Miðjarðarhafslandanna, er aðallega ætlað að selja þorsk. Og þó að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) beri djúpa fyrirlitning fyrir hrossunum, þá vona jeg, að hann vilji þó lofa þeim að fljóta með þorskhausunum.

Þeim skilningi er haldið fram, að þó að þessi danski háskólakennari, sem prjedikar þessar skoðanir sínar fyrir yngri kynslóðinni, muni engin áhrif hafa og að ekkert tillit muni verða til hans tekið af hinum ráðandi mönnum þar. En þessir menn, sem hann hefir undir sínum handarjaðri, þeir koma til valda síðar meir, og það er ekki á hverju

ári, sem við höfum jafngóða menn til samninga og 1918.

Jeg veit það, að fyr eða síðar koma þeir menn fram á sjónarsviðið í Danmörku, sem hafa annan hug til Íslands en þeir. Þess vegna álít jeg, að alt verði að vera sem best undir búið og að ekki beri að fresta neinum framkvæmdum í þessa átt.

Hv. frsm. (S. St.) vildi leggja þá merkingu í tillögu mína, að hún væri fram komin sem óvinsæl árás á stjórnina. En jeg vona, að hv. þdm. muni, að við 1. umr. hagaði jeg svo orðum mínum, að þau gátu ekki skoðast annað en hvatning eða stuðningur fyrir stjórnina, með því að láta umræður og atkvgr. sýna það, að Alþingi stæði á bak við stjórnina með þennan skilning.

Jeg geng út frá, að þessir 3 liðir, sem jeg hefi lagt til, fái að standa óbreyttir og að stjórnin muni þá halda því fram með festu og láta hina sjerstöku sendimenn heita því nafni, er þeim er skylt að bera sem sendimönnum fullvalda ríkis, og jeg mun láta segja mjer það þrisvar, að stjórnin sje á móti þessu.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er að vísu svo, að þessi till. er mjög öðruvísi en þegar hún var fyrst fram borin. Sjerstaklega af því, að 4. liðurinn, sem alveg var ótækur, fellur burtu, þá verður till. öll önnur, og eins og stendur skilst mjer, að hv. flm. (B. J.) ætti að geta gert sig ánægðan með dagskrá hv. nefndar.

Hv. þm. Dala. (B. J.) setti á þinginu 1920 þá kröfu fram, og krafðist þess af stjórninni, að einn ráðherrann hjeti og væri utanríkisráðherra. Jeg sagði þá og segi það enn, að jeg sje enga ástæðu til þess, og ef það er alvara hjá þinginu að heimta þetta af stjórninni, þá ætti það vitanlega að koma frá báðum deildum þingsins, en ekki aðeins að vera borið fram í þessari hv. deild.

Sumir hv. þm. munu má ske vera þeirrar skoðunar, að þetta kosti ekki neitt, sem er farið fram á í 1. lið till. En það er ekki rjett. Það kostar fje, og það talsvert.

Í framsöguræðu hv. þm. (B. J.), sem prentuð er, bendir hann á það, að ekki þurfi að bæta við ráðherra, og er það alveg rjett. En hann viðurkennir, að það þurfi að bæta við einni skrifstofu, ef meiningin er að skilja utanríkismálin alveg út úr, og því mun þetta hafa sjerstakan kostnað í för með sjer. Þessi mál hafa hingað til verið afgreidd á viðkomandi skrifstofum, og einn ráðherranna hefir svo skrifað undir brjefin, og skiljanlega hefir það engan aukinn kostnað leitt af sjer. En ef á að fara að gera sjerstakan greinarmun á þessu, þá er ekki hægt að komast hjá því, að talsverður kostnaður verði því samfara.

Jeg get ekki heldur sjeð, að okkar vegur vaxi nokkuð við þessa tilhögun. (**B. J.**: Minkar hann nokkuð?). Nei, en ef hann ekki vex, þá virðast mjer óþarfi að vera að kosta til þess, þar sem hægt mun að vinna að málunum á þennan hátt eftir sem áður. Jeg held, að hv. flm. (B. J.) geri of mikið úr því, að þörf sje á sjerstakri deild vegna þess, að útlendir menn þurfi að hrekjast milli deildanna. Því er svo hagað um þessi mál, að þau eru afgreidd af þeirri deild, sem þau heyra undir, t. d. símamál í sinni sjerstöku deild o. s. frv.

En ef stjórnarskifti yrðu og stjórn kæmi, sem hv. þm. (B. J.) vildi styðja, þá gæti hann krafist þess, að einn ráðherrann tæki upp þetta nafn. En sem sagt, þá stend jeg við það, sem jeg hefi sagt, að jeg sje ekki nauðsyn á því, að

þetta nafn verði tekið upp. Jeg hefi ekki breytt skoðun minni á þessu eða þeim skilningi, sem jeg hefi lagt í þessa grein. Það er líka rjett, að það hefir engin áhrif, þótt Knud Berlin riti um þetta og skilji á annan veg, en ef ætti að fara að skrifa á móti því, þá ætti það ekki að vera með fáeinum línum, heldur með mörgum og góðum röksemdum.

Jeg er viss um, að það er langt frá því, að ráðandi menn í Danmörku vilji vanhalda samningana eða ganga á rjett okkar. Þetta vitum við hv. þm. Dala. (B. J.) báðir, og jeg get fullvissað hv. þdm. um, að sama hugsun er hjá þeirri stjórn Dana, sem nú er við völd.

Jeg held, að við þurfum ekkert að óttast þótt það kæmi fyrir, að skilningur okkar fjelli ekki saman um eitthvert einstakt atriði.

Ef átti að heimta þetta núna, þá hefði það átt að koma fram í báðum deildum, svo að alt þingið stæði á bak við, og það á ekki síður við 2. lið. Ef ágreiningur hefði risið, þá var það sjálfsagt frá þingsins hálfu að heimta af stjórninni að leggja málið í gerðardóm, og þá alt þingið.

Hv. þm. (B. J.) veit það, að það er skoðanamunur á því, hvort sendikonsúlarnir skuli teljast íslenskir eða danskir embættismenn. Það var meining þingsins að senda slíkan mann til Miðjarðarhafslandanna, og væri hann íslenskur embættismaður, en það hefir ekki getað orðið úr því vegna þess, að ágreiningur hefir orðið um þetta, hvort hann ætti að vera danskur eða íslenskur.

Þessu var hreyft í ráðgjafarnefndinni á síðasta fundi hennar, hvort öll nefndin gæti ekki fallist á skilning hins íslenska hluta hennar og þá skilning íslensku stjórnarinnar og þingsins. En það var óskað eftir, að málið biði til næsta fundar, að mjer skilst, til að hugsa um málið og taka það til sjerstakrar athugunar. Mjer finst rjett að láta það bíða þangað til þessi nefnd kemur saman aftur núna í sumar. Jeg tel það ekki rjett, að Alþingi sje að blanda sjer í málið meðan það svo að segja er fyrir sáttanefnd.

Þegar jeg rak mig á þetta í fyrra sumar, er verið var að útnefna mann, er senda átti til Miðjarðarhafslandanna fyrir okkar hönd, þá kom það fyrst til athugunar hjá stjórninni, hvort hún ætti að leggja málið í gerðardóm. En jeg vildi ekki vekja mikla deilu út af því, og undir engum kringumstæðum fyr en búið var að bera það undir alt þingið. Þetta skilst mjer, að hv. þm. Dala. (B. J.) ætlist til, að sje gert. En ef það er ekki svo, þá er þýðingarlaust að vera að skora á stjórnina að gera þetta; hún hefir sagt sinn skilning á málinu, og það yrði enginn styrkur fyrir stjórina, þó að þessa hv. deild samþ. ályktun í þessa átt. Það hefði enga þýðingu, nema ef beint er ætlast til, að þetta sje þegar lagt í gerðardóm. En ef hv. þm. Dala. (B. J.) ekki óskar þess, þá er þetta, eins og jeg hefi sagt, þýðingarlaust.

Jeg fyrir mitt leyti vildi ekki hafa neinn ágreining við Dani nú, og það mætti vonandi laga þetta í ráðgjafarnefndinni, svo að við mætti una. En svona samþykt mundi fremur spilla en bæta samkomulagið. Það gæti ekki heldur komið til mála, að stjórnin gerði neitt fyr en hún hefði borið sig saman við alt þingið. Þetta mun jeg svo láta nægja um 2. lið að svo stöddu.

Um 3. liðinn verð jeg að segja það, að jeg sje ekki, að vegur okkar verði meiri þó að þeir menn, sem við sendum

til samninga við aðrar þjóðir, hjetu sendiherrar um stundarsakir. Það gæti beinlínis orðið hlægilegt. Það hafa oft verið sendir menn frá stórveldum til slíkra samningagerða án þess að hafa sendiherranafnbót. Það væri spaugilegt, ef við sendum mann á einhverja „konference", ef hann væri sá eini, er bæri þessa nafnbót. Það verður að fara eftir því, sem er siður hjá allflestum þjóðum, þegar við þurfum að semja.

Jeg er alveg samdóma þeim hv. þm., er sagði, að þetta væri tildur að heimta það, að í hvert skifti sem sendir væru menn til að semja, að þeir skyldu nefnast sendiherrar, eða einhver þeirra. (**B. J.**: Það stendur í tillögunni, að þeir eigi allir að heita það). Jeg man það, hv. þm. (B. J.) þarf ekki að segja mjer það. Við vitum það báðir, að það má senda verslunarerindreka, en það heyrir undir 7. gr.

Mjer finst þetta alt svo þýðingarlítið, og get jeg ekki annað sjeð en að hv. þm. Dala. (B. J.) með þessu hafi náð því, sem hann hefir ætlast til, því það er ómögulegt, að hann hafi meint, að hún kæmi til framkvæmda, því þá hefði hann látið bera hana upp í hinni deildinni líka.

Bjarni Jónsson: Það undraði mig að hlýða á hv. frsm. (S. St.), en enn þá meir undrandi var jeg að hlusta á hæstv. forsrh. (J. M.), því þar er þó mannamunur, enda var þó viturlegar fram borið hjá honum. Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) sagði, að jeg ætti að gera mig ánægðan með rökstudda dagskrá á þessa leið: „Í því trausti, að stjórnin haldi fast fram rjetti Íslendinga samkvæmt sambandslögunum, o. s. frv." En hvaða upplýsingar gefur þetta um þá spurningu, sem jeg vildi fá svarað? Það hefir ekki heldur enn þá verið látið neitt traust í ljós um framkvæmdir stjórnarinnar í þessu máli. Það hefir komið glögg yfirlýsing um 2. lið frá stjórninni, en engin um hina, samþykki um þenna, og því þá að fella till.?

Hæstv. forsrh. (J. M.) vildi gera þetta að kostnaðarmáli, en jeg get ekki sjeð, að það hafi nokkurn kostnað í för með sjer, þó breytt sje um nafn á einum ráðherranna. Ef hæstv. forsætisráðherra hefir þessi störf á hendi, geri jeg ráð fyrir, að hann þurfi jafnmikið af skrifstofufólki, hvort sem hann nefnist forsætisráðherra eða utanríkisráðherra, nema því aðeins, að stjórnin ætli ekki að skifta sjer af utanríkismálum Íslands, heldur láta Danastjórn gera það. En jeg verð að segja, að jeg get ekki kallað það tildur að sjá utanríkismálum sínum vel borgið. Býst við, að það geti orðið kostnaðarsamara að vanrækja þessi störf heldur en borga einum eða tveimur skrifstofumönnum.

Hæstv. forsætisráðherra segir, að málin sjeu dreifð um skrifstofurnar, en það kalla jeg að málin sjeu á tætingi og í óreiðu, og er það ill meðferð á utanríkismálum landsins. Ekki þykir mjer ósennilegt, að útlendingum finnist óþægilegt að hendast á milli manna til þess að fá mál sín afgreidd; býst við, að þeir vilji vita, hvert þeir eigi að snúa sjer.

Það er auðsjeð, að ekki má dreifa utanríkismálunum á þrjár skrifstofur. Hvar á að skrifa öll brjef? Jeg efast ekki um, að hæstv. forsrh. (J. M.) sje duglegur skrifstofumaður, en það getur hann verið á sinni skrifstofu, þótt hann hafi ekki yfirlit yfir hinar tvær.

Ætlast hæstv. forsætisráðherra til, að enginn einn af ráðherrunum eigi að vera skyldugur að segja umboðsmanni

hvað gera skuli í utanríkismálum, heldur eigi að þvæla málunum af einni skrifstofunni á aðra, þannig, að hægri höndin viti ekki hvað sú vinstri gerir.

Mjer mundi ekki vaxa í augum þó að þyrfti að hafa sjerstaka skrifstofu, tel það fremur ágóða, miðað við það sem er, og miða í áttina til að koma utanríkismálunum í rjett horf.

Þó að Knud Berlin hafi verið í litlu áliti fyrir 3—4 árum, er hann í miklu áliti nú. Það er ekki gott að treysta því, að heimurinn gangi altaf eins.

Hæstv. forsætisráðherra vildi, að þetta væri þál. frá Alþingi, en ekki frá Nd., en jeg vil bjóða honum að sjá um, að samhljóða till. komi fram í efri deild.

Jeg kom fram með tvo síðustu liðina til að fá svar stjórnarinnar. En hvað viðvíkur 4. lið, þá lagði hæstv. forsrh. (J. M.) mikið upp úr því, að hann hefði kostnað í för með sjer. Sá kostnaður myndi margborga sig ef Íslendingar gerðu samninga sjálfir, en sakir þess, að ýmsir þm. líta öðruvísi á það mál, þá vil jeg heldur missa þann lið, og sje till. samþykt.

Hæstv. forsrh. (J. M.) vildi, að lagður yrði í gerðardóm ágreiningur sá, sem minst er á í 2. lið till. En það var aldrei skoðun mín á málinu. Því á fundi í sumar varð enginn ágreiningur milli hins íslenska og danska hluta ráðgjafarnefndarinnar um það atriði, sem getið er um í 2. lið. Dönsku nefndarmennirnir báðu um frest til næsta sumars. Nú vildi jeg leita álits þings og stjórnar um þetta atriði, áður en á fund þennan kæmi, svo jeg hefði öruggan bakhjarl að styðja mig við, og þurfti þá alls engan gerðardóm til að skera úr málinu.

Það er ekki rjett hjá hæstv. forsrh. (J. M.), að það spilli fyrir, að þingið láti í ljós vilja sinn í þessu máli, því eini vegurinn til samkomulags er, að íslensku nefndarmennirnir hafi einróma álit þings og stjórnar að baki sjer.

Þá kvað hæstv. forsrh. það hlægilegt, að kalla menn, sem sendir væru í sjerstökum erindum til útlanda, sendiherra. Það sje ekki notað um aðra en þá, sem eigi að vera sendiherrar (konsúlar), en ekki um hrossakaupmenn og þesshátta fólk. Það er undarlegt af hæstv. forsrh. að segja, að þetta eigi sjer ekki stað. En þó svo væri, hvað varðar okkur Íslendinga um það? Ef staðhættir eru aðrir hjer á Íslandi, þá þarf að víkja við venju.

Sendimenn frá Íslandi eiga að semja um íslensk mál. Jeg ætlast ekki til, að menn þessir haldi kyrru fyrir, heldur ferðist um og sjeu þar, sem þörfin er mest í það og það skiftið. Það var alls ekki meiningin að kosta dýran mann í hvert land.

Þetta vildi hæstv. forsrh. kalla að blása sig upp; það væri nóg að vita sig hafa þennan rjett. En það nægir mjer ekki; jeg vil, að aðrir viti það líka, bæði ríki og stjórnarvöld. En það geta þau með því einu móti, að við notum þennan rjett. Þetta er uppistaðan í mínu máli, og henni verður ekki neitað.

Annars get jeg látið mjer í ljettu rúmi liggja, hvort till. verður samþykt eða ekki. Ef til vill best fyrir mig, að hún yrði feld, því Íslendingar eru svefnsamir, og þarf deilur og illindi til að halda þeim vakandi. Væri þá sennilega heppilegast að efna til nýrrar deilu til að halda landsmönnum vakandi næstu 25 ár. Frá þessu sjónarmiði gæti jeg vel látið mjer lynda, að till. væri feld.

Jeg vildi nú samt benda á þá leiðina

að samþykkja till., því þjóðinni mun þá nokkuð óhætt, þótt hún sofi næstu 25 ár. Jeg vil ekki heldur ganga með hrekk eða flærð að sambandsþjóðinni, heldur ganga beint fram eins og hingað til. Ef till. verður feld, heldur hún þó þjóðinni vakandi, en jeg hygg, að ekki verði það eins happasælt fyrir þing og stjórn.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. þm. Dala. (B. J.) talar oft á annan veg en hann veit rjettastan. Hann sagðist vera hissa á mjer. Hvernig getur hv. þm. (B. J.) sagt þetta? Jeg sagði í fyrra, að jeg sæi ekki ástæðu til að taka þetta mál upp. Jeg hefi stundum orðið var við velvild þessa hv. þm. (B. J.). Hann sagði meðal annars, að við hefðum gert margt misjafnt um dagana. Jeg býst við, að eitthvað líkt mætti segja um hann, en jeg er ekki vanur að fara út í þesskonar reikninga. Ef hv. þm. (B. J.) óskar, er velkomið, að jeg leysi frá pokanum.

Hv. þm. (B. J.) segir niðurstöðuna hjá sjer, að við sýnum, að við sjeum fullvalda ríki. Jeg veit vel, að hv. þm. (B. J.) vildi helst hafa sendiherra í hverri borg, álítur, að það mundi margborga sig.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. maí, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 48, n. 307, 323).

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg get reyndar sagt, að hæstv. forsrh. (J. M.) hafi tekið ómakið að mestu af frsm. í þessu máli, svo það er varla gustuk að yrðast við hv. flm. till. (B. J.) meira, eins illa og hann er kominn með rökfærslur sínar fyrir till. Allshn. getur látið sjer í ljettu rúmi liggja stóryrði hv. þm. (B. J.) í hennar garð, um heimsku, fáfræði og bull, því þau eru fallin á hv. þm. (B. J.) sjálfan, eftir skýrum rökum hæstv. forsrh. (J. M.) í gær, sem sýndu, að ræða hv. flm. (B. J.) er einber lokleysa.

Fyrir nefndina er ekki ástæða til að eltast við öfugmæli og fullyrðingar þessa hv. þm. (B. J.) um hana sjálfa og álit hennar. Hann heggur niður í álitið á víð og dreif og reynir að gera úlfalda úr mýflugunni. Hann sagði, að ummæli allshn. stönguðust eins og mannýgir hrútar. Hann sagði, að um utanríkismálin væri ekki um neina íhlutun að ræða frá okkar hálfu, heldur hrein og bein yfirráð. Allshn. hefir hvergi neitað því, að Ísland hefði yfirráð yfir utanríkismálum sínum. En hún segir, að Íslendingar hafi falið Dönum að fara með umboð sitt í þessum málum, samkvæmt 7. gr. sambandslaganna. Og þó að talað sje um íhlutun frá Íslendinga hálfu um meðferð Dana á umboðinu, þá nær engri átt að kalla það öfugmæli. Hitt er víst, að nafnbreytingin ein á ráðherra getur hvorki aukið eða rýrt yfirráð vor yfir þessum málum. Verksvið íslensku stjórnarinnar verður ekkert meira fyrir það, þó að einn ráðherrann sje kallaður utanríkisráðherra. Tal hv. þm. Dala. (B. J.) um það er ekkert nema hjegómatildur og líkist meira skrumauglýsingum og upphrópunum ábyrgðarlausra þjóðmálaskúma heldur en orðum gætinna og reyndra stjórnmálamanna, sem hugsa meira um að vera en sýnast.

Þá kallaði hv. þm. (B. J.) það fjarstæðu og hneykslaðist mikið á því, að nefndin, eins og sjálfsagt er, kallaði það búhnykk fyrir okkur, að Danir og Íslendingar vinni í sameiningu að samningum við erlend ríki.

Jeg vil ekki tefja tíma þingsins með því að fara út í allar meinlokur hv. þm. Dala. (B. J.) um nál. allshn. Hv. þm. (B. J.) taldi það nauðsyn fyrir íslensku stjórnina og íslenska hluta dansk-íslensku nefndarinnar, að yfirlýsing fengist um 2. lið till. Þessi yfirlýsing er þegar fengin í nál. allshn., og þar að auki hefir hæstv. forsrh. (J. M.) ekki hefengt, að skoðun íslenska hlutans sje rjett.

Þá mintist hv. þm. Dala. (B. J.) á Knud Berlín. Hann á, samkvæmt umhælum þm., að hafa fengið slík tök á dönsku stjórninni, að hún sje honum sammála um það, að sendiherrarnir eru ekki íslenskir embættismenn.

Þetta fullyrðir hv. þm. Dala. (B. J.). En hvaðan honum kemur slík viska, er mjer næsta óskiljanlegt. Þetta skýtur líka nokkuð skökku við, því að í fyrra sátti danski hluti ráðgjafarnefndarinnar ekki útkljá neitt um þetta, áður en hann vissi nokkuð um álit dönsku stjórnarinnar. Mikil er nú trú þm. Dala. (B. J.) á lærdómi og áhrifum Knud Berlins, en sú var tíðin, að hann var ekki mikill spámaður hjá honum, þótt hann sje nú eitt hans stærsta „autoritet". Jeg vil í þessu sambandi minnast á annað átrúnaðargoð þm. Dala. (B. J.), Ragnar Lundborg. Hann hefir átið uppi álit sitt um atriði það, sem getur um í 2. lið till. þm. Dala. (B. J.). En það var þannig, að hv. þm. hefir ekki mikið viljað flíka því. Því hefir þó haldið til verið haldið á lofti, sem þessi stjórnmálamaður hefir sagt um íslensk stjórnmál, og ekki síst af þm. Dala. (B. J.). Nú hefir hann haldið meir á lofti kenningum Knud Berlins. Hann vill nú ná ske kalla Ragnar Lundborg pólitiskan forngrip, sem lifi í endurminningum um liðinn tíma og hafi ekkert vit á nútímastjórnmálum, eins og hann sagði í gær um formann allshn. En þá hefir hann mikið breytt skoðun á honum í seinni tíð.

En annars er það sannast sagt um þann vitra og lærða herra, Knud Berlin, að landar hans taka nú orðið lítið mark á skrifum hans um Íslandsmál. Hann er búinn að skrifa yfir sig, og þeir eru hættir að hlusta á hann. Danastjórn mun óhikað fara allra sinna ferða fyrir honum. En annars hygg jeg, að svo geti líka farið fyrir þm. Dala. (B. J.) sem K. B., að landar hans hætti að taka hann alvarlega, fyrir hinar sífeldu yfingar hans og stælugirni, fullveldisskraf og fullveldishroka. Jeg skal ekki segja, hvort þetta verður seint eða snemma á æfi hans, en fyr eða síðar rekur að því.

Hv. þm. (B. J.) talaði um það, að meðan við hefðum ekki sendiherra, jeg held helst í öllum ríkjum veraldarinnar, þá vissi heimurinn ekki um fullveldi Íslands. Ef við þyrftum að auglýsa fullveldi vort með sendiherrum í öllum löndum, þá myndum við skara fram úr öðrum ríkjum að sendiherrafjölmenni, eins og við værum auðugir og hefðum miljónir milli handanna. Jeg efast nú ekki um, að hv. þm. Dala. (B. J.) muni álíta, að okkur skorti síst fje til þessa. Það er altaf viðkvæðið hjá honum, að þetta margborgi sig. Allar sendiherrasveitir, hvert ráðunautsstarf, margborgar sig, og því betur, því meir sem til þeirra er kostað. Þótt oss skorti fje til að launa þessum sendiherrum, þá er ekkert annað en taka lán, 5, 10, 15 miljónir á ári. Hvað gerir það? Sendiherrarnir auglýsa fullveldið úti um heim allan! Sumum mönnum kynni nú samt

að virðast, að slíkar fjárreiður væru ekki vel fallnar til þess að auka fjárhagslegt sjálfstæði ríkisins. En þessa menn álítur þm. Dala. (B. J.) gamaldags, og ekkert tillit takandi til þess, þó að ríkið sigli sig um koll með þessu sendiherratildri meðal annars. Það eru smámunir í augum hans. En ef þessi leið væri farin, þá gæti farið svo, að við þyrftum að biðja Knud Berlin að útvega okkur nokkurra miljóna lán í Danmörku. Við borguðum svo aftur þegar við værum orðnir auðugir og víðfrægir af þessum sendiherrum. Þá er gott að hafa þm. Dala. (B. J.) til að fara fyrstur bónarveg að Knud Berlin.

Annars verð jeg að segja það, að mjer virðist afstaða þm. Dala. (B. J.) til tillögunnar orðin næsta undarleg, og mun jeg síðar víkja að því. Í ræðu sinni í gær sagði hann, að ágreiningurinn um 2. lið till. ætti að geta varnað því, að við flytum sofandi að feigðarósi o. s. frv. Þetta kann nú að vera, að við sjeum sofandi, en það stafar þá af því, að það er ekki farin að sýna sig nein hætta á ferðum, ekkert bendir til þess, að Danir ætli að ganga á gerða samninga. En þm. Dala. (B. J.) vill gera mikið veður úr ágreiningnum, meira í orði, minna á borði. Það má helst ráða af orðum hans, að hann vilji, að deilunni verði aldrei ráðið til lykta. Hann vill, að íslenski hluti nefndarinnar þrátti við danska hluta nefndarinnar, íslenska stjórnin þrátti við dönsku stjórnina, og íslenska þjóðin þrátti við dönsku þjóðina. En það er ekki nærri því komandi, að hann vilji láta ráða deilunni til lykta með gerðardómi. Bara halda áfram og ganga fram hjá ráði því, sem gert er ráð fyrir í 17. gr. sambandslaganna. Þetta minnir á karlinn, sem misti konuna sína, en þeim hafði komið mjög illa saman. Þegar menn sáu hann gráta á eftir, var hann spurður, hví hann grjeti. Það er nú svona, sagði karlinn, jeg er búinn að missa nöldrið mitt. Það er eins og sumir menn geti ekki lifað án þess að eiga í deilum. Nú, þegar sjálfstæðisdeilunni við Dani er lokið, þá á að fara að vekja upp nýja deilu á öðrum grundvelli. Þessir menn halda, að föðurlandsást og ættjarðarumhyggja sje í því einu fólgin að eiga í erjum við sambandsþjóðina. Við höfum enn þá mikið saman við Dani að sælda, þrátt fyrir sambandslögin, og þeir hafa ekkert tilefni gefið til ófriðar. Það dugir ekki að stökkva upp á nef sjer án þess að reyna að jafna alt með sjer á friðsamlegan hátt, eins og siður er allra greindra manna og gætinna.

Það er rangt hjá þm. Dala. (B. J.), að Danir viti ekki um vilja þings og þjóðar í máli þessu, nema þingið samþykki þessa þál. hans. Þess þurfum við ekki, þótt við að hinu leytinu könnumst við, að skilningur íslensku nefndarmannanna á þessu atriði sje rjettur, að því er snertir þennan lið.

Þá kem jeg að því, sem mjer þótti undarlegast af öllu undarlegu í ræðu þm. (B. J.). Hann sagði sem sje, að ef til vill væri það best, að þál. væri feld. Þetta er ekki í sem bestu samræmi við það, sem hann hafði áður sagt, að íslensku nefndarmönnunum væri það ómetanlegur stuðningur og góður bakhjarl að hafa skýran vilja þingsins að baki sjer, er þeir kæmu á fund með dönsku nefndarmönnunum. Því undarlegri er nú sú niðurstaða að óska, að till. sje feld. Þetta sýnir, hversu mikið er að marka vaðal þm. (B. J.) og lýsir ekki miklum áhuga á málefnum þeim, sem hann berst fyrir og flytur. Nú hefi hefi jeg engan stuðning til þess frá alls-

herjarnefnd að fella till.; henni er ekki mikið í mun, að hún sje feld; hún vill aðeins afgreiða hana á þinglegan hátt, vísa því til stjórnarinnar að jafna ágreininginn á friðsamlegan hátt og hefja ekki deilur og illindi að óþörfu. En annað mál er það, hvað hún kann að gera fyrir þm. Dala. (B. J.), er hann tekur fyrst 3 liði aftan af henni og óskar svo helst, að hinir sjeu feldir. En auðvitað, ef hv. deild vill heldur samþykkja þál. en dagskrána, þá hefir allsherjarnefnd ekkert út á það að setja. Það er síður en svo, að hún vilji draga úr stjórninni að vaka yfir rjetti Íslands, að ekki sje gengið á hann af hinum aðiljanum, en hún heldur því fram, að dagskráin sje eini þinglegi vegurinn til að afgreiða málið.

Jeg get ekki stilt mig um, áður en jeg sest niður, að minnast með nokkrum orðum á brtt. þm. Dala. (B. J.), þar sem hann leggur til, að 3 síðustu liðir till. skuli feldir niður. Eitt af mörgu einkennilegu við þessa brtt. er það, að henni fylgir greinargerð. Slíkt hefi jeg aldrei sjeð hjer á þingi fyr, að greinargerð fylgi brtt. Að vísu er greinargerð þessi fremur líkræða yfir 3 síðustu liðum till. en greinargerð í venjulegum skilningi. Hún kemur sama og ekkert við tillöguna, en er öllu heldur lýsing á allsherjarnefnd. Allshn. kippir sjer nú ekki upp við það, þótt þm. Dala. (B. J.) lýsi henni með mikilli andagift og kalli hana eina af skepnum jarðar. Hann segir meðal annars, að öllum skepnum jarðarinnar sjeu veitt einhver vopn til að vega með og verjast. Hitt er vitað mál, að þessum gæðum er misskift, og sú skepna, sem í þingmáli er nefnd þm. Dala., hefir orðið ærið afskift í þeirri úthlutun, ef ráða má af sókn og vörn hennar í þessu máli, þegar hún hefir legið vikum saman á þessum eggjum sínum og þrjú af þeim eru orðin fúl í fullveldishreiðrinu. Notar nú skepna þessi þau einu vopn, sem hún hefir, munn sinn og matarlyst, og jetur þessi lífsafkvæmi sín. Að lokinni máltíð kemur svo þessi sama skepna fram fyrir deildina og mælist til þess, að hún kasti út þessum þremur, sem eftir eru. En flestir munu nú vænta þess, að hv. deild segi nú við hana hið sama, sem Skarphjeðinn sagði forðum við Þorkel hák, að nær væri henni að stanga fúleggin úr tönnum sjer en að vera að japla frammi fyrir deildinni á öllum þessum hjegóma.

Jeg skal að endingu geta þess, að mjer er öldungis sama hvað þessi þingskepna vestan úr Dölum segir frekar um þetta mál. Jeg ætla mjer ekki að eiga frekari orðastað við hana að sinni.

Bjarni Jónsson: Jeg vænti þess, að hæstv. forseti veiti mjer sama rjett sem öðrum frsm., og leyfi mjer að halda hjer dálítinn ræðustúf, þótt í þriðja sinn sje. Minna tillæti get jeg ekki sýnt hinum gráskeggjaða öldung þarna á horninu, arfþega Jóns Sigurðssonar frá Ísafjarðardjúpinu. Það er nú kann ske einhver munur að vera þingskepna úr Dölunum. Fylgir því minni vegur, en eigi þykir mjer ólíklegt, að þingskepnunni úr Dölunum veitist ljettara að valda sínum arfi en arfþega Jóns Sigurðssonar sínum.

Þá skal jeg snúa mjer að ræðu hæstv. forsætisráðherra (J. M.). Jeg hygg, að það hafi ekki verið nema eitt atriði í ræðu hans, sem jeg þarf að svara. Hann sagði það, að framferði mitt gæti ekki talist fullkomlega „loyalt“ gagnvart danska hluta nefndarinnar. En þetta er fjarri sanni. Íslenski hluti

nefndarinnar ljet bóka álit sitt um þetta efni í fyrra, og var það þýtt á dönsku og fengið þeim í hendur, svo dönsku nefndarmennirnir máttu vel um það vita. Svo því er ekki hjer til að dreifa, að verið sje að vega aftan að þeim. Það var ekkert annað en þetta, sem jeg þurfti að svara hæstv. forsrh.

Þá mun jeg snúa máli mínu að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), arfþega Jóns Sigurðssonar. Þá kom kærleikurinn fram hjá hv. þm. (S. St.). Fyltist hann fjálgleik og miskunnsemi við mig og þótti ekki gustuk að fara illa með mig. En jeg get látið hv. þm. (S. St.) vita, að hann getur ekki farið illa með mig; hann fer aðeins illa með sjálfan sig.

Hv. þm. (S. St.) sagði, að allsherjarnefnd ljeti sjer í ljettu rúmi liggja allar vitleysur mínar og hártoganir. En það, sem jeg sagði, studdist við prentað mál, undirskrifað af öllum nefndarmönnum. Jeg held, að skrif þetta sje verk hv. þm. (S. St.), því að fáum öðrum trúi jeg til þess að hafa svo skarpan heila að geta raðað saman öllum þeim mannýgu hugsanahrútum, sem þar stangast. Og held jeg, að arfþega Jóns Sigurðssonar sje hollara að þegja en verða sjer oftar eins til skammar.

Þá er eitt dæmi enn um rökfimi þessa hv. þm. (S. St.), að hann telur íhlutun sama sem íhlutunarsemi. Hv. arfþegi Jóns Sigurðssonar! Mikil er heimska mannanna.

Þá sýndi hv. þm. (S. St.) dæmi prestmælgi sinnar, með því að kalla það lýðháskólatildur, hjegómagirni, flónsku, asnaskap, að hafa utanríkisráðherra fyrir Ísland, og hefi jeg ekki talið upp nema einn tíunda hluta af faguryrðum þessa kostaþingskjörgrips þeirra N.-Ísf. (S. St.). Það hefði sennilega þótt einkennilegt í Noregi um 1905, að kalla það tildur að vilja hafa norskan utan ríkisráðherra. Nú er líkt ástatt um Ís lendinga, og sýnir þetta skilning hv. þm (S. St.) á landsmálum. Það er ekki hæg að saka menn um það, þó að þeir verð elliærir, en hitt er miður ákjósanlegt, e þeir hafa áhrif á stjórnmál landsins.

Ummæli hv. þm. (S. St.) um Knu Berlin og Ragnar Lundborg voru tuggi upp eftir hæstv. forsætisráðherra. Þa er satt, að Knud Berlin mun í litlu metum í Danmörku nú, en á skamm stund skipast veður í lofti. Hann hef haldið fram ákveðinni skoðun um þett mál, og líkindi eru til, að stjórn Dan merkur fallist á hana, að minsta kos um útsenda ræðismenn. Er því fu ástæða til að hefjast handa hjer.

Hv. þm. (S. St.) þurfti ekki að nefn Ragnar Lundborg, því að hæstv. forsæ isráðherra hafði tekið það alt fram á ur. Jeg kannast við, að hann fór rje með, en þó að Ragnar Lundborg ha verið í afhaldi hjá mjer, þarf jeg ek að láta hann ráða skoðunum mínum.

Þegar hv. þm. (S. St.) hafði ha þetta upp, tók hann að mæla frá sjál síns brjósti, og voru það gífuryrði o fúkyrði að vanda. Hann talaði u mont, þrætugirni og annað, sem je nenni ekki að hafa yfir. Jeg býst vi að Jóni Sigurðssyni hefði þótt gam að hlusta á hv. þm. (S. St.), og hef honum líklega ekki þótt það með öl spauglaust, að þm. kallaði sig arfþeg hans. Vitanlega hefir hv. þm. (S. St aldrei borið giftu til að hafa skilnin á sjálfstæðismálum landsins, og n þegar ellihroki hans meinar honum fara að ráðum sjer vitrari manna, ker ur allur sá misskilningur í ljós. Hv. þ (S. St.) fær ekki skilið, hver hagnað okkur megi að því verða, að fara sjál ir með mál okkar, en fyrir því hef

hann sjálfur barist, þegar hann var á sínum rjetta stað, attanióss. Nú blaðrar hann um sendiherra í öllum ríkjum, skrafar um 10—15 milj. kr. útgjöld til utanríkismála, og ætlar hann þá líklega ekki að vera eins knífinn við þá og hann er, þegar um fjárlögin er að ræða. Ef hann væri ekki farinn að ryðga í reikningnum og búinn að gleyma öllu því, sem hann hefir áður lært, vissi hann, að ekki er fram á annað farið en að einn ráðherranna hafi utanríkismál á hendi og heiti rjettu nafni utanríkisráðherra, og að stjórnin fylgi þeirri skoðun, að þeir menn, sem í stjórnarerindum eru sendir í önnur lönd frá Íslandi, heiti sendiherrar um stundasakir. Skyldi Jón Sigurðsson ekki hafa fallist á röksemdir þessa kosta- og kynjagrips. Jeg sagði ekki skepna, því að það er hv. þm. (S. St.) ekki, nema þá skepna skaparans, ef skaparinn hefir getað skapað slíkt.

Það er rjett hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.), að til misklíðar er ekki komið, en jeg vil búa svo tryggilega og skilmerkilega um hnútana, að til hennar þurfi ekki að koma. Jeg sagði, að þetta væri rjett hjá hæstv. forsrh. (J. M.), en þó að hv. þm. (S. St.) hafi tuggið það upp, efast jeg um, að það hafi við annað að styðjast í höfði hans en illgirni til málsins. Hjer er aðeins um það að ræða, að undirbúa væntanlegan samning og samkomulag á komandi sumri, og gera það svo, að við stöndum ekki ver að vígi en Danir.

Margt var það, sem hv. þm. (S. St.) ætlaði okkur að gleypa, en fátt lagði hann til frá sjálfum sjer annað en tilhæfulausar staðhæfingar og skammaryrði. Hann bar það á mig, að jeg æti mitt eigið afkvæmi. Þetta var sagt nokkuð oft í deildinni hjer fyrir skömmu um hæstv. stjórn, og þótti hæstv. forsrh. (J. M.) það þá heldur miður sæmilegt eða þinglegt. En arfþegi Jóns Sigurðssonar var svo lystargóður að eta það upp einu sinni enn, og honum velgdi ekki við, því að hann hefir eflaust sjeð hann svartan fyr. Því næst hóf hv. þm. (S. St.) ljótan munnsöfnuð, að sið sínum, og talaði aðallega um fúlegg. Hann þekkir þau úr Vigur.

Það er öllum kunnugt, að með sáttmálanum er hafið nýtt kerfi í íslenskum stjórnmálum. Með honum er lokið öllu sjermálastandi og deilum um það, hvort eitthvað sje sjermál eða sammál. Sá gamli afturhaldsandi, sem lýsti sjer í þessari deilu, er dáinn og grafinn, en eftir er aðeins kross á leiði hans, hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hann hefir fengið mál og kallar það nú gorgeir að berjast fyrir viðurkenningu á rjettindum Íslands. Í hjarta sínu gremst honum líklega, að nokkur skuli halda því fram, að rjettindi Íslands sjeu til, en það hefir Jón Sigurðsson sannað og mætti sá, er kallar sig arfþega hans, vita það. Það var skoðun Jóns Sigurðssonar, sem sigraði 1918. Þá fengum við viðurkendan þann rjett, sem hann sannaði, að við ættum. Þessa viðurkenningu vorum við yfirleitt búnir að fá á öllum sviðum nema einu, utanríkismálunum. Á þeim varð aðalbreytingin. Það vill löngum verða svo, þegar þjóð sækir rjettindi sín til annarar þjóðar, sem þeim hefir haldið, að utanríkismálin verða aðaldeiluefnið, af því að þau eru í raun og veru mikilvægust sjálfstæði þjóðanna. Svo var um Norðmenn og Svía, svo er um Íslendinga og Dani. Norðmönnum nægði það ekki, að þeirra menn voru skipaðir í sænsk virðingarembætti til þess að fara með utanríkismálin. Þjóðarmetnaður sá, sem Austmenn hafa

varðveitt, krafðist þess, að þeir færu með þau sjálfir. Þeir voru þess albúnir að fara í stríð til þess að berjast fyrir þessum rjetti, en þó var málefnasamband milli Noregs og Svíþjóðar, en milli Íslands og Danmerkur er hreint konungssamband. Þetta höfum við fengið viðurkent, og nú er aðeins eftir að framkvæma það. Utanríkisráðherra Íslands á að stjórna öllum utanríkismálum þess, skipa menn í þesskonar embætti, ráða starfi þeirra og skrifa undir allar ákvarðanir þar að lútandi með konungi. Þetta er íslenska skoðunin. En arfþegi Jóns Sigurðssonar (S. St.) er á annari skoðun. Hann vill, að öll utanríkismál Íslands sjeu í höndum Dana, vill helst, að utanríkismál Íslands sjeu ekki til, og ef Ísland vill eitthvað skifta sjer af þeim, kallar hann það íhlutunarsemi. Hann segir, að nægilegt sje að hafa fengið rjettinn viðurkendan, þó að hann sje ekki notaður, og á hann sje gengið. Það á að salta þessi rjettindi, eða verra, það á að láta þau verða fúlegg úr Vigur.

Hv. þm. vita um, með hvaða hug sáttmálinn var gerður 1918. Það var til þess ætlast, að Íslendingar færu sjálfir með utanríkismálin, en til þess þurfti að hafa einhvern, sem bæri ábyrgð á þeim fyrir Alþingi. Ef svo verður ekki, flækjast þessi mikilsverðu mál milli stjórnarskrifstofanna, og framkvæmdir þeirra verða af handa hófi, eða þau verða alveg lögð í hendur Dana, og sjálfstæði Íslands er þá nafnið eitt. Þetta ætti arfþegi Jóns Sigurðssonar að sjá, ef hann er sá frelsisgarpur, sem Ísfirðingar eflaust halda hann, úr því þeir senda hann á þing. Það var ljóslega til þess ætlast, að Ísland hefði jus legationum, enda hafði það fengið fulla viðurkenningu fyrir þeim rjetti. Frá Noregi komu heillaóskir, frá ríkisþinginu, en engin viðurkenning hefir enn komið frá norsku stjórninni, og hún hefir hjer aðeins ræðismann en ekki sendiherra. Það er þó ekki svo, að hún sje ekki full af velvildarhug til vor Íslendinga, en hún virðist ekki hafa skilið sáttmálann milli Íslendinga og Dana rjett, sem ekki er von, þar sem hann hefir ekki verið rjett framkvæmdur. Sænska stjórnin sendi sendiherra um stundarsakir í fyrra, en jeg sá í blaði, að þingið sænska hefði neitað fjárveitingu til sendingar sendiherra hingað. Vegna þess, hve slælegar hafa verið framkvæmdir allar á þessari grein sáttmálans, telja Svíar þar sennilegast móðgun við Danmörk, að senda hingað sendiherrra, og ekki munu þær hljómsterku raddir um þjóðernisgorgeir, tildur, mont, uppskafningsháttog spjátrungsskap, sem ómað hafa hjer í sölum Alþingis, ýta undir erlendar þjóðir að sýna viðurkenningu á fullveldi Íslands. Jeg veit um þessar þjóðir, hversu velviljaðar þær eru Íslandi, og sjerstaklega íslenskri menning, og að ástæðan til þess, að viðurkenning hefir ekki komið enn frá stjórnum þeirra, er sú, að þær hafa ekki á rjettan hátt verið látnar vita um, hvern skilning beri að leggja inn í 7. gr. Þjóðverjar eru þeir einu, sem hafa sýnt fulla viðurkenningu á Íslandi, þar sem þeir hafa sent sendiherra til konungsins yfir Íslandi, sem búsettur er í Danmörku. Þetta ætlast jeg til, að hv. þingmenn skilji. Það kann að vera, að það sjeu fleiri en þessi arfþegi Jóns Sigurðssonar (S. St.), sem vilja halda, að það sje illkvitni úr mjer, fúlmenska og þrætugirni, að jeg skuli halda fram rjettum skilningi á 7. gr., en vonandi verða þeir ekki margir. Það er ljettur leikur fyrir fulltrúa þessarar þjóðar, að

bregðast henni þegar mest ríður á. En svik eru það, þjóðsvik, og svik við Alþingi 1918, og svik við rjettan málstað.

Af því að þessi hv. arfþegi Jóns Sigurðssonar er ræðumaður og vanur að tala bæði um það, sem er á himnum uppi og á jörðu, bendi jeg honum á kvæði eitt eftir Árna Garborg, þar sem maður nokkur, þjóðsvikari eins og hann, er að gera kölska reikningsskap gerða sinna, og segir:

Margir una þeim ljetta leik,
á lönd í friði herja.
Þig fylgispakur að fullu jeg sveik
það fólk, sem jeg átti að verja.

En hann getur þess líka, að fólkið hafi tekið þessu illa, og heldur áfram:

Nú burtu hræddir þeir hafa sig,
og hagnýtist illa verkið;
með hrolli stara þeir hvast á mig
og horfa á svikamerkið.

Svo biður hann kölska að taka það af, svo að hann geti borið höfuðið hátt hjá þjóð sinni, en kölski vill ekki verða við því, og segir:

Meinsvara brennisteins bragð á vör
best er mjer gleði fundin.
Og geðþekk er mjer þín frægðarför,
til fagnaðar þjóðin bundin.

Á hlið við Júdas og hlið við Kark
hlaust þú hið efsta sæti.
En höfuðs þíns biksvart brennimark
burt jeg ei numið gæti.

Það fylgir þjer yfrum æfihaf
og utar lífsins kveldi.
Það getur alls ekki gengið af
í gervöllum helvítis eldi.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal reyna að vera stuttorður, því að mál þetta hefir þegar tekið alt of langan tíma, þar sem vitanlega er alls ekki svo mikið, sem deilt er um. Okkur kemur saman um aðalatriðin, einkum hvað snertir 2. lið. Aðeins er deilt um það, að jeg áleit óþarfa að koma með mál þetta inn á þing, áður en stjórnirnar eru búnar að reyna að koma sjer niður á því máli með hjálp lögjafnaðarnefndarinnar. Mjer fanst óviðkunnanlegt að koma með það inn á þing, meðan það, eins og flm. (B. J.) rjettilega tók fram, svo að segja væri fyrir sáttanefnd. Og eins og kom fram í því, sem hann las upp, þá eru það stjórnirnar, sem fyrst eiga að hafa til meðferðar þau ágreiningsmál, sem fram kunna að koma. Það er ágreiningur um það, hvort taka eigi upp nafnið utanríkisráðherra og setja þá um leið upp sjerstaka stjórnardeild. En til þess að koma á fót slíkri skrifstofu þarf sjerstaka fjárveitingu. Það má vel komast af með það fyrirkomulag, sem nú er, fyrst um sinn; enn þá hefir ekkert rekist á.

Þá kem jeg að því atriði, sem ágreiningur er einnig um, að mjer finst engin þörf á því, að allir sendimenn, sem landið sendir, skuli bera sendiherranafn í hverju tilfelli.

Þetta er nú allur ágreiningurinn. Ef þingsályktunartillaga þessi verður samþykt, þá verður líka alt Alþingi að gera það, þar sem af því mundi leiða fjárútlát, og jeg gæti ekki tekið til greina slíka fjárveitingu aðeins frá annari deildinni.

En sem sagt, það er engin deila um aðalatriðin. Aðalágreiningurinn var frá byrjun um hinar till., sem nú er búið að taka burtu, og hv. þm. (B. J.) seg-

ir sjálfur, að að því leyti sem 1. lið snertir, þá er þar alls ekki spurning um 7. gr., því að þar er um algerl. innlent mál að ræða, svo það er mjög villandi að tala þar um framkvæmd á 7. grein sambandslaganna.

En eins og jeg sagði, þá getur stjórnin ekki tekið þessa þál. til greina nema hún komi frá öllu þinginu, auk þess sem fjárveiting yrði þá að fylgja.

Frsm. (Sigurður Stefánsson): Jeg skal ekki tefja tímann með því að fara í hnútukast við hv. þm. Dala. (B. J.). Jeg tel öll hans ummæli dauð og ómerk, eins og hver önnur landsómagaorð.

Forseti (B. Sv.): Jeg verð að víta hv. þm. (S. St.) fyrir að viðhafa slík ósæmileg ummæli, ekki síst þegar um svo alvarlegt mál er að ræða.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin á þskj. 307, frá allshn., samþykt með 15 : 11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þór. J., B. H., E. Þ., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. K.

nei: M. P., P. Þ., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. J., B. Sv.

2. Slysa- og ellitryggingar.

Á 62. fundi í Nd., miðvikudaginn 4. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um undirbúning slysa- og ellitrygginga (A. 485).

Á 63. fundi í Nd., föstudaginn 6. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 20. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 485).

Flm. (Jón Baldvinsson): Það getur nú verið, að þessi till. gangi ekki jafnhljóðalaust gegn um hv. deild og hin fyrri (um endurskoðun fátækralaganna), þótt svo ætti að vera, þar sem hjer er að ræða um mikið framtíðar- og nauðsynjamál fyrir þjóðina. Þörfin á þessum tryggingum sjest hvað greinilegast á því, að varla er það fjelag stofnað í landinu, sem ekki byrjar starfsemi sína með því að stofna sjúkra- eða tryggingasjóði. En allir slíkir sjóðir eru auðvitað mjög máttarlitlir og geta ekki eflst svo nokkru nemi, eða veitt nokkurn styrk svo teljandi sje.

Jeg verð nú að leggja mesta áherslu á það, að slysatryggingar verði almennar. Svo er og hjá bræðraþjóðum okkar, að þar er búið að koma á almennum slysatryggingum. Í Danmörku komust þær á með lögum frá 6. júní 1916, og var þar bygt á sama grundvelli og í þingsályktunartillögu þeirri, er jeg ber hjer fram. Það er sem sje skyldutrygging, þar sem hver og einn, er lætur annan vinna fyrir sig, er skyldur að hafa trygt hann áður, og það verður þannig á atvinnurekanda, sem tryggingarskyldan hvílir. Í slysatryggingum sjómanna

er skyldutryggingin að vísu ekki bygð á þeim grundvelli, en þess verður ekki langt að bíða, að svo verði. En þessi litla slysatrygging sjómanna opnar best augu manna fyrir tryggingarleysinu á öðrum sviðum en nokkuð annað. Ef t. d. verkamaður og lögskráður sjómaður eru að vinnu úti í skipi, og verða báðir fyrir slysi, þá fær verkamaðurinn ekkert, en sjómaðurinn þó dálítinn styrk. Verkamenn og aðrir starfsmenn fá ekki neinar bætur fyrir slys, sem þeir verða fyrir, og úrræðið verður venjulegast það, að leita verður á náðir sveitarinnar. Þetta atriði var nú svo ítarlega rætt um daginn í sambandi við fátækralögin, að jeg sje ekki ástæðu til að fara frekar út í það hjer.

Hjer var á dögunum samþykt till. um innlendar elli- og líftryggingar, þar sem hæstv. stjórn var falið það mál til frekari rannsóknar. (**Fjrh. M. G.:** Þar var einnig átt við slysatryggingar). Nei, með leyfi hæstv. forseta, þá segir svo í till.:

> „Alþingi ályktar að skora á stjórnina að halda áfram rannsóknum um innlendar elli- og líftryggingar o. fl. hjer að lútandi, svo og athuga, hvort ekki sje tímabært að lögleiða almennar skyldutryggingar, einkum ellitryggingar."

Hjer er ekki svo greinilega að orði komist, að hæstv. stjórn geti ekki hummað það fram af sjer, þótt hún líka með góðum vilja gæti eitthvað gert, og þar er ekki lagður sá grundvöllur, sem jeg vil láta leggja, að ellitryggingar ættu að vera skylda og að iðgjöld ætti hver maður að byrja að greiða þegar hann er 15 ára. Í greinargerð þál.till., sem samþykt var, var bent á þá leið í ellitryggingum, að hver maður á tvítugsaldri eigi að geta keypt sjer ellitryggingu í eitt skifti fyrir öll; þá verð jeg að álíta, að slíku ákvæði verði ekki hægt að koma við, enda eru kringumstæður manna á þeim aldri ærið misjafnar, t. d. verða margir menn á þeim aldri að sjá fyrir vandamönnum sínum, þótt þeir sjeu ekki sjálfir orðnir fjölskyldumenn. Því er betra að fara heldur hina leiðina, að gjaldið sje tekið af mönnum árlega, mánaðarlega eða vikulega, svo að þeir, er þeir hafa náð sextugsaldri, hafi rjett til þess að fá útborgaða smáupphæð mánaðarlega. Eins og kunnugt er, er til ellistyrktarsjóður, en þar er ekki um neinn rjett til styrktar úr honum að ræða, heldur er það nokkurskonar náðarbrauð, sem sækja verður um og fátækrastjórnin úthlutar. Auk þess eru upphæðir þær, sem veittar eru, svo litlar, að lítið munar um þær, þótt það geti ef til vill kallast lítils háttar glaðningur. Þessu fyrirkomulagi verður auðvitað ekki komið á alt í einu. Það verður að byrja smátt og smátt og leggja grundvöllinn sem tryggilegastan, og sem líkastan því, sem hann er hjá öðrum menningarþjóðum.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar. Jeg geri ráð fyrir, að menn sjeu orðnir allbráðir í að komast hjeðan.

Jón Þorláksson: Jeg vil aðeins lýsa yfir því, að jeg get ekki betur sjeð en að Alþingi hafi, með þál.till. á þskj. 309, afgreitt til landsstjórnarinnar ályktun um að taka það sama mál til meðferðar og hjer ræðir um. Jeg fyrir mitt leyti gæti nú látið mjer standa á sama um það, þó að tvær þál.till. yrðu

afgreiddar um sama efni, en mjer þykir þessi till. vera alt of einskorðuð um það, hvernig og á hvaða grundvelli skuli framkvæma hana, og mjer finst óviðeigandi, að þing og stjórn bindi svo fyrirfram hendur sínar um það mál, sem fyr á þinginu er búið að vísa til stjórnarinnar.

Þess vegna vil jeg leyfa mjer að bera fram svo hljóðandi rökstudda dagskrá:

> **„Með því, að Alþingi hefir þegar samþykt áskorun til stjórnarinnar um undirbúning tryggingarlöggjafar, sem nær einnig til þess málefnis, er till. á þskj. 485 beinist að, þykir deildinni ekki þörf á að afgreiða þessa till. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.“**

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir tekið af mjer ómakið með að svara hv. flm. (J. B.). Það var einmitt þessi einskorðun í till. við ákveðna stefnu, sem mjer finst ekki eiga við. Jeg skal játa það, að getur verið stuðningur fyrir stjórnina, að málið skuli einnig hafa komið fram á þessum grundvelli. En eins og hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gat um, þá er það ekki hentugt, að þingmenn bindi svo hendur sínar um eina ákveðna stefnu, eins og fram kemur í greinargerðinni. Þar er svo að orði komist:

> „— — — að þingið sýni ákveðinn vilja, ekki aðeins um það, að rannsókn fari fram, heldur einnig, að frv. verði lagt fram um þessi mál þegar fyrir næsta þing, og mörkuð ákveðin stefna um tryggingar þær, sem fyrst geta komist á, en það eru almennar slysa- og ellitryggingar.“

Það er að vísu gott, að sem flestar skoðanir komi fram, en þær geta einnig komið fram í blöðum og tímaritum, auk þess sem menn geta snúið sjer með till. sínar beint til stjórnarinnar.

Eitt er enn, sem mjer þykir athugavert við þessa till., en það er, að í stað þess, að í hinni till. er sagt, að h e l s t eigi að leggja málið fyrir næsta Alþingi, þá er hjer kveðið svo á, að það s k u l i lagt fyrir næsta þing. Jeg veit ekki betur en að 10 ár hafi gengið í það að undirbúa þau lög, sem samþykt voru í Danmörku 1916, því að jeg talaði við danskan þingmann, sem var hjer í konungsförinni 1907, og hann var þá í milliþinganefnd í þessu máli, og lofaði hann að senda mjer nál., þegar það kæmi út.

Jeg tel það litla sanngirni að heimta þetta mál lagt fyrir með svona takmörkuðum fresti, eftir því sem reynsla annara þjóða er um undirbúning slíkra mála.

Flm. (Jón Baldvinsson): Út af síðustu orðum hæstv. atvrh. (P. J.) vil jeg geta þess, að þessi slysatryggingarlög, sem nú eru í Danmörku, eru þannig til komin, að sjerstök nefnd var skipuð 1910 til að samræma þau lög, er þá voru til um þetta efni, og leggja fastan grundvöll undir tryggingarnar, en það er sami grundvöllurinn og bygt er á í till. minni. Þessari endurskoðun var lokið 1911, en vegna veikinda innanríkisráðherrans tafðist það nokkuð lengi, og kom ekki fram aftur fyr en á árinu 1915.

Tryggingarmál hafa oft verið til umræðu hjer á Alþingi, en þau hafa, að því er mjer virðist helst, beinst að því að koma á innlendri líftryggingu, en minna um slysa- eða ellitryggingar. Þess vegna fanst mjer ástæða til að

koma fram með þetta sjerstaklega. Og jeg álít það ekki lakara fyrir stjórnina, þótt þessi ákveðni grundvöllur, sem bygt er í till. minni, sje þegar lagður í tryggingarmálum okkar, og það því fremur sem einnig er bygt á því sama hjá nágrannaþjóðunum, og verður fyr eða síðar ofan á hjer. Löggjöf okkar er líka í flestu sniðin eftir löggjöf frændþjóða okkar á Norðurlöndum, og því þá ekki að fara að þeirra ráði einnig í þessari löggjöf?

Dagskrána get jeg auðvitað ekki samþykt. Jeg tel ljettara fyrir stjórnina að starfa, þegar hún veit, á hvaða grundvelli hún á að vinna, og það er sú stefna, sem fyr eða síðar verður ofan á hjá okkur í tryggingarmálunum.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 3. þm. Reykv. (J. Þ.) samþ. með 19 : 5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: E. E., H. K., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorst. J., Þór. J., B. H., B. Sv.

nei: E. Þ., Gunn. S., Jak. M., J. B., M. K.

Þrír þm. (B. J., Ó. P. og Þorl. J.) fjarstaddir.

3. Vaxtakjör landbúnaðarlána.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um vaxtakjör landbúnaðarlána (A. 568).

Á 69. fundi í Nd., föstudaginn 13. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 75. fundi í Nd., föstudaginn 20. maí, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 568).

Flm. (Eiríkur Einarsson): Það var ætlun mín að láta nokkur orð fylgja þessari till. og gera grein fyrir henni, en af því að jeg veit, að það er ósk allra þm., að umræður sjeu nú sem stystar, þá er jeg að hugsa um að láta mjer nægja að vísa til þeirrar stuttu greinargerðar, er till. fylgir, nema þau mótmæli komi fram frá hv. þm., er gefa mjer tilefni til að taka til máls aftur. Jeg býst við, að þeir, sem eru landbúnaðarvinir meira en í orði, sjái, hversu þýðingarmikil þessi till. er, og ljái henni fylgi sitt.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vildi beina þeirri fyrirspurn til hv. flm. þál. (E. E.), hvernig hann ætlist til, að stjórnin fari að því að fá þessu framgengt við bankana. Hjer er um 2 banka að ræða. Er annar þeirra hlutabanki og að mestu leyti eign erlendra manna, og þykir mjer ekki sennilegt, að hann taki það mikið til greina, þó að stjórnin fari að skipa honum að lána með vissum vaxtakjörum, honum í óhag. Um hinn bankann, Landsbankann, er það að segja, að eigi að skipa honum að lána

með lágum kjörum, þá er það sama og veita fje úr ríkissjóði, og sýnist þá dálítið einkennilegt að ætla sjer að veita það fje með þál.

Þesu vona jeg, að hv. þm. (E. E.) svari skýrt.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Það hittist nú svo á, að Alþingi hefir þessa dagana samþykt lög um ríkisveðbanka á Íslandi, er á að hafa það verkefni, að veita hagfeldari fasteignalán en nú er kostur á, og á landbúnaðurinn fyrst og fremst að verða þessa aðnjótandi. Einhverjum kynni því í fljótu bragði að þykja till. minni ofaukið, er á þennan hátt hefir verið ráðin bót á lánskjörum landbúnaðarins, og að það sje frekja og ósanngirni að láta það ekki nægja. En slíkt væri misskilningur. Þótt mönnum megi vera fagnaðarefni að ríkisveðbankafrv. náði fram að ganga, og hægt sje að gera sjer góðar vonir um þá stofnun, getur þó engum dulist, að bankanum verður ekki hægt að afla þess starfsfjár og verða svo öflugur nú á fyrstu árunum, að hann geti á nokkurn veg fullnægt lántökuþörf bænda, jafnmikil og hún er, og með þeim skuldum, er á þeim hvíla nú í mörgum hjeruðum landsins. Að ætla slíkt, væri alveg ofætlun og enda fjarstæða. Auk þess er vitanlega á það að líta, að veðbankinn tekur einungis til fasteignatrygginga, en þarfir bænda, þótt ekki væri nema leiguliðanna, verða ekki allar trygðar með fasteignum.

Þá kynnu og einhverjir, þótt hlyntir væru tillögu minni, að telja það álitamál, hvort hægt sje að breyta vaxtakjörum, eins og hjer er gefin bending um. Hvort bankarnir sjeu ekki þeim skorðum bundnir og óljós takmörk milli lána til landbúnaðar og annars, að ómögulegt sje að gera þar upp á milli. En þetta á ekki að vera neinn ógerningur. Bankarnir hækka og lækka vexti eins og þeim þykir ástæða til, og það er ekkert, sem varnar þeim heldur að breyta vaxtakjörum ákveðinna lánaflokka, eða lána, er veitt eru í sjerstöku skyni. Í þessu efni hefir löggjöfin sjerstakar varnarreglur fyrir lántakendur, bann við okri, en ekkert ákvæði, er hindri umbæturnar. Í tillögu minni er lögð áhersla á, að bændur njóti bættra kjara, þegar þeir geta boðið fasteignaveð; er alveg skýlaust, hvaða lán yrði þar um að ræða. Á byrgðarlán bænda, svo sem til leiguliðaþarfa, yrði og tiltölulega auðvelt að færa í flokk sjer með gætni og góðum vilja. Það væri að minsta kosti ómaksins vert, að bönkunum yrði fengið til athugunar, hve langt þessi aðgreining gæti náð.

Spurningu hæstv. fjrh. (M. G.) um það, hvort jeg álíti, að stjórnin geti skipað bönkunum að breyta vöxtum, er í rauninni svarað með því, er jeg hefi hjer tekið fram. En eins og hann telst spyrja hreint og beint að þessu og heimtar skýrt svar, get jeg sagt honum það í fáum orðum, að í tillögu minni ræðir ekki um neina skipun, heldur að stjórnin hlutist til um, eða komi því til leiðar, að landbúnaðarlánakjör verði bætt eftir því, sem farið er fram á. Þetta á að vera innan handar fyrir stjórnina að gera, af því að krafan er rjettlát, og það er stjórnin ein, sem

hefir íhlutunarrjett fyrir hönd almennings til að færa þetta í lag. Þar er yfirstjórn bankanna beggja, og á stjórnin að gæta þess, að þeir fari sanngjarnlega að ráði sínu. Hagi vöxtum eftir tryggingum og ekki síst, að þeir beiti bændastjett landsins ekki ósanngirni. Þetta á engu síður við um Íslandsbanka, prívatstofnunina friðhelgu, sem ráðherrann (M. G.) virðist ekki muna, að á að haldast til sanngjarnra viðskifta undir eftirliti landsstjórnarinnar, samkvæmt lögum þeirrar stofnunar. Og þótt stjórnin sje deig og viljalítil í þessum efnum, ætti henni þó altaf að vera innan handar að fá hrein fasteignatryggingarlán (jarðaveð) færð í lögmælta vaxtagreiðslu 6% úr 7%, sem nú er komið í.

Skal jeg þá fara nokkrum orðum um efni tillögunnar, og sýna fram á, að með henni sje stefnt í rjetta átt og að rjett sje að bæta vaxtakjör til landbúnaðarins, eins og farið er fram á.

Hjer er best að hafa til leiðbeiningar, sem er almennur mælikvarði á vaxtakjör og lánaflokkun: Hverjar eru tryggingarnar og til hvers er verið að lána. Maður þarf ekki annað en minnast á lögmælta hámarksvexti af lánsfje gegn fasteignatryggingu, veðdeild Landsbankans, ræktunarsjóðinn, viðlagasjóð og fleiri slíka sjóði, til þess að sjá, að bæði þessi atriði koma mjög til greina í lánveitingareglum íslenskrar löggjafar. Fjármála- og viðskiftaglundroði síðari ára hefir aftur á móti raskað þessum sjálfsögðu reglum, er verða sem allra fyrst að komast í rjett horf á ný.

Fjárkreppan, sem nú er að koma öllu í vandræði, er jafnvel að mestu leyti kend óvarlegum og stórum lánveitingum til áhættumikilla og ótryggra fyrirtækja. Þar rekur hvað annað, síldin, trollararnir, húsabyggingar í kaupstöðum, óviss verslunarfyrirtæki og „ýmsar spekúlationir".

Þetta er syndaregistur viðskifta- og fjármálalífsins. Sumt af því, er upprunalega gat talist forsvaranlegt, hefir að vísu gefist ver en gera mátti ráð fyrir, og sjerstök óhöpp átt sjer stað. En til margs hefir verið stofnað í þessum efnum, sem frá öndverðu hefir verið óráðlegt og óforsvaranlegt, og hlaut að enda með ósköpum. Alt á það sammerkt um það, að vera áhættusamt og ótrygt. — **Landbúnaðurinn** er aftur á móti sá atvinnurekstur, sem býður bestar tryggingar og hann er þess eðlis, að honum fylgir lítil áhætta, eins og hann er eigi heldur neinn uppgripaatvinnuvegur. Það er því margra hluta vegna, að hann á ekki samstöðu við önnur fyrirtæki. Fasteignatryggingarnar eru meir og meir að verða ólíkt á sig komnar. Nægir að nefna þar til dæmis veð í jarðeign og hins vegar veð í skipum sumra trollarafjelaganna, eða t. d. húsum í Reykjavík, sem bygð eru í spekúlaions-skyni. — Með jarðarveði fær lánstofnunin góða tryggingu. Með hinum veðunum varúðarverða tryggingu og fyrningu undirorpna. **Lánveitingar,** sem **vel trygð** skuldabrjef eru fyrir, styrkja hana inn á við og út á við. Lánveitingar með veikri eða óvissri tryggingu spilla lánstrausti stofnunarinnar og

gera hana valta á fótum og geta fyr en varir, bakað henni stórskaða. Alls þessa verða þeir að gjalda, sem bjóða góðar tryggingar, en settir eru á bekk með hinum. Þennan reikning þarf að gera upp. Það þarf að flokka fasteignatryggingarnar eftir því, hvers konar þær eru. Bestu lánskjörin eiga að fást þar, sem bestar tryggingar eru boðnar. Bóndi, sem kaupir ábýli sitt eða gerir þar jarðabætur gegn veði í jörðinni, þolir ekki og verðskuldar ekki sömu lánskjör og t. d. trollara- eða síldarfjelag, sem má ske aldrei var stofnað til af viti.

En þessi munur á tryggingunum nær auðvitað lengra en til fasteignanna. Það er auðsætt, að bóndi, sem er **leiguliði,** en þarf smálán og tryggir það fullkomlega, svo að um enga áhættu er að ræða fyrir lánsstofnunina, verðskuldar ekki að vera, hvað lánskjör snertir, settur á bekk með örvæntu **síldarfjelagi,** tryggingarlausu og úrkula vonar um að geta staðið í skilum, með kann ske ½ miljón króna skuld til banka, er vegna slíkra lánveitinga verður að neita sjálfsögðustu og best tryggðu lánbeiðnum þeirra, sem ekki biðja um hjálp til annars en þeir þurfa til sinnar nægjusömu sjálfbjargar. Einnig þarna þarf að gera upp á milli, af því það er bæði rjettlátt og nauðsynlegt.

Ef ekki verður breytt um stefnu í þessum efnum, gæti svo farið, að bankarnir sætu að síðustu uppi með eintóm vandræðalán, en hinum yrði vísað á bug.

Eins og jeg drap á, hafa lánskjörin einnig verið undir því komin, til hvers fjenu skyldi varið. Þetta sýnir ræktunarsjóðurinn meðal annars. Allar peningastofnanir vorar hafa komist á í því augnamiði, að verða til þjóðnytja. Sú stofnunin, sem helst hefir verslunarkeim, Íslandsbanki, hefir einnig fengið bendingar um þetta, samkvæmt löggjöf þeirri, er hann býr við. Á Landsbankanum hvílir sú skylda vitanlega enn þá brýnni. Þegar þess er gætt, að það fer mjög saman, að peningavelta bankanna eykst hröðum skrefum frá ári til árs, og húsabyggingar í kaupstöðum, trollaraútvegur, síldarútvegur og fleiri þesskonar vex fram úr hinum fyrri atvinnuvegum, landbúnaði og báta-útveg, er auðsætt, hvert fjárafla þeim, sem landsmenn eiga yfir að ráða, er stefnt. Öll þessi nýbreytni hefir orðið til þess, að kaupstaðirnir, og þá fyrst og fremst Reykjavík, hafa í skjóli bankanna vaxið yfir sig, dregið mannafla og þrek frá sveitunum, án þess þó að geta verið sjálfum sjer nógir. Þetta er hið mikla öfugstreymi peninganna. Því fleiri kaupstaðahús, sem reist eru handa fólki, er nýtur stopullar eða engrar atvinnu, því ver er því bæjarfjelagi gert til. Reykjavík væri farsælli bær ef hún væri minni, en betur grundvölluð, og atvinnuvegum bæjarins betur stilt í hóf. Þá ætti hún að baki sjer bændalýð, er betur gæti hlaupið undir bagga, er þrengir fyrir dyrum. — Peningar hafa fengist, án tillits til þess, til hvers þeim hefir verið varið, og ekki gerður greinarmunur góðs og ills. Ef þetta á að geta breyst til batnaðar, þarf að átta

sig á, hvað helst verður gert til þjóðþrifa, og styðja þjóðþrifin með afli þeirra hluta, sem gera skal, peningunum.

Ef íslenskar sveitir leggjast í auðn, hlýtur þessi þjóð einnig að glatast. Bæri að einu um það, hvort sem landið yrði heldur autt og yfirgefið eða fiskiver við nokkrar hafnir og ekki annað. Bændastjett landsins hefir varðveitt þjóðina og þjóðerni í margar aldir, og hefir þó oft skygt í álinn. Það hið sama getur hún gert enn um aldaskeið, ef hún fær að lifa. En til þess þarf hún aðhlynningar og rjettsskilnings þeirra, sem ráða kjörum hennar. Eitt af því, er há ir þeirri stjett nú, eru fjárhagslegir erfiðleikar, sem hún á við að búa. Ekki kann ske svo mjög, að almenningur eigi ekki kost á að fá þá peninga, sem nauðsynlegir eru til næsta mánaðarins. En það er alt með svo þunglamalegu og erfiðlegu fyrirkomulagi, að slíkt er að verða ofraun. **Hinn síðgróni** íslenski jarðvegur greiðir ekki háa vexti og mikla afborgun á fyrsta ári af því, sem til hans er kostað. Af því fje, sem verja skal til þarfa bændanna, má ekki heimta hærri vexti nje meiri afborganir en atvinna þeirra getur staðið straum af. Þar eru engin uppgrip, en víst lífsviðurværi. Að lána bændum til búskapar til stutts tíma, með framlengingargjaldi og sömu vöxtum og lánað er fje í síldar- og trollaravandræðin, er rangt og skaðlegt. Slík lán verða, þótt þau sjeu ekki í víxlaformi, einskonar hengingarvíxlar, sem jeg hefi orðið var við, að sumir háttv. deildarmenn álitu hjerna á dögunum gerðlasti næst að nefna, og skildu alveg bókstaflega, hjeldu, að átt væri við hálsinn á ákveðnum náungum. Það er ekki, heldur er slíkt fyrirkomulag, ef haldast ætti, banaráð við heillavænlegustu stjett landsins.

Jeg vil því með till. gera mitt til þess, að bændum verði útvegað þau lánskjör, sem eru við þeirra hæfi og þeir fá undir risið, lækkaða vexti og lengdan lánstíma, eins og á sjer stað um landbúnaðarlán annarsstaðar en hjer.

Þar sem þarfir landbúnaðarins eru enn sem komið er litlar í samanburði við t. d. trollaraútveginn, er vitanlega því auðveldara að sjá honum borgið á hagfeldan hátt.

Þessar umbætur á vaxtakjörum landbúnaðarins ættu að vera þeim mun auðveldari, sem það er vitanlegt, að bankarnir hafa nú á síðari árum grætt drjúgum fje. Íslandsbanki úthlutað háum arði þrátt fyrir alt, og Landsbankinn líka verið góð verslun. Þessi bankagróði má alls ekki eiga sjer stað á ósanngjarnan kostnað viðskiftmannanna. Er hæstv. landsstjórn falið með tillögu þessari að láta bankana bæta bændum landsins órjett, sem þeir hafa orðið fyrir í þessum efnum. Veit jeg, að skynsamir menn, er fremur eru málsvarar annara atvinnuvega, svo sem kaupstaða og sjávarútvegs, muni

sjá, að jeg vil alls ekki halla á þá með því að halda fram rjetti hinna. Það er rætt og deilt um seðlaútgáfuna og úrlausn fjárkreppumálanna gagnvart öðrum ríkjum. Þetta er hvorttveggja mjög mikilsvert. En jafnvel mikilsverðasta atriði fjármálanna er að mestu órætt og í óreiðu, en það er sterkt og víðsýnt eftirlit og yfirlit allra peningamálanna inn á við. Hvernig á peningunum skuli haldið og hvaða atvinnuvegir verðskuldi helst aðhlynningu og hverjir síst. Meðan þing og stjórn hefir ekki komið auga á þetta meginatriði, er ekki góðs að vænta í þeim efnum.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg bað hv. flm. (E. E.) að gefa mjer stutt og ákveðið svar við stuttri fyrirspurn. Hann svaraði með hálftíma ræðu og jeg er engu nær eftir en áður, svo að jeg held, að jeg spyrji ekki frekar.

Hv. flm. (E. E.) sagði, að ekki væru til nein tálmunarákvæði, sem heimiluðu að setja niður vexti. Jeg bjóst við, að lögfræðingurinn þekti ákvæði stjórnarskrárinnar um friðhelgi eignarrjettarins. Jeg leyfi mjer að spyrja þennan hv. þm. og bankastjóra (E. E.) og vil fá skýrt og greinilegt svar, en engan hálftíma þokumökk, hvort hann teldi sjer skylt að lána t. d. eigin fje gegn þeim vöxtum, sem stjórninni sýndist að ákveða. En má jeg spyrja herra bankastjórann (E. E.), hví lánar hann ekki sjálfur með góðum kjörum? Og hví dirfist hann að drótta því að húsbændum sínum í Landsbankanum, að þeir okri á landbúnaðarlánum? Og hví lánar þm. (E. E.) hina þráttnefndu hengingarvíxla? Hefir hann þá engin ráð í sínum banka?

Hv. þm. (E. E.) sagði, að orðin „að hlutast til um" þýddu, að stjórnin gerði það, sem hún gæti. En „hlutast til um" þýðir að sjá um, að eitthvað verði.

Jeg sje ekki, að stjórnin geti gert neitt í þessu efni. Það er hægt að skipa svo fyrir, að Landsbankinn skuli lána gegn ákveðnum vöxtum, en sú skipun verður að koma í lögum. En þó að hv. bankastjórinn (E. E.) vilji lána með góðum kjörum, þá meinar stjórnin honum það ekki.

Þessi hálftíma ræða var öll í þoku eins og aðrar þingræður þessa þm. (E. E.). Það var sagt hjer á þinginu snemma af einum hv. þm., jeg held þm. Ak. (M. K.), að hugsun þm. (E. E.) væri eins og þoka, en einhver ljóshnöttur mundi vera inni í þokunni. En það er nú komið á daginn, að þar mun enginn ljóshnöttur vera, heldur alt tóm þoka. Ef einhver ljóstýra væri, hlyti sem sje að hafa glórt í hana einhverntíma, því að alt misvindið á þinginu hefir svo oft sveipað til þokunni.

Annars er ástæðulaust að svara frekar, því deildin mun vel sjá og skilja, að þessi till. getur ekki orðið samþykt.

Forseti (B. Sv.): Mjer hefir borist rökstudd dagskrá frá hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), svohljóðandi:

> **„Þar sem deildin lítur svo á, að þál. geti ekki haft tilætluð áhrif á vaxtakjör bankanna, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."**

Er þessi rökstudda dagskrá því einnig til umræðu.

Jón Auðunn Jónsson: Hin langa ræða

hv. 1. þm. Árn. (E. E.) hefir víst sannfært flesta deildarmenn um það, að þessi till. hans getur engu þokað um vaxtakjör bankanna. Hv. þm. (E. E.) benti ekki á neina leið fyrir stjórnina til að framkvæma það, sem hann ætlast til, enda mun hún vandfundin. Sje jeg annars ekki ástæðu til að fjölyrða um þennan barnaskap.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Hæstv. fjrh. (M. G.) talaði um friðhelgi eignarrjettarins í sambandi við breytt vaxtakjör. Þetta eru óskyld mál. Það væri fallegt t. d., ef hver verslun gæti afsakað sig með friðhelgi eignarrjettarins, ef hlutaðeigandi stjórnvöld hniptu í hana þegar hún gengi á okurvegum. Jeg er ekki að segja, að bankarnir geri það, en hver almennileg landsstjórn á að halda þeim í skefjum og við sanngirni um vaxtatöku. Það mætti öllu fremur segja, að eignarrjettur bænda sje friðhelgur, og því megi ekki taka af þeim hærri vexti en þeim ber að greiða. Fjrh. (M. G.) virtist næmari fyrir eignarrjetti hluthafa Íslandsbanka en bænda.

Hæstv. ráðherra (M. G.) er sjálfráður um, hvaða merkingu hann leggur í orðin „hlutast til um". Það, sem í þeim felst er vel framkvæmanlegt í þessu efni, ef viljagóð stjórn ætti í hlut. En það er öðru nær, eftir framkomu fjrh. (M. G.) að dæma. Annars skal jeg ekkert fullyrða um, hvað hæstv. núverandi stjórn muni gera. **(M. G.:** Því gerir ekki bankastjórinn þetta sjálfur). Þó að hæstv. ráðherra (M. G.) láti svona, þá veit hann vel, að jeg er ekki bankastjóri, heldur útibússtjóri, og að jeg hefi engan ákvörðunarrjett um hækkun og lækkun vaxta. Þetta er vísvitandi rangsnúningur hjá hæstv. ráðherra (M. G.), því að hann veit vel, hvernig starfi mínu er háttað, hvort sem hann þekkir sitt eigið starf og skyldur.

Till. mín fer aðeins fram á, að stjórnin geri sitt til þess að hrinda málinu í rjett horf og bæta að þessu leyti verslunarfyrirkomulagið, þar sem hún hefir einmitt yfirráðin til varnar viðskiftamönnunum. Stjórnin ætti að minsta kosti að hafa mannskap í sjer til þess að segja bönkunum meiningu sína og hvað hún teldi rjett. Það er þó ekki til of mikils ætlast.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að ummæli mín væru í þoku fyrir sjer. Jeg verð þá að halda, að hæstv. ráðherra (M. G.) sje blindur. **(Fjrh. M. G.:** Jeg er þá ekki í þoku). Nei, það er myrkur fyrir sjónum hans, eða að minsta kosti sýnir aðstaða hans til þessa máls, sem fleiri þýðingarmikilla mála, víðsýni hans.

Það er að vísu skiljanlegt frá sjónarmiði hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), að hann ber fram rökstudda dagskrá. Það er svo ósköp auðvelt að tala mjúklega til allra og klappa á öxlina á mönnum, en það er ekki eins auðvelt að ráða vel fram úr vandamálum og vera þeim heill, hvað sem hagsmununum líður. Jeg bjóst þó við því, að hv. þm. (J. A. J.) mundi sjá, að það er ranglátt, að fátækir bændur skuli hafa sömu lánskjör og fífldjarfir síldarspekúlantar. Það er ekki svo að skilja, að jeg vilji kasta hnjóðsyrðum á þá, er fyrir óhöppum hafa orðið í útgerð. En á hv. þm. (J. A. J.) situr það síst að standa upp úr sæti sínu og minna á sig, eins og hann gerir þegar um það er að ræða, að bændur fái leiðrjettingu á því, sem þeir verða að þola í óhagfeldum bankaviðskiftum,

vegna þess, hve miklu fje hefir verið varið gálauslega til vafasamra aðgerða.

Hv. þm. (J. A. J.) talaði um barnaskap. Mjer finst það vera barnaskapur af honum að koma fram með þessa rökstuddu dagskrá, en barnið vantar sakleysið.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg hefi ekki öðru að svara hv. 1. þm. Árn. (E. E.) en því, að jeg álít hann vera barn, sem ekki hefir neitt vit á þeim málum, sem hann ber inn í þingsalinn.

Það er fásinna að hugsa sjer, að landsstjórnin geti ráðið vaxtakjörum bankanna. Jeg er viss um, að hv. flm. (E. E.) stendur einn uppi hjer á landi með þá skoðun. Þessi hv. þm. (E. E.), sem nú heimtar, að vextir af landbúnaðarlánum sjeu lækkaðir, gekk manna æstastur fram í því að fá þing og stjórn til þess að setja nú þegar á stofn sjerstaka lánsstofnun fyrir landbúnaðinn, sem vitanlega getur alls ekki lánað undir 7—7½%. **(E. E.:** Jeg hjelt, að hv. þm. (J. A. J.) væri búinn að fá nóga húðstrýkingu í veðbankamálinu). Já, jeg efast um, að mikið verði eftir af skinni hv. flm. (E. E.) eftir þessa frammistöðu. Það er annars ekki tími til kominn að dæma starf okkar beggja, en jeg er óhræddur við þann dóm, þegar hann fellur á sínum tíma. En jeg mun ekki gleðjast af því, þótt hans dómur verði harður.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá þm. Ísaf. (J. A. J.) samþ. með 13 : 8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. Þ., M. G., M. J., M. P., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Þór. J., B. H., H. K., J. A. J., B. Sv.

nei: P. O., Sv. Ó., Þorl. G., E. Þ., E. E., Gunn. S., Jak. M., J. B.

Sex þm. (B. J., J. S., M. K., Ó. P., Þorl. J., Þorst. J.) fjarstaddir.

E.
Tekin aftur.

Vantraustsyfirlýsing.

Á 21. fundi í Nd., laugardaginn 12. mars, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um vantraust á núverandi stjórn (A. 126).

Á 22. fundi í Nd., mánudaginn 14. mars, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 24. fundi í Nd., miðvikudaginn 16. mars, var till. tekin til einnar umr. (A. 126).

Flm. (Bjarni Jónsson): Jeg hálffyriverð mig fyrir að standa nú upp og tala, þar sem allir, sem talað hafa í hinum málunum, hafa verið að ræða þessa till. Síðastur var hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), sem kvað „tragi-komedíu" eiga að fara fram hjer í þingsalnum nú á eftir. Já, svo getur farið, ef menn þora hvorki að vera með eða á móti till. þeirri, sem jeg er hjer flm. að. Annars hefi jeg alls ekki ætlað mjer að gera neinn hvell hjer í dag, svo það er hreinn óþarfi að vera að hneigja sig og beygja fyrir þál. fyrir fram.

Til þess renna ýms rök, að jeg ber fram þessa till.

Það tel jeg fyrst, að jeg sje nauðsyn til þess, að stjórn í þingræðislandi sje þingræðisstjórn. Sú stjórn, er nú situr hjá oss, er fædd eftir miklar þrautir á síðasta þingi, og var vafasamt, hvort mætti telja hana þingræðisstjórn, því að helmingurinn af stuðningi hennar voru hlutleysisloforð frá mönnum, er fóru milli flokka eða tóku sig að þessu leyti út úr flokknum. Mörg þessara fyrirheita um hlutleysi munu þó eigi hafa náð lengra en til þingloka 1920. Nú vita menn, að síðan hefir fækkað fylgismönnum stjórnarinnar, er þá lofuðust henni, en þm. hefir fjölgað. Ef hún því hefir nú fylgi meiri hluta þm., þá hlýtur henni að hafa græðst fylgi frá þeim, er eigi áður vildu styðja hana, eða frá þeim, er bæst hafa við. En þótt svo kunni að vera, þá veit það enginn maður. Nú er það sjálfsagður hlutur, að eigi aðeins þm., heldur og kjósendur landsins, verða að vita það með vissu, hvern stuðning stjórnin hefir, eða hverjir þm. bera ábyrgð á gerðum hennar.

Þetta er mjög yfirlætislaus hlutur og varla vert að skoða það stórviðburð, hvort menn æskja að sjá, hvort stjórnin er þingræðisstjórn eða ekki. Atkv. um þessa till. skera úr. Þá skiftir vonandi í tvö horn um það, hverjir sjeu fylgismenn stjórnarinnar og hverjir ekki. Og eftir þessa atkvgr. munu flokkar þingsins eigi verða svo skipaðir sem nú, að í sama flokki sjeu menn, sem eru gallharðir fylgifiskar stjórnarinnar, og menn, sem eru henni mjög andvígir, að í sama flokki sjeu menn, er fylgja stjórninni, en eru andvígir stefnumálum hennar, og menn, sem eru andvígir stjórninni, en fylgja þó málum hennar. Slíkt er ekki þinglegt.

Jeg hefði eins vel getað komist að þessari niðurstöðu með því að koma með traustsyfirlýsingu. Það hefði verið vingjarnlegra við stjórnina í orði kveðnu, en í rauninni hættulegra fyrir hana. En mjer var sú leið meinuð fyrir þá sök, að þá hefði jeg eigi mátt greiða minni eigin till. atkv. mitt, en mjer þótti eigi drengilegt að bera hana þá fram.

En nú mun jeg gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna jeg gæti eigi greitt atkv. með traustsyfirlýsingu.

Það tel jeg fyrst, að þegar þessi stjórn tók við, setti jeg henni fyrir ýmislegt og sagði, að ef hún færi eftir því, þá mætti henni takast að vinna fylgi mitt. Jeg bar þá fram hjer í deildinni svo hljóðandi yfirlýsingu sjálfstæðisflokksins:

> „Sjálfstæðisflokkurinn styður ekki stjórnina, nema einn maður, og ber enga ábyrgð á athöfnum hennar, nje lofar að eira henni."

Ljet jeg þá svo um mælt, að: „þótt þessi yfirlýsing sje fram komin, þá er það hvorki fyrirætlun mín nje flokksins að vera sem mannýgur hrútur og skapa skeið í stjórnina, hvort sem hún vinnur verk sitt vel eða illa. Miklu fremur vil jeg segja stjórninni hitt, að hún skal eigi þurfa að eiga von fjandskapar frá mjer, ef hún fylgir um sína daga þeirri stefnu, er jeg mun nú lýsa. En geri hún það ekki, þá mun jeg ekki láta mitt eftir liggja, að henni verði hlýtt yfir síðar og gert til hennar að maklegleikum."

Nú er sá tími kominn. Jeg lagði þá fyrir hana að fara svo með utanríkismál vor, svo sem jeg hefi nýlega haldið fram í ræðu hjer á þinginu að vera ætti. En hún hefir brugðist því nálega öllu. Hún hefir eigi látið einn ráðherrann vera og heita utanríkisráðherra. Hún hefir að vísu sent mann suður til Miðjarðarhafs, en hún hefir látið hann vera þar í reiðileysi, og ekki þorað að halda fram neinum skilningi um skipun hans, starfsheiti eða stöðu. Hún hefir eigi notað 7. gr. sáttmálans að öðru leyti. Hún hefir ekki hreyft hönd nje fót til þess að fá hingað sendiherra frá öðrum ríkjum, heldur dregið úr því, eða mjer er nær að halda, að hún hafi beinlínis unnið á móti því. Hún hefir ekki heldur gert neina samninga við Norðmenn og Svía um myntsláttu. Aðeins eitt hefir hún gert, þótt um síðir væri, að senda sendiherra til Kaupmannahafnar, og þó er ekki komið svar enn þá um það, hvort rjett hafi verið með það mál farið, sem þó margir draga í efa.

Að öðru leyti en þessu hafa öll utanríkismál vor legið í vanhirðu og aðgerðaleysi. Jeg legg fyrir allra hluta sakir mesta áherslu á þau mál, svo sem títt er í öllum löndum, og verður þá auðskilið, að stjórnin getur ekki vænst trausts af mjer. Og ekki freista ummæli hæstv.

forsrh. (J. M.) mín, þau er hann hafði um daginn í umræðum um þál.till. mína um framkvæmdina á 7. gr. sáttmálans, er hann kvaðst mundu heldur velta úr tigninni en að sú till. yrði samþykt. Og ekki freistar heldur vörn hans mín til traustsins, þegar tilrætt var hjer um strandvarnir og framkvæmdir stjórnarinnar í því máli. Og samanburðurinn á ummælum hæstv. forsrh. (J. M.) um tilboð dönsku flotamálastjórnarinnar, og skeyti Neergaard ráðherra mun og eigi freista neins manns til trausts.

Rjett er þó að geta þess, að einn er liður sá í ræðu minni í fyrra, sem stjórnin hefir orðið sæmilega við. Jeg á þar við skólamálin. Þar verður ekkert fundið að gerðum hennar. Og um annan lið má segja, að hún hafi „gert tilraun til að láta gjöld koma rjettlátlega niður á landsmönnum", þar sem eru skattalög hennar. Jeg læt það ekki varða vantrausti, þótt þar sje nú margt öðruvísi en jeg kysi, en tek viljann fyrir verkið. En þá eru ljósblettirnir upp taldir. Því að stjórnin hefir í engu öðru sint ýmsum stórmálum öðrum, er jeg setti henni fyrir.

Þar nefni jeg til kosningalögin. Þau eru svo úr garði gerð, að til sveita getur eigi meira en helmingur kjósenda neytt atkvæðisrjettar síns. Menn og konur geta ómögulega þotið frá búi og börnum 26. október á kjörstað, hvorki farið bæði saman, nje endilega farið þann dag. Hjer er líkt á komið með stjórnina og með refinn, er hann bauð storkinum heim og bar fyrir hann matinn á flötum diski, svo að hinn gogglangi gestur gat einskis neytt. Í sveit ætti kosning að standa yfir í 3—4 daga, og í kaupstöðum ætti svo að vera frá öllu gengið, að kjósendur mistu ekki rjett sinn fyrir það, að kjördeildir væru ekki opnar svo lengi sem skyldi. Þetta er stórmál, því það er rjettindamál. Hjer er rjetti haldið fyrir þeim, sem hafa og eiga að hafa völdin í landinu. Jeg verð að vera svo gamaldags að álíta, að rjettindi sjeu ekki neitt það, er traðka og trappa má á eftir vild og geðþótta.

Jeg hafði látið þess getið, að mjer þætti það lítt sæmilegur gróðavegur fyrir ríki að hafa fje af verkamönnum sínum og svelta þá. Þó mun stjórnin hafa gert þetta bæði við barnakennara og einstaka aðra menn, fram yfir tilætlun þingsins, og er þá langt til jafnað.

Jeg sagði fyr, að ljósblettirnir væru upptaldir. Þó verður að viðurkenna, að stjórnin hefir sýnt áhuga á að spara. Slíkt verður að virða við hana. En það verður henni til dómsáfellis, hversu mislagðar henni hafa verið hendur í því efni. Hún hefir neitað að greiða manni fjárlagastyrk, veittan á nafn, og hún hefir sagt um annan lið á fjárlögunum, að hann væri prentvilla. Vildi hún með því spara nokkur hundruð krónur og ná þeim af fátækum dyraverði. Varð jeg að eiga í því að færa sönnun fyrir því, að hjer lægi fyrir lögleg samþykt Alþingis, sem stjórnin vildi ganga á. — En á hinn bóginn hefir hún sett upp ýmsar nefndir og starfsmenn að óþörfu, og kostað þar til miklu meira fje en hún hefir sparað við harkalega meðferð á ýmsum mönnum, sem eru beint eða óbeint í þjónustu landsins. Þessum orðum mínum finn jeg stað, ef jeg nefni eitt eða tvö dæmi.

Nefni jeg þá fyrst innflutningsnefndina, sem einhver kostnaður mun vera samfara, þótt jeg kunni eigi að nefna neina upphæð. Hún var ætíð óþörf, því

að núverandi fjármálaráðherra (M. G.) hafði borið fram og fengið samþykt lög, er heimiluðu stjórninni að banna innflutning á óþarfavörum. Þurfti því eigi annars með en gefa út lista yfir þær vörur, sem eigi mátti flytja inn. Með þeim lögum gat hún hjálpað miklu meira við í gjaldeyrisskorti vorum erlendis en með þessari nefnd. — Ef þessi nefnd hefði eigi verið, hefði stjórnin ekki lagt út í ótímabæra skömtun og ærinn kostnað við seðlaprentun, sendingu seðla og mannahald. Þessi kostnaður ætla jeg að sje talsverður, þótt jeg kunni eigi að nefna aðrar tölur en prentkostnaðinn, sem er orðinn hátt á þriðja þúsund krónur. En í samanburði við mannahaldið er þessi liður svo lítill, að hans gætir varla, og má því geta sjer til, að upphæðin sje allálitleg, þegar öll kurl koma til grafar.

Þarfleysan er auðsæ, þar sem þessi skömtun var auglýst tveimur eða þremur mánuðum fyrirfram, og menn höfðu því nægan tíma til þess að birgja sig upp. Enda hjeldu margir, að sú auglýsing væri verslunarbragð til þess að selja fyrirliggjandi birgðir fljótt. Veit jeg eigi, hvort landsverslunin hefir auðgast á þessu, en hitt veit jeg, að margir kaupmenn höfðu stórmikinn hagnað og gagn, t. d. Höepfnersverslun, þ. e. a. s. Berléme hinn góðkunni, en kaupendur eða alþýða manna varð að leysa frá buddunni, af því að jafnframt var bannað að flytja ódýrari vörur til landsins. Ekki var skömtunin þarfari til sveita, því að þar birgja menn sig að haustinu, og kom hún því þar eigi til greina. Hjer við er þó einna einkennilegast, að ókunnugur maður var fenginn til þess að standa fyrir seðlaskrifstofunni, þrátt fyrir það, að allir ráðherrarnir höfðu gefið Einari Gunnarssyni fyrirheit um þessa stöðu, ef til kæmi, en hann var því starfi vanur.

Þá verður það eigi talinn sparnaður, er stjórnin leggur til, að einstökum mönnum verði afhent alt rennandi vatn til eignar, og aukinn með því stórum rjettur fossabraskaranna, er náð hafa tangarhaldi á vatnsrjettindum hjer á landi, en torveldaðar áveitur fyrir landsmönnum, virkjanir o. fl. — Ekki stóð stjórnin þar á verði fyrir landslýð og löggjafarvald.

Það er enn margra manna mál, að kaupum og framkvæmdum ýmsra stofnana mætti haga miklu betur en gert er, og leikur jafnvel orð á, að ekki sje leitað lægsta eða besta boðs, heldur sjeu starfsmenn landsins látnir versla við það og selja því samkepnislaust. — Nefni jeg þetta til þess, að stjórnin geti borið þetta af sjer, ef ósatt er.

Er það hald manna, að meira mætti spara fyrir landið með góðu eftirliti en með því að klípa smáupphæðir af fátæklingum.

En slysalegast af öllu er framkvæmdaleysi og yfirlitsskortur stjórnarinnar á atvinnuvegunum. Vafalaust hefði dugleg og glögg stjórn getað borgið mörgum miljónum landsmönnum til handa, ef hún hefði gengið í að selja síldina tvö síðastliðin ár, þegar eigendur gátu eigi, og henni var vorkunnlaust að sjá að hverju fór. — Vafalaust hefði víðsýn og glögg stjórn sjeð fyrir vandræði sjávarútvegsins og látið fram ódýrari kol, og bætt þá heldur skaða landssjóðs með lágu gjaldi í framtíðinni, t. d. 2 kr. á smálest, er þá hefði mátt standa, þar til upp var unnið. Stjórnin þarf einmitt að hafa auga á hverjum fingri til þess að sjá þær hætt-

ur, sem vofa yfir atvinnuvegum vorum, og gera þegar við þeim. Ekki á það hvað síst við fiskveiðarnar, því að í útveginum liggja stóreignir, og á þeim lifir svo margt fólk, að nær mundi stefna hungurdauða, ef hann legðist niður.

Þessi sljóskygni, að stjórnin skyldi eigi sjá, að sjávarútvegurinn fjekk eigi borið sig, ef hann þyrfti að sæta svona háu kolaverði, og að hún skyldi eigi koma auga á það úrræði, atvinnuveginum til bjargar, að láta tjónið í bili skella á ríkissjóði, hana tel jeg vítaverða. Hins vegar hefi jeg aldrei verið meðal þeirra mörgu, sem ásakað hafa stjórnina fyrir að birgja landið að kolum. Það tel jeg hrósvert.

En mesta lánleysið er þó lánleysið, að stjórnin tók ekki lán. Hún átti að taka lán í gengisháu landi, og jeg benti henni á Svíþjóð, Holland og Ameríku. Hefði hún borið gæfu til þessa, mundi alt að 6 miljónum króna hafa unnist á gengismismun, og mundi það hafa þótt allálitleg fúlga, ef jeg hefði átt að úthluta henni skáldum og listamönnum. Það er þó eigi gróðinn, sem er aðalatriðið fyrir mjer, heldur bjargráðin. Því hefði stjórnin tekið þennan kost, var atvinnuvegunum óhætt og landinu forðað frá þeim fjárþrotsgrun, sem nú hvílir á því. Mátti þá fara með þetta fje til bankanna og lána þeim það með tilteknum skilyrðum, en þeir guldu aftur skuldheimtumönnum sínum erlendis, og var með því gengismismunurinn þegar fenginn. Auk þess mundi þá hafa orðið hægra um vik að ná hagstæðum samningum við Íslandsbanka um seðlaútgáfurjettinn, ef hægt var að bjóða honum miljónir að láni, er honum reið mest á. Mundi bankinn hafa verið þess fús að láta einhver fríðinda sinna í staðinn.

En þrátt fyrir það, þó að þetta hefði ráðið bót á vandkvæðunum, hefir stjórnin samt ekkert gert til þess að taka lán. Benti jeg stjórninn þó á þetta úrræði, enda þótt hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hafi sagt, að hann vildi engin ráð af mjer þiggja. Gerði jeg þetta í opnu brjefi í Vísi, svo að ekki yrði á móti borið.

Hefi jeg nú talið ástæðurnar til þess, að jeg er á móti stjórninni, og ætla mjer eigi að sinni að gera meiri árásir á hana. Vona jeg, að hún játi það, að jeg hafi eigi gengið nærri sóma hennar í neinu, nje borið hana óþinglegum brigslyrðum. Var það líka tilætlunin. Vildi aðeins færa fram rök fyrir því, hvers vegna jeg valdi ekki hina leiðina, að koma fram með traustsyfirlýsingu. Eigi stjórnin að sitja, verður meiri hluti þings að gangast undir þá ábyrgð. Þess vegna gera fylgismenn stjórnarinnar henni mestan greiða með því að greiða hreinlega atkvæði um tillöguna, en reyna ekki að gera sjer loðnar dagskrár að skálkaskjóli. Þingmenn eru skyldir til þess að vera annaðhvort með eða móti stjórninni, og vjer þingmenn eigum dómara yfir oss engu síður en stjórnin. Hún er umboðsmaður þingsins og fær sinn dóm af því, en þingið er umboðsmaður kjósenda og fær sinn dóm af þeim. Tvíveðrungur fær enga umbun, hvorki hjá stjórninni nje kjósendum. Þeim, sem hann sýna, fer líkt og tófunni í dæmisögunni. Það var einu sinni flóttamaður, hætt staddur. Hann hitti tófu í rjóðri einu og bað hana að segja ekki leitarmönnum, í hvaða átt í skóginn hann hefði farið. Tófan lofaði því. Litlu síðar komu eftirleitarmenn-

irnir og spurðu tófuna, í hverja átt hann hefði farið. Tófan sagði þeim að vísu rangt til vegar, en reyndi með sífeldum augnagotum að segja þeim hið sanna. — Þeir þingmenn, sem sitja kunna við tóvinnu hjer í deildinni, fara að dæmi tófunnar.

Enn er ótalin ein ástæða til vantraustsins. Hún er sú, að flokkurinn fól mjer að bera hana fram í sínu nafni, og vildi jeg eigi undan skorast. Gangið nú hreint að verki, hv. þjóðfulltrúar. Gerið annaðhvort að hvolfa potti yfir stjórnina, svo að hún geti skilið við, eða takið í hönd henni og segið sem sá, er vald hefir: „Syndir þínar eru þjer fyrirgefnar. Statt upp og gakk!"

Að svo mæltu legg jeg málið undir dóm deildarinnar.

Gunnar Sigurðsson: Tímar þeir, er nú standa yfir, eru alvörutímar. Svo má segja, að öll þjóðin standi á öndinni og bíði þess, hvernig þinginu takist að greiða eitthvað úr þeim vandræðum,sem yfir standa og fram undan eru. Ástandið er svo ískyggilegt, að vart munu menn fá sjer gert í hugarlund, hverjar ógnir bíða, ef alt er látið fljóta sofandi að feigðarósi.

Meðal annara þjóða erum við taldir gjaldþrota, og skuldir vorar erlendis fáum við eigi greitt, enda þótt við hefðum fullar hendur fjár innlends. Bankarnir ómegnugir þess að yfirfæra og engin líkindi önnur en bráðlega verði að okkur gengið. Og innanlands eru öll viðskifti að stöðvast sökum peningaleysis og ótta við ástandið.

Þó er eitt enn ótalið, og það ægilegasta. Aðalgrein framleiðslunnar er stöðvuð. Togararnir liggja bundnir landfestum. Í þessu sambandi má minna á það, að fjöldi framtakssamra atorkumanna hefir tapað stórfje á síðastliðnu og yfirstandandi ári. Má vel vera, að sjálfskaparvíti sjeu að nokkru, hafi farið óvarkárlega að, en aðalástæðan þó sú, að ófyrirsjáanlegar markaðsbreytingar hafa orðið. Þarf eigi annað því til sönnunar en minna á síldarsöluna í fyrra. Síldin fram eftir veiðitímanum í 80—90 aura kg., en óseljanleg orðin í lok tímans. En það verður að gæta þess, að menn þeir, sem nú hafa beðið mest tjón, eru dugnaðarmennirnir. Mennirnir, sem riðu á vaðið og báru uppi atvinnuvegina. Mennirnir, sem trúðu á framtíð lands og þjóðar.

Eitthvað verður að gera til þess að forða því, að alt fari í strand. En hvað? Mundi það verða til þess að forða okkur frá strandi, að láta togarana, þessi einu framleiðslutæki vor, sem sniðin eru eftir kröfum tímanna, liggja áfram tjóðraða við hafnarbakkann, en taka upp gömlu fleyturnar? Slíkt getur ekki komið til mála. Það væri algert rothögg. Ef slík ráðsmenska yrði ofan á, væri ekki annað vænna en reyna að komast af landi burt á skipunum, sem annars lægju hjer aðgerðalaus. Nei, við verðum að fleyta okkur yfir þessa erfiðu tíma. Við verðum að reyna að halda framleiðslunni uppi eftir mætti. Það er a ð a l a t r i ð i ð. Sumir svara ef til vill, að framleiðslan borgi sig ekki. Það getur að vísu verið svo í bili, að hún borgi sig ekki fyrir framleiðendur, en henni verður að halda uppi vegna þjóðarheildarinnar. Og það er áreiðanlegt, að verst borgar sig að leggja árar í bát. Það er engin stórhætta að lána til framleiðslunnar. Einstakir menn og fjelög hafa grætt stórfje fyrir og á ófriðartímunum, og þó þeir verði ef til vill kann ske fyrir áföllum nú um stund, þá munu þeir þó yfir höfuð flestir ná

sjer aftur, ef þeir aðeins fá rekstrarfje til að halda öllu í horfinu meðan verst árar, að minsta kosti allir, sem duglegir eru. En hættan er sú, að framleiðslan stöðvist. Af því mundi leiða heildarhrun og alt leggjast í kalda kol. Því verður þing og stjórn að varna. Annars er óhætt að loka rólegir augunum. Allir, sem líta skynsamlega á ástandið, hljóta að sjá, að það verður ekki hjá því komist að taka lán erlendis til þess að halda öllu uppi, og því hefði átt að vera búið að fyrir löngu. Og jeg er viss um, að ef við hefðum haft áræðna og röggsama fjármálastjórn, þá hefði mátt fleyta okkur fram hjá mörgum þeim skerjum, sem við höfum lent á. Við stöndum mun betur að vígi en margar aðrar þjóðir, vegna þess, að við framleiðum vörur, sem allir þurfa nauðsynlega, við framleiðum matvörur, en ekki iðnaðarvörur, og ætti það að auka lánstraust vort erlendis.

Jeg og aðrir, sem hafa trú á framtíð þessa lands, berum engan kvíðboga fyrir því, að hægt verði að fá lán. Jeg er ekki hræddur um það, að ekki verði hægt að gera erlendum fjármálamönnum það skiljanlegt, að óhætt sje að lána landi, sem á einhverja bestu fiskibanka heimsins.

Hvað landbúnaðinn snertir, má benda á það, að einhvers virði hlýtur það land að vera, þar sem, eins og svo mörg dæmi eru til, að bændur á smábýlum hafa fleytt fram jafnvel 10—20 barna hópi á sárlitlu búi. Og landið er enn að mestu ónumið. En það verður numið, og við eigum að gera það sjálfir með fjárstyrk annara þjóða.

Þá má minna á fossaaflið sem eitt af verðmætum þessa lands, sem að tiltölu við fólksfjölda mun vera langstærst í heimi.

Af því, sem fram hefir verið tekið, er það bersýnilegt, að landið verður að taka lán, og það svo ríflegt, að það komi að liði. Jeg er ekki með þessu að mæla með neinu óþarfaláni. Jeg veit vel, að þörf er á að fara varlega. En það verður að taka ástandið eins og það er, — það er frelsun frá þjóðargjaldþroti.

Jeg er sammála hv. þm. Dala. (B. J.) um lánleysi stjórnarinnar í tvöfaldri merkingu. Jeg gæti ef til vill fyrirgefið henni, þó að henni hefði missýnst í sumar, ef hún viðurkendi það nú.

Það hefði vel mátt taka dollaralán í sambandi við Dani í sumar er leið, er þeir tóku gjaldeyrislán. En þegar hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) siglir til þess að kippa fjárhagnum í lag, er það fyrsta verk hans að lýsa yfir því, að við þurfum ekki á láni að halda.

Jeg vil minnast á örfá atriði í ræðu hæstv. fjármálaráðherra (M. G.) í byrjun þessa þings. Hann skifti þá lántökum í flokka. Hann fordæmdi mikið lán til eyðslu. Þetta er hreinasta fjarstæða. Jeg vil benda á, að það getur oft verið þarfasta lán, sem hægt er að taka. Setjum svo, að það væri yfirvofandi hungur í landinu. Þyrfti þá ekki að taka lán til eyðslu? **(Fjrh. M. G.:** Er hungur hjer núna?). Nei, en jeg býst við, að ef hæstv. fjrh. (M. G.) sæi hungur fyrir dyrum nú, þá myndi hann ekki víla fyrir sjer að taka lán til eyðslu, ef hann gæti fengið það.

Þá vill hæstv. fjrh. (M. G.) hræða menn með því að tala um spekúlationslán. Engum kemur til hugar að láta ríkið fara að „spekúlera“ í lántökum, en

hitt er fjarstæða, að halda því fram, að verra sje að taka þarft lán, þótt fyrirsjáanlegt sje, að græðast muni á gengismismun. En það er sannanlegt hve nær sem er, að með þeim lánskjörum, sem Danir sættu, mætti græða stórfje á gengismismuninum.

Jeg vil annars beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjrh. (M. G.), hvernig hann ætlar að fá þennan 25 miljóna „yfir-balance", sem hann talaði um í sumar. Mjer er það óskiljanlegt.

Jeg vil í þessu sambandi minna á það, sem tekið var fram hjer á dögunum og reyndar oftar, að hæstv. fjrh. (M. G.) má ekki gera sig sekan í þeim misskilda sparnaði að spara eyrinn en fleygja krónunni, eins og kom t. d. fram í strandvarnarmálinu, sem var nýlega hjer til umræðu í deildinni. Jafnvel hv. þm. Borgf. (P. O.), sem þykir með mestu sparnaðarmönnum þingsins, sjer þann misskilning mætavel.

Ýmsir hv. þm. hafa haldið því fram, að ekki væri hægt að greiða atkv. um vantraustsyfirlýsingu enn, vegna þess, að frv. hæstv. stjórnar sjeu ekki enn komin til atkvæða og úrslita. Jeg sje enga ástæðu til að bíða þess, að hún jeti þau ofan í sig. Því stefna stjórnarinnar er kunn fyrir löngu, sú, að hafa enga skoðun aðra en þá, er verður ofan á. Hæstv. stjórn er vön að sigla beggja byr og blekkja til allra hliða. Hún er stefnulaus og heldur ekki fast við neitt. Jeg get nefnt það dæmi, þegar stjórnin ákvað að skamta hveiti. Bakararnir hættu þá að baka, stjórnin gaf strax eftir og þeir fengu hveiti eftir vild. Nú verður enginn var við neina skömtun, en lögin standa.

Jeg vil nú ekki tefja lengur umræðurnar. Jeg hefi reynt að vera hlífinn við hæstv. stjórn og tekið aðeins fram aðalgallana. En hvernig sem atkvgr. fer um vantraustið, þá veit jeg, að hæstv. fjármálastjórn verður í minni hluta, þótt hún greiði sjálf atkv. með sjer.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er ekki enn orðin sú skemtun fyrir fólkið, sem gera mátti ráð fyrir. Jeg skal ekki heldur stuðla til þess eða taka öðruvísi í málið en hv. flm. (B. J.) hefir gert. Hans ræða var fullkomlega þingleg; síður ræða hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.).

Hv. þm. Dala. (B. J.) segir, að það sje af einskærri vináttu við stjórnina, að hann flytur hjer fram vantraust. Hann vilji með því leiða í ljós, hvort hún sje fullkomin þingræðisstjórn eða ekki, og vilji fá hv. þm. fram úr skúmaskotunum. Jeg er samdóma hv. flm. (B. J.) um það, að það er í rauninni ekkert stórmál, þótt skift sje um stjórn. En því síður ætti það að þurfa að gerast með öðrum eins harmkvælum og hjer tíðkast. Annarsstaðar frá eru þess engin dæmi. En það eru sannarlega harmkvæli, að þessi till. hefir þurft mánuð til að fæðast, og hefir það tafið þingstörfin, svo nú er lítið að gert. Jeg get vorkent hv. þm. (B. J.) að þurfa að bera fram vilja flokks síns, en ef vantraustið nær ekki fram að ganga, þá hefir óforsvaranlega löngum tíma verið eytt þar til ónýtis.

Það er ekki rjett hjá hv. þm. (B. J.), að á slíkum tímum sem nú eru þurfi stjórn endilega að hafa stuðning ákveðins meiri hluta í þinginu til þess að geta setið við völd. Í ýmsum nágrannalöndunum, t. d. Noregi og Danmörku, hafa setið minni hluta stjórnir á síðari árum, og sitja enn, að því er jeg veit best, í Noregi. Og þess mætti nefna mörg dæmi, bæði fyr og síðar. Hitt er

rjett hjá hv. þm. (B. J.), að það er ekki ástæða til að taka því illa, þó að mótstöðuflokkur stjórnar reyni að steypa henni frá völdum; það má vel orða það eins og hv. þm. Dala. (B. J.), að það sje yfirlætislaus hlutur, enda mátti búast við því, að svo sje, er hann tók að sjer flutninginn.

Hv. þm. (B. J.) er svo sem að afsaka, að hann hafi ekki komið með traustsyfirlýsingu á stjórnina. Þessar vífilengjur koma mjer undarlega fyrir sjónir. Mjer finst það mjög óviðkunnanlegt. Hann hefði alls ekki átt að nefna það. Jeg hefi aldrei heyrt þess getið, að nokkur þm. hafi látið sjer detta í hug að koma með traustsyfirlýsingu á stjórn, sem hann er eindregið mótfallinn. Mjer finst þvílíkt athæfi engum heiðarlegum þm. sæmandi. Enda skil jeg ekki, að það hafi komið í nokkurri alvöru til tals.

Það er satt, að jeg hefi aldrei óskað eftir stuðningi frá þeim flokki, sem hv. þm. telst til, eða er foringi fyrir. Og þótt mjer geti þótt vænt um stuðning einstakra manna úr þeim flokki, þá vil jeg segja hv. þm. (B. J.) það, að jeg mundi álíta mig á skakkri braut, ef hann styddi mig. Hann studdi vel stjórnina meðan einn flokksmaður hans var í henni, en jeg tók það ekki til mín. Annars hefir hv. þm. (B. J.) ekki ávalt verið einfaldur í þjónustu sinni við foringjana.

Margt af því, sem hv. þm. (B. J.) nefndi, kemur meir við hina ráðherrana heldur en mig. Þó vil jeg nefna einstök atriði.

Hv. þm. (B. J.) sakaði stjórnina mikið fyrir það að hafa ekki breytt svo kosningalögunum, að kjósendur úti um land hefðu nægilegan tíma til að kjósa. Sagði, að til þess þyrftu þeir að minsta kosti 3 daga. Þetta sagði hann vera stórmál vegna þess, að verið væri að ræða um rjettindi. En ef það eitt á að gera það að stórmáli, þá verða mörg mál stórmál, því það eru ógrynni þingmála, sem snerta rjettindi. Jeg er annars hissa á því, að hv. þm. (B. J.) skuli nefna annað eins og þetta. Ef þurfa þykir, má gera þvílíka breytingu á svipstundu.

Jeg ætla ekki að svara því miklu, sem hv. þm. (B. J.) sagði um atvinnumálin. Atvrh. (P. J.) mun svara því best. Hv. þm. sakaði stjórnina um framkvæmdaleysi. Sagði, að hún hefði vanrækt að skerast í leikinn og taka fram fyrir hendur ýmsra atvinnurekenda, t. d. að taka síldina af síldareigendunum og selja fyrir þá. Margir aðrir hafa hins vegar legið stjórninni á hálsi fyrir það að hafa haft afskifti af frjálsum framkvæmdum, t. a. m. verslun. Stjórnin hefir ávalt verið fús til að aðstoða atvinnurekendur og kaupmenn, er þeir hafa leitað til hennar. Jeg get í þessu sambandi mint á útflutningsnefndina og aðrar sölunefndir, sem störfuðu hjer á sínum tíma. En jeg býst við, að hið háa Alþingi mundi kunna stjórninni litlar þakkir fyrir, ef hún færi svo sem upp úr þurru, ótilkvödd, að skifta sjer af atvinnurekstri eða verslun einstakra manna. Annars þarf jeg ekki að tala meira um þetta; það verður minst á það af öðrum.

Hv. þm. (B. J.) las rjett upp það, sem hann sagði í fyrra, þegar stjórnin var í myndun. En hann gat sparað sjer það. Vitaskuld var flokkur hans á móti stjórninni, að einum hv. þm. undanteknum. Hann sagði, að flokkurinn hefði lýst yfir, að hann ætlaði ekki að eira stjórninni. Við það er ekkert að athuga. En hann talar jafnframt um, að hann hafi sett stjórninni fyrir. Jeg vil

ekki viðhafa óþingleg orð, en jeg verð að segja, að mjer finst það stappa nærri því að mega kallast ósvinnu, þegar flokksforingi, sem hefir lýst yfir, að hann ætli ekki að eira stjórn, fer að leggja þeirri sömu stjórn lífsreglurnar. Og jeg hefi sagt honum það áður, að jeg kæri mig ekkert um hans ráð. Annars voru það heldur smávægileg brot, sem hv. þm. (B. J.) sagði að stjórnin hefði gert á hans ráðum.

Aðalmálið hjá honum var, eins og við var að búast, utanríkismálin. Hann vísaði til ræðu sinnar um þau mál hjer á dögunum, og það vill svo vel til, að hún er til sjerprentuð undir nafninu „Stjórnin og sjálfstæðið".

Kem jeg þá þar að því, sem vera átti aðalásökunarefnið gagnvart mjer, sem sje að jeg hafi vanrækt að halda fram þeim rjetti, sem við fengum með sambandslögunum. Nú þykist jeg sjálfur eiga þó það mikið í þeim samningi, að ekki væru líkindi til þess, að óránnsökuðu máli, að jeg vildi láta undir höfuð leggjast að fylgja honum. Það mætti að minsta kosti vera undarlegur maður, sem ekki liti svo á málið og ekki væri um það hugað, sem hann hefði sjálfur átt þvílíkan hlut að. Hv. þm. (B. J.) talaði um það í þessu sambandi, hvernig jeg hefði tekið undir þingsál.till. hans um 7. greinina. Jeg sagði þá, og stend við það enn, að jeg teldi samþykt hennar, eins og hún er, fela í sjer vantraust. Hv. þm. (B. J.) neitaði því reyndar þá, að í henni væri vantraust falið, en gaf þó í sömu andránni út ræðu sína undir titlinum „Stjórnin og sjálfstæðið". Það er nú ekki svo að skilja, að jeg kippi mjer upp við vantraustsyfirlýsingu frá þessum hv. þm. (B. J.). Jeg veit, að hann kemur fram með hana hve nær sem hann hefir nokkra von um, að hún gangi fram, hvort sem hann telur hana rjettmæta eða ekki. En jeg vildi aðeins, að hann kannaðist við það, þegar hann er á annað borð að bögglast við þetta á einhvern hátt.

Þegar hv. þm. (B. J.) var að leggja stjórninni lífsreglurnar, þá krafðist hann þess, að tekið væri upp embættisheitið utanríkisráðherra með tilheyrandi stjórnardeild. Jeg sagði um þetta þegar, að jeg sæi ekki ástæðu til þess að leggja í þann mikla kostnað, sem þessu væri samfara, að setja upp heila deild, nje sinna kröfu hans um nafnið, þó að hins vegar væri gott, að öll utanríkismálin væru hjá einum manni. Og nú hafði jeg einmitt gert ráðstafanir til þess, að ungur og efnilegur maður kynti sjer sjerstaklega slík mál og hefði þau síðan á hendi. En þetta á ekki að þurfa að kosta mikið. Aðeins viðbót á svo sem tveggja tíma vinnu á dag í hæsta lagi.

Jeg fæ því ekki sjeð, að þetta atriði geti á nokkurn hátt orðið tilefni til vantrausts, enda veit jeg ekki til þess, að nokkur maður annar en hv. þm. Dala. (B. J.) hafi fundið að því, að þetta embætti skuli ekki hafa verið stofnað.

Þótt jeg hafi ekki í upphafi ætlað mjer að fjölyrða mjög um þetta, hefir hv. þm. (B. J.) nú neytt mig til þess, með því að gefa ræðu sína út sem sóknarskjal á hendur stjórninni. Jeg verð því einnig að víkja að öðrum töluliðum í þál.till, þar sem hann talar um það, að fylgja eigi fast fram skilningi hans, eða hins íslenska hluta nefndarinnar, um 7. gr. Reyndar er jeg hissa á því, hvernig þetta er orðað, því öðrum, sem ekki eru eins mikillátir og hv. þm. Dala. (B. J.), mundi fyr hafa dottið í hug að bera fyrir sig þingið sjálft, þar sem það hjelt 1918 fram sama skilningnum.

Jeg skal ekki að sinni fara frekar út í það, hvað jeg persónulega hefi gert eða ekki gert í því máli, en vil aðeins geta þess í þetta skifti, að það hefði síst setið á einum nefndarmanninum úr lögjafnaðarnefndinni að klappa þannig á þingsins dyr, meðan málinu er ekki lokið í nefndinni sjálfri, einkum þar sem þess gat ekki verið langt að bíða, að þetta atriði yrði afgreitt þaðan.

Þá kemur enn eitt atriði, sem hv. þm. Dala. (B. J.) mintist á, það, að láta alla sendimenn okkar í útlöndum í sjerstökum málum heita sendiherra um stundarsakir. Þetta er alveg ný krafa hjá hv. þm. (B. J.) og því alveg rangt að vísa til þess sem nokkurs brots hjá stjórninni að hafa ekki gert þetta. En þar á ofan bætist svo það, að þessi hv. þm. (B. J.) sjálfur hagaði svo orðum sínum í fyrra, að þetta mætti ekki svo vera, því það væri ekki í samræmi við sambandssamninginn. Annars hlýtur hv. þm. (B. J.) að vita það, að þetta sendiherrahugtak er svo afmarkað hugtak, að ekki þarf um það að deila, og hann ætti að minsta kosti að þekkja samþykt um þessi efni frá 1918 og vita það, að sendiherrar eru yfirleitt aldrei öðruvísi en „fastir", en ekki „um stundarsakir". Hv. þm. Dala. (B. J.) hefir því sjálfur verið á þessari sömu skoðun, en raknaði við þegar hann sá rit eitt eftir Lundborg, þar sem öðru var haldið fram. Þótt það sje því leiðinlegt, að hv. þm. (B. J.) skuli þannig sjálfur hafa smíðað vopn á þessa sína eigin núverandi skoðun, er það þó í rauninni ekkert nýtt, þar sem það er vani þessa hv. þm. (B. J.) að tala sífelt í tíma og ótíma, en muna svo ekki neitt hvað hann hefir sagt, þegar það er rekið ofan í hann.

Þá kem jeg að atriði, sem okkur greinir á um, þar sem við erum alveg á öndverðum meið. Því jeg er ekki þeirrar skoðunar, að 7. gr. sje okkur óhagstæð. En það var rjett hjá andstæðingum samningsins, að ef nokkuð hefði verið okkur þar óhagstætt, var það 6. gr. En hún er það ekki heldur. En um 7. gr. erum við þá sem sje alveg ósammála, og fæ jeg ekki sjeð, að það hafi getað verið nokkur nauðung að ganga að henni. Jeg álít, að við getum vel falið annari þjóð að fara með utanríkismál vor, þegar við sjálfir höfum öll ráð yfir þeim. Og jeg álít, að þetta eigum við að hagnýta okkur, okkur sama sem að kostnaðarlausu. Hv. þm. Dala. (B. J.) vill hins vegar, gagnstætt því, sem jeg vil, láta nota undantekningarnar sem mest. Jeg vil aðeins beita þeim þar sem þörf er á. Og með því að senda sendiherra til Kaupmannahafnar höfum við fullkomlega sýnt sendiherrarjett okkar.

Þá er komið að landhelgisgæslunni, og verð jeg að segja það fyrir mitt leyti, að jeg skammast mín ekkert fyrir það, þótt Danir annist hjer gæsluna fyrir okkur. Jeg skoða það sem endurgjald frá þeirra hálfu, sem við eigum að ganga eftir. Og um aukningu gæslunnar skal jeg segja það, að þótt jeg hefði að fyrra bragði farið fram á það, að hjer yrðu höfð tvö skip, hefði jeg ekki þóst þurfa að biðja neinnar velvirðingar á því. Hv. þm. (B. J.) virtist draga það í efa, hvernig málið hefði verið tekið upp. Jeg skýrði frá þessu í ráðgjafarnefndinni, og mætti furðu gegna, ef jeg hefði ekki skýrt rjett frá þar, þar sem jeg vissi, að orð mín áttu að flytjast bæði dönsku stjórninni og þinginu. Hitt getur verið efamál, hvort ummæli t. a. m. dönsku nefndarmannanna geta skoðast sem beint tilboð. Þeir gera kost á þessu, ef þingið óskar.

Símskeyti ríkisráðherrans danska er fram komið vegna þess, að honum var flutt það, að svo hefði verið um mælt í þinginu, að Danir vildu þetta til þess að sýna flaggið, og má ske fleiri ummæli. Símskeytið segir ekkert annað en það, sem satt er, að Danir vildu heldur vera lausir við kostnað af strandhelgisgæslunni; þætti með öðrum orðum sóma sínum ekkert misboðið, þótt þeir fengju að spara þessi gjöld, ef Íslendingar vildu gefa það eftir. Þeir leggi fjeð fram, af því þeir hafi lofað því, og vilji halda gerðan samning drengilega og jafnvel fram yfir það, sem þeir eru beint neyddir til, ef þeir geti gert sambandsþjóðinni greiða með því, ef Alþingi óski.

Jeg þarf nú ekki að taka það fram, að mjer þætti það alveg rangt, ef þingið ekki þægi það með þökkum, að Danir geri strandgæsluna ríkari, hvað sem um er aukninguna af vorri hálfu. En það er óviðurkvæmilegt, jafnframt og það er þegið, að tala um framkvæmd landhelgisgæslunnar af hálfu yfirforingjanna með háðulegum orðum, eins og hv. þm. Rang. (Gunn. S.) gerði. Það er alveg sjálfsagt, og þarf ekki fram að taka, að yfirforingjarnir eru misjafnir og að það er óheppilegt, að hver hefir ekki nema stutta þjónustutíð hjer, en hitt er víst, að flestir, það er mjer kunnugt persónulega, hafa haft allan vilja á að leysa þetta verk vel af hendi, og hitt er og víst, að ekki er rjett að væna neinn þeirra um, að þeir vilji ekki gera skyldu sína.

Annars skal jeg láta þess getið, að jeg er alveg sannfærður um, að ráðandi stjórnmálamenn í Damörku og þjóðin yfirleitt hafa enga minstu löngun til neinskonar yfirráða yfir Íslandi.

Um 5. og 6. atriðið ætla jeg ekki að tala. Hið fyrra atriðið er gripið úr lausu lofti, allsendis að ástæðulausu. Hið síðara hafði hv. þm. (B. J.) aldrei nefnt við mig og jeg ekki veitt því sjerstaka eftirtekt.

Um eitt kemur okkur hv. þm. (B. J.) að nokkru leyti saman, og það er, að vjer eigum að búa okkur þegar undir það að geta breytt sambandslögunum t. a. m. í þá átt að hafa sjálfir framkvæmdina í utanríkismálunum, þegar vjer erum færir um; hvort það er 1940 eða fyr eða síðar, það sýnist mjer of snemt um að ræða, eða hvernig sú breyting verður, það er nú ekki gott að vita. Vjer vitum nú fremur lítið um útlit heimsins og skipun eftir um 20 ár; jafnvel hv. þm. Dala. (B. J.) sjer skemra fram í tímann en svo. En vjer eigum að búa okkur undir að geta staðið sem mest einir. Engin þjóð getur það alveg, og síst smáu þjóðirnar. Þær þurfa altaf stuðning, og þær eiga einkum að styðja hver aðra. En sem sagt, markið er að geta staðið sem mest á eigin fótum. Um þetta erum við hv. þm. Dala. (B. J.) alveg sammála. En það er eins og svo oft áður, vegir okkar liggja ekki saman. Hann vill búa okkur undir með því að verja fje, miklu fje, til utanríkismála og annara hluta, sem stóru þjóðirnar spara jafnvel fje til, og ef vjer ekki höfum fjeð sjálfir, þá bara að fá fje að láni, tugi miljóna, marga tugi miljóna.

Jeg álít, að þá sje mest vonin um satt sjálfstæði vort, ef vjer með sparsemi, fyrirhyggju og atorku reynum að byggja og að nokkru leyti endurreisa atvinnuvegi vora, yfir höfuð byggja upp fjárhagslegt sjálfstæði vort. Þá fyrst er bygt svo, að standi.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal

fyrst leyfa mjer að svara nokkrum atriðum úr ræðu hv. þm. Dala. (B. J.), sem hann beindi að mjer.

Hann sagði fyrst, að jeg hefði viljað hafa laun af barnakennurum, en þar skýst honum, því það var úrskurður fyrirrennara míns, flokksmanns hans, sem hann gaf mjer þar að sök. Sökin lendir því á honum, ef hún er nokkur, en ekki mjer. En jeg skal geta þess, að þetta mál hefir verið lagt fyrir dómstólana og hefir unnist fyrir undirrjetti. Það er því ekki hægt að tala um órjett frá stjórninni í þessu máli enn þá.

Svo sagði hann, að jeg hefði neitað að greiða fjárlagastyrk til ákveðins manns. Þetta er satt. En sá maður hafði í millitíð fengið embætti, og það svo umfangsmikið, að enginn getur að minni hyggju annað meiru. En þetta fje var veitt til ákveðins starfs, sem hann getur nú ekki leyst af hendi. Stjórnin hefir því aðeins stoppað greiðsluna í bili, og þingið getur því enn þá gripið fram fyrir hendur hennar og skorið úr, hvort maðurinn skuli fá fjeð eða ekki. Hann sagði, að sagt hefði verið, að þetta væri prentvilla í fjárlögunum. Jeg veit ekki, hver hefir átt að segja það, og áreiðanlega hefir enginn sagt það í fjármáladeildinni, og hygg jeg, að hjer sje um venjulega Gróusögu að ræða.

Hv. þm. (B. J.) talaði um, að innflutningsnefndin hefði verið óþörf. Um það þarf ekki að saka stjórnina, því það var tekið fram hjer í þinginu í fyrra, að þörf væri á slíkri nefnd, og var hún því skipuð eftir tilmælum þingsins.

Jeg sá, að hv. þm. (B. J.) þótti vænt um þá setningu hjá sjer, að lánleysi stjórnarinnar væri lánleysi hennar, og jeg held, að honum hafi ekki þótt jafnvænt um neitt, sem hann sagði, nema ef til vill dæmið, sem hann tók af tófunni og storkinum, enda hefir hann sagt þá sögu hjer í deildinni minst 10 sinnum. Annars virðist hv. þm. (B. J.) halda mikið upp á það að taka dæmi af tófu, því jeg hefi heyrt hann áður taka dæmi af henni. **(B. J.:** Sagan var eftir Esóp, en ekki mig). Þær eru að minsta kosti sagðar hjer í þessari deild af hv. þm. (B. J.).

Hv. þm. (B. J.) talaði mikið um það, að taka hefði átt lán, og mjer skildist helst, að bankarnir hefðu átt að gera það, en nú vill svo vel til, að hann er í stjórn annars bankans, og mjer þætti gaman að vita, hvað hann hefði gert til þess að sjá um, að bankinn gerði þetta. Mjer vitanlega hefir hann ekki komið með neina yfirlýsingu um, að hann hafi gert nokkuð í þá átt. Jeg býst því við, að hann gefi hana.

Þá sný jeg mjer að hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Hann talaði um tvent, sem hann hefði sjerstaklega út á fjármálastjórnina að setja, og væri fyrst og fremst, að hún hefði ekki tekið lán. Hann sagði um daginn, að jeg skildi svo við fjárhag landsins, að erlendis væri landið talið gjaldþrota. Jeg ætlaði þá að svara þessu, en forseti sleit þá umræðunum áður en mig varði. En nú skal jeg svara honum.

Jeg get nefnt dæmi upp á, að þetta er með öllu tilhæfulaust, því að nú hefir t. d. Landsbankinn fyrir skömmu fengið lán erlendis með þeim skilmálum, að landið gangi í ábyrgðina. Það er því ósæmilegt af hv. þm. (Gunn. S.) að halda því fram, að landið hafi mist lánstraustið og sje talið gjaldþrota. **(Gunn. S.:** Ekki sagt það). Hv. þm. hefir haldið því fram, að við sjeum álitnir gjald-

þrota, og hann getur ekki gengið frá orðum sínum. Þetta, að telja landið gjaldþrota, er óhæfilegt, og þó að nú hv. þm. (Gunn. S.) geri það til þess að reyna að koma mjer frá, verður hann jafnframt að gæta þess að gera það ekki á þann hátt að skaða ættjörð sína.

Hv. þm. (Gunn. S.) fór mörgum orðum um það, hve illa við værum staddir, og sagði, að ef til vill yrði gengið að okkur þegar minstum vonum varði, og að erlendir lánardrotnar gætu komið á hverjum degi. Mjer virtist hann hafa í huga stranga skuldaeigendur, sem ganga hart að, og þeirri aðferð hjelt hann að yrði beitt við okkur. Hann ætlast víst til, að hinir útlendu skuldaeigendur fari að eins og „Lommeprokurator", með hótunum og lögvillum. En sem betur fer er ekkert útlit fyrir það.

Þá mintist hann á markaðsverðsbreytingarnar og viðurkendi, að þær væru ófyrirsjáanlegar. Hann getur því ekki sakað mig um, þó að jeg hafi ekki sjeð þær fyrir og tekið lán áður en þær breyttust. Það eru fleiri en jeg, sem ekki hafa sjeð hinar miklu markaðsverðsbreytingar fyrir, og má þar t. d. nefna togaraútgerðarmennina. Þeir gerðu samning í október við háseta, en nú er markaðsverðið svo breytt, að þeir treysta sjer ekki til að standa við hann lengur.

Jeg býst við, að hv. þm. (Gunn. S.) hafi sjeð svo um, að hann lendi ekki sjálfur í hinu sama feni, sem hann segir að jeg hafi leitt fjárhag landsins í.

Hann sagði, að ekki gerði mikið til, þó að einstaklingar töpuðu, sjerstaklega þeir, sem hefðu grætt á stríðsárunum. (**Gunn. S.**: Ekki satt. Jeg sagði, að það gerði minna til). Jeg skildi orð hans þannig. Mjer er það nú ekki vel ljóst, hvernig hann ætlar mönnum t. d. að halda áfram útgerð, þegar þeir sjá fyrir tapið fyrirfram. Hann hlýtur því að ætlast til, að hið opinbera taki lán á lán ofan til þess að bæta hallann. (**Gunn. S.**: Þetta er alt misskilningur). Hann sagði víst, að ekki gerði til, þó að bankarnir töpuðu, og jeg skil ekki, hvernig hann getur ætlast til, að bankarnir taki lán, sem þeir sjá fyrirfram að þeir tapa á.

Hv. þm. (Gunn. S.) sagði enn fremur, að fjármálastjórnin vildi ekki taka lán, en hann fer þar rangt með. Þá vitnaði hann í fjármálaræðu mína og sagði, að ekki væri hægt að breyta því, sem þar stæði.

Jeg hefi margtekið það fram, að mjer finst rjett að taka viðskiftalán þegar þörf krefði, en hv. þm. (Gunn. S.) reyndi að halda því fram, að jeg vildi ekkert lán taka, og spurði, hvort ekki myndi rjett að taka lán þegar um hungursneyð væri að tala. En hjer er, sem betur fer, ekki um slíkt að ræða, og að taka spekúlationslán hefi jeg margtekið fram, að jeg væri á móti, og með því vil jeg standa og falla.

Hv. þm. (Gunn. S.) sagði, að taka ætti lán þegar gengið væri sem hæst. Hlýtur þá að eiga að geyma fjeð þangað til gengið fellur, og borga þá með því aftur. En þá er þetta aðeins gróðabrall, sem getur valdið skaða, ef gengið breytist ekki. Hann sagði, að jeg vildi fylgja þeirri sparsemi að spara eyrinn, en jeg vil minna þm. (Gunn. S.) á, að margt smátt gerir eitt stórt, og jeg skammast mín ekki fyrir að vera sparsamur.

Hann sagði, að stjórnin ætlaði að bíða þangað til hún væri búin að jeta ofan í sig alt, sem hún hefði lagt fyrir þingið. Þar á hv. þm. (Gunn. S.) víst við kornvörufrumvarpið. Jeg get þá upplýst það, að það var fyrirfram

ákveðið að gera það ekki að kappsmáli, að það gengi fram, að minsta kosti nú, og ef menn trúa ekki orðum mínum, get jeg sannað þau, því að þetta er bókað í gerðabók ráðherranna.

Þá sagði hv. þm. (Gunn. S.), að jeg væri í minni hluta í þinginu. Jeg skora á hann að sýna þetta og sanna með atkvæðagreiðslu í þinginu. Hann getur t. d. komið með vantraustsyfirlýsingu á mig einan, og það skal ekki standa á mjer að fara, ef meiri hluti vill. Aftur á móti tek jeg ekkert tillit til stóryrða hv. þm. (Gunn. S.) eða hótana fyr en þetta er sýnt. En ætli það bíði ekki dálítið?

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Það er ekki miklu, sem jeg þarf að svara, því hæstv. forsrh. (J. M.) svaraði því að nokkru leyti, sem heyrði undir atvinnumálaráðherra, jafnframt því sem hann svaraði fyrir sig. En jeg kvaddi mjer hljóðs til þess að gera grein fyrir atkvæði mínu.

Það líta nú sumir ef til vill svo á, að það eigi ekki við, að við ráðherrarnir greiðum atkvæði um vantraustsyfirlýsinguna, en jeg ætla samt að greiða atkvæði á móti henni, af því að henni er stefnt að allri stjórninni, en hefði hún aðeins verið á mig einan, þá hefði jeg ekki greitt atkvæði.

Jeg hefi fulla ástæðu sem þingmaður til að vinna á móti því, að vantraustsyfirlýsingin nái fram að ganga, því að jeg var meðal þeirra þingmanna, sem studdu að því, að núverandi forsætisráðherra (J. M.) tæki að sjer að mynda hina nýju þriggja manna stjórn 1917. Einnig studdi jeg að því, að hann tæki að sjer stjórnarmyndun í fyrra, og hefir hann í engu brugðist trausti mínu. Eins og hann í fyrra áreiðanlega hafði manna mest traust til að mynda nýja stjórn, þannig hygg jeg, að hann hafi enn mest fylgi í landinu til þess að standa fyrir stjórn, hvort sem hann hefir nú nóg traust innan þingsins eða ekki, og jeg álít því mikinn skaða, ef hann leggur niður völd.

Hvað viðvíkur fjármálaráðherra (M. G.), þá álít jeg hann svo færan til að hafa fjármálastjórnina á hendi, að jeg teldi það mikinn skaða, ef hann verður að fara frá. Jeg get dæmt um þetta betur en flestir aðrir, því mjer er kunnugra en flestum öðrum um þá erfiðleika, sem þessu starfi fylgja, og hvaða skyldum ríkið hefir að gegna.

Ef svo fer, að flest tekjufrv., sem fjármálaráðherra (M. G.) hefir lagt fyrir þingið, ná fram að ganga, væri það undarlegt fyrirbrigði, ef jafnframt því væri verið að bola honum frá, og skil jeg ekki, að það væri hægt að forsvara það.

En ef menn fara að drepa þau, bara til þess að fella stjórnina, eins og gert var 1913, má segja, að Íslands óhamingju verði alt að vopni.

Jeg verð því að segja, að ef frumvörpin ná fram að ganga, en fjármálaráðherra verður feldur, þá er það ekki af vantrausti, heldur af nauðsyn til þess að losa sætið handa einhverjum öðrum.

Jeg geri það fyrst og fremst af eigin sannfæringu og sem fulltrúi minna kjósenda að greiða atkv. í þessu máli, því jeg veit, að þeir þyldu ekki að vera atkvæðislausir í því, hversu landsstjórnin er skipuð.

Þá vil jeg í þessu sambandi örlítið minnast á atvinnumálaráðherrann.

Jeg sagði, að jeg hefði ekki greitt atkv., ef vantraustinu hefði verið beint

að mjer einum. Mál þau, er undir atvinnumálaráðherrann heyra, eru svo mikil vandamál, að helst þyrfti afburðamann til þess að ráða fram úr þeim, og ekki síst nú, þegar atvinnurekendur eru farnir að snúa sjer til stjórnarinnar í öllum vandamálum og hvað sem á bjátar, eins og menn fara til læknis, þegar veikindi eða kvillar ganga. Þetta byrjaði strax með styrjöldinni miklu, og hefir mikið aukist síðan. Nú, eftir að friðarsamningar komust á, hafa vandræðin ekki minkað, og það er ekki ofsögum sagt af því, að fyrir þetta land hafa þau aldrei verið eins alvarleg fyrir atvinnuvegina eins og síðastliðið ár og nú. Þess vegna hvílir afskaplegur vandi á stjórninni, og þá sjerstaklega á atvinnumálaráðherra, þó auðvitað öll stjórnin fylgist hjer að málum, eins og hingað til.

Jeg get því vel skilið, að menn hafi ekki mikið traust á mjer til þess að standa í þessari stöðu. Það þarf enga almenna vantraustsyfirlýsingu á stjórnina til þess að lagfæra þetta. Ef meiri hluti þingmanna getur komið sjer saman um mann, — og helst ef það væri nú afburðamaður, eða að minsta kosti mjer miklu færari, — og bent forsætisráðherra á að taka hann í minn stað í ráðuneytið, þá skal ekki standa á mjer. Mjer er hvorki móðgun nje bagi að víkja úr sessi.

En setjum nú svo, að þessi vantraustsyfirlýsing verði samþykt með því atkvæðamagni, að stjórnin hljóti að segja af sjer, og síðan takist, líkt og þá er núverandi stjórn var mynduð, að fá meiri hluta fyrir því, að einhver maður myndi stjórn, þá uggir mig, að það fari enn líkt og um undanfarandi stjórnir. Eftir eitt ár eða svo verður aftur kominn einhverskonar meiri hluti, sem vill losna við hana. Á þetta bendir reynslan einlægt meir og meir.

Till. þessi er fram komin áður en nokkuð er víst um samkomulag þings og stjórnar í aðalmálunum. Hún er því fram komin af þessu pólitiska óþoli, sem bólað hefir á síðan 1909 og altaf farið í vöxt. Þetta hefir orðið til þess, að stjórnir hafa hvorki haft frið nje tíma til þess að starfa og reyna að koma áhugamálum sínum í framkvæmd. Þær hafa ekki fengið að reyna sig. Og jeg get gilt úr flokki talað um þetta, því jeg hefi sjaldan stuðlað að stjórnarskiftum. Jeg hefi altaf talið það skyldu mína að styðja stjórn, þótt úr andstöðuflokki væri, í því að koma fram málum, sem til heilla horfa og unnið er að af einlægni og áhuga. En yfirleitt eru menn fljótari til að grípa það, sem ábótavant er hjá stjórninni, heldur en að meta það, sem betur fer. Þetta er galli, og að því er mjer virðist, bæði á þingi og þjóð.

Það liggur þó í augum uppi, að enginn getur unnið vel opinber störf nema hann hafi tiltrú, menn treysti því, að hann vinni af bestu getu. Til þess að landsstjórn, hver sem hún er, geti notið sín og neytt, verða menn að láta henni í tje það andrúmsloft tiltrúarinnar, sem hverjum samviskusömum manni er nauðsyn til þess, að hann geti rækt starf sitt vel. Það er hart að þurfa að tala um þetta hjer, þetta, sem hver maður þekkir og viðurkennir á öðrum sviðum. Hver húsbóndi á stóru heimili, hver forráðandi fjelags eða fyrirtækis veit þetta, veit, að best er að veita þeim tiltrú, sem starfa með honum eða fyrir hann, og veita hana slyndrulaust.

Þetta voru þær almennu athugasemdir, sem jeg vildi gera. En nú vil jeg víkja nokkrum orðum að ræðu hv. þm.

Dala. (B. J.), enda þótt fátt í ræðu hans væri andmælavert.

Hv. þm. (B. J.) þótti stjórnin nánasarleg þegar hún sparaði. Því hefir nú hæstv. fjrh. (M. G.) svarað. En svo þótti hv. þm. (B. J.) hún líka hafa eytt til óþarfa, og nefndi þar innflutningsnefndina og seðlaskrifstofuna. Fjrh. (M. G.) hefir nú svarað um innflutningsnefndina, og get jeg tekið undir það. Nefndin var nauðsynleg, og að rjettu lagi hefði þurft að leggja meira í sölurnar við hennar starf. Það hefði þurft strangt eftirlit, einskonar lögreglu, til þess að framfylgja ákvörðunum nefndarinnar. Og þá er jeg líka viss um, að meiri ánægja hefði verið með gerðir nefndarinnar. Stjórnin hefir því ekki gengið of langt, heldur of skamt. Og jeg skil ekki, hver hugsun gat verið í því að setja lögin frá 8. mars 1920, ef stjórnin mátti ekki hafa nefndina til að bera fyrir sig.

Og um skömtunina er það að segja, að hún er afleiðing af anda sömu laga. Eftir horfum öllum í haust leit stjórnin svo á, að óhjákvæmilegt væri að takmarka eyðslu, og að því ætti stjórnin að stuðla. Eftir undanfarandi reynslu leit út fyrir, að eytt mundi verða 7—9 milj. kr. á árinu aðeins fyrir sykur; þá má sannarlega segja, að skörin færi upp í bekkinn, ef slíkt væri látið viðgangast afskiftalaust. Það var því vel kostandi til annars eins og seðlaskrifstofunnar. En öll þessi mál eru nú í nefnd hjer í þinginu og verða væntanlega rædd betur síðar.

Þá sagði hv. þm. (B. J.), að stefna stjórnarinnar í vatnamálunum væri hvorki til þess að spara gæði landsins nje halda til haga fyrir ríkið. Þetta liggur nú fyrir þinginu, og mun það dæma um það á sínum tíma. En einhverja stefnu varð stjórnin að hafa, og þá tók hún eðlilega þá, sem hún kom sjer best saman um. Sjest síðar, hvernig meiri hl. þingsins fellir sig við hana.

Loks skaut hv. þm. (B. J.) fram nokkrum Gróusögum um það, að ekki væri frómlega með farið hjá ýmsum, sem hafa með höndum kaup á áhöldum og vörum til opinberra þarfa, svo sem til síma, vegagerða, vita o. fl. Hann sagðist þó ekki selja þetta dýrara en hann keypti, en kvaðst með þessu gefa stjórninni tækifæri til þess að sanna hið gagnstæða. Þar til er því að svara, að slíkar Gróusögur hafa gengið í tíð allra undanfarandi stjórna. Og hver á að sanna um slíkar sögur? Hvor á fremur að gera það, sá, sem fleiprar, eða sá, sem fleiprað er um? Ef sagt er um mig, að jeg hafi einhvern tíma drepið mann, og ekki tilgreint, hvar nje hve nær, hvernig á jeg þá að sanna, að jeg hafi ekki gert það? Það á alls ekki við að kasta slíku inn í umræðurnar. Það á að koma fram sem rannsóknarefni í tillöguformi eða fyrirspurnar, og kærurnar eiga að vera ákveðnar, því að ákveðna sök má sanna með ákveðnum vitnum. Auk þess er með þessu kastað að mönnum, sem hjer eiga þess engan kost að verja sig.

Þá var loks það, sem víst átti að hrífa, og ætti að hrífa, ef satt væri, en það var atorku- og áhugaleysi stjórnarinnar um atvinnuvegina. Hann nefndi þar helst til s í l d a r s ö l u n a og k o l i n til útgerðarinnar. Hæstv. forsrh. (J. M.) hefir nú svarað um síldarsöluna, en jeg vil bæta því við, að jeg er handviss um, að útgerðarmenn munu ekki telja stjórnina hafa verið áhugalausa í þessu máli, og þeir leituðu margir til hennar. Í sumar spurðu þeir stjórnina, hvort hún vildi taka að sjer einkasölu á síld.

Stjórnin svaraði því, að ef útgerðarmenn gerðu fullkomin samtök sín á milli, þá skyldi stjórnin gera sitt til að koma skipulagi á. En svo leið og beið og ekkert svar kom, og síðar, er í öngþveitið var komið og nokkuð af síldinni þegar sent út, var ógerlegt að skipa sölunni með valdboði, enda þá ekki samræmi hjá útgerðarmönnum heldur komið á.

Stjórnin hefir líka haft gát á fisksölunni, þótt hennar hafi minna verið leitað í því efni, enda engin samtök útgerðarmanna bak við. Þar hefði mikið mátt gera, ef ráð hefði verið tekið í tíma og samkomulag hefði verið meðal þeirra, sem hagsmunanna áttu að njóta. En án samkomulags meðal útgerðarmanna var stjórnin máttlaus í því máli. En það er nú líka svo, að þótt margir hagsmunir sjeu sameiginlegir, þá eru einnig sundurleitir hagsmunir, og það dregur úr samkomulaginu, þegar á á að herða.

Þá voru það kolin. Sumum hefir þótt stjórnin hafa gengið of langt í að birgja landið að kolum síðastliðið sumar. Stjórnin gerði það nú ekki aðallega vegna útgerðarinnar. Í sumar var alls ekki hægt að fá verslunarkol með neitt líkum kjörum og kol til nota í skipunum sjálfum (bunkers). Og þótt svo væri, að togararnir gætu ekki notað landsverslunarkolin til útgerðar vegna dýrleika, þá gat skeð, að menn yrðu fegnir að nota þau til þess að bjarga sjer, ef líkt hefði farið og í fyrra. Þá var ástandið svo, að fellir var fyrir dyrum á Norðurlandi, og þótt nægar birgðir væru af kraftfóðri í landinu, komust skipin hvergi með björgina vegna kolaleysis. Veturinn í fyrra minti menn á að vera ekki jafnvarbúnir næst. Og stjórnin vildi heldur þola illmæli manna fyrir of mikla fyrirhyggju en of litla, til bjargar landsbúum.

Hvað sem því hv. þm. Dala. (B. J.) segir, þá kannast jeg ekki við áhugaleysi í þessum málum. Og því get jeg lýst yfir, að langmest af starfstíma mínum, og stundum svefntíminn líka, hefir gengið í atvinnu- og peningamálavandræðin, sem þessu árferði fylgja, en hin störfin, sem á venjulegum tíma mundu kallast störf atvinnumálaráðherra, hafa mjer fundist svo sem ekki neitt hjá því.

Eiríkur Einarsson: Þar sem jeg er einn á meðal þeirra þm., er telja landsstjórn þá, sem nú situr að völdum, óheppilega skipaða, og vil ýta undir, að hún beiðist lausnar, þykir mjer rjett að gera nokkra grein fyrir niðurstöðu minni í þessum efnum.

Ætla jeg því að fara nokkrum orðum um þá ágalla landsstjórnarinnar, er mjer þykja mestu máli skifta og hafa ísjárverðastar verkanir í starfi og stefnu þings og þjóðar, en reyna að komast hjá að leiða umr. að aukaatriðum. Skal jeg þá fyrst minnast á athafnir eða rjettara sagt athafnaleysi stjórnarinnar, og síðan á afstöðu hennar til þingsins.

Sú tíð er nú liðin, er ákveðin ágreiningsmál skiftu þjóðinni í fylkingar, eins og átti sjer stað fram á ráðherratíð þeirra Hannesar Hafsteins og Björns Jónssonar. Andstaða gegn þeim kom fram bæði utan þings og innan, vegna forgöngu þeirra í slíkum málum. Nægir þar að nefna símamálið, frumvarpið 1908, og loks bannmálið. Síðan þessum málum lauk, sínu á hvern veginn, hafa engin stefnumál verið mörkuð á skjöld þings og stjórnar

ákveðnari en svo, að flest hefir reynst betur lagað til nýrrar tvístrunar en hreinnar flokkaskipunar og atfylgis með og móti. Eina undantekningin frá þessari stjórnmálatvístrun síðari ára er sambandsmálið 1918, er þing og stjórn skipaði sjer svo að segja í eina hvirfingu, þrátt fyrir skoðanamun að öðru leyti. En eins og við var að búast var sama riðlunin á öllu eftir sem áður, svo að þegar litið er á þetta flokksmála- eða áhugamálaleysi, getur sambandsmálið 1918 með hinni fáliðuðu mótstöðu, er þar kom fram, í rauninni talist frá, enda kemur óskipun síðustu ára fram í sinni rjettustu mynd, þegar sáttmálinn er ekki tekinn með í reikninginn.

Meðan styrjöldin mikla hjelst var það í rauninni alveg eðlilegt, að framkvæmdamál þjóðarinnar og allar framfarir lægju í láginni og hyrfu fyrir varúðarráðstöfunum, er þing og stjórn hlaut þá að leggja áherslu á til þess að varðveita öryggi landsins á þeim háskatímum. Öll aðalstarfsemi löggjafans og landsstjórnarinnar á þeim árum lá því í þessari sjálfsögðu viðleitni til að varðveita sátt og hlutleysi milli þessa lands og annara ríkja og sjá þjóðinni fyrir nauðsynjum, er við mörgu mátti búast um aðdrætti á hæpnum siglingaleiðum, og verslunin að öllu leyti óviss.

En þess ber vel að gæta, að nú er ástand og aðstaða þessarar þjóðar mjög breytt frá því, er þá var. Nú eru það ekki lengur viðsjár ófriðarins, sem hjer er við að stríða, heldur afleiðingar ófriðarins, sem eru bæði margar og miklar og hljóta að kosta þjóðina mikið starf og krefja ákveðinnar stjórnmálastefnu og beinskeytts atfylgis þings og stjórnar. Atvinnuvegir þjóðarinnar hafa gengið úr skorðum og gengið af sjer, fjárhagslegt öryggi tapast, bæði inn á við og út á við, framkvæmdalíf og menning þjóðarinnar lamast og geigvænlegur atvinnu- eða stöðurígur smeygt sjer inn og náð tökum í landinu. Alt þetta er að meira og minna leyti afleiðingar stríðsins, og engum getur dulist, hvert verkefni það væri fyrir viljamikinn og viljasterkan löggjafa, með framsýna og fastlynda stjórn í broddi fylkingar, að færa það alt í lag og til betra horfs, sem nú er þannig gengið úr lagi og þarf bráðra bóta við.

En til þess að forðast málalengingar, þegar spurt er, hvort þegar hafi verið gerðar ráðstafanir til þess að kippa þessu í horf, þá get jeg fyrir mitt leyti svarað því afdráttarlaust og sagt n e i. Landsstjórnin, sem bæði þing og þjóð verður að gera þær kröfur til, að hún beitist fyrir því, er þjóðfjelagið varðar mestu í það og það sinn, hefir nú á síðustu og verstu tímum vanrækt eða gegnt slælega þeirri skyldu sinni í flestum atriðum. Syndir hennar liggja því að mestu leyti í vanrækslu á að reyna að gera það, sem nauðsynlegt var, til að afstýra ýmsu því, er jeg hefi talið sem yfirvofandi hættu.

Í þessum efnum vil jeg þá fyrst nefna til aðgerðaleysi fjármálastjórnarinnar um peningamál landsins. Það er öllum fullkunnugt, hvernig þeim málum er komið: Lánstraust og fjármála- og viðskiftavirðing Íslands erlendis lamað og eyðilagt til þess skaða og háska, sem best er að eyða ekki orðum að hver gæti orðið, þar sem þessi málefni, er hafa auglýst sig með greiðsluþrotum á löglegum kröfum, er átt hafa að sendast til útlanda, og vandræðaástandi, sem höfuðseðlabanki landsins hefir komist í utan lands og innan, eru nú

búin að haldast nokkuð lengi í þessu niðurlægingarhorfi, án þess sagt verði, að fjármálastjórn landsins hafi hreyft hönd nje fót til að kippa í lag, þrátt fyrir tvímælalausa skyldu hennar sem yfirstjórn fjármálanna og bankanna í landinu.

Jeg mótmæli því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að ekki mætti ræða um fjárhagsástand landsins hjer í deildinni eða kveða fast að um þá niðurlægingu, sem fjármálin væru í utan lands og innan. Það eru einmitt þessi mál, sem þarf að taka föstum tökum, og að ætla að banda slíkum umræðum frá með því að tala um alment velsæmi, þegar þeir reikningar eru til uppgerðar, og vilja þannig eyða umræðunum, er ósæmandi hæstv. fjármálaráðherra (M. G.). Frammistaða og vanræksla stjórnarinnar í þessum efnum hlýtur að verða henni til dómsáfellis.

Það geta varla verið skiftar skoðanir um það, að þegar tók fyrir greiðsluráð Íslandsbanka á kröfum til útlanda, og þegar seðlar hans voru erlendis auglýstir óinnleysanlegir, og þjóðin með öllu þessu fjekk hálfgerðan eða, mjer liggur við að segja, algerðan gjaldþrotasvip gagnvart umheiminum, þá var það sjálfsögð skylda landsstjórnarinnar að bregðast fljótt og vasklega við og gera alt sitt til að stemma á að ósi og koma þessu í rjett horf hið fyrsta. En eigi veit maður til þess, að fjármálastjórnin hafi í rauninni gert neitt til að bæta úr þessum ófögnuði. Og er hið óbreytta ástand, sem mun að mestu enn ríkja í peningamálunum, ljóst vitni þess. Landsstjórnin er yfirstjórn bankanna og ber á hverri stundu skylda til að vaka yfir fjárhagslegu velsæmi þjóðarinnar og hreinum og öruggum viðskiftum við önnur ríki. Í þessum efnum hefir stjórnin því brugðist skyldu sinni, og henni ábyrgðarmikilli. Þótt fjármálastjórnin kynni nú að vilja segja sem svo, að hún hefði að einhverju leyti reynt að bæta eða bætt úr þessum fjárhagsvoða, þá er það þýðingarlaust, því annars vegar hefir hún játast undir þá stefnu í fjármálum, er sannar best, að stjórnin hefir látið það ógert, er átti að gera, og hins vegar sker óbreytt reynsla best úr því, að alt er ólagað í þessum málum.

Vanrækslusakir stjórnarinnar liggja þá fyrst og fremst í því, að hún hefir annars vegar látið seðlabankanum, að því er best verður sjeð, óátalið haldast það uppi að brjóta í bág við lagaskyldur sínar við þjóðina, er hann hætti að yfirfæra nauðsynlegar fjárhæðir, og kemur jafnframt háskalegu óorði á fjármál landsins, og hins vegar hefir stjórnin vanrækt það eina úrræði, sem að öðru leyti sýndist tiltækilegt til að komast út úr ógöngunum, og það var að gera sitt ítrasta til að tryggja landinu lánsfje, og það sem ríflegast, er til mætti taka, er í nauðir ræki, og reyna með því að koma í veg fyrir það, að þjóðin gæti nokkru sinni staðið ráðþrota fjárhagslega, hvað sem fyrir kynni að koma í viðskiftum við þá lánardrotna, sem fyrir voru, og með tilliti til starfa og úrræða landsmanna að öðru leyti. Það hafa engin rjettmæt rök verið færð fyrir því t. d., að Ísland hefði eigi, eins og ýms nágrannalönd, fengið sinn bróðurpart í lántöku hjá Ameríkumönnum, ef laginn og kunnugur maður hefði verið látinn leita þess með festu og alvöru. En það er nú svo langt frá því, að þetta hafi verið gert, eða eigi að gera, að fjármálaráðherra (M. G.) hefir lýst yfir því sem sinni stjórnmálastefnu, að lán eigi yfirleitt ekki að

taka. Ef um lántöku er að ræða, sjer hann alstaðar ljón á veginum. Hann skiftir þeim í ýmsa flokka, eftir því, í hverskonar augnamiði þau skuli takast, og niðurstaðan verður ávalt hin sama: ekki taka lán. Jafnvel hagstætt peningagengi í sambandi við lántöku hjá öðru ríki er illa fallið til lántöku, að hans skoðun, því þá er um spekúlationslán að ræða, en það er einn fordæmingaflokkurinn hjá hæstv. fjrh. (M. G.) í fjármálaræðu hans í byrjun þessa þings. Annars er það þess vert, að því sje veitt athygli, hvað hæstv. fjrh. (M. G.) hefir látið í ljós hjer á Alþingi um lántökuaðstöðu sína í Danmerkurför hans á síðastliðnu hausti. Hann lætur þess getið, að ekki einungis honum hafi þótt óþarft eða órjett að taka eða leita láns í þeirri för, heldur hafi bankastjórar, sinn frá hvorum bankanum hjer, er þá voru báðir staddir í Danmörku, verið sjer sammála um þetta atriði, að ekki hafi verið, eins og á stóð, tilefni til lántöku. Þetta verð jeg að segja, að sje mjög merkileg yfirlýsing af hálfu hæstv. fjrh. (M. G.). Mönnum mun kunnugt um það, að þegar þessu fór fram í Kaupmannahöfn, var fyrir þó nokkuð löngu komin hin mesta óreiða á yfirfærslu Íslandsbanka og afstöðu hans til viðskiftabankans. Þá var það meðal annars komið fram, að hátt upp í miljón króna ávísun bankans til handa landssjóði og greiðslu í Kaupmannahöfn var synjað innlausnar. Og fyrir sama tíma var vitanlegt, að margar löglegar yfirfærslur hjeðan, er bankinn átti að annast, bæði til Danmerkur og fleiri nálægra landa, voru komnar í strand af getuleysi hans. Mjer er spurn: Hvernig í ósköpunum gat Íslandsbankastjóri undir þessum kringumstæðum haldið því fram, að ekki væri ástæða til lántöku? Það er svo ósennilegt, að jeg trúi því ekki fyr en jeg tek á, að maður með rjettu ráði, — og jeg verð að gera ráð fyrir, að svo hafi verið, — haldi slíku fram. Og þótt svo hefði verið, var það tvímælalaus skylda fjrh. (M. G.), sem yfirmanns bankanna, að hafa vit fyrir þeim, ef svo hefði verið ástatt fyrir einum bankastjóranna, að hann vissi ekki, hvað til síns friðar heyrði. Sá fjármálaráðherra, er þessu hefir farið fram, má ekki gegna svo þýðingarmiklu embætti. Þeir þingmenn, sem vilja bera í bætifláka fyrir slíka fjármálastjórn, eru sannarlega brjóstheilir.

Það, sem hefir auðkent flesta mikla menn, sem þessi þjóð hefir eignast, er það, sem þeir h a f a g e r t eða v i l j a ð g e r a, í trausti þess, að hjer sje góð þjóð og gott land, sem launi það, sem því er vel gert. Nú er bæði þjóð og land í niðurníðslu og órækt, og þarf þess við, að allir góðir menn hjálpist til að bæta það, sem aflaga fer. Til þess þarf bjartsýni, trú og framsýni. Í þessari endurbótastarfsemi þurfa fulltrúar þjóðarinnar meðal annars að kosta kapps um að ráða þá eina til forystu um fjármál sín, sem gæddir eru þessum kostum. Það er í gamni haft eftir manni, er eitt sinn átti sæti á Alþingi, að hann hafi yfirleitt tjáð sig mótfallinn fátæktinni. Á líkan hátt mætti segja um núverandi fjrh. (M. G.), að hann sje mótfallinn því að taka lán eða skulda. Það væri auðvitað best, að allir væru svo efnum búnir, að hvorki þektist fátækt nje skuldir. En þessu er ekki að fagna. Þess vegna á hver einstaklingur og öll þjóðin að kappkosta að varðveita lánstraust sitt og fara vel með það, til þess að geta þeim mun betur

gripið til þess þegar mikið liggur við, og þakka fyrir að fá lánað til þarfa sinna eða til þess, er þeir vilja leggja í sölurnar til nytsamlegra framkvæmda eða menningarbóta. Lengra má það ekki ná. Hófsamleg sparneytni er jafnprýðileg í fari þings og stjórnar sem búraskapurinn er auðvirðilegur í vanræktu þjóðfjelagi.

Þýðingarmesti þátturinn í stjórn þessa lands nú á tímum er meðferð fjármálanna, og með hverjum deginum, sem líður, gerast þau ávalt ábyrgðarmeiri, og jeg hefi ekki leynt því, að ógeð mitt og vantraust til núverandi stjórnar á mest rætur sínar að rekja til fjármálastjórnarinnar, ekki athafna hennar, heldur athafnaleysis, ekki hvernig hún hefir rækt starf sitt, heldur hvernig hún hefir vanrækt það.

Þetta tómlæti, stefnuleysi og athafnaleysi stjórnarinnar kemur ekki einungis fram í meðferð hennar á fjármálunum, heldur og á ýmsum öðrum sviðum.

Það er að vísu svo, að stjórnin getur varla þakkað þjóð nje þingi fyrir að hafa lagt mikilsverð mál upp í fang hennar til þess að flytja þau og berjast fyrir þeim. En því síður getur þjóðin og þingið þakkað stjórninni fyrir að hafa handsamað einhverjar hugsjónir og boðist til að standa og falla eftir því, hvort henni má takast að bera þær fram í veruleikann. Stjórnin hefir tapað sjálfstæði sínu gagnvart þinginu, og þingið hefir tapað sjálfstæði sínu gagnvart stjórninni. Hin stjórnarfarslega ábyrgð er á sífeldum flótta frá einum ráðherranum til annars, og hin pólitiska ábyrgð er á vergangi milli þings og stjórnar. Alt orkar tvímæla, og í stað fastra ákvarðana og yfirlýsts vilja af hálfu stjórnarinnar í viðskiftum við þingið minnir hún mjög á sögnina um vjefrjettina í Delfi, þar sem hinn slóttugi helgitrúður kvað tvíræð orð, sem á eftir mátti færa heim á marga vegu, eftir því sem á þurfti að halda.

Af öllu þessu leiðir pólitisk spilling, sem þarf að koma í veg fyrir. Það þarf að breyta um bæjarbrag á þessu stóra heimili, og það verður naumast gert nema með því að breyta um húsbændur. Og það verður að fara fyrir hæstv. ráðherrum í þessu efni eins og stundum á sjer stað um hjón, að hvort verður að gjalda misgerða hins, ef þau hafa ekki borið gæfu til að slíta samvistum áður en í ilt var komið. Þetta veit jeg að er hæstv. ráðherrum nægileg skýring frá minni hálfu um sameiginlega afstöðu mína til þeirra allra.

Það er annað en skemtilegt að vera á þennan hátt að amast við mönnum, sem engin ástæða er til að ætla að vilji annað en gott eitt og manni er vel til á ýmsa lund. En hjer eiga við ummæli Jóns Sigurðssonar, er hann ræðir um orsakir til þess, hve menn hafi ilt lag á að koma sjer saman, og segir, að komi „af því, að svo fáir geti rakið mál til fullnustu og leitt fyrir sjónir grundvallarástæður þess og þau atriði, sem mest ríður á. En þegar það verður ekki gert, lendir alt í jagi um eitthvert einstakt atriði, sem oftlega er minst í varið, en aðalmálið verður á hakanum.“

Ef hið háa Alþingi vildi gera sjer ljósar grundvallarástæður þess máls, sem hjer er til umræðu, þá mundi ekki lenda í því jagi um aukaatriðin, sem þessu máli, eins óg svo mörgum öðrum þingmálum, er spilt með.

Hjer skiftir það alls ekki máli t. d., hvort lagafrv. þau, er stjórnin á nú fyrir þinginu og henni getur ekki verið svo sárt um, ef að vanda lætur,

standa eða falla. Er það stjórnarfrv., — þ. e. korneinkasalan, — er helst hafði á sjer nokkurt stefnubragð, nú þegar svæft í hv. Ed., svo að þar er ekki eftir neinu að bíða. Og hin stjórnarfrv., sem helst lúta að auknu og breyttu skattamati, þar sem ekki er öðru að að hverfa en þverrandi tekjustofnum af verðföllnum eignum, eru engan veginn þess eðlis, að stjórnin geti fleytt sjer á þeim fram af þessu þingi. Ekki er það heldur lítilfjörleg breyting á kosningalögunum, og ekki utanríkismálin, sem allir eru sammála um, ekki hvað lánin eigi að heita, sem tekin eru til viðreisnar atvinnuvegum þjóðarinnar.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að mikilsvert væri, að gott samkomulag væri milli stjórnarinnar og þingsins. Hún þyrfti að fá að vinna verk sín í friði, ef hún ætti að koma einhverju til leiðar. En það er undir því komið, hvort stjórnin beitir sjer fyrir nokkrum þjóðþrifamálum og styður atvinnuvegi landsins, hvort hún verðskuldar gott samkomulag eða ekki. **(Atvrh. P. J.:** En nýja stjórnin). Já, nýja stjórnin á einmitt að gera þetta. Ef þingið er óánægt með núverandi stjórn, þá á það að skifta um stjórn, þar til hæfir menn fást í ráðherraembættin. „Leitið, og þjer munuð finna", stendur þar. Og í þessu sambandi má minna á það, sem Jón Sigurðsson sagði, sem sumir af þeim, sem hjer eru inni, hafa lesið: „En ef hugur þjóðarinnar er gagnsýrður af einhverju máli, þá mun aldrei vanta foringja til að bera það mál fram til sigurs." Við vitum, að þjóðin á og hefir átt jarðir, þjóðjarðir, og hún hefir sett landsetum sínum reglur til að fara eftir, og lagt við útbygging, ef út af er brugðið. Það er grundvallaratriði að gera sjer glögga grein þess, hvort ráðherrarnir hafi fremur trygt sjer eða fyrirgert ábúð á þjóðjörðinni, sem þeim var bygð. Jeg held því fram, að þeir hafi ekki setið jörðina betur en svo, að þeir hafi brotið af sjer ábúðarrjettinn, samkvæmt hinum óskrifuðu lagareglum þjóðarinnar um bygging og ábúð þeirrar jarðar. Á það og ekkert annað að ráða úrslitum, er hv. deild sker nú úr um þetta mál.

Fjármálaráðherra (M. G.): Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) hefir nú lesið upp ræðu hjer í deildinni, sem tók fullan klukkutíma. **(E. E.:** Hann talaði heldur ekki um aukaatriðin). Það getur nú verið álitamál um það; að minsta kosti fanst mjer inngangurinn um sambandsmálið 1908, bannlögin og fleira ekki koma þessu máli við, og tók þessi lestur hans alt að fjórðungi stundar. Annars var öll ræða hans útþynning af því, sem flotið hafði áður frá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), og það er einkennilegt um þennan þm. (E. E.), hvað honum er lagið að halda langar ræður og spinna lopann um ekki neitt.

Hv. þm. (E. E.) hjelt því fram, að jeg væri yfirmaður bankanna. Þetta er alveg ný kenning. Það er ekki jeg, sem hefi um bankamálin að fjalla, það er hæstv. atvrh. (P. J.). **(E. E.:** Fjármálaráðherra var útsendarinn). Já, hann fór með frv. á konungsfund til staðfestingar.

En það er ekki rjett, að stjórnin geti skipað Íslandsbanka að gera þetta eða hitt, eins og hv. þm. (E. E.) hjelt fram. **(E. E.:** Ekki rjett haft eftir). Jú, það er rjett haft eftir; það er ekki til neins fyrir þm. (E. E.) að segja

það, sem hann getur ekki staðið við á eftir.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) talaði annars um marga merkilega hluti, þó að ekki væri gott að ráða í sumt af því, sem hann sagði.

Hann hjelt því fram, meðal annars, að stjórnin hefði ekki átt að líða Íslandsbanka það, að yfirfæra ekki greiðslur þær, sem hann er bundinn við, samkvæmt lögum. Nú líta allir lögfræðingar svo á, nema þá hv. 1. þm. Árn. (E. E.), að ekki sje hægt að heimta af bankanum þessar yfirfærslur, nema bankinn hafi erlendis fje inni standandi, sem hann geti vísað á. Og það hafði bankinn ekki, en hann bjóst við, að fram úr því myndi rakna áður en langt um liði.

Þeir hafa gaman af því, hv. 1. þm. Árn. (E. E.) og hv. 1. þm Rang. (Gunn. S.), að segja það hjer í deildinni, að jeg vilji ekki taka lán. Þeir halda víst, að þetta gangi betur í fólkið heldur en alt annað. Þeir um það, en þeir slíta þetta út úr rjettu sambandi. Jeg hefi aldrei sagt, að stjórnin ætli ekki eða vildi ekki taka lán. Þvert á móti. Jeg hefi talið rjett og sjálfsagt að taka lán til nauðsynlegra viðskifta, en ekki fyr en í ítrustu nauðsyn. En það hefi jeg sagt, að stjórnin eigi ekki og vilji ekki heldur taka lán handa Pjetri og Páli til þess að spekúlera með. Og jeg hefi líka sagt, að stjórnin væri fús á að hjálpa bönkunum að taka lán þegar þeir óska þess.

Þá efaðist hv. sami þm. (E. E.) um það, að jeg færi rjett með, er jeg skýrði frá því, hvað gerst hafði á fundi þeim, sem jeg átti með bankastjórum okkar í Höfn. En jeg hefi vitni að því, þótt jeg geti ekki kallað þau hjer fram í deildinni, að jeg hefi skýrt rjett frá öllu, er okkur fór þar á milli.

Annars skil jeg ekki, hvers vegna hv. 1. þm. Árn. (E. E.) hefir ekki komið fram með vantraustsyfirlýsingu á mig einan. Það eru aðeins mínar syndir, sem hann sjer. Hví vill hann þá hengja bakarann fyrir smiðinn?

Sami hv. þm. (E. E.) mintist á landbúnaðinn, og sneri sjer þá, sem eðlilegt var, að ástandinu austanfjalls. Og það er ekki glæsilegt, eftir því sem honum fórust orð. Hann sagði, að búið væri að snúa að hálsi bænda þriggja og sex mánaða hengingarvíxlum, sem hann ætlar víst sjálfur að sjá um að dugi, því hann er bankastjóri þar eystra, eins og kunnugt er.

Eitt var það, sem mjer þótti þó undarlegast, þegar hann var að lesa yfir okkur, að Alþingi hefði tapað sjálfstæði sínu gagnvart stjórninni. Það er ofvaxið mínum skilningi að vita, hvað hann meinar þar. (E. E.: Því get jeg vel trúað). Já, þá þarf ekki framar vitnanna við, úr því þm. (E. E.) þykir sjálfum trúlegt, að enginn skilji hvað hann meinar. En þegar hann fór að „citera“ Jón Sigurðsson, þá skil jeg, hvað hann fer; hann metur sig líkan honum. (E. E.: Það viljum við allir, eða vill hæstv. fjrh. (M. G.) það ekki,). Nei, jeg tel hv. þm. (E. E.) gerólíkan honum.

Sami hv. þm. (E. E.) kveðst ekki heldur hafa sjeð, að stjórnin hefði nein hugsjónamál að beitast fyrir, og að hún komi ekki auga á nein slík mál. Um skattamálin fórust honum þau orð, að þar væri stjórnin að narta utan úr atvinnuvegum, sem væru að þrotum komnir. Jeg verð nú að segja, að þetta er nokkuð djarflega mælt, þegar á það

er litið, að hjer er um heilt skattakerfi að ræða, eins og jeg hefi margsinnis tekið fram, og því næsta undarlegt að bregða þeirri stjórn um vanrækslu og hugsjónaleysi, sem undirbúið hefir slíkt mál og lagt það fyrir þingið.

Eitt það, sem hv. sami þm. (E. E.) taldi mjer til saka, var það, að jeg vildi ekki hjer á Alþingi láta ræða um það, að lánstraust okkar væri erlendis að þrotum komið. Jeg endurtek það, að það er með öllu ósæmilegt að fara þeim orðum um lánstraust okkar, eins og hann og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) gerðu,og því fremur er það ósæmilegt af því, að þeir geta á engan hátt fundið orðum sínum stað. Og þótt þeir gætu það og þetta væri satt, þá er framkoma þeirra samt á engan hátt verjandi.(**Gunn. S.**: Einkennileg sönnun). Jeg skal, ef hv. þm. (Gunn. S.) óskar þess, sanna það á marga vegu. (**Gunn. S.**: Hvernig er það hægt?). Þm. (Gunn. S.) ætti að vita, hvernig hægt er að sanna staðreyndir, þar sem hann er að nafni til lögfræðingur. Annars er það sannað með nýafstöðnum lántökum, að lánstraustið er ekki farið.

Annars sje jeg enga ástæðu til þess að svara lestri hv. 1. þm. Árn. (E. E.) frekar. Hann var að því leyti líkur húslestri eða stólræðu, að þar var alt upp lesið, og jeg verð að bæta því við, að jeg gat ekki fundið neitt púður í þessum reiðilestri hans.

Þórarinn Jónsson: Jeg var að hugsa um fyrir stundu síðan að kveðja mjer hljóðs og gat þess við forseta, þó með lítt ráðnum huga, því umr. hafa nú snúist þann veg, að ilt er að festa hönd á atriðum þeim, sem færð eru stjórninni til sekta.

Jeg leit svo á í öndverðu, þegar þessi till. hv. þm. Dala. (B. J.) var komin inn í deildina, að hún myndi á sínum tíma verða til einhverrar skemtunar, og jeg sannfærðist um, að það hefði verið rjett ályktað, þegar jeg var búinn að hlusta á framsöguræðu hv. þm. Dala. (B. J.). Því aðalásakanir sínar á stjórnina var hann búinn að ræða um áður í ýmsum samböndum, og hann lýsti yfir því, að tilgangur sinn væri annaðhvort að fella stjórnina eða tryggja hana í sessi, og jeg get ekki orða bundist um það, að rök hans fyrir því, að stjórnin ætti að fara, fundust mjer æðiveigalítil.

Svo hafa aðrir, sem till. þessa eiga að bera uppi, haldið hrókaræður henni til varnar og bannsungið stjórnina. Það eru þeir austanmennirnir, hv. 1. þm. Árn. (E. E.) og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), og neyðist maður þá til að hugsa á þá leið, að þeir sjeu til þessa kjörnir af flokki þeim, sem skipa á næstu stjórn, og að þeir sjeu skærustu ljósin, sem skína eigi í þessum framtíðarflokki.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) telur alt ólag á atvinnuvegum þjóðarinnar stjórninni að kenna, og var það ekkert smáræði, sem hann taldi upp. Hann vildi kenna stjórninni um hengingarvíxla þá, sem mjer skildist þó, að hann að einhverju leyti hefði átt sinn þátt í að snúa að hálsi bændanna austanfjalls. Og honum varð skrafdrjúgt um það, sem þm. eru nú farnir að kalla „lánleysi stjórnarinnar“, og þykir mjer þá hlýða að snúa mjer að þeirri hlið vantraustsins.

Það er langt síðan blöðin básúnuðu það út um alt land, að við ættum að taka lán; stjórnin ætti að taka lán handa bönkunum og bankarnir að lána það aftur einstaklingunum. Og fjármálastjórninni er talin það dauðasök að hafa ekki gert þetta. Jeg býst nú við,

að þessu sje fremur haldið fram vegna þess, að þetta og því um líkt gengur svo vel í fólkið, heldur en hitt, að taka eigi lán til atvinnuvega þeirra, sem atvinnurekendurnir sjálfir viðurkenna að ekki geti borið sig, eins og fjöldamörg dæmi sýna og sanna.

Af hverju er hagur Íslandsbanka sá, sem raun ber vitni um? Af því, að hann hefir lánað til óvissra fyrirtækja, í hreinni og beinni vitleysu. Hann hefir lánað mönnum fje sitt til þess að tapa, og bætt svo við, til þess að þeir hinir sömu menn gætu haldið áfram að tapa. Er nú nokkurt vit í slíku? Þarna er fordæmið, sem þessir hv. þingmenn halda svo mjög á lofti og lasta stjórnina fyrir að hafa ekki fylgt.

Jeg tel ekki einhlítt fyrir Íslendinga að fara utan, þegar alt er komið í kalda kol, og segja við heiminn: Okkur er óhætt, við höfum fjármálaspekinga heima í okkar landi, sem bjarga okkur, svo sem hv. 1. þm. Árn. (E. E.) og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) og hv. þm. Dala. (B. J.). (**B. J.**: Og hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.). Nei, hann er alls ekki með í þeim flokki.

Útgerðarmennirnir sjá nú, að ekki er lengur hægt að halda þessa braut, og þess vegna hafa þeir dregið seglin saman og bundið skip sín við landfestar. Þeir þekkja ekki þá bjargarleið út úr öngþveitinu að taka nýtt lán til þess að tapa á því líka.

Og það er lítið við það unnið að stofna ríkinu í nýjar skuldir, bara til þess, að menn, eins og þessir hv. þm., sem jeg nefndi, reki sig á. Ríkið hefir þegar nóg á sinni lánskönnu. Þess vegna get jeg ekki fylgt þeim mönnum að málum, sem segja, að stjórnin eigi að taka lán handa mönnum, sem gert hafa einhverja vitleysu. Stjórnin á ekki að trúa fjármálaafglöpum eða vitfirringum á því sviði fyrir fje sínu.

Við getum litið til baka í fjármálasögu þessa lands. Þar er margan mætan mann að finna, sem með gætni sinni og viti rjeð fram úr mörgum vanda og voru fastir fyrir. Einn af þeim var Magnús Stephensen landshöfðingi. Engan ljet hann snúa sjer frá því að fara varlega og spara landsins fje. Enginn mun þó telja, að hann hafi verið hættulegur fjármálum þessa lands. Menn hafa verið að metast um það, hverjir sjeu að setja landið á hausinn, sparnaðarmennirnir, þeir, sem varlega vilja fara, eða hinir. Við höfum vitanlega ekki annað en spádóma þeirra manna, sem halda því fram, að öllu hafi mátt bjarga með lántökum stjórnarinnar. En þó vitum við, eins og jeg hefi þegar tekið fram, að allur atvinnurekstur gerist ekki nema með tapi á tap ofan, og eru þá spádómarnir lítilvægir.

Hitt er vitanlegt, að stjórninni ber skylda til að standa ekki í vegi fyrir því, að sú atvinna fari fram, er til endurbóta horfir og hagnaðar, og taki lán til þess, ef ástæða þykir til og til framtíðarhagsælda er stofnað. En það er alt annað en taka lán og veita fje til þess, sem nú á sjer stað með sjávarútveginn, þar eð því fje er vissulega kastað í sjóinn.

Jeg get nú búist við, að þeir telji þessa skoðun mína ekki mikla speki, fjármálavitringarnir hjer í deildinni, sem altaf eru að klifa á „lánleysi stjórnarinnar". Þeir um það. Framtíðin sýnir okkur ef til vill, hvor skoðunin er haldbetri.

Þá er það sú hlið þessarar vantraustsyfirlýsingar, sem veit að þinginu sjálfu. Eins og nú stendur, er flokkaskifting þingsins mjög á reiki. Það má segja svo,

að enginn samstæður flokkur sje til í því. Sumir eru mikið að leysast upp, aðrir að nafninu til að myndast og draga að sjer, en alstaðar er sundrungin því valdandi, að þetta hefir ekki tekist til neinna muna. Og þótt menn vilji kalla sig framsóknarmenn eða íhaldsmenn, þá er þetta aðeins á pappírnum, og fjarstæðum skoðunum ægir saman.

Það er að vísu einn flokkur, sem heldur nokkurn veginn saman, þversumflokkurinn svo nefndi. En hvort það getur heitið stefna að vera altaf og alstaðar þversum, það læt jeg ósagt, enda er nú farið að kvarnast utan úr þessum flokki.

Það er að vísu eðlilegt, að flokkar leysist upp, sem búnir eru að framkvæma hugsjónir sínar, eða búnir að koma ákveðnum stórmálum, sem þeir hafa sameinast um, í höfn. En um þau stórmál, sem standa nú fyrir dyrum, hafa menn ekkert flokkað sig. Menn hafa ekki heldur skifst eftir því, hvort menn eru í raun og sannleika framfaramenn eða afturhaldsmenn. Meðal framsóknarmanna eru íhaldsmenn, og meðal annara bandamanna eða bandingja, sem væri má ske betra nafn, eru líklega menn með öllum mögulegum og kann ske ómögulegum stjórnmálaskoðunum.

Þessi þingsályktunartill., sem liggur hjer fyrir, gefur því efni til nýrrar flokkaskipunar, þannig að vera með eða móti stjórninni. Og mjer skilst, að þeir, sem nú ætla að byggja upp þinglegan framtíðarmeirihluta, hugsi sjer að taka sinn grautarkökkinn úr hverju fatinu og mynda með því flokk, sem steypa á stjórninni af stóli. En það skil jeg ekki, að slíkur grautur geti nokkru sinni orðið mannamatur.

Sá, sem ber einhverja ábyrgðartilfinningu í brjósti fyrir störfum og gerðum þingsins, hann fleygir ekki svona till. inn á þingið, vanhugsaðri eða illa hugsaðri. En það er öllum ljóst, hversu djúp spor slíkar till. marka í störf þingsins og álit þess út á við til þjóðarinnar.

Þessi till. markar þannig spor í störf þingsins, að það er ekki einasta, að hún taki mjög upp dýrmætan tíma þess, heldur getur hún einnig fjarlægt samúð ýmsra til þess að vinna að þeim stórmálum, sem liggja fyrir.

Hvað snertir álit þjóðarinnar á þinginu, þá hlýtur von þjóðarinnar og krafa til þingsins að byggjast á því, að alt, sem það framkvæmir, bæti núverandi ástand, eða sje til frambúðar og bygt á rjettum grundvelli. Og mjer blandast ekki hugur um, og það get jeg undirskrifað, að fyrir þinginu núna liggja mörg stórmál frá stjórnarinnar hendi, sem bæði vit og eindrægni þurfa að skipast um.

Það, að fá nú stjórnarskifti, aðeins til þess að koma að einhverjum mönnum, ef til vill mikið lakari en þeim, sem nú eru í stjórninni, með enn þá grautarlegri og sundurlausari stuðningi, með allsendis óákveðnum stefnum í stórmálum þjóðarinnar, það er á hæsta stigi lítilsvirðing á þjóðinni, vilja hennar og framtíð. Hún krefst þess fortakslaust, að þegar þingið skiftir um stjórn, þá sje það gert til endurbótar, en ekki til hins verra. Tíð stjórnarskifti út í bláinn, án þess að nokkrar stoðir falli þar undir, sem í framtíðinni eigi að bera uppi betra skipulag, betri samvinnu og betri skilning á störfum þingsins, þau geta verið háski og alt of dýr skemtun fyrir þá, sem geta gert sjer það að gamni.

Þau mál, er fyrir þessu þingi liggja, hljóta að skifta mönnum í flokka; það

eru slík stórmál. Það er að mínum dómi heppileg flokkaskifting, og ein rjett. Og það er þá fyrst, eftir að sú flokkaskifting er komin á og meiri hluti fenginn, að hann getur sett stjórninni stólinn fyrir dyrnar og steypt henni úr völdum, ef hún ekki vill framkvæma vilja þess meiri hluta.

Annars er það nú svo um landsstjórnir, að þær eru eins og þingin skapa þær. Og við sköpum stjórnina ekki síst með því, hvernig við búum við hana. Við fáum aldrei góða stjórn, ef við krefjumst of mikils af henni og lítum aldrei rjettlátlega á alla aðstöðu, en hins vegar getum við gert góða stjórn úr ljelegri með því, að þingið leiðbeini henni og gefi henni góð ráð og bendingar. Þannig er það, að við búum til stjórnina sjálfir.

Jeg efast ekki um, að sú stjórn, sem nú situr, hafi eins mikla hæfileika og sú komandi. Jeg sje, að hv. þm. Dala. (B. J.) brosir. En það er ekki nóg að geta nefnt nöfn, sem honum þykja góð; menn þurfa alment að hafa traust á þeim nöfnum. Og það mætti setja fót fyrir þá menn í stjórnarsessi, eins og aðra, og ekkert síður.

Jeg fæ ekki sjeð, að það sje rjett á neina hlið að samþykkja vantraust á stjórnina, eins og nú standa allar sakir. Auðvitað má eitthvað að henni finna, eins og öllum, en þar með verður ekki sagt, að betra fáist í staðinn.

Þegar jeg því lít á þessar þrjár hliðar, þá, sem að stjórninni veit, þá, sem að þinginu veit, og þá, sem að þjóðinni veit, þá sje jeg ekki annað en þessi vantrauststill. sje bæði ópólitisk og óþingleg.

Gunnar Sigurðsson: Jeg sný mjer fyrst að hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.). Hann ásakar mig mjög fyrir það að vilja reyna að komast út úr þeim ógöngum, er þessir síðustu og verstu tímar, með tilstyrk stjórnarinnar, hafa komið okkur í, með því að taka lán erlendis til þess að bjarga við atvinnuvegum landsins. En jeg spyr: Hvað vill þá þessi hv. þm. (Þór. J.) gera?

Skuldirnar erlendis er ekki hægt að greiða sökum gjaldeyrisskorts. Atvinnuvegirnir eru í hruni vegna þess, að ekki er fje til í landinu. Það ætti því að vera hverjum manni ljóst, að það er eina úrræðið, eins og nú er komið, að taka lán. Og hæstv. fjrh. (M. G.) neitar því ekki, að það sje hægt. En hann vill ekki gera það.

Jeg ætlast ekki til þess, eins og hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) var að halda fram, að meining okkar, sem sjáum lánsþörfina, væri að halda öllu uppi með láninu, hversu óheilbrigt sem það væri. Það er fjarri því. (**Þór. J.**: Hverju á að halda við?). Atvinnuvegum landsins. Því ef það er ekki gert, þá er út í það öngþveiti komið, sem engin leið er að sleppa úr. Og eins og áður hefir verið tekið fram af mjer og öðrum, þá þarf lán til að frelsa þjóðina frá beinu gjaldþroti.

Jeg er sammála þessum hv. þm. (Þór. J.) um, að rjett sje að fara varlega og gætilega í lántökurnar.

Það eru mörg stórmál, er fyrir þessu þingi liggja, en hitt er og víst, að stærstu málin eru peninga- og bankamál landsins. Það er málið, sem öll velferð þessa lands er undir komin.

Þá ætla jeg að svara hæstv. fjrh. (M. G.) nokkrum orðum. Hann sagði, að jeg teldi það aðalsökina á sig, að hann tók ekki lán. Jeg tel það líka aðalsökina, og það er ekki skoðun mín eingöngu, heldur ríkti sú skoðun um alt

land, að minsta kosti alt Suðurland, að sjálfsagt hefði verið að taka lán. Blöðin hafa einnig verið öll sammála um þetta, nema eitt.

Þá kem jeg að gjaldþrotinu, sem hæstv. fjrh. (M. G.) vildi gera sjer svo mikinn mat úr. Hann sagði, að hægt væri að fá lán, og það væri búið að fá lán. En þótt svo sje, þá má þó spila þannig spilunum, að til gjaldþrots leiði, með því að vera of smátækur. Og jeg fæ ekki sjeð, að það sje óhæfa, þótt á Alþingi sje reynt að sporna við gjaldþroti landsins, sem er óhjákvæmilegt, ef ekki er hafist handa og tekið gjaldeyrislán.

Hæstv. fjrh. (M. G.) varði sig með því, að jeg hefði sagt, að markaðsbreytingar væru ófyrirsjáanlegar. Þau orð mín sleit hann að vísu út úr sambandi. Honum er hjer að vísu nokkur vorkunn, en þó breytir það í engu aðalatriðunum. Það var sýnilegt hverjum manni, að brýn þörf var fyrir lánið, þar sem það var ljóst þegar í sumar. T. d. gaf annar bankinn út ávísanir, sem ekki voru greiddar.

Hæstv. fjrh. (M. G.) mintist enn á það, hvílík dauðasynd það væri að taka spekúlationslán. Það má vel vera, að hann geti sagt Skagfirðingum það, að verra sje að taka bráðnauðsynlegt lán fyrir það, að fyrirsjáanlegt er, að gróði verður á gengismun. En hjer á Alþingi mun vart vera hægt að bera slíkt á borð.

Þá vil jeg í þriðja sinn spyrja hæstv. fjrh. (M. G.) að því, hvernig hann hefir fengið þennan 25 miljóna yfirballance um áramót. Hann hefir ekki svarað því enn þá.

En jeg vil nú forvitnast um það, hve margir bera traust til þessarar fjármálastjórnar og yfirleitt þeirrar stjórnar, er nú situr, og því leyfi jeg mjer að bera fram þessa rökstuddu dagskrá:

„Um leið og Nd. Alþingis lýsir trausti sínu á núverandi stjórn, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Hv. deild mun það fullkunnugt, að jeg flyt ekki þá rökstuddu dagskrá, sem hjer liggur fyrir, af því, að jeg beri traust til þess, að henni takist að ráða fram úr þeim umfangsmiklu og vandráðnu stórmálum, sem nú liggja fyrir til úrlausnar.

Jeg hefi flutt dagskrána af tveimur aðalástæðum.

Í fyrsta lagi til þess að halda uppi þeirri sjálfsögðu þingræðisreglu, að stjórnin styðjist við fult fylgi meiri hluta þingsins. Í öðru lagi til þess að varna því, að Alþingi fari nú á þessum örlagaþrungnu tímum að eyða þingtímanum og fje landsins í langar umræður um vantraustið, sem búast má við að standi lengi yfir, jafnvel dögum saman.

Hvað þingræðið snertir, sem fyrir mjer er aðalatriðið, þá er það föst og sjálfsögð venja allra landsstjórna, sem styðjast við fylgi þinga, að leita traustsyfirlýsingar undir eins og þær grunar, að sig bresti fylgi. Þetta er og á að vera óhagganleg og sjálfsögð regla.

Eins og Alþingi er skipað nú, lá það í augum uppi þegar í þingbyrjun, að stjórnin átti sárlitlu trausti að fagna í þinginu, og bar henni því tvímælalaus skylda til að heimta traustsyfirlýsingu þegar í stað, eða segja af sjer að öðrum kosti. Hvorttveggja hefir hún vanrækt. Þess vegna neyðist jeg til, sem andstæðingur stjórnarinnar, að bera fram dagskrá þá, sem hjer liggur fyrir,

til þess að skýrar línur, fá vissu fyrir því, hvort hæstv. stjórn hefir traust meiri hluta deildarinnar eða ekki.

Fari nú svo, sem mig uggir, að hæstv. stjórn reynist ekki hafa traust meiri hluta deildarinnar, geng jeg að því sem gefnu, að hún segi af sjer þegar í stað, því að öðrum kosti er óhugsandi samvinna milli deildarinnar og hæstv. stjórnar, og verður til niðurdreps fyrir starfhæfi hvorrartveggja. Með þessu hugsa jeg mjer að gefa fordæmi til varnar því, að það geti nokkurn tíma framar hent Alþingi Íslendinga, að stjórn sitji í trássi við meiri hluta þess.

Hitt atriðið, að rjett sje að sporna við því, að tíma þingsins og fje landsins sje eytt til að ræða vantraust á stjórn, sem vitanlegt er um að ekki hefir traust hv. deildar, þarf engrar sjerstakrar skýringar við; það nægir að benda á öll þau vandamál, sem fyrir þinginu liggja, og verður þá fyrst fyrir mönnum fjármálaástandið.

Þá má og nefna eina ástæðu enn fyrir því, að jeg flyt margnefnda dagskrá, þá, að mjer er kunnugt um, að hjer á að koma fram „loðmullu"-tillaga, í þeim einum tilgangi, að forða mönnum frá því að greiða beint atkv. með vantrausti eða móti. Jeg vil verða fyrri til og varna þessu. Þingmenn hljóta að vera búnir að átta sig á því, hvort þeir vilja aðhyllast stjórnina eða ekki. Við, sem erum andstæðingar stjórnarinnar, heimtum þingræðisreglum fylgt. Við heimtum skýrar línur.

Jón Þorláksson: Þessi hæstv. stjórn, er nú situr, var mynduð fyrir ári síðan og hafði þá fylgi, eða hlutleysi, meiri hlutans í þinginu. Jeg var ekki á því þingi og hefi því óbundnar hendur um afstöðu til þessarar stjórnar.

Þegar nú líta skal á það, hvort rjett sje að víkja stjórninni frá með vantraustsatkvæði, þá kemur fyrst til athugunar, að þessi hæstv. stjórn hefir aðeins setið milli tveggja þinga og framkvæmt þær ráðstafanir, sem þingið í fyrra lagði fyrir hana, og ráðstafanir undanfarinna þinga, er ekki voru áður framkvæmdar.

Jeg er óánægður með margt það, sem stjórnin hefir gert, og jeg veit, að svo er og um fjölda manna. En sú óánægja beinist ekki svo mjög að því, hvernig stjórnin hefir framkvæmt vilja þingsins, heldur beinist hún að ráðstöfunum þingsins sjálfs. Það eru margir hræddir um, að opinber starfræksla sje nú orðin svo umfangsmikil og kostnaðarsöm hjer á landi, að hún muni sliga atvinnuvegina, gjaldþol þeirra beri hana ekki. En sú óánægja beinist auðvitað til þingsins, því það eru þess aðgerðir. Mörgum hrýs hugur við skuldabyrði ríkissjóðs, sem nú er um 20 miljónir kr. Og þó að margir treysti því, að landið komist klaklaust úr því feni, þar sem mikið af þessu fje stendur í fyrirtækjum, sem gefa arð, eða geta endurgreitt lánin, þá eru þó margir hræddir við það glamur, sem nú heyrist, bæði utan þings og innan, um að taka þurfi meiri lán og leggja þau í fyrirtæki, sem óvíst er um, hvort geti endurgreitt þau.

Jeg get undirstrikað það, sem hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að það væri ógætilegt að taka nú lán. Það er öllum gætnum mönnum ljóst, að vandkvæðin verða ekki læknuð með nýjum lánum til óvissra atvinnufyrirtækja. Framleiðslukostnaðurinn verður að minka áður en atvinnuvegirnir geti borið sig. Og meðan sú breyting kemst ekki í kring verðum við að draga saman seglin í atvinnuvegunum. Þetta er eina leiðin til þess

að fá aftur heilbrigðan grundvöll fyrir atvinnuvegi landsmanna. Hin leiðin er sú, að taka lán og leggja fje til atvinnuvega, sem ekki svara kostnaði, og þá er voðinn vís.

Það, sem nú einkum hefir verið veist að stjórninni fyrir, er það, að hæstv. fjrh. (M. G.) skuli ekki hafa tekið lán til þessa. En mjer finst hann hafa svarað því svo, að ekkert er þar eftir ámælisvert.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) og hv. 1. þm. Árn. (E. E.) hjeldu því fram, að stjórnin hefði átt að taka lán og troða því upp á bankana, á þeim tíma, er hvorugur bankinn vildi þiggja aðstoð stjórnarinnar til lántöku. Jeg lít nú alt öðrum augum á afstöðu stjórnarinnar til bankanna en þessir háttv. þingmenn. Skilyrðið fyrir því, að bankar geti starfað vel samkvæmt tilgangi sínum og haft traust viðskiftamannanna, er fyrst og fremst það, að slíkir bankar sjeu sem minst undirorpnir íhlutunarsemi ríkisstjórnar. Á erfiðum tímum, svo sem í styrjöldum, hefir það reynst bönkunum um allan heim hættulegast, ef ríkisstjórnirnar hafa gripið inn í þeirra starf og misbrúkað þá. Og það hafa margar ríkisstjórnir því miður gert. Það er litið svo á af fjármálamönnum heimsins yfirleitt, að bankar eigi að starfa samkvæmt grundvallarreglum viðskiftalífsins, en ekki eftir ákvörðunum, er ríkisstjórn setur eða kann að setja í það og það skiftið, jafnvel þótt það sje þingræðisstjórn.

Jeg veit, að þegar þeir hv. þm., sem kunnugir eru bankamálum og bera skyn á þau, athuga þetta rólega, þá muni þeir kannast við, að þetta sje mikilsvarðandi skilyrði fyrir því, að bankarnir geti notið nauðsynlegs trausts hjá viðskiftavinum sínum. Jeg vil því ekki áfellast stjórnina fyrir neitt afskiftaleysi í þessu, eða fyrir það, að hún misbeitti ekki valdi sínu í þessu efni. Því það hefði verið sannarleg misbeiting á valdi hennar að taka lánsfje og troða því upp á bankana, er þeir töldu sig ekki þurfa það, og treystust ekki til að ávaxta það í fyrirtækjum, er þeir teldu nægilega trygg.

Það hafa engar rjettmætar aðfinningar komið fram um það, hvernig stjórninni hafi farist framkvæmdin á ákvörðunum síðasta þings eða síðustu þinga, er talist geti svo stórvægilegar, að þær rjettlæti vantraustsatkvæði. En þá er eftir að athuga undirbúning stjórnarinnar undir löggjafarstarf þessa þings, og vík jeg að því seinna, en vil fyrst minnast á nokkur atriði í ræðu hv. þm. Dala. (B. J.).

Jeg ætla ekki að fjölyrða um það, að hann vill fara að kenna mönnum að sitja á Alþingi. Hann sagði sem sje, að þegar fylgismenn og andstæðingar stjórnar væru saman í þingflokki, þá kynnu þeir menn ekki að sitja þing. Það vill nú svo til, að á síðasta þingi gaf hann sjálfur yfirlýsingu um, að í hans eigin þingflokki væru sumir á móti stjórninni, en einn flokksmaður með henni, og þar með hefir hann þá gefið sjálfum sjer og sínum flokksbræðrum þann vitnisburð, að þeir kunni ekki að sitja þing. Þessi yfirlýsing er skjalfest í Alþingistíðindunum og má sjá hana þar. Hvers vegna hann leggur þennan dóm á sig og flokksbræður sína, geta þeir gert upp með sjer innbyrðis.

Aðfinslur hans í garð stjórnarinnar eru margar þess eðlis, að ef stjórnin hefði farið að hans ráðum, þá hugsa

jeg, að jeg mundi hafa greitt atkvæði með vantraustsyfirlýsingu til hennar. Hann kvartaði undan því, að stjórnin hefði ekki gert neitt til þess, að önnur ríki sendu hingað sendiherra. Jeg er stjórninni þakklátur fyrir það, að hún gekk ekki út á þá braut, svo að greiðari yrði gata þeirra, sem gera sjer vonir um að verða skipaðir sendiherrar fyrir Ísland hjá sömu ríkjum. Jeg get ekki heldur fallist á aðfinslu fyrir það, að stjórnin hefir ekki gert samning um myntsláttu við Noreg og Svíþjóð. Jeg held, að sú ráðagerð hefði orðið gagnslítil, því að jeg skil ekki, að síðustu árin hafi verið hjer svo mikið gull og silfur, að nokkru hefði munað að fara að slá mynt úr því.

Jeg er yfir höfuð hæstv. forsrh. (J. M.) þakklátur fyrir það, að hann vill nú ekki þiggja ráð hv. þm. Dala. (B. J.). Jeg get ekki neitað því, að um tíma rýrnaði nokkuð traust mitt á hæstv. núverandi forsætisráðherra (J. M.), einkum vegna þess, að mjer fanst skoðanir hans í sumum málum falla heldur nær skoðunum hv. þm. Dala. (B. J.) en jeg hefði kosið. En mjer þykir vænt um, að jeg get nú verið rólegri um þetta í framtíðinni.

Önnur atriði, sem hv. þm. Dala. (B. J.) bar fram, eru ámóta veigalítil og þau, sem jeg nefndi. Það eina, sem hann nefndi og nokkru varðar af þeim þingmálum, sem hæstv. stjórn hefir lagt fyrir Alþingi, er afstaða stjórnarinnar til vatnamálanna. Og kem jeg þá að annari hlið á starfsemi stjórnarinnar, þar sem er löggjafarstarfsemi hennar. Hún er nú ekki svo lítil, því að stjórnarfrv., sem lögð hafa verið fyrir þingið, munu vera nær 50 talsins. Þar á meðal eru mörg stórmál, og mjer skilst, að skoðanir hv. þm. muni skiftast um ýms þeirra, og er þá eðlilegt, að afstaða þingsins til stjórnarinnar fari eftir því, hvernig um þau mál fer. Jeg skal þar tilnefna skattalagakerfið alt. Þegar það kemur fram eftir meðferð nefndarinnar, sjest, hvaða fylgi það fær, en fyr ekki. Auk skattamálanna vil jeg nefna eitt þýðingarmikið frv., sem sjerstaklega hefir verið mitt áhugamál, sem sje frv. um rannsóknir til undirbúnings virkjunar Sogsfossanna og járnbrautarlagningar. Jeg vil telja þetta mesta framtíðarmálið, sem lagt hefir verið fyrir þetta þing. Jeg hafði ætlað að láta þetta frv. vera hið eina, sem jeg flytti af eigin hvötum inn á þetta þing. En hæstv. stjórn flytur það nú sem stjórnarfrv., og hlýtur þetta að ráða miklu um afstöðu mína til hennar.

Þessi stjórnarfrv. eru ekki komin lengra en að þau eru því nær öll í meðferð nefnda og óafgreidd af þeim, og hv. þm. því ekki haft tækifæri til að ræða þau til hlítar og ekki einu sinni mynda sjer ákveðnar skoðanir um þau, þar sem umsagnir nefndanna, er þau hafa til meðferðar, eru ókomnar fram.

Jeg hygg, að hv. þdm. geti verið mjer samdóma um það, að ekki er enn þá hægt að taka afstöðu til stjórnarinnar á grundvelli þeirra mála, sem hún hefir lagt fyrir þingið. En það ætti að vera hægt seinna á þinginu.

Af þessari ástæðu get jeg ekki sjeð, að rjett sje að samþykkja eða yfir höfuð greiða atkv. um vantraustsyfirlýsingu til stjórnarinnar nú. Þar við bætist það, að ef slík vantraustsyfirlýsing yrði samþykt og stjórnin færi frá, þá liggur fyrir þinginu að mynda nýja stjórn, og þá mundi verða sama óvissan um, hvernig ætti að skipa þá stjórn, þannig að hún yrði í samræmi við

skoðanir meiri hluta Alþingis um þau stórmál, sem fyrir þinginu liggja. Það er vitanlegt, að samtök um stjórnarmyndun hafa ekki getað farið fram, því að þm. hafa ekki getað skifst í flokka um mál þau, sem fram hafa komið, vegna þess, að þau eru órædd.

Ef dæma á eftir því, úr hvaða átt þessi tillaga er fram komin, þar sem hún er borin fram af hv. þm. Dala. (B. J.) í nafni sjálfstæðisflokksins, þá yrði að ætla, að sá flokkur væri sjálfkjörinn til forystu í myndun nýrrar stjórnar, ef til kæmi. En jeg get sagt afdráttarlaust, að þó að þeim flokki tækist með forgöngu sinni að mynda stjórn eftir sínu höfði, þá mundi jeg ekki bera jafnmikið traust til hennar eins og núverandi stjórnar, og því síður meira.

Af þessari ástæðu tel jeg rjett, að þessari fram komnu vantraustsyfirlýsingu á núverandi stjórn verði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Vil jeg því leyfa mjer að afhenda hæstv. forseta tillögu til slíkrar dagskrár, og skal jeg fyrst, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp.

> **„Þingdeildin álítur, að afstaða til núverandi stjórnar og samtök um skipun nýrrar stjórnar, ef til stjórnarskifta kæmi, hljóti að ákvarðast af skoðunum þingmanna á ýmsum þeim stórmálum, er stjórnin hefir lagt fyrir þetta þing. En með því að flestöll þessi mál eru enn til meðferðar í nefndum, og þingdeildarmönnum því ekki gefist kostur á að ræða þau til neinnar hlítar, eða taka afstöðu til þeirra, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“**

Í sambandi við þetta vil jeg minnast á till. hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) til rökstuddrar dagskrár. Hún er borin fram á þann einkennilega hátt, að flm. (Gunn. S.), eftir yfirlýsingu hans sjálfs, ber hana fram til þess, að hann geti greitt atkv. á móti henni. Jeg vil ekki hjer í þingsalnum nota þau orð um þetta athæfi, sem rjettilega væru viðeigandi. Jeg hugsa, að slík aðferð gæti komið fyrir hjá börnum, en get ómögulega skilið, að hún sje samboðin löggjafarþingi þjóðarinnar. Jeg vil skjóta því til hv. flm. (Gunn. S.), hvort hann sje mjer ekki sammála um þetta og hvort það mundi ekki vera mest sæmd fyrir hann, ef hann tæki tillögu sína aftur. Jeg get ekki með nokkru móti talið þetta þinglega aðferð, og ef hv. flm. (Gunn. S.) vill ekki gera þetta, að taka till. aftur, vil jeg beina þeirri spurningu til hæstv. forseta, hvort hann sje mjer ekki sammála um það, að þetta sje óþingleg aðferð, og hvort ekki sje hægt fyrir hann að koma í veg fyrir þetta, sem er ljótt fordæmi, ef látið verður viðgangast. Vil jeg því skora á hann að vísa tillögunni frá atkvæðagreiðslu.

Geti hæstv. forseti ekki fallist á þetta, eða álíti sig samkvæmt þingsköpunum ekki hafa vald til þess að gera þetta, og vilji hv. flm. (Gunn. S.) ekki taka tillöguna aftur, skora jeg á hv. þingdeild að vísa þessari nýju þingvenju á bug með því að neita að greiða atkvæði um þessa tillögu og færa þau rök til þess, að tillagan sje óþinglega fram borin, með því flm. (Gunn. S.) hafi sjálfur lýst yfir því, að hann ætlaði að greiða atkv. á móti till.

Jeg geri ráð fyrir, að hæstv. forseti taki þá ástæðu gilda fyrir því, að þeir neita að greiða atkv. um till., en verði það ekki, þá vænti jeg þess, að sá fyrsti,

sem verður krafinn um að greiða atkv., leiti úrskurðar deildarinnar, hvort þetta sje ekki nægileg ástæða fyrir neituninni.

Jeg treysti því, að meiri hluti deildarinnar álíti, að till. sje óþinglega fram borin og samþykki þá ástæðu.

Vonast jeg svo eftir, að hæstv. forseti taki mína dagskrá því næst til atkvæðagreiðslu, sem fram borna næsta þar á eftir.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það er nú mál til komið fyrir mig að svara þeim ákúrum, sem beint hefir verið til mín og komið hafa sitt úr hverri áttinni.

Mjer þykir hv. þm. gera mjer hátt undir höfði að setja mig á bekk með stjórninni, með því að beina ákúrum sínum til mín.

Jeg ætla mjer þá að snúa mjer fyrst að síðustu ræðunni og halda svo fram eftir. Hún hefði átt að hafa fyrir einkunnarorð: Ull — ull — og aftur ull. Jeg bjóst líka við, að hún yrði svo, og að hann mundi ekki gera neinar nýjar athugasemdir við ræðu mína, aðrar en þær, er áður voru fram komnar.

Háttv. þm. (J. Þ.) var sjerstaklega samþykkur hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) í fjármálastefnunni. Hann, sem talaði svo fagurlega um Reykjavíkurlífið og taldi það vera eina ráðið til að komast úr kreppunni að draga saman seglin. Það skilst mjer hann ætli vera einu leiðina til þess að bjarga íslenska útvegnum, að setja skipin upp þangað til búið er að spara upp í hallann, sem orðið hefir á útgerðinni. Það er skemtileg tilhugsun, að ef þessir hv. þm. komast í kröggur, þá mega þeir ekki heyra nefnt lán. Þessir hv. þingmenn vita fult eins vel og jeg, að fjárkreppan stafaði af því, að fje festist fyrir Íslandsbanka, af ástæðum, sem hvorki bankinn nje landsstjórnin gat átt neina sök á.

Sakir þess, að aflinn liggur óseldur hálft árið, þarf þessi atvinnuvegur að fá lán til að veiða fiskinn, í skarðið fyrir það fje, sem er fast í aflanum. Og þetta lán þarf að nota til að geta rekið útveginn aftur.

Það er ekki satt, að útvegurinn borgi sig ekki, eða sje ekki arðsöm atvinnugrein, því að hann hefir borgað sig með hinum háa kostnaði, ef skipin hefðu altaf verið að veiðum. Og það hefði verið fullnægjandi að láta togarana fá kol; þá mundi útvegurinn hafa margborgað sig, því þá hefðu þeir ekki þurft að eyða tíma og leggja í kostnað við að sækja kol til Englands, en hefðu þá getað verið stöðugt að veiðum. Og landsstjórnin hefði átt að gera það, úr því hún gat það.

Jeg hjelt því fram í dag, að þó að stjórnin hefði ekki sjeð fjárkreppuna fyrir eða hverjar afleiðingar hún mundi hafa, þá átti hún að taka lán og ljá bönkunum fjeð, í stað þess fjár, er fast var, til þess að halda uppi atvinnuvegunum. Slíkt lán mátti hvíla á bönkunum, en landsstjórnin ein gat fengið það.

Hæstv. fjrh. (M. G.) skaut því fram í dag, hvers vegna jeg hefði ekki gert tillögu um það í bankaráðinu, að Íslandsbanki tæki lán. Jeg gerði það, en bankinn gat það ekki, og einmitt þess vegna kom jeg að máli við stjórnina, að hún tæki slíkt lán til þess að hjálpa báðum bönkunum, til að halda þeim gangandi.

Þeir, sem þekkja til með ísfiskið, vita, að það hefir steypt fjárhag fyrirtækjanna og ekki annað. Ef útvegnum væri hjálpað svo, að þeir þyrftu ekki að stunda það, þá mundi hann bera sig,

þrátt fyrir þennan óheyrilega tilkostnað. Að draga saman seglin, eða stöðvun á atvinnuvegunum, get jeg ekki tekið í alvöru. En jeg hygg, að það sje eina rjetta leiðin að taka nauðsynlegt lán til þess, að útvegurinn geti haldið áfram. Það yrði heldur illa ástatt hjer í Reykjavík, þar sem $^1/_6$ hluti bæjarbúa lifir af þessari atvinnugrein, og úti um land, í sjávarþorpum, bæjum og borgum, sem eru að myndast. Jeg hefi ekki reiknað út, hvað mikill hluti landsmanna það er, sem af honum lifir, en ef sá atvinnuvegur ætti að leggjast niður um tíma eða draga saman seglin, þá mundi mörgum búanda þykja þröngt fyrir dyrum, er þeir kæmu að heimta mat og lífsviðurværi.

Hitt var enginn að tala um, að taka lán og troða því upp á bankana, heldur að stjórnin hefði hjálpað þeim að útvega rekstrarfje, sem þeir hefðu ekki getað fengið. Mundu þeir hafa orðið fegnir, ef þeir hefðu fengið rekstrarfje, einkum ef það hefði komið á rjettum tíma.

Um lánið erlendis, að með því hefði unnist gengi, þá er það meining mín, ef það hefði verið borgað í Danmörku í dollurum og lánið tekið til 10 ára og endurgoldið með dollurum. En ef heldur hefði þurft að borga gengismismun, þá vaxtalaust lán í 10 ár.

Jeg held, að þeir herrar færist of mikið í fang, er þeir halda á lofti því líkri fjármálaspeki, til þess að losna við að greiða atkv. gegn stjórninni. Ummæli þeirra hefðu að öllum líkindum aldrei komið fram, ef till. mín væri ekki til umr. og atkv. síðar.

Það kann að vera rjett hjá hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.), að nauðsyn beri til þess, að bankarnir sjeu trygðir gegn gerræði stjórnarinnar. En það er einkennilegt gerræði að bjóða mönnum fje til láns þegar þess er þörf. Jeg get ekki sjeð, hvernig sjálfstæði bankanna hefði verið í voða, þó að stjórnin hefði boðist til að útvega þeim fje. Jeg hygg, að þeir hefðu tekið því boði fegins hendi, og það eru því hrein öfugmæli, að þetta hefði verið misbeiting valds af stjórninni.

Sami hv. þm. (J. þ.) gerði sjer mat úr því, er jeg sagði, að þeir bæru ekki skyn til að sitja á þingi, sem ljetu skoðanir sínar stangast í allra augsýn eins og mannýga hrúta. Þetta stend jeg við, og er hv. þm. (J. þ.) það óviðkomandi, við hverja átt er, en hitt get jeg látið hann vita, að seint mun jeg kalla hann til sáttasemjara milli mín og flokksbræðra minna, þótt okkur kynni að bera eitthvað á milli.

Sami hv. þm. (J. þ.) fann ástæðu til að þakka stjórninni fyrir ýmislegt, og þar á meðal var afstaða hennar til sendiherra erlendra ríkja á Íslandi. Í þakkarrausi sínu kom hv. þm. (J. þ.) upp um sig með tvennu móti. Hann sýndi það, að honum þykir heldur bagi að því en hagur, að Ísland fái fulla viðurkenningu og hún verði heyrinkunn. Jeg gat þess, að stjórnin hefði ekkert gert til þess að fá hingað senda erindreka með „diplomatiskri funktion“, og var hv. þm. (J. þ.) mjög ánægður með þá vanrækslu stjórnarinnar. Hann kom því upp um sig einnig, að hann man ekki það ákvæði sáttmálans, að Danir fara með utanríkismál Íslands í umboði þess. Ísland getur þess vegna falið dönskum sendiherrum umboð, og sýnir með því erlendum ríkjum fulla hæversku, en þarf ekki að senda legáta út um allan heim, eins og hv. þm. (J. þ.) óttaðist. Kostnaður Íslands við að gefa þetta umboð er mjög smávægilegur, að-

eins pappírskostnaður, og er undarlegt, að slíkt skuli vaxa í augum hv. þm. (J. Þ.). Jeg hjelt, að hann væri vanur að handfjatla stærri peningaupphæðir.

Þá kallaði hv. þm. (J. Þ.) það hótfyndni af mjer að tala um myntsláttu, vegna þess, að ekkert gull væri til í landinu. Jeg hefi ekki farið fram á annað en að samninga hefði verið leitað, og gat það aldrei skaðað, að þeir væru um garð gengnir, ef vjer vildum taka myntsláttuna í hendur vorar síðar. Ef þessir samningar hefðu verið gerðir við Norðmenn og Svía, og eru þeir málsaðiljar þeir, sem um er að ræða, hefðu þeir verið mintir á, að Íslendingar væru þess umkomnir að semja sjálfir um sín eigin málefni, og auk þess hefði verið gott að hafa þessa samninga til taks, þegar á þarf að halda.

Þakklæti hv. þm. (J. Þ.) var mikið og einlægt, en þakklátastur var hann hæstv. forsrh. (J. M.) fyrir það, að hann færi ekki að *mínum ráðum*. Það kemur engum við, nema hæstv. ráðherra (J. M.) einum, hverjum ráðum hann hlítir, og er óþarfi af þriðja manni að láta það til sín taka og senda þakkarávarp, þótt t. d. ráðum mínum sje hafnað. Jeg vona, að sá illi grunur, sem hv. þm. (J. Þ.) bar til hæstv. ráðherra (J. M.) um, að hann hefði þó farið að ráðum mínum áður, höggvi ekki skarð í vináttu þeirra, og takast þar sennilega sættir.

Hv. þm. (J. Þ.) lagði áherslu á það, að enn væri ógerningur að greiða atkv. um stjórnina, því menn vissu ekki, hverja afstöðu þeir tækju til stórmálanna, sem hún bæri fram. Mönnum ætti að vera það vorkunnarlaust að hafa kynt sjer málin svo, og auk þess er ekki að vita, hvernig stjórnin kann að snúast í þeim málum áður en lýkur. Jeg geri ekki ráð fyrir, að hún verði jafnræktarsöm við afkvæmi sín eins og hæstv. forsrh. (J. M.) við fátækralögin, en hitt mun sönnu nær, að hún fari að dæmum þeirra kvikinda, sem verst eru, að hún eti afkvæmi sín.

Hv. þm. (J. Þ.) var stjórninni mjög þakklátur fyrir frv. um Sogsfossana. En jeg má þá segja eins og karlinn, sem stakk brókunum í ljórann í sólskininu, og sagði: „Þú skeinst ekki í töðuna mína í gær." Stjórnin tók ekki eins vel í *þetta mál fyrir 1—2 árum*, er jeg og aðrir vorum að berjast fyrir því. (**J. Þ.**: Var stjórnin ekki önnur þá?). Önnur að vísu, en höfuðið hið sama, og hv. þm. (J. Þ.) veit, að eftir höfðinu dansa limirnir, eða svo fórst honum í ræðu sinni.

Frestur er á illu bestur, hugsa þeir eflaust, hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) og fleiri. Þeir eru hvorki með nje móti, eru svo sem ekki neitt, en tína saman hagalagða til þess að leggja á vogarskálina. Höfuðástæðan er þetta: Við þurfum frest. Stórmálin eru ekki rædd, segja þeir, afstaða er ekki tekin. Jeg hygg, að þetta höggvi fullnærri þingsóma manna, að gera ráð fyrir mörgum mánuðum til þess, að þeir geti tekið afstöðu, og er þetta eðlilega borið fram af þeim, sem taka ekki afstöðu nema tilneyddir. Þá er sama eðlis mótbáran, að erfitt yrði að skipa nýja stjórn á þessu mannfátæka landi, sem þeir svo nefna. Og hæstv. stjórn heldur einnig, að hún sje fær um að veita forstöðu málum þjóðarinnar. Jeg verð að segja, að margt fellur Íslendingum þungt fyrir brjósti, ef þeir geta ekki fundið menn, sem þeir geta treyst til að framkvæma vilja þingsins. Og er þessi ástæða einber hjegómi, því þingið væri ekki fært um að ákveða um meðferð mála, ef enginn

hv. þm. væri fær um að framkvæma hana.

Jeg hefi borið fram þessa tillögu til þess að forvitnast um, hvort stjórnin hefði nægilegt fylgi eða ekki. Hún er eins í þágu stjórnarinnar sem annara, því það er sannkallað Sysifosarverk fyrir stjórnina að starfa og vera þess óvitandi, hvort hún hefir traust meiri hluta eða ekki. Og þetta verður enn verra, þegar stórmál eru á döfinni, og þess vegna þurfa að koma fram hreinar línur nú, áður en þau koma til umr. fyrir alvöru.

Jeg vil ekki taka þátt í deilum þeim, sem orðið hafa um dagskrá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), en hitt dylst mjer ekki, að hún er á engan hátt óþingleg. Þinghrekkur getur hún kallast, og er slíkt ekki óvenjulegt. Það hefir komið fyrir oftar en einu sinni, að þm. hafa tekið upp frv., sem búið var að taka aftur, og það til þess eins, að njóta þeirrar ánægju að fella það. Það er engin ástæða til þess að gera úr þessu stórglæp, en sá er siður minna gömlu vina, Heimastjórnarmanna, að hrópa og hljóða, þegar við þeim er ýtt. Þarna er dauðasyndin, æpa þeir, með enn fleiri syndir á samviskunni. En þær fyrirgefa þeir sjálfum sjer.

Þá kem jeg að hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.). Hann hjelt, að jeg hefði borið fram till. til skemtunar, en það var ekki tilgangur minn. En umr. hafa orðið til skemtunar, og var þó ræða hv. þm. (Þór. J.) sjerstaklega spaugileg. Hann hjelt því fram, að atvinnurekstur hefði verið með tapi öll síðustu árin, og veit jeg ekki, hve langan tíma hann átti við. En nú á að vinna upp þetta tap með því að stöðva allan atvinnurekstur, eða svo hygg jeg, að menn hafi skilið hv. þm. (Þór. J.).

Sami hv. þm. (Þór. J.) hjelt, að fjárkreppa Íslandsbanka stafaði af því, að hann hefði lánað í vitleysu, en þetta eru ranglátir dómar. Kreppan stafaði af því, að verkun og sala afurðanna tafðist af ófyrirsjáanlegum ástæðum, og er ekki rjett að atyrða bankann fyrir það. En skammir hefði hann átt skilið, ef hann hefði neitað að lána nauðsynlegt fje til atvinnuveganna. Það er alkunna, að útvegur þarf að lifa á lánum helming ársins, því afurðirnar seljast ekki jafnt og þjett, heldur mestmegnis síðara hluta sumars og á haustin, en þá í stórum stíl. Kaupsýslumenn liggja ekki heldur með fje sitt, það borgaði sig ekki. Þeir setja það í fyrirtæki og geta þess vegna þurft á lánum að halda, þótt þeir eigi fyrir þeim, og miklu meira en það, í raun og veru. Útveginum er nauðsynlegt að geta fengið lán, og má þá ekki heimta of háar tryggingar, og jeg er þess fullviss, að togararnir lægju ekki við landfestar, ef handbært fje væri fáanlegt. Því hefir verið haldið fram, að útgerðarmenn væru fallnir frá því að taka lán, en jeg veit ekki til, að það hafi við neitt að styðjast. En í sambandi við þetta má geta þess, að hallæri það, sem nú ríkir, er að nokkru leyti tilbúið af viðskiftahöftunum, og því er haldið við af þeim. Hverjum í hag? Þeim í hag, sem eiga dýrar vörur og gætu ekki selt þær sama verði, ef innflutningur væri frjáls og ódýrari vörur flyttust inn. En þó að kaupmennirnir græði þannig á viðskiftahöftunum, vilja þeir láta afnema þau. Þeir segja: Burt með viðskiftahöftin, því þó að það sje tap vort, viljum vjer geta fengið

nýjar vörur og hætt að vera blóðsugur á almenningi. Þetta hafa kaupmenn sagt við mig, og efast jeg ekki um einlægni þeirra. Viðskiftahöftin halda við dýrtíð í landinu, og þess vegna getur verkakaup ekki lækkað. Þess er engin von, að menn vilji láta lækka kaup sitt meðan þeir verða að gefa mikið af peningum fyrir allar nauðsynjar, en það mundi auðsótt, ef vöruverð lækkaði. Ef verkakaup gæti lækkað með þessu móti, yrði það útgerðinni hinn mesti hagur, og eru þetta viturlegri ráð en að draga saman seglin og leggja atvinnuvegina í kalda kol.

Stjórnin hefir framið þær tvær höfuðsyndir, að taka ekki lán, og halda of lengi í viðskiftahöftin. Þegar vörur tóku að falla á erlendum markaði, gátu þau ekki orðið til annars en ills eins, því enginn hygginn kaupmaður hefði keypt mikið inn á slíkum tímum.

Jeg sje enga ástæðu til að amast við því,. að menn fái að njóta þess lánstrausts, sem þeir hafa erlendis, og er því rangt að hefta viðskifti þeirra, þótt þeir greiði ekki út í hönd. Jeg býst við því, að þeir hv. þm., sem jeg hefi svarað um hríð, játi í hjarta sínu, að þetta sje rjett, og leggi það til, að viðskiftahöftin verði afnumin, og þeir vilja sennilega nú, að höftin hefðu aldrei verið lögð á. Jeg hjelt því fram, þegar dagskrá hv. þm. Borgf. (P. O.) var til umr. í fyrra, að hún væri ónauðsynleg, lögin, sem fyrir voru, væru fullnægjandi. En menn höfðu þá það fjármálavit, að gefa orðum mínum engan gaum.

Hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) vildi skýra orð mín svo, að jeg vildi láta stjórnina taka lán til að bjarga vitfirringum. Jeg veit ekki, hverja hann nefnir því nafni, en ef það eru útgerðarmenn og atvinnurekendur yfirleitt, er þetta harður dómur og heimskulegur. Þessir menn eiga ekki einir sök á, hvernig farið hefir, og þó að þeim megi um kenna að einhverju leyti, ber að gæta þess, að sjálfsskaparvíti eru ekki betri en önnur, og það er gagnslítið að fárast um orðinn hlut. Hitt væri viturlegra, að reyna að draga úr því, sem orðið er, og koma í veg fyrir, að meiri skaði hljótist af. Hv. þm. segja gjarnan, að ef þetta hefði verið svo og svo, þá væri alt eins og það ætti að vera nú. En það er þýðingarlaust að segja „ef". Það verður að ganga út frá ástandi eins og það er, en ekki eins og það hefði verið, ef —.

Hv. þm. (Þór. J.) talaði hjer um flokkaskiftingu og grautarpotta, og lá þá nærri að ályktа, að hann væri grautarkökkur í slíkum pottum. En hv. þm. (Þór. J.) hefir reiðst þessari saklausu ágiskun og hellir yfir mig skömmum og persónulegum brigslyrðum, sem ekkert koma þessu máli við. En jeg læt mjer slíkt hjal í ljettu rúmi liggja.

Þá verð jeg að beina máli mínu til hæstv. stórnar, því hún hefir gert mjer það hátt undir höfði að ávarpa mig öðru hvoru. Mjer leið ekki illa undir þessum ræðum, ef jeg undanskil ræðu hæstv. atvrh. (P. J.), og var það ekki mín vegna, heldur hans. Það er leiðinlegt á þingi, sem hefir það í þingsköpum sínum, að enginn þm. megi greiða atkv. með fjárveitingu til sjálfs sín, að upp skuli rísa hæstv. ráðherra og lýsa yfir því, að hann greiði atkv. gegn vantraustsyfirlýsingu á stjórnina. Jeg segi þetta ekki af þeim ástæðum, að jeg hafi hugsað mjer að græða á afstöðu hans, því vitanlega eru ráðherrarnir í raun og veru með sjálfum sjer, en það væri viðkunnanlegra, að þeir greiddu ekki atkv. þegar úrslit eru orðin um till. mína, má segja um stjórnina, að

hún sitji í vantrausti þingsins eða í trausti þess, en um hæstv. atvrh. (P. J.) verður ekki annað sagt en að hann sitji í sjálfstrausti.

Hæstv. atvrh. (P. J.) gerði vel í að bjóða sitt sæti. En jeg hefi ekki borið tillöguna fram til þess að losa þessa stóla handa mjer nje neinum vissum mönnum. Þingið sker eflaust úr, hverjir þá eiga að skipa. Mjer þótti furðulegt, þegar hann var að tala um óþol manna og hin sífeldu stjórnarskifti frá því 1907. Þetta gæti landið ekki þolað og það væri afaróheppilegt í þessu mannfátæka landi. Það er satt, að landið er mannfátækt, ef það getur ekki skipað þessi sæti nýjum mönnum. En það er ekki rjett af hæstv. atvrh. (P. J.) að segja, að það sje ekki hægt að losa ráðherrasæti, því þjóðin eigi þá enga til að setja í þau.

Það er ekki rjett, sem hann sagði um dygð hjúanna, því enginn hefir, mjer vitanlega, efast um dygð hæstv. ráðh. (P. J.). Það er um hæfileika þeirra, sem menn hafa efast. (**Atvrh. P. J.**: Jeg var ekki að svara þingmanninum). En jeg er að svara ráðherranum.

Hæstv. ráðherra (P. J.) sagði, að það væri langt frá því, að óþarfaeyðsla hefði verið viðhöfð með innflutningsnefndinni; þvert á móti hefði verið of skamt farið; það hefði verið sparað lögregluefirlit. Er það þá svo að skilja, að hver hafi flutt inn það, sem hann vildi? Jeg fullyrði, að þau útgjöld, sem leiddu af innflutningshöftunum, hafi verið gersamlega óþörf eyðsla. Sjerstaklega var skömtunin, eins og hún var hjer, auglýst með þriggja mánaða fyrirvara, óþörf. Enda er nú svo, hjer í þessum bæ, að aldrei eru sýndir seðlar, og allir geta fengið alt seðlalaust. Úti um sveitirnar birgja menn sig upp til vetrarins á haustin, eins og menn vita. Þetta er því alldýrt og óþarft fálm.

Hæstv. ráðherrum hefir líklega ógnað, hvað jeg var mjúkmáll í fyrri ræðu minni, og því allir sent mjer hnútur, nema hæstv. forsrh. (J. M.). Jeg ætla þá að reyna að verðskulda þær mest.

Hæstv. atvrh. sagði, að jeg hefði farið með Gróusögur og krafist sannana á þeim af stjórninni. En þetta er ekki satt. Það vill svo vel til, að jeg hefi þessi ummæli mín skrifuð. Þau hljóða svo:

> „.... leikur jafnvel orð á, að ekki sje leitað lægsta eða besta boðs, heldur sjeu starfsmenn landsins látnir versla við það og selja því samkepnislaust ....."

Um þetta sagði jeg, að nú gæfi jeg stjórninni tækifæri til að sanna, að þetta væri ekki svo. Því þennan orðróm getur stjórnin auðveldlega ósannað. Hún þarf ekki annað en sanna, að hún hafi samkepni, og hvaðan hún sje. — Jeg minnist þess, að jeg kom með tilboð fyrir nokkrum árum frá Eriksson. Það er sænskt fjelag, sem verslar með talsímagögn. Jeg hefi aldrei vitað til þess, að hjer hafi verið verslað við það, en annarsstaðar, bæði í Noregi og Svíþjóð, er mikið verslað við það, Jeg get trúað, að landið versli ekki við þetta fjelag sökum þess, að það sje betra að versla en allir aðrir.

Hvað snertir síldarmálið, þá hefi jeg aldrei efast um, að hæstv. atvrh. (P. J.) hafi haft áhuga á því. En það er víst, að hann tók ekki í taumana er þurfti. En þetta skoða jeg ekki sem varmensku, heldur stafa af skorti á hyggindum og þar af leiðandi getuleysi til að vera atvinnumálaráðherra.

Ummæli hans um kolin þóttu mjer

undarleg, þar sem jeg tók það fram, að jeg væri einn af þeim fáu, sem aldrei hefði getað legið stjórninni á hálsi fyrir þær ráðstafanir.

Hæstv. atvrh. (P. J.) talaði um stjórnarfrv. líkt og aðrir. Jeg hefi áður svarað því og vil ekki fara að endurtaka það.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, þá get jeg ekki betur sjeð en að ef það er frá tíð fyrirrennara hans, þá sje undarlegt, að hann framkvæmdi það, hafi hann ekki sjálfur haft þá skoðun. **(Fjrh. M. G.:** Jeg hafði þá skoðun). Jeg fjekk ekki tækifæri til að víta það í tíð fyrirrennara hans. **(Fjrh. M. G.:** Hann fjekk tækifæri til þess). Jeg fjekk ekki tækifæri til þess. Annars víti jeg það, sem mjer finst aflaga fara, hvort sem sá, sem hlut á að máli, er flokksmaður minn eða ekki.

Upplýsingar þær, sem hæstv. fjrh. (M. G.) gaf um það, að hann hefði ekki borgað manninum veittan styrk, af því hann hefði ekki þurft hans, eru einskis virði. Því það var sú aðferð, sem jeg fann að, að neita að borga styrk, sem í fjárlögunum stendur.

Um innflutningsnefndina vil jeg taka fram, að á þingskjalinu stendur, að hún skuli skipuð, ef knýjandi nauðsyn sje til. En hæstv. stjórn á eftir að sanna, að það hafi verið knýjandi nauðsyn til þess.

Jeg skal láta hæstv. fjrh. (M. G.) og Esóp um tófusögurnar. Jeg hefi aldrei eignað mjer þær. Það eru mörg hundruð ár síðan þær voru gerðar.

Um lánið og bankana hefi jeg getið í öðru sambandi.

Jeg kem nú síðast að þeim, sem fyrst ur var, hæstv. forsætisráðherra (J. M.). Mig rak í rogastans, þegar hann sagði, að þessi tillaga hefði tafið þingstörfin, og óforsvaranlegt væri að bera hana fram. Það er nú ekki langt síðan hún kom fram, og ekki mikill tími, sem fer í hana, þótt hún sje rædd hluta dagsins í dag og á morgun. Hún tefur því ekki. Og ef stjórnin flýgur út úr þessum eldi sem nýr gullgljáandi Fönix, þá er ekki annað hægt að segja en það hafi verið tilvinnandi, að þessi tillaga kom fram. — Jeg hefi ekki verið að dorga, en jeg vil einmitt koma í veg fyrir dorg með henni, bæði frá stjórnarinnar hálfu og hinna, svo ekki verði hægt að segja um þetta þing, að þar hafi menn altaf verið að reyna að veiða, veiða væna keilu úr sjó. Jeg drýgi einmitt þingtímann, en spilli honum ekki, með þessari tillögu.

Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, að jeg hefði verið með vífilengjur um traustsyfirlýsingu. Jeg skil ekki, hvernig hann getur talað um vífilengjur í því sambandi, þar sem jeg sagði aðeins, að hægt hefði verið að ná takmarki því, er jeg stefni að, með því að bera fram traustsyfirlýsingu, en skýrði jafnframt frá, hvers vegna jeg ekki gat farið þá leið. Og hæstv. forsrh. (J. M.) sagði svo reyndar, að hann gæti ekki búist við öðru en vantrausti frá mjer.

Hæstv. forsrh. (J. M.) hjelt því fram, að það væri ósvífni af þeim, sem ekki styddu stjórnina, að leggja henni lífsreglur. Það er þá ósvífni að leggja það fyrir stjórn, sem menn óskuðu að hún gerði, ef menn ekki styðja hana. Þetta er sú nýjasta ósvífni, sem jeg hefi heyrt. Stjórnin er ekki neinn dýrlingur. Og það er svo langt frá því, að í þessu fælist nokkur ósvífni, því jeg lýsti jafnframt yfir því, að jeg fylgdi stjórninni, ef hún færi eftir því, sem jeg legði fyrir hana.

Það var svo margt í ræðu hæstv. for-

sætisráðherra (J. M.), að jeg vil ekki þreyta menn á að karpa um það alt.

Um utanríkismálin mun jeg tala þegar þau koma frá allsherjarnefnd. Það, sem jeg finn að, er, að hæstv. forsrh. (J. M.) hefir ekki unnið að því að notfæra sjer rjettindi þau, sem oss eru veitt í 7. gr. sambandslaganna. En fyrir þetta sama flytur hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) stjórninni þakkarávarp, og hann sjálfur fær sjálfsagt þakkarávarp fyrir þetta þakkarávarp. Jeg vil ekki jaska þetta tilboð frekar.

Að geta staðið einir og leggja fram fje, sagði hæstv. forsrh. (J. M.) að væri takmarkið, sem ætti að stefna að. Jeg er honum alveg sammála; við eigum að stefna að því að geta staðið einir. Spursmálið er aðeins, hvort stjórnin hefir farið þá rjettu leið til þess að ná þessu takmarki.

Íslendingar hafa nú reyndar altaf staðið einir. Þeir hafa aldrei fengið hjálp hjá öðrum. Því jeg tel ekki það, sem þeir hafa tvisvar eða þrisvar fengið hjálp af gjafakorni. Þeir hafa þvert á móti altaf þurft að berjast við óhagstæð utan að komandi öfl, sem drógu úr starfi landsmanna.

Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, að það ætti að byggja og endurbyggja, styrkja og endurbæta atvinnuvegina með hygni og sparsemi. Jeg hefi aldrei sagt, að ekki ætti að spara, heldur hitt, að það verði að taka lán til þess að lána útgerðarmönnum fje hálft árið. Enginn segir, að það ætti að taka lán í vitleysu. Að stjórnin tók ekki lán sýnir, að hana hefir vantað yfirlit yfir ástandið á þeim tíma, er hún gat fullnægt þörfinni með lántöku. Það er ekki vafi á því, að hún gat fengið lán þegar kreppan var í byrjun, og með því hefði hún getað afstýrt henni. Að hún ekki gerði það sýnir, að hún var ekki fær um að stjórna, og jeg vil segja, að hún með því hafi komið landinu í þetta öngþveiti. Það er höfuðsyndin. Og úr því hún hefir gert þetta, þá verður að fá aðra til að taka við og reyna að kippa þessu í lið inn. Því að hafa gert vitleysur vekur ekki traust í framtíðinni. — Jeg vil svo ekki tala frekar um þetta nú. Jeg ætla að molda þá, sem dauðlegir eru, — nema auðvitað ráðherrana, sem eru ódauðlegir, — því jeg sem flm. hefi leyfi til að tala þrisvar, og ætla jeg að nota mjer það.

Magnús Kristjánsson: Síðan tillagan um að lýsa vantrausti á núverandi stjórn kom fram, lagðist það í grun minn, að úr því yrði ekki annað en skrípaleikur. Þetta hefir ræst og meira en það. Jeg álít, að nú sje að verða hjer stórhneyksli. Og jeg álít, að það sje aðallega 1. þm. Rang. (Gunn. S.), sem tilefni hefir gefið til þess. Og jeg býst við, að enginn annar hefði leyft sjer slíkt, en einhver ófyrirleitinn oflátungur.

Þá sný jeg mjer að hv. þm. Dala. (B. J.). Það er tilgangslaust að eltast við það, sem hann talaði um atvinnumálin, því þar var ekkert nýtilegt. Jeg gæti tekið þá undir eitt alla þrjá, þm. Dala. (B. J.), 1. þm. Árn. (E. E.) og 1. þm. Rangvellinga (Gunn. S.). **(Gunn. S.:** Ekki Rangvellinga, heldur Rangæinga). Jeg tek ekki til greina leiðrjettingar þessa hv. þm. (Gunn. S.), heldur segi jeg það, sem mjer sýnist.

Þó vil jeg taka hv. þm. Dala. (B. J.) tali dálítið sjerstaklega, vegna þess, að hann hefir látið einna mest á sjer bera. Það er leiðinlegt að þurfa að tönlast á því, sem búið er að segja, en til að sýna, hve mergjað það er, sem hv. þm.

Dala. (B. J.) hefir á móti stjórninni, þá vil jeg benda mönnum á, að aðalsynd stjórnarinnar virtist, eftir ræðu hans að dæma, vera sú, að hún styddist við menn úr flokkum, sem ekki væru henni eindregið fylgjandi. En jeg skil ekki, hvernig nokkur stjórn ætti að geta verið við völd hjer, sem einungis hefði fylgi eins flokks í þinginu; til þess eru þeir of fámennir og sundurleitir í skoðunum. (**B. J.**: Þingmaðurinn ætti að fara til eyrnalæknis). Jeg ætla að biðja hv. þm. (B. J.) að gera sig ekki að fífli hjer inni. Hv. þm. (B. J.) sagði, að stjórnin hefði notað slægðarbrögð til að neyða almenning til að kaupa ýmsar vörur með óhæfilegu verði. Þetta eru tilhæfulaus ósannindi. En jeg ætla ekki að fara lengra út í það hjer.

Enn fremur lá hann stjórninni á hálsi fyrir það, að hún hefði ekki tekið að sjer síldarsöluna. En jeg vil nú láta hann vita, að það hefði líklega þótt gengið nokkuð nærri einstaklingsrjettinum, þar sem þeir, sem síldina áttu, óskuðu ekki eftir því. Þar að auki gerði sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn alt sitt til þess að greiða fyrir sölunni.

Þá talaði hann um l á n l e y s i stjórnarinnar, eins og hann komst að orði, og fullyrti, að ef lán hefði verið tekið, þá hefði landið grætt á því 6 miljónir kr. En jeg verð nú að segja, að þetta ber ekki vott um mikið fjármálavit. Og hann tók ekki heldur fram, hve mikið lán þyrfti að fá til þessa. En setjum nú svo, að hægt hefði verið að fá stórlán. Hver er þá kominn til að segja, að gengið lækkaði ekki einmitt við það? Og hvar var þá þessi 6 miljóna gróði? Og það er ekki lengi um að muna, að þurfa að greiða 8—10% vexti af háu láni í langan tíma. Það veit enginn enn, hvort gengið yrði lægra þegar greiða ætti skuldina heldur en þegar lánið væri tekið.

Nú sný jeg mjer að annari hliðinni á ræðu hv. þm. Dala. (B. J.). Það er kunnugt, að þessi hv. þm. (B. J.) getur aldrei talað án þess að fara út í utanríkismál. Þetta verður maður að virða honum til vorkunnar, vegna þess, að oft lítur svo út, að honum sje ekki sjálfrátt um, hvernig hann hagar orðum sínum, þegar hann kemst inn á þesskonar efni, sem oftast vill verða, þegar það á ekki við. Jeg verð að fara dálítið fram í tímann. Allir vita, að þessi sjálfstæðisflokkur, eða núverandi „Þversum", sem hv. þm. (B. J.) mun vera faðir að, hefir látlaust reynt að sverta alla þá, sem við stjórnmál fást og ekki vilja aðhyllast hans kenningar, í augum þjóðarinnar. Þessi þm. (B. J.) hefir haldið fram, að hann einn væri sannur föðurlandsvinur, sannur Íslendingur; allir aðrir væru skaðræðismenn. En margur skyldi halda, að þetta meðal ætti nú ekki lengur við. En hann virðist ætla að halda áfram uppteknum hætti og vara menn við föðurlandssvikurunum! Hann vill auðsæilega vekja tortrygni á ný, byggja upp flokkinn og bjarga leifunum með þessum miður heiðarlegu meðulum. Þannig er hans pólitik.

En nú vil jeg biðja hv. þingmenn fyrirgefningar, þótt jeg viðhafi hjer líkingu. Jeg hefi sjeð trjehest, sem var notaður sem leikfang, og sjeð drengi setjast á bak honum, og mjer finst hv. þm. Dala. (B. J.) farast svipað og drengnum; hann ber fótastokkinn og heldur, að hann sje kominn á bak einhverjum dæmalausum gæðingi, og er auðsæilega harðánægður með sjálfan sig, og úr öllu þessu háttalagi þm. (B. J.) virð-

ist mjer ætla að verða aumasta skrípamynd.

Nú vil jeg snúa mjer að hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Það er altaf þetta sama, sem þeir jeta hver eftir öðrum, sem sje að taka lán, lán og aftur lán. Jeg ætla ekki að fara mikið út í það mál hjer nú, því um það hefir áður verið rætt, en jeg vil þó geta þess, að slíkt er skaðræðishugsunarháttur, sannkallaður betlarabragur. Það er miklu nær að reyna að bjarga sjer við á annan hátt. Eina rjetta leiðin er sparnaður og minni innflutningur. En á móti því berjast þeir með hnúum og hnefum, en annars sker reynslan úr því. Mjer fanst hv. þm. (Gunn. S.) fara nokkuð geyst, en hann ályktar víst sem svo, að „oft verður góður hestur úr göldum fola". En það getur nú ekki átt við hjer. Hjer á þingi gagnar ekki að viðhafa nein rassaköst. Annars eru víst fáir hv. þm. honum sammála, og væri því mikið nær fyrir hann að fara hægara, ef hann ætlar ekki að vera sjer til minkunnar.

Þá er hv. 1. þm. Árn. (E. E.). Mig minnir, að jeg heyrði einhvern segja, að þessi hv. þm. (E. E.) hafi gefið kjósendum sínum mörg fögur loforð um mikil afrek til þjóðþrifa, ef hann kæmist á þing. Þessi loforð þingmannsins (E. E.), sem í spaugi voru kölluð 11 boðorð hans, munu enn að mestu óuppfylt. En nú á að byrja, nú eiga efndirnar og árangurinn að fara að sýna sig. En það þarf að gera meira en lýsa dáðleysi og athafnaleysi stjórnarinnar. Það eru tóm orð, sem lítið stoða ein út af fyrir sig. Hv. þm. (E. E.) hefir ekki bent á neitt, sem hægt væri að bjarga landinu við með, nema þetta eina og eilífa, að taka lán á lán ofan. Jeg verð að segja, að þessi framkoma af hv. þm. (E. E.) er nokkuð þokukend. Þokuhnöttur þessi sveimar um. En hver veit? Kann ske sje þar inni falin einhver fögur stjarna. En þessi stjarna, ef hún annars er nokkur, er þá falin í þeim þokuhjúp, sem jeg get eigi sjeð í gegnum. Á meðan svo er get jeg ekki sjeð, að hann sje neinn sjálfkjörinn leiðtogi, sem sje fær um að vinna öll þau ósköp, sem hann vill láta hæstv. núverandi stjórn vera búna að gera.

Jeg tók það fram, að jeg ætlaði ekki að tala hjer lengi; aðeins ætlaði jeg að láta í ljós skoðun mína á málinu og mönnunum, sem grynst vaða og gusa mest. Ef svo væri, að einhver væri óráðinn, með hverju hann greiddi atkv. sitt, þá ættu þessar umr. að sýna honum, að þessi vantrauststilraun er ekki annað en gönuhlaup, því að ásakanir þeirra eru staðlausar og nauðaómerkilegar. Hæstv. stjórn hefir, eftir atvikum, staðið vel í stöðu sinni, og vænti jeg þess, að hún fái fullan stuðning hv. deildar.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal vera stuttorður. Mig langar aðeins til þess að segja nokkur orð enn þá einu sinni við hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Hann segir, að allir á Suðurlandi telji, að hið eina rjetta sje að taka stórlán, og jeg sje ekki Skagfirðingum sammála í þessu. En það mun best fyrir hann að skifta sjer ekki af Skagfirðingum; þeir mundu síst ljá honum lið á fjeglæfrabraut hans.

Fyrirspurnina um, hvar jeg hafi fundið 25 milj. kr., get jeg varla virt svars. En nú skil jeg, hvers vegna hv. þm. (Gunn. S.) er svo áleitinn við mig. Hann mun þurfa á fje að halda og vill ná í eitthvað af þessari fjárhæð, sem hann heldur að jeg hafi fundið. En „betur máttu ganga að, mannskræfan",

ef náð skal í nokkuð af því. Annars er þess að geta, að hinn umtalaði reikningur er eftir hagstofuna, en ekki eftir mig.

Jeg skil varla, að þessi hv. þm. (Gunn. S.) verði tekinn alvarlega hjer eftir, þegar hann er orðinn ber að því að ganga frá því, sem hann segir í margra votta viðurvist, og ber fram till., sem hann lýsir yfir að hann greiði atkv. á móti.

Umr. frestað.

Á 25. fundi í Nd., fimtudaginn 17. mars, var fram haldið einni umr. um till. (A. 126).

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg verð að minnast nokkrum orðum á ræðu hv. 1. þm. Árn. (E. E.). Jeg get ekki vel orða bundist um ummæli hans viðvíkjandi samtali fjrh. (M. G.) við bankastjórana í október í haust, sem fram fór í Kaupmannahöfn. Hv. þm. (E. E.) segir, að þegar bankastjórarnir eigi töldu rjett að taka lán, þá hefði stjórnin átt að taka af þeim ráðin. Af því nú að jeg hefi heyrt svipuðu hreyft af fleirum hjer á þinginu, þá vil jeg taka það fram og benda á, eins og hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.), hvílík fjarstæða slíkt er, að stjórnin eigi í fjármálum að taka fram fyrir hendur á þeim. Það mun vera hið tíðasta, að landsstjórnir hafi helstu banka landsins til aðstoðar og ráðuneytis í fjármálum, en grípi eigi fram í fyrir þeim um fjármálaráðstafanir sjálfra þeirra.

Í sambandi við þetta margþvælda umtalsefni, lántökuna, tekur hv. þm. (E. E.) svo til orða, að það sjeu brjóstheilir menn, sem vilja halda uppi vörnum fyrir stjórnina. Jeg tek þetta sem unggæðingsháttt hjá honum og tel það lýsa dæmafáu þroskaleysi og fljótfærni. Annars er búið að tala mikið um þetta lánamál, en engum hefir enn þá dottið í hug að benda á, hverjir möguleikar hefðu verið fyrir stjórnina til þess að fá slíkt lán. Það hefir verið sagt, að fá mætti lán í Ameríku, en engin rök hafa verið færð fyrir því enn. Enda fæst slíkt ekki á einu augnabliki. Danir og Norðmenn voru mörg ár um að vekja svo mikla athygli og kunnugleik á sjer, að þeir gætu fengið lán þar. En hvað má þá segja um Ísland, sem öllum hefir verið ókunnugt til þessa,

Það, sem jeg tók til mín af því, sem hv. 1. þm. Árn. (E. E.) sagði, var annars ekki þetta, heldur það, sem hann mintist á afstöðu stjórnarinnar til atvinnuveganna. Hann spurði um það, hvað stjórnin hefði gert til viðreisnar atvinnuvegunum. Mjer er nú spurn: Var nú hægt að ætlast til mikillar viðreisnar atvinnuveganna á þessu tímabili, sem þessi stjórn hefir staðið, eða síðan um þetta leyti í fyrra?

Tökum fyrst landbúnaðinn. Hvernig átti núverandi stjórn að sjá fyrir því, að nægilegar fóðurbirgðir væru í landinu haustið 1919, svo að vel væri á sett? Hvaða tækifæri hafði hún til þess, og hvað gerði hún í því máli? Það er nú margreynt, að stjórnin getur ekki gert mikið í slíku máli. En einmitt þessi stjórn reyndi meira til en undanfarandi, og það varð þó ögn til björgunar, að minsta kosti sumstaðar. Og jeg vildi spyrja,hvort viðleitni stjórnarinnar hafi ekki einmitt í Árnessýslu, kjördæmi hv. þm. (E. E.), orðið fult eins notadrjúg og það, sem hjeraðsstjórnin gerði?

Þá kem jeg að öðru atriði, landbúnaðinum til meins, en það er hið háa kaup-

gjald. Hvernig átti stjórnin að koma í veg fyrir það? Það er alveg eins um kaupgjaldið hjer og hjá sjávarútvegnum, að það átti stóran þátt í tekjuhallanum á þessum atvinnuvegi. Á meðan bændur eigi hlutuðust til sjálfir með samtökum sín á milli um sanngjarna samninga við verkalýðinn, hverju getur þá stjórnin áorkað til bóta eða samkomulags í því máli?

Og þá er dýrtíðin að öðru leyti. Hvaða áhrif gat stjórnin haft á verð í útlöndum á aðfluttum vörum? Hefir stjórnin ekki einmitt með landsverslun-inni útvegað skárri kjör með vöruverð en ella hefði fengist?

En það eru einmitt þessi atriði, fóðurskorturinn í fyrra vor, kaupgjaldið í sumar og þetta síhækkandi verð á öllum aðfluttum vörum, sem hnekt hafa landbúnaðinum. Síðan bætist hið gífurlega verðfall á öllum afurðunum ofan á. Og hvernig gat stjórnin ráðið við það?

Um sjávarútveginn er hið sama að segja. Stjórnin gat með engu móti ráðið við hin óheppilegu skipa- og vörukaup í fyrra vetur. Það var ekki á hennar valdi að stemma stigu fyrir þessu, og það því síður, þar sem þetta var nærri alt um garð gengið, eða á fullan rekspöl komið, áður en stjórn sú, er nú situr, komst á laggirnar. En eftir að stjórnin tók við völdum og viðskiftanefndin var sett hefir ekki verið stofnað til slíkra óhappakaupa.

Viðvíkjandi fiskinum, sem lá óseldur um nýár, þá átti stjórnin ekkert vald á honum, þar sem hann var í höndum einstakra manna. Fiskinn gat stjórnin aðeins tekið með því að gefa út bráðabirgðalög um stjórnareinkasölu. Og hvernig hefði það mælst fyrir hjá þeim mörgu, er fiskinn áttu? Aukaþingið í fyrra hefði þá líka átt að gera eitthvað í því. En hvaða skipakost hefði svo líka stjórnin haft til að flytja fiskinn út? Og átti svo stjórnin að vita það fyrirfram, sem enginn af fagmönnum sá fyrir? Stjórnin hafði enga hvöt til úr neinni átt að grípa til slíkra örþrifaráða, því síður að það væri skylda hennar að taka af eigendum umráð yfir fiskinum og ráðstafa honum á betri hátt. Loks er mjer kunnugt um það, að stjórnin hefði tæplega fengið nokkurn mann til að standa af hennar hálfu fyrir útflutningi fiskjarins. Svona aðgerðir hefðu að vísu getað bjargað miklu, en viðreisn atvinnuveganna hefði það ekki getað heitið. Nei, í svona árferði og aðköstum er ekki hægt að ætlast til v i ð r e i s n a r atvinnuveganna. Það eina, sem hjer var hugsanlegt að gera, var að veita v i ð n á m. Og að slíku viðnámi hefði mikið stutt, ef stjórnin hefði tekið vald á gjaldeyri landsins þegar í byrjun, en til þess hefði þurft lagaheimild frá Alþingi. Þessi krafa er því hreint og beint hverri stjórn ofurefli. Hið eina, sem Alþingi fól stjórninni og gaf vald til að reyna og lagði áherslu á, var að veita viðnám með sparnaði, þ. e. að hamla innflutningi á óþarflega miklum vörum.

Í þessu allsherjaröngþveiti atvinnuvega og viðskifta eru það tvö höfuðatriði, sem koma til greina. Í fyrsta lagi óviðráðanlegar orsakir, svo sem afarslæmt tíðarfar og óhagstæðar verðbreytingar á erlendum markaði, eins og áður er nefnt. Í öðru lagi nokkuð mikil óforsjálni af hálfu atvinnurekenda í sumum atriðum. Jeg verð því einnig að telja það þroskaleysi af hv. þm. (E. E.), sem sjálfur er bankastjóri, og ekki hefir getað reist rönd við hengingar-

víxlum austanfalls, að krefjast þess af stjórninni, að hún framkvæmi það, sem hann getur ekki sjálfur gert og getur ekki sýnt að sje framkvæmanlegt í hans litla umdæmi.

Jeg neita því, að stjórnin eigi nokkurn þátt í því með aðgerðum sínum nje aðgerðaleysi, að gjaldeyrir landsins í útlöndum hafi selst of seint og rýrnað í verði. Það, sem jeg sagði að stjórninni væri ofvaxið, var að sporna við, að landið keypti meira af vörum og skipum en það mátti við, — það var þetta, sem einkum skapaði öngþveiti bankanna. Verðfall og seinkuð sala bætist svo ofan á, og þetta veldur gjaldeyrisskorti, hvort sem það er sprottið af óforsjálni eða öðru.

Hv. þm. (E. E.) mintist á hina lögskipuðu yfirfærsluskyldu Íslandsbanka á árinu 1920 og fann það að stjórninni, að hún hefði ekki haldið bankanum til skyldunnar. En um það ber nú eiginlega ekki að ræða hjer; þetta er bankamál, og slík mál eru nú í alveg sjerstakri nefnd, sem hv. þm. (E. E.) er sjálfur í, og ætti því að láta það bíða þangað til sú nefnd skilar af sjer. Jeg skal nú samt geta þess, að stjórnin hefir haldið Íslandsbanka til skyldunnar á þann hátt, að bankinn gaf út tjekka til landssjóðs, sem námu 1 miljón króna. En þeir fengust eigi greiddir í Privatbankanum í Kaupmannahöfn. Stjórnin fær þannig bankann til að gera meira í þessa átt en hann er fær um, og gefa út yfirfærsluávísanir, sem ekki fást greiddar í hans aðalviðskiftabanka. Betri sönnun getur ekki fengist fyrir því, að stjórnin hafi haldið bankanum til þess að gera skyldu sína.

Jakob Möller: Já, þá er nú hart að gengið. Jeg ætla nú samt ekki að ganga hart að hæstv. stjórn, enda er þessi vantrauststillaga ekki borin fram af mínum hvötum. Jeg hefði kosið, að hún hefði verið seinna á ferðinni, því jeg hygg, að afstaða stjórnarinnar til ýmsra mála muni verða ljósari síðar. Enn fremur hefði mjer verið ljúfara, að þriðja mál dagskrárinnar í dag hefði verið rætt á undan, vegna þess, að jeg þykist hafa orðið var við einhver veðrabrigði hjá hæstv. stjórn í því máli, sem hefði getað haft áhrif á atkvgr. hjer í dag.

Það hefir verið sagt, að þessi stjórn hafi átt skamma setu. Það er nú að vísu svo, að stjórnin var skipuð á síðasta þingi. En þess er þó að gæta, að sjálft höfuð stjórnarinnar, forsætisráðherrann, er enginn nýgræðingur, þar sem hann hefir verið stjórnarformaður í 4 ár. Jeg tel hann fullreyndan, og reynslan er þannig, að jeg get ekki borið traust til stjórnar, sem hlítir forystu hans. Fyrsta skilyrðið fyrir því, að jeg geti borið traust til stjórnar, er það, að jeg geti treyst orðum hennar. En það er nú svo um hæstv. forsrh. (J. M.), að hann er margreyndur að því, að orðum hans er ekki treystandi. Það hefir þráfaldlega komið fyrir, að hann hefir gefið þinginu rangar og villandi skýrslur um opinber mál. Jeg skal ekki segja, hvor ráðherranna, hæstv. forsætisráðherra (J. M.) eða danski ríkisráðherrann, hefir sagt satt í landhelgisgæslumálinu, en jeg treysti mjer ekki til að sýkna hæstv. forsrh. (J. M.), og það því síður, þar sem hann í gær svaraði ekki ákveðnara en svo, að hann kvaðst ekki hafa talað um t i l b o ð, heldur um það, að k o s t u r væri á aukinni strandgæslu af Dana hálfu. Hann hlýtur þó að minnast þess, að hann sagði í umr. um landhelgisgæsluna hjer

á þingi: „Ef jeg hefði beðið dönsku stjórnina, þá væri það alt annað mál". Þar gaf hann í skyn, að hann hefði alls ekki leitað eftir tilboði eða beðið dönsku stjórnina. Nú segir danski ríkisráðherrann, að danska stjórnin hafi aðeins viljað verða við ósk íslensku stjórnarinnar. Hvernig hefir þá þessi ósk komið fram?

Þá getur hæstv. forsrh. (J. M.) með engu móti sannfært mig um það, að hann hafi ekki vísvitandi gefið ranga skýrslu á fundi dansk-íslensku sambandsnefndarinnar um hug Íslendinga í strandvarnamálinu. Þar sagði hann, að Alþingi mundi ekkert frekar kjósa en að komast hjá kostnaði við strandvarnir. Þetta er í berri mótsögn við það, sem fram var komið á Alþingi, bæði 1919 og 1920. Jeg gæti komið með fleiri dæmi, sem sönnuðu, hversu ábyggilegur hæstv. forsrh. (J. M.) er í orðum sínum, en hirði ekki að gera það að þessu sinni. Jeg get gert það síðar, ef hæstv. forsrh. (J. M.) æskir þess. Væri farið lengra aftur í tímann, mundu fleiri kurl koma til grafar.

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði í gær, meðal margs annars, sem jeg hygg að honum gangi treglega að rjettlæta, að stjórnin hefði í öllu farið eftir vilja undanfarandi síðustu þinga. Jeg skildi þetta svo, sem hann mundi þar eiga við innflutningsráðstafanirnar. Hafi hv. þm. (J. Þ.) meint þetta, þá er hægt að sanna honum, með prentuðum orðum hans sjálfs, að þetta er ekki rjett.

Í nefndaráliti samvinnunefndar viðskiftamálanna leggur nefndin til, að viðskiftahömlunum sje ljett af og numin úr gildi bráðabirgðalögin frá 15. apríl 1920, og viðurkennir hún með því, að það hafi verið stjórnin, en ekki Alþingi, sem kom viðskiftahöftunum á, þar eð hún telur, að þau byggist á tjeðum bráðabirgðalögum. Jeg heyri, að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) segir, að jeg hafi lesið skakt í nefndarálitinu; þar standi, að viðskiftanefndin falli burtu, en ekki viðskiftahöftin. Þetta er rjett að vísu, en það breytir því, sem jeg sagði, í engu að efninu til, því væri það ekki tilætlunin að afljetta viðskiftahöftunum, þá væri viðskiftanefndin ekki afnumin, því hún var einmitt til þess sett að framkvæma þau og halda þeim uppi.

Jeg þykist nú vita, að hæstv. fjrh. (M. G.) segi, að í heimildarlögum frá 8. mars 1920 felist leyfi fyrir landsstjórnina að takmarka innflutning bæði ónauðsynlegs og ónauðsynlegs varnings, en það er ekki hægt að teygja orð laganna lengra en þau ná, enda er útgáfa bráðabirgðalaganna frá 15. apríl 1920 sönnun þess, að stjórnin hefir ekki talið, að þessi heimild fælist í lögunum frá 8. mars 1920.

Jeg hygg það satt hjá hv. þm. Dala. (B. J.), sem hann sagði í ræðu sinni, að stjórnin ætli nú að fara að taka upp þann sið að eta afkvæmi sín. Frv. um viðskiftahöftin munu þessi forlög ætluð. En sá „nýi siður" getur ekki aukið traust mitt á stjórninni. Jeg skal í þessu sambandi minna á ræðu hæstv. fjrh. (M. G.), sem hann ljet fylgja fjárlagafrumvarpinu, þar sem hann sagðist eigi geta talað við þá menn, sem vildu afnema innflutningshöftin. Ná er fullyrt, að stjórnin ætli þó að fallast á að afnema þau. Hvað hefir þá breyst síðan hæstv. fjrh. (M. G.) hjelt því fram í þessari ræðu, að gjaldeyrisskorturinn stafaði af of miklum innflutningi, og eina ráðið til þess að bæta úr gjaldeyrisskortinum væri takmörkun á inn-

flutningnum? Jeg held sannast að segja, að lítil breyting hafi orðið á aðstöðunni síðan þessi orð voru töluð. En hvað á þá að koma í staðinn? Jeg hefi nú aldrei haldið því fram, að sú leið gæti ekki komið til greina, að hefta innflutning, til þess að jafna viðskiftin við útlönd. Hitt hefi jeg sagt, að ef þá leið ætti að fara, yrði að taka málið alt öðrum tökum en gert hefir verið. Allar aðgerðir stjórnarinnar í þessu máli hafa verið helbert óvitafálm út í loftið, og mun viðskiftamálanefndinni nú hafa tekist að sannfæra stjórnina um það, og hún því ákveðið að láta höftin falla niður. En ekki er fjárkreppan úr sögunni, þó að viðskiftahöftin sjeu afnumin, því að hún stafar af því, að verð útfluttrar og aðfluttrar vöru helst ekki í hendur, og þann mismun verður að jafna á einhvern hátt. En sje innflutningshöftunum slept, sje jeg ekki, hvernig á að komast hjá því að taka lán.

Það gleður mig, ef hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) hefir ekki tapað á búi sínu síðastliðið ár; jeg hygg, að það sjeu ekki margir bændur, sem hafa þá sögu að segja, en ef svo hefði verið, að hann hefði nú tapað, þá vildi jeg spyrja hann að því, hvort hann mundi ekki heldur taka þann kostinn að fá sjer lán en að bregða búi, í von um það, að seinna kynni þó að rakna úr?

Eins er þessu varið með þjóðarbúskapinn. Sje hann rekinn með halla, safnast skuldir við útlönd, og þá kemur sú spurning, hvernig fara eigi með þennan halla, hvort heppilegra sje að láta hann standa á smáreikningum hjá ýmsum mönnum í ýmsum löndum, eða safna honum saman í eina heild, taka eitt stórt lán til að borga allar smáskuldirnar. Jeg skil nú varla, hvernig hv. þm. (Þór. J.) fær dulist, hvor leiðin muni heppilegri.

Jeg hefi hjer gengið út frá því, að hæstv. stjórn hafi fallist á þá tillögu viðskiftamálanefndarinnar að afnema innflutningshömlurnar. En nefndin hefir ekki framfylgt málinu út í æsar, heldur slept aðalatriði þess, hvernig fara á að því að standa skil við erlenda skuldheimtumenn, og þetta er því frekar athugunarvert, þar sem stjórninni á þó að vera heimilað að takmarka yfirfærslur (póstávísanir), þrátt fyrir það, þótt innflutningurinn sje gefinn frjáls. Meðan innflutningurinn var takmarkaður var það ekki nema eðlilegt, að hömlur væru lagðar á yfirfærslur gjaldeyris, en eftir að innflutningshöftunum er af ljett sýnist mjer það blátt áfram ósæmilegt að takmarka yfirfærslu gjaldeyris.

Einhver hv. þm. sagði, að þeir, sem vildu afnema innflutningshöftin, vildu skilja við landið eins og stýrislaust fley í stórsjó. Nú vil jeg spyrja þennan hv. þm. og aðra hv. fylgismenn stjórnarinnar, hvort þeim sýnist eigi, að stjórnin hrekist í þessu máli líkt og stýrislaust fley í stórsjó. Leiðirnar út úr fjárkreppunni voru tvær. Annari hefir stjórnin fylgt, en hefir nú yfirgefið hana, án þess að taka hina upp. Það er nægilegt til þess, að jeg get eigi stutt þá tvo hæstv. ráðherra, sem hjer eiga einkum hlut að máli.

Því hefir verið haldið fram, að ósæmilegt hafi verið að koma fram með vantraustsyfirlýsingu, sökum þess, að ekki mundi verða hægt að mynda nýja stjórn. En þetta er fyrirsláttur einn og á engum rökum bygt. Það hefir ekki verið reynt síðan 1917 að mynda samfelda meiri hluta stjórn, því að síðan

hefir sami maður ætíð flækst fyrir heilbrigðum aðgerðum þingsins þar að lútandi, en jeg fullyrði, að hve nær sem þingið hefir óbundnar hendur í þessu, þá takist því að mynda slíka meiri hluta stjórn. Þetta getur því eigi aftrað mjer frá því að greiða vantraustsyfirlýsingunni atkv. mitt.

Nú er hjer líka komin fram tillaga til traustsyfirlýsingar, og jeg get eigi varist því að segja það, að mjer þótti einkennilegur sá úlfaþytur, sem varð meðal fylgismanna stjórnarinnar, þegar hún kom fram. Maður hefði mátt halda, að þeim myndi ekki geta þótt um annað vænna, en í stað þess ráða þeir sjer tæplega fyrir reiði. Hví svo? Jeg beini þessari spurningu sjerstaklega að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem virtist sjerstaklega hneykslast á þessari traustsyfirlýsingu. Hann ætti þó að fagna tillögunni manna mest, því jeg varð þess ekki var í ræðu hans, að hann fyndi blett nje hrukku á stjórninni.

Því hefir verið haldið fram, að traustsyfirlýsingin væri óþinglega fram borin. Jeg get engan veginn fallist á það. Hjer á aðeins að ganga úr skugga um það, hvort stjórnin nýtur trausts eða ekki. Það verður ekkert tillit tekið til þess, þó að einhverjum hv. þm. komi illa að þurfa að gera skýra grein fyrir afstöðu sinni til stjórnarinnar. En annaðhvort vilja þeir láta stjórnina fara með völdin áfram, og þá er það skylda þeirra að gjalda henni traustsatkvæði, því þeir hljóta þá að bera traust til hennar. Ef svo er ekki, þá eiga þeir að gera sitt til þess, að mynduð verði önnur stjórn, sem þeir geta treyst.

Hvað því viðvíkur, að traustsyfirlýsingin sje óþingleg vegna þess, að flutningsmaðurinn (Gunn. S.) ætli sjer að greiða atkv. á móti henni, þá er nú því til að svara, að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gerir sig sekan í líku velsæmisbroti, því jeg veit ekki betur en að hann beri hjer, ásamt öðrum, fram frv., sem hann ætlar sjer að greiða atkvæði á móti, að minsta kosti um ákvæði þess, sem einmitt hann átti frumkvæði að. Nei, sannleikurinn er sá, að hin „rjettláta reiði" stjórnarsinna út af traustsyfirlýsingunni er sprottin af því, að þeir vita, að stjórnin er í raun og veru í minni hluta, þ. e. nýtur alls ekki trausts þingsins. Þeir vita, að stjórnin hefir fyrirgert öllu trausti með framkomu sinni, og blygðast sín fyrir að taka opinberlega ábyrgð á henni.

Það var sagt í fyrra, að hæstv. forsætisráðherra (J. M.) hefði meiri hluta fylgi þá. En ætli það sje samt ekki full ástæða til að vita, hvernig þeim meiri hluta er nú varið? Ef sá meiri hluti er ekki lengur til, þá hlýtur það að stafa af því, að störf stjórnarinnar þykja ekki hafa snúist landinu til heilla síðasta árið, heldur til óheilla. Og því má það þá ekki koma fram í beinni atkvæðagreiðslu um traust eða vantraust?

Jón Auðunn Jónsson: Herra forseti! Jeg óska eftir að fá leyfi til þess að leggja þá fyrirspurn fyrir hv. 1. þm. Árn. (E. E.), hvort honum muni eigi hafa orðið það á að taka skakka ræðu upp úr vasa sínum eða leggja út af skökkum taxta. Mjer fanst, að það hlyti að vera, að ræðan hefði annaðhvort verið önnur en sú, sem átti að flytja, eða að það hafi komið í hans hlutskifti, líkt og var um hv. þm. Dala. (B. J.), að hafa framsögu í máli, sem hann vildi ekki hafa framsögu í.

Ástæður mínar fyrir þessu eru þær, sem jeg skal nú greina. Hv. þm. (E. E.) vill slá því föstu sem stimpli á fjármála-

kreppuna, að hann sjálfur láni hengingarvíxla bændum austanfjalls. Hv. þm. (E. E.) verður að gæta þess, að hann stimplar ekki einungis sjálfan sig með þessum orðum, heldur líka Landsbankann og stjórn hans, og það að óverðskulduðu, því jeg veit eigi til, að stjórn bankans hafi lagt slíkt fyrir útibúin. Jeg hefi nú verið 16 ár í stjórn útibúsins á Ísafirði, og allan þann tíma hefir það aldrei verið lagt fyrir mig að veita landbúnaðinum víxillán, heldur annaðhvort sjálfskuldarábyrgðarlán eða lán gegn veði í fasteignum. Jeg hefi aldrei vitað landbúnaðarlán tíðkast með víxlum. Til landbúnaðar er lánað með alt öðrum kjörum, svo sem sjálfskuldarábyrgðarlán og með veðrjetti í jörðum og öðrum eignum. Þessa fjármálapólitík hv. þm. (E. E.) í útibúi hans austan fjalls má með engu móti skoða sem stimpil á Landsbankann.

Hv. þm. (E. E.) talaði um, að lánstraust landsins væri farið erlendis. Mjer þykja þessi ummæli því undarlegri, sem hv. þm. (E. E.) hlýtur að vera kunnugt um, að Landsbankinn hefir nú mjög nýlega tekið stórlán erlendis með aðstoð stjórnarinnar og á ábyrgð ríkissjóðs. Jeg veit ekki, hvar á að leita að ósæmilegum ummælum, ef þessi eiga ekki að teljast ósæmileg. Þótt hv. þm. (E. E.) vilji koma stjórninni fyrir kattarnef, þá má hann ekki gera það á þennan hátt. Slík ummæli veikja traust þings og þjóðar og þeirrar stofnunar, sem honum ber skylda til að halda hlífiskildi yfir.

Þá sagði hv. þm. (E. E.), að stjórnin væri skyld til að tryggja landinu lánstraust erlendis. Hvernig má það verða? Væntanlega skýrir hv. þm. (E. E.) það nánar.

Hann sló því föstu, að land og þjóð væri í niðurníðslu, og að stjórnin ætti sök á því. Það mætti segja í ýmsum tilfellum, að stjórn ætti sök á því, ef landið væri í niðurníðslu. En þá ætti Alþingi líka sök á því. En jeg skil ekki, hvernig á að kenna stjórninni um það, þó að þjóðin sje í niðurníðslu. Jeg skil ekki meininguna. Líklega á það að vera svo, að stjórnin „demoraliseri“ svo hugi manna. „Fysiskt“ getur hún ekki eyðilagt þjóðina, þótt hún fegin vildi.

Allir þeir hv. þm., sem hafa álasað stjórninni fyrir að hafa ekki tekið lán, hv. 1. þm. Árn. E. E.), hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), vilja láta ríkið taka lán til þess að lána aftur Íslandsbanka. (**B. J.**: Jeg sagði bönkunum). Stjórnin hefir hjálpað Landsbankanum til lántöku. (**B. J.**: Ný upplýsing). Hæstv. fjrh. (M. G.) hefir gefið þá upplýsingu, og því ekki hægt að bera á móti því. Vildu ekki hv. þm. gera grein fyrir því, hvernig á að hjálpa Íslandsbanka? Á hinn bóginn er það tilefnislaus ásökun á stjórnina, að hún hafi ekki tekið lán handa bankanum, meðan bankinn gat ekki gefið neina viðunandi tryggingu, og bankinn hafði einu sinni ekki beðið um það. Nú lýsti bankastjórn Íslandsbanka yfir því við hæstv. fjrh. (M. G.) í Kaupmannahöfn í haust er leið, að hún byggist ekki við að þurfa hjálp landsstjórnarinnar til lántöku. Ef á að saka stjórnina fyrir að hafa ekki tekið lán, þá verður það að byggjast á ummælum bankastjórnarinnar. En það er kunnugt, að sá bankastjóri, sem mestu ræður í Íslandsbanka, og Kaaber, bankastjóri Landsbankans, voru sammála um það í haust er leið, að úr mundi rakna um áramótin. Þetta hefir þó brugðist. Mikið af framleiðslunni er óselt enn, verð hefir lækkað á útlenda

markaðinum og endurgjöldin ekki verið greidd enn.

Orð hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) og hv. 1. þm. Árn. (E. E.), um að bankarnir geti ekki annast greiðslur sínar erlendis, eru mjög óviðeigandi, sjerstaklega um Landsbankann. Þetta má ekki taka óskorað. Landsbankinn hefir altaf getað hjálpað, þar sem ákvæðin um viðskiftahömlurnar hafa ekki verið í vegi. Það er sjerstaklega undarlegt að heyra þetta af munni hv. 1. þm. Árn. (E. E.), sem veit vel sjálfur, að Landsbankinn gæti lánað öllum stórum viðskiftamönnum sínum til atvinnurekstrar. Að hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) slær þessu fram, er miklu fyrirgefanlegra honum en 1. þm. Árn. (E. E.), sem veit, að Landsbankinn hefir tjáð sig færan til að hjálpa sínum viðskiftamönnum.

Það hefir verið mikið talað um lán til atvinnurekstrar. Jeg get vel hugsað, að sem stendur eigi Íslandsbanki erfitt með að lána sínum viðskiftamönnum til atvinnurekstrar. Þetta orð, atvinnurekstur, er líka mjög teygjanlegt. Sumir hv. þm. virðast hafa tilhneigingu til að teygja það út yfir allar hugsanlegar athafnir manna. Það er ekki einasta notað um landbúnað og sjávarútveg, eins og rjett er, heldur og um allskonar iðnir. Það er ekki nóg, að nægilegt fje sje fyrir hendi; það verður að verja því skynsamlega. Ó t a k m a r k a ð rekstrarfje er ekki viðreisn atvinnuveganna. Hún verður að koma innan að, í bættu skipulagi á rekstri og öllu fyrirkomulagi. Ef hingað væri fengið stórfje frá útlöndum, mundi það verða herfilega misbrúkað undir þeim kringumstæðum, sem nú eru. Þegar vel gengur, hugsa atvinnurekendur um ýmislegt til bóta atvinnuvegi sínum, en á þrengingartímunum hugsa þeir um að spara og draga saman seglin, til þess að minka rekstrarkostnaðinn. Það má vel vera, að hv. 1. þm. Árn. (E. E.) takist að kippa öllu í lag, ef hann kemst í stjórnina, en ekki hefi jeg mikla trú á því. Hann auðkendi mikla menn með því, hvað þeir hefðu getað og viljað. Eftir að hafa lesið hina 11 paragraffa hv. þm. (E. E.), sem hann smurði upp, þegar hann bauð sig fram til þingsetu, þá hugsaði jeg, að hann ætlaði sjer að verða mikilmenni með því að lofa miklu. En jeg ætla að bíða með að lofa hann sem mikilmenni þangað til hann hefir efnt loforðin þau.

Þá eru það nokkur orð út af dagskrá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, að hún væri fullkomlega þinglega og sæmilega fram borin. Jeg vil spyrja hv. þm. (Jak. M.), hvort honum þætti það sæmilegt, ef stjórnin hefði beiðst trausts og vissi, eftir að málið væri komið á dagskrá, að hún gæti ekki fengið það, en vissi hins vegar, að vantraust mundi felt, að einn af fylgismönnum hennar stæði þá upp og bæri fram vantraustsyfirlýsingu, en lýsti því jafnframt, að hann greiddi atkv. á móti henni? **(Jak. M.:** Það er heimilt). Já, heimilt, en ekki sæmilegt.

Eiríkur Einarsson: Það gleður mig, hvað ræða mín verkaði fljótt á hæstv. fjrh. (M. G.). Hann var sem sje uppi eins og naðra undir eins og jeg hafði lokið máli mínu, og hjelt jeg, satt að segja, að hann hefði ekki þann fítonskraft til að bera, sem raun var á við þessi andsvör hans. — Honum fanst ræða mín taka fullan klukkutíma, en það var nú ekki nema hálftími. Jeg skil vel, að honum þyki þessir tímar langir, og ræðurnar, sem fjalla um

stjórnarafrek hans, skoðuð í rjettu ljósi, óþarflega fjölorðar. Hæstv. fjrh. (M. G.) verður að drekka af þeim bikar eins og hann er að honum rjettur, en ekki eftir því, sem hann kýs sjer hann.

Hæstv. fjrh. (M. G.) fór mjög í flæmingi, er hann vildi verja gerðir sínar í bankamálunum. Hvað sem hann segir, er landsstjórnin yfirstjórn bankanna, þeirra beggja, og ber skylda til að hafa yfirumsjón með þeim og sjá um, að starfsemi þeirra haldist í forsvaranlegu horfi.

Fátt sýnir betur þá eðlisgáfu hæstv. fjrh. (M. G.), að flýja og hlaupa í felur undan ábyrgðinni, en sú viðleitni hans að bregða vesalings hæstv. atvrh. (P. J.) fyrir sig, af því það sje hann, sem fari með bankamál. En hæstv. fjrh. (M. G.) verður ekki kápan úr því klæðinu. Bæði er það, að ráðherrarnir bera sameiginlega ábyrgð á stjórnarathöfnum, ekki hvað síst hinum stærstu málum, svo sem bankamálum, og svo var það vitanlegt, að í Danmerkurförinni á síðasta hausti var hæstv. fjrh. (M. G.) einmitt að böglast við fjármál, og þá auðvitað bankamál, eða hvaða embættisstarfi gegndi hann öðru en bankamálum, er hann í umræddri utanför sinni átti tal og ráðgaðist við bankastjórana að heiman um lántökur, eftir því sem hann hefir sjálfur skýrt frá? Hafi bankastjórarnir ráðið hæstv. fjrh. (M. G.) frá lántökum, þá var það ótvíræð skylda hans að hafa vit fyrir þeim, eða rjettara sagt Íslandsbankastjóra, því hann var þar þeirra yfirmaður, en þeir ekki hans. Eða jeg vil spyrja hæstv. fjrh. (M. G.), hvernig hann gat fallist á það, að Íslandsbanka t. d. bæri ekki brýn nauðsyn til að gera alt, sem unt var, til þess að greiða úr þeim ógöngum, er hann þá var kominn í? Jeg veit ekki betur en að þá væri ókipt í lag hinni alþektu, alt að 1 milj. kr. ávísun, er bankinn hafði gefið út handa póstsjóði til greiðslu í viðskiftabankanum í Kaupmannahöfn, og neitað var þar innlausnor, og jeg hygg, að það mál sje ekki komið í rjett horf enn þá. Og jeg veit ekki betur en að á þessum utanfarartíma fjrh. (M. G.) hafi yfirfærslur Íslandsbanka verið komnar í hið megnasta ólag, og Íslendingar farnir að fá á sig vanskila- og uppgjafarorð fyrir bragðið. Hvað var sjálfsagðara en að fjrh. (M. G.), hefði hann verið maður með mönnum, beitti áhrifum sínum til hins ítrasta til lagfæringar í þessu efni? Og með hverju var það líklegra en að hafa áhrif á það, að bankinn útvegaði sjer „kredit“ til þess að komast á rjettan kjöl og út úr vanskilum, sem stofnað höfðu þessari þjóð í mikinn vanda. Í stað þess að beita sjer að þessu leyti, lætur fjármálaráðherra sjer nægja orð Íslandsbankastjóra um, að ekki sje ástæða til lántöku eða aðgerða. Þetta þykir honum góð frammistaða og segir, að slíkt sje vottfast. Það er öðru nær en að yfirfærsluvandræðunum sje farið að linna; þau eru altaf að verða meira og meira tilfinnanleg. Jeg veit t. d., að svo langt er komið, að utanríkisstjórn Breta hefir sent hingað umkvartanir vegna þess, að rjettmætar kröfur þarlendra manna fáist ekki greiddar frá Íslandi. Má nærri geta, hve megn sú óánægja er þar, úr því stjórn Breta er fengin til íhlutunar. Svo langt er komið, að það er jafnvel mjög erfitt að fá gjaldeyri fyrir ýmsar mestu nauðsynjar frá útlöndum. Er auðsætt, hvert alt þetta stefnir. En samt sem áður klifar hæstv. fjrh. (M. G.) á því, að ekki eigi að taka lán; það hefir hann sýnt í verkinu, og það hefir hann sagt hjer á Alþingi, þó

að hann vilji nú ef til vill fara að slá þeirri stjórnmálaskoðun sinni á dreif, þegar í óefni er komið. Nei, eins og margsinnis hefir verið tekið fram, var líklegasta leiðin til þess að vernda viðskiftasóma og viðskiftaöryggi þjóðarinnar gagnvart öðrum ríkjum, að tryggja lán erlendis, er hægt væri að grípa til í framkominni og óframkominni nauðsyn, en ekki til neinna glæfra eða spekúlationa, sem fjrh. (M. G.) er að tæpa á, til þess að leiða málefnið á villuveg. Hæstv. fjrh. (M. G.) verður að standa þjóðinni reikningsskap þessarar ráðsmensku sinnar, og það verður honum erfitt. En við mig má hann segja það, sem honum þóknast. Og jeg vil spyrja: Er það viðeigandi að þegja um þær fjármálatorfærur Íslendinga hjer í þingsalnum, sem eru til umræðu og vekja megna óánægju í erlendum ríkjum? Nei, það sannar vel, hvern skilning hæstv. fjrh. (M. G.) ber á hag bænda, er hann virðist hneykslast á því, að jeg nefndi óhaganlegt lánafyrirkomulag þeirra. Veit sá hæstvirti ekki, að það er bætt lánafyrirkomulag til handa bændum, sem nú þarf að vinda bráðan bug að? Öryggi þeirrar stjettar er ekki hvað síst fólgið í því að geta notið hagstæðra lánskjara í stað skyndilána, svo sem víxla, sem helst er þó að fá, er bankar sjá sjer ekki fært að festa fje sitt til lengri tíma. En hæstv. fjrh. (M. G.) hefir víst nóg fyrir sig að leggja og skilur ekki þarfir fátækrar bændastjettar.

Mjer þykir það í alla staði óviðeigandi, er hv. þingmenn hafa hjer orðið til þess að líkja hæstv. fjármálaráðherra, eða fjármálastjórninni nú, við látinn merkismann, Magnús Stephensen landshöfðingja, og fjármálastefnu hans. Hjer er svo ólíku saman að jafna, að slíkt er ekki sæmandi. Einskonar sparneytni kann þar að vera sameiginleg, en hins vegar var Magnús Stephensen framsýnn stjórnmálamaður, sem var vanur að sjá góð úrræði. En hæstv. fjrh. (M. G.) hefir nú, vegna þröngsýni, rekið upp á pólitiskt sker og brotið bát sinn. Skjaldsveinn ráðherra gerir honum því bjarnargreiða með þessu.

Við hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) þykir mjer varla taka að elta ólar. Það er ekki jeg, sem hefi gripið til rangs texta, heldur hann, sem tekið hefir skakka „pólíhæðina“, sem kallað er. Hann er að burðast með vantraust á mig, í staðinn fyrir stjórnina. Hvað vill sá hv. þm. (J. A. J.) vera að tala um víxla og bankaviðskifti í öðrum útibúum en sínu eigin á Ísafirði? Jeg hjelt, að hann ætti nóg með það. Enginn mun hafa beðið hann orð til hneigja um einhverskonar varnir fyrir Landsbankann. Sú stofnun á fullar varnir í breytni sinni. Það voru sameiginlegar syndir stjórnarinnar og Íslandsbanka, sem jeg ræddi um. Eða vill hv. þm. (J. A. J.) með rangfærslu blanda Landsbankanum þar inn í? Þegar þessi hv. þm. (J. A. J.) flutti ræðu sína, sem öll var um mig, sýndi hann svo mikla liðveislu-auðmýkt við stjórnina og fylgdi svo vel á eftir í anda hæstv. fjrh. (M. G.), að mjer finst, sem um hann sje kveðin kesknisvísan, sem skólapiltar sungu áður fyr: „Jeg er attaníoss“.

Þá vildi hv. þm. Ak. (M. K.) gera sitt til. Hann ætlaði að verða skáldlegur, en varð til athlægis. Mintist hann á mig í sambandi við heilmörg lagaboðorð. Best fyrir hv. þm. (M. K.) að vera ekki að telja þau. Hann kann illa það fyrsta. Hefir hann nú mjög gerst

sekur um afguðadýrkun, er hann fellur fram fyrir hinu þríhöfðaða skurðgoði og veitir því lotningu. Mun sú tilbeiðsla naumast hætta fyr en skurðgoðið verður brotið og mýsnar hrynja út úr búknum, eins og einu sinni átti sjer stað. Sjer hv. þm. (M. K.) þá, til hvers hann hefir varið matfórnum sínum. Þótt það ætti fyrir mjer að liggja að verða sú bjarta stjarna, sem hv. þm. (M. K.) talaði um, mundi jeg einna síst láta ljós mitt skína á hann frammi fyrir hinu þríhöfðaða skurðgoði.

Jeg man ekki, hvort fleiri hnútum hefir verið kastað til mín, sem vert sje að svara. Ef svo væri, þætti mjer gott að vera mintur á það. Get jeg því lokið máli mínu að svo komnu.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg ætla mjer ekki að eltast við persónuleg illyrði eða hnútur, sem varpað hefir verið í minn garð, svo sem því, að jeg sje meðalmaður, sem sækist eftir vegtyllum. Slíkt kemur þessu máli svo lítið við. En hv. 1. þm. Árn. (E. E.) vil jeg segja það, að hann kemst aldrei svo hátt að vera talinn meðalmaður. Hann verður að láta sjer nægja að vera af öllum hv. þingmönnum talinn skilningslaust grautarhöfuð og þokuhali þeirra reikistjarna, sem honum stjórna og teyma hann fram og aftur eins og hund í bandi um hið pólitíska Ódáðahraun, er þeir hafa búið til.

Það er annars þessi hv. þm. (). E.), sem einna mest hefir kveðið að hjer í andófinu og hæst hefir látið í, og hefir málstaðurinn fengið þar verðugan leiðtoga. Hann talaði allmikið um bankamál, og á þann hátt, að skoðast mætti sem heimboð til að rannsaka bankann hjá sjálfum honum. Annars þarf jeg ekki annað til að komast að raun um fjármálaspeki þessa hv. þm. (E. E.) en líta í reikninga útibús þess, fyrir árið 1919, er hann stjórnar. Þessir reikningar sýna sem sje það, að þessi hv. þm. (E. E.) hefir á því ári unnið það meistarastykki að láta útibúið tapa, einmitt á því ári, sem allir bankar og allir sparisjóðir græddu meira en nokkru sinni áður, Íslandsbanki t. d. 2½ milj. kr. Þetta er nú fjármálaspeki hv. 1. þm. Árn. (E. E.). Það er ekki furða, þó að hann geri sig breiðan og látist hafa vit á fjármálum og bankamálum. Það er ekki furða, þó að hann telji sig sjálfkjörinn dómara í slíkum málum, hann, sem hefir 1919 stjórnað útibúinu sínu heimskulegar en nokkur dæmi eru til hjá fákænustu sparisjóðsstjórnum. Það er ekki furða, þótt þessi pólitíski reikistjörnuhali geri sig að dómara yfir mjer. En jeg læt hann vita, að jeg viðurkenni ekki hans dóm og bíð rólegur dóms þess hjá þjóðinni, sem hann ætlaði að hræða mig með. Við verðum báðir dæmdir við næstu kosningar, og get jeg vel beðið þess. Annars koma bankamálin í heild sinni til umræðu síðar, og gefst þá færi á að segja nokkur alvöruorð við þennan hv. þm. (E. E.), ef hann skyldi þá enn vera eins upp með sjer og nú.

Það var sagt í gær, að stjórnin hefði ekkert gert til þess að hjálpa atvinnuvegunum. Alt á að vera stjórninni að kenna, — það er svo sem ekki nýtt. Það er einstaklega þægileg aðferð fyrir þá, sem ekkert geta sjálfir, að slengja öllu á aðra, og þá helst á stjórnina.

Mjer skildist þessi sami hv. þm. (E. E.) álíta, að stjórnin hefði ekkert gert til að hjálpa Árnessýslu í fyrra í harðindunum. En hafi svo verið, fer hann vísvitandi með rangt mál, því hann veit, að stjórnin sendi þangað mikið af

síld til skepnufóðurs og lánaði sýslunni andvirðið, og mikið af því er óborgað enn. Fól sýslunefndin hv. þm. (E. E.) að innheimta andvirðið, en hann hefir nú með sínum venjulega dugnaði sagt því starfi af sjer, eftir að hafa marglofað borgun eftir skamman tíma.

Ummæli þm. (E. E.) um yfirráð mín yfir bönkunum sýna svo mikla vanþekkingu, að allir þm. aumka hann. Veit hann þá ekki, að það er atvinnumálaráðherra, sem er yfirmaður bankanna?

Um lán handa ríkissjóðnum fór hann mörgum orðum, sem jeg hefi svarað á öðrum stað og hirði eigi að endurtaka hjer, en mikil er sú heimska, sem lýsir sjer í því, að alt megi bæta með lánum.

Þá var sami hv. þm. (E. E.) að tala um það, að veðdeild Landsbankans væri ómöguleg, og getur hann, sem starfsmaður bankans, átt um það við sjálfan sig og sína yfirboðara, hvernig hann fer hjer að því að halda uppi virðingu og áliti bankans. Eina bótin er, að enginn tekur mark á orðum hans.

Þá kom hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) og vildi helst tala um viðskiftahöftin, og kom þar með gamlar og marghraktar missagnir um afstöðu stjórnarinnar. Þarf jeg ekki að rekja það hjer, en get vísað til þess, sem jeg hefi áður sagt um málið. En að öðru leyti skal ekki standa á stjórninni, þegar þessi mál sjálf koma hjer til umræðu.

Svo kom hv. þm. Dala. (B. J.), og var nú tiltölulega vingjarnlegur í minn garð, — hældi mjer jafnvel, — þó að hann hafi að sjálfsögðu orðið að vinna það upp á samverkamönnum mínum í stjórninni. Eitt aðalatriðið, sem hann talaði um, var annars gamla gróðasagan um lánið í Ameríku, þetta mikla bjargráð, sem stjórnin á að hafa vanrækt. Um þetta má auðvitað deila að eilífu. En benda má þó líklega á það, að hingað til hafa Ameríkumenn ekki verið taldir þeir skussar í fjármálum, að þeir færu að lána svona eitthvað út í loftið, aðeins til þess, að aðrir gætu grætt á þeim, og er sennilegt, að þeir hefðu eitthvað sjeð við þeim leka, að ekki færi gengismunurinn alveg í vasa okkar. Að minsta kosti hafa þeir sjeð fyrir því, er aðrar þjóðir hafa tekið lán. En fjármálaspekingurinn frá Vogi treystir sjer náttúrlega betur en öðrum til að fá hagkvæmt lán, en hitt er annað mál, hvort aðrir treysta honum jafnvel.

Hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að viðskiftahöftin hjeldu uppi dýrtíðinni í landinu, og að kaupmenn vildu afnema þau, svo þeir gætu jafnað verðfallinu milli þeirra vörutegunda, sem þeir hafa nú, og þeirra, sem þeir flyttu inn á næstunni. Ef þetta er rjett, þá er betra, að höftin hafi verið, því þá hafa kaupmenn ekki getað keypt eins mikið inn áður en verðfallið kom. (B. J.: Því verra, sem búið er að borga meira). En eftir því, sem minna er innflutt, því minna þarf að borga.

Þá þótti hv. sama þm. (B. J.) það undarlegt og ekki afsakanlegt, að stjórnin skyldi ekki taka síldina í sínar hendur. Það er nú svo komið, að ef stjórnin tekur einhverja vöru til þess að selja hana fyrir framleiðendur, þá er hún skömmuð, og geri hún það ekki, er hún líka bannsungin.

Viðvíkjandi barnakennurunum er það að segja, að það er ekki jeg, sem hefi kveðið upp þennan umtalaða úrskurð, heldur fyrirrennari minn, flokksbróðir þingmannsins, eins og hv. þm. (B. J.) hlýtur að vita. Jeg hefi ekki annað gert

en að fylgja þeim úrskurði, sem búið var að fella áður en jeg tók sæti í ráðuneytinu. En vitaskuld álít jeg úrskurðinn rjettan.

Að jeg breyti fjárlögunum eða borgi ekki út upphæðir þær, sem þar eru nefndar, er fjarstæða. Og það er misskilningur, að stjórnin sje skyldug að borga út alt, sem í fjárlögunum stendur, ef því er að skifta. T. d. ef maður deyr, sem á að fá styrk, hverjum á þá að borga? Eða ef maður tekur að sjer annað starf og sinnir í engu því, sem hann átti að fá styrkinn til, á þá að borga honum út? Nei, það getur ekki verið nein ástæða til að heimta slíkt af nokkurri stjórn.

Sigurður Stefánsson: Það mætti nú virðast að bera í bakkafullan lækinn að standa hjer upp og ræða um till. þá, sem liggur fyrir, svo mikið er búið um hana að segja, með og móti, og þó finst mjer, að jeg verði að kveðja mjer hljóðs.

Jeg bjóst við, þegar vantraustsyfirlýsing þessi kom fram, að á bak við hana lægju svo margar og þungar sakargiftir á hæstv. stjórn, að allir heilvita menn hlytu að sjá þær, þegar farið væri að reifa málið. Reynsla undanfarandi þinga hefir verið sú, að aldrei var af stað farið með slíkar till., nema nógar og gildar ástæður væru fyrir hendi. Jeg bjóst því fremur við þessu, af því að nú eru þeir tímar yfir okkur og fram undan, að þingið hefir annað og nauðsynlegra að starfa en að eyða í þetta mál, illa undirbúið, svona miklum tíma eins og raun hefir á orðið. Og það verð jeg að segja, að magrari framsöguræðu í slíku máli sem þessu hefi jeg aldrei heyrt heldur en hv.flm., þm. Dala. (B. J.), flutti hjer í gær. Öll þau atriði, sem hv. flm. (B. J.) bygði vantraust sitt á, hefir stjórnin nú hrakið lið fyrir lið, og það með miklu betri rökum. Því sá galli er á öllum þessum ákærum, þó að leitað sje með logandi ljósi, að þær byggjast sumpart á litlum eða engum rökum. Enda bera ræður þeirra manna, sem með vantraustinu hafa talað, merki þess, sem Matthías kveður einhversstaðar. Það eru „dauðastunur og dýpstu raunir" yfir öllu þeirra röksemdaleysi.

Stjórninni er í raun og veru kent um alt, sem miður fer nú í þjóðlífi okkar Íslendinga. Jeg ætla ekki að nefna neinn sjerstaklega af þessum hv. deildarmönnum, sem móti henni hafa snúist. En þeir hafa allir, eftir því sem mjer skilst, ætlast til, að þessi ársgamla stjórn ætti að vera jöfn guði almáttugum. **(Atvrh. P. J.:** Eða jafnvel betri).

Stjórninni er kent um, hvernig sjávarútvegurinn sje kominn og hvernig síldarmarkaðurinn hefir verið og er í útlöndum. En hjer kemur nú það til greina, að síldarútvegsmennirnir hafa ekkert kært sig um afskifti stjórnarinnar í því máli. Og jeg verð nú að segja það, að jeg skil ekki svo hlutverk neinnar stjórnar, að hún eigi óbeðin að troða sjer inn í verkahring og atvinnuvegi þjóðarinnar. Það er ekki lengra síðan en 1918, að stjórnin tók að sjer að selja síld fyrir útgerðarmenn. Og henni tókst það vonum betur. Þó sögðu ýmsir á eftir: þetta er illa selt. Við hefðum getað fengið hærra, hefðum við mátt ráða. Þetta eru nú þakkirnar. Og meðan þing og stjórn fær slíkar þakkir fyrir vel unnin störf vil jeg, að þeim sje svarað: þið verðið að hjálpa ykkur sjálfir.

Þetta er nú ein af dauðasyndum stjórnarinnar, að síldarmarkaðurinn

hefir brugðist á Norðurlöndum. Finst ekki hv. deildarmönnum þetta undarleg ákæra?

Þá er stjórninni gefið það að sök, að botnvörpuskipin liggja hjer við landfestar og fara ekki á flot. Hefir stjórnin lagt nokkrar hömlur á þennan útveg? Eða hafa útgerðarmennirnir komið til stjórnarinnar og beðið hana hjálpar?

Jeg held, að einhverjar aðrar og dýpri ástæður liggi hjer til grundvallar. Útgerðarmenn hafa keypt skipin á óhentugum tíma. Átti stjórnin að banna það, úr því enginn leitaði ráða hennar? Verðið á afurðum hefir fallið, og nú treysta útvegsmennirnir sjer ekki til að halda þessum dýru skipum úti.

Er nú þetta dauðasök á stjórnina? Átti stjórnin í sumar, áður en sjeð var fyrir þetta fjárhagsöngþveiti, að taka lán, sem hún hafði ekki hugmynd um að nokkur vildi nota?

Og nú er heimtað af henni að taka lán til að styrkja þá, sem fullyrða, að ómögulegt sje að halda úti án þess að tapa stórfje. Sumir eru nú það efnum búnir, sem betur fer, að þeir myndu geta haldið úti skipum sínum án nokkurrar lántöku, ef þeir sæju það ekki fyrir, að útgerðin getur á engan hátt borið sig. Það hljóta allir að geta litið í sinn eigin barm um þetta efni. Það gera víst fáir að gamni sínu að tapa stórum fjárhæðum, eða halda uppi atvinnurekstri, sem á engan hátt ber sig. Og nú er heimtað af stjórninni að hlaupa undir baggann og hjálpa. Jú, það skyldi gleðja mig, ef hún gæti það, þ. e. a. s. betur heldur en bankarnir, en hvernig geta menn ætlast til, að stjórnin eða ríkið „financieri" fyrirtæki, sem hinir vitrari menn og fróðu á þeim sviðum segja að sjeu dauðadæmd í bili?

Stjórninni er kent um, hvernig landbúnaðurinn sje kominn, og að hún eigi sök á því, hvað bændur sjeu illa staddir. Gat stjórnin sjeð fyrir, að svona gæti farið? Jú, segja andstæðingar stjórnarinnar, hún átti að sjá það, hún átti að taka lán til að hjálpa í væntanlegri neyð. En hjer rekur að sama, góðir menn, og með sjávarútveginn. Þessi atvinnuvegur er svo hlaðinn skuldum á skuldir ofan, að bankarnir geta ekki lánað. Og þegar peningastofnanirnar geta ekki lánað, á þá ríkið að taka reksturinn? Jeg get ekki sjeð, að hægt sje að saka stjórnina í þessu efni.

Þá er stjórninni kent um, að Íslandsbanki sje kominn í fjárkröggur, og því haldið fram, að stjórnin hefði átt að troða peningum upp á bankastjórnina, að henni nauðugri. Bak við allar þessar lántökur liggur ekki sú hugsun, að bjarga atvinnuvegunum, heldur það, að atvinnurekendurnir eigi að lifa og deyja upp á stjórnarinnar náð. En slíkur hugsunarháttur er áreiðanlega vissasta ráð til þess að fara með landið á hausinn. Landsstjórnin á ekki að vera hvekkur í hvers manns koppi.Hún á ekki að blanda sjer inn í þau mál, sem einstaklingar þjóðarinnar vita miklu betur deili á.

Stjórninni er kent um gjaldeyrisskortinn, og þó vita allir, að ráðstafanir hennar voru allar í samræmi við vilja síðasta þings. Þingið verður því að ásaka sjálft sig fyrir að hafa gefið þessar heimildir. En nú er það vitanlegt með þennan gjaldeyrisskort, að hann er ekki eins dæmi hjá okkur. Hann er engu minni í öðrum löndum, enda eru sömu ráð höfð þar og hjer. Það má nú segja sem svo, að stjórnin hefði getað ljett af þessum viðskiftahöftum fyr, en jeg verð þá að segja fyrir mig, að hefði jeg verið í stjórninni, þá hefði

jeg talið rjettara, þegar svona skamt var til þings, að láta slíkar ráðstafanir bíða og lofa þinginu að hafa síðasta orðið um það mál.

Það, sem felst þá í öllum þessum ásökunum, sem komið hafa fram í umr. og stefnt er að stjórninni, er þá þetta: Stjórnin á alstaðar að grípa fram í, þegar atvinnurekendum gengur ekki alt að óskum, með öðrum orðum, stjórnin á að búa fyrir alla atvinnurekendur landsins. En slíkum hugsunarhætti mótmæli jeg; hann er siðspillandi, enda leifar frá þeim gamla tíma, er Íslendingar lifðu og dóu upp á kongsins náð.

Það er eins og þurfi að gera alt aðrar ráðstafanir hjá okkur en hjá öðrum þjóðum. Þær telja viðskiftahöftin bjargráð, og næsta þjóðin okkur, Danir, munu nú hafa sannfærst um, að viðskiftahöftunum hafi verið of snemma ljett af þar í landi. Með þessu segi jeg ekki, að halda eigi þessum höftum, enda mun í ráði að upphefja þau. En svo skulum við bíða og sjá, hvernig fer. Þessi höft voru lögð á viðskiftin samkvæmt ályktun þingsins. Hefði stjórnin tekið slíkar ráðstafanir upp hjá sjálfri sjer, hugsa jeg, að margir hefðu frekar orðið til þess að ásaka hana. En einmitt af því, hvernig henni hefir farist í máli þessu, á hún miklu fremur skilið að fá þakkir þings og þjóðar.

Jeg ætlaði ekki að fara í orðahnippingar við einstaka hv. deildarmenn. Það hefir mikið verið talað um „lánleysi" stjórnarinnar, en hvernig sem fer um þessa vantraustsyfirlýsingu, þá verð jeg nú að segja það, að á henni er hinn mesti lánleysisblær.

Annars er hún alleinkennileg, þessi fjármálapólitík, sem nú hefir stungið upp höfðinu hjer í deildinni. Það er altaf klifað á því að taka lán á lán ofan, en aldrei minst á það, að lán þessi þurfi að borga, og hvernig eigi að borga þau. Og hvar á að taka fje í afborganir og vexti? Ja, kann ske með nýjum „hengingarvíxlum"? Eða á að hækka skattana? Svari nú þeir, sem hafa horn í síðu þessara nýju skattafrv. stjórnarinnar. Það er hægt að taka lán til arðvænlegra fyrirtækja; þau eru ekki hættuleg. En þessi eyðslulán, sem upp eru jetin fyrirfram, koma þjóðinni og ríkinu á kaldan klaka fyr en síðar.

Hvað sem sagt verður um Magnús Stephensen landshöfðingja, sem jeg þekti sem stjórnmálamann í 20 ár, og betur heldur en nokkur þeirra manna, sem nú sitja á þingbekkjunum, þá er mjer óhætt að fullyrða það, að hefði hann farið með stjórn landsins nú, þá myndi hann ekki hafa verið mánuð lengur ráðherra á þessu þingi án vantraustsyfirlýsingar, og segi jeg það honum til lofs.

Jón Baldvinsson: Það mun þykja hlýða að gera grein fyrir atkv. sínu, í ekki vandaminna máli en því, sem hjer liggur fyrir, hvort menn vilja lýsa trausti eða vantrausti á þeirri stjórn, sem með völdin fer í landinu. Stjórnin er, eins og kunnugt er, aðeins ársgömul, en samsteypustjórnarfyrirkomulagið er síðan í ársbyrjun 1917. Þá voru flokkarnir svo lamaðir, að þingið sá sjer ekki annað fært en að búa til þessa þríhöfðuðu stjórn.

Þessi stjórn, sem ræður manna hafa nú snúist um í 2 daga, er mynduð úr öllum flokksbrotum þingsins, sem á síðasta þingi tókst að koma upp dálitlum meiri hluta í bili. Það geta því varla hugsast ósamstæðari öfl en þau, sem þessi stjórn bygðist á. Og þetta er aðalmeinið.

Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, að í nágrannalöndunum væru samskonar samsteypustjórnir eins og hjer. En þetta er ekki rjett.

Stjórnirnar þar eru myndaðar af heilsteyptum flokkum, þar sem menn skipast um ákveðnar stefnur, og þessir flokkar bera svo ábyrgð á stjórninni.

En hjer er alt öðru máli að gegna. Engir fastir og ákveðnir flokkar standa á bak við þessa stjórn. Og þegar hún var mynduð á þinginu í fyrra, töldust stuðningsmenn hennar vera úr flestum eða öllum flokkum eða flokksbrotum á þinginu, þó að aðrir í þeim sömu flokkum vildu hvorki heyra hana nje sjá. — Þannig er talið, að stjórnin hafi verið mynduð með stuðningi 1 manns úr sjálfstæðisflokknum, líklega óskiftum stuðningi heimastjórnarflokksins sáluga, — því hann lagði til tvo ráðherrana, — nokkrum hluta Langsum-bandalagsins, — þaðan er hæstv. fjrh. (M. G.) kominn í stjórnina, — og loks með stuðningi eða hlutleysi framsóknarflokksins, eða meginþorra manna úr honum.

Sá meiri hluti, sem á þennan hátt er myndaður um núverandi stjórn, með allsendis óákveðnum stefnum í stórmálum þjóðarinnar, getur ekki verið haldgóður.

Stjórnin hefir ekki haft tækifæri til að leggja mál fyrir þingið fyr en nú, en af þeim má einnig sjá, hversu alt ráð stjórnarinnar er á reiki og hversu fjarskyldar stefnur rekast á í þessum málum, og má nefna þess mörg dæmi.

Hæstv. fjrh. (M. G.) leggur nú fyrir þingið ýms frv. um tekjuauka. Meðal þeirra er frv. um einkasölu ríkisins á tóbaki — og áfengi. Hjer er mál á ferðinni, sem ætla mætti að dregið gæti að sjer fylgi þeirra manna, sem þeirri stefnu fylgja, að ríkið afli sjer tekna með verslunarrekstri. Meðal þeirra manna er jeg, og gæti jeg því fylgt hæstv. stjórn að miklu leyti um þetta mál. En svo fer að vandast málið, því samhliða þessu frv. leggur hæstv. fjrh. (M. G.) fyrir þingið skattafrv., sem gengur svo nærri þeim, sem litlar tekjur hafa, að fádæmum sætir. Skattalögin gömlu frá 1877, sem nú gilda, mega sannarlega hátíð heita hjá þessu frv.; þar er ekki gert ráð fyrir, að skattur sje tekinn af lægri tekjum en 1000 kr., og var þó verðgildi peninga margfalt hærra þá en nú. Enda mun áætlunin þá hafa verið sú, að verkalýður allur og fátækara fólkið slyppi við skattgreiðslu. En í þessu frv. er skift um, og eftir því á að heimta skatt af 500 kr. tekjum, og mega allir sjá, hve ranglátt þetta er gagnvart fátækum og tekjulitlum verkalýð landsins. Þeir, sem hafa háar tekjur, sleppa aftur á móti ágætlega eftir frv.; á þeim á að lækka frá því, sem nú er. Þetta frv. er því há-„kapitalistiskt“, og menn freistast til að ímynda sjer, að hæstv. stjórn hefði með þessum tveim frv. haft þá tvo flokka fyrir augum, annars vegar socialista og þá aðra, sem ríkisverslun fylgja, en hins vegar með skattafrv. kapitalistana. En tollfrv. hæstv. fjrh. (M. G.) mætti ætla að væri handa hinum frjálslyndari mönnum, sem standa á milli þessara flokka. En eftir þessu virðist svo, sem hæstv. fjrh. (M. G.) hafi ætlað sjer að hafa eitthvað handa öllum.

Hæstv. forsrh. (J. M.) hefir lagt fyrir þingið frv. til laga um einkasölu á lyfjum. Það gæti á sama hátt verið gert til þess að draga að sjer fylgi þeirra, sem ríkisrekstri fylgja. En svo er nú eftir að vita, hvort þeir ætla sjer

að standa við þessi frv., eða hvort þeir ætla að falla frá þeim, ef andblástur verður gegn þeim í þinginu.

Þá er það hæstv. atvinnumálaráðherra (P. J.). Hann hefir lagt fram í hv. efri deild frv. um einkasölu á kornvöru. Þó að jeg sje nú ekki samþykkur ýmsum atriðum í frv. þessu, þá get jeg vel felt mig við stefnu þá, sem kemur fram í frv. En jafnframt þessu hefir hæstv. sami ráðh. (P. J.) borið fram í neðri deild Íslandsbankafrumvarpið alræmda, frv. um seðlaútgáfurjett og fleira. Og það mál er fram borið til þess að efla og festa í landinu þessa gróðastofnun einstakra manna, þrátt fyrir það, þótt sú stofnun hefði langsamlega brotið af sjer allan rjett til hlunninda frá þessari þjóð. Hefi jeg áður minst á það hjer í þinginu, að þessi bankastofnun hefði reynst allóþörf landinu. Og jeg sagði þá einnig, að það væri ekkert sjereinkenni fyrir þessa stjórn að veita bankanum ívilnanir; það hafa fleiri stjórnir, illu heilli, gert á undan henni. Þó hefir engin stjórn, fyr en þessi, beinlínis leyft eða liðið bankanum að fótumtroða lög landsins. Enda hefir aldrei komið jafnberlega í ljós og nú á síðastliðnu ári, hvílíkur háskagripur þessi stofnun getur verið landi og þjóð. Landinu var búinn af því hinn mesti fjárhagsvoði, þegar bankinn gat ekki eða vildi ekki yfirfæra peninga fyrir það, eins og honum þó bar lagaskylda til. Og þegar hann loks þóttist sýna lit á því, þá reyndist það tóm blekking. Landið fjekk hjá bankanum steina fyrir brauð, ónýtt pappírsblað fyrir fje. Hvað mundi vera sagt um einstaka menn, ef þeir gæfu út ávísanir, er ekki væru greiddar? En slíkt festir ekki á Íslandsbanka, að dómi stjórnarinnar, þótt hann geri sig sekan í þessu. Og hún mun vera einróma um það að vernda Íslandsbanka, eins og vel hefir mátt heyra af ræðum þeirra hæstv. fjrh. (M. G.) og hæstv. atvrh. (P. J.).

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að það væri ekki hægt að heimta af bankanum meira en hann gæti. Jeg vil nú skjóta því til hv. deildarmanna, hvort þeir viti til þess, að lögfræðingunum sje það nægileg ástæða til að falla frá kröfum sínum, þá er menn standa ekki í skilum, að þeir segist ekki geta borgað? Jeg held ekki. Jeg held, að þá sje gengið að.

Íslandsbanki var skuldbundinn til þess, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettarins, að inna af hendi yfirfærslur á peningum til útlanda. Úr því nú bankinn ekki fullnægði þessari skuldbindingu, þá gat stjórnin gengið að honum, svift hann seðlaútgáfurjettinum og komið honum undir yfirráð landsins, ef hún hefði viljað.

Jeg þykist vel skilja það, hvers vegna bankastjóri Íslandsbanka rjeð hæstv. fjrh. (M. G.) frá að taka lán handa landinu. Hann gat vel búist við því, að fjeð yrði notað til þess að leggja bankann undir landið.

Og ef stjórnin hefði gert slíkar ráðstafanir nógu snemma, í því skyni að ná bankanum undir sig, hefði það ef til vill getað gengið slysalítið og hljóðalaust.

Og ef landið rjeði bankanum núna, er jeg viss um, að atvinnuvegirnir væru ekki í annari eins kreppu og nú virðist vera.

Það fyrsta, sem hingað hefir frjest af tilraunum erlendra banka til að ljetta dýrtíðinni, er það, að þeir hafi gengið að spekúlöntunum, svo þeir urðu að setja niður braskvörurnar. Og verðfall á vefnaðarvöru og fleiri vörutegundum er að mestu leyti sagt bönkunum að þakka og knúð fram á þennan hátt.

Hjer fer Íslandsbanki, brjóstmylkingur stjórnarinnar, nokkuð öðruvísi að. Hann byrjar á því að gera kröfu til þess, að fátækur verkalýður setji niður kaup sitt. Hann hefir neitað atvinnurekendunum um rekstrarfje, nema því aðeins, að þeir lækkuðu kaupið hjá verkalýðnum, þrátt fyrir það, að slíkt sje bæði ósanngjarnt og raunar ómögulegt, því kaup verkamanna er nú fremur of lágt en of hátt, þegar tillit er tekið til þess, að lítil verðlækkun hefir enn átt sjer stað og atvinnuleysi sverfur að. Samt á að taka fje af fátækasta hluta þjóðarinnar, og útlendi bankinn ríður þar á vaðið. Ekkert slíkt hefir komið fram frá Landsbankanum. Hann hefir ekki, mjer vitanlega, neitað um rekstrarfje til útgerðarinnar. Íslandsbanki á því einn heiðurinn!

Það er ekki gott að geta sjer til um það, hvaða stefnu stjórnin muni taka í málum þeim, sem fyrir liggja. Ekki ólíklegt, að hún hallist eftir því, sem vindurinn blæs. Og þótt jeg nú fylgi sumum þeim málum, sem stjórnin ber fram, þá þori jeg þó ekki að treysta henni í meðferð þeirra, þar sem hún ber fram jafnsundurleit frumvörp og raun er á orðin, og það því síður, sem dagskrá er fram komin frá samþingismanni mínum, hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), um að vísa vantraustinu frá. Hefir sá hv. þm. (J. Þ.), er þá dagskrá bar fram, líklega von um, að hann fái stjórnina síðar til þess að fara að sínum ráðum, eftir þann ágæta stuðning, sem hann hefir með dagskránni veitt stjórninni. En ef svo er, að hann hafi einhverja von í þessa átt, þá er jeg ekki vongóður um afdrif minna mála.

Þótt þessi stjórn þykist halda fast við þetta eða hitt, þá er þó svo, þegar til alvörunnar kemur, að hún „sættir" sig venjulega við það, sem meiri hlutinn samþykkir, þótt það sje þvert á móti því, sem hún hafði áður haldið fram. Slíkri stjórn er ómögulegt að mynda um sig fastan flokk, áhugamálin eru engin, ekkert annað en losaralegt fálm út í loftið. Og það sem verra er, meðan slík stjórn er uppi í landinu er ekki hægt að mynda neina flokka eða hreinar línur, því starf hennar og styrkleikur er í því fólgið að koma í veg fyrir slíkt. Og málin mótast ósjálfrátt af þeim glundroða, sem ríkir í stjórninni. Það er reynt að teygja sig svo langt, sem kostur er á, til þess að hafa eitthvað handa öllum, og reynt að sameina hinar sundurleitustu stefnur og skoðanir, en útkoman verður sú, að allir eru óánægðir. Það þarf að hreinsa þessa óhollustu úr hinu pólitíska lífi og mynda hreinar línur. Að því miðar till. hv. þm. Dala. (B. J.), og mun jeg því greiða henni atkvæði.

Út af því, sem hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að þeir, sem töluðu með vantrausti á stjórnina, mundu vera í hinum nýja flokki, sem ætlaði að mynda nýja stjórn, þá vildi jeg lýsa yfir því, að jeg er ekki í þessum flokki, ef hann er til, og hefi engin samtök gert um þessa till. Hefi aðeins tekið afstöðu til hennar, eins og hvers annars máls, sem til atkvæða kemur í þinginu.

Gunnar Sigurðsson: Sný jeg mjer fyrst að hæstv. fjrh. (M. G.), til þess að leiðrjetta misskilning hans á orðum mínum um lántökuna. Jeg sagði, að flestir, að minsta kosti sunnanlands, hefðu sjeð nauðsyn þess, að ríkið tæki lán, og að það þýddi ekki að vera að reyna að sannfæra þingið um, að

spekúlationslán væru ægilegur hlutur og gengi glæpi næst. Jeg sje ekki neitt óheiðarlegt í því að taka lán á hagstæðum stað og hagstæðum tíma og hagnast á gengismuninum. Það má vel vera, að hægt sje að telja Skagfirðingum trú um þessar firrur, en ekki mjer eða þinginu.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að það væri bókað í ráðherrabókina, að stjórnin hefði aldrei ætlað sjer að halda fast við kornvörufrv. En jeg verð þá að segja það, að ef slík bókun fylgir flestum frv. stjórnarinnar, þá sje jeg eftir pappírnum, sem í þau hefir verið varið.

Hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sagði, að Landsbankinn hefði nóg fje. Það er vissara að halda þessu fram við aðra en Reykvíkinga, sem þekkja ástandið eins og það hefir verið.

Jeg skal ekki fara langt út í húslestur hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), en vil þó aðeins benda honum á það, að hvar værum við staddir nú, ef ekki hefði verið tekið lán, og hvar munum við verða staddir eftir nokkur ár, ef ekkert verður til þess gert nú að bjarga landinu og atvinnuvegunum? Það hlýtur að vera áhugamál allra góðra manna að reyna að bjarga nú, og það verður ekki gert með öðru en því að taka lán.

Jeg fyrirgef hv. þm. Ak. (M. K.) þau stóryrði, er hann ljet falla hjer í gær í minn garð. Þau voru í reiði sögð. Hann kallaði mig þá meðal annars ófyrirleitinn ofstopa. Slík ummæli um mig hefi jeg aldrei heyrt, og hefi jeg þó komist í kynni við marga götustráka. Í sömu andránni var þm. (M. K.) að minna menn á að hegða sjer þinglega. Jeg skýt því nú til hv. deildar, hvort henni fanst ræða þessa hv. þm. (M. K.) svo þingleg, að hún væri fyrirmynd. Fautalegri skammir hefi jeg naumast heyrt. Og ef þessi hv. þm. (M. K.) vill fara að hafa menn í skóla hjer í deildinni og kenna mönnum kurteisi, þá er jeg að minsta kosti sá oflátungur, að jeg frábið mjer allri slíkri kenslu. **(M. K.:** Mætti jeg þakka fyrir).

Það er dálítið undarlegt, hvern úlfaþyt, ugg og æsingar dagskrá sú, er jeg flutti, hefir vakið í hv. deild. Það kom mjer að vísu ekki svo á óvart, að það, að nefna traust í sambandi við hæstv. stjórn, myndi láta illa í eyrum manna, og vissi, að það var eins og að nefna snöru í hengds manns húsi. En hitt er aftur á móti skringilegt, hve margir af þeim háu þingherrum verða alt í einu kvikukærir fyrir virðingu og sóma þingsins í sambandi við dagskrána, og ætla að ganga af göflunum yfir því, hve hún sje óþingleg, þar sem jeg hefi lýst yfir, að jeg greiði atkvæði á móti henni. Þetta er því undarlegra, sem einn af ráðherrunum hafði í næstu ræðu áður en jeg bar fram dagskrána lýst hátíðlega yfir því, að hann mundi greiða atkvæði með sjálfum sjer. Er þetta þinglegt? Það er að minsta kosti ekki dæmi til þess á Alþingi fyr. Þetta ýtti undir mig með dagskrána; jeg vildi ekki bíða eftir fleiri þesskonar yfirlýsingum.

Mjer er nú spurn: Dettur nokkrum manni í hug, að þessi úlfaþytur sje af umvöndun fyrir virðingu og sóma þingsins, sje af því, að dagskráin sje ósæmilega óþingleg? Nei, nei. Það er af því, að þeir sárfáu menn, sem vilja greiða atkv. með trausti, eru svo fáir, að það kæmi sjer illa, að það kæmi fram. Hinum kemur aftur á móti óþægilega að greiða atkvæði með eða móti, svo jeg noti væg orð.

Það er einkarvel til fallið að velja hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) til foringja í þessu skyni. Það kynni að vera, að það

liti kynlega út í augum kjósenda hans, ef hann greiddi stjórninni traustsatkvæði.

Annars er fyrirslátturinn um, að dagskrá mín sje óþingleg, firra hin mesta. Það er öldungis sama, hvort vantraust kemur fram jákvætt eða neikvætt. Mörg lík dæmi eru í þingsögunni, og er skemst á að minnast, að sjálfur merkisberinn, hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) er nú flm. að frv. í deildinni, sem hann sjálfur hefir lýst yfir að hann sje á móti. Sömu skoðunar og jeg í þessu máli eru forsetar beggja deilda, og sá forseti neðri deildar, er lengst hefir verið forseti. Og til þess að sýna enn skýrar, að það er ekki óþinglega hliðin á dagskránni, sem áherslan er lögð á, þá skal það tekið fram, að jeg bauð að taka aftur dagskrána, ef engin „loðmullu"-dagskrá kæmi fram, en vantraustið fengi að koma hreint undir atkvæði.

Það þurfa að myndast skýrar línur í þinginu. Þeir menn þurfa, eins og jeg hefi tekið fram áður í ræðu, að sameinast, sem vilja gera sitt ítrasta til að komast yfir þá erfiðleika, sem nú standa yfir, með því að halda uppi framleiðslunni eins og mögulegt er, og reyna að finna úrræði til þess, að bankarnir geti yfirfært fje til útlanda, sem þá yrði með því að fá gengislán, eins og Norðurlandaþjóðirnar hafa gert. Því ef lengur verður látið reka á reiðanum með að greiða skuldir erlendis, verðum við álitnir gjaldþrota. En meðan sú stjórn situr að völdum, sem hefir vanrækt að hefjast handa í tíma, og sjer nú engin önnur bjargráð en innflutningshöft, aðgerðaleysi og úrræðaleysi á öllum sviðum, og lánleysi í tvöföldum skilningi, er ekkert hægt að gera. Eina ráðið er að taka rösklega í stýrið, annars fer alt í strand.

Magnús Pjetursson: Það var sagt af einum hv. þm., og ef til vill fleirum, að það þætti hlýða, að þm. alment gerðu grein fyrir atkv. sínu. Mjer finst jeg þá og skyldur til þess, og þá einkum vegna þess, að afstaða mín var önnur til hæstv. núverandi stjórnar, þegar hún myndaðist, en ýmsra annara þm.

Jeg hafði, ásamt öðrum úr bandalagi því, sem jeg þá var í, lýst yfir hlutleysi mínu til stjórnarinnar á því þingi og lofað að bregða ekki þegar í stað fæti fyrir hana. Beinan stuðning vildi jeg alls ekki veita henni, og þá einkum vegna þess, hvernig hún var mynduð. Hún var mynduð með bræðingi, eða, eins og hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) sagði, að ný stjórn mundi verða mynduð með því að taka sinn spóninn úr hverjum askinum, og enginn samfeldur meiri hluti stóð að baki henni. Samt sem áður vonaði jeg, að þessari stjórn tækist nú, með öruggri og ákveðinni stefnufestu og einbeittum framkvæmdum, að skapa sjer samfeldan meiri hluta og vinna sjer traust vor hlutleysingjanna, með því að bera fram stórmál og fylgja þeim fast fram.

En svo óheppilega hefir viljað til, — jeg segi óheppilega, af því að mjer hefði af beint persónulegum ástæðum ekki verið kærara að fylgja annari stjórn en þessari, — að með ýmsum framkvæmdum, svo sem viðhaldi viðskiftahamlanna úr hófi fram og skammsýni í að afla landinu gjaldeyrisláns, hafði stjórnin látið vonir mínar verða að engu alt fram að þingbyrjun.

Jeg var þó enn að vona, að hæstv.

stjórn tækist, þegar á þing kæmi, að greiða úr því flokksleysismoldviðri og vandræðum, sem nú ríkir á þingi og gerir íslensku þjóðinni ómetanlegt tjón á ýmsan hátt. Jeg hafði vonast eftir því, að stjórnin tæki þegar í þingbyrjun svo ákveðnar stefnur í fyrirliggjandi málum, að skapast gætu þá þegar hreinar línur og hreinir flokkar til stuðnings og andstöðu stjórninni. Og mjer er kunnugt um það, að sumir af bestu stuðningsmönnum stjórnarinnar höfðu vonast eftir og treyst því, að þessi stjórn myndi telja það eitt sitt hlutverk, og ekki það síðasta, að skapa hreinar línur með ákveðnum stefnum í innanlandsmálum. Þeir vonuðust eftir því, að stjórnin bæri fram sín áhugamál og ljeti framgang þeirra ráða um setu sína eða fráför, ljeti skríða til skarar. En enn sem komið er hefir þetta ekki getað orðið. Enn sem komið er hefir engin önnur ákveðin stefna komið fram hjá hæstv. stjórn en sú ein, að sitja. Hefði þó verið hæstv. stjórn innan handar að gera eitthvað af þeim málum, sem fyrir þinginu eru, að stefnumálum, og segja af eða á, hvort hún vildi hafa þau fram eða fara frá að öðrum kosti. Og tækifærin hafa verið lögð upp í hendurnar á henni. Við umræður um eitt mál (frv. um einkasölu á tóbaki) var gerð fyrirspurn til stjórnarinnar um þetta, en henni var ekki svarað. Og í umr. þeim, sem urðu í strandvarnamálinu hjer í deildinni, var stjórnin spurð um framtíðarfyrirætlanir sínar í málinu. Þar komu eigi heldur nein skýr svör. Þau voru svo loðin, að framsögumaður sagði, að stjórnin gæfi sjer sjálf vantraustsyfirlýsingu með þeim.

Af þessu öllu er einsætt, að stjórnin hefir brotið af sjer það hlutleysi, sem jeg hjet henni í fyrra til bráðabirgða. Jeg get ekki fylgt þessari stjórn, nje neinni annari, sem ekki styðst við ákveðinn meiri hluta og hefir enga stefnu aðra en þá, að sitja.

Jeg hefi samt engan þátt átt í því, að þessi till. er komin fram. Ef jeg hefði nokkru mátt þar um ráða, þá hefði jeg a. m. k. ekki viljað láta hana koma svo fljótt. Síðar hefði getað átt sjer stað, að þingið væri betur undirbúið, og síður hætta á, að líkt tækist til og í fyrra, því að enn er ekki loku skotið fyrir, að flokkar geti fest um stefnur á þessu þingi.

Jeg vildi mega athuga nokkur atriði í ræðum sumra þeirra þm., sem talað hafa, áður en jeg sný mjer að dagskrártillögum þeim, sem fram eru komnar og liggja hjer fyrir.

Það er þá fyrst hæstv. forsrh. (J. M.). Hann sagði, að vantraustsyfirlýsingin hefði tafið þingið nærfelt í mánuð. Þessu verð jeg að mótmæla. Jeg vinn nú í einni stærstu nefnd þingsins, og þar hafa verið haldnir fundir tvær stundir á hverjum degi og engar tafir orðið. Tafirnar eru engar, nema þá þessa daga, sem umr. um málið stendur yfir, enda hafði jeg ekki heyrt þetta fyr en af munni hæstv. forsrh. (J. M.). Og jeg mótmæli því í nafni þessarar nefndar, til þess að menn skuli ekki ætla, að hún hafi vanrækt starf sitt.

Hæstv. atvrh. (P. J.) talaði af hógværð og kurteisi, eins og hans var von og vísa, og ætla jeg ekki að fara út í þau mál, sem hann ræddi um. En eitt atriði í ræðu hans vil jeg minnast á. Hann lýsti yfir því, að hann væri fús að rýma sætið, ef þingið óskaði og færari maður fengist til, sem hefði fylgi meiri hluta þings, og var það honum líkt. En í sambandi við þetta duttu mjer í hug Gróusögur, sem gengið hafa um

það, að hann ætti að verða fórnarlamb til að friðþægja fyrir syndir stjórnarinnar, og við það ætti svo að sitja. Þetta þætti mjer illa farið. Jeg átel engan ráðherranna einn fremur öðrum, heldur stjórnina alla sem heild.

Hann talaði enn fremur um, að óreiða mundi verða og tíð stjórnarskifti, nema hugsunarháttur þm. breyttist. Þetta er satt að vísu, og þetta verður þar til flokkar myndast um mál og stefnur. En að því á einmitt stjórnin að vinna. En í þess stað reynir hún að halda uppi sömu ringulreiðinni og verið hefir nú upp á síðkastið.

Þá talaði hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) um það, að vantraustsyfirlýsingin spilti fyrir samúð og samvinnu meðal þingmanna. Jeg hefi nú aldrei orðið var við, að menn gætu ekki unnið saman, þótt sumir væru með stjórninni, en aðrir á móti. Og síst ætti það að spilla samúð og samvinnu, þótt eitthvað hreinsaðist til og skýrðist afstaða manna. En hitt spillir, þá er menn verða varir við, að aðrir gjóta hornaugum og sitja á svikráðum við stjórnina og hver við annan.

Jeg skal svo ekki tefja tímann lengur, heldur snúa mjer að dagskrártill. þeim, sem fram eru komnar. Af einni þeirra, traustsyfirlýsingunni, sem hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) bar fram, hafa þegar orðið hin mestu vandræði. Hún hefir verið talin óþingleg, og hefir verið stungið upp á ýmsum ráðum til þess að firra deildina hneisu af þessu. Jeg verð nú að segja það, að aldrei mundi jeg bera fram till., sem jeg væri sjálfur á móti, og get jeg því ekki talið aðferð hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) rjetta. En jeg vil leyfa mjer að benda á eitt ráð. Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) tekur sína till. aftur, og jafnskjótt tekur einhver stuðningsmaður hæstv. stjórnar till. upp, t. d. sessunautur hans og vinur, hv. þm. Ak. (M. K.). Þetta er algengt, að till. er tekin aftur og annar tekur hana upp, og þetta er líka fullkomlega þinglegt, og þá er tillagan borin fram af rjettum aðilja.

Jeg gat þess, að mjer hefði þótt vantrauststill. koma of fljótt fram. Jeg átti von á dagskrá, einmitt í þá átt, sem og nú er fram komin, frá hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.). Hana fjekk jeg að sjá, og virtist mjer hún, fljótt á litið, aðgengileg. En nú, er jeg hefi athugað hana betur, og einkum eftir að hafa heyrt hann tala fyrir henni, virðist mjer í henni felast grímuklætt traust til hæstv. stjórnar. Fyrir því get jeg ekki samþykt hana eins og hún er. Nú hafði jeg hugsað mjer að koma fram með algerlega hlutlausa dagskrá, en þar sem í raun og veru lítið skilur mig frá dagskrá hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.), þá vil jeg leyfa mjer að bera fram brtt. við hana, sem gerir hana hlutlausa. Brtt. er sú, að orðin „afstaða til núverandi stjórnar og“ falli niður. Þá felur hún aðeins í sjer það, að skoðanir þm. um stefnur og mál eigi að ráða stjórnarskipun, ef til kemur, en getur ekkert um afstöðu til núverandi stjórnar, enda get jeg ekki gengið inn á það, að afstaða til h e n n a r sje háð málum þeim, sem fyrir þinginu liggja, hjeðan af. Hún hefir svo margt af sjer brotið, að ekki væri þess vegna eftir neinu að bíða. Og þá hljóðar dagskráin svo, með leyfi hæstv. forseta:

> **„Þingdeildin álítur, að samtök um skipun nýrrar stjórnar, ef til stjórnarskifta kæmi, hljóti að ákvarðast af skoðunum þingmanna á ýmsum þeim stórmálum, er**

stjórnin hefir lagt fyrir þetta þing. En með því að flestöll þessi mál eru enn til meðferðar í nefndum, og þingdeildarmönnum því ekki gefist kostur á að ræða þau til neinnar hlítar eða taka afstöðu til þeirra, þá tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Ef þessi brtt. mín verður samþykt, mun jeg greiða atkv. með dagskránni. En verði brtt. feld, mun jeg greiða atkvæði með till. hv. þm. Dala. (B. J.).

Þorleifur Jónsson: Það er að bera í bakkafullan lækinn, að jeg fari nú einnig að tala í þessu máli. Það hefir nú fjöldi þingmanna tekið til máls í því, og jeg hefi litlu við að bæta það, sem áður hefir verið sagt um það efni.

Í fyrra vetur, þegar þessi stjórn var mynduð, þá var undir eins auðsjeð, að hún var mjög veik stjórn. Hún virtist ekki hafa eindregið fylgi neins ákveðins þingflokks. Raunar munu flestir úr heimastjórnarflokknum hafa stutt hana, og auk þess utanflokkasambandið á sína vísu, sem jeg skoðaði sem eindregið fylgi. En eftir því, sem hv. þm. Stranda. (M. P.) hefir lýst yfir, hefir það aðeins verið hlutlaus afstaða. Sama er þá að segja um framsóknarflokkinn. Í honum voru það aðeins 5—6 menn, sem hjetu stjórninni hlutleysi sínu á því þingi, eða að sinni. Það var aðeins með það fyrir augum, að tekist gæti að mynda löglega stjórn, að þetta var gert, og leit illa út um tíma, að þetta ætlaði að lánast.

Það mun enginn geta neitað því, að fylgi stjórnarinnar hafi verið mjög valt í fyrra, og þegar svo þess er gætt, að nú hafa 3 nýir þingmenn bæst við, sem eru beint kosnir sem mótstöðumenn stjórnarinnar, þá er ekki von, að fylgi hennar sje meira nú en þá.

Það má því heita, að stjórnin svífi nú í lausu lofti, og hlýtur það að vera mjög bagaleg afstaða fyrir hana. Það er líka afleitt ástand í þinginu, ef ekki er hægt að mynda samfeldan meiri hluta um stjórnina. Jeg veit ekki til, að hæstv. stjórn hafi nú það fylgi, að með nokkru móti sje við unandi, og gæti maður vænst þess, að hún fyndi sáran til þessa veikleika. En hvað sem þessu líður, þá hafði jeg búist við, að afstaðan til stjórnarinnar mundi skýrast betur, er á þingið líður og hin stærri mál, sem fyrir þinginu liggja, koma til meðferðar. Jeg hafði búist við, að þau hlytu að skapa annaðhvort fylgi eða vanfylgi, og stuðla þannig að trausti eða vantrausti.

En nú hefir till. hv. þm. Dala. (B. J.) orðið til að raska að nokkru rás viðburðanna. Verð jeg að taka undir með hv. þm. Str. (M. P.) um það, að sú till. sje of fljótt fram komin. Og skal jeg taka það fram, að hvorki jeg nje neinn úr mínum flokki hafa átt þátt í því, að hún kæmi strax fram. Jeg tel það ekki heppilegt að koma svo flótt fram með slíka till., áður en þm. hafa áttað sig til fulls á frv. stjórnarinnar og sjeð afstöðu hennar í ýmsum stórmálum, sem liggja fyrir og nauðsynlegt er að koma fram.

Það vantar ekki, að í þessum umr. hafi verið kastað mörgum hnútum til stjórnarinnar, sumum verðskulduðum, og mikið fundið að gerðum hennar. Sjerstaklega hefir verið fundið að því, að hún hafi ekki útvegað gjaldeyrislán á rjettum tíma, og á þann hátt reynt að greiða úr vandræðum þeim, er að steðjuðu. En líklega er stjórninni nokkur

vorkunn, þar sem hún hefir í byrjun reitt sig á Íslandsbanka, að hann gæti af eigin ramleik yfirfært peninga. En allir vita, að hann hefir reynst með öllu ómáttugur til þess. Stjórnin hefir því líklega verið í nokkrum vanda stödd, hvernig best yrði úr þessu greitt. En mjer finst ákaflega mikið velta á því, hvernig stjórninni tekst að ráða fram úr þeim vandræðum, sem þjóðin er komin í út af því, að ekki er hægt að fá póstávísanir eða peningaupphæðir „yfirfærðar" til útlanda.

Þegar það varð augljóst út á meðal landsmanna, að tekið væri fyrir viðskifti milli Íslands og útlanda, þá sló eðlilega óhug miklum á landslýðinn. Það hafði aldrei komið fyrir áður hjer, að til þess örþrifaráðs þyrfti að taka að banna að senda smápóstávísanir til útlanda. Það má því geta nærri, hversu mörgum brá við, er boð komu frá póststjórn í sumar leið, að nú mætti ekki senda hærri fjárupphæð en 50 kr. í póstávísun til útlanda. Þetta kom sjer auðvitað mjög illa fyrir alla, og ekki síst fyrir þá, sem þurftu að senda vandamönnum sínum erlendis fje, t. d. námsfólki. Það var enginn annar vegur en að senda slíkt í póstávísunum. Ekki þýddi að senda Íslandsbankaseðla; það leit enginn við þeim í Danmörku. Að vísu var oft hægt að fá leyfi viðskiftanefndar til að senda hærri fjárhæðir en þetta, en það kostaði jafnan mikið stapp og símakostnað, og auk þess mun það og hafa komið fyrir, að neitað hafi verið, þótt vart væri ástæða til. Þetta hefir því alt verið mjög óvinsælt hjá landsmönnum, og það því fremur, sem almenningur úti um land áttaði sig ekki á því, að íslenska ríkið væri komið í þá fjárkreppu, að slíks þyrfti með.

Síðar með haustinu harðnaði þó enn í þessu tilliti. Því nú var, í október held jeg, með öllu bannað að senda nokkra póstávísun, og ekki fjekst leyfi til að innleysa smápóstkröfuávísanir frá útlöndum.

Mjer er þetta mál vel kunnugt, þar sem jeg er póstafgreiðslumaður, og jeg minnist þess, að þegar þetta bann skall yfir, voru 4 eða 5 póstkröfubögglar liggjandi á póstafgreiðslunni á Hólum. Þetta voru mjög verðlitlir bögglar, en ekki fjekst leyfi til að innleysa þá, og varð því að senda þá til baka.

Þegar þetta almenna bann kom, um að ekki mætti senda nokkra póstávísun, þá fyrst sló verulegum óhug á fólkið úti um land. Það var mjög ilt, að stjórnin skyldi þurfa að taka til slíkra örþrifaráða. En maður hlaut að líta svo á, að svona ráðstöfun væri ekki gerð nema í ítrustu nauðsyn, og að stjórnin hefði sannarlega ástæðu til að sporna við eftir mætti peningastreymi til útlanda, þegar svo erfiðlega gekk með alla yfirfærslu og Íslandsbanki gat ekki int af höndum þá skyldu að yfirfæra fjárhæðir.

Síðan hefir þetta að vísu nokkuð skánað. Í janúar kom út tilkynning um það, að senda mætti 50 kr. póstávísanir til útlanda, án þess að fá leyfi útflutningsnefndar. Jeg hefi annars ekkert heyrt um það, síðan jeg kom hingað, hvort búið væri að koma verulegu lagi á með póstávísanir til útlanda. Því það er svo undarlegt, að maður er miklu ófróðari um slíka hluti hjer í Reykjavík, rjett undir handarjaðri stjórnarinnar, heldur en þegar maður er uppi í sveit. Jeg býst auðvitað við, að þetta sje orðið, og vildi líka óska, að svo væri.

Nú vildi jeg gjarna við þetta tæki-

færi fá greinargerð stjórnarinnar á því, hvort hún treysti sjer ekki til að yfirfæra fjárupphæðir, sem ekki nema því meiru, til Danmerkur og annara ríkja, og hvort eigi má búast við, að þessu fargi verði af ljett, sem ríkti hjer í sumar og haust.

Mjer finst þetta velta á allmiklu. Það er óneitanlega hinn mesti bagi fyrir einstaklinginn, sem þjóðina í heild sinni, er póstkröfur og pantanir verða að sendast til baka, bara sökum þess, að ríkið getur ekki yfirfært fjeð.

Þá vildi jeg gjarna fá að vita það, hvernig stjórnin hugsar sjer að komast út úr fjárkröggunum. Því þótt skattafrv. stjórnarinnar sjeu bæði mörg og umfangsmikil, þá er jeg hræddur um, að það fáist aldrei nóg með því einu í tekjuhalla fjárlaganna, sem er nú um 2 miljónir króna, og búast má við, að þingið verði að bæta einhverju við, sem til útgjalda horfir.

Það er, eins og gefur að skilja, þýðingarmikið og alvarlegt mál, að tekjur og gjöld ríkissjóðs standist nokkurn veginn á. Jeg býst nú raunar við, að hæstv. stjórn treysti sjer ekki til að svara þessu, og vísi til frv. Það er að vissu leyti rjettmætt. En ef þau hrökkva ekki til, hvernig á þá að fara að, til að komast yfir örðugleikana?

Þá er enn eitt, sem jeg vildi spyrja stjórnina um, og það er, hvort ekki sje búið að afnema seðlaskrifstofuna. Jeg er í sjálfu sjer ekki á móti því, að það væri rjett um tíma að viðhafa skömtun, á meðan vörur voru svo dýrar. En nú, er vörur eru óðum að falla í verði, þá álít jeg ekki lengur nauðsynlegt að halda skömtuninni áfram. Jeg hygg, að það hafi verið stakasti óþarfi að úthluta seðlum fyrir svona langan tíma, 3—4 mánuði. Nú er komið fram í marsmánuð, og ætla jeg, að það væri heppilegast, að skömtunin hætti nú þegar, enda getur verið, að stjórnin hafi hugsað sjer það, þótt jeg hafi ekki fengið vitneskju um það.

Eins og jeg tók fram áðan í ræðu minni, þá álít jeg, að þessi till. hv. þm. Dala. (B. J.) sje of snemma fram komin. Stjórnin ætti einmitt að standa og falla með frv. þeim, sem fram eru komin, og svo því, hvernig hún býst við að geta framkvæmt ýmislegt af því, sem nú krefur skjótrar og hagkvæmrar úrlausnar. Því þótt ýmsar gerðir hennar hafi valdið nokkurri óánægju, þá er ekki óhugsandi, að hún geti komið sjer upp algerðum meiri hluta, ef hún snýst heppilega við málum þeim, sem nú liggja fyrir og bíða úrlausnar. Sum þeirra mála eru ágætlega fallin til að sjá af, hvaða afstöðu beri að taka til stjórnarinnar, eins og t. d. Íslandsbankamálið, sem er eitt af þeim þýðingarmestu. Jeg fyrir mitt leyti hefði gjarna viljað sjá, hverja stefnu stjórnin tæki í því máli, þegar þingið tekur það til meðferðar.

Af þessu, sem jeg nú hefi sagt, geta menn rent grun í, hvers vegna jeg mun ekki greiða vantraustsyfirlýsingu hv. þm. Dala. (B. J.) atkv. mitt að svo stöddu máli. Afstaða mín til stjórnarinnar er ekki ákveðin enn, og hlýtur mjög að fara eftir þessu, sem jeg hefi þegar um getið. Ef nú svo fer, þegar til þessara mála kemur, að þingi og stjórn geti ekki komið saman, og stjórnin getur ekki aflað sjer nægilegs fylgis, þá álít jeg rjett, að hún beiðist lausnar, og þá verður hægara að skipa löglega stjórn, með meiri hluta þings að bakhjalli en nú er.

Magnús Jónsson: Það er ekki nema

eðlilegt í alla staði og tilhlýðilegt, að þm. standi upp og geri grein fyrir atkv. sínu í jafnmikilvægu máli sem þessu. En svo verður það eðlileg afleiðing af því, er þeir hafa einu sinni tekið til máls, að þeir þurfi síðar að standa upp aftur til svara, og svo koll af kolli. Það lætur því í raun og veru að líkindum, þótt umr. sem þessi geti ekki tekið enda fyr en allir þm. eru „dauðir". Og þá á hún vel við þessi skáldlega líking, að þegar alt er orðinn einn blóðugur valur, þá geta hinir þrír ódauðlegu guðir risið upp úr sætum sínum, blessað yfir valinn og skift öllum þingheimi í sauði og hafra sjer til hægri og vinstri handar, og mælt fram orðunum alkunnu: Komið blessaðir, og farið ....., og svo þetta óþinglega orð, sem jeg vil ekki nefna hjer. Þetta væri óneitanlega stórfenglegur lokaþáttur í virðulegum sjónleik.

Jeg hefði annars getað sparað mjer að gera nú grein fyrir atkv. mínu, því hæstv. forsrh. (J. M.) hefir gert það fyrir mína hönd, frá sínu sjónarmiði, þegar hann hjer á dögunum í kensluræðu sinni lýsti hinu átakanlega fylgisleysi sínu og stjórnarinnar hjer í bænum, með því að gera uppskátt, að jeg hefði verið kosinn upp á það eitt að vera stjórnarandstæðingur. Það er nú ekki svo lítið að fá alt að 1400 atkv. með það eitt fyrir augum, og það samhliða þremur listum öðrum, sem allir lýstu meiri eða minni andstöðu gegn stjórninni.

En þó að hann hafi nú tekið þetta fram frá sínu sjónarmiði, þá vil jeg samt víkja nokkrum orðum að þessu frekar, því úr því stjórnarandstaðan hjer var svo eindregin, þá hefir það væntanlega verið af einhverjum orsökum sprottið.

Það er auðvitað mýmargt, sem hjer þarf á að minnast, en af því að margt af því hefir verið gert að umræðuefni, vil jeg forðast að endurtaka það, sem oft hefir verið sagt, og lofa öðrum að bítast um það eins og gaddhestum um ilt fóður. En lýsa má því í fáum orðum, að mjer þykir sem varnir hæstv. stjórnar hafi verið furðuljelegar, og það, sem hv. andstæðingar hennar hafa fært fram, átt við gild rök að styðjast. Auk þess álít jeg, að afstaðan til stjórnarinnar markist ekki svo af einstökum málum sem því, hvernig hún hefir komið fram yfirleitt, og ástandi því, sem hún hefir skapað í landinu.

Það er eitt atriði, sem hv. þm. Str. (M. P.) tók fram í ræðu sinni, sem mjer er mikilsvert atriði, en það er, hve hörmulegt stjórnarástand hefir skapast hjer í landinu undanfarið.

Eitt af því, sem kvartað er undan nú, og ekki að ófyrirsynju, um land alt, er glundroðinn, sem nú hefir verið um tíma ríkjandi. Það má eiginlega segja, að síðan sambandsmálið var gert óhæft til að skifta flokkum, hefir svo að segja enginn vitað upp nje niður í flokkaskiftingu í landinu. Þetta er ekki heilbrigt í þingræðislandi, og verður ekki metið, hve mikill skaði það er fyrir stjórnmálaþroska þjóðarinnar að vaða þannig árum saman í villu og svima. Og auk þess, hve það ruglar, þá leiðir það af sjer virðingarleysi fyrir öllum stjórnmálum, fyrir kosningarrjetti, fyrir þingi og þingræði, og jeg hygg, að þessa virðingarleysis sje nú þegar farið að gæta nokkuð. Þá má segja, að þessi sami glundroði hafi komist inn í hið háa Alþingi.

það hefir verið vikið að því hjer áður, að menn ráfa milli flokka og þekkja varla hægri frá vinstri eða austur frá vestri, og afleiðingin er lítilsvirðing þjóðarinnar á þessari samkomu, þar sem mönnum finst, að þeir viti lítið hvað þeir vilji. Er það og mjög illa farið og háskalegt, því að virðing Alþingis í augum þeirrar þjóðar, sem það mætir fyrir, er virðing þjóðarinnar fyrir sjálfri sjer og heill sinni, sem síst má glatast.

Hvar liggur nú orsök þessa? Hvað veldur þessum glundroða, og hvað getur kipt þessu í lag? Menn geta kann ske svarað þessu dálítið mismunandi, en þó hygg jeg, að bróðurparturinn hljóti að falla í skaut stjórnarinnar, og að það-an sje því að vænta einu verulegu bótarinnar við þessu stóra meini, sem er því háskalegra einmitt nú, sem þau mál eru stærri en venjulega, sem hjer liggja fyrir, og meira undir því komið, að það, sem hjer verður gert, nái trausti, samþykki og einhuga fylgi þjóðarinnar, sem það er unnið fyrir. Stjórnin hefir stuðlað að þessum glundroða með því að vera sjálf í eilífum glundroða, forðast að hafa skýra afstöðu eða stefnuskrá, sem flokkum hafi getað skift, með eða móti. það hvíldi einmitt á stjórninni sjerstakur vandi í þessu efni nú. það hvíldi á henni sá vandi að skapa heilbrigða flokkaskiftingu í landinu í stað þeirrar, sem áður var, og hún hefir alveg brugðist í þessu efni. Nokkra sök hjer á þingið, sem hefir látið það viðgangast að hafa bræðingsstjórn, vera að skifta um einn eða tvo ráðherra á hverju þingi, og annað slíkt. En svo má það ekki ganga áfram. Stjórnin verður að vera einlit, en ekki margskjöldótt, eins og stríðsmálað skip, sem svo er útleikið til þess, að þar skuli öll ummerki vera sem óljósust.

Hvenær hefir maður heyrt um stefnu þessarar hæstv. stjórnar, stefnu, sem marki afstöðu hennar til meira en eins máls í senn? Hefir hún markað sjer ákveðna stefnu í fossamálunum? Hún hefir þar brætt saman tillögur beggja aðilja í fossanefndinni, og auk þess er ómögulegt að vita, hvort hún ætlar að standa við það. Hefir hún gripið föstum tökum á dýrtíðinni, og markað sjer þar ákveðna braut, og sagt: Fylgið þið nú þessu, eða felið öðrum að framkvæma það? Hefir hún tekið fasta stefnu í fjárkreppunni, og hvernig úr henni skuli ráðið? Hefir hún myndað sjer nokkra svo ákveðna stefnu um viðskiftamálin, að hún geti sagt: þetta er jeg viss um, að er besta leiðin, og jeg verð ekki foringi fararinnar, sje önnur leið farin? Svona mætti halda áfram að telja, og altaf sama svarið: Nei, eiginlega ekki. Hún heldur fram þessu og hinu, en festan er sú, að jafnskjótt og móti er andað, hvort heldur af bakarafjelagi bæjarins, eða efri deild Alþingis, eða viðskiftanefnd, þá legst hún flöt og segir: Farið þið með þetta eins og ykkur lystir, við leggjum enga beina áherslu á þetta. Og meira að segja, hún lýsir yfir því, þegar eitt höfuð-„principspursmál“ hennar er svæft með rökstuddri dagskrá: þetta var, sem við einmitt vildum helst. Hæstv. fjrh. (M. G.) má sanna það með hvaða prótokolli sem hann vill, að stjórnin hafi verið búin að samþykkja það áður að sætta sig við þetta. það sannar ekkert annað en það, að stjórnin hafi verið búin að samþykkja að vera stefnulaus í þessu sem öðru. Og nú síðast kemur þessi dagskrá, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.)

bar fram og beinlínis byggist á því, að stjórnin snúist nú í hring í flestum hinum svo kölluðu áhugamálum sínum, og haldi með því fylgi þess vitanlega meiri hluta, sem er á móti þeim.

Hvernig eiga menn ná að skiftast í hreina flokka um slíka stjórn? Enginn flokkur getur fylgt henni, því að óvissan er svo mikil um það, hvar hún kunni nú næst að bera niður. Og enginn flokkur verður heldur eindregið á móti henni, vegna þess sama. Altaf einhverjar sálir í hverjum flokki, sem vona, að á morgun ef til vill verði hún með þessu eða hinu áhugamáli þeirra. En þeir kann ske of fáir, sem hafa þá óbeit á sjálfu stefnuleysinu, að þeir vilji fyrir það telja stjórnina óhæfa. En jeg tel þetta eitt af stóru atriðunum. Það er betri jafnvel ill stefna en engin. Því það mun sannast, að komi aðeins sú stjórn, sem veit hvað hún vill og er einráðin í að leiða hugsjónir sínar í framkvæmd, hún fær þegar hreinar línur með eða móti, og sje stefnan, sem hún tekur, óheppileg, þá er altaf tangarhaldið á henni, og þá geta menn óhræddir gefið henni brottfararpassa upp á það, að menn vita bæði, hvað þeir hreppa og hverju þeir sleppa, í stað þess, að nú vita menn eiginlega hvorugt. Stjórn með ákveðna stefnu skapar hreinar línur í þinginu, og hreinar línur í þinginu færast þegar í stað út um bygðir landsins. Jeg tel þetta stórt atriði, og jeg vantreysti núverandi stjórn algerlega að koma þessu í rjett horf, eftir þeirri reynslu, sem fengin er um stefnufestu hennar og stefnumið.

Jeg vil heldur hliðra mjer hjá að tala um það, sem búið er margtaka til meðferðar hjer, en hlýtur að ráða mjög miklu um mitt atkvæði í þessu sambandi. En þó verð jeg aðeins að koma að því, að stjórnin hefir látið undir höfuð leggjast að afla landinu lánsfjár til þess, sem kallað hefir að og kallar að, hvort sem hún nú heldur studdi að því, að bankarnir tækju það eða tæki það sjálf, og fæli Landsbankanum að ráðstafa, eins og þörfin krefði.

Það hafa nú, auk fjármálaráðherra, risið hjer upp fjármálaspekingar, sem hafa lýst yfir því, að þetta aðgerðaleysi stjórnarinnar hafi verið hið eina rjetta.

Hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) sýndist helst vilja leiða að því óyggjandi rök, að allir atvinnuvegir vorir væru nú og yrðu reknir með tapi. Þeim mætti því ekki lána, og þeir yrðu því að hætta. Íslandsbanki væri að springa á þeim, og hvað ætti þá ríkissjóður að gera í þá kássu? Mikið rjett. En hvað tekur þá við? Hvernig eiginlega lítur hún út, myndin af því íslenska ríki, þegar aðalatvinnuvegir þjóðarinnar eru stansaðir?

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) tók í þennan sama streng, nema hvað hann útfærði þetta mál enn þá meira.

Hann sagði, að það hefði ekki verið þörf að taka lán; það þyrfti alt annað, og það var „að draga saman seglin". Hann átti einmitt við það, sem stjórn vor stefnir hröðum fetum að með ráðleysi sínu: Að svo og svo mikið af dýrustu og dýrmætustu framleiðslutækjum þjóðarinnar fari úr hennar vörslum, og einu vopnin, sem hún vonast eftir að geta barist með til sigurs í þessari voðaorustu við fjárkreppu og erfiðleika, verða slegin úr höndum hennar. Landbúnaðurinn á að hjakka í sama farinu, sem nú er farið að verða svo þröngt, að sveitirnar strjálast óðum, og sjávarútvegurinn á að færast aftur í gamla

fleytuformið. Þetta er átt við með því að draga seglin saman, og þetta á að vera lausnin úr vandræðunum.

Þá var sami þm. (J. Þ.) að tala um, að ekki þyrfti að taka lán, heldur þyrfti framleiðslukostnaðurinn að lækka. Það væri nú fróðlegt að vita, hvernig á að lækka framleiðslukostnaðinn, nema einmitt með talsverðum peningaráðum. Framleiðslukostnaðurinn minkar ekki, nema vörur fáist af útlendum markaði ódýrari. En til þess er ekki nóg að afnema viðskiftahöftin, það þarf líka að hafa til þá peninga í svipinn, sem bankarnir eiga að vísa á sem borgun. Og svo er annað. Skip fara ekki af stað, eða önnur framleiðslutæki, „þó að dýrtíðin minki", því það er ekkert drifafl í sjálfu sjer. Lækkandi framleiðslukostnaður á aðeins að gera þeim mögulegt að halda áfram, án afskaplegs halla, en drifaflið verður auðvitað að vera fje. Og er það virkilega alvara nokkurs þingmanns, að ríkisstjórnin eigi að láta það dankast, hvort bankarnir geta haldið áfram að fleyta höfuðatvinnuvegum landsins áfram, eða ekki. Jeg veit ekki hugi annara þingmanna, en jeg fylgi eigi þeirri stjórn, sem hefir haft þá reglu, og ætlar að hafa þá reglu.

Hitt er annað mál, að mjer dettur ekki í hug, að landsstjórnin og ríkissjóður fari að taka að sjer þá, sem þegar eru búnir að kollsigla sig. Enda þótt það sje oft og einatt, að enga vitfirringa þurfi til þess, eins og menn hafa jafnvel látið sjer um munn fara. Að taka að sjer slík fyrirtæki væri ofraun ríkissjóði og ekki hans meðfæri. Að þessu leyti mætti segja, að seglin mundu færast saman, en það á ekki að vera nein regla, og getur aldrei orðið neitt bjargráð. Það er aðeins slys og ógæfa, sem ekki verður með öllu siglt fram hjá.

Jeg skal nú ekki tína stórum fleira til, enda þótt jeg geti sagt, að af nógu sje að taka.

Jeg fjekk tækifæri til að tala hjer um daginn um framkvæmdir stjórnarinnar í landhelgisvarnamálinu eða strandvarnamálinu, sem sumir kalla, og skal jeg ekki endurtaka það.

Mönnum munu vera minnisstæð svör hæstv. forsrh. (J. M.), þegar hann, í stað þess að sýna, að vilji þingsins 1919 og 1920 hefði verið framkvæmdur, gerði ekki annað en snúa út úr einstöku orði í ræðu minni, orðum, sem hann þó bæði sleit úr sambandi, rangfærði og misskildi. Og þetta átti þing og þjóð að taka gilt í því máli. Hefði hann sýnt sama vilja að framfylgja vilja þingsins, eins og kom fram í því að rangfæra orð mín, þá væri nú landhelgisvörnunum öðruvísi komið en er, og ef við hefðum haft yfirleitt í broddi farar meira af einlægum vilja og framkvæmdalöngun, jafnvel þó að útúrsnúningaskarpleikinn hefði verið ögn minni, þá værum við betur komnir.

Hæstv. atvrh. (P. J.) mintist á hjer á dögunum, í sambandi við hrossasölu stjórnarinnar, að flutt hefðu verið upp kol með skipunum, og fullyrti, að það hefði að minsta kosti ekki orðið til þess að spilla hrossasölunni. En hann tekur það ekki með í reikninginn, að þeir, sem hafa keypt kolin, hafa orðið að greiða ærið háan skatt fyrir hrossaeigendur.

Hæstv. fjrh. (M. G.) afsakaði Íslandsbanka. Hann hefði ekki getað yfirfært, og þá hafi hann verið löglega afsakaður. Atvinnumálaráðherra (P. J.) tók undir. Já, svo nærri gekk stjórnin, að bankinn gaf út „tjekk", sem ekki var „honoreraður".

Það var talað hjer um „tragikomedíu“ í sambandi við vantraustið, og má segja, að vörn stjórnarinnar sje öll snúin upp í „tragikomedíu“. Hugsið þið ykkur stjórnina, þegar hún kreistir út úr Íslandsbanka þennan andvana fædda „tjekka“

Svona má halda áfram, en jeg ætla ekki að gera það að svo komnu.

Jeg vil svo loks minnast rjett aðeins á þessa allra nýjustu dagskrá, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir borið fram. Hann hneykslaðist ákaflega á dagskrá 1. þm. Rang. (Gunn. S.), og talaði um brot á þinglegu velsæmi. En jeg ætla mjer nú ekki að fara neitt að verja hann hjer.

En jeg vil aðeins benda á það, að hv. þm. (J. Þ.) hefði þá helst ekki átt að svara með því að leggja heilt orustuplan gegn þinglegu velsæmi, eins og að skora á þingmenn að neita að greiða atkv., og annað slíkt. Það er bara fantabragð á móti hrekk.

Annars finst mjer þessi dagskrá sanna átakanlega það, sem spáð var um þennan hv. þm. (J. Þ.) um kosningarnar hjer í Reykjavík síðast. Við, sem heima eigum í Reykjavík, munum eftir þeim dæmalausa feluleik, sem þessi hv. þm. (J. Þ.) tók þátt í fyrir kosningar. Þá var hann eltur úr einu skotinu í annað, með stjórn eða móti stjórn, aldrei víst. Og nú sannast þetta sama, og kemur engum á óvart, að minsta kosti ekki mjer. Nú amast auðvitað enginn við því; hann má auðvitað þjóna eðli sínu um afstöðu til stjórnarinnar, eins og hann vill. En hinu er ástæða til að amast við, að menn vilja ekki, í slíkum málum sem þessum, segja skoðun sína skýrt og afdráttarlaust, því þessi dagskrá er ekki annað en tilraun til að skjóta sjer undan, og er hún því ekkert annað en argasta skálkaskjól.

Dagskráin segir, að ekki sje hægt að greiða nú atkvæði um traust eða vantraust til núverandi stjórnar, því þm. sjeu ekki búnir að taka afstöðu til þeirra höfuðmála, sem liggja fyrir löggjafarvaldinu frá stjórninni. Jeg held, að það væri erfitt, jafnvel með góðum vilja, að búa til öllu meira vanhugsað skjal en þetta, og jeg vil segja, að þá væri gengið vel nærri þingsómanum, ef menn vildu heldur gleypa í sig þessa slepju en segja afdráttarlaust vilja sinn.

Fyrst og fremst má nú telja alla þá, sem hafa verið ráðnir með stjórninni og móti þegar í þingbyrjun, bygt á því, sem hún hafði aðhafst. Enginn þessara manna getur greitt dagskránni atkvæði, og jeg er ekki í neinum vafa um, að þetta er langsamlega meiri hluti hv. þm., og hv. tillögumaður (J. Þ. sjálfur. Þá eru eftir þeir fáu, sem ekki hafa verið búnir að ráða við sig, hvort þessi stjórn væri heppileg eða ekki. Þá fá þeir þegar í þingbyrjun til leiðbeiningar öll lagafrv. stjórnarinnar. Stjórnin er búin að segja sína skoðun í þessum málum. Og það er enginn vafi á, að talsverður hluti þeirra manna hefir ráðið með sjer afstöðu sína til stjórnarinnar, og geta því ekki heldur greitt atkv. með dagskránni. Þá eru aðeins þeir, sem ætla að bíða eftir því, að nefndir segi álit sitt um þessi mál.

Til þess að geta greitt dagskránni atkvæði þarf því ekki aðeins skoðunarleysi á stjórninni fram að þessu, heldur líka skoðunarleysi á öllum þeim stefnum í löggjöf, sem koma fram í frumvörpum stjórnarinnar. Í hópi þessara húsviltu sauða vill nú hv. 3. þm. Reykv.

(J. Þ.) telja sig. Ef hann vildi ekki láta telja sig þar, þá er komið nokkuð það sama og hjá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), nema hann ætli að greiða atkvæði á móti sinni till., og þá er það alveg það sama.

Lítum þá á frumvörpin. Stjórnin leggur fram frv. um einokun á kornvöru, einokun á tóbaki og áfengi, einokun á lyfjum.

Nú var það eitt af því fáa, sem fjekst að vita um afstöðu hans (J. Þ.), að hann lýsti yfir því, að hann væri á móti einokun í nokkurri mynd, og mundi ekki styðja þá stjórn, er hjeldi slíku fram. Jeg efast ekki um, að hann meinti það þá. En nú, þegar stjórnin er að leggja fram þessi frv., veit hann ekki, hvort hann á að vera á móti stjórninni eða ekki.

Hv. þm. (J. Þ.) hefir lýst yfir, að hann vildi afnema viðskiftahömlurnar. Bæði fjrh. (M. G.) og atvrh. (P. J.) vörðu af krafti miklum í upphafi þingsins viðskiftahömlur og alt það dót. En samt veit hv. þm. (J. Þ.) ekki, hvort hann er með þeim eða móti.

Hv. þm. (J. Þ.) hefir fyrir löngu lýst skýrt afstöðu sinni til allra þessara mála, þvert á móti skoðunum ráðherranna. En samt veit hann ekkert um afstöðu sína í þessu, og getur því ekki greitt vantraustsyfirlýsingunni atkv. sitt. Í vatnamálunum hefir stjórnin bygt á því „principinu“, sem einmitt hv. þm. (J. Þ.) var á móti í fossanefndinni. En samt veit hann ekki nú um afstöðu sína til þeirra mála, sem stjórnin leggur fyrir þingið, og getur af þessum ástæðum ekki tekið afstöðu til trausts- eða vantraustsyfirlýsingar. Þessu trúir bara enginn lifandi maður. Það vita allir, að þetta er ekkert annað en skollaleikurinn gamli, ábyrgðarlaus stjórn og ábyrgðarlaust þing; það er „idealið“. Glundroðinn lifi! Eða kann ske þessi dagskrá sje öðrum ætluð; þm. (J. Þ.) sje sjálfur búinn að taka afstöðu til stjórnarinnar, en hann ætli þetta ílát þeim, sem veikir sjeu. En þá lendir bara í sama, sem hann var að atyrða 1. þm. Rang. (Gunn. S.) fyrir, að hann verður að greiða atkv. á móti eigin till., eða, sem verra er, með tillögunni en á móti sannfæringunni. Og í því lendir. Það er alveg sama, hvernig hann spriklar innan í þessum poka, sem hann hefir saumað utan um sig. Yfirleitt, eins og jeg sagði áðan, mætti það æra óstöðugan að elta ólar við að sýna, hve frábærlega vanhugsaður afspringur þessi dagskrá er. Og hverjum er hún svo að gagni? Ekki þjóðinni, sem þyrfti að fá að vita skýra afstöðu fulltrúa sinna, og það mun beðið með óþreyju eftir því úti um land, að fá að vita, hvort þingið vill styðja stjórnina, draslast með hana, eða fela öðrum forystu. Ekki gagnar það Alþingi sem stofnun, eða þingræðinu, sem með þessu er traðkað niður, til þess að hylja óheilindi sumra fulltrúanna. Ekki heldur vinnubrögðum Alþingis, því ekki flýtir hún fyrir, þar sem þessi dagskrá gerir beint ráð fyrir, að þetta þvarg verði endurtekið, þegar þingmenn eru búnir að skoða huga sinn um stjórnarfrv. Forsrh. (J. M.) sagði líka, að hún hefði tafið fyrir þingstörfum. Jeg hefi ekki orðið var við hið minsta hik, þegar menn hafa gert upp við sig, hvernig þeim er innan brjósts.

Ekki er það heldur, rjett á litið, stjórninni að gagni, nema það sje hennar höfuðáhugamál að hanga með einhverju móti sem lengst. En annars hlyti þetta að vera versta bragð, sem hverri góðri stjórn væri gert, að neita henni um að fá að vita, hvort hún hafi þing-

meiri hluta, hvort hún sje þingræðisstjórn eða ekki.

Stjórnin getur nú sýnt með afstöðu sinni til þessarar dagskrár, hvort hún kærir sig yfirleitt nokkuð um að vera þingræðisstjórn eða ekki. Það eina, sem frá stjórninni hefir heyrst, er yfirlýsing hæstv. atvrh. (P. J.) um, að hann ætli að greiða atkv. á móti vantraustsyfirlýsingunni.

Þá voru það örfá orð til kollega míns, hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hann talaði um, að stjórninni væri borið alt á brýn; henni væri kent um síldarsöluna, að hún seldist ekki nema svo lágt. Og henni væri kent um togaravandræðin.

Það er nú ýmislegt, sem henni er kent um, en hv. þm. (S. St.) varði hana líka fyrir því, sem henni er ekki kent um.

Það er auðvitað, að ráðstafanir stjórnarinnar geta haft ótrúlegar afleiðingar, líkt og þegar herskipin voru að skjóta á vígin við Dardanellasund, þá lækkaði hveitið í Ameríku, en þegar þau fóru frá, þá hækkaði það. Ræða hv. þm. (S. St.) gekk út á það að verja stjórnina, og gerði hann það eins og hann væri að verja sakamann eða verja gerræði. Gerði hann það vel og tókst það vel, eins og ekki var furða, því enginn hefir komið með neinar slíkar sakamálakærur á hæstv. stjórn. Jeg skyldi taka að mjer að verja stjórnina fyrir þessum sökum og sanna, að hún hafi ekki drýgt neina þá glæpi, sem hv. þm. (S. St.) var að verja hana fyrir.

Hv. þm. (S. St.) mintist á síldarsöluna 1918, að samningarnir hefðu verið gerðir fyrir ráðstöfun stjórnarinnar.

En þessi sala var ákaflega einföld, en ýmsum þótti hún dýr, og andvirði síldarinnar koma seint. Er engin sönnun fyrir því, að hún hefði ekki getað tekist þá sæmilega í höndum einstaklinga.

Þá kem jeg að togurunum. Hv. þm. (S. St.) og hv. þm. Borgf. (P. O.) sögðu, að það væri ekki stjórninni að kenna, að togararnir væru dýrt keyptir. (S. St.: Þetta er misskilningur). En stjórnin eggjaði að nokkru leyti til togarakaupanna, með því að halda andvirði togaranna, nema það væri notað til skipakaupa, og neyddi þá því til að kaupa togara, þó að dýrir væru.

Hann sagði, að atvinnurekendur væru nú sjálfir búnir að sjá það, að útvegurinn gæti ekki gengið nema með tapi, — það er að segja ekki nú, — en ef dýrtíðin minkar, munu togararnir geta gengið, og standa þá betur að vígi, og það kemur engum til hugar, að þeir fari að sökkva sjer í botnlaust fen.

En við skyldum sjá, ef viðskiftahömlurnar væru ekki, hvort hann gæti ekki gengið, og hvort það yrði þá með hangandi hendi.

Mjer hafa fundist umr. snúast mest um ágreining milli stjórnarinnar og stjórnarandstæðinga um það, hvort ætti að taka lán eða ekki taka lán. 2. þm. Húnv. (Þór. J.), þm. N.-Ísf. (S. St.), þm. Ísaf. (J. A. J.), og 3. þm. Reykv. (J. Þ.), og þeir hinir, sem eru með stjórninni, hafa yfirleitt með hjartnæmum og auðmeltum orðum ráðið frá lántökum, af því, að lán þurfi að borga, og það er engu líkara en þeir haldi, að það, að lán þurfi að borga, sje einhver spánnýr sannleikur, sem enginn hafi þekt fyr en nú, er þeir fundu það upp. En það er ekki gott að komast hjá því að taka lán, nema fyrir þá, sem hafa alla vasa fulla af peningum, og ausa þeim út.

Hvernig er svo sem alt viðskiftalíf

bygt upp? Ef altaf væri sparað og aldrei tekið lán? Hvernig væri um útgerð, landbúnað, og hvaða atvinnugrein sem er?

Það er alviðurkend regla og viðurkent í hverju einasta fjelagi, að lánstraust sje allra peninga virði, og mikilsvert að spilla því ekki. Þetta er því hreinasta grýla, og hv. þm. ættu þá að sýna fram á aðra leið, ef ekki á að taka lánsfje, annaðhvort fengið eða ófengið.

Það er þess vegna eiginlega barist um aðgerðaleysi í þeim vandamálum, sem eru fyrir hendi, eða frjálsmannlegar athafnir, bygðar á trú á framtíð landsins. Í þeim flokki, sem slíkt vill gera, vil jeg vera, og því mun jeg greiða mitt atkv. með vantraustsyfirlýsingunni.

Forsætisráðherra (J. M.): Það má undarlegt heita, að eftir allar þessar löngu umræður um þetta mál í deildinni, þá er það í rauninni lítið, sem segja þarf af hálfu stjórnarinnar.

Maður getur sjeð, hve mikill mergur hefir verið í ræðunum, eftir að hafa heyrt ræðu hv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Hann hefir ekki sagt eitt orð, sem ekki var margbúið að segja áður, en aðeins endurtekið það með þessum venjulegu vafningum sínum.

Það er margbúið að segja, að stjórnin eigi að leita trausts hjá þinginu, og ef frv. hennar falli, eigi hún að segja af sjer. Um þetta má margt segja. Hjer er, eins og víðar, sinn siður í landi hverju. Í Englandi t. d. mun það vera siður, að stjórnin segi af sjer, ef hún verður undir í atkvæðagreiðslu jafnvel í smámáli. Hjer hefir það aldrei verið. Það dettur engum í hug, að stjórnin þurfi að taka nærri sjer eða segja af sjer, þó að frv. sje felt fyrir henni.

Jeg hefi setið á öllum þingunum síðan ráðuneytið varð innlent, og aldrei orðið þess var, að heimtað væri af stjórn að hún segði af sjer, þó að slíkt kæmi fyrir.

Það kom fyrir stjórnina, þegar hún var sterk, eins og hún var í fyrri ráðherratíð Hannesar Hafsteins, að frv., sem hann hafði lagt mikla alúð við, ágætt frv., fjell fyrir mótstöðu sumra hans manna. Honum datt ekki í hug að fara samt. Hjer verður að fara eftir því, hver venja er hjer upp tekin. Jeg skal aðeins minna á, hvernig á stóð 1913.

Það voru fögur orð, sem hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) og fleiri þingmenn átu hver eftir öðrum, þetta, að stjórnin æti afkvæmi sitt. Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) kom með þau fyrst við þessar umr., og þóttist fyndinn. Jeg vil nú ekki spilla ánægju hans út af þessu, en ekki hefir hann fyrstur fundið þetta púður. En þegar tveir, sem þykjast miklir ræðumenn, hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.), jórtra þetta eftir honum, og loks hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), þá fer mesti glansinn að fara af þessari mjög svo smekklegu fyndni.

Það hefir verið sagt, að stjórnin þegar í þingbyrjun hefði átt að biðja um traustsyfirlýsingu. Um það er það að segja, að jeg hygg það ekki hægt að krefjast af neinni stjórn, að hún leiti traustsyfirlýsingar fyr en henni sýnist. Því verður hún að ráða. En að mótstöðumenn hennar beri fram vantraustsyfirlýsingu er þinglegt, þótt það lýsti óþolinmæði hjá hv. þm. Dala. (B. J.) að koma fram með hana einmitt þann dag, er hann gerði það. Fyrir viku sagði hann hjer í þingsalnum, að síðasta ráðið, sem hann ætlaði að gefa mjer, væri að heimta traustsyfirlýsingu, en daginn eftir kom hann fram

með vantraustyfirlýsinguna, og hefði mátt búast við, að hann gæti beðið einn dag til þess að vita, hvort jeg ætlaði að fylgja ráðleggingu hans.

Sem sagt, það er ekkert út á það að setja, að mótstöðumenn stjórnar reyni að koma henni frá með vantraustsyfirlýsingu. Það er ofureinfaldur hlutur og á ekki að þurfa að taka mikinn tíma fyrir þinginu, ef rjett er að farið.

Jeg vil benda á annað. Á undanförnum þingum, eða þingum, sem vantraustsyfirlýsing hefir verið borin fram, — það mun vera þrisvar sinnum, — þá var bygt á því, að það væri yfirlýstur vilji alls þingsins, eða meiri hluta alls þingsins, er hjer ætti að ráða úrslitum, en ekki, eins og nú virðist tilgangurinn, aðeins meiri hluti annarar deildarinnar.

Jeg hefi áður nefnt þær þrjár vantraustsyfirlýsingar, sem komið hafa fram, og það verð jeg að segja, að umr. voru þá á alt annan veg en nú. Þá var ekki talað eins mikið, og þá var reynt að halda sjer við það, sem fyrir lá, en ekki þuldir framtíðarspádómar og annað þess háttar.

Það var villandi hjá hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefði ekki þurft að verja stjórnina, því á hana hefði ekki verið ráðist. Jeg veit ekki, hvað hv. þm. hafa verið að gera þessa tvo daga, ef þeir hafa ekki ásakað stjórnina, og jeg skil ekki, hverju þetta vantraust á að byggjast á, ef stjórnin væri ekkert ásökuð fyrir það, sem hún hefir gert eða látið ógert.

Hv. þm. Dala. (B. J.) hafði það vit að reyna að finna orðum sínum stað, en margir þm. hafa reyndar farið með tóman vaðal, sem ekkert mark er á takandi. Jeg leiði þess vegna minn hest frá því að elta ólar við alt það, sem sagt hefir verið, og drep aðeins á einstöku atriði.

Jeg þarf litlu að svara öðrum, því svo má segja, að fátt eða ekkert nýtt hafi komið fram eftir fyrstu ræðu hv. þm. Dala. (B. J.). Jeg hefi gleymt að svara ásökunum hans fyrir það, að jeg hafi ekki sjeð fyrir því, að sendimenn, er hingað komi, hafi „diplomatiska funktion", sem hann kallaði svo. Hann hefir víst átt við aðalkonsúla senda, eða aðra sendiræðismenn. Það er rjett, að slíkir menn eru stundum sendir til annara ríkja, en það er helst til hálfsiðaðra þjóða, og veit jeg ekki, hvort hv. þm. (B. J.) vill láta telja Íslendinga í þeim flokki. Annars ætti hv. þm. (B. J.) að vita, að slíkum málum ræður hvert ríki sjálft, og er þýðingarlaust að heimta sendiherra hingað eða sendiræðismenn frá öðrum ríkjum. Hvernig því er háttað, ræður það ríki, er sendi, alveg eftir sínum hentugleikum. Jeg hefi gleymt að svara þessu fyr, en jeg býst ekki við, að þetta verði stjórninni fundið að sök af meiri hluta hv. deildar.

Jeg býst við því, að hv. þm. (B. J.) hafi sagt það í spaugi, sem hann sagði um myntsláttuna. Það þarf ekki langan tíma til að gera samning, ef þar að kemur, og ætti engri stjórn að verða skotaskuld úr því. En tíminn til þess að taka upp myntsláttu nú væri heldur en ekki heppilegur!

Þá hjelt hv. þm. (B. J.), að vandalaust yrði að skipa nýja stjórn. Jeg vil engu um það spá, en erfitt reyndist það í fyrra, en ef til vill reynist það betur nú. Um það get jeg ekki sagt.

Hv. þm. (B. J.) mintist á dagskrá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) og gat ekki talið hana þinglega, heldur nefndi

hana þinghrekk. Jeg þarf ekkert um þessa dagskrá að tala; jeg hefi lýst yfir því áður,hvaða skoðun jeg hefi um hana. En hv. þm. Dala. (B. J.) hefir ekki álitið hana samboðna sóma sínum, eftir því sem hann talaði í fyrstu ræðu sinni. Hann talaði svo um það, eins og honum hefði komið til hugar að hafa þvílíka aðferð sem hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), en fundið, að það var ósæmilegt.

Þá talaði hv. þm. (B. J.) um viðskiftahöftin og kaupmennina og hjelt því fram, að þeir væru á móti þeim, af því þeir vildu ekki okra á almenningi. Þetta er vitanlega alveg rangt skilið. Kaupmennirnir hugsa fyrst um sjálfa sig og sjá það, að þótt þeir græði ef til vill á höftunum í svip, tapa þeir á þeim er til lengdar lætur. Þeir eru það hygnir að horfa einnig fram í tímann, en það ræður afstöðu þeirra, hvernig hagur þeirra verði mestur.

Það hefir verið talað um afstöðu ráðherranna til vantraustsins, og margir hafa fárast yfir því, ef þeir greiddu atkv. gegn því. Jeg get hjer litið hlutlaust á málið, því jeg get ekki greitt atkv., og jeg verð að segja það, að hugleysi eitt gæti aftrað ráðherrum frá að greiða atkv., eða misskilin hógværð. Allir vita, hverju megin þeir eru, og ef fastir flokkar væru hjer á þingi, mundi ráðherrum ekki haldast annað uppi en að greiða atkv., því auk þess, sem þeir eru ráðherrar, eru þeir þingmenn. Í sambandsríki voru, Danmörku, sat nýlega stjórn að völdum, sem aðeins hafði 1 atkv. meiri hluta í fólksþinginu. Ráðherrarnir voru margir þingmenn, og ef vantraustsyfirlýsing hefði verið borin fram, og ráðherrarnir ekki greitt atkv., hefði minni hlutinn samþykt vantraust. Jeg held, að slík framkoma ráðherranna væri of hógvær.

Hv. þm. Dala. (B. J.) talaði um, að enginn mætti greiða atkv. með fjárveitingu til sjálfs sín, en hjer er ekki um fjárveitingu að ræða. Jeg held, að þeir sjeu fáir hjer í deildinni, sem líta á ráðherraembættið peningaaugum. En það mætti minna hv. þm. (B. J.) á, að fyrir nokkrum árum greiddi þm. (B. J.) atkvæði með sjálfum sjer, og hafði sú atkvgr. fjárveitingu í för með sjer. Það var gerður allmikill þytur út af þessu, en jeg lít svo á, og leit svo á þá, að sá þm. (B. J.) hefði gert það eitt, sem rjett var.

Hv. þm. Dala. (B. J.) sagðist vera einn af þeim fáu, sem ekki ásakaði stjórnina fyrir kolakaupin. Jeg veit ekki til, að nokkur maður, sem hefir athugað það mál, ásaki stjórnina fyrir þau kaup. Allir sjá, að það var rjett gert, nema hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), og er ekki ástæða til að taka slíkt alvarlega. (**B. J.**: Jeg hefi ekki heyrt nema last um stjórnina fyrir þau kaup). Margir heyra það helst, sem þeir vilja heyra, og tek jeg hv. þm. (B. J.) trúanlegan.

Hv. þm. (B. J.) taldi það óforsvaranlegt af mjer, að jeg sagði, að vantraustið tefði þingtímann og spilti samvinnu þm., og hv. þm. Str. (M. P.) tók þetta einnig óstint upp. Hann sagði, að ekkert hefði það tafið fyrir sjer, og verð jeg að trúa þessu, þegar það er borið blákalt fram. En jeg er hræddur um, að hv. þm. (M. P.) sje þá undantekning, ef eitthvað er leggjandi upp úr þeim sögum, sem um þetta ganga. Vitanlega hefi jeg ekki ráð yfir því, hve langan tíma hv. þm. taka sjer til þess að koma vantraustsyfirlýsingunni fram, en óheppileg er öll þessi tímatöf, ef ekki er trygt, að hún nái fram að ganga.

Jeg sagði það í fyrri ræðu minni og endurtek það hjer, að jeg álít það ganga

ósvífni næst að setja stjórninni fyrir og láta hana ekki í friði fyrir ráðleggingum, en vera þó í andstöðu við hana. Hv. þm. Dala. (B. J.) virðist ekki skilja þetta, en hann ber enga ábyrgð á stjórninni og getur því geymt ráðleggingar sínar.

Hv. þm. (B. J.) sagði, að jeg vildi endurbæta og reisa við atvinnuvegina með sparsemi. En jeg tók það fram, að hún væri ekki nægileg; fyrirhyggja og atorka þyrfti að fylgja.

Það var hrein fjarstæða hjá hv. þm. (B. J.), að stjórnin hefði lagt atvinnuvegina í kalda kol, og held jeg, að þm. (B. J.) hefði ekki dottið slíkt í hug, ef hugsun hans hefði verið í eðlilegu ástandi; en eitthvert rót hefir verið á henni. Jeg held, að hann eigi bágt með að sanna, að stjórnin hafi skaðað atvinnuvegina á nokkurn hátt. En á svona tímum er það fast lögmál, sem ekki verður undan komist, að það þrengi að öllum framkvæmdum, og held jeg, að ástandið sje ekki verra hjer en annarsstaðar í álfunni.

Einhver hv. þm. sagði það, að atvinnuvegirnir yrðu að halda áfram sem undanfarið, og það þó að halli yrði. Jeg veit ekki betur en að allir hafi dregið saman seglin meira eða minna; t. d. í Ameríku stóðu til miklar framkvæmdir, sem nú verða að liggja í láginni, og um allan heim liggur mikill hluti skipaflotans í höfnum, því það eru ekki nógar vörur til flutnings. Í Danmörku eru yfir 200 þús. manna atvinnulausir, og svo má víðar telja. Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að hjer komi einhver afturkippur, og er ósanngjarnt að kenna nokkurri stjórn um það. Togararnir hafa nú stöðvast, en jeg vona, að það líði ekki langur tími þar til þeir halda út aftur.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) veit minna um það en stjórnin, hvers vegna togararnir ganga ekki, og ætti hann sem minst um það að tala.

Hv. þm. Dala. (B. J.) þótti jeg heldur harðorður í fyrri ræðu minni, en það get jeg ekki viðurkent. Jeg feldi úr margt miklu harðara, sem jeg ætlaði að segja, og það gerði jeg af því, að hv. þm. Dala. (B. J.) talaði mjög stillilega, og jeg vona, að mjer hafi tekist að svara honum á sama hátt.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) stóð hjer upp og lýsti yfir því, að hann væri á móti stjórninni. Það furðaði víst engan á því, en á hinu furðaði mig, að aðalástæðan virtist vera einskær sannleiksást. Hann, sem er ritstjóri að hógværu og sannleiksflytjandi blaði, gat ekki þolað það, að jeg hefði gefið rangar skýrslur. Hann tilfærði tvö dæmi, ummæli mín í ráðgjafarnefndinni í sumar um landhelgismálið og skeyti ríkisráðherrans. Á því þykist hv. þm. (Jak. M.) hafa sjeð, að jeg hafi farið rangt með, því hann telur sjálfsagt, að Íslendingurinn hafi á röngu að standa, ef honum ber ekki saman við erlendan mann. En sannleikurinn er sá, að við höfum báðir sagt satt, ríkisráðherrann danski og jeg. Spurningin er aðeins um það, hvernig ummælin verða skilin. Jeg þarf ekki að lesa þau upp; hv. þm. hafa heyrt þau svo oft. En jeg vil skjóta því til þeirra, hvort það eigi að kalla tilboð af hálfu nefndarmannanna dönsku, að þeir segjast fúsir til þess að leggja það til, að strandgæslan verði aukin, ef Alþingi óskar þess. Hvort þetta má kalla tilboð, það getur verið álitamál, en ekki

var um neitt beðið að fyrra bragði. En það hefir í raun og veru enga þýðingu, hvort þetta er kallað einu nafni eða öðru. Svo mikið er víst, að kostur er á þessu frá hálfu Dana. Jeg sagði það eitt, sem jeg vissi sannast og rjettast í þessu efni, og eins gerði jeg, er jeg sagði frá afstöðu þingsins 1920 á annan veg, og á annan veg frá afstöðu dönsku stjórnarinnar. Það hefði verið óðs manns æði að segja annað en satt um þetta, því það var sagt í einu við íslenska þingmenn og stjórnmálamenn og danska þingmenn og stjórnmálamenn. Jeg áleit það skyldu mína að reyna að fá Dani til að uppfylla skyldur þær, er þeir höfðu gengist undir í þessu efni, í sem ríkustum mæli, og þeir mega álasa mjer fyrir það, sem það vilja. Og þótt jeg hefði að fyrra bragði farið fram á ríkari landhelgisgæslu en beint var skylt, þá hefði jeg ekki þóst þurfa að biðja neinnar afsökunar á því.

Hv. þm. (Jak. M.) talaði um það, að jeg flæktist hjer fyrir og að á mjer strönduðu allar tilraunir til eðlilegrar flokkamyndunar, og þá um leið stjórnarskipunar. Menn efast vonandi ekki um sannsögli hans, en þó mun hann hafa vitað það, að tilraunir hafa verið gerðar til að mynda meiri hluta flokk í sumar, og hefir ekki tekist, en jeg hefi enga tilraun gert til að spilla því. Jeg hlýt að verða upp með mjer af því trausti, sem hv. þm. (Jak. M.) ber til hæfileika minna, að jeg geti farið með hv. þm. eftir geðþótta mínum, því þótt jeg sje ekki fíkinn í völd, kitlar það altaf hjegómagirnina að heyra manni hælt svo og vald sitt sagt eins víðtækt og hv. þm. lýsti mínu valdi.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) vítti það mjög, að verið var að tala um Magnús Stephensen í sambandi við þessa stjórn, er nú situr. Þótt svo sje, að minst hafi verið á hann í einhverju sambandi, þá fæ jeg ekki skilið, að það sje í neinu óviðkunnanlegt. (**E. E.**: Jeg átti við fjármálastjórnina). Mjer er alveg sama, hvort hv. þm. (E. E.) átti við fjármálastjórn eða einhverja aðra; jeg skil ekki svona ummæli yfirleitt. Jeg þekti Magnús Stephensen betur en hv. þm. (E. E.), og jeg er viss um það, að hann hefði ekkert haft við það að athuga, þótt hann hefði verið nefndur í sambandi við fjármálaráðherra.

Það virtist koma fram í ræðu hv. þm. (E. E.), að jeg megi ekki dæma um mínar gerðir. Nú. þm., sem er sækjandi í þessu máli, hann má dæma, en stjórnin, sem er verjandi, hún má það ekki.

Þm. (E. E.) sagðist ekki treysta sjer til að koma heim til kjósenda sinna, ef hann þá væri ekki búinn að taka skýra afstöðu til stjórnarinnar. Sumir segja nú, að þessi umbrot hans sjeu til þess gerð, að hv. þm. (E. E.) þurfi ekki að koma til þeirra aftur. (**E. E.**: Þetta skil jeg ekki). Jeg get ekki gert við skilning hv. þm. (E. E.).

Hv. þm. (E. E.) talaði enn fremur um vandræðin, sem nú væru fyrir landbúnaðinn og sjávarútveginn. Það er rjett, að hjer er vandi á ferðum, þótt jeg hins vegar verði að álíta, að hann lýsi ástandinu í sínu kjördæmi lakar en það er. En jeg hefi nú meiri trú á bændunum en hann. Og jeg get ekki, í þessu sambandi, látið vera með að segja litla sögu um kotbónda nokkurn, og bera svo saman það, sem hv. 1. þm. Árn. (E. E.) segir um búskapinn í Árnessýslu, og orð þau, er þessi bóndi sagði við mig.

Sumarið sem leið var, eins og allir vissu, mjög erfitt, votviðrasamt og hey skemd. Jeg segi þá á þessa leið við bónda: „Mikið ósköp hlýtur að vera

erfiður tími fyrir bændur núna". En bóndi svaraði: „Ojæja, örðugt er það að vísu. En þegar sólin skín, þá lifnar alt aftur". Þetta var nú hans trú, ólík trú bankastjórans. Þetta er sú sanna íslenska trú, að alt rís upp aftur þegar sólin skín.

Hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) sagði, að ekki hefði verið rjett skýrt frá hjá mjer um samsteypustjórn í nágrannalöndunum. Jeg nefndi nú aldrei neina samsteypustjórn, heldur minni hluta stjórn. Jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. (J. B.) viti eitthvað um þetta, fyrst hann er að leiðrjetta mig. En sje svo ekki, þá get jeg sagt honum það, að sá stjórnarforseti, sem var næst á undan þeim, sem nú er í Danmörku, sat einu sinni með 16 manna fylgi, að undanskildu stuttu millibilsástandi utanþingsstjórna. — Í Noregi mun líkt hafa verið ástandið, og er má ske enn. Vafasamt,hvort nokkursstaðar á Norðurlöndum er veruleg meiri hluta stjórn með samfeldan meiri hluta að baki sjer.

Hv. þm. (B. J.) sagði, að nauðsynlegt væri nú að mynda meira hluta, og að hann mundi vilja styðja að því. En hvað kemur honum það við, hvort hjer er meiri hluti eða flokkabrot, eða ekki. Jeg get ekki hugsað mjer, að sócíalisti geti tekið þátt í flokksmyndun hjer. Hann getur ekki samlagað sig neinum flokki hjer, hann stendur einn og á að standa einn, eftir sínum kenningum. Hann getur ekki tekið ábyrgð með neinum flokki, sem segir: Frjáls verslun í frjálsu landi. Ef jeg skil sócíalista rjett, þá er þoka fyrir augum hv. þm. (J. B.). Annars skal jeg ekkert setja út á það, þótt hann sje á móti stjórninni; jeg mundi vera það sjálfur, ef jeg væri í hans sporum, og þá líklega á móti a l l r i stjórn, er hjer gæti myndast, svo jeg þá væri sjálfum mjer samkvæmur.

Hv. þm. (J. B.) talaði um einkasölufrv. og sagði, að þau sýndu svipaða stefnu og hann vildi viðhafa. Nefndi hann þar einkasölu á tóbaki, lyfjum o. s. frv. Þetta er og misskilningur hans. Það hefir verið tekin upp einkasala í ýmsum löndum, t. a. m. á tóbaki, eldspýtum og fleiru, án þess að það hafi þótt benda nokkuð í sócíalistaátt. Austurríki þótti ekki sjerlega sócíalistiskt fyrir stríðið t. a. m. Tóbakssölufrv. hjer átti ekki að sýna neina þvílíka stefnu.

Svo er það lyfjasalan. Hún er til tryggingar því, að lyfin verði góð, en sýnir alls enga stefnu í verslunarmálum. Þetta er bara misskilningur, viljandi eða óviljandi. Hitt gæti verið rjett, að heimta af stjórninni, að hún stæði eða fjelli með einhverju frv. En það væri alveg nýr siður, ef stjórn ætti að fara frá, þótt eitthvert af frv. hennar fjelli, t. d. að þessi stjórn ætti að fara frá, þótt eitt af þeim 50 frv. fjellu, er hún hefir lagt fyrir þingið að þessu sinni.

Frá sjónarmiði þm. (J. B.) get jeg vel skilið, að hann sje mótfallinn Íslandsbanka, en það á ekki, frá hans sjónarmiði, að gera svo mikið til, hvort eigendur eru innlendir eða útlendir. Hann hlýtur að vera á móti honum, — samanborið við Landsbankann, — af því að bankinn er eign einstakra manna. Og hv. þm. (J. B.) á eftir að sýna fram á það, að stjórninni hafi verið fjárhagslega mögulegt að taka bankann í sínar hendur. Aftur á móti er hitt rjett, sem hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) benti á, að stjórnin verður að láta sig máli skifta, að það frv. fái á einhvern

hátt sæmileg afdrif. Hann er þingvanur og skilur betur þingmálin.

Það var eitthvað lítils háttar, sem jeg skrifaði eftir hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), en jeg held nú samt, að jeg sleppi honum.

Þá er það frændi minn, hv. þm. Str. (M. P). Hann ásakaði stjórnina fyrir það, að hún hefði ekki komið með neitt það mál, er valdið gæti ótvíræðri flokkaskiftingu í þinginu. Jeg held, að það sje til nokkuð mikils ætlast að krefjast þess af stjórninni, nú á þessum vandræðatímum, að hún vinni það kraftaverk að láta menn skiftast í meiri og minni hluta flokka um ákveðin mál. Slíkt er nær alveg óþekt nú sem stendur. Yfir höfuð myndast varla flokkaskifting á þann hátt.

Viðvíkjandi því, að stjórnin komi ekki með nein stefnumál, þá vildi jeg spyrja: Hvaða stefnumál hefir hv. þm. Str. (M. P.) komið með? Mjer þykir gaman að sjá, þegar þessi stjórn er farin frá, sem nú er ætlast til, hvernig sú stjórn, er þá tekur við, fer að koma á flokkaskiftingu hjer í þinginu.

Hv. þm. (M. P.) sagði, að stjórnin hefði ekki hugsjónir. Hvað meinar hv. þm. (M. P.)? Jeg veit ekki betur en að það eigi að geta talist fullsæmilegt og forsvaranlegt að leggja fyrir þing heilt nýtt skattakerfi.

Jeg tek það alveg trúanlegt, að sú nefnd, sem háttv. þm. Str. (M. P.) hefir starfað í, hafi ekki tafist í öllum undirbúningi þessa máls, enda er það meiri hluti flokks þm. Dala. (B. J.), sem borið hefir þessa till. fram. **(B. J.:** Jeg er nú einmitt í þessum flokki, sem ekki hefir tafist).

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) var að tala um það, að jeg hefði sagt svo skýrt, að hann væri stjórnarandstæðingur. Mjer þykir leiðinlegt, ef jeg hefi gert hann að stjórnarandstæðingi með því. En jeg man svo langt, að hann var efstur á lista stjórnarandstæðinga. Og að því er snertir þessi 1400 atkv., þá gerði jeg ráð fyrir, að það væru fleiri stjórnarandstæðingarnir í þessum bæ en 1400, svo að þessi tala hræðir mig ekki.

Hv. þm. (M. J.) talaði um stjórnmálaástandið í landinu og glundroðann, sem ríkti þar, og það var víst líka það, sem ræða hans spanst út af. Jeg held, að hún sje nú nokkuð langsótt þessi kenning hv. þm. (M. J.) um alt þetta. Þm. sagði, að glundroðinn væri jafnvel kominn inn í þessa virðulegu stofnun. Jeg vil nú ekki segja neitt ilt um þessa virðulegu stofnun, þingið, en jeg held, að glundroðinn sje nú fult eins mikill hjer og fyrir utan. Jeg veit ekki, hvort stjórnin hefði getað fyrirbygt það, en hitt fullyrði jeg, að það á sjer alls engan rjett að ásaka stjórnina fyrir ástandið. Það gera tímarnir mest. Það er vitanlegt, að hjer er eiginlega ekki nema einn flokkur í þinginu, sem hefir ákveðna stefnu, og þó er þessi flokkur nú sundurlausari og ósamstæðari en áður.

Svo mintist hv. þm. (M. J.) á þetta, sem svo margir hv. þm. hafa talað um, að þingræði heimtaði fasta flokkaskiftingu. Þá kenningu hefi jeg aldrei heyrt fram setta fyr. Þingræði getur vel verið án fastra flokka; það gæti vel verið, þótt ekki væri nokkur flokkur.

Hv. þm. (M. J.) var að finna að því, að skift væri um einstaka menn í stjórn. Það hefir alls ekki verið á valdi þingsins; þessir menn hafa farið sjálfviljugir, og ekkert hefir bundið þá.

Stjórnin tók að vísu sömu stefnu um eignarrjett vatna, sem hún áður hefir fram haldið og hún taldi rjetta.

Og þó að hv. þm. Dala. hafi lastað þetta, þá get jeg ekki tekið það neitt nærri mjer. Jeg álít það alveg rjett, af hvaða stjórn sem er, að standa á sinni meiningu, þangað til þing beinlínis skipar henni að breyta til.

Ásökun þessa hv. þm. (M. J.) að öðru leyti á sjer engan stað. Því það er föst og ákveðin stjórnarvenja að leggja frv. fram í þeim búningi, er þau hafa fengið á fyrra þingi. Stjórnin hefir nú, að því er þetta frv. snertir, aðeins fylgt þessari sjálfsögðu reglu af virðingu fyrir þinginu.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) talaði um það, að stjórnin stæði ekki við dýrtíðarráðstafanir sínar, nema hún hjeldi þeim áfram svo og svo lengi.

En stjórninni fanst nú rjettast að halda slíkum ráðstöfunum áfram til þings, svo að þingið gæti sjálft ákveðið, hvort þeim skyldi áfram haldið eða ekki. Stjórnin hefir aldrei ætlað sjer að halda því máli fram til streitu, þótt breytt væri til. Slíkt fer auðvitað eftir breyttum aðstæðum. Jeg býst við, að þetta sje í samræmi við þá kenningu þessa hv. þm. (M. J.), að betra sje ilt að gera en ekkert, þótt mjer raunar þyki það dálítið spaugilegt af munni þessa hv. guðsmanns.

Það hefir verið minst hjer á það, að ekki dygði að draga saman seglin. En jeg er samt hræddur um, því miður, að það verði að gerast.

Annars virðist mjer það nokkuð undarlegt, að þessar umræður, er áttu að snúast um stjórnina, hafa að miklu leyti lent í deilur milli einstakra hv. þm. Það væri æskilegt, að hv. þm. hjeldu sjer betur við efnið og deildu aðeins á stjórnina, kæmu með vantraustið á hana, en ekki hver á annan.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) talaði um það, að stjórnin vildi ekki taka lán og teldi það óráðlegt. En þetta er hinn mesti misskilningur. Fjrh. (M. G.) hefir tekið það skýrt fram, að hjer sje ekki um það að ræða, hvort stjórnin eigi að taka lán í framtíðinni, heldur sje um það að ræða, hvort stjórnin h a f i átt að taka lán. Þ a ð var líka ásökun hv. þm. Dala. (B. J.). Þeirri ásökun hefir fjrh. (M. G.) svarað svo, að hann hafi ekki sjeð ástæðu til lántöku á árinu sem leið. En um hitt vill stjórnin eðlilega ekkert segja við þetta tækifæri, hvort eða hve nær eða hvar hún ætli að taka lán einhvern tíma. Og það ekki síst, ef hún nú fer frá.

Jeg held, að jeg sje þá búinn að svara flestu í ræðum hv. þm., er var svaravert. Og jeg vona að þurfa ekki að lengja umræður mikið fram úr þessu.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg skal ekki vera margorður, því jeg tel, að umræður eigi nú að fara að styttast.

Hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) gerði mjer upp hugsanir, er jeg samdi og bar fram tekjuskattsfrv. Þessar hugsanir, sem hv. þm. (J. B.) lagði mjer í brjóst, báru ekki vott um neinn sjerstakan velvilja í minn garð, þar sem jeg átti að hafa lagt fram frv. og samið þau til þess að afla mjer atkvæða á víxl úr ýmsum flokkum. En jeg get sagt þessum hv. þm. (J. B.) það, að jeg hefi aldrei ætlað að veiða atkvæði hans eða annara með þessu eða öðru frv. Hann var ekki kominn á þing þegar jeg samdi frv. og hafði því ekkert atkvæði.

Þar sem þessi hv. þm. (J. B.) talaði um tekjuskattsfrv., þá skýrði hann beinlínis rangt frá, er hann sagði, að það gengi nær mönnum en tekjuskattslögin frá 1877. Því í frv. mínu er gert ráð fyrir því, að frá sje dregið tekjunum fyrir

hvern ómaga, er sá hefir fram að færa, er skattskyldur er, þannig, að sá, sem á fyrir að sjá 2—3 ómögum, er betur settur eftir frv. mínu en samkvæmt gildandi lögum.

Þetta var þm. (J. B.) skyldur til að taka fram, ef hann vildi segja allan sannleikann, en ekki gerast ber að ósanngirni og röngum sakargiftum.

Þessi hv. þm. (J. B.) sagði, að jeg hjeldi vörnum uppi fyrir Íslandsbanka. Hann má nú segja það. Jeg skammast mín ekkert fyrir að reyna að sjá um það, að ekki sjeu eyðilagðar peningastofnanir landsins.

Það er og rangt hjá hv. þm. (J. B.), að missir seðlaútgáfurjettarins hafi verið við lagður, ef bankinn gæti ekki yfirfært peninga til útlanda. Þetta getur þm. sjeð, ef hann nennir að líta í lögin frá í fyrra, og á annað borð vill heldur segja satt en skrökva. Hann sjer það, að við liggur, að seðlarnir sjeu innleysanlegir, en ekki annað.

Jeg hafði og skrifað hjá mjer ummæli þessa hv. þm. (J. B.) um flokkaskipunina. Því hefir hæstv. forsrh. (J. M.) rækilega svarað. Þarf jeg engu þar við að bæta, en er á sama máli og hann um það, að þessi þm. (J. B.) geti ekki, samkvæmt stefnu sinni, gengið í nokkurn flokk í þinginu eða átt með þeim samleið.

Um hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) tala jeg ekki. Hann er nú framliðinn í þessari umræðu, og þeir dauðu hafa sinn dóm, og dóminn yfir honum hefi jeg þegar kveðið upp.

Mjer skildist á hv. þm. Str. (M. P.), að hann væri gramur yfir því, að jeg hefði ekki lýst yfir því, að jeg segði af mjer, ef einkasölufrv. væri felt. Telur hann það vott um stefnuleysi hjá mjer og stjórninni yfirleitt. En þetta mál er fyrir mjer ekkert stefnumál. Það, sem fyrir mjer vakti við samningu frv., var það, að fje þyrfti að útvega í ríkissjóð, og jeg sá ekki betri leið til þess en þetta. Og ef hv. þm. Str. (M. P.) getur bent á heppilegri leiðir til þessa, þá skal jeg fúslega fylgja honum.

Hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) spurði, hvað stjórnin ætlaði sjer að gera, ef tekjur og gjöld ríkisins stæðust ekki á. Þessi fyrirspurn er óþörf. Jeg sagði við 1. umr. fjárlaganna, að ef einhver tekjufrv. yrðu feld, eða gjöldin aukin, þá byggist jeg við, að hallann yrði að jafna með útflutningsgjaldi af afurðum landsins. Jeg játa það fúslega, að slíkt er neyðarúrræði, og jeg vildi óska, að slíkt þyrfti ekki að koma fyrir.

Jeg skal taka það fram, að mjer þykir það nokkuð undarlegt, ef ráðherra á nú að fylgja svo fast fram hverju einasta frv., að hann segi af sjer, ef við því er hróflað. Jeg mundi telja slíkt nokkuð mikinn einstrengingsháttt, er ekki mundi bæta ástandið. Þar sem nú yfir 40 þingmenn sitja á þingi, þá er ekki hægt að búast við því, að allir fái vilja sínum framgengt í öllu. Menn verða að sveigja til, ef samkomulag á að fást eða samvinna verða.

Enn fremur spurði hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) um það, hvernig fara mundi um yfirfærslur peninga gegnum póst. Já, það er nú ekki gott að svara því, hvernig það verði í framtíðinni. En svo mikið get jeg þó sagt, að mikið hefir verið yfirfært nú upp á síðkastið gegnum póstinn, t. d. nær einni miljón á einum mánuði. En að því getur þó rekið, að hjer verði að taka í taumana, ef aðalviðskifti landsmanna við útlönd eiga að fara fram á þennan hátt.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) hefir

hæstv. forsrh. (J. M.) svarað. Það var annars býsna margt, sem sá hv. þm. (M. J.) sakaði stjórnina um. Hún átti sök á flokkaglundroðanum á þingi. Hún átti sök á illu ástandi, sem er afleiðingar ófriðarins, o. s. frv. Þó benti nú þessi hv. þm. (M. J.) sjálfur á ástæðuna fyrir flokkariðluninni, að það væri lausn sambandsmálsins. Er það rjett hjá hv. þm. (M. J.). Sama kom og fyrir hjá Norðmönnum, er þeir losnuðu úr sambandinu við Svía.

Hv. sami þm. (M. J.) segir, að stjórnin hafi ekkert gert til þess að ljetta af dýrtíðinni í landinu. Ja, hvað á þm. við? Ef hann á við, að stjórnin hefði átt að selja vörur undir sannvirði, þá var slíkt ekki hægt. Það gat stjórnin ekki gert án lagaheimildar frá þinginu.

Hann sagði enn fremur, að stjórnin væri stefnulaus viðvíkjandi viðskiftahömlunum og vissi ekkert hvað gera skyldi í þeim efnum. Það hefir nú aldrei verið meining stjórnarinnar að halda þeim hömlum til eilífðar. Hann hjelt því fram, að stjórnin hefði haldið þeim of lengi. En til þess er því að svara, að verðfall á erlendum markaði hófst fyrst fyrir 2—3 mánuðum, og því naumast hægt að áfellast stjórnina mjög, þótt hún vildi ekki sleppa öllu lausu þá þegar, þar sem bæði þing átti að koma saman innan skamms, og verðfallið tiltölulega lítið erlendis. Jeg hygg, að flestir muni telja það hyggilegt af stjórninni, úr því sem komið var, að bíða eftir vilja þingsins.

Þm. (M. J.) talaði um peningaleysið hjer, að það væri mikið. Og það er satt. En það er alda, sem gengur yfir allan heim, og því eðlilegt, að við sjeum þar engin undantekning.

Þessi hv. þm. (M. J.) er mjög óánægður yfir því, að stjórnin skuli ekki þegar vera farin frá. Jeg býst nú við, að það fari að styttast fyrir henni, og þm. (M. J.) geti því verið ánægður. En jeg vil geta þess, að það hefir aldrei verið siður hjer, að stjórn hafi leitað trausts hjá þingmönnum. Og af hverju hefir þm. (M. J.) ekki sjálfur komið með vantraustsyfirlýsingu, öðru en því, að hann veit, að hann getur ekki fengið hana í gegn? Hann gerir fúlyrðum sínum of mikinn kraft, er hann heldur, að stjórnin víki fyrir þeim einum. Til þess hefir hún ekki heimild.

Þá mintist þm. (M. J.) á bókunina í ráðherrabókinni viðvíkjandi kornvörufrv., og að sú bókun sýndi best stefnuleysi stjórnarinnar. En jeg get nú sagt þessum hv. þm. (M. J.) það, að svona slagorð met jeg einskis. Stjórnin ætlaði aldrei að nota þá bókun sem neitt skálkaskjól, heldur átti hún aðeins að sýna það, að stjórnin legði ekki og ætlaði sjer ekki að leggja neitt kapp á þetta mál.

Þessi hv. þm. (M. J.) sagði, að stjórnin væri hálfvolg og óákveðin, og því væru þm. það líka. Jeg skil ekki almennilega, að þm. (M. J.) skuli vilja lýsa vantrausti á öllum þm. líka; þeir eru ekki heldur hjer til umræðu í dag. Hann ætti því að láta sjer nægja að fást við stjórnina eina, en hann er í svo miklum vígahug, að hann veit ekki hvert hann heggur.

Um lántökurnar söng hann aðeins sama sönginn sem áður hefir verið sunginn hjer. Þarf jeg ekki að svara því, þar sem það er marggert áður.

Þá spurði hv. þm. (M. J.), hvaða gagn væri að afnámi viðskiftahamlanna, ef ekki væri hægt að taka lán til að greiða skuldirnar erlendis. Jeg hefi

aldrei borið á móti því, að hægt væri að taka lán. Þvert á móti. Landsbankinn hefir tekið lán. Og það hafa verið tekin lán bæði í Englandi, Ameríku og Danmörku. En það þykir ekki nóg. Altaf er verið að klifa á lántökum og sagt, að stjórnin vilji ekki taka lán, og það eingöngu vegna þess, að stjórnin vill ekki vasast í því að taka lán handa einstökum mönnum til atvinnurekstrar.

Þm. (M. J.) segist ekkert upp úr því leggja, hvort samþ. verði traust eða vantraust á stjórnina. En til hvers var hann þá að eyða dýrmætum þingtíma með klukkutíma ræðu?

Þm. (M. J.) sagði, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hefði tekist vel að verja stjórnina, þ. e. a. s. að bera af henni glæpi. En hann tók aftur að sjer að lasta stjórnina, og reyndi að finna henni ýmislegt til foráttu. Meðal annars það, að fjeð fyrir trollarana hefði verið fast hjá stjórninni, nema þá til kaupa á nýjum skipum. Þetta er ekki satt. Stjórnin borgaði fjeð út, þegar ekki þótti þörf fleiri skipa.

Ef jeg ætti þá að draga saman í eitt það, sem stjórninni hefir verið fundið til foráttu af þessum hv. þm. (M. J.), þá er það þetta, að hún hefði átt að koma í veg fyrir afleiðingar ófriðarins, en ekki gert það. En hver einasti meðalgreindur maður hlýtur að sjá, að þetta er ómögulegt. Þegar miljónir manna gera ekki annað árum saman en eyða og spilla fjármunum og vegast, í stað þess að framleiða, þá hlýtur slíkt að koma niður á öllum heiminum.

Mjer skildist, að þessi hv. þm. höfuðstaðarins (M. J.) miklaðist mjög af því að hafa fengið rúm 1400 atkvæði einungis vegna þess, að hann var á móti stjórninni. En mjer finst nú, satt að segja, þm. (M. J.) vera orðinn nokkuð bljúgur og lítilþægur, ef hann heldur, að hann hafi ekkert atkvæði fengið sjálfs sín vegna, heldur hafi stjórnin útvegað honum þau öll. En kann ske þetta sje satt?

Jeg mun ekki greiða hjer atkvæði, hvorki með eða móti vantraustinu. En hitt játa jeg þó, að það er skýlaus rjettur hvers þm. En jeg vil þó ekki nota þann rjett nú. En hitt er annað mál, þegar jeg fer að gera það upp með sjálfum mjer, hverjir eru með og hverjir móti núverandi stjórn, að þá getur enginn bannað mjer að telja mig í hópi stuðningsmannanna, því jeg er með stjórninni, eins og hv. þm. munu hafa heyrt.

Ólafur Proppé: Við erum búnir að sitja hjer í tvo daga og ræða þetta mál. Jeg hefi hlustað á mál manna og er búinn að punkta niður um 30 til 40 atriði. En jeg get vel setið á þeim, því þau eru orðin þvæld til þrautar.

Jeg tek ekki til máls til að tala máli stjórnarinnar, heldur til að gera grein fyrir atkvæði mínu. En jeg get þó ekki stilt mig um að taka fram, að jeg hefi saknað eins í umræðunum, sem hefði getað orðið stjórninni til málsbóta, og það er yfirlit yfir það, sem á undan er gengið. Menn hafa ekki tekið nægilegt tillit til tímanna, sem hjer voru, áður en þessi hæstv. stjórn tók við völdum. Jeg geri nefnilega ráð fyrir, að 7 ára tímabilið, sem liðið er frá stríðsbyrjun, hafi valdið miklu af þeim vandræðum, sem eru hjer nú, en að þetta eina ár, sem þessi stjórn hefir setið að völdum, hafi ekki eitt skapað þetta ástand. Orsakirnar til vandræðanna verður áreiðanlega að rekja miklu lengra aftur. Jeg hreyfði

þessu ekki til að verja stjórnina, heldur aðeins til að vekja athygli manna á því.

Aðalmálin tel jeg vera banka- og peningamálin. Aðalatriðið er því, hvernig tekst að greiða fram úr þeim. Jeg er engan veginn ánægður með aðgerðir stjórnarinnar í þeim málum. Jeg hefði óskað, að stjórnin hefði verið svo framsýn að taka lán. Framsýn stjórn hefði eflaust gert það. En við getum ekki búist við, að okkar stjórn væri framsýnni en allar aðrar, því aðrar stjórnir, í nágrannalöndum vorum, eru undir sömu syndina seldar; þær hafa ekki tekið lán. Ef við hefðum haft slíka stjórn, hefðu aðrar þjóðir öfundað okkur.

Hvað viðvíkur þessari lántöku, þá liggur í augum uppi, að veltufje bankanna er ekki nóg. Og það er ekki að búast við því. Verðfall peninganna er nú orðið ferfalt. Bankafjeð hefði orðið að aukast að sama skapi, en það hefir ekki gert það. Það vantar rekstrarfje, og það er ekki hægt að fá það nema með lántöku. Atvinnuvegirnir krefjast því, að tekið sje lán.

Það hefir upplýstst í þessari hv. deild, að stjórnin hafi nú sjeð sig um hönd í þessu máli. Mjer skildist á hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), að Landsbankinn væri búinn að fá lán í Danmörku og stæði í samningum um lán í Englandi. Ef svo er, að þessar fjárupphæðir náist, lít jeg svo á, að stjórnin kannist við þörfina og hafi sjeð sig um hönd. **(Fjrh. M. G.:** Landsbankinn hefir tekið lánið). Já, en með aðstoð ríkissjóðs. **(Fjrh. M. G.:** Já, ábyrgð). Af því jeg lít svo á, að þetta sje eina málið, sem í þessu sambandi skiftir nokkru máli, og mjer hins vegar virðist stjórnin hafa sjeð að sjer og vilji nú sjá um, að við fáum nægilegt fje, þá vil jeg, áður en jeg greiði atkv., leggja fyrir stjórnina eftirfarandi spurningar, sem jeg óska að fá greinileg svör upp á nú þegar:

1. Hversu mikið er það fje, sem Landsbankinn hefir þegar fengið í Danmörku, og er í samningum um í Englandi?

2. Kæmi þetta fje jafnt að haldi viðskiftamönnum Íslandsbanka sem Landsbankans?

3. Hverjar eru horfur um hag Íslandsbanka? Á hann von á samskonar láni, eða trausti sinna fyrri erlendu viðskiftavina?

4. Álítur stjórnin þær upphæðir, sem bankarnir þannig kunna að hafa trygt sjer, nægilegar?

5. Ef svo er e k k i, er stjórnin þá reiðubúin að láta einskis ófreistað til viðbótarlántöku,svo mikillar,að atvinnuvegum landsins verði nægilega borgið?

Eftir þeim svörum, sem stjórnin greiðir við þessum spurningum, fer um atkvæði mitt.

Ýmislegt annað hefði mátt athuga, en það mun vera heppilegra að vera stuttorður, ef málinu á að geta orðið lokið í kvöld.

Þó get jeg ekki gengið fram hjá strandvarnamálinu. Jeg býst við, að eftir eldhúsdagana um daginn, hafi stjórnin tekið sjer til inntekta það, sem þingið sagði, og muni því undirbúa það mál svo, að einhverja fasta niðurstöðu verði hægt að taka á næsta þingi.

Á eitt af því, sem hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, verð jeg að minnast. Hann sagði, að störf þingsins hefðu tafist sökum framkomu þessarar tillögu. Þetta má eigi standa ómótmælt, enda hefir hv. þm. Str. (M. P.) einnig tekið í þennan streng. Vantrauststillagan hefir aldrei komið til umtals í þeim flokki,

sem jeg tilheyri, og jeg mótmæli því, að þetta mál hafi að nokkru tafið skyldustörf þingmanna.

Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að hann mundi greiða atkv. á móti vantraustsyfirlýsingunni á stjórnina. Jeg verð að játa, að mjer fanst þetta í fyrstu óviðkunnanlegt. En þegar jeg fór að íhuga það, sá jeg, að við þetta er ekkert athugavert. Jeg minnist þess, að þegar jeg bauð mig fram til þings 1919, þá var jeg upphaflega staðráðinn í að kjósa ekki sjálfur, og gerði eigi heldur. En fylgismenn mínir tóku mjer þetta óstint upp og spurðu mig: Hvernig getur þú búist við, að við kjósum þig, ef þú hefir ekki sjálfur traust á þjer? Sama er nú með stjórnina og þá með mig. Á þessu geta menn sjeð, hvernig þjóðin lítur á þetta mál.

Einstaka fleiri atriði hafði jeg hugsað mjer að drepa á, en jeg get látið þau liggja. En þurfi jeg að taka til máls aftur, mun jeg, ef til vill, athuga þau.

Sveinn Ólafsson: Það munar lítið um einn kepp í sláturtíð, segir máltækið. Hið sama má segja hjer, þótt eytt sje fáeinum mínútum til þess að gera grein fyrir atkv. sínu.

Það stendur svo á, að hjer er búið að eyða því nær 5 dögum af dýrmætum tíma þingsins til að leita lags á að koma stjórninni frá. Því jeg lít svo á, að fyrirspurnin viðvíkjandi strandvörnunum, sem þingið eyddi þremur dögum í, hafi verið nokkurskonar forspil að vantraustsyfirlýsingu þeirri, sem nú er til umæðu, og eigi því að teljast með. Það er alt annað en ánægjulegt, að þessum tíma hefir verið varið svo — til alls ekki neins.

Alt frá æskuárum hefir sjálfstæðismál vort verið mjer stöðugt umhugsunarefni, og hefi jeg verið mjög viðkvæmur fyrir öllu, sem varpað hefir skugga á sjálfstæðisvonir þjóðar minnar. Jeg hefi tekið mjer nærri, er frændur vorir fyrir handan hafið hafa gert lítið úr hæfileika okkar til að fara með okkar eigin mál. Jeg hefi ekki staðist reiðari en ef þessir frændur vorir hafa sagt, að við mundum ekki bera gæfu til að nota okkur frelsið, þótt við fengjum það. Þegar baráttan stóð hæst í sjálfstæðismálum vorum fyrir 12 árum, var jeg stektrúaður á það, að við værum búnir þeim hæfileikum, að við værum færir um að sjá um oss sjálfir, og fanst mjer hin mesta goðgá að mæla því í móti eða spá um það hrakspám. En þessi trú hefir síðan orðið fyrir áföllum, og hún hefir veikst því meir sem jeg hefi betur kynst starfsháttum þingsins. Þetta er mjer áhyggjuefni, því jeg vil ekki missa þessa trú. Jeg hefi þess vegna reynt að leita að ástæðunum fyrir því, að oss takast stjórnarstörfin óhöndulega, og alvöruleysis eða jafnvel ljettúðar vill þar gæta. Jeg veit ekki, hvort jeg hefi fundið þær. Niðurstaðan, sem jeg hefi komist að, er sú, að einhver helsta ástæðan sje umhverfi það og andrúmsloft, sem þingið starfar í. Jeg hefi áður sett fram þá skoðun í öðru sambandi, að þingið eigi ekki að starfa í Reykjavík, heldur einhversstaðar til sveita, t. d. fyrir austan fjall. Því jeg held, að áhrif þessa bæjar á þingið og þingstörfin sje sjeu sjerstaklega óholl. Því er svo farið í þessum unga bæ, að meira gætir skemtana, ljettúðar og sundurgerðar en góðu hófi gegnir. Menn sækja mjög örðugt leikhús og kvikmyndahús o. s. frv. Þessi hneigð hefir gagntekið fólkið, svo það ætlast til að fá að sjá eitthvað svipað í þingsölunum

og í leikhúsunum. Og þetta virðist hafa smitað þingið svo, að það sýnist vera farið að verja tíma sínum til að skemta þessu iðjulitla fólki með loddarahætti, líkum till. þeirri, sem hjer er rædd. En þetta á ekki við, þegar um slík störf er að ræða sem liggja nú fyrir þinginu. Jeg líki þessu, sem farið hefir hjer fram nú í tvo daga, við þessa leiki, sem fólkið er vant að sækja, og tel jeg þessi slæmu áhrif eina orsök ólagsins.

Aðra ástæðuna til þess, hvernig þingstörfin ganga, tel jeg þá, að einstakir menn hafa lagt einskonar löghald á tíma þingsins og tafið mikið störf þess. Á jeg þar sjerstaklega við einn, og þarf ekki að nafngreina hann; jeg ætla þm. sjálfum að geta sjer til um, hver hann er.

Jeg hafði búist við mergjaðri framsöguræðu og að jeg fengi greinilega skýrslu um yfirsjónir stjórnarinnar. En mig furðaði, hvað lítið var þar um feita drætti. Og mig furðaði enn meir eftir að hafa heyrt umræðurnar, því mjer virðist, sem þar hafi verið frekar sókn en vörn af hálfu stjórnarinnar.

Það er búið svo oft að svara þeim ásökunum, sem flm. till. (B. J.) kom fram með, að tilgangslaust er að gera það frekar. Því hefir verið svarað, hvers vegna stjórnin tók ekki síldarsöluna í sínar hendur. Afskiftum stjórnarinnar af kolaversluninni hefir einnig verið svarað. Svarað hefir verið um afskifti hennar af launakjörum kennara. Svarað hefir verið mörgu smávægilegu, sem flm. (B. J.) nefndi, en hefir enga þýðingu. Einnig hefir ásökunum út af innflutningshömlunum verið svarað á ýmsa vegu, og að því, er mjer virðist, ljóslega.

Jeg vil geta þess, að einn hv. þm., þm. N.-Ísf. (S. St.), vildi velta allri ábyrgðinni af þeim ráðstöfunum af stjórnni yfir á þingið. Jeg get ekki verið honum sammála um, að þetta sje rjett, þótt jeg annars sje honum sammála um margt. Þingið ber þar ekki eitt ábyrgðina. Fyrst og fremst voru heimildarlögin frá 8. mars 1920 frá stjórninni runnin. Því næst hefir stjórnin ekki notað þau eins höndulega og skyldi. Jeg finn ástæðu til að átelja framkvæmd hennar á þeim, ekki það, að hún takmarkaði innflutning, heldur hitt, að hún reisti ekki skorður við okri því, sem af hömlunum leiddi á einstökum vörutegundum, með hámarksverði. Verðlagsnefndin náði ekki nema til Reykjavíkur. Einstakir menn hafa því okrað á fágætari vörunum og pínt fje út úr almenningi. Þetta tel jeg ámælisvert hjá stjórninni. Henni var innan handar að taka þetta fastari tökum. En þetta er ekki nein dauðasök, því að reynslan þurfti að skera úr, og nú er hún fengin.

Auðvitað eignumst við aldrei þá stjórn, sem ekki verður meiri og minni aðfinslum undirorpin. En þetta er eitt aðalaðfinsluefnið hjá mjer við núverandi stjórn, af því, sem hjer hefir komið fram.

Annað atriðið, sem jeg vildi minnast á, er meðferð hennar á vatnamálunum. Jeg skal reyndar viðurkenna það, að stjórnin hefir tekið rjetta stefnu með því að fylgja minni hluta fossamálanefndarinnar í eignarrjettarspurningunni um vatnsaflið. En jeg verð að segja, eins og jeg tók fram við 1. umr. vatnamálsins hjer í deild, að meðferðin er að öðru leyti hrapalleg. Stjórnin tekur þann manninn til þess að búa málið undir þetta þing, sem hafði ákveðna tilhneigingu til þess að færa stefnu

minni hlutans úr skorðum og lita hana stefnu meiri hlutans, með öðrum orðum, að spjalla málið.

Það var innan handar fyrir stjórnina að fá óhlutdrægan, vel færan lögfræðing, til þess að búa málið í hendur þingsins.

Með því að hafna þessari sjálfsögðu meðferð málsins og velkja það á þann hátt, sem sagt hefir verið, hefir verið tafið fyrir framgangi þess, tíma eytt í reiptog og vakin sundrung um það að nýju.

En þótt jeg uni illa við þessa meðferð stjórnarinnar á málinu, þá vil jeg ekki gera hana að útlegðarsök. Jeg hlýt að sætta mig við þá hugsun eftirleiðis, eins og hingað til, að stjórnin verði ekki alfullkomin, og henni yfirsjáist. Jeg mun því ekki greiða atkv. með vantraustsyfirlýsingunni, því það er ekkert komið í ljós, sem sýni, að hæfari stjórn verði mynduð úr þessu þingi, eins og það er skipað. Og þótt sú stjórn fengist, sem í einhverju hefði yfirburði yfir núverandi stjórn, þá er jeg ekki trúaður á það, að hún gæti fært þær örðugu ástæður okkar, sem vikið hefir verið að í umræðunum, til betri vegar. Erfiðleikarnir liggja ekki svo mjög í athöfnum stjórnarinnar eða athafnaleysi, eins og í atburðum liðins tíma og afleiðingum af þeim, sem við verðum allir að beygja okkur fyrir.

Það hefir verið tekið fram, að eina ráðið væri að taka lán til þess að reisa atvinnuvegina við. Það er nú svo, að þegar reisa á við hnignandi atvinnuveg, þá er lántaka oft nauðsynleg. Annað mál er það, hvort lántaka sje tiltækileg til að reisa við atvinnufyrirtæki, sem óholl eru og stofnað hefir verið til af lítilli fyrirhyggju og um efni fram. Hvaðan stafar annars þessi margumrædda fjárkreppa? Hún stafar af fyrirtækjum hjer í höfuðstaðnum. Erfiðleikunum valda óholl fyrirtæki, fífldjarfar „spekúlatíónir", sem ráðist hefir verið í hjer. Þessi fyrirtæki ætti svo ríkið að styðja með nýrri lántöku. Láta okkur hina, sem varlega höfum farið og reynt að sjá fótum okkar forráð, greiða þann halla, sem þessi fyrirtæki gætu eigi sjálf endurgreitt.

Jeg tel eigi, að gerlegt sje að fara lengra á lántökuleiðinni en komið er. Mjer skilst, að lán þau, er á okkur hvíla nú, sjeu þegar orðinn allþungur baggi, svo að ekki sje fært, nema brýn nauðsyn beri til, að halda lengra á þeirri braut.

Það hefir verið talað um, að fjárkreppa sú, er nú vofir yfir, dragi menn, sem annars, undir venjulegum kringumstæðum, mundu fullfærir um að halda fyrirtækjum sínum uppi, niður í fjárþrotafenið. Það er nú einu sinni svo, að þegar skriða fellur, þá hrífur hún með sjer, ekki einungis lausagrjót og annað, heldur og stofna, sem á leið hennar verða. Við þetta er eigi auðvelt að ráða, en rangt væri að láta allan landslýð gjalda þeirra fáu, sem vandræðunum valda.

Ástæðan fyrir þessu ástandi er ofvöxtur sá, sem hlaupið hefir í sjávarútveginn á síðustu árum, skipakaupin, sem ráðist hefir verið í fyrirhyggjulítið hjer í Reykjavík, og stórfeldur innflutningur í gróðaskyni. Að sumu leyti veldur þessu einnig fiskkaupabraskið, sem nú, meðal annars, veldur því, að Íslandsbanki hefir komist í fjárþröng.

Skal jeg svo ekki tefja lengur tímann. Jeg hefi lýst yfir því, að jeg greiði ekki vantraustsyfirlýsingunni atkv., og tel hana ekki tímabæra, meðan engin frekari gögn koma fram og aðalstefnu-

málunum er eigi lengra komið en nú er. Jeg felli mig við dagskrá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) og brtt. hv. þm. Str. (M. P.) við hana, og mun greiða henni atkv., og er hún í samræmi við dagskrártillögu þá, er jeg ætlaði að bera hjer fram, en get nú slept að minnast á frekar.

Jón Þorláksson: Jeg er í vafa um, að hvorum jeg eigi að snúa mjer fyr, hv. þm. Dala. (B. J.), eða hv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Jeg þarf að svara þeim báðum, og sumt af því, sem jeg vil taka fram, er svar til þeirra beggja. Hv. þingmönnum hefir ekki nægt að deila á stjórnina, heldur hafa þeir snúið sókn sinni á hendur einstökum þingmönnum. Jeg ætla að taka fyrst hv. samþm. minni, 4. þm. Reykv. (M. J.). Hann gerði sjer fyrst að umtalsefni þau orð mín, að atvinnurekendur yrðu að draga saman seglin í bili. En þegar hann fór að skýra þau, þá settist hann á sama stólinn og hv. þm. Dala. (B. J.), og mun jeg því svara þeim í sameiningu um það atriði.

Hv. þm. (M. J.) gerði og að umtalsefni framkomnar dagskrártillögur, og þar á meðal till. hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Hann sagði, að mjer þætti hún óþingleg og ekki berandi fram, og hann fjelst á það með orðum, sem samboðin eru hans smekkvísi. Hann var eitthvað að tala um saur og að þvo annara saur, og virtist hann þar eiga við till. 1. þm. Rang. (Gunn. S.).

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, að jeg hefði flutt frv. hjer inn á þingið, sem jeg muni ekki ætla að samþykkja, og geri mig því sekan í því sama, sem jeg víti hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) fyrir. Þetta er rangt, því þótt jeg sje ósamþykkur einstökum atriðum þess og hafi bent á ýmsar greinar þess, sem þurfa lagfæringar við, þá er ekki þar með sagt, að aðaltilgangi frv. þurfi að breyta til þess, að jeg geti greitt því atkv. Og er þetta alt annað en að bera fram till., sem flm. er algerlega mótfallinn og ber fram beint í þeim tilgangi, að fá sjálfur tækifæri til að greiða atkv. á móti henni, eins og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) kveðst ætla að gera. En till. er líka borin fram af þeim þm., sem talað hefir mest um að eta sitt eigið afkvæmi, og er aðferð hans þá kann ske skiljanlegri. (**Gunn. S.:** Hún átti að fyrirbyggja loðnar tillögur).

Þá sný jeg mjer aftur að hv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Hann talaði langt mál um stefnur í ýmsum landsmálum og um atvinnumál, en sagði þar raunar ekkert annað en það litla, sem hann hafði lært af mjer á þingmálafundunum í vetur.

Hv. þm. (M. J.) talaði um, að þeir, sem greiddu atkv. með dagskrártill. minni, væru að lepja slepju. Röksemd er þetta ekki, fremur en annað, sem hv. þm. (M. J.) ber fram. En þetta orðatiltæki var honum sjálfum svo einkar samboðið, því að ekkert af því, sem menn verða varir við hjer í þessum sal, líkist meir slepju en það, sem fram gengur af munni þessa hv. þm. (M. J.). Það er þunt, — ekki alveg eins og vatn, heldur ámóta og slepja. Það rennur stanslaust eins og slepja, og það er uppfylt af allra ósmekklegustu orðatiltækjum og samlíkingum, og þess vegna ógeðslegt — eins og slepja. Eftir að hv. þm. (M. J.) var búinn að skálda langt mál út af ræðu minni og dagskránni, komst hann að þeirri niðurstöðu, að jeg mundi annaðhvort greiða atkv. á móti minni eigin tillögu, eða á móti sannfæringu minni. Jeg vil biðja hv. þm. (M.J.) að taka betur eftir því, sem tillaga mín fer fram á, og hann hlýtur

þá að kannast við, þegar hann er kominn í rúmið og búinn að lesa kvöldbænirnar, að þetta eru alt rangfærslur frá honum sjálfum. Till. mín fer fram á það, að afstaða þingsins til stjórnarinnar fari eftir málum. Jeg lofaði mínum kjósendum að stuðla ekki að stjórnarskiftum, nema betri stjórn væri fáanleg. En hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) lofaði sínum kjósendum því að vera á móti stjórninni, án tillits til allra mála og hvað sem við tæki, og upp á það eitt er hann kosinn.

Það er ekki rjett, sem hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) sagði, að hjer hefðu verið kosnir 3 þingmenn upp á það að vera á móti stjórninni, því að einungis einn var kosinn upp á þá stefnu, og það sá, sem fæst fjekk atkvæðin. Jeg sagði einungis, að jeg vildi skifta um stjórn, ef trygging fengist fyrir því, að betri stjórn fengist í staðinn.

Hv. þm. (M. J.) sagði, að beðið væri með óþreyju eftir úrslitunum hjeðan um þetta mál. En sú óþreyja mundi ekkert batna, þótt haldið væri áfram stjórnarskiftabraski, sem þingið ef til vill gæti ekki ráðið fram úr. En hitt er skiljanlegt, að þjóðin bíði með óþreyju eftir afgreiðslu stórmálanna, sem eiga að ráða bót á þeim ósköpum, sem yfir landið dynja. Jeg get nú slept hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) að sinni, og að öðru leyti svarað honum um leið og hv. þm. Dala. (B. J.).

Þm. Dala. (B. J.) ljek hjer skopleik mikinn í gærkvöldi, svo sem hans er vandi oft og einatt. Jeg hefi skrifað sanna og óhlutdræga lýsingu af ytra látæði hans hjer í þingsalnum, eins og það birtist þá og oft endra nær, þegar hann annars tollir inni í deildarsalnum. Hann eirir sjaldnast í sæti sínu, en rápar í sífellu um salinn, ýmist utan borða eða innan borða. Hann er sífelt að grípa fram í fyrir ræðumönnum, stráandi frá sjer hnyttyrðum, með fettum og brettum, eins og leikari á leiksviði, og fær líka einatt hlátur áheyrenda að launum, eins og títt er um leikara. Lýsingin er of löng til að hafa hana yfir hjer, en jeg mun smám saman fullkomna hana og geyma hana á þeim stað, sem eftirkomendurnir hafa aðgang að henni.

Jeg ætla líka að geyma að minnast á utanríkismálin, þar til allsherjarnefndin hefir skilað áliti sínu um þingsályktunartillögu hans þeim viðvíkjandi. En í þetta skifti ætla jeg að minnast lítið eitt á fjármálavit hans og atvinnumálavit, með því að endurtaka nokkur ummæli hans sjálfs úr ræðu hans í gærkvöldi, og má hann skoða það sem þökk og kvittun frá mjer fyrir nokkur hnittyrði hans þá í minn garð, sem áhorfendur launuðu honum með hlátri.

F j á r m á l a v i t i sínu lýsti hann einna best með þeim ummælum sínum, að það b o r g a ð i s i g e k k i fyrir atvinnurekendur sjávarútvegsins að eiga svo mikið fje, að þeir gætu komist af án lánsfjár, yfir þann tíma ársins, sem veltufjeð verður bundið í atvinnurekstrinum. Það er ótrúlegt, að nokkur gæti sagt slíkt. En hann sagði þetta orðjett.

Tal hans um gengislánið lýsti líka allvel fjármálaviti hans. Hann gerir ráð fyrir tvennu í sömu andránni, fyrst að geyma peningana, er til láns væru teknir, nokkra hríð, þangað til gengið sje lækkað, og endurgreiða þá svo með lægra gengi, þ. e. a. s. græða á gengismun, og það jafnvel 6 miljónir króna. Og í öðru lagi að nota þessa sömu peninga til að neyða þeim upp á bankana, sem svo lánuðu þá til fyrirtækja, jafn-

vel til fyrirtækja, sem ekki borguðu sig, svo engin trygging væri fyrir því, að peningarnir fengjust aftur.

Atvinnumálaviti sínu lýsti hann sjerstaklega vel með því, þegar hann fór að skýra frá, hvernig hann vildi fara að því að „draga saman seglin", sem jeg sagði að atvinnurekendur yrðu nú að gera. Og hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) notaði sama efnið til að lýsa sínu atvinnumálaviti, og þess vegna slæ jeg þeim saman í þessu atriði. Þetta, að draga saman seglin, er eitt af mestu vandamálum hvers atvinnurekanda, þegar kringumstæður neyða hann til þess. Báðir lýstu þeir því, hvernig þeir álitu, að togaraeigendur mundu fara að slíku. Hv. þm. Dala. (B. J.) vildi gera það með því að setja skipin á land „þetta ár, næsta ár, og hver veit hve mörg ár". Þetta er haft eftir honum orðrjett. Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) útlistaði þetta vandamál á þann hátt, að svo og svo mikið af atvinnuvegunum verði að hætta og togararnir að fara út úr landinu, þessi dýru og góðu vopn, sem íslenska þjóðin hafi nú í höndum í þeirri ógurlegu orustu, sem þjóðin eigi nú í. Auðvitað geti komið fyrir, að menn þurfi að draga saman seglin, en þá skoði hann það sem slys, líkt og þegar skip rekst á sker og skipstjón hlýst af. Þetti geti komið fyrir, en viljandi geri þetta enginn. Það veit nú svo að segja hvert mannsbarn í bænum, nema þessir hv. þingmenn, hvernig togaraeigendur fara að „draga saman seglin", þegar kringumstæðurnar neyða þá til þess. Þeir gera það með því að láta skip sín stunda veiðar einungis þann eða þá tíma ársins, sem mest er aflavonin, en láta þau — því miður — liggja við landfestar aðra tíma ársins.

Jeg get einnig frætt þessa háttv. þm. um, hvernig bóndinn fer að draga saman seglin. Hann hættir ekki að búa, og hann reynir ekki heldur að fljóta á síhækkandi lánum. En hann minkar dálítið við sig bústofninn, fækkar fólkinu, og þá helst dýrasta fólkinu; svo vinnur hann sjálfur dálítið meira en áður, konan hans sömuleiðis, og kann ske börnin þeirra líka. Þessu fylgja vitaskuld ýms óþægindi, en þannig verður að fara að, og þannig fara menn að. Jeg hefi nú lokið því, sem jeg vildi við þessa hv. þm. sagt hafa. Og sný jeg mjer þá að afstöðu minni til stjórnarinnar.

Ummæli mín um hana hafa verið misskilin, og þar á meðal af hv. þm. Str. (M. P.). Hann segir, að jeg hafi sagt, að jeg væri ekki óánægður með núverandi stjórn. En jeg sagði, að jeg væri minna óánægður með framkvæmdir stjórnarinnar á ráðstöfunum síðustu þinga, heldur en með þessar ráðstafanir sjálfar. En jeg segi honum það satt, að jeg er svo mjög óánægður með margt, sem gerst hefir á síðari þingum, að óánægja mín með stjórnina getur vel verið býsna mikil, þó að hún sje minni en óánægja mín með ráðstafanir síðustu þinga. Og í öðru lagi sagði jeg það, að mjer fyndist lítið til um þær ásakanir, sem hv. þm. Dala. (B. J.) bar fram. Og jeg álít, að það sje margt annað, sem er athugavert við aðgerðir hæstv. stjórnar, en það, sem hv. þm. Dala. (B. J.) taldi upp. En auðvitað er ekki að búast við því, að hann beri fram sömu aðfinslur gegn stjórninni sem jeg mundi gera, því skoðanir okkar eiga ekki samleið þar, frekar en víða annarsstaðar.

Hv. þm. Dala. (B. J.) sagði t. d., að eitt af stærstu málunum væri það, að hæstv. stjórn ætti að sjá um, að kosn-

ingar í sveit stæðu yfir í þrjá daga. Hæstv. stjórn hefir láðst að svara þessu, en jeg nefni það sem dæmi um, hve nauðaómerkilegar ásakanir hans eru.

Hjer hefir verið minst á stefnur og flokksmyndanir. Jeg er þar sammála hv. þm. Str. (M. P.), að nauðsynlegt sje, að flokkar myndist innan þingsins, flokkar, sem hafi fastar og ákveðnar stefnur og haldi þeim uppi. En jeg er honum ekki sammála um það, að stjórnin eigi að gangast fyrir þessu. Við því er ekki að búast. Stefnur verða að myndast annarsstaðar en hjá stjórninni. Þær verða að myndast hjá þeim, er bera uppi málin, og þá fyrst og fremst hjá kjósendunum. Þó gæti jeg líka hugsað mjer, að byrjunin gæti orðið með flokksmyndun meðal þingmanna. En svo mikið hefi jeg þegar kynst þinglífinu, að mjer er það ljóst, að ráðherrarnir mundu öðrum þingmönnum fremur verða utan við slík samtök í fyrstu, og gætu þá síst haft þar forgöngu.

Það hefir verið minst á það, að hæstv. atvrh. (P. J.) lýsti yfir því, að hann mundi neyta atkvæðisrjettar síns og greiða atkv. á móti vantraustsyfirlýsingunni. Sumir hafa hneykslast á þessu, en jeg tel það rjett. Ef svo stæði á, að flokkaskifting væri hjer, þá mundi hver flokkur krefjast þess, að ráðherra, sem teldist til flokksins, greiddi atkv. um slíkt, ef á því ylti.

Hæstv. forsrh. (J. M.) mintist á, að í Danmörku hefði stjórnin setið með eins atkvæðis meiri hluta í fólksþinginu, að atkvæðum ráðherranna meðtöldum. Hefði einhver úr minni hlutanum þar borið upp vantrauststillögu, þá hefði þess auðvitað verið krafist af ráðherrunum, að þeir greiddu atkvæði á móti henni, enda hefði það verið algerlega rangt af stjórnarflokknum að líða minni hlutanum að koma fram vantraustsyfirlýsingu. Það er einnig orðin venja, að frambjóðendur til Alþingis greiði atkv. með sjálfum sjer. Og að ráðherra greiði einnig atkv. með flokki sínum á þingi er alveg hliðstætt því.

Loks verð jeg að víkja lítið eitt að dagskrá minni. Hún hnígur, eins og menn vita, að því, að afstaða deildarinnar til stjórnarinnar hljóti að fara eftir ýmsum þeim málum, sem liggja nú fyrir þinginu. En þessi mál eru ekki enn komin fyrir deildina,að öðru leyti en því, að sumum þeirra hefir verið vísað til nefnda.

Það hefir nú komið fyrir hjer í deildinni við þessar umr., að sumir hv. þm. hafa talað um mál, og það stórmál, sem enn þá eru í nefndum. Þar á meðal má nefna hv. 1. þm. Árn. (E. E.), sem er formaður peningamálanefndar deildarinnar og hjelt langa ræðu um mál, sem er í þeirri nefnd til athugunar. Það er ekki viðunandi, að þm. þurfi að tala um aðstöðu sína til mála, sem enn þá eru í nefndum, og taka á þeim grundvelli afstöðu til stjórnarinnar. Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) mintist líka á mál, sem er ekki komið fyrir deildina enn þá, þótt nefndarálit sje fullgert. Hann gat þess meðal annars, að sú nefnd (viðskiftamálanefndin) hefði farið út fyrir verksvið sitt, en fyrir því verða færðar ástæður í framsögu þess máls, sem jeg veit, að hv. þm. (Jak. M.) tekur gildar.

Jeg undirstrika það enn þá, að stórmálin hljóta að ráða afstöðu manna til hæstv. stjórnar, en það er augljóst, að flest málin verða ekki nægilega upplýst fyr en þau koma úr nefndum. Hitt er annað mál, að sum mál eru svo ljós, að menn geta þegar í upphafi tekið afstöðu til þeirra. Þar á meðal tel jeg eitt af stærstu málunum, sem nú liggja fyr-

ir, sem sje stjórnarfrv. um undirbúning járnbrautar og virkjun Sogsfossanna. Jeg hafði ákveðið, að það skyldi vera eina frv., sem jeg bæri fram á þessu þingi af eigin hvötum, en hæstv. stjórn varð fyrri til og bar frv. fram. Þetta, að hæstv. stjórn bar fram aðaláhugamál mitt, ræður mjög miklu um afstöðu mína til hennar. Mjer finst þeir hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) og 1. þm. Árn. (E. E.) ekki rækja rjettilega skyldur sínar við kjördæmi sín, hvað viðvíkur þessu máli. Engum ætti þetta stórmál fremur að vera áhugamál en þeim. En þegar stjórnin hefir borið fram lagafrv. til rjettrar byrjunar í þessu stórmáli, (**Gunn. S.**: það getur næsta stjórn líka), þá láta þeir það vera meðal sinna fyrstu verka að mæla með vantraustsyfirlýsingu á þá sömu stjórn. Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) á það engan veginn víst, að næsta stjórn geri það, yfir höfuð verði því fylgjandi. Það gleður mig, að hv. 2. þm. Árn. (Þorl. G.) hefir til þessa skilið köllun sína betur.

Hvað viðvíkur brtt. hv. þm. Str. (M. P.), þá álít jeg, að hann hefði ekki átt að koma fram með hana, því mjer skilst, eftir ummælum hans, að hann ætti blátt áfram að greiða atkvæði með vantraustsyfirlýsingu, því að mjer virðist hugur hans eindreginn á móti stjórninni. Annars er brtt. hans ekki efnisbreyting, og mjer stendur því nokkuð á sama, hvort hún er feld eða samþykt.

Þórarinn Jónsson: Það er sannast að segja, að margt hefir verið sagt og mörgu þyrfti að svara, en hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir tekið af mjer ómakið í mörgum atriðum, enda þýðingarlaust að elta öll smáatriði.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) beindi orðum sínum til mín út af því, er jeg hafði sagt viðvíkjandi lántökunni. Hann sagði, að öll þjóðin stæði nú á öndinni út af því, hvort ríkið tæki lán. En jeg held, að hann standi fremur sjálfur á öndinni. (**Gunn. S.**: Rangfært). Það er ekki til neins fyrir hv. þm. að mótmæla þessu; jeg hefi skrifað það orðrjett niður, en jeg get gert hv. þm. (Gunn. S.) það til geðs að eyða ekki fleiri orðum við hann. Hann hvort sem er fellur undir sama númer og sumir aðrir hv. þm., sem talað hafa um lántökuna og jeg mun víkja orðum mínum að.

Jeg lauk orðum mínum, er jeg svaraði hv. þm. Dala. (B. J.) með því að halda því fram, að spegilmynd lántökunnar væri það, hvernig Íslandsbanki væri nú kominn, lánaði of mikið, og því væri kreppan; alt væri stoppað. Af því dró jeg þá ályktun, að eins mundi fara fyrir ríkinu. Þetta hefir enginn vefengt með neinum rökum. Og færi ríkið að styðja bankann með lántöku, þá yrði það að teljast óforsvaranlegt, áður en hagur bankans er rannsakaður. Hv. þm. Dala. (B. J.) viðurkendi nú þessa kreppu í bankanum. En í sumar gaf hann skýrslu um bankann sem bankaráðsmaður, og sannaði þar, eða ætlaði að sanna, að bankinn ætti alls úrkostar. Með leyfi hæstv. forseta ætla jeg að lesa upp nokkur orð úr skýrslu þessari. Hann segir:

> „Smærri víxlar mega heita krosstrygðir, en hinir stóru verslunarvíxlar gætu ekki átt sjer stað með slíkum krosstryggingum, því þá myndi alt sitja fast. Jeg þóttist því þurfa að athuga sjerstaklega, hversu vel þessir stóru víxlar væru

trygðir. Þar voru þá alstaðar vörur til tryggingar, sem voru langsamlega nægar til lúkningar, þótt seldar yrðu mun lægra en nú er verðið. En auk vörutrygginga voru og eignir, sem voru í flestum tilfellum næg trygging, einar út af fyrir sig, og þar sem minst var, reyndist þó vara og eignir til samans svo næg trygging, að bankinn mundi fá skuld sína, hversu sem tækist. Eiginlegir verslunarvíxlar hafa oltið og velta áfram, gjaldast, koma aftur á skömmum fresti, og eru því tryggingarnar og þekking bankastjórnar á mönnum full trygging fyrir, að engin hætta stafar af þeim.“

Þannig lýsir hv. þm. Dala. (B. J.) ástandinu, og skemti jeg nú mönnum með orðum hans, en ekki með mínum. En þrátt fyrir þessa álitlegu skýrslu er nú svo komið, að bankinn getur ekki fullnægt viðskiftaþörfinni og hefir alveg mist traust í útlöndum. Því gengur hann ekki eftir einhverju af útistandandi fje, sem eftir þessari skýrslu sýnist ekki myndi þrengja neitt að gjaldþegnum? Hefði fje verið náð inn, mundu seðlar bankans ekki hafa staðið eins illa í útlöndum. En stöðvunin nú stafar af lánunum. Óforsjál stjórn hefir lánað út á rýrar eða engar tryggingar. Hún hefir lánað út á fiskinn í sjónum, og jeg hefi ekki eins mikla trú á dánarbúinu eins og hv. þm. Dala. (B. J.). Þessi lánaleið er í mínum augum hin mesta fjarstæða. Við bændurnir höfum lært að lesa smáa stílinn; við kunnum tvö orð, sem ekki finnast í nokkrum orðabókum þessara fræðimanna, sem hjer hafa talað fyrir lánunum, þ. e. s p a r s e m i og a ð b o r g a. Í kring um þetta er farið. Þeir minnast aldrei á að spara og draga saman seglin, og því síður á að borga. En það þekkjum við sveitamennirnir og álítum, að það verði að ske.

Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) spurði, hvort jeg mundi bregða búi næsta vor. Satt að segja finst mjer þetta nokkuð nærgöngult. Jeg hefi ekkert talið fram fyrir honum fjárhag minn, og ætla mjer ekki að gera, en það get jeg sagt honum, að lán til framkvæmda á þeirri atvinnugrein, sem stórtap er alveg fyrirsjáanlegt á, myndi jeg aldrei taka. En hitt er ekki þar með sjálfsagt, að hætta. En leiðina þar í milli er ekki til neins að tala um við hv. þm. (Jak. M.), hann skilur hana ekki. Og enn þá rekur hann sama erindið fyrir útgerðarmenn togaranna, að fá lán á lán ofan, þrátt fyrir það, þó að útgerðarmennirnir sjálfir sjeu gersamlega fallnir frá því og telji það óhamingju og óráð. Enda mun það sýna sig síðar, hver ástæða væri til þessa, þegar hagur þeirra kemur betur í dagsljósið.

Hv. þm. Dala. (B. J.) þótti það fulldjarflega til orða tekið, þegar jeg sagði, að þeir vildu nota ríkissjóðinn til þess að halda uppi þeim fjármálavitfirringum, sem til eru á landi hjer. En jeg sný ekki aftur með það. Hv. þm. hafa bara ekki haft eftirköstin nógu vel í huga.

Hv. þm. Dala. (B. J.) talaði um afleiðingarnar af því, ef togararnir hættu veiðum. Jeg býst ekki við, að það komi til ófyrirsjáanlegs hungurs fyrir það. Eða hafa togararnir fiskað fyrir Reykjavík? Jeg hefi ekki heyrt það. Jeg skil ekki, að það sje ægileg grýla á Reykvíkinga, þó að togararnir hætti um tíma. Þeir þurfa ekki að vera svangir fyrir það.

Mjer kemur ekki til hugar að mæla á móti nauðsynlegum lánum til skynsam-

legra framkvæmda, bæði hjer í Reykjavík og annarsstaðar. En hv. þm. láta sjer ekki nægja með það. Þeir vilja láta taka marga tugi miljóna og halda, að það sje nóg til viðreisnar að taka lán á lán ofan takmarkalaust. Jeg sje hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hrista höfuðið. En jeg get sagt honum það, að þessi fjármálaskoðun er svo rótgróin úti um land, að mjer er nær að halda, að hann næði hvergi þingkosningu þar, þótt hann túlkaði þessa gullnu lántökuskoðun sína með allri sinni mælsku og skýrleik, þótt hún þyki góð og gild hjer í Reykjavík.

Hv. þm. Dala. (B. J.) stefndi til mín ýmsu, sem raunar snerti minst málið sjálft. Út af því, að jeg var að minnast á flokkagrautinn hjer á Alþingi, sagði hann, að jeg væri sá alþektasti grautarkökkur, sem hefði sjest í flestum grautarpottum þingsins. Jeg skal lofa honum að eiga það sjálfum. Hitt skal jeg játa, að augu h a n s hafa ekki aðallega staðið til grautarins í pottunum, heldur hins, ef bitar kynnu að vera niðri í þeim, sem hægt væri að ná í með lagi. Og fjármálaframsýni hans hefir notið sín best á því sviði. Hún kemur einnig allvel fram í skýrslunni um Íslandsbanka, sem jeg las upp úr áðan, enda er hún borgun fyrir einn bitann, er hann hefir krækt upp úr kjötpottum þingsins fyrirfarandi.

Annars kemur það ekkert við mig, þótt eitthvað sje sagt um mig, sem þeir menn ekki trúa, sem á hlýða. Og flest ummæli hans um mig voru svo illa sniðin, að enginn, sem hjer er staddur, gat trúað þeim. Það hefir því litla þýðingu að fara út í fleira, sem hann vjek að mjer.

Hv. þm. (B. J.) segir, að dagskrá hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) sje komin fram vegna þess, að við þorum ekki að greiða atkvæði um vantraustsyfirlýsinguna. En þetta er rangt. Jeg er í engum vafa um, hvernig jeg mundi greiða atkv., þó að vantraustið kæmi hjer eitt til atkv., og þess óska jeg helst.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) fann sig knúðan til að víta mig fyrir að hafa nefnt nafn Magnúsar Stephensens að ófyrirsynju. Jeg hjelt, að jeg hefði alls ekki dregið minningu hans neitt niður með því að nefna hann. Jeg tók fram, að hann hefði verið lofaður fyrir fastheldni á landsfje. Jeg stend við það, og hann má vel leiða það út af orðum mínum, að mjer þyki vænt um, að stjórnin heldur fast á fje ríkissjóðs. En hann nefndi annan mann í ræðu sinni. Það var Jón Sigurðsson. Hann sagði, að hann hefði verið lágt settur í mannfjelaginu. (**E. E.**: Jeg sagði, að hann hefði ekki verið í neinni líkri virðingarstöðu og fjármálaráðherrann). Ónei. Hv. þm. (E. E.) bar hann saman við sjálfan sig. Þóttist jeg þá vita, að hann vildi láta hv. deildarmenn skilja það, að Jón Sigurðsson hefði aldrei komist svo hátt að vera settur yfir hengingarvíxlastofnun austanfjalls, og þannig stæði hann æðimikið ofar í mannfjelaginu en Jón Sigurðsson hefði staðið.

Hv. þm. Str. (M. P.) sagði, að jeg hefði haft rangt fyrir mjer um það, að þessar umræður veiktu samúð meðal þingmanna. Jeg býst þó við, að hv. þm. (M. P.) geti sannfært sig um það af fyrri reynslu, að það hefir æðioft bólað á því, að sá flokkurinn, sem ósigur bíður við stjórnardeilu, gerir alt, sem hann getur, þeirri stjórn til miska, sem situr í óþökk hans, með því að tefja fyrir og jafnvel ónýta frv. hennar. Þetta er al-

kunnugt. Hv. þm. Str. (M. P.) þarf ekki annað en spyrja aðra hv. deildarmenn um þetta, ef hann veit það ekki sjálfur.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) nefndi mig eitthvað á nafn undir sama númeri og hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem hefir tekið að mestu af mjer ómakið að svara honum. Hv. þm. (M. J.) ályktar nokkuð einkennilega. Hann þykist vera að sanna, að lán sjeu sjálfsögð, með því, að ekki sje hægt að draga úr framleiðslukostnaðinum nema með lánum. Mjer er ómögulegt að skilja þetta. Sú rjetta viðleitni atvinnurekenda er einmitt að reyna að draga úr rekstrarkostnaðinum, án þess að taka lán. En þessir hv. þm. sjá engin önnur bjargráð en lán. Jeg er hissa á, að enginn þeirra skuli hafa nefnt þekkingarlán; sumum mundi þó ekki vera vanþörf á því.

Jeg hefi skrifað hjer ýmislegt fleira niður, sem ástæða væri til að svara, en mjer finst það vera illa farið með tímann. Vil gera mitt til, að endi verði rekinn á þetta sem fyrst.

Eiríkur Einarsson: Jeg sný ekki aftur með það, að mjer þykir það óviðeigandi af hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) að vera að bera Magnús Stephensen saman við núverandi stjórn. Jeg álít hann hafa haft svo margt mikilsvert fram yfir haaa.

Hv. þm. (Þór. J.) gerir sjer mikinn mat úr hengingarvíxlum, sem hann segir, að jeg fáist við að gefa. Jeg hefi ekkert fengist við það, en hv. þm. (Þór. J.) væri sæmra að gæta betur að þeirri meiri háttar snöru, sem hann hefir brugðið að hálsi sjer í þessum umræðum. Annars er ekki víst, hvort hann kemst lífs af úr henni. Verði hún honum til fjörtjóns, myndi hann deyja fyrir stjórnina, en ekki fyrir fósturlandið.

Hæstv. fjrh. (M. G.) er ör til svars eins og fyrri daginn, en hann vjek mest að aukaatriðum. Hann talaði mikið um fjárhag útibúsins á Selfossi og skaða, sem á því hefði orðið. En þar sem hann leggur til grundvallar árið 1919, þá skeikar fjármálaviti hans illilega, því það var frumbýlisárið, og þar að auki var þá ráðist í stóra húsbyggingu á nýjum stöðvum. **(Fjrh. M. G.:** Húsið er tilfært með fullu verði). Já, en útibúið verður að greiða af því fulla vexti. Er því heimskulegt að búast við miklum hagnaði það ár. Auk þess varð vitanlega margt að kaupa og leggja í kostnað, vegna þess að útibúið var í byrjun, og verkaði það á reikning þess fyrstu árin. Er fjármálaviti ráðherrans (M. G.) vel lýst með þessari skarpskygni hans.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) segir, að við viljum „spekúlera" með lán þau, sem taka þarf. Þetta eru mjög ómaklegar getsakir. Við viljum láta taka lán til þess að tryggja landið fyrir fjárhagslegu hruni og losa það við það óorð, sem komið er á það erlendis.

Hæstv. forsrh. (J. M.) segist hafa mikla trú á bændum. Þessi ummæli hans gleðja mig. En hann ályktar ekki rjett frá þeirri trú sinni, ef hann vill ekki láta útvega þeim lán til þess, að þeir geti komist úr því skuldabasli, sem margir þeirra eru nú í, og rjett við aftur. Það er einmitt vegna þess, að jeg hefi trú á bændum, að jeg vil láta þá fá hagkvæm lán, því þá er jeg viss um, að þeir geta bjargað sjer við sjálfir. Hæstv. forsrh. (J. M.) mintist á viðtal sitt við bónda að austan, sem hefði sagt, að þegar sólin skini, yrði alt gott aftur. Jeg held jeg þekki þennan bónda. Það

er smábóndi, en mjög bjartsýnn maður, og mjer þykir það ekkert undarlegt, þó að honum hafi fundist sólin skína, þegar hann var að tala við svo elskulegan og háttstandandi mann, eins og hæstv. forsrh. (J. M.).

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) minti mig á frv. stjórnarinnar „um rannsókn til undirbúnings virkjunar á Sogsfossunum", og þótti honum það viðurhlutamikið fyrir mig að leggjast á móti stjórninni vegna þess, að hún er með þetta mál á pappírnum. Jeg virði mjög mikils fossa- og járnbrautarmálið, og framgangur þess er mjer kappsmál, en jeg býst ekki við neinum framkvæmdum í þeim málum, nema landsstjórnin sýni skörungsskap, sem jeg get ekki vonast eftir hjá núverandi stjórn.

Hæstv. atvrh., sem sat í fyrra, dró upp úr vasa sínum samskonar skjal og hæstv. núverandi atvrh. (P. J.) dregur upp núna. Jeg hefi litla trú á, að það komist lengra en upp úr vasanum, og kann ske ofan í hann aftur.

Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) virðist þekkja betur hv. samþm. minn (Þorl. G.) heldur en jeg, er hann segir, að hann kunni þó að virða þetta við stjórnina. Jeg veit ekki, hvað hv. þm. (J. Þ.) á við með þessu, því mjer vitanlega ætlar hv. samþm. minn (Þorl. G.) að greiða atkv. með vantraustsyfirlýsingunni.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil fyrst reyna að svara fyrirspurnum hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.), þótt jeg búist ekki við að geta gert það svo, að honum þyki það fullgild svör. Hann spurði, hvað lánin væru mikil. Jeg vil ekki svara þessu yfir alla, því bankastjórn Landsbankans hefir látið í ljós við landsstjórnina, að hún teldi æskilegast, að bankamálin væru aðeins í einrúmi gerð kunn þingmönnum.

Þá spurði hv. þm. (Ó. P.), hvort fjeð kæmi báðum bönkunum að haldi. Stjórnin getur vitanlega ekki sagt um, hvernig Landsbankinn fer með fjeð, en jeg býst við, að hann muni nota það handa sínum viðskiftamönnum. Jeg hefi skýrt frá því í bankamálanefndinni, að hinn síðarnefndi banki hefði von um lán hjá erlendum samböndum sínum, svo framarlega sem bankamálin leysist viðunanlega hjer á þingi.

Hann spyr, hvort stjórnin muni gera sitt ítrasta, ef þörf krefur, til að bjarga úr kreppunni. Það er mjög óhentugur tími nú til þess að gefa loforð, því það má búast við, að álitið verði, að jeg sje að reyna að veiða með því atkv. En jeg get sagt, að jeg álít, að sú stjórn, sem ekki gerði það sem auðið er í því efni, vanrækti skyldu sína, og jeg vona, að hv. þm. álíti ekki, að jeg geri það viljandi.

Jeg skýrði frá því hjer áður, að jeg mundi ekki greiða atkv. En jeg sagði það ekki vegna þess, að jeg áliti það óheimilt, en það er óþarft, því það liggur í augum uppi, hvoru megin ráðherrarnir eru, þega geitt er atkv. um vantraust til þeirra, og það er því alveg óhætt að telja atkv. þeirra á móti, hvort sem þeir segja nei eða ekki.

Að lokum fáein orð til hv. 1. þm. Árn. (E. E.). Það er alveg rjett, að útibúið hans hefir tapað, eins og jeg tók fram áður. Það stoðar ekkert í þessu sambandi að vera að tala um fjármálavit mitt, og sýnir bara augljósar þann heilabögling, sem honum er eiginlegur. Húsið er tilfært fullu verði. Að útibúið hafi orðið að greiða vexti er auðvitað mál, en þar á móti kemur húsaleigan, sem það losnar við að greiða.

Þessi hv. þm. (E. E.) var miklu rólegri nú en áður, og fanst það á, að ræða mín hafði haft áhrif, svipað og vatn, sem helt er yfir reiðan hana, enda var það tilætlunin. Hann sagði, að tapið á útibúinu á Selfossi væri góður mælikvarði á fjármálavit mitt. En það er mælikvarði á fjármálavit hans, þar sem hann er útibússtjóri þar, en ekki jeg. Skilja þetta allir nema hann. Verður að virða honum það til vorkunnar, og skal jeg ekki virða hann frekar svars í þessu máli, enda vita allir, að hann er kolamokari á kafbátnum.

Flm. (Bjarni Jónsson): Það mun ekki seinna vænna að þakka fyrir þær kveðjur, sem mjer óverðugum hafa verið sendar.

Mjer komu á óvart köpuryrði hæstv. forsrh. (J. M.) til mín. Jeg sje, að jeg hefi skrifað heila blaðsíðu af þeim, og mundi nú gjalda honum þau, ef aðrir hefðu ekki gert sig maklegri. Til hans þóttist jeg hafa talað með fullri hæversku.

Þá vil jeg aðeins geta þess, að þótt sama sje, hvort atkvæði ráðherranna eru talin með eða ekki, er þó skemtilegra, að þeir greiði ekki atkv.

Annars er hjer margs að minnast, því að margir hafa að mjer vikið ýmsum orðum, t. d. hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), þó ekki fari jeg að kryfja hans ræðu að sinni, af einskærri hlífð við hann sjálfan. Einnig sagði hæstv. fjrh. (M. G.) það, sem ekki var rjett, að till. mín væri sprottin af forvitni einni saman. En þó að svo væri, mun hann vita það, að forvitni er undirrót allrar þekkingar, og liggja því til grundvallar till. minni hinar bestu hvatir, þær sem sje, að fá vitneskju um það, hvort núverandi stjórn er þingræðisstjórn eða ekki.

En þá kem jeg að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), og er hann svo gamall þingmaður, að jeg verð að meta hann því meira og dvelja litla stund við ræðu hans. Þar sem hann sagðist ekki hafa fundið neinar röksemdir í minni ræðu, mun það vera því einu að kenna, að hann hafi aðeins leitað með Saltvíkurtýrunni úr Vigur. Og þar sem hann sagði um mína ræðu, að hún hefði aðeins verið „dauðastunur og dýpstu raunir", verð jeg að heimfæra til hans ræðu orð hins sama skálds og hann vitnaði til, og segja, að hún hafi verið „reykur, bóla, vindaský". Annars var margt það í ræðu þessa hv. þm. (S. St.), sem hefði getað komið stjórninni til að biðja guð að vernda sig fyrir vinum sínum, t. d. það, sem hann sagði um síldina.

Þá verð jeg að minnast stuttlega á það, sem sagt hefir verið um lántökuna, og þá fyrst að leiðrjetta það, að nokkur hafi verið að heimta hjer 20 miljóna lán. Það hefir aðeins verið farið fram á það, að tekið yrði óákveðið lán, til þess að halda áfram arðberandi atvinnuvegum. Og samanlögð fjármálaspeki hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) og hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) hefir ekki hnekt þeirri skoðun, að búhnykkur hefði verið að slíku láni. Annars get jeg í þessu sambandi bent á það, að jeg hefi fyrir nokkrum árum bent á ráð til þess að bjarga landinu, þegar borga þurfti 3—4 krónur fyrir hverja 1 áður, sem sje það, að gjalda eftir verðlagsskrá og vísitölu, og taka tekjur allar með sama hætti. Þetta þótti þá lítið fjármálavit, þótt annað kunni nú að sýnast.

Jeg held svo, að jeg verði að sleppa hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) og bollaleggingum hans um það að flytja þingið að Þingvöllum eða austur að Firði, eða hvert það nú var. Hugleiðingar um or-

sakir fjárkreppunnar voru ekki svo djúpristar, að það svari kostnaði að hrófla við þeim.

En hins vegar verð jeg að þakka hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) fyrir þá hugulsemi hans að skrifa lýsingu á mjer sem þingmanni. Jeg hlakka til þess að lesa hana og þykist vita, að hún verði höfundinum lík um hæversku og fagra ásýnd, og mjer og öðrum til ánægju. Hins vegar verð jeg að öðru leyti að reynast honum svo vanþakklátur að segja honum hreinskilnislega frá því, að mjer hefði aldrei dottið í hug að eyða tíma í það að skrifa lýsingu á honum. Þess þarf ekki heldur, að því leyti sem hann hefir sjálfur lýst sjer í þessum umræðum, og ekki síst fjármálaviti sínu og atvinnumála, þótt jeg yrði reyndar ekki svo frægur að skilja til fulls, hvað hann fór þar. Enda bar öll ræða hans þess vott, að hann vildi draga fjöður yfir aðalatriði þessa máls og væri það ljúfara að skeggræða við mig en að verja stjórnina.

Þá kemur nú annar fjármálaspekingurinn frá, hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.). Hann byrjaði á því að lesa upp greinarkafla eftir mig, — slitinn út úr rjettu samhengi auðvitað, því skýrsla mín um bankann er í fullu samræmi við alt það annað, sem jeg hefi sagt og skrifað um það mál. Hinu get jeg auðvitað ekki gert að, þó að sumt af því veði, sem bankinn átti — fiskurinn — hafi seinna reynst skemt. Annars virtist þennan hv. þm. (Þór. J.) helst langa til þess, að sem flestir viðskiftavinir bankans yrðu gerðir gjaldþrota, og hirði jeg ekki að elta ólar við slíkar firrur, frekar en við stagl hans um grautarpottana og bitana. Í þeim orðum hans skaut reyndar upp því gamla heimastjórnareinkenni að þykjast eiga allan heiminn. Annars er það einkennilegt að heyra slíka menn bera aðra brigslum og er orðinn hvimleiður þeirra skopleikur í þessu máli sem víðar. Þeir þykjast vera að verja stjórnina, en þora þó engu öðru en því, að vefja hana fyrst í pappír og svo í ull. Manni dettur í hug um þessa menn það sem kveðið var: Hvað vilt þú í kór, sem ekki kant að syngja?

En samt, hvað eru þessir allir hjá einum öðrum? Hvað vilja þeir etja við hv. þm. Ak. (M. K.)? Hann byrjaði á því að segja, að þessar umræður væru skrípaleikur, líklega þá af því, að enginn vildi verða til þess að bjóða stjórninni fylgi, öðru vísi en í ullarreifum, uns einn deildarmaður gerði þeim þann grikk að bera fram traustsyfirlýsingu. En hvað verður? Rýkur ekki allur skarinn upp og heldur sjerstakan fund um það, hvernig vinda eigi sig úr vandræðunum. Og stjórnin verður að horfa þegjandi á eftir þeim. Það er ekki óskemtilegt að eiga slíkt fylgdarlið, og því segi jeg það enn: Guð varðveiti stjórnina fyrir vinum hennar.

Annars er þetta, að bera fram till., sem maður ætlar þó að vera á móti, engin nýlunda hjer á Alþingi, þótt jeg hins vegar myndi ekki gera það. Slíkt hefir oft tíðkast, er menn vildu drepa eitthvert mál með atkvæðamagni. Nægir mjer að benda á Benedikt gamla Sveinsson, er hann á Alþingi 1897 tók upp frv. Valtýs (valtýskuna), er Valtýr hafði undan skotið, til þess eins að drepa það, og hann leyfði sjer að greiða atkvæði á móti frv. Svo þetta getur ekki ótítt kallast nje óþinglegt. En hitt er óþekt áður, að stuðningsmenn stjórnarinnar

neiti að greiða henni traustsyfirlýsingu, og hóti með þingsafglöpun, ef þeir komist ekki hjá því.

En takist nú ekki að greiða þessari dagskrá atkvæði sín, þá hafa þeir aðra til taks, loðna dagskrá, sem á að sýna það, að þeir hafi ekki þorað að bera ábyrgð á stjórninni, og þessu ætla þeir að slá fram í fáfróða kjósendur.

Og aumingja stjórnin horfir á þennan skrípaleik, en hún hefir ekki klappað, og ekki heldur kvartað.

Það var einhver þm., sem gat þess, að atvrh. (P. J.) ætti að vera fórnarlambið, þessi þingeyski bóndi, en það hefir líka flogið fyrir, að einn af varnarmönnum hans eigi að taka sess hans, og þá líklega bóndinn, ef fylgja á þingvenju þeirri, sem tíðkast hefir um skeið.

Það er skrípaleikur að bjóða stjórninni slíka steina fyrir brauð, sem þessi ullardagskrá gerir, og það er lítilþægni stjórnarinnar að þiggja fylgi slíkra manna. Væri jeg í stjórninni, myndi jeg segja við slíka menn: Nei, þakka fyrir, verið þið sælir.

En fyrstu verðlaun fyrir leikhæfileika fær þó að sjálfsögðu skrípið að norðan, með rassaköstunum á trjehestinum. Harma jeg það mjög vegna Akureyringa, að þeim skyldi ekki auðnast að sjá, þegar hann þeysti þembinginn hjer í deildinni í gær og barða fótastokkinn.

Varnir eru engar fram komnar; stjórnin hefir ekki varið sig. Hún hefir ekki getað gert neina grein fyrir því, hvers vegna hún hefir ekki tekið gjaldeyrislán á hentugum tíma, eins og henni hefir verið bent á. En það hefir brunnið við hjá hæstv. stjórn, að hún hefir snúið umr. upp í þrátt og köpuryrði til mín og annara. Þó er það svipur hjá sjón hjá því, sem varnarleikarar stjórnarinnar hafa gert, enda hafa þeir gengið lengra í því efni, sem þeir eru óvitrari. Jeg gaf þó engum tilefni til þess, því jeg hóf umr. með rökstuddu máli og fullri hæversku. Enginn þeirra hefir þorað að verja stjórnina, nema hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), eins og hans var von og vísa; hinir hafa verið frakkastir til skammanna.

Ekki verður sannara sagt um þessa strútfugla stjórnarinnar en að þeim farist eins og strútnum, er hann stingur höfðinu inn í runnana. En þó mun þjóðin sjá í gegnum þann hrísrunn, svo ekki komast þeir hjá ábyrgðinni. Traustsótti og ullarást tekur ekki af þeim ábyrgðina, svo alt verður árangurslaust. Þeir hafa nú snúið öllum vörnum sínum upp í skammir, og er það löngum fangaráð þeirra, sem vonda samvisku hafa og illan málstað.

Að koma flugum í munn manna tekur ekki heldur af þeim ábyrgðina. Það hefir verið stungið saman nefjum um það hjer í deildinni, að hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) ætli að síma til útlanda atkvæðaúrslitin um dagskrá hans. Slíka ógurlega frjett gæti heimurinn ekki staðist. En hvort sem símað verður eða ekki, sjest þó, hversu þeir eru dyggir stjórnarfylgifiskarnir, sem ekki þora að greiða atkv. með traustsyfirlýsingu nje móti vantrausti. Fáfróðum mönnum má villa sýn, en ekki fulltrúum þjóðarinnar á Alþingi.

Hvernig sem þeir koma þessari till. fyrir kattarnef, þá bera þeir alla ábyrgð á athöfnum og athafnaleysi stjórnarinnar. Og þessi skollaleikur þeirra hjer ber þeim engan ávöxt; hann er aðeins aðgangur að þeim sjálfum, sem hafa valdið því, að stjórnin hlýtur að skoða þetta eins konar traust.

Á hverju bera þeir þá ábyrgð?

1. Á vanrækslu utanríkismála allra, nema sendiherrasending til Kaupmannahafnar, sem þakka má ef til vill að nokkru leyti hæstv. fjrh. (M. G.).

2. Á þeirri stefnu, sem forsætisráðherra (J. M.) nefndi, og áður var táknuð með þeim fleygu orðum, „að gera sjer mat úr því“, og notað var 1903, þegar ráðherranum var hnoðað inn í ríkisráðið. Jeg hefi ávalt talið rjettara að gæta meira sóma landsins en að vera að hugsa um að borga Dönum þann greiða, sem þeir gerðu okkur, er þeir viðurkendu sjálfstæði okkar.

3. Þeir bera líka ábyrgð á þeirri heimastjórnarstefnu, sem nú stingur upp höfðinu hjá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að draga sáttmálann nýja niður í uppkastið sæla frá 1908, og hann orðaði svo laglega í þessu þakkarávarpi til hæstv. forsrh. (J. M.). Ekki segi jeg, að ástæðulaust hafi verið að koma með þetta þakkarávarp, enda mátti og sjá það í þessum harmagrát þingmannsins, að hann taldi forsrh. (J. M.) það til skaða, að hann hafði um skeið hallast að minni stefnu.

Minna mætti og á grein, sem þessi sami hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) skrifaði um fánamálið í Lögrjettu, og náði þó fram að ganga, þrátt fyrir andróður hans. Hv. þm. (J. Þ.) segist hafa skrifað lýsingu mína. Vil jeg nú gera honum nokkur skil og senda honum sína lýsingu, eins og hann hefir hana best skrifað. Hún sýnir þó, hvað hann hefir viljað gera fyrir land sitt og þjóðina. Sannast þar sem fyrri, að verkin dæma þig.

Þeir bera líka ábyrgð á framkvæmdaleysi stjórnarinnar atvinnuvegunum til stuðnings, og í öllum bjargráðum við hag almennings. Þeir bera ábyrgð á, eins og hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) rjettilega tók fram, að til ónýtis fari alt það fje, sem nú liggur í skipum og öðru þeim fylgjandi. Maður veit ekki, hvað lengi þeir ætla að verða að safna því fje í sparisjóðsbókina; jeg hefi ekki sjeð þann útreikning, veit ekki heldur, hversu reikningsfróðir þeir eru, eða hvort fremur megi á þeim byggja en útreikningum á brúm eða öðrum mannvirkjum, sem allir kannast við.

Þeir bera og ábyrgð á því, er stjórnin hefir mánuðum saman haldið við verslunarhallæri í landinu með viðskiftahömlunum, og með því dregið fje úr vösum alls almennings, og mega það blóðpeningar kallast.

Þeir bera og ábyrgð á þessari ullarkembu gagnvart kjósendum, sem borin er hjer fram, vegna þess að menn þora ekki að segja afstöðu sína til stjórnarinnar.

Þessir ullarkembumenn bera loks ábyrgð á því, að svo lítilþæg stjórn fer með völdin áfram, svo lítilþæg, að hún þiggur alt. Því hvað er henni boðið?

Jeg ætla að endingu að endurtaka það, hvað stjórnin er lítilþæg, og bæti við einu atriði, þ. e. dagskrá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), þessa stólpagrips stjórnarinnar. Dagskrá hv. þm. Str. (M. P.) er þó enn þá gleggri, og hefði þm. (J. Þ.) átt að ganga inn á hana. Dagskráin segir þetta:

Þeir eru ekki tilbúnir að fella stjórnina og telja vantrauststill. of snemma upp borna. Það getur ekki verið afstaða þeirra til hinna ýmsu mála og frv. stjórnarinnar, sem veldur þessu, því frv. voru þm. send löngu fyrir þing, og nú búið að athuga þau í nefndum hjer á þinginu í mánuð, svo um þau ættu þeir að vera búnir að

skipa sjer. Nei, þeir eru ekki tilbúnir að fella stjórnina, af því þeir vita ekki heldur, hverjir eigi að taka við.

En svona á það ekki að ganga. Í þessu máli á að ganga hreint að verki.

Þó að jeg hafi borið fram þessa till., þá veit jeg, að jeg hefi unnið stjórninni miklu þægra verk heldur en allir þeir, sem þóst hafa verið að bera blak af henni. Nú veit hún, að hún fær að heita stjórn, þangað til mennirnir, sem vísa nú vantrauststill. frá, eru tilbúnir að fella hana. Og gerist hún svo lítilþæg að þiggja náðarbrauð þessara fylgifiska, þá segi jeg: Verði henni að góðu.

Og hefi jeg þá lokið máli mínu.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg verð að taka það fram, að mjer leiðist alt hnotabit, og reyni að losast við skammir og hnífilyrði á meðan kostur er. Jeg myndi ekki hafa tekið þátt í deilum þessum, ef ekki stæði svo á, að til mín hefir verið beint allmörgum skeytum, og þá ætlast til, að jeg tæki á móti þeim.

Jeg var ekki viðstaddur áðan, er hæstv. fjrh. (M. G.) tók til máls, svo jeg veit ekki nema hann hafi svarað einhverju af því, sem til okkar hefir verið beint beggja í senn, og jeg taki það upp að ófyrirsynju.

Hv. 1. þm. Árn. (E. E.) hafði lítið við það að athuga, sem jeg hafði áður mótmælt í ræðu hans viðvíkjandi atvinnuvegum landsins. Hann sagði aðeins, að koma þyrfti fjármálum landsins í betra horf, og dettur víst engum í hug að neita því.

Og það, sem hann mun hafa átt við, er það, að stjórnin hefði ekki komið peningamálum landsins í gott horf, eins og henni bar þó skylda til. En á öðrum stað í ræðu sinni fór hann að afsaka sjálfan sig, hvers vegna hann hefði ekki komið peningamálunum austan fjalls í betra horf, og ástæðurnar voru þær sömu eins og hjá stjórninni. Þess vegna held jeg, að ef hann vildi nú líta á málið með sanngirni, að hann myndi geta tekið afsakanir stjórnarinnar gildar jafnhliða sínum.

Annars verð jeg að segja það, að þar sem hann leiddi bankana inn í þessar umr., þá sat það mjög illa á honum sem formanni peningamálanefndarinnar. Hann hefði gert skynsamlegra í því að spara sjer þessar ásakanir allar, þangað til þau mál verða til umr. hjer í deildinni.

Sami hv. þm. (E. E.) var að brigsla þm. Ak. (M. K.) og þm. Ísaf. (J. A. J.) um fylgi sitt við stjórnina. Jeg sje ekki, að það sje brigsl á neinum, að vera hvort heldur sem er, með eða á móti stjórn, ef menn fylgja sinni sannfæringu. Því veitti jeg þessu eftirtekt, að oft hefir bólað á því, að þótt hafi vansi að fylgja stjórninni, meira að segja þeim ámælt líka, sem ekki hafa viljað lýsa andstöðu sinni gegn henni. Dæmi þessa eru ámæli þau, sem 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir hlotið. En jeg met þetta til drengskapar og tel það einurðarvott hjá þessum hv. þm. (J. Þ.), að vera ekki í andskotaflokki stjórnarinnar, úr því þeir hafa eigi trú á því, að hægt sje, að svo stöddu, að mynda betri stjórn. Það hefir, frá byrjun okkar innlendu landsstjórnar, bólað á ragleik hjá sumum hv. þm. í því að fylgja stjórninni og kannast við það, en jeg held, að þetta lýsi þroskaleysi í hinu pólitíska lífi hjer hjá oss.

Hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) talaði um það, að stjórnin væri ósamræm. Jeg veit nú ekki glögt, hvað hann meinar með þessu, nema ef vera skyldi það, að

þegar stjórnin myndaðist, hafi mismunandi stoðir runnið undir hana. Við tveir, forsætisráðherra og jeg, erum nú heimastjórnarmenn, og nutum því sameiginlega styrks þess flokks. Undir fjármálaráðherra munu aftur á móti fleiri stoðir hafa runnið. En þetta sannar ekkert ósamræmi, og stjórnin hefir ekkert tilefni gefið til þess, að heimilt sje að telja hana ósamræma. Auðvitað er það, að þar sem stjórnin er skipuð fleiri en einum manni, geta ekki allir ráðherrarnir altaf verið á sama máli. Hver ráðherra hefir sitt starfssvið og fylgir þeim málum, sem sannfæringin býður. En við höfum leitað samvinnu hver við annan, og erum yfirleitt ekki ósammála í neinu verulegu.

Hv. sami þm. (J. B.) mintist á tvö frv., sem jeg lagði fram, einkasölufrv. fyrir kornvörur og frv. um seðlaútgáfurjettinn, og fanst þau mjög fara í bága hvort við annað. Jeg fæ nú, satt að segja, ekki sjeð, hvað er samræmilegt með þeim málum. Jeg lagði kornvörufrv. fram í Ed. og tók ljóst fram afstöðu stjórnarinnar í því máli. Jeg get mjer þess nú til, að hv. þm. (J. B.) sje fylgjandi stefnu þessa frv. En haldi hann, að hjer sje verið að hneigjast að ríkisverslun alment, þá er svo ekki. Stjórnin er ekki að marka neina slíka stefnu; hún bar fram frv. aðeins til þess að reyna að koma fram bjargráðamáli, og var þar öll sammála. Það má vel vera, að í sumum atriðum fari skoðanir okkar, hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) og mín, á þjóðfjelagsmálum, ekki mjög á mis, en jeg er þó ekki neinn sócíalisti, heldur samvinnumaður, og þó að samvinnustefnan geti leitt til ríkisverslunar á sínum tíma, þá hygg jeg, að aldir líði áður en það verður.

Hvað seðlaútgáfufrv. viðvíkur, er það misskilningur hjá hv. þm. (J. B.) að vera því mótfallinn, því það hefir að geyma ákvæði um, að ríkið taki í sínar hendur þann seðlaútgáfurjett, sem bankinn nú hefir, lögum samkvæmt, í vissan tiltekinn tíma, og það talsvert fyr en sjerleyfislög Íslandsbanka, hin upphaflegu, heimila. Það atriði, hvort rjett hefði verið af stjórninni að taka bankann nú, kemur til umræðu á öðrum tíma, en ekki nú. En það bið jeg hv. þm. (J. B.) að athuga, að þegar um framtíðarmál er að ræða, þá er ekki stefnumismunurinn fólginn í því, hve fljótt málið kemst í framkvæmd, heldur hvert markmiðið er, sem stefnt er að.

Hv. þm. A.-Sk. (Þorl. J.) mintist á seðlaskrifstofuna og seðlaskömtunina, og hvað stjórnin hugsaði sjer að gera þar. Þetta virðist nú dálítið einkennileg spurning, þar sem málið er í nefnd hjer á þinginu. Get jeg þó sagt honum það, að nái tillögur viðskiftanefndarinnar um viðskiftahömlurnar fram að ganga, þá er stjórninni engin eftirsjón í seðlaskömtuninni. Þetta var auðvitað bráðabirgðaráðstöfun, gerð samkvæmt stefnu þingsins í fyrra í þessu máli, og í viðnámsáttina gegn því, að hagur landsins færi versnandj. Sjái þingið sig um hönd í þessu, er það fól stjórninni í fyrra að framkvæma, þá er svo langt frá því, að stjórnin geri þetta að fráfararatriði. Slíku ástfóstri við verslunarhömlur hefir hún ekki tekið. Það eru næg mál önnur, sem nær stæði, að stjórnin gerði að fráfararatriði, og sýnist sjálfsagðast, að það sjeu ekki smærri málin.

Sami hv. þm. (Þorl. J.) mintist á stefnu stjórnarinnar í bankamálunum. Því er áður svarað. Málin eru í nefnd og munu rædd hjer á sínum tíma. Hygg jeg, að við þetta tækifæri sje nægilegt

að minnast þess eins, að stjórnin mun leggja mikla áherslu á, að með seðlaútgáfufrv. sje ekki farið svo, að landinu stafi tjón af.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) mintist á hrossasöluna og kolakaupin í sambandi við hana. Honum hefir förlast athyglin, er jeg mintist á mál þetta áður hjer í hv. deild. Jeg skal nú endurtaka það, að nauðsynlegt var, að skip það, sem átti að fara þrjár ferðir hingað eftir hrossum, hefði einhvern flutning hingað upp. Hins vegar átti stjórnin um þessar mundir í allmiklum erfiðleikum með það að útvega landinu tryggilegan kolaforða. Hún greip því þetta tækifæri, sem þarna fjekst. Samningurinn um kaup á 2000 hrossum og innflutning á 4000 tonnum af kolum var í einu lagi, og þar, á meðal annars, samið fyrirfram um flutningsgjald á kolunum, enda var það eitt undirstöðuatriði í samningnum, af því skipið var leigt eftir því. Og um flutningsgjaldið á kolunum er það að segja, að það var venjulegt flutningsgjald á þeim tíma, og eigi umþokað, þótt hátt væri. Að öðru leyti var hestaverðið fob Reykjavík alveg sjerstakur liður í samningnum.

Jeg hjó eftir því hjá sama hv. þm. (M. J.), að hann ætlaðist til þess, að ef ný stjórn kæmi, þá skifti hún um anda og aðferð. Þetta er auðvitað eigi nema eðlileg krafa. Því til hvers væri þessi barátta, ef stefnan og andinn ætti að vera hinn sami.

Þegar jeg nú að lokum geri alt upp, þá er það í raun og veru aðeins eitt einasta atriði, sem ekki er fullhrakið af öllum ásökununum á stjórnina. Hinum öllum hafa stjórnarandstæðingarnir orðið að kingja. Og þetta atriði er, að stjórnin hafi ekki útvegað lán í Ameríku, eða má ske öllu heldur hitt, enga tilraun til þess gert. Þetta er satt. En hefði stjórnin einkum viljað verja sig fyrir slíkri ásökun, þá hefði hún auðvitað getað gert tilraunina; en hún hefir ekki kært sig um slíkt, og það sökum varfærni í fjársökum. Það verður því aðalhlutverk komandi stjórnar, til þess að skifta um anda og aðferð, að varast varfærni núverandi stjórnar í fjársökum, og það óska jeg, að hv. þm. glöggvi sig á, þá er þeir greiða atkvæði.

Hv. þm. Str. (M. P.) mintist á það, sem jeg var svo óheppinn að segja í fyrstu ræðu minni, að það væru atvinnumálin, sem nú væru stærstu vandamálin, og erfiðust úrlausnar. Til þess að fást við þau, þyrfti í raun og veru afburðamenn, og treystu menn mjer ekki til þess, sem mjer þætti eigi nema eðlilegt, þá væri jeg fús til þess að fara, ef þeir vísuðu á annan betri, sem fáanlegur væri. Jeg var nú svo einfaldur að halda það, að menn tækju mig trúanlegan, og án þess nokkur undirhyggja byggi undir. Mjer fellur það illa, að hv. þm. Str. (M. P.), sem er náinn samvinnumaður minn undanfarin þing, skuli halda, að þetta sje af þeim toga spunnið, að náfrændur hans í stjórninni, forsætisráðherra og fjármálaráðherra, hafi fengið mig til þess að fórna mjer. Jeg sje nú eftir því að hafa látið þetta um mælt, fyrst ekki var hægt að taka það blátt áfram, eins og það var talað og meint. Hið sanna er, að jeg ráðgaðist um þetta við engan, og er það að einskis hvötum gert. En úr því jeg hefi sagt það, stend jeg við það, en jeg krefst þess, að hv. þm. bendli enga aðra við þessa ákvörðun mína.

Sami hv. þm. (M. P.) fór nokkrum orðum um það, og fann að stjórninni fyrir, að hafa ekki sýnt af sjer þá

föstu stefnu, sem þyrfti til að mynda flokka í þinginu. Um þetta hefir einmitt verið farið svo rjettmætum orðum af hæstv. forsrh. (J. M.) og hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að jeg bæti ekki þar um. Það er ekki oft, að flokkar myndist á þann hátt frá grundvelli, að landsstjórnin verði til að skapa flokkinn með stefnu sinni. Eðlilegasta og besta tilorðning flokks er sú, þegar einhver maður rís upp, sem hefir hugsjónir fram að flytja, og leitar þeim fylgis. Ef þær svo fá fylgi, þá myndast flokkur um þær, og svo eru náttúrlega valdir forkólfar þess flokks, sem svo róa að því öllum árum að reyna að bera hugsjónirnar fram til sigurs og framkvæmda. Þannig er rjett myndun flokka, og á þennan eina hátt geta myndast traustir og þingnýtir flokkar. **(M. P.:** Jeg veit ekki til, að stjórnin hafi fasta stefnu í nokkru máli). Það er næsta kynlegt, að hv. þm. Str. (M. P.) skuli vera að álasa stjórninni fyrir stefnuleysi. Jeg hefi enn sem komið er ekki getað áttað mig á því, hvaða stefnu hann fylgir í nokkru stórmáli. Þótt hann hafi áhuga á berklaveikismálinu, þá tel jeg það ekki með stórum stefnumálum. Hv. þm. (M. P.) ætti að geta sjeð það, að það lýsir sjer ákveðin stefna í þeim málum stjórnarinnar, sem nú liggja fyrir þinginu. Og þótt vjer ráðherrarnir sjeum ekki sammála um öll mál, þá höfum vjer varast að leggja fyrir þingið önnur mál en þau, sem okkur greinir eigi verulega á um, eins og t. d. skattamálin, sem eru vel fallin til að skifta mönnum í flokka. Einmitt sú stefna, sem stjórnin hefir tekið upp í þeim málum, er nokkuð greinileg, en það er að hneigjast að beinum sköttum frekar en óbeinum. Fjárhagur landsins er samt þannig nú, að nauðsynlegt er að afla landssjóði fjár með einhverju móti. Verður því óhjákvæmilegt að nota þær aðferðir, sem best duga til þess í bráð, þótt þær fari ekki eftir „principum" þeim, sem í framtíðinni væri æskilegast að fylgt væri, og þess vegna verður skattastefna stjórnarinnar nú ekki eins greinileg og ella hefði orðið.

Í frv. um fasteignaskatt er gerður verulegur munur á fasteignunum eftir því, hvort þær eru lönd og lóðir, eða hús og önnur slík mannvirki. Hjer er því lagt til hæfis fyrir ákveðna stefnu, sem augsýnilega getur orðið þýðingarmikil í framtíðinni, og ekki hefir áður eiginlega verið til í okkar skattamálum. Einnig er með tekjuskattinum mörkuð greinilegri stefna en áður hefir verið í þeim lögum.

Hvað snertir stefnu í fossamálunum, þá hefir stjórnin tekið þar ákveðna afstöðu. En að því er viðkemur eignaratriðinu í því máli, sem mikill ágreiningur hefir orðið um, þá get jeg ekki sjeð, að það hafi mikla praktiska þýðingu í þessu tilliti. Jeg hygg,að það megi fremur teljast lögfræðilegt en tekniskt mál, og að þar geti því trauðla verið um ákveðna flokkaskiftingu og þýðingarmikla að ræða í sambandi við það atriði. Aftur á móti er öðru máli að gegna um önnur atriði í fossamálinu. Þar eru þegar komnar í ljós tvær nokkuð greinilegar stefnur. Önnur er sú, að vera hræddur við stórvirkjun fossa, og sjerstaklega útlent fólk og útlent fje. Innflutningur fólks mundi fara með þjóðernið, og útlenda fjeð drotna yfir hagsmunum manna. Það sje um að gera að girða sem best fyrir þetta með lögum. Hin er sú, að sleppa ekki tækifærum, ef þau gæfust, til þess að koma einhverju af okkar stærri fallvötnum í gagn svo fljótt, sem unt er, og vogast til að hafa

þar til aðstoð af útlendum mönnum og útlendu fje. Stjórnin hneigist nú að þessari stefnu og trúir ekki öðru en þá gát megi hafa á þessu, að hagsmunir landsmanna og sjálfstæði sje fulltrygt fyrir því. En vitaskuld eru ekki núna miklar horfur á, að langt komist áleiðis í þessum efnum næstu árin.

Jeg held, að hver maður ætti að geta sjeð, að það er ekkert sjerlega gott árferði fyrir hugsjónamál nú eða önnur stefnumál. Það er svo háttað á flestum sviðum, að það getur tæpast verið um framsókn að ræða, heldur frekar afturhald, og það er líka það hyggilegasta að haga því svo, eins og þegar franski herinn hopaði aftur frá landamærum Belgíu og Frakklands, til þess að fá betri aðstöðu og geta svo síðar sótt fram á ný. Það liggur því í augum uppi, að það er næsta örðugt nú að marka stefnulínur í framtíðinni. Lætur því næsta undarlega í eyrum, þegar hv. þm. standa upp hver á fætur öðrum og saka stjórnina um getuleysi hennar í þessu efni. Tel jeg slíkt bera vitni um þekkingarskort eða aðgæsluleysi á ástandinu, sem nú ríkir, jafnt hjer á landi sem annarsstaðar.

Forsætisráðherra (J. M.): Það er ekki rjett hjá hv. þm. Dala. (B. J.), að það sje bæði óþinglegt og óþekt að viðhafa þá aðferð um vantraustsyfirlýsingu, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) hefir gert. Hv. þm. Dala. gleymir því, að það er ekki lengra síðan, að þessi sama aðferð var notuð, en á þinginu 1911. Raunar var hv. þm. (B. J.) ekki ánægður með þá niðurstöðu, er þá var fengin, en jeg hygg, að um óánægju hans hafi þá ráðið meiru niðurstaðan en aðferðin.

Þá gat hv. þm. (B. J.) um það í ræðu sinni áðan, að þeir þm., sem dirfðust að greiða atkvæði með þessari dagskrá, mundu þar væntanlega skáka í því skjólinu, að þeim tækist að slá ryki í augun á fáfróðum kjósendum sínum, þegar heim kæmi. Mjer datt í hug þá, hve undarlega oft bregður við, er kosningin er hjá liðin, þar sem ávarpið til kjósenda, sem hjá flestum er „háttvirtur" fyrir kosningu, breytist hjá sumum hv. þm. í „fáfróður", undir eins og kosningin er búin.

Jeg tel annars nóg komið af ræðum um þetta mál, og jeg hefi enga löngun til að vera langorður eða illorður í garð andstæðinga minna. Jeg skal taka það fram, að jeg tala ekki um dagskrá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Jeg hefi lýst áður áliti mínu á aðferð þessa hv. þm. (Gunn. S.). Aftur á móti skal jeg láta þess getið um dagskrá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að jeg læt mjer hana vel lynda, og eins þótt brtt. hv. þm. Str. (M. P.) á henni verði samþykt.

Annars læt jeg mjer vantraustsyfirlýsinguna í ljettu rúmi liggja, hvort hún verður samþykt eða feld. Og hvort hún stingur upp höfðinu aftur eftir lengri eða skemri tíma, þá er mjer sama, því ekki skal jeg syrgja það, þótt jeg yrði að víkja úr þessu sæti.

Ólafur Proppé: Jeg get verið mjög stuttorður, því það, sem jeg vildi sagt hafa, eru aðeins örlitlar athugasemdir út af svörum hæstv. forsrh. (J. M.). Mjer þykir það mjög leitt, annara þm. vegna, að svör hans hafa ekki verið greinilegri en þau voru. En hins vegar verð jeg að taka gilda afsökun hans í því efni. Jeg hefi, síðan jeg hjelt fyrri ræðu mína og gerði fyrirspurnina, haft færi til þess að tala við hann og fjrh. (M. G.) ítarlega um þessi mál og kynnast áformum þeirra, og þær upplýsing-

ar, sem jeg hefi fengið hjá þeim, get jeg látið mjer nægja, eftir atvikum.

En það, sem jeg legg aðaláhersluna á í þessu lántökumáli, er það, að hvernig sem fyrirkomulagið verður, þá verði gengið svo frá, að hag þeirra kaupsýslumanna og annara framleiðenda, sem við bankann skifta, verði borgið, og það jafnt hvort sem þeim banka eða Landsbankanum verður fengið fjeð til ráðstöfunar.

Magnús Jónsson: Jeg skal vera ákaflega fáorður. Er það hvorttveggja, að umræður eru orðnar langar, og auk þess hefi jeg verið svo óheppinn að fá kvefpest þá, sem nú gengur, og er því hás og lítt hæfur fyrir löng ræðuhöld. Það kemur sjer því afarvel fyrir mig, að þau hafa verið svo undarlega kraftlítil þessi skeyti stjórnarinnar og verjenda hennar. Því fyrir bragðið hefi jeg næsta fáum að svara. Jeg get þó ekki stilt mig um að víkja með nokkrum orðum að ræðu hæstv. forsrh. (J. M.), þar sem hann var að leggja út af ummælum mínum um, að það væri óeðlilegt í þingræðislandi, að menn skyldu ekki skiftast í greinilega flokka um stórmálin og starfa á þann hátt. Jeg skal fúslega játa það, að það geti einstöku sinnum komið fyrir, að málefnum sje þannig farið, að ekki sje gott að mynda fasta flokka um þau. En jeg verð samt að halda því fram, að þetta muni ekki vera heppilegt sem regla, og jeg býst við, að bæði hæstv. forsrh. (J. M.) og aðrir verði að játa það, að slíkt geti orðið beint hættulegt, er til lengdar lætur.

Mjer finst meðferðin á þessu máli einmitt bera vitni um það, að þetta getur orðið að hreinni og beinni sýking. Er ekki kynlegt, að jafneðlileg og óbrotin till. og sú, er hv. þm. Dala. (B. J.) hefir komið hjer fram með, skuli ekki geta fengið beina afgreiðslu, heldur vera undir eins vafin og kafin slíkum glundroða, sem hjer er á ferðinni?

Að því er snertir umyrði mín um viðskiftahöftin, þá hafa hæstv. ráðherrar snúið orðum mínum þar við. Þeir sögðu, að ekki ætti að halda óeðlilega lengi í slíkar ráðstafanir. En jeg taldi aðeins undarlegan snúning hæstv. ráðherra síðan í þingbyrjun, er þeir vörðu viðskiftahöftin af kappi, því síðan veit jeg ekki til, að nein breyting hafi orðið í þessu efni.

Annars þarf jeg ekki að svara því, sökum þess, að það var ekki rjett eftir haft.

Þá hefir það komið fram hjer, að ekki sje viðeigandi, að hv. þm. sjeu að skattyrðast hjer og skiftast á köpuryrðum sín á milli. Nú, það má náttúrlega að öllu of mikið gera; en annars fæ jeg ekki sjeð, að þegar sumir hv. þm. ganga fram fyrir fylkingar og verja stjórnina, en aðrir sækja á, þá sje það nema ofureðlilegt, að í harðbakka slái með þeim. Annars hafa bæði meðhaldsmenn og mótstöðumenn stjórnarinnar í þessum umræðum verið að reyna að skýra stefnu stjórnarinnar, og tekist mismunandi vel. Hygg jeg, að hæstv. forsrh. (J. M.) hafi komist þar næst með líkingu sinni um sólskinið og bóndann í Árnessýslu, og mun það einmitt vera sláandi dæmi upp á stefnu stjórnarinnar. Við bændurna á að segja, þegar að þeim kreppir: Bíðið, þangað til sólin skín, og við togaraeigendurna á einnig að segja: Bíðið þangað til sólin skín. Með öðrum orðum, kjörorð núverandi stjórnar er: Bíðið þar til sólin skín. Jeg skal nú játa það, að það er

mörgum sjúkdómum svo farið, að þeir batna af sjálfu sjer, án þess að læknir sje sóttur. En það sannar ekkert um það, að ekki sje sjálfsagt að leita læknishjálpar, er sjúkdóma ber að höndum. Að minsta kosti hygg jeg, að fáir sjeu nú svo óvitrir að halda slíku fram. Og ekki býst jeg við, að sú aðferð gæfist betur þar, sem um sýkingu heillar þjóðar er að ræða.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði í ræðu sinni áðan, að það væri mjög undarlegt, eftir annari afstöðu minni, er jeg lýsti yfir því, að jeg legði ekkert upp úr því, hvort vantraustsyfirlýsingin væri feld eða samþykt. Það voru ekki mín orð, að jeg legði e k k e r t upp úr því, en hitt tók jeg fram, að mjer lægi það í ljettu rúmi hjá hinu, að slík loðmulla verði samþykt, sem dagskrá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) er, og afstaða þingsins til hæstv. stjórnar verði eftirleiðis jafnóákveðin og nú.

Þá var hæstv. ráðherra (M. G.) að tala um, að jeg hefði verið farinn að bjóðast til þess að verja stjórnina gegn öllu illu. Það gætir hjer svipaðs misskilnings hjá hæstv. ráðherra og áður. Jeg var þar að leggja út af ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og sagði, að vörn hans væri svipuðust því, sem verið væri að verja sakamenn. En þess væri engin þörf, því engum hefði dottið í hug að saka hæstv. stjórn um að hafa aðhafst neitt, sem væri glæpsamlegt. Í því tilliti kvaðst jeg vera fús til að verja hana fullum fetum, og það er jeg enn.

Þá skal jeg með örfáum orðum víkja að ræðu hv. samþm. míns, 3. þm. Reykv. (J. Þ.). Jeg varð satt að segja hálfhissa á mörgu í ræðu hans. Hún var mjer órækur vottur um það, hve varlega maður verður jafnan að tala þar, sem vinir eiga hlut að máli. Sjerstaklega þegar ræða er um góða vini, þá verður að tala mjög varlega við þá, því þeir skilja stundum lausleg ummæli manns sem bón og fara þegar að leggja hart á sig til þess að verða við henni. Jeg mintist eitthvað á poka, sem hann hefði klætt sjálfan sig í og kæmist nú ekki úr, hvernig sem hann brytist um. En hann hefir tekið þetta sem ósk frá mjer og þegar í stað farið að leitast við að verða við henni, með því að fara að sprikla í pokanum hjer frammi fyrir öllum þingheimi. Þetta var alls ekki meining mín, því mig langaði ekkert til, að hann færi að gera sig hjer að athlægi. En hann um það, úr því hann gerði það óbeðinn.

Til þess að menn skilji, hvað hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) átti við, er hann sagði, að jeg hefði ekkert stjórnmálavit, nema frá honum, þá verð jeg að skýra, hvernig á þessum orðum hans muni standa. Um kosningarnar í vetur var nefnilega borinn út sá orðrómur hjer í bænum, að jeg sendi skrifara á þá fundi, sem þessi hv. þm. (J. Þ.) hjelt, til þess að skrifa upp ræður hans; átti jeg svo að læra þær utan að og flytja síðar. Þetta er það, sem hann er að glópa með, en það varð til þess að breiða yfir það, sem satt var, að hann hefði tekið upp .....*)

Hann var að tala um tóninn í minni ræðu. En gaman væri að bera saman tóninn í minni ræðu og hans. Jeg nenti auðvitað ekki að skrifa upp það, sem hann sagði, en ef til vill kemur það í Morgunblaðinu, eða kann ske öllu heldur í fornvini hans, Alþýðublaðinu, því lík ummæli og hans komu um ræðu, sem jeg hjelt um daginn, í því blaði.

Jeg talaði um, að hann hefði annað-

*) Hjer vantar eitthvað í ræðuna.

hvort orðið að greiða atkvæði með dagskrártillögunni eða á móti, og fyrir þessu gerði jeg grein. En ef hann nú greiðir atkvæði með dagskránni, þá hefir hann engar ákveðnar stefnur hvað snertir frv. stjórnarinnar. En nú hefir hann þó ákveðna skoðun á þeim sumum, t. d. þeim, er snerta fossamálið, því maður veit, frá hans fossanefndarstarfi, hverju hann hjelt fram um eignarrjettinn. Eitt í þessu dæmi getur þó ef til vill verið skakt. Jeg gerði sem sje ráð fyrir, að hann hefði sagt satt á þingmálafundunum hjer, þar sem hann hjelt fram fastri og ákveðinni skoðun í þessum málum. En vilji hann taka það aftur og segja, að hann hafi enga skoðun á þeim, og því sagt ósatt á þingmálafundunum, þá er honum það guðvelkomið. En það getur vel komið fyrir, að honum verði launað það síðar.

Hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) sagðist hafa skrifað það eftir mjer, að framleiðslukostnaðurinn minkaði því aðeins, að lán væri tekið. Jeg sagði það aldrei, en hitt sagði jeg, að framleiðslukostnaðurinn minkaði því aðeins, að vörur fengjust frá útlöndum ódýrari en þær hefðu verið að undanförnu. En til þess að geta keypt þær þarf peninga. Best væri auðvitað að hafa þá fyrirliggjandi, en úr því að því er ekki til að dreifa, yrði að taka lán.

Mjer þykir vænt um, að hv. þm. (Þór. J.) sagði, að sjer þætti best að greiða atkvæði annaðhvort um traust eða vantraust á stjórnina, og trúi jeg þessu vel, því hv. þm. (Þór. J.) er kunnur að því að vera maður ákveðinn.

Jakob Möller: Þó að nokkuð sje liðið á nótt, verð jeg að tefja hv. þm. augnablik. Jeg á ósvarað nokkrum atriðum.

Einn hv. þm. sagði, að nú væri orðin fremur sókn en vörn af hálfu stjórnarinnar. En jeg verð að segja, að hún er einkennileg sú sókn.

Það hefir verið talað um, að taka þyrfti lán, en nú vill svo til, að stjórnin og þeir, sem verja hana, eru eigi þar á eitt sáttir. Hæstv. atvrh. (P. J.) segir, að stjórnin hafi viljað taka lán, en ekki vitað til þess, að hægt væri að fá það. Hæstv. fjrh. (M. G.) segir, að stjórnin hafi „útvegað" lán. En þeir þm., sem verja stjórnina, lofa hana einmitt fyrir það, að hún skuli ekki hafa tekið neitt lán eða viljað taka það. En svo vita þeir ekkert, hvað hjer er um að ræða. Þeir halda, að hjer sje verið að tala um að taka lán til eyðslu. Þetta er misskilningur, því að gjaldeyrislán er tekið til þess að borga með skuldir, sem á hvíla, en ekki til að auka þær. Og í öðru lagi hefir verið talað um að taka lán til atvinnurekstrar.

Hv. 2. þm. Húnv. (Þór. J.) sá, að jeg hristi höfuðið, er hann var að tala. Jeg skal nú gera honum skiljanlegt, hvers vegna jeg gerði það.Hann hafði heyrt, að ef til vill gæti orðið hungursneyð, ef togararnir hættu að stunda fiskveiðar, og hann skildi það svo, að Reykvíkingar myndu þá svelta, af því að togararnir hættu að færa þeim fisk í soðið! En togararnir fiska fyrir alt landið, og ekki aðeins „í soðið" fyrir Reykvíkinga. Hv. þm. (Þór. J.) hefir ef til vill heyrt, að þeir geta fiskað fyrir alt að 10 milj. kr. yfir vertíðina, og hann ætti að vita, að því fje, þeim erlenda gjaldeyri, sem fyrir fiskinn fæst, er varið til að kaupa mat fyrir handa öllum landsmönnum jafnt, en ekki handa Reykvíkingum.

Hann sagði og, að ef útgerðin bæri sig ekki, ætti að hætta að gera út, en ekki

að taka áfram lán til eyðslu. Ef menn nú komast að þeirri niðurstöðu, að hægt sje að gera út, með því að leggja dálitla viðbót til útgerðarinnar, þá myndi jeg skoða huga minn um, hvort eigi væri rjett að verja t. d. einni milj. til þess að fá aftur tíu. Væri enginn fiskur veiddur á togarana, yrðum við óhjákvæmilega að taka 10 miljónirnar allar til láns erlendis, — eða að svelta.

Jeg bjóst ekki við, að hæstv. fjrh. (M. G.) notaði sjer það, að viðskiftahömlurnar væru ekki á dagskrá, og fyndi þar af leiðandi ekki ástæðu til að svara því, er jeg drap á þeim viðvíkjandi, og ljeti jafnvel í veðri vaka, að óvíst væri, að stjórnin vildi sætta sig við að nema þær úr gildi. En þótt nú stjórnin álíti þær enn eina bjargráðið, þá hefir hún þó ekki framkvæmt þær svo, að að gagni hafi orðið, og það er að minsta kosti ekki upplýst, að hún ætli að halda fast við þær, eða að hún hafi hugsað sjer neitt í þeirra stað.

Þar sem jeg talaði um, að stjórnin ætti framvegis, samkvæmt till. viðskiftamálanefndar, að hafa heimild til að hefta greiðslur með póstávísunum til útlanda, þá var það af því, að jeg verð að líta svo á, að með því sje stjórninni „gefið undir fótinn“ að láta hjá líða að bæta úr því ástandi, að bankarnir gætu ekki uppfylt þá skyldu sína að yfirfæra fje. Stjórnin vill ekki tryggja, að þetta komist í lag, þó að fje það, sem þannig yrði sent í póstávísunum, sje ekki eyðslufje, heldur sent til að greiða með skuldir. Stefna stjórnarinnar í þessu er því sú að láta landið safna skuldum hjer og hvar erlendis og banna útflutning á greiðslum. Jeg skal svo eigi fjölyrða frekar um það mál.

Af því að hjer var talað um stefnur, langar mig til að spyrjast fyrir um það, hvað hæstv. forsrh. (J. M.) hafi átt við, þegar hann sagði um 2. þm. Reykv. (J. B.), að hann gæti ekki stutt aðra stjórn en þá, sem hefði á stefnuskrá sinni: Frjáls verslun í frjálsu landi, ef núverandi stjórn færi frá? Á að skilja það svo, að hæstv. forsrh. (J. M.) sje að ógna hv. 2. þm. Reykv. (J. B.) með því, að ef þessi stjórn fari frá, þá komist andstæðingar hennar að, og stefnuskrá þeirra verði: Frjáls verslun í frjálsu landi, en það sje eitthvað annað, sem núverandi stjórn vilji? Það væri fróðlegt fyrir hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) að fá að vita nánar um þetta.

Jeg skil það, að hæstv. forsrh. (J. M.) furðaði sig á því, að jeg lagði svo mikla áherslu á það í fyrri ræðu minni, í sambandi við afstöðu mína til hæstv. stjórnar, að stjórnin þyrfti að vera sannleikselsk. Jeg get skilið, að það sje svo fjarlægt honum, að honum þyki það undarlegt, að nokkur skuli halda því fram, að stjórnin þurfi að vera það. Og jeg hugsa, að hann hafi hvorki getað sannfært mig eða aðra þm. um það, að stjórnin væri sjerlega sannleikselskandi.

Viðvíkjandi strandvarnarmálunum er ekki fullljóst, hvort hæstv. forsrh. (J. M.) hefir sagt vísvitandi ósatt. En mjer þótti undarlegt, að þegar hann svaraði mjer, vjek hann undan. Jeg man ekki betur en hæstv. forsrh. (J. M.) talaði á dögunum um, að flotamálastjórnin danska hefði látið á sjer skilja, að henni væri það ljúft að auka strandvarnir hjer við land. Spurningin er um það, hvort slíkt tilboð, beint eða óbeint, hafi komið fram frá flotamálaráðuneytinu að fyrra bragði. Á því veltur það, hvor forsætisráðherranna fer rjett með þetta. Þetta atriði kemur sambandsnefndinni ekkert við, eða því, sem

dönsku nefndarmennirnir sögðu um strandvarnamálið. Það er enn óupplýst hjer af hæstv. forsrh. (J. M.), hvort danska stjórnin hefir boðið auknar strandvarnir, eða hæstv. forsrh. (J. M.) hefir sjálfur beðið hana um þær. Hann lagði mikið upp úr því, að jeg hefði farið rangt með nokkur orð, sem hann sagði hjer á dögunum. Jeg sagði, að hann hefði sagt, „að annað mál væri, ef hann hefði beðið dönsku stjórnina". En hann segist hafa sagt: „Jafnvel þó jeg hefði beðið". Jeg fullyrði nú, að jeg hafi haft orð þessi rjett eftir. En þótt hann segði nú satt um þetta, þá sjer hver maður, að einnig í þeim orðum, sem hann segist hafa viðhaft, liggur neitun á því, að hann hafi beðið dönsku stjórnina um auknar strandvarnir.

Þá talaði hæstv. forsrh. (J. M.) um, að hann hefði viljað ganga fast eftir því, að Danir fullnægðu samningunum. En jeg man ekki betur en að hann hafi sagt, að þeir fullnægðu þeim, ef þeir hefðu eitt skip til strandvarna hjer. Þá er rangt, að þeir sjeu skyldugir að hafa meira. Jeg skal ekki tala meira um það nú, sem jeg sagði áður, að hæstv. forsætisráðherra hafi þvælst fyrir því, að mynduð yrði samfeld meiri hluta stjórn. Um það mætti deila lengi, en aðeins reynslan getur skorið úr því.

Þá skal jeg með nokkrum orðum víkja að hinni rökstuddu dagskrá 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Nokkrir hv. þm. hafa beint að mjer spurningum viðvíkjandi því, hvort mjer sýndist dagskráin vera þingleg, og jeg get svarað því strax, að mjer finst ekkert óþinglegt við hana. Jeg held meira að segja, að það, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gerir, sje ekkert þinglegra, því að dagskráin hans er fram komin af því, að hann óttast, að vantraustsyfirlýsingin yrði annars samþykt. En er það þá þinglegt að reyna með krókaleiðum að koma í veg fyrir það, að hinn sanni vilji þingsins komi í ljós?

Að hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) ætlar að greiða atkvæði á móti sinni eigin dagskrá, hefir fordæmi, og nægir þar að minna á Benedikt gamla Sveinsson, er hann tók frv. Valtýs upp sjálfur til þess að fella það.

Hv. samþm. minn, 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sagði það ekki rjett, sem jeg hafði sagt, að hann væri flutningsmaður að frv., sem hann sjálfur væri ekki fylgjandi. Jeg er hissa á því, að hann skuli leyfa sjer að segja þetta, því jeg hefi tvo votta að því, að hann sagði við mig, að hann væri á móti því og vildi ekki flytja það. Hann hefir að vísu sagt þetta utan þings, og ef til vill ekki ætlast til þess, að það kæmi opinberlega fram. En jeg segi þetta ekki hjer honum til hneisu, því jeg álít það enga hneisu að flytja frv. samkvæmt áskorun kjósenda sinna, þó að maður sje því sjálfur ósamþykkur.

Fjármálaráðherra (M. G.): Aðeins stutt athugasemd. Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) sagði, að viðskiftahöftin hefðu ekki komið að neinu gagni, því enn þá væri viðskiftakreppa. En það sannar alls ekkert um það, að viðskiftahöftin hafi ekki komið að gagni, því að viðskiftakreppan mundi vera enn þá meiri, ef þau hefðu ekki verið. En hins vegar getur maður sagt, að þau hafi ekki nægt að fullu, og við því hafði enginn búist, því að kreppa hlaut að koma, eftir því ástandi, sem var í heiminum.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hlýtur að vera orðinn mjög syfjaður, þegar hann þóttist ekki

skilja, að jeg efist um það, að hann hafi mjög næma tilfinning fyrir sannleikanum, og jeg hafi gilda ástæðu til að efast um sannleiksást hans.

Jeg get verið hv. þm. (Jak. M.) sammála um það, að ekki sje skemtilegt að heyra okkur segja: Klipt var það, skorið var það. Þar sem hv. þm. (Jak. M.) sagði, að jeg hefði sjerstaklega talað um aðstöðu ráðgjafarnefndarinnar, þá er það satt; gerðabók hennar sýnir og sannar mína skýrslu. En hins vegar hefir fjrh. (M. G.) skýrt frá samtali sínu við ríkisráðherrann danska. Þar sem hv. þm. (Jak. M.) ber það á mig, að jeg hafi ekki farið með rjetta skýrslu í þessu máli, þá er það ekki satt. Jeg hefi margskýrt þetta.

Hvað viðvíkur stefnumuninum, þá er jeg hissa á því, að hv. þm. (Jak. M.) skuli vera að taka svari hv. 2. þm. Reykv. (J. B.). Jeg er viss um, að hv. þm. (Jak. M.) hefir vel skilið, hvað jeg átti við.

Jakob Möller: Jeg þykist skilja, að hæstv. forsrh. (J. M.) vill finna afsökun, segjum ónákvæmni sinni, í því, að ritstjórar fari stundum með rangt mál. Þetta getur verið, en jeg vil algerlega vísa því frá mjer. Jeg fer aldrei með rangt mál vísvitandi. Og þótt svo væri, sem ekki er, þá má þó gera ráð fyrir því, að þingið þykist verða að gera hærri kröfur í þeim efnum til ráðherra en ritstjóra. En ef hæstv. forsrh. (J. M.) ætlar að fara að jafna sjer við blað mitt, sem hann hefir þó leyft sjer að viðhafa niðrandi orð um, þá verð jeg að mótmæla þeim samanburði.

Forsætisráðherra (J. M.): Mjer hefir aldrei dottið í hug að bera mig saman við það blað.

Jakob Möller: Gleður mig.

ATKVGR.

Áður en til atkv. væri gengið mælti

forseti (B. Sv.): Hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) gerði þá kröfu, að rökstuddu dagskránni frá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) væri vísað frá atkvæðagreiðslu, sakir þess, að hún væri óþingleg. Jeg sje ekki, að jeg geti orðið við þeirri kröfu. 42. gr. þingskapanna segir svo um rökstudda dagskrá: „Meðan á umræðum stendur má gera tillögu, er bygð sje á ástæðum, um að taka skuli fyrir næsta mál á dagskránni, og skal þá afhenda forseta tillögu um það skrifaða". Nú hefir sú oft verið venjan, að tillagan hefir lítt verið rökstudd í dagskránni sjálfri, heldur hafa ástæðurnar verið færðar fram í ræðu.

Í þingsköpunum er ekkert því til fyrirstöðu, að þm. geti borið fram till., þótt hann greiði henni ekki sjálfur atkvæði. Oft hefir það borið við, þá er tillaga eða frumvarp er tekið aftur, að aðrir hafa tekið það upp (sbr. skýlausa heimild í 40. gr. þingskapanna), til þess eins að láta það koma undir atkv. og falla.

Jeg sje mjer því eigi fært að hnekkja frá atkvæðagreiðslu dagskrártill. hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), hvorki af þeirri ástæðu, að hún sje óþingleg, nje þeirri, að hún sje ekki rökstudd. Þessi dagskrártill. kemur því fyrst til atkvæða.

Nafnakalls óskuðu um allar atkvæðagreiðslur í málinu þessir þm.:

M. P., M. J., Sv. Ó., Gunn. S., B. J. og P. O.

Var síðan til atkvæða gengið um dagskrártill. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), og fór á þessa leið:

Gunn. S.: nei.
H. K.: nei.
Jak. M.: nei.
J. A. J. greiddi ekki atkv. og færði til þau rök, að hann teldi dagskrána óþinglega, en forseti kvaðst eigi meta rök þessi gild og taldi varða þingvíti. Þá krafðist J. A. J. þess, að þeim úrskurði væri skotið undir atkvæði deildarinnar, hvort rök sín skyldi gild meta. Var það gert, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: B. H., E. Þ., J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. K., M. P., Ó. P., P. J., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., alls 16.
nei: E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., M. J., P. Þ., Þorl. G., Þorst. J., B. J., alls 10.

Forseti greiddi ekki atkvæði.

Var nú haldið áfram nafnakalli um dagskrártill. 1. þm. Rang. (Gunn. S.):
J. B.: nei.
J. S. greiddi ekki atkv. og færði til sömu rök og J. A. J. Forseti úrskurðaði þau rök eigi gild, en þm. (J. S.) krafðist þess, að þeim úrskurði væri skotið undir atkvæði deildarinnar. Þá kvöddu nokkrir þingmenn sjer hljóðs til þess að gera athugasemdir um gæslu þingskapa.

Sigurður Stefánsson: Mjer virðist, sem þetta sje leikur, að vera að bera hið sama hvað eftir annað undir deildina. Mig uggir, að úrslitin muni jafnan verða eins, því mjer virðist, að hjer muni flokkur standa bak við.

Flm. (Bjarni Jónsson): Leikurinn er ekki forseta megin, heldur þeirra, sem byrjuðu. Og það ætti hv. varaforseta (S. St.) að vera kunnugt, að svo verður að vera, sem þingsköp mæla fyrir.

Magnús Jónsson: Er það yfirlýst, að flokkur standi bak við?

Forseti (B. Sv.): Samkvæmt 44. gr. þingskapanna getur þingmaður skotið úrskurði forseta um undanfærslu sína við atkvæðagreiðslu, þá er nafnakall fer fram, undir atkvæði deildarinnar, og getur deildin þá leyst þingmanninn undan þingvíti, þótt hann neiti að greiða atkvæði. Þetta á við hvern einstakan þingmann, en ekki heilan flokk manna, sem hefir tekið sig saman um að skorast undan að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Hjer liggur fyrir krafa frá einum hv. þm., 2. þm. Skagf. (J. S.), um það, að úrskurði mínum um undanfærslu hans sje áfrýjað til deildarinnar, og mun jeg verða við þeirri kröfu, samkv. ákvæðum 44. gr. þingskapa.

Gunnar Sigurðsson: Enda þótt skylt sje, að þetta sje borið undir atkv., þá óska jeg ekki nafnakalls.

Magnús Kristjánsson: Jeg verð að líta svo á, að hæstv. forseti móðgi þingmenn með því að halda, að þeir greiði öðruvísi atkvæði en þeir nú þegar hafa látið í ljós.

Forseti (B. Sv.): Það er ekki móðgun, þótt fylgt sje þingsköpum.

Jakob Möller: Er ekki hægt að fá skýra yfirlýsingu um, að flokkur sje á bak við, því sje svo, þarf ekki fleiri atkvgr.?

Forseti (B. Sv.): Ekki er mjer þága í að hafa fleiri nafnaköll, og mun jeg

taka gilda skýlausa yfirlýsingu, ef hún kemur fram.

Sigurður Stefánsson: Jeg lýsi aðeins yfir því, sem jeg og áður hefi gert, að það er fylsta trú mín, að allar atkvgr. fari á einn veg.

Jakob Möller: Ef enginn mótmælir, þá er óhætt að líta svo á, að það sje flokkur.

Magnús Pjetursson: Jeg mótmæli því, að jeg sje í nokkrum samtökum um þetta.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg mótmæli líka, en mun ávalt greiða eins atkv.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skýt því til hæstv. forseta, hvort eigi sje hægt að láta eina atkvgr. ráða, með þeim formála, að hún gildi um þá alla, sem færa fram sömu ástæður.

Flm. (Bjarni Jónsson): Þetta er hættuleg braut, sem hjer er gengið inn á. Ef einhver segir, að þetta eða hitt sje óþinglegt, þá er gefið fordæmi með þessu, og enn fremur fyrir því, að þingmenn hjálpi hver öðrum til þess að halda dagkaupi sínu, þótt þeir neiti að greiða atkv.

Forseti (B. Sv.): Jeg get fallist á tillögu hæstv. forsrh. (J. M.), og verður því gengið til atkv. um ástæður þær, er hv. 2. þm. Skagf. (J. S.) færir fyrir því, að hann neitar að greiða atkv., að því viðbættu, að svo verður litið á, ef atkv. falla eins og áður, að þá sjeu um leið feld atkvæði um undanfærslu hvers einstaks þingmanns um sig, ef fleiri kynnu að verða, er fram færðu sömu mótbárur sem sá hv. þm. (J. S.), sem nú verða greidd atkvæði um. Skoða jeg þessa atkvæðagreiðslu jafngilda sem sjerstakt nafnakall um hvern einstakan deildarmann, er feta kynni nú í fótspor þessara tveggja hv. þingmanna.

Fór síðan fram atkvgr., með þessum formála, og sögðu

já: J. A. J., J. S., J. Þ., M. G., M. K., M. P., Ó. P., P. J., P. O., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þór. J., B. H., E. Þ., alls 16.

nei: J. B., M. J., P. Þ., Þorl. G., Þorst. J., B. J., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., alls 10.

Að þessu loknu var haldið áfram atkvgr. um dagskrártill. 1. þm. Rang. (Gunn. S.):

J. Þ. greiddi ekki atkv., af sömu ástæðu sem J. S.

Forseti taldi rök hans ógild, en með skírskotun til formála þess, er tjáður hafði verið um undanfærslu J. S., liti hann svo á, sem sömu 16 þm. breyttu úrskurði sínum, og gerði hann síðan sömu athugasemd um sjerhvern þann þingmann, er atkv. neitaði að greiða af sömu ástæðum.

M. G. greiddi ekki atkv., af þeim ástæðum, að hann væri í stjórninni, og mat forseti þá ástæðu gilda.

M. J.: nei.

M. K. greiddi ekki atkv., af sömu ástæðu sem J. S.

M. P.: nei.

Ó. P. greiddi ekki atkv., af sömu ástæðu sem J. S.

P. J. greiddi ekki atkv., af sömu ástæðu og M. G., og var sú ástæða og tekin gild.

P. O. greiddi ekki atkv., af sömu ástæðu sem J. S.

P. Þ.: nei.

S. St., St. St., Sv. Ó. greiddu ekki atkv., af sömu ástæðu sem J. S.

Þorl. G.: nei.

Þorl. J. greiddi ekki atkv., og færði engar ástæður fyrir. Taldi forseti það varða þingvíti.

Þorst. J.: nei.

Þór. J. greiddi ekki atkv., af sömu ástæðu sem J. S.

B. J.: nei.

B. H. og E. Þ. greiddu ekki atkv., af sömu ástæðu sem J. S.

E. E.: nei.

B. Sv.: nei.

Lýsti þá forseti yfir því, að atkv. hefðu fallið svo, að enginn hefði sagt já, en 12 nei, og 15 þm. neitað að greiða atkv., og væri því hin rökstudda dagskrá frá 1. þm. Rang. (Gunn. S.) fallin.

Flm. (Bjarni Jónsson): Nú hefi jeg náð tilgangi mínum, er það hefir sýnt sig í þessari atkvæðagreiðslu, að stjórnin fjekk ekki eitt einasta traustsatkv. Vantrauststill. er því nú orðin óþörf, og tek jeg hana því aftur.

Forseti (B. Sv.): Hv. flm. tillögunnar til vantraustsyfirlýsingar (B. J.) hefir tekið hana aftur, og er þá þessu máli lokið.

Síðan lýsti forseti því, að mál þau, er eftir voru, væru tekin út af dagskrá, las upp dagskrá fyrir næsta fund og ætlaði að segja fundi slitið, en í því kvaddi sjer hljóðs og tók til máls

Jón Þorláksson: Mjer skildist á hæstv. forseta, að hann hefði úrskurðað, að þessi rökstudda dagskrá væri feld. En eftir 44. gr. þingskapanna verð jeg að álíta, að svo sje ekki. Þar er það tekið fram, að þingið geti ekki gert ályktun, nema meira en helmingur deildarmanna greiði atkvæði, og er það ótvírætt tekið fram í fyrstu málsgrein, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp:

> „Hvorug þingdeildin má gera ályktun um neitt, nema meira en helmingur þingmanna sje á fundi og greiði þar atkvæði".

Þetta: „má gera ályktun um neitt", á jafnt við það, að meira en helmingur sje á fundi, og að meira en helmingur greiði atkvæði. Verð jeg því að álíta, að bóka ætti, að engin lögmæt ályktun hafi verið gerð um till. 1. þm. Rang. (Gunn. S.).

Forseti (B. Sv.): Þrátt fyrir það, sem hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) vitnaði til þingskapanna, þá verð jeg að álíta, að úrskurðurinn um afdrif dagskrárinnar hafi verið rjett feldur, og vil í því efni jafnframt skírskota til 2. málsgreinar 44. gr. þingskapanna, er hljóðar svo:

> „Engin ályktun er lögmæt, nema meira en helmingur fundarmanna, þeirra, sem atkvæðisbærir eru, greiði atkvæði með henni".

Nú getur engin deila verið um það, að meira en helmingur þingmanna var á fundi, og greiddi þar atkvæði, einmitt meðan á atkvæðagreiðslunni stóð um dagskrána, því að í þeirri atkvæðagreiðslu fóru fram margar atkvæðagreiðslur, sem allir deildarmenn tóku þátt í. — Þar sem 12 þingmenn greiddu

atkvæði gegn dagskránni, en enginn með, enda höfðu hinir sjálfir gert sig óatkvæðisbæra með undanfærslu, þá verður ekki annan veg á litið en dagskráin væri fallin. — Um þetta atriði verða svo engar frekari umræður, og segi jeg

fundi slitið.

Fundabókun.

Í byrjun 26. fundar í Nd., föstudaginn 18. mars, mælti

forseti (B. Sv.): Sökum þess, að síðasti fundur í deildinni stóð svo lengi, alt fram á 4. stundu eftir miðnætti, þá hefir ekki unnist tími til að rita gerðabók svo snemma, að hún gæti legið frammi þann tíma, sem þingsköp mæla fyrir, áður en fundur byrjaði. Verður því að fresta fundi þangað til gerðabókin hefir legið frammi lögskipaðan tíma.

Magnús Pjetursson: Jeg vildi, sem skrifari deildarinnar, leyfa mjer að leggja það til, sökum þess, að 2½ tími mundi líða áður en fundur gæti byrjað aftur, að leyfð yrðu þau afbrigði frá þingsköpum, að gerðabókin verði ekki borin undir samþykki deildarinnar fyr en á næsta fundi. Jeg vildi leyfa mjer að biðja hæstv. forseta að bera það undir deildina.

Forseti (B. Sv.): Jeg vil þá leyfa mjer að bera það undir stjórnina og hv. deild, hvort leyfð skuli þau afbrigði frá þingsköpum, að gerðabók verði ekki undirskrifuð fyr en á næsta fundi.

ATKVGR.

Afbrigði leyfð og samþykt með 20 shlj. atkv.

Í byrjun 27. fundar í Nd., laugardaginn 19. mars, mælti

forseti (B. Sv.): Gerðabók tveggja síðustu funda hefir legið frammi, svo sem þingsköp mæla fyrir, og ef enginn hefir við bókunina að athuga, verður gerðabókin undirrituð.

Jón Auðunn Jónsson: Herra forsetinn hefir víst ekki tekið eftir því, að nokkrir deildarmenn hafa ritað athugasemd neðan við fundargerð 25. fundar.

Magnús Pjetursson: Má jeg spyrja, hvort það er samkvæmt þingsköpum, að deildarmenn megi ganga að gerðabók Alþingis og skrifa þar athugasemdir sínar, án leyfis forseta?

Jakob Möller: Hafi deildarmenn skrifað eitthvað í heimildarleysi í bókina, þá leyfi jeg mjer að spyrja, hvort ekki megi strika það út?

Forseti (B. Sv.): Jeg ætla þá að leyfa mjer að lesa hjer upp það, sem 5 deildarmenn hafa í heimildarleysi leyft sjer að pára inn í bókina:

> „Við framanritaða fundargerð athugast, að forseti hefir ekki lýst rjett niðurstöðunni af atkvæðagreiðslu um rökstudda dagskrá frá 1. þm. Rang. (Gunn. S.), því að sú dagskrá er ekki fallin með atkvæðagreiðslunni, heldur hefir engin lögmæt ályktun verið um hana gerð, sjá 44. og 47. gr. þingskapanna.

Jón Þorláksson, M. J. Kristjánsson,
3. þm. Reykv. þm. Akureyrar.
Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf.
Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv.
Jón A. Jónsson, þm. Ísfirðinga.

Jakob Möller: Ef þessir hv. þm. hafa ánægju af að láta þessa heimskulegu athugasemd sjást í gerðabókinni, með nöfnum sínum undir, þá ætti þeim að vísu ekki að vera það of gott, aðeins ef heimilt er að skrifa slíkar athugasemdir í bókina.

Forseti (B. Sv.): Jeg veit ekki heimild þess í þingsköpum eða þingvenjum, að nokkur þingmaður megi pára neitt í gerðabók þingdeildar milli funda, hvorki athugasemdir um lögmæti forsetaúrskurðar nje annað. Úrskurðurinn um afdrif hinnar rökstuddu dagskrár hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) var feldur þegar eftir atkvæðagreiðsluna, og var þá engin athugasemd við hann gerð og ekki fyr en málinu var lokið og fyrir nokkru komið af dagskrá, eins og frá er skýrt í fundargerðinni. Úrskurðurinn var rjettur, enda kemur hann heim við skoðanir annara þeirra manna, er þar mega best skyn á bera. Tel jeg þessa fimm þingmenn hafa gert sig seka um þingsafglöpun, og víti jeg þá fyrir tiltæki þeirra.

Jón Þorláksson: Jeg mótmæli því, að þessir þingmenn hafi gert sig seka um þingsafglöpun og að forseti hafi rjett til að víta þá, þótt þeir hafi gert athugasemd við bókunina milli funda. Til þess virðist og ætlast, með því að láta bókina liggja frammi, að þingmenn geti gert við hana sínar athugasemdir.

Forseti (B. Sv.): Gerðabókin á að liggja frammi að minsta kosti tvær klst., til þess að þingmenn eigi kost á að kynna sjer hana. Í byrjun hvers fundar á að bera hana upp til samþyktar, en það er þingvenja, sem jeg hefi tekið eftir fyrirrennurum mínum, að skoða hana samþykta án atkvgr., ef enginn hefir þá neitt við hana að athuga. Er gert ráð fyrir, að menn segi þá til, ef þeim þykir eitthvað athugavert. En jeg þverneita, að rangt hafi verið skýrt frá atburðum þeim, er gerðust á 25. fundi, og skýt því til deildarinnar, hvort bókunin um þá sje ekki rjett. **(Margir:** Hún er rjett). Hafi deildarmenn ekki talið úrskurð minn rjettan, áttu þeir að benda á það þegar í stað, eins og jeg hefi bent á, en það er í alla staði óþinglegt og óheimilt að pára athugasemdir um það í gerðabókina milli funda.

Jón Þorláksson: Mjer hefir ávalt heyrst forseti leggja fram fundabók með þeim orðum, að hún h a f i legið frammi og enginn haft við hana að athuga.

Forseti (B. Sv.): Jeg neita þessu; þetta eru ósannindi. Jeg legg bókina ávalt fram með sama formála, að hún hafi legið frammi, og „e f enginn hefir neitt við bókunina að athuga", þá verði hún undirskrifuð. Skýt jeg þessu til þeirra 25 deildarmanna, hvort þetta sje ekki rjett hermt. **(Margir:** Jú, alveg rjett).

Jakob Möller: Þetta eru auðvitað vísvitandi ósannindi hjá hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.).

Magnús Kristjánsson: Vegna þess, að jeg býst við, að jeg eigi eitthvað af þessum óviðurkvæmilegu orðum, sem hæstv. forseti hefir viðhaft, þá vil jeg taka það fram, að jeg get ekki skilið það öðruvísi en að fundabók liggi frammi til þess, að menn geti gert athugasemdir við hana, skriflega og formlega. Hæstv. forseti segir, að hann hafi látið bóka rjett, en jeg vil leyfa mjer að halda fram, að það sje ekki rjett, og annað það, að bókunin er eins og við höfum lýst yfir. Og þó að hæstv. forseti vilji beita einveldi við þessa þingmenn, þá rjettlætir hann ekki úrskurð sinn með því, og vil jeg nú spyrja hann, hvernig menn eigi að láta í ljós eða koma fram með ágreiningsatriði sín?

Forseti (B. Sv.): Hjer liggur aðeins til umr. bókun fundargerðar, og annað ekki. Það er föst þingvenja að skoða bókunina samþykta án atkvgr., ef enginn segir til, að hann hafi við bókunina að athuga, þegar frá er skýrt í upphafi næsta fundar, að hún hafi legið frammi, með þeim formála, sem jeg hefi áður greint. En úr því þessir fimm þingherrar, sem gert hafa athugasemdina, kannast við, að þeir sjeu ekki að vefengja að bókað sje rjett það sem gerðist, þá þykir mjer skörin færast upp í bekkinn, þegar þeir ætla með þessari athugasemd sinni að ónýta úrskurð forseta um afdrif dagskrárinnar, er þeir höfðu ekkert við að athuga á meðan málið var á dagskrá.

Magnús Jónsson: Jeg vil aðeins mótmæla því, að þau orð sjeu rjett, að hæstv. forseti sje vanur að lýsa yfir því, að hann skoði bókina samþykta án atkvgr., af því hún hafi legið frammi sinn lögmæta tíma. Jeg hefi ávalt heyrt hann segja: „ef enginn hefir við bókunina að athuga, þá verður bókin undirrituð". Þess vegna er það fjarstæða hjá hv. þm. Ak. (M. K.), að bókin liggi frammi til þess, að Pjetur og Páll, auðvitað þingmenn, geti gert þar við hana sínar athugasemdir Annars er þessi athugasemd alls ekki um bókunina, heldur um það, hvort forseti hafi lýst rjettum úrslitum á fundinum. **(M. K.:** Þingmaðurinn hefir ekki skilið, hvað jeg sagði). Hv. þm. Ak. (M. K.) hefir víst ekki skilið, hvað hann hefir skrifað undir. En eigi þessum þingmönnum að haldast þetta uppi, skilst mjer, að í bókina megi rita alla hluti.

Bjarni Jónsson: Mjer skilst, að engin mótmæli hafi komið fram gegn því, að rjett sje bókað um það, er gerðist á fundi þeim, sem um ræðir. En það er nýstárlegast, og ekki þekt áður, að nokkrir deildarmenn hafa í óleyfi tekið gerðabókina og ritað í hana óviðuleg orð um hæstv. forseta. Þetta er þingsafglöpun, sem engin refsing er við lögð í þingsköpum, þar sem enginn hefir hugsað, að slíkt gæti átt sjer stað. Vil jeg skjóta því til forseta, að hann láti skrifstofustjóra geyma betur bókarinnar, svo að óviðkomandi mönnum haldist ekki sú ósvinna uppi að hnupla henni til þess að klóra í hana það, sem þeim dettur í hug.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vil aðeins segja fáein orð, án þess þó að kveða upp dóm, hvort venja sje eða leyfilegt að skrifa athugasemdir í gerðabók milli funda. Það er þessi úrskurður hæstv. forseta á 25. fundi deildarinnar, sem liggur bak við fundarbókunina, sem mjer skilst að um sje að ræða. Nú liggur fyrir að bera upp bókunina til sam-

þyktar, til þess að hv. þdm. geti skorið úr, hvort hún telji rjett bókað.

Forseti (B. Sv.): Má jeg spyrja hæstv. fjrh. (M. G.), hvort hægt sje að breyta úrskurðum forseta, sem hann hefir kveðið upp á umliðnum fundum, með atkvgr. um gerðabók?

Fjármálaráðherra (M. G.): Úrskurðurinn er ekki í bókuninni, og um hana á að fara fram atkvæðagreiðsla. Þetta á að gera samkvæmt þingsköpum. Úrskurður forseta kemur ekki þessu máli við.

Forseti (B. Sv.): Hæstv. fjrh. (M. G.) segir, að það sje aðeins bókunin, sem berast eigi undir deildina, og þar með einnig sá úrskurður, sem í bókuninni er fólginn. Þessu vil jeg mótmæla. Það er misskilningur, að breytt verði úrskurði, sem frá er skýrt í gerðabók, hvort sem hún er samþykt athugasemdalaust eða ekki.

Magnús Pjetursson: Hæstv. forseti hefir þegar tekið fram margt af því, sem jeg vildi sagt hafa, og með fullum rökum sýnt fram á, að það, sem bókað er í fundargerð 25. fundar, er í fullu samræmi við það, sem gerðist á fundinum. En af því, að jeg, sem annar skrifari deildarinnar, hlýt að bera nokkra ábyrgð á því, hvernig bókað er, þá get jeg ekki stilt mig um að segja fáein orð til skýringa.

Fyrsta málsgrein 14. gr. þingskapanna segir frá, hvernig gerðabók skuli halda, og vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp. Hún hljóðar svo:

„Skrifarar halda gerðabók, undir umsjón forseta, og geta í henni mála þeirra, er rædd eru á fundum, og úrslita þeirra".

Samkvæmt þessu á þá aðeins að bóka meðferð málanna og úrslit þeirra, og þau ein úrslit geta af skrifurunum tekist til greina, sem forseti lýsir úr forsetastóli. Og að sú frásögn sje hárrjett í gerðabókinni vil jeg staðhæfa, enda hefi jeg eiginlega engan heyrt mótmæla því. Umr. er því hjer ekki um annað en það, hvort úrskurður forseta á 25. fundi hafi rjettur verið, og hvort þm. eigi að gera hann ómerkan. En nú vil jeg halda því fram, að úrskurður forseta, sem fallinn er, sje óáfrýjanlegur samkvæmt þingsköpum, og síst myndi slíkt geta til mála komið á alt öðrum fundi en þeim, sem úrskurðurinn var feldur á. Jeg vil því endurtaka og undirstrika, að þessum úrskurði forseta verður ekki breytt, og jeg vil skora á þá hv. þm., sem eru mjer eldri og þvældari í þingsköpunum, að leiðrjetta mig, ef jeg hefi á röngu að standa, og skora jeg þá jafnframt á þá að benda mjer og hv. deildarmönnum á, í hvaða grein þingskapanna slíkt sje að finna. Þangað til mjer verður á þetta bent mun jeg telja allan þennan leik algerlega fyrir utan lög og rjett.

Gunnar Sigurðsson: Jeg veit ekki betur en að hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) kæmi með sína athugasemd í fundarlok og að ágreiningsatriði hans sjeu bókuð í fundargerðinni og þar rjett tilfærð. Því er rjett að bera fundarbókunina undir deildina og leita samþykkis hennar. Hitt getur ekki komið til mála, að fara nú að breyta úrskurði forseta, sem feldur var á næstsíðasta fundi. Ef það ætti að fara að tíðkast að rífast út af úrskurðum forseta í byrjun hvers fundar, þá gæti teygst úr þingtímanum.

Jeg vildi annars gera þá fyrirspurn til þessara virðulegu undirskriftarmanna, undir hvaða grein þingskapanna þetta muni eiga að heimfærast?

Annars finst mjer, að hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.), sem er nýr þm., geti viðurkent, að þetta tiltæki hans, að skrifa í gerðabókina athugasemdir sínar milli funda, sje af fljótfærni gert og af því, að hann sje óvanur allri þingvenju. Vildi jeg því skora á hann að falla frá þessari athugasemd, og mun jeg álíta hann mann að meiri fyrir. Hitt er öðru máli að gegna um menn, sem búnir eru að sitja tugi ára á þingbekkjum, að þeir skuli gera sig seka í slíkri þingsafglöpun og þessari; það er ófyrirgefanlegt.

Þórarinn Jónsson: Jeg leit svo á, er hæstv. forseti feldi úrskurð sinn um dagskrána, og hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) gerði við þann úrskurð athugasemd, að þá hefði sú athugasemd komið nógu snemma fram, og því — — — — — (Forseti hringir).

Forseti (B. Sv.): Jeg leyfi mjer að hringja þennan hv. þm. (Þór. J.) niður, þar sem hann bæði talar um það mál, sem ekki liggur fyrir til umræðu, og fer þar að auki með bein ósannindi.

Þegar jeg hafði felt þann úrskurð, að hin rökstudda dagskrá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) væri fallin, og ætlaði að fara að bera undir atkvæði þingsályktunartillöguna sjálfa, þá stóð upp flutningsmaður hennar, hv. þm. Dala. (B. J.), eins og þingheimur man, og tók aftur tillöguna. Þar sem enginn varð til þess að taka hana upp, lýsti jeg því, að till. væri tekin aftur og máli þessu þar með lokið. Því næst tók jeg önnur mál út af dagskrá. Þá las jeg dagskrá næsta fundar. Og þá fyrst, eftir dúk og disk, í því er jeg var að slíta fundi, kveður hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) sjer hljóðs og gerði athugasemd við úrskurð minn, sem jeg þá svaraði um hæl. Er sú athugasemd hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) rjett bókuð í fundarbókinni. (**Þór. J.:** Fundi var þá ekki slitið). Veit jeg vel, að ekki var slitið fundi, en málið, sem athugasemdin var um, var útrætt og hafði fengið sín endalok. Önnur mál voru tekin af dagskrá, næsti fundur boðaður og dagskrá lesin fyrir þann fund, eins og áður er tekið fram. Eða er þessi hv. þm. (Þór. J.) svo illa að sjer í þingsköpum, að hann viti ekki, að þegar t. d. 10 mál eru á dagskrá, eins og nú, þá liggur ekki fyrsta málið fyrir til umræðu hve nær sem er, allan fundartímann, þótt verið sje að ræða önnur dagskrármál, eða fundinum sje ekki slitið.

Jakob Möller: Úr því sumir hv. þm. hafa leyft sjer, og talið það rjett, að ganga að fundabók þingsins og pára þar hvað sem þeim dettur í hug, þá vona jeg, að þeir sömu hv. þm. taki mjer það ekki illa upp, þótt jeg hafi nú neytt þessa sama rjettar, og strikað yfir pár þessara herra í fundarbókinni. Það voru hvort sem er ómerk orð, þýðingarlaus og málinu óviðkomandi, því að þau snertu alls ekki bókunina, hvort hún væri rjett eða röng. Hæstv. fjrh. (M. G.) lýsti að vísu yfir því, að þetta væri athugasemd við bókun, en það er algerlega rangt. Bókunin er ekkert annað en skýrsla um það, sem fram fer á þingfundum, og jeg fæ ekki skilið, að nokkur hv. deildarmaður geti bent á það með rökum, að í fundarbókinni sje rangt skýrt frá atburðum.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vil geta þess, að hvorki jeg nje þeir aðrir hv. þm., er skrifuðu undir athugasemdina í fundarbókina, hafi gert það í óvirðingarskyni við hæstv. forseta, eða viljað með því móðga hann á nokkurn hátt. En jeg áleit deildarmönnum heimilt að gera ágreining um bókun og úrskurð og skrifa þann ágreining inn í fundarbókina. **(Jak. M.:** Er þetta ágreiningur um bókun?). Ja, það er ágreiningur að minsta kosti um úrskurð forseta. Jeg býst við, að hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) hafi verið á fundum í bæjarstjórn, þar sem ágreiningur hefir orðið um bókun eða úrskurði. Má þá hver og einn skrifa sjálfur inn í bókina, hvað hann greinir á við fundarbókunina. Þannig er það að minsta kosti í bæjarstjórn Ísafjarðar. **(H. K.:** Hjer er engínn bæjarstjórnarfundur á Ísafirði). Veit jeg vel. En jeg tók þetta sem hliðstætt dæmi og sönnun fyrir því, að jeg taldi mig hafa heimild til að gera þessa athugasemd í fundabók þingsins.

Forseti (B. Sv.): Gagnvart því, sem hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) segir, að hjer sje að ræða um ágreining um bókun, þá er það alls ekki rjett. Bókunin er skýrsla um þá atburði, er á fundinum gerðust. Og sú skýrsla er hárrjett, enda hafa þm. á það fallist, þeir sem hjer hafa talað.

Ágreiningurinn er um það, hvort úrskurður forseta sje rjettur. En hjer liggur alls ekki fyrir að ræða það, sem forseti hefir gert á undanförnum fundum. Hitt er hverjum þm. heimilt, að gera athugasemdir við bókun, og þess vegna er svo ákveðið, að gerðabókin skuli liggja frammi að minsta kosti 2 tíma fyrir fund. Þessi háttv. þm. má því gera við það athugasemdir, ef rangt er bókað, en slíkt á hann að gera munnlega í byrjun næsta fundar, en ekki pára það inn í fundabókina. Slíkt er algerlega óheimilt og óviðeigandi, ekki síst þegar þetta pár snertir þá ekkert bókunina sjálfa, eins og hjer er raun á orðin.

Annars hjelt jeg, að svo skarpir „heilar", sem hjer eiga hlut að máli, gætu gert greinarmun á bókun og forsetaúrskurði, og þyrftu því ekki að gera sig seka um afglöpun í því efni.

Ólafur Proppé: Jeg ætla ekki að verja gerðir þeirra hv. þm., er ágreininginn skrifuðu í fundabókina.

Hv. þm. Dala. (B. J.) var að skora á hæstv. forseta að sjá um, að fundarbókin yrði svo vel geymd framvegis, að slíkt geti ekki komið fyrir oftar. En nú hefir einn hv. þm. strikað út úr bókinni athugasemdirnar, svo að segja undir handarjaðri forseta. Vildi jeg óska, að hæstv. forseti sæi til þess, að slíkt komi ekki fyrir oftar.

Forseti (B. Sv.): Jeg býst við, að hv. þingdeildarmenn kannist við, að forseta sje annað verksvið ætlað en það, að leggja hendur á einstaka þm. hjer í salnum.

En um þessi skrif í gerðabók þingsins er það að segja, að fyrst hafa 5 þm. gert sig seka um þingvíti, og enn fremur hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) um samskonar brot, þar sem hann hefir fetað í hinna fótspor.

Jeg sker því þannig úr, að öll þeirra bókun verði strikuð út úr fundarbókinni.

Jón Þorláksson: Jeg stend upp til þess að stökkva köldu vatni á þann eld, sem kviknað hefir hjer í deildinni út af

athugasemd okkar í gerðabókinni. Hefir sá eldur þegar gert suma hv. þm. nokkuð heita.

Jeg viðurkenni það, að jeg er nýr þm. og óvanur þingreglum og þingvenjum. En þeirri venju er jeg vanur í bæjarstjórn hjer, að sá, sem hefir eitthvað að athuga við fundargerð bæjarstjórnarfundar, má skrifa þær athugasemdir inn í fundarbókina sjálfa. Jeg spurði einn eldri þm., hvort ekki mundi mega fylgja þessari sömu reglu einnig hjer á Alþingi, og kvað hann já við því. En ef skakt er að farið hjá mjer og jeg hefi með þessu brotið gamla og góða þingvenju, þá er þar engu um að kenna nema ókunnugleik mínum í þessum efnum. Tel jeg mig ekki of góðan að biðja afsökunar á því.

Magnús Kristjánsson: Jeg vil aðeins beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, á hvern hátt mjer og öðrum þm., sem telja, að forseti hafi felt rangan úrskurð um dagskrá hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), á hvern hátt þeir eigi að rjettu lagi að koma fram með mótmælin.

Jeg tel bókunina og úrskurðinn þannig úr garði gert, að það megi ekki standa ómótmælt, og þess vegna er athugasemdin í alla staði rjettmæt. Hjer hefir enginn valdið hneykslum, nema hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.). Hefir hann ekki gert með því annað en það, að staðfesta enn betur það álit, sem jeg hefi altaf haft á honum. En aðferð hans í þessu máli álít jeg stærsta hneykslið, sem dæmi eru til í þingsögunni. Og er það honum sæmandi.

Jeg krefst þess, að hæstv. forseti láti bóka á ný þessa athugasemd okkar og leyfi okkur að undirrita hana. Í henni liggur yfirlýsing um skilning okkar á þessu máli. Og jeg tel það í alla staði rjett og sanngjarnt, að hann komi fram.

Forseti (B. Sv.): Það er hvergi heimilað í þingsköpum, að einstakir þm. megi rita í gerðabók þingsins dóma sína um úrskurði forseta, eða pára þar hvað sem þeim sýnist. (**Þór. J.:** En er það bannað?). Hv. þm. (Þór. J.) hyggur ef til vill, að alt megi í þessa bók rita, sem ekki er berum orðum bannað í þingsköpum, t. d. markaskrá norðan úr Húnavatnssýslu eða annan álíka fróðleik. Annars vil jeg minna hv. deildarmenn á það, að þessar umræður koma út í þingtíðindunum, og þá fyrir almenningssjónir, svo að þeirra mikilvægu skoðanir í þessu máli hverfa ekki undir mæliker, þótt hvorki verði haggað við úrskurði mínum nje bókuninni um afdrif dagskrárinnar.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg hefi ekki verið við þessar umræður og skal því ekki mikið um þær segja. Vil aðeins beina því til hæstv. forseta, hvort honum sýndist ekki rjettara að halda sig við úrskurðanir eða þesskonar, en vera ekki að halda langar ræður úr forsetastól. Það er ekki venja. Og jeg vona, að hæstv. forseti skoði það ekki sem ókurteisi af mjer, þótt jeg bendi honum á þetta. (**Jak. M.:** Væri það ekki fremur þingmannanna sjálfra en utanþingsmanna að finna að þessu, ef þeim sýndist þess þörf?). Líklega ætti stjórnin að mega tala um þetta líka. En sem sagt, þetta eru aðeins bendingar til hæstv. forseta.

Forseti (B. Sv.): Það hefir ekki ósjaldan fyrir komið, að forseti hafi talað úr forsetastól, og hafa þingforsetar gert það á undan mjer, og ekki þótt

tiltökumál. Veit jeg og ekki, hversu forseti má undan því komast að verja hendur sínar, þar sem veist er að honum og gerðum hans úr ýmsum áttum á þingfundi.

Annars mun jeg ekki biðja hæstv. forsrh. (J. M.), þótt fjölfróður sje, að kenna mjer þingsköp.

Jakob Möller: Jeg mótmæli því, að utanþingsmenn hafi nokkurn rjett til þess að vera að finna að við forseta, eins og hæstv. forsrh. (J. M.) gerði, eða til að taka þátt í umræðum um slík formsatriði, sem hjer er um að ræða. Og það er þingmannanna einna að dæma gerðir forseta og framkomu í forsetastól, en ekki stjórnarinnar eða ráðherranna, nema þeir sjeu jafnframt þingmenn.

Það var annars vel til fallið, að hv. þm. Ak. (M. K.) skyldi til þess veljast að vera aðalframsögumaður og forsvari þessarar athugasemdar. Það er auðsjeð á öllu, að hann hefir ekki einu sinni lesið fundarbókina áður en hann klíndi þar inn athugasemdinni við bókunina. Jeg veit ekki annað en athugasemd hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), sem hann gerði á þessum umrædda fundi deildarinnar, hafi verið bókuð. En með sinni venjulegu glöggskygni hefir hv. þm. Ak. (M. K.) sjest yfir að lesa þetta.

Sigurður Stefánsson: Jeg skrifaði undir þessa athugasemd, ekki af því, að jeg teldi bókunina beinlínis ranga, heldur af hinu, að jeg taldi úrskurð forseta vafasaman, þótt hæstv. forseti hafi vafalaust talið hann rjettan frá sínu sjónarmiði. **(Forseti B. Sv.:** Sá úrskurður liggur ekki hjer fyrir til umræðu).

En jeg vil þá leggja eina fyrirspurn fyrir hæstv. forseta. Setjum nú svo, að hjer væri frv. til umræðu í deildinni, og að á sama veg hefði farið um þetta frv. og dagskrána, að 15 þm. hefðu gert samtök um það að neita að greiða atkvæði, en 10—12 hefðu greitt atkvæði með því. Jeg vil þá spyrja hæstv. forseta, hvort honum mundi þá hafa fundist rjett að bóka þetta frv. sem samþykt og afgreiða það t. d. sem lög frá Alþingi?

Forseti (B. Sv.): Þar sem þessi úrskurður er ekki á dagskrá, þá finn jeg mig ekki skyldan að svara fyrirspurn þessa hv. þm. (S. St.), þótt jeg hins vegar sje þess hvergi varbúinn. En jeg tel naumast viðeigandi, að einstakir þm. eyði hjer þingtímanum til þess að hlýða forseta yfir þingsköp.

Bjarni Jónsson: Jeg undrast þolinmæði hæstv. forseta, að leyfa þm. að vaða hjer uppi.

Fyrst er tekin í óleyfi fundarbók þingsins, sem er ekki annað en sögulegur vitnisburður þess, sem fram fer á þingfundum, og klóraðar í hana athugasemdir um þau atriði, er ekkert koma bókuninni við. Eða halda þessir vísu herrar, að í fundarbókina eigi að bóka skoðanir þm. um einstök atriði? Nei, það kemur fram í ræðuparti þingtíðindanna.

Bókunin er hárrjett skýrsla um þá atburði, er á fundinum gerðust, og getur enginn það vefengt með neinum rökum.

Hefir það og nú upplýstst í málinu, að sumir hafa skrifað undir athugasemdina af ókunnugleik á þingsköpum, enda beðið á því afsökunar, og „er sá drengur, er við gengur". En sumir munu þetta gert hafa af öðrum hvöt-

um. Má því hiklaust strika þetta klór út.

Að lokum vil jeg svo endurtaka þá áskorun mína til hæstv. forseta, að hann sjái til þess, að bókarinnar verði betur gætt framvegis, og slíti umræðum um þetta mál.

Fjármálaráðherra (M. G.): Hæstv. forseti hefir, eftir svari hans að dæma, misskilið orð mín áðan. Jeg sagðist ekki ætla að leggja neinn dóm á úrskurð forseta, og vil óska þess, að bókunin verði borin upp til atkvæða.

Hákon Kristófersson: Jeg er algerlega ósamþykkur þeirri uppástungu hv. þm. Dala. (B. J.), um það, að grafa svo þingbókina, að þm. hafi ekki nokkurn veginn greiðan aðgang að henni milli funda.

Jeg tel það óafsakanlega óvarkárni af hv. þm. að skrifa inn í þingbókina utan funda, og skil ekkert í því, að sæmilega gáfaðir og vanir þm. skuli hafa látið sjer detta slíkt í hug. Enda hefir nú hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) sjeð að sjer og gert yfirbót, og það ættu þessir þm. allir að gera. Því, eins og gefur að skilja, eiga hv. þm. kost á að gera sínar athugasemdir við bókunina á þingfundi, þegar bókin er lesin upp, en milli funda er vitanlega öllum óheimilt að færa athugasemdir sínar inn í bókina. Hvaða venju er fylgt á bæjarstjórnarfundum Reykjavíkur eða Ísafjarðarkaupstaðar, tel jeg hjer engu máli skifta.

En þó þykir mjer skörin færast enn upp í bekkinn, að hæstv. forsrh. (J. M.) skuli láta sjer sæma að standa upp og ávíta hæstv. forseta fyrir það að segja nokkur orð úr forsetastól, vitandi það þó, að hann þarf að verja skýringar sínar á þingsköpum, þar sem að honum er beinst af mörgum þm., er telja hann hafa rangt fyrir sjer. Þessa á forseti ekki kost nema frá sæti sínu, enda síst neitt við það að athuga.

Forseti (B. Sv.): Umræðum er lokið. Gerðabókin verður borin undir atkvæði.

Jón Þorláksson: Má ekki lesa upp bókunina? Hjer er svo mikið um útstrikanir, að það er vissara að heyra, hvað eftir stendur óhaggað.

Forseti (B. Sv.): Vel má það. Og skal jeg þá lesa upp alla bókun þessa 25. fundar.

Forseti las í heyranda hljóði alla fundarbókunina.

Fór síðan fram atkvgr. um fundargerð 25. fundar, óbreytta frá hendi deildarskrifarans, hvort samþykkja skyldi, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: St. St., Sv. Ó., Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., Þór. J., B. J., B. H., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. A. J., J. B., J. S., J. Þ., M. G., M. J., M. P., Ó. P., P. J., P. O., P. Þ., S. St.

nei: M. K.

Forseti (B. Sv.) greiddi ekki atkv.

Í byrjun 28. fundar í Nd., mánudaginn 21. mars, mælti

Þórarinn Jónsson: Jeg vona, að skap hæstv. forseta sje komið svo í lag aftur, að hann missi ekki jafnvægið, þótt hann fái örstutta fyrirspurn. Í gerðabók er ritað þingsafglöp við þá hv. þm., sem rituðu í bókina, en sagt, að hv. 1.

þm. Reykv. (Jak. M.), sem strikaði orðin út í heimildarleysi, hafi verið v í t t u r. Jeg vil því gera þá fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort svo eigi að skilja þetta, sem þ i n g s a f g l ö p sje meira heldur en að hafa unnið til þess að vera v í t t u r, og eftir hvaða grein þingskapanna þetta sje nefnt þingsafglöp?

Forseti (B. Sv.): Jeg man ekki, hvernig orðin fjellu, en skal taka það fram, að hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) var víttur fyrir að feta í fótspor hinna og gera sig þannig sekan í sama broti. **(Þór. J.:** Mismunandi bókun). Vítin voru því hin sömu.

Magnús Pjetursson: Jeg skal geta þess, að jeg bókaði alveg eins og orðin fjellu. Hæstv. forseti gat þess, að hv. 1. þm. Reykv. (Jak. M.) væri víttur fyrir að feta í fótspor hinna, og þannig var það bókað samstundis.

Forseti (B. Sv.): Það var tilætlun okkar beggja, hv. skrifara (M. P.) og mín, að bókunin bæri með sjer, að vítin væru hin sömu. Ef hv. þm. þykir þetta orka tvímælis, þá bið jeg þá að bera fram formlega athugasemd við bókunina. Ef enginn gerir það, þá ber jeg gerðabókina undir atkvæði án athugasemda.

Var fundargerðin síðan undir atkvæði borin og samþykt með öllum greiddum atkv. gegn einu, og síðan undirskrifuð.

F.
Ekki útræddar.

1. Gullforði Íslandsbanka.

Á 51. fundi í Nd., mánudaginn 25. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um, að gullforði Íslandsbanka verði fluttur til landsins (A. 386).

Á 52. fundi í Nd., þriðjudaginn 26. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 62. og 66. fundi í Nd., dagana 4. og 10. maí, var till. tekin til einnar umr. (A. 386).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., miðvikudaginn 11. maí, var till. enn tekin til einnar umr.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg vildi óska þess, að þetta mál yrði einnig tekið af dagskrá, úr því að hin málin, sem lúta að skyldu efni, hafa verið tekin af dagskrá.

Frsm. (Jakob Möller): Jeg get gjarnan orðið við þeim tilmælum hæstv. fjrh. (M. G.), svo að málin geti orðið öll samferða.

Forseti tók málið af dagskrá.

Till. var ekki tekin á dagskrá framar og varð

ekki útrædd.

2. Vatnsrjettindi í Soginu.

Á 58. fundi í Nd., föstudaginn 29. apríl, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um, að ríkið nái eignarumráðum yfir vatnsrjettindum í Soginu o. fl. (A. 425).

Á 59. fundi í Nd., laugardaginn 30. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 66. og 67. fundi í Nd., dagana 10.

og 11. maí. var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Tillaga sú, sem hjer er til umræðu, á þskj. 425, og jeg er flutningsmaður að ásamt tveimur öðrum hv. deildarmönnum, stefnir að sama takmarkinu og frv., er nú hefir verið hjer til umræðu, um sama efni. En nokkur atriði, er okkur flm. þótti vanta í frv., og önnur atriði, er okkur þótti þar ofaukið, höfum við aukið við eða felt úr með till., eftir því, sem okkur hefir þótt við eiga. Það er þá fyrst á það að líta, að okkur þótti ástæða til að ítreka áskorun þingsins til stjórnarinnar 1919, þess efnis, að afla ríkinu vatnsrjettinda í Soginu. Þykir mjer því meiri ástæða til, að þessu sje fylgt á eftir, er það er vitanlegt, að eignarrjettur þessara fallvatna er á margra höndum, en mikilsvert, að alt sje vel á hreinu og aðgengilegt, áður en til starfrækslu kæmi. Það gætu líka hlotist miklir vafningar af því eftir á, ef undir högg væri að sækja með eignarráð, er landið t. d. þyrfti nauðsynlega á fossunum að halda til sinna nota síðar meir. Í þeim efnum ættum við að varast að láta okkur koma það sama í koll sem t. d. Norðmönnum, er hafa nú á síðustu tímum með fyrirhöfn orðið að útvega ríkinu vatnsrjettindi, er ekki hafði verið sint í tæka tíð og gálauslega farið með. Hefir það sannast á vatnsafli til stöðva þeirra, er nú er verið að reisa til viðbótar í nágrenni Kristjaníu. Hefi jeg orð forstjóra þess starfs (Sólbergsfossbyggingarinnar) fyrir því, að allur sá klofni rjettur og hagsmunir, er þar komu til greina, hafi valdið miklum erfiðleikum nú við framkvæmdirnar. Ættum við að láta okkur slíkt til varnaðar verða og hafa alt sem heilsteyptast frá byrjun. Þá ætti það og að vera til áherslu fyrir mig, að almenningi í hjeraðinu nálægt Soginu er það áhugamál, samkvæmt þingmálafundarsamþyktum, að eignarráð landsins á vatnsaflinu verði trygð. Þessar ráðstafanir, að ríkið nái umráðarjettinum, ættu að vera því auðveldari, og alveg ástæðulaust að ætla, að það þyrfti að valda drætti, er undirbúningur til þess er hafinn og tilboð frá fossafjelaginu „Ísland" um afhendingu rjettar þess mun nú vera til staðar, og stjórninni þar með vitanlegt, að hverju er að ganga frá fjelagsins hálfu. Hinn eða hinir Sogsfossaeigendur munu vera hjer til staðar, og ættu þessar ráðstafanir, ef að þeim væri gengið, engum drætti að þurfa að valda og engan veg tefja fyrir framkvæmdum.

Þá kem jeg að sjálfu rannsóknaratriðinu, og leyfi jeg mjer að fara nokkrum orðum um það, sem ber á milli í till. okkar og frv. stjórnarinnar. Höfuðmunurinn er sá, að samkvæmt till. viljum við, að ríkið annist sjálft á eigin ábyrgð rannsóknirnar, en í frv. er gert ráð fyrir því, í 2. gr., að stjórnin geti falið þær rannsóknir öðrum. Jeg álít mikilsvert, að stjórnin sje þar fullkomlega sjálf í forsvari, og ábyrgð verksins eða undirbúningsins verði ekki hrundið frá einum til annara, eins og dæmin sanna að á sjer stað á stundum, og gefst illa. Slík ábyrgð gefur stjórninni ástæðu til þess að vanda alt við þennan undirbúning og halda öllu í horfi til þjóðarnota gegn hugsanlegum sjerhagsmunum þeirra, er kynnu að

vinna að rannsókninni. Því ekkert væri því til fyrirstöðu, að stjórnin fæli rannsóknirnar t. d. einhverju fjelagi, hvort sem það hjeti „Ísland“ eða annað. Hún á bara að bera ábyrgð á slíkum undirbúningi, er hún útvegar framkvæmdir á fyrir almenning, og miklu skiftir, að samviskusamlega sje leyst af hendi. Af því, hvað járnbrautarmálið og vatnsvirkjunarbyrjun er mjer mikið áhugamál, legg jeg einmitt mikla áherslu á, að þessum undirbúningi verði vel komið fyrir. Er sigur málsins mjög undir því kominn, að hreinlega sje að málum gengið og tortrygni ekki hleypt að. Mjer er það vitanlega áhugamál, að rannsóknirnar geti byrjað sem fyrst, og sje jeg alls ekki, að útvegun eignarráðanna þurfi að vera þar til neinnar tafar. Ekki skil jeg, hvernig t. d. Íslandsfjelagið fer að skoða þá málaleitun móðgun eða áreitni. Það er fyrst og fremst gert ráð fyrir frjálsum samningum, sem fjelagið er komið af stað með, eins og jeg hefi áður getið um, en hvort sem er ber þetta ekki vott um annað en fyrirhyggju landsmanna, er fjelagið hlýtur að virða, en ekki misvirða.

Hvað rannsóknirnar og undirbúning snertir, vil jeg geta þess, að mjer hefði þótt að mörgu leyti vel til fallið, að byrjað væri með því að fá sjerfræðing frá einhverju landi, er hefir reynslu um fossavirkjun. Við erum málum þessum svo ókunnugir og gætum grætt á að fá að byrja með þó ekki væri nema fyrirlestrarfræðslu einhvers, sem vit hefði á. Slíkt gæti vakið okkur til athugunar. Nýlega fengu Svíar til fyrirlestrarfræðslu þar í landi Ingvar Kristensen, fossastjóra Norðmanna, og eru þeir, Svíar, þó lengra komnir í þeim málum en við hjer á landi. Ef það væri ætlunin, að eitthvert fjelag, t. d. fossafjelagið „Ísland“, ætti hjer síðar hlut að máli um vatnsvirkjun, ættum við því fremur að leita hliðsjónar úr sem flestum áttum nú, er byrja skal. Annars verður þetta mál, sem ætti að verða okkar stærsta velferðarmál, óvinsælt og tortrygt, hvort sem það á það skilið eða ekki. Væri vitanlega auðvelt að fá mann í þessu skyni, ef reynt væri.

Jeg vil þá ljúka máli mínu að sinni, en læt þess þó getið, að seinni partur þál. er fyrir mjer höfuðatriði. Og mæli jeg því eindregið með, að till. nái óafklipt samþykki hv. deildar til 2. umr.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg skil ekki, að menn skuli hjer vera að tefja þingið með umr. um þessa till. Því nýlega hefir verið samþykt frv. um þetta efni, og ef það gengur í gegnum þingið, þá sje jeg ekki, að þessi till. geti komið til greina.

Í frv. var aðaláherslan lögð á rannsókn Sogsfossanna og virkjun þeirra, en í þessari till. eru eignarráðin efst á blaði. Ef nú hins vegar frv. verður felt í hv. Ed., þá sje jeg ekki, að í till. felist nokkuð fram yfir það, sem felst í þál., sem samþykt var á þinginu 1919.

Hygg jeg, að í þeirri þál. felist næg heimild fyrir stjórnina í þá átt að ná eignaryfirráðum á Sogsfossunum. Jeg legg því til, að hv. flutningsmenn taki till. aftur, þar sem hún er algerlega óþörf, og sjái svo, hvernig fer um frv.

Sveinn Ólafsson: Aðeins stutt athugasemd. Mjer skildist það á hæstv. atvrh. (P. J.), að hann líti svo á, að frv., sem hjer var samþykt, hefði í sjer fólgin ákvæði, sem færu í bága við þessa þál. Þetta get jeg ekki fallist á. Mjer finst einmitt fremur ástæða til að

samþykkja þál., ef frv. gengur fram. Það mætti næstum líta svo á, að ef þessi þál. verður nú feld, þá sje þar með þál. frá 1919 úr gildi numin. Tel jeg því þetta misskilning hjá hæstv. atvrh. (P. J.).

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Þál. 1919 heimilaði stjórninni að leita samninga við fossafjelagið „Ísland" til að ná undir ríkið vatnsrjettindum þess í Soginu. Fjelagið hefir tjáð sig fúst að láta af hendi öll vatnsrjettindi hjer á landi, en að því hefir stjórnin ekki gengið, og það mál því óklárað enn. Stjórnin yrði því að útvega nýtt tilboð um afhendingu vatnsrjettinda í Soginu, og yrði þá stjórnin að bera það tilboð undir næsta þing.

En ef nú þessi till. heimilaði stjórninni að gera fullnaðarsamninga um þetta við fjelagið, þá gæti hún talist fullgóð.

Jón Þorláksson: Efnið í síðari hluta till. er samkynja og efni frv. þess, sem hjer var vísað til 3. umr., og er ekki viðeigandi að samþykkja hann, ef frv. verður afgreitt. En fyrri hluti þál. fer fram á, að eignarráð yfir vatnsrjettindunum verði tekin áður en rannsóknin er byrjuð.

Ef til þess kemur, að eignarnám þarf að gera, þá efast jeg um, að það sje hægt, nema ákveðið sje að virkja. En hins vegar er ekki hægt að taka ákvörðun í því efni, nema undan sje gengin rannsókn á málinu. Lögin um eignarnám mæla svo fyrir, að taka eigi tillit til breytinga á verði, sem orsakast af mannvirkjum þeim, sem eignarnám er framkvæmt fyrir. Hygg jeg þá, að eigi væri verra að hafa rannsókn að styðja sig við í því efni.

Mjer hefir heyrst á tillögumönnum, að þeir taki ekki tillit nema til eins eignarnáms. Þeir ganga alveg fram hjá Reykjavíkurbæ og eiganda Úlfljótsvatns. En eftir því, sem orðað er í till., þá á að taka vatnsrjettindi þessara eigenda líka.

Annars finst mjer till. aðallega verða að skoðast sem tilraun til að sprengja upp verð á þessu fallvatni, og væri því hyggilegast að taka málið út af dagskrá, eins og hæstv. atvrh. (P. J.) stakk upp á, og sjá, hvernig fer um frv. því ekki er hægt að vita um þörf þess, sem í till. felst, fyr en útsjeð er með frv.

Ef málið verður ekki tekið út af dagskrá, verður fyrri liðurinn að skoðast sem aðalatriðið, og þá greiði jeg atkvæði á móti till. þál. 1919 ætti að vera nægileg hjer. Hún er svo orðuð, að ekki er gefið undir fótinn með, að okkur liggi á að koma kaupum í framkvæmd.

Að endingu vildi jeg biðja hv. 1. þm. Árn. (E. E.) að svara því, hvers vegna hann telur, að ekki megi byrja á járnbrautarrannsókninni fyr en búið sje að ná umráðum yfir vatnsrjettindum Sogsins.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Fyrirspurninni hefi jeg í rauninni svarað áður. Jeg hefi tekið það fram, að fyrir mjer væri það ekkert höfuðatriði, hvort kauprjettindum væri náð fyrst; það væri hægt að gera það jöfnum höndum. **(J. Þ.:** Ekki eftir till.). Jeg álít, að rannsóknin þurfi ekkert að dragast fyrir útvegun á rjettinum. Jeg get ekki sjeð annað en að þeir hv. þm., sem samþ. frv., geti einnig látið till. að minsta kosti ganga til 2. umr. Það má þá breyta henni við aðra umr, ef hv. þm. þykir þörf á því, t. d. að flýtt verði sem mest að útvega eignarráðin og

rannsókn byrji jöfnum höndum. Till. og frv. fela þó að nokkru leyti það sama í sjer, þótt þau vilji ekki haga því að öllu leyti eins, og er jeg ekki í vafa um, að till. fer þar í rjettara horf.

Pjetur Ottesen: Jeg vildi skjóta því til hæstv. forseta, hvort hann vildi ekki bera till. upp í tvennu lagi, fyrri liðinn fyrst, og seinni liðinn á eftir.

Bjarni Jónsson: Jeg skil ekki, hvað þessi till. á að þýða, þegar áður er komin till., sem veitir stjórninni sama rjett. Jeg skil ekki heldur, að hæstv. stjórn nái þessum rjetti, þegar viðurkent er, að enginn eignarrjettur er á vatnsorku í landinu. Ríkið getur farið með þetta mál eins og því sýnist, með lagaákvæðum.

Sem stendur er vatn einskis manns eign. En þótt það væri ekki viðurkent, þá er þetta vatnsfall í þeirra höndum, sem engin ástæða er til að krefja það af. Að minsta kosti ekki Reykjavík. Reykjavík yrði eflaust stærsti notandinn, og væri þá hálfkynlegt að kaupa af Reykjavík og selja svo Reykjavík aftur. Enginn lætur sjer detta annað í hug en að Reykjavík verði meðeigandi í fyrirtækinu.

Þá er eigandi Úlfljótsvatns. Hann hefir ekki bundið sig neitt gagnvart fossafjelaginu Íslandi, nema það fengi leyfi til virkjunar, og það leyfi þarf ríkið ekki að veita. Þá eru ekki aðrar kröfur, nema einn áttundi í fossum, sem eru neðar.

Ef nú efri hlutinn yrði tekinn til virkjunar fyrir nálægar sveitir, Reykjavík og þorpin umhverfis Faxaflóa, þá er ekki um neitt fossafjelag að ræða.

Það leiðir því af sjálfu sjer, að ef ríkið ákveður orkuver, þá verða rjettindi þessi tekin samkvæmt reglum, sem þar um gilda.

Tillagan er því algerlega óþörf. Tilætlunin einungis sú, að fá hv. þm. til að láta í ljós með atkv. sínum, að þeir álíti, að eignarrjettur sje á vatni.

Umr. frestað.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

3. Aukning landsverslunarinnar.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um að auka og efla landsverslunina (A. 527).

Á 66. fundi í Nd., þriðjudaginn 10. maí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var till. tekin til einnar umr. (A. 527).

Flm. (Jón Baldvinsson): Jeg leyfi mjer að óska þess, að hæstv. forseti taki mál þetta af dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Till. var ekki á dagskrá tekin framar og varð

ekki útrædd.

Fyrirspurnir.

1. Landhelgisgæsla.

Á 10. fundi í Nd., mánudaginn 28. febr., var útbýtt

Fyrirspurn til landsstjórnarinnar um framkvæmdir í landhelgisgæslumálinu (A. 70).

Á 11. fundi í Nd., þriðjudaginn 1. mars, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð með 21 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., þriðjudaginn 18. mars, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að forsætisráðherra hafði tjáð sig búinn til að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Pjetur Ottesen): Áður en jeg sný mjer að fyrirspurninni sjálfri kemst jeg ekki hjá því að minnast lítils háttar á aðdraganda þessa máls, hættu þá, sem vofir yfir þjóðinni, ef ekki er lögð meiri rækt við landhelgisgæsluna en verið hefir, og tillögur þings og þjóðar til þess að bægja þessari hættu frá og fyrirbyggja hana.

Sem vonlegt er hefir það um langt skeið staðið ljóslifandi fyrir augum manna, hver vá er fyrir dyrum af völdum botnvörpuveiðanna hjer við land. Þess var ekki lengi að bíða, skömmu eftir að botnvörpungarnir útlendu þyrptust hjer inn á fiskimiðin við strendur landsins laust fyrir aldamótin, að það kæmi upp bágindaástand víða við sjávarsíðuna. Mönnum varð aflafátt á opnu bátana, og sá útvegur gekk mjög úr sjer; þilskipaútgerðin var þá á byrjunarstigi og gat ekki tekið við öllu því fólki, er þá varð að hverfa frá róðrarbátunum. Og það er engum vafa undirorpið, að þá hefði orðið hið mesta neyðarástand og bjargarskortur, ef sjómennirnir hefðu ekki brátt komist að raun um það, að hugmyndir hinna útlendu fiskimanna um verðgildi fiskjarins voru þannig, að þeir báru ekki við að hirða eða notfæra sjer nema örfáar fisktegundir, og þá einmitt þær, sem hjer voru verðminstar og mönnum þótti minstur slægur í.

Sjómenn gengu því fljótt á það lagið að eiga kaup við þessa útlendu fiskimenn, fengu hjá þeim þann fisk, er þeir ekki hirtu, og það fyrir litla eða enga borgun. Vitanlega kyntust þessir útlendu fiskimenn fyr en ella miðunum fyrir þessi viðskifti, en auðvitað hefði það nú komið hvort sem var. Þetta

stóð nú svona í nokkur ár, en þegar sú fisktegund, sem botnvörpungarnir sóttust mest eftir, kolinn, þvarr, þá tóku þeir smátt og smátt að hirða fleiri og fleiri fisktegundir, og það var komið svo, er það var bannað með lögum, að menn hefðu mök við útlenda sjómenn á sjó úti, sökum sýkingarhættu, er af því gæti stafað, að þeir hirtu orðið nálega allan aflafeng sinn, hvers kyns sem hann var.

Við þessa breytingu lögðust, sumstaðar að minsta kosti, niður að mestu þær leifar, sem eftir voru af róðrarbátunum, eða svo var það við innanverðan Faxaflóa, því þá þegar var ásælni botnvörpunganna og yfirgangur á landhelgissvæðinu svo mikill, að veiðarfærin voru í hers höndum, fiskgöngurnar tvístruðust og afli á róðrarbátum var mjög misbrestasamur og brást stundum algerlega.

Landhelgin freistar mjög botnvörpuveiðamanna, og það aðallega af tveimur ástæðum. Fyrst og fremst af því, að innan landhelginnar er víðast hvar fremur grunt vatn, og þar er varpan miklu ljettari í drætti, mun fljótlegra að vinda hana upp. En þetta er hvorttveggja í senn, kolasparnaður og flýtisauki. Í annan stað koma á vissum tímum mjög þjettar fiskgöngur inn á miðin, og er þá ekki, þegar svo ber undir, langrar stundar verk að fá fullfermi. Hættan, sem af því stafar, að landhelgin er fótasteinn þessarar veiðiaðferðar, er einkum tvennskonar.

Í fyrsta lagi hið ómetanlega tjón, sem landsmenn bíða við það, að aflinn er rifinn upp fyrir augunum á þeim og veiðarfærum þeirra er spilt og þau eyðilögð.

Í öðru lagi hin geysimikla eyðileggíng og tortíming þess mikla grúa af ungviði og uppfæðingi, sem heldur sig á þessum stöðvum sumarmánuðina og fram eftir haustinu, og þess tjóns, sem leiðir af eyðileggingu nýfiskjarins, gætir því meir, sem frá líður.

Þó að landhelgissvæðið sje lítið, sorglega lítið, en það minnir okkur með öðru fleiru ósjálfrátt á dönsk yfirráð hjer á landi, framsýni og umhyggjusemi ráðandi manna í Danmörku á þeim tíma fyrir framtíð þessa lands, — þá blandast mönnum þó naumast hugur um það, hversu óendanlega mikilsvert það er, að lagt sje kapp á að verja landhelgina.

Um landhelgisgæslu þá, er Danir hafa haft á hendi hjer við land, er þarflaust að fjölyrða mjög. Það hefir lengi þótt við brenna, og að orðtaki haft, að hag þess manns væri miður vel borgið, er yrði að sjá alt með annara augum, og saga landhelgisgæslu Dana hjer við land er óneitanlega skýr vottur og staðfesting þess sorglega sannleika.

Jeg hefi það sem sje fyrir satt, og það er alls ekki gripið úr lausu lofti, að sú hafi verið venjan, að ákvarða varðskipunum tiltekinn kolaforða yfir þann tíma, er þau dveldu hjer við land, og hafi foringjar skipanna orðið að miða starf sitt hjer við það, að þeir gætu treint þennan forða. En þess ber að gæta vel og vandlega, að það er alt annað en takmarkaður og fyrirfram ákveðinn smálestafjöldi af kolum, sem leggja verður til grundvallar fyrir landhelgisgæslunni.

Það er þörfin, það er nauðsynin á að tryggja hag, viðgang, velmegun og sjálfstæði þeirra mörgu þúsunda manna, sem eiga líf sitt og framtíð undir því, að sjávarútvegurinn geti veitt

eim daglegt brauð, að þessi atvinnu-
egur, sem er annar aðalatvinnuvegur
ndsins, geti verið þeim tryggur.

Það er knýjandi þörf og hagsmunir
jóðfjelagsheildarinnar, sem þetta mik-
væga starf á að grundvallast á. Mönn-
m er það fyrir löngu ljóst, hver nauð-
yn er á því að hervæðast gegn þess-
m yfirgangi af eigin ramleik og láta
kki sitja við orðin tóm.

Árið 1913 var landhelgissjóður Ís-
nds stofnaður, og er lagt til sjóðsins
000 kr. á ári úr landssjóði, og auk þess
að renna í hann meginhluti sektar-
árins, er inn kemur fyrir landhelgis-
rot og andvirði upptæks afla og veiðar-
era. Tilgangi sjóðsins er lýst í 4. gr.
ganna, en hún hljóðar svo:

„Sjóðnum skal á sínum tíma varið til eflingar landhelgisvörnum Íslands fyrir ólöglegum veiðum, og ákveður löggjafarvaldið, hve nær hann tekur til starfa og hve miklu af fje hans skal til þessara varna varið."

Þó að hjer sje að vísu ekki frekt í
rið með fjárframlag, sýnir þó þessi
óðstofnun ákveðinn vilja og sjálf-
æða viðleitni í þessa átt. Sjóður þessi
emur nú í ársbyrjun 1920 um 164 þús.
rónum.

Það herrans ár 1914 skall Norðurálfu-
yrjöldin á. Það hafði þau áhrif, að er-
ndir botnvörpungar lögðust hjer frá,
nokkur hluti hins íslenska botnvörp-
ngaflota var seldur úr landi, og botn-
rpungaveiðar lögðust að mestu niður
er um nokkur ár. Og það leið ekki á
ngu, að þess sæust ljós merki, að
er var breyting á orðin.

Þegar á fyrstu styrjaldarárunum fylt-
t flóar og firðir af fiski, og menn
tu óhindraðir og óáreittir stundað veiðarnar, og ungviði fiskjarins þróaðist og dafnaði í ró og næði.

Það færðist brátt nýtt líf í bátaútveginn. Allir gamlir bátar voru gerðir upp og bátasmiðir höfðu ekki undan að fullnægja óskum manna um byggingu nýrra báta.

Á Akranesi gengu til fiskjar, þegar flestir voru, þessi árin milli 40 og 50 róðrarbátar; hjeðan úr Reykjavík og af Seltjarnarnesi sennilega jafnmargir bátar, en ef til vill ekki eins að staðaldri. Af Álftanesi, Hafnarfirði og Hraunum um 50 bátar, að minsta kosti um tíma árið 1918. Um tölu báta, sem gerðir voru út til fiskveiða hjer suður með sjónum, veit jeg ekki með vissu, en hitt veit jeg, að útgerðin óx mjög mikið. Og yfirleitt held jeg, að það hafi verið svo nálega alstaðar á landinu, að nýtt líf færðist í þennan útveg. Það var enginn smáræðisafli, sem róðrarbátarnir fluttu á land hjer við Faxaflóa t. d. Á Akranesi var þessi útvegur hin besta tekjulind þessi árin, og skiftist auk þess svo jafnt á milli manna. Þar komst á gamla vöruskiftaverslunin milli sjávar- og sveitamanna, sem var mjög hagkvæm báðum málsaðiljum, eins og þá stóð á.

Jeg hefi það eftir áreiðanlegum heimildum, að í Hafnarfirði hafi tveir menn á bát aflað vorið 1918 til kaupstaðarinnleggs á bol — fyrir utan alt rask af fiskinum — alt að 3000 kr. Þetta er enginn smáræðisafli, en þó get jeg fullyrt, að hjá þessum mönnum var hann ekki neitt ýkjamikið yfir meðallag.

Hinn mikli bátaafli þessi árin var landinu til ómetanlegra hagsbóta, eins og þá var að ýmsu leyti erfitt fyrir hina stærri útgerð. En það var öllum ljóst, að þetta mundi ekki standa lengi,

ef eigi væri að gert, því jafnskjótt og hinum mikla hildarleik í Norðurálfunni slotaði var þess ekki langt að bíða, að erlendir botnvörpungar þyrptust inn á fiskimiðin aftur, og landhelgin var í voða. Snemma á árinu 1919 fóru botnvörpungarnir að koma, og óx tala þeirra því meir, sem lengra leið, og sótti brátt í sama horf með yfirgang þeirra og veiðar í landhelgi. Friðurinn var úti, veiðarfærin í voða og aflanum spilt.

Á þingmálafundum, sem haldnir voru þá um vorið, voru ræddar og samþyktar tillögur, sem skoruðu á þing og stjórn að gera, svo fljótt sem kostur væri, öflugar ráðstafanir gegn hinum ofbeldisfullu aðförum botnvörpunganna. Hvaðanæfa bárust áskoranir í þessa átt.

Þingið 1919 skildi ofurvel, hver hætta var hjer á ferðum, og tók föstum tökum á málinu. Sjávarútvegsnefndir beggja deilda fluttu í sameiningu á þinginu frv. til laga, er heimilaði stjórninni að kaupa eða leigja, svo fljótt sem kostur væri á, skip til landhelgisgæslu. Og hver áhersla var á það lögð við stjórnina, að eigi yrði látið undir höfuð leggjast að framkvæma þennan vilja þings og þjóðar svo fljótt, sem frekast væri kostur á, geta menn gengið úr skugga um með því að kynna sjer umræðurnar um þetta mál. Sjávarútvegsnefndir gáfu stjórninni bendingu um stærð og gerð skipsins, og jafnframt var leitað álits og umsagnar sjerfróðra manna um útgerðarkostnað slíks skips, stjórninni heimilað fje til þessara framkvæmda og yfirleitt svo vel frá málinu gengið, sem kostur var á frá hálfu þingsins.

Þessari framtakssemi þingsins var tekið með miklum fögnuði af þjóðinni. Menn biðu þess með eftirvæntingu, a eitthvað yrði úr framkvæmdunum.

Þegar menn komu á aukaþingið fyr í febrúar fyrra, urðu víst flestir fyr allmiklum vonbrigðum, því það kom í ljós, að stjórnin hafði lítið eða ekke gert til framkvæmda í þessu máli, e að minsta kosti ekki á þeim grundvel sem þingið 1919 hafði ætlast til. Þ eina, sem stjórnin gat bent á að hú hefði gert, var, að hún hafði eitthv leitað fyrir sjer um verð á skipum, se þó ekki leiddi til neinnar úrlausnar málinu. En aftur á móti ljet stjórn þess getið, að Danir mundu vilja e vera fáanlegir til þess að auka landhel isgæsluna á því ári þannig, að þe sendu hingað annað skip með Fálka um, sem yrði hjer einhvern part úr á inu, og að danska stjórnin mundi vil leggja alt kapp á það, að landhelgi gæslan yrði vel rækt.

Svona stóð málið þá. Þá var liði fullur mánuður af vetrarvertíð vjelbá hjer á Suðurlandi, og nú voru góð r dýr. Úr því, sem komið var, varð líta svo á, að nokkur bót væri í því, skip yrði fengið til aðstoðar Fálkanu Þessu boði var því tekið, og jafnfra skorað á stjórnina að reyna að fá þa tíma lengdan, sem skipin yrðu hjer v land, eða að úr því yrði bætt á einhve annan hátt í bráðina. En til þess halda í rjettu horfi með málið og fyr byggja það, að stjórnin hefði nokk átyllu til að líta svo á, að þingið ál þetta nokkra framtíðarúrlausn á m inu, þá flutti sjávarútvegsnefndin í N þál.till., sem, auk þess sem skorað v á stjórnina að sjá um, að tvö skip yr að staðaldri við landhelgisgæslu hjer því ári, heimilaði stjórninni nægile fje til undirbúnings landhelgisgæsl

álinu. Var þar meðal annars átt við að afla mönnum, ef nauðsyn væri því, frekari mentunar og undirbúngs til að takast á hendur landhelgisgæslustarfið.

Vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp nokkur orð úr ræðu um þetta á síðasta þingi:

„En jafnframt þessu á þingsályktunartill. þessi — og ekki hvað síst — að vera til þess að leggja áherslu, eindregna áherslu, á það við stjórnina að leita fyrir sjer um kaup á skipi eða skipum, sem hentug eru til landhelgisgæslu, og undirbúa það að öðru leyti, að við getum sem fyrst á eigin spýtur tekið þátt í landhelgisgæslunni og aukið hana, og svo vitanlega tekið hana að öllu leyti í okkar hendur með tímanum."

En þennan undirbúning hafði stjórnin þá, að því er virtist, gersamlega vanrækt, og þó var till. samþykt með shlj. atkv. í báðum deildum. Að vísu mátti með fullum rjetti segja, að stjórnin hefði í lögunum frá 1919 fulla heimild til fjárframlaga í þessu skyni, en þetta var gert til þess að veita málinu meiri kraft, að sýna stjórninni svart á hvítu, að þinginu væri bláber alvara með þetta mál, og það svo, að stjórnin gæti alls ekki um það vilst.

Það var nú hvorttveggja, að menn urðu sjer, að jeg held, alls ekki háar vonir um sjerlega mikinn árangur af þessari aukningu á landhelgisgæslu manna. Og ef svo hefði nú verið, þá held jeg, að menn hafi yfirleitt orðið fyrir vonbrigðum.

Yfirgangur botnvörpunga í landhelgi og skemdir á veiðarfærum hygg jeg að naumast hafi nokkurn tíma verið svo magnaður sem á þessu ári. Skip það, sem hingað átti að koma til aðstoðar Fálkanum, og einkum átti að vera við gæslu á Faxaflóa, varð þar aldrei að neinu liði, kom þangað alls ekki að öðru leyti en því, að það sigldi sem leið liggur beint til Reykjavíkur, og þar lá það að sögn bundið í báða enda við hafnargarðinn svo vikum skifti. Og það einmitt á þeim sama tíma, sem botnvörpungarnir gerðu mestan usla og spjöll á veiðarfærum utan og innan landhelginnar hjer úti á miðunum. Og þeir voru svo nærgöngulir við opnu bátana, þar sem þeir sátu á handfæraveiðum, að þeir urðu að taka sig upp úr sátrinu til þess að forða sjer undan þeim, þar sem þeir voru að trolla. Oftar en einu sinni lá jafnvel við, að slys hlytist af.

Lýsingarnar á aðförum trollaranna, sem oss berast til eyrna, eru þá ekki heldur fagrar. Og það vill nú svo vel til, að hjer fyrir sjálfu þinginu liggja slíkar lýsingar á framferði þeirra í Arnarfirði. Það eru umsagnir ýmsra manna,er trollararnir hafa leikið grátt. Og eftirlitið hefir ekki verið beysið þar. Jeg tek hjer af handa hófi eina lýsinguna og vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp:

„Yfirgangur togara í landhelgi hjer á firðinum í haust og seinni part sumarsins keyrði svo fram úr hófi, að sjaldan hefir hann jafnmikill verið. Í haust var ekki hægt að róa hjeðan með kastlóð fram á fjörðinn, því togarar toguðu inn og út fjörðinn, án tillits til þess, þótt róðrarmenn hefðu nýlega lagt veiðarfæri sín þar. Af þessum yfirgangi togaranna urðu róðrarmenn að leggja veiðarfæri sín með landi, upp við netalög, þar sem lítil eða engin veiði var, en útlendir, og ef til vill innlendir, togarar sópuðu

burtu allri veiði af okkar bestu fiskimiðum. Sem dæmi upp á það, hvað togarar fóru nærri landi þegar þeir voru að veiðum, vil jeg geta þess, að þeir fóru svo grunt hjer fyrir framan Kirkjubólstangana, að brimið braut til grunns við þá, rjett hjá skipinu, og þó var þá ekki mikið brim."

Með leyfi hæst. forseta vildi jeg enn fremur lesa upp niðurlag á öðru brjefi, þar sem svo segir:

„Verði ekki bætt úr yfirgangi togara, eins og hann hefir verið undanfarið, með auknum strandvörnum að miklum mun, þá verður lítt mögulegt fyrir fólk hjer að draga fram lífið, því að mestar tekjur manna, eða það, sem þeir hafa sjer til lífsframfæris, byggist á afla þeim, sem úr firðinum fæst."

Það er mjög eðlilegt, að menn kvarti undan slíkum aðförum. Það er ofurskiljanlegt, að mönnum renni til rifja, þegar öll bjargræðisviðleitni þeirra verður að engu. Þegar menn geta altaf átt það á hættu, að þegar þeir eru búnir að leggja veiðarfæri sín, er þeir oft og tíðum hafa keypt fyrir sinn síðasta pening, eða keypt í skuld, þá sjeu þau tekin á sömu stundu, rifin og slitin út úr höndunum á þeim.

Og það eru sannarlega ömurlegar kringumstæður og þung spor að koma svo tómhentur heim að kvöldi og vera þess ef til vill ómegnugur að seðja hungur eða hylja nekt konu og barna.

Það er ósköp skiljanlegt, að menn finni sárt til þess og þyki það hart, að lítið eða ekkert skuli vera gert til þess að vernda eignir og bjargræðisviðleitni þeirra að þessu leyti.

Nú hafa þessu þingi borist enn á ný mjög margar áskoranir um framkvæmdir í landhelgisgæslumálinu. Frá fjór ungsþingum í Austfirðinga-, Vestfir inga- og Sunnlendingafjórðungi ha komið áskoranir. Enn fremur frá hje aðsfundi Vestur-Ísafjarðarsýslu og f sameiginlegum fundi Vestur-Ísafjarða og Barðastrandarsýslu. Einnig áskora ir frá 10 þingmálafundum, og er ástan inu hörmulega lýst.

Jeg veit nú ekki, hvað stjórnin kan að hafa aðhafst til undirbúnings þess náli, til framkvæmda á því, er fyr hana var lagt á undanförnum þingu og af því er fyrirspurnin fram komi

Reyndar hefir mjer nú borist í hen ur, síðan fyrirspurnin kom fram, ú dráttur úr gerðabók hinnar svonefnd dansk-íslensku ráðgjafarnefndar, sjest á því, að landhelgisgæslumál hefir verið til umræðu á þessum fund

Það er bersýnilegt, að nefndarmen irnir dönsku hafa viljað skygnast inn hugskot nefndarmannanna íslensku stjórnarinnar í þessu máli.

Mjer virðist, að forsætisráðherra (J M.) hafi markað þar nokkurn vegi skýrt og greinilega stefnu stjórnarin ar í þessu máli, og eru ummæli ha þar, sjeu þau rjett höfð eftir honu að nokkru leyti svar við fyrirspurnin Vildi jeg, með leyfi hæstv. forseta, le upp þessi ummæli hæstv. forsætisrá herra (J. M.), sem eru tilfærð í gerð bók nefndarinnar á þessa leið:

„Hann hafði haft samningsu leitanir við hið danska flotamál ráðuneyti um, að Danir ykju efti lit með fiskiveiðum hjer við lan þannig, að tvö skip önnuðust gæs una, að minsta kosti um vertíðin frá febrúar til miðs maímánaða og um síldveiðitímann. Þessi sam ingur kom þó ekki til framkvæm í ár, sumpart vegna þess, að

land varð að fá að láni mikið af kolabirgðum Dana hjer, og sumpart vegna þess, að senda þurfti Islands Falk til Grænlands vegna sjómannaverkfallsins.

Árið 1919 hafði Alþingi samþykt lög, sem gáfu heimild til, að Ísland tæki að sjer fiskiveiðaeftirlitið, að nokkru eða öllu leyti, en eftir því, sem ráða mátti af Alþingi 1920, lagði það ríkari áherslu á það, að eftirlitið væri aukið og kæmi að fullum notum, en hitt, að Ísland tæki eftirlitið í sínar hendur, og að vjer gjarna vildum komast hjá hinum mikla kostnaði, sem landhelgisgæslan hefði í för með sjer. Afstaða íslensku stjórnarinnar til málsins væri sú, að ef landhelgisgæsla Dana yrði fullnægjandi, mundi stjórnin láta sjer það vel líka og þá leggja það til við næsta Alþingi, að heimildin í lögunum frá 1919 yrði ekki notuð.

Íslensku stjórninni væri það ljóst, að hún gæti eigi krafist, að Danir ljetu meira í tje en þeir væru skyldir til samkvæmt sambandslögunum, og tilboðið um aukið eftirlit væri komið frá flotamálaráðuneytinu. Það, sem Ísland getur krafist, er, að eitt skip sje hjer til eftirlits með fiskiveiðum meginhluta ársins, um 10 mánuði, en „Islands Falk" kemur ekki lengur að fullu haldi til eftirlits með þeim hraðskreiðu botnvörpuskipum, sem nú tíðkast. Íslenska stjórnin hyggur, að Alþingi muni fallast á skoðun stjórnarinnar, en um þetta fæst fyrst vissa, þegar Alþingi kemur saman í febrúar 1921. Þá hefir og ríkisþingið setu, svo það gæti athugað málið með hliðsjón af afstöðu Alþingis. Íslenska stjórnin er öldungis einhuga um þessa afstöðu til málsins."

Jeg verð að segja, að eftir því, sem á undan er gengið í þessu máli, þá hafa þessi ummæli hæstv. forsætisráðherra (J. M.) ónotaleg áhrif á mig að minsta kosti, og jeg hygg, að svo sje um fleiri. Einnig er það eftirtektarvert, hvernig hinum íslensku nefndarmönnum hafa farist orð. Það er haft eftir hv. þm. Seyðf. (Jóh. Jóh.), að ekki mætti leggja meira inn í lögin frá 1919 en að landhelgisgæslan væri ófullnægjandi. Þessi ummæli koma mjer undarlega fyrir sjónir. Aftur á móti er að sjá af gerðabók nefndarinnar, að þm. Dala. (B. J.) og Einar prófessor Arnórsson hafi haldið fram hinum rjetta skilningi, sem sje þeim, að alls ekki mætti dragast að framkvæma lögin á þeim grundvelli, að vjer tækjum landhelgisgæsluna að einhverju eða öllu leyti í okkar hendur. Þessum mönnum er jeg þakklátur, því þeir hafa haldið fram hinum rjetta skilningi á lögunum frá 1919.

Jeg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, en vænti þess, að hæstv. forsrh. (J. M.) svari fyrirspurninni að því leyti, sem ummæli hans í dansk-íslensku ráðgjafarnefndinni, þau er jeg las upp, eru það ekki.

Forsætisráðherra (J. M.): Það liggur við, að óþarfi sje fyrir mig að svara, því hv. flm. (P. O.) hefir að miklu leyti svarað fyrirspurninni sjálfur.

Það er að vísu satt, að lögin frá 28. nóv. 1919, um landhelgisvörn, eru aðeins heimildarlög, en jeg hygg það sönnu næst, að mikill hluti þingsins 1919 hafi ætlast til, að heimildin yrði notuð þegar, annaðhvort á þann hátt að kaupa eða láta byggja eitt eða fleiri skip til land-

helgisvarna, og væri látið byggja, þá að leigja skip meðan á byggingunni stæði. Jeg skýrði þinginu 1920 frá því, hvers vegna stjórnin hefði ekki treyst sjer til að taka upp þvílíkar landhelgisvarnir að svo vöxnu máli, sjerstaklega vegna hins feikimikla kostnaðar, sem af því hlyti að leiða að taka þær upp, einmitt þegar allir hlutir, sem til þess þyrfti, voru sem allra dýrastar. Þá kom það og fram, að Danir, sjerstaklega flotamálaráðuneytið, voru ekki ófúsir til að auka landhelgisgæsluna nokkuð, eins og flm. (P. O.) tók fram. Frá þessu skýrði jeg á þinginu 1920, og jeg verð að segja, að jeg gat eiginlega ekki skilið betur en að menn vildu sætta sig við þetta í bráðina, þar sem hjer væri um mjög kostnaðarsamt viðfangsefni að ræða, sem erfitt væri að taka upp á þeim allra verstu tímum, sem líklega hafa komið yfir þessa álfu.

Eins og hv. þm. (P. O.) tók fram, skýrði jeg þinginu 1920 frá því, hvers vegna stjórnin hefði ekki treyst sjer til þess að taka upp þvílíkar landhelgisvarnir að svo vöxnu máli, sjerstaklega vegna hins feikilega kostnaðar, sem af því hlyti að leiða að taka þær upp, einmitt þegar allir hlutir, sem til þess þurfti, voru sem allra dýrastir. Þá kom það og fram, án þess að farið væri fram á það af minni hálfu í upphafi, að Danir voru ekki, sjerstaklega flotamálaráðuneytið, ófúsir til þess að auka landhelgisgæsluna nokkuð. Það var því ekkert gert af hálfu landsstjórnarinnar til framkvæmdar lögunum, áður en Alþingi kom saman í febrúar fyrra ár. Þá skýrði jeg þinginu frá þessu, og varð jeg ekki annars var en þingmenn yfirleitt, ef til vill að einstöku undanskildum, teldu þær ástæður, er jeg færði fram í þessu máli, fullgildar.

Mjer virtist svo, sem það mætti telja það samkomulag við flotamálastjórnina dönsku, að landhelgisgæslan af hálfu Dana yrði aukin þannig, að auk þess, að 1 skip væri hjer, sem venjulegt var, í kringum 10 mánuði, — það mun nú reyndar hafa verið nær 9 mánuðum, — þá væri hjer við land enn fremur annað varðskip á vetrarvertíð, frá miðjum febrúar til miðs maí, og um síldartímann. Og eftir áliti margra manna átti þessi landhelgisvarsla að nægja. Með þetta fyrir augum hygg jeg hafi verið samþykt áskorun á þinginu í fyrra til stjórnarinnar um að annast um, að landhelgisgæsla Dana yrði aukin svo, að tvö skip yrðu að staðaldri við landhelgisgæslu. Þar er að vísu frekara að orði komist en umrætt samkomulag gat talist fela í sjer. En niðurstaðan af þessu varð nú sú, að landhelgisgæslan varð ekki aukin, heldur minni, því að hin fyrirhugaða gæsla frá Dana hálfu var ekki framkvæmd eins og ætlast var til í fyrstu. Islands Falk kom að vísu hingað til landsins í miðjum febrúar í fyrra, en hitt skipið, Beskytteren, sem átti að koma um líkt leyti og fór af stað í þeim tilgangi litlu síðar, stöðvaðist á leiðinni vegna kolavandræða, sem þá voru orðin svo mikil, að stjórnin neyddist til að fá að láni mikið af birgðum strandgæsluskipanna, svo að það, sem eftir var, var fulllítið handa einu skipi. Til dæmis um það, hversu kolavandræðin voru mikil, get jeg sagt frá því, að jeg varð að fara bónarveg að einu útgerðarfjelagi hjer í bænum til að fá 10 tonn af kolum. Það var því auðsætt, að það þýddi ekki að láta Beskytteren koma, þar sem kol voru aðeins tæplega handa einu skipi.

Mjer er enn fremur vel kunnugt um það, að flotamálaráðuneytið reyndi mik-

ið til að fá viðbót af kolum frá Englandi við kolabirgðir sínar hjer, en það var ómögulegt. Úr kolavandræðunum fór ekki að greiðast fyr en kom fram á sumar, og alt fram á vetur var óttinn við kolavandræði í allri álfunni, Bretlandi auðvitað undanskildu, mikill.

Hv. þm. (P. O.) tók það fram, sem rjett var, að Islands Falk hefði farið til Grænlands í maí og ekki komið úr þeirri ferð fyr en í ágúst. Ástæðan til þess var sjómannaverkfallið í Danmörku, sem gerði dönsku stjórninni ómögulegt að senda skip þaðan. En Beskytteren kom svo loks í byrjun júní.

Alls voru varðskipin hjer: Islands Falk frá miðjum febrúar til mánaðamóta apríl og maí, og frá 5. ágúst til 24. nóvember, að undantekinni hraðri ferð til Bergen með dönsku ráðgjafarnefndina. En Beskytteren var hjer frá byrjun júní til miðs september.

Það var ráðgert, að aðalvarðskip það, sem nú á að vera hjer við land, færi af stað áleiðis hingað í byrjun janúar, en aðgerð á skipinu olli því, að skipinu seinkaði mjög. Hefir sendiherra Dana skýrt mjer frá þessu.

Jeg þóttist verða þess var, að yfirforingjar þeir allir, er á þessum skipum voru, höfðu mikinn áhuga á því að rækja starfið vel, og jeg veit eigi annað en að þeir hafi fengið lof hjer fyrir starf sitt, að minsta kosti fyrir gæsluna um síldartímann. Af þessu er það ljóst, að ástæðan til þess, að landhelgisgæslan varð minni en skyldi, er aðallega sú, hversu kolabirgðirnar voru litlar og útlitið ískyggilegt með kol, en ekki að foringjarnir hafi ekki gert skyldu sína.

Þegar dönsku ráðgjafarnefndarmennirnir voru hjer í ágúst, þá kom landhelgisgæslan til umræðu við nefndina, og einnig hefir fjármálaráðherra talað um málið við ríkisráðherra Dana, og nú má líta svo á, að kostur sje á því frá Dana hálfu að auka landhelgisvörnina, eftir samkomulagi við Alþingi, og boð eða kostir á þessu frá Dana hálfu eru nú til athugunar í hv. sjávarútvegsnefnd. En áður en afstaða Alþingis til þessa er kunn, en það ætti að vera innan örfárra daga, hefir ráðuneytið ekki talið ástæðu til að gera frekara í málinu.

Annars skal jeg ekki fjölyrða mikið um þetta mál. Það er í nefnd, og það væri móti öllum þingvenjum að taka það til umræðu. Er það auðvitað alveg á valdi þingsins, hvað það gerir í þessu efni, hvort það vill heldur sinna þessum kostum af hendi Dana, sem jeg tel heppilegra, eins og nú standa sakir, fjárhagsins vegna, eða þá að kaupa skip og gera út. Skip er að sjálfsögðu hægt að fá, og við höfum að minsta kosti einn mann hæfan til forystu. Og telja Alþingi þessa leið færa kostnaðar vegna, þá væri það að mörgu ákjósanlegt, en út í það skal jeg ekki fara frekara að sinni. Annars mun fjármálaráðherra (M. G.), sem betur er kunnugur sumum atriðum þessa máls, bæta við skýrslu mína, ef og þegar umræður þykja gefa tilefni til.

Gunnar Sigurðsson: Úr því fyrirspurnin er komin inn á þing, sje jeg ekki ástæðu til annars en að ræða hana.

Jeg vil byrja á því að lýsa ánægju minni yfir aðgerðum fyrri þinga í þessu máli, því að þær sýna þá sjálfstæðisviðleitni að vilja taka strandvarnirnar í sínar hendur. En svo hörmulega hefir til tekist fyrir stjórninni, að þessa viðleitni þingsins hefir hún eyðilagt og virt að vettugi.

Hæstv. forsrh. (J. M.) gat þess, að lögin frá 1919 væru aðeins heimildarlög. Það er rjett, en það voru heimildarlög, sem þung og ákveðin alvara lá á bak við; það sýnir best, að í enda 1. gr. laganna eru fjárframlög heimiluð. Hv. þm. Ak. (M. K.), sessunautur minn, spurði áðan, hvar ætti að taka fjeð. Mjer kemur þessi spurning ekkert á óvart, því að það hefir æ verið flokkur manna hjer á Alþingi, sem verið hefir þeirrar skoðunar, að alt væri gott gefins. Og þeirri stefnunni hefir verið fylgt í viðskiftum okkar við Dani.

Jeg vil nú ekki vanþakka Dönum neitt, sem þeir hafa gott gert, en hitt vil jeg víta, að hylst sje til þess að vera komnir upp á Dani fjárhagslega. Þjóðarsóminn á ekki að vera verslunarvara. En athugum nú lítillega afstöðu dönsku stjórnarinnar. Hvað gengur henni til að bjóða hingað tvö skip til strandvarna? Skyldi það vera af brjóstgæðum, eða er það af því, að hún hafi ekkert á móti því að sjá sinn eigin fána blakta í íslenskri landhelgi? Tilhugsunin þægileg, að vita af dönskum fleyjum við strendur Íslands. En til hvers er sjálfstæði í orði, ef það sjest hvergi á borði? Og jeg vil spyrja: Er annað heppilegra og áhrifameira til að kynna fána okkar en það, að láta hann blakta við hún við strendur landsins? En strandvarslan í höndum Íslendinga er ekki einungis ákjósanleg frá sjálfstæðisins sjónarmiði, heldur og líka frá nothæfu eða „praktisku" sjónarmiði.

Margir foringjanna hafa að vísu reynst vel, en sumir hafa líka verið ærið duglitlir og reynst fúsari og færari til þess að stíga dans í landi en eltast við togara og hremma þá. Og enginn mun efast um það, að meiri mundi áhugi íslenskra fyrirliða en danskra að rækja þetta starf, sem líka eðlilegt er.

Hæstv. forsrh. (J. M.) gat þess, að óheppilegt mundi hafa verið að gera byggingarsamning um strandvarnarskip. Það má vel vera satt, en þess var ekki þörf, því að Vestmannaeyingar, með tilstyrk ýmsra efnamanna hjer í Reykjavík, höfðu keypt skip til strandvarna við Vestmannaeyjar. Þessir menn sóttu um styrk til að halda skipinu út til strandvarna, en stjórnin virti það vettugi, og er slíkt athæfi vítavert. Að minsta kosti hefði stjórnin átt að styðja þetta þarfa fyrirtæki, — eins og kunnugt er, er skipið líka björgunarskip, — með því að leigja það til strandvarna við síldveiðarnar vestan- og norðanlands.

Jeg gat þess áðan, að örugg landhelgisgæsla væri stórmikils virði frá nothæfu sjónarmiði. Eins og menn vita, er fyrir suðurströnd landsins eitt hið mesta hrygningarsvæði í veröldinni, og munu því flestir telja, að síst sje vanþörf á að verja það.

Eins er mjer kunnugt um, að margir Vestmannaeyingar telja kaupin á skipinu gróðafyrirtæki, að minsta kosti óbeinlínis, þó að dýrt sje. Fyrir komu skipsins var fult af togurum, sem gerðu hinn mesta óskunda. En eftir komu þess brá svo við, að togararnir lögðu frá og þorðu ekki að halda sig innan landhelgi, og afleiðing þessa varð sú, að uppgripaafli, einhver sá mesti, er menn muna, varð við Vestmannaeyjar, og einnig fiskaðist mjög vel fyrir Landeyjasandi og Eyjafjalla.

Skal jeg svo ekki fara ítarlegar út í þetta mál hjer, en vil leggja áherslu á, að svo framarlega sem nokkur eyrir er aflögu, þá megum við ekki sjá eftir

honum til strandvarna, hvorki þjóðarsómans nje hagsmunanna vegna.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Nd., miðvikudaginn 9. mars, var umræðunum fram haldið.

Bjarni Jónsson: Jeg get ekki litið svo á, að nokkur landsstjórn mannskemmi sig á að hlýða fyrirskipunum Alþingis. Með lögunum 1919 var stjórninni ótvírætt lögð sú skylda á herðar að kaupa eða leigja skip til strandvarna af Íslands hálfu. Jeg get því ekki hugsað annað en að hæstv. stjórn ætli sjer að hlýðnast þessari fyrirskipun, ef núverandi þing leggur áherslu á það. Hæstv. forsrh. (J. M., sem talaði af landsstjórnarinnar hálfu, hefir ekki gefið neina samskonar yfirlýsingu og um daginn, þegar jeg flutti þáh. mína um 7. gr. sambandslaganna, um að hann gæti ekki setið lengur í ráðherrastóli, ef hann ætti að framkvæma vilja þingsins í málinu. Jeg get því ekki ætlað, að stjórnin muni hröklast frá, þó að þingið endurnýi skipun sína.

Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, að flotamálaráðherrann danski hefði boðist til að auka strandgæsluna. Jeg vil ekki vefengja orð hæstv. forsrh. (J. M.), en grunur er mjer á, að flotamálaráðherrann hefði ekki farið að fara út í þá sálma, ef hann hefði búist við, að tilboðið yrði ekki þegið. Og ótrúlegt þykir mjer, að hann hafi gert tilboðið ótilkvaddur.

Jeg álít, að stjórninni hafi verið vel kleift að sinna vilja þingsins í þessu máli. Jeg vil benda á tvö atriði. Þingi og stjórn barst tilboð um kaup á ódýru þýsku skipi. Hvort skipið var vel fallið til strandvarna er mjer ekki kunnugt um. Þingið sinti tilboðinu ekki, vegna andúðar gegn manni þeim, sem var þar milligöngumaður. Stjórnin sinti því ekki heldur, og mjer er ekki kunnugt um, að hún hafi gert nokkuð til að rannsaka, hvort tiltækilegt væri að kaupa skipið eða ekki. En eftir verði því, sem var á skipinu, var sjálfsagt að kaupa það, því það var langt undir sannvirði. Þar að auki fylgdi tilboðinu sá kostur, að seljandi bauðst til að taka íslenska síld, sem ekki seldist þá, upp í andvirðið. Gróðinn var því auðsær. En stjórnin spurðist ekkert fyrir um það, hvort tiltækilegt væri að taka tilboðinu. Ef hún hefir gert það, þá hefir það verið í leyndum.

Hitt atriðið er Vestmannaeyjabáturinn Þór. Eins og kunnugt er, hefir landseti ríkisins í Vestmannaeyjum reist þar stóran og auðugan bæ, þar sem sumir mestu dugnaðarmenn ríkisins eiga sjer bústaði. Fiskifang og útvegur eyjaskeggja gefur af sjer margar miljónir króna árlega, þingi og stjórn til gleði. Vestmannaeyjar eru því eins og útrjett hægri hönd landsins, til þess að sópa auðnum úr sjónum, „draga gull úr græði sollnum, gnægð af auði bera á hauður“. En dugnaðinum fylgja hættur. Vegna hafnleysis geta þeir ekki komið við stærri og betri skipum, en þeir eiga fjölda af dýrum vjelbátum. Veiðarfæri munu þeir nú eiga, sem eru nærfelt 400,000 króna virði. Fjárskaðinn, sem þeir geta orðið fyrir af völdum sjávar og manna, er því geysilegur. En mannskaðinn verður ekki metinn til fjár, hvorki dýrleiki þeirra, sem deyja, nje harmur sá, sem eftir býr.

Þessi dýrindi þarf ríkið að vernda sem tryggilegast, hvort sem er við

menn eða sjó að etja. Í fyrsta lagi fyrir yfirgangi útlendra og innlendra botnvörpunga, svo hann ónýti ekki nærfelt hálfa miljón króna í veiðarfærum og annað eins eða meira í afla. Í öðru lagi þarf að hjálpa fiskifleytunum undan stórsjó og myrkri. Þetta hafa enskir og aðrir erlendir botnvörpungar oft gert, bjargað bátum úr neyð og dregið til lands. En þá er mjög umhendis fyrir eyjaskeggja að taka þá menn fasta og sækja til sektar, sem bjargað hafa ef til vill bróður þeirra eða föður.

Þess vegna hafa Vestmannaeyingar keypt skipið Þór, til strandvarna og björgunar mönnum á hættulegasta tíma ársins. Þetta skip er með vönduðustu skipum, fyrsta flokks. Að vísu var þeim veittur þingstyrkur til kaupanna, en það er ekki nóg. Slíkt björgunarskip á heimtingu á árlegum styrk af alþjóðarfje. Stjórnin hafði hjer tækifæri til að slá tvær flugur í einu höggi, með því annaðhvort að leigja skipið og nota það til strandgæslu fyrir norðan um síldveiðitímann, eða kaupa það af Vestmannaeyjum. Með því hefði hún bæði hlýtt þinginu og styrkt lofsvert fyrirtæki Vestmannaeyinga.

Þetta lítur út fyrir að stjórnin hafi ætlað sjer að gera í fyrstu, því til er brjef, þar sem hún talar um að taka skipið á leigu. En einhvern veginn hefir það dregist henni úr höndum. Í stað þess hefir annað danskt skip haft strandgæsluna fyrir norðan. En það skip er ekki svo hraðskreitt, að það geti siglt á skömmum tíma í kringum eyna, sem sumir Danir hafa haldið vera fljótlegt verk. Stjórnin mun segja, að Þór sje ekki nægilega hraðskreiður. Þó að Fálkinn sje ef til vill nokkru hraðskreiðari, þá mun það ekki vera ýkjamikið. Tilgangurinn er ekki heldur að heyja stríð, heldur veita eftirlit og verja miðin. Sá er aðaltilgangurinn, en ekki sá að afla sektarfjár, enda svarar það venjulega ekki kostnaði. Maður getur hugsað sjer, að Fálkinn taki skip fyrir Suðurlandi og sigli með það inn til Vestmannaeyja til þess að fá það sektað. Í kjölfar skipsins sigla þá 10 skip önnur inn í landhelgina á meðan Fálkinn er í burtu, nota sjer fjarveru varðskipsins og fiska í friði á meðan í landhelgi. Eigi því strandgæslan að vera í nokkru lagi, þurfa varðskipin að vera mörg, en ekki stór, svo þau geti skift sjer niður á minni svæði og varið þau, svo að botnvörpungarnir þori ekki inn fyrir línuna. Með því verja þau ekki aðeins landhelgina, heldur og út fyrir, eins og reynsla Vestmannaeyinga hefir sýnt síðan þeir fengu sjer varðskipið.

Stjórnin hefir brigðað loforðið um að taka skipið á leigu, og ekki einu sinni viljað nota það þann tíma ársins, sem Vestmannaeyingar höfðu ekki þörf fyrir það. En það hefði orðið þeim mikill styrkur. Kostnaður við það hefði alls ekki orðið ríkinu ofvaxinn. Liggur og við borð, að formaðurinn á skipinu, sem er alkunnur dugnaðarmaður, geti ekki þolað lengur aðgerðaleysið, en það væri illa farið, ef hans misti við. Tel jeg það mjög vítavert, að stjórnin gerði þetta ekki, þar sem hún hefði grætt á því fyrir landsins hönd, en engu tapað. Í stað maklegs lofs hafa Vestmannaeyingar því hlotið brigðmælgi fyrir áhuga sinn og dugnað, en enga góðvild frá stjórnarinnar hálfu, að jeg ekki segi illvilja. En þetta er ekki ráðið til að hvetja menn til stórræða. Stórhugur hefir þó verið álitinn góður, jafnvel í framkvæmdalandinu Íslandi, til þessa. Það var sjálfsagt fyrir stjórnina að nota þetta skip, þegar hún hafði ekki önnur

fullkomnari. Þór hefir haft ágæta sjúkrahjálp og haldið uppi gæslu. Stjórnin hefði líka mátt athuga, að hægt er að nota hann fyrir skólaskip fyrir þá, sem útskrifast af stýrimannaskólanum.

Jeg ætla ekki að orðlengja meira um þetta. En stjórnin á þungar ávítur skilið fyrir að hafa ekki gert þetta. Og hvers vegna hefir hún ekki gert það? Hvað gengur henni til? Ekki græðir hún á því. Ekki fær hún velvild neins fyrir það. Jeg varaði hana við aðgerðaleysinu á fundi í sumar, en hún hefir ekki látið sjer segjast. Ekki sparar hún fje við það að eyðileggja þetta fyrirtæki Vestmannaeyinga og veita þeim vanþakklæti og brigðmælgi í stað stuðnings, og fæla þannig aðra menn frá framtakssemi og dugnaði. Ekki geðjast hún þingmönnum með þessu. Hefir aldrei komið fram fastari þingvilji en í landhelgislögunum 1919. Þó að skipunin væri orðuð sem heimild, þá var það aðeins gert af þinglegri hæversku.

Cui bono? Hverjum er þá athafnaleysi hennar til góðs? Jeg vil ekki vera svo illviljaður að halda, að hún þoli ekki að sjá íslenska fánann blakta við hlið „Dannebrog" í landhelginni. Það lægi þó næst að álykta svo, því enginn íslenskur maður mun þakka henni þetta aðgerðaleysi.

Jeg vil ekki gera Dönum upp neinn tilgang að ósekju, en aðeins lesa hjer upp úr gerðabók dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar ummæli danska nefndarmannsins Kragh:

> „Frá danskri hlið var spurst fyrir um það, hvort Íslendingar óskuðu ekki,að Danir ykju eftirlit með fiskiveiðum hjer, og þá er landhelgisgæslan að Íslendinga áliti væri orðin fullnægjandi, hvort málið væri ekki þar með til lykta leitt um sinn. Eða hvort Íslendingar óskuðu, að fiskiveiðaeftirlit frá danskri hlið væri ekki aukið fram yfir það, sem sambandslögin ákveða".

Þetta er það eina, sem komið hefir nú frá Dönum í þessa átt. En við þekkjum þetta orðalag frá sjálfstæðisbaráttunni. Í hvert skifti sem breytingu átti að gera á stjórnarskránni, þá vonuðust Danir til, að málið yrði nú „útkljáð um sinn". Ef Danir auka nú landhelgisgæsluna, þá á málið með því að vera til lykta leitt um sinn, þ. e. a. s. um þau 20 ár, sem eftir eru sambandstímans. Þá vonast Danir til, að Íslendingar verði farnir að venjast við að sjá danska fánann blakta í landhelginni.

Jeg þori ekki að fullyrða, að þetta liggi í orðunum. En það væri eðlilegt, þar sem því var haldið fram í eyru Dana í nefndinni, af einum íslensku nefndarmannanna, að Alþingi hafi gefið út landhelgislögin til þess eins að láta í ljós, að þeir álitu fiskiveiðaeftirlitið ófullægjandi. En jeg vil segja það dönsku nefndarmönnunum til lofs, að þeir tóku ekki undir þennan skilning. Á næsta fundi svaraði Borgbjerg hæstv. forsrh. (J. M.) á þessa leið:

> „Borgbjerg þakkaði forsætisráðherra fyrir skýrslu hans og upplýsingar, er hann taldi nægilegar til þess, að nefndin að þessu sinni hefðist ekki frekar að í málinu, enda mundi þing og stjórn Danmerkur haga gerðum sínum eftir því, sem Alþingi og stjórn Íslands gerði í málinu. Hinir dönsku meðnefndarmenn hans lýstu sig samþykka orðum hans".

Það er þá á valdi þingsins, hvort Íslendingar verða bónbjargarmenn Dana

eða ekki. Jeg veit, að Danir eru fjedrengir góðir, og munu bregðast vel við fjárbænum vorum og gefa oss eða lána jafnvel eftir vild. En það er oss algerlega ósæmandi að biðja Dani að auka strandgæsluna, sem þeim ber engin skylda til. Það er ekki nóg að senda brjeflappa út í veröld til þess að auglýsa fullveldi landsins, þegar fáninn sjest hvergi, en Dannebrog blaktir við strendur landsins. Um fullveldi Danmerkur efast enginn, þó að fáni hennar sjáist ekki við vorar strendur. Um Ísland er öðru máli að gegna. Það hefir verið lítt þekt um 600 ár. Og rjettur vor er auðsýndastur á hafinu. Íslendingar verða að vilja sitt eigið gagn. Jeg skil það ekki að vilja baka sjer beint óhagræði og tjón til þess eins að sýna ekki sinn eigin fána. En undarlegt er það, að jeg man ekki til að hafa heyrt neinn Íslending lýsa gleði sinni yfir fullveldi landsins og fengnum fána. En það þarf að sjást, hver hugurinn er.

„Það fljótsins svell er frekast orðið,
sem fela náir yfirborðið.
En aldan straums und köldum klaka
er kvik og mun um eilífð vaka."

Ef hún er vakandi, kemur hún kann ske upp um síðir.

Fjármálaráðherra (M. G.): Jeg ætla að leyfa mjer að segja örfá orð út af þessari fyrirspurn, þótt jeg hafi í sjálfu sjer litlu við að bæta það, sem hæstv. forsrh. (J. M.) svaraði hv. fyrirspyrjanda (P. O.). Jeg vil þó geta eins atriðis, af því mjer heyrðist hv. þm. (P. O.) fara rangt með það og segja, að tillag ríkissjóðs í landhelgissjóðinn væri 5000 kr. á ári, en það er 20,000 kr., samkv. lögunum nr. 68, 1915, og virðist svo, sem honum hafi sjest yfir þau lög.

Jeg get ekki heldur stilt mig um að benda enn á það, hvað því olli, að strandvarnaskipið annað hjelt svo mikið kyrru fyrir fyrri part sumars í fyrra. Það lítur náttúrlega ekki vel út, þegar hv. þm. Borgf. (P. O.) segir, að skipið hafi verið bundið hjer í báða enda við hafnargarðinn vikum saman, enda er þetta nokkuð ýkt. En það er játað, að það lá hjer mikið kyrt, og af hverju? Jú, það var af því, að stjórnin hafði orðið að fá að láni kol skipsins til þess meðal annars að geta sent Sterling kringum land, til þess að forða Norðurlandi frá fjárfelli. Það sannast því hjer sem oftar, að hálfsögð saga er litlu betri en ósannindi.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) þarf jeg að svara nokkrum orðum, því hann fór geistur mjög og rasandi. Kvað hann stjórnina hafa drepið sjálfstæðistillögur þingsins, og mjer skildist hann jafnvel álíta, að hún hefði haft þjóðarsómann að verslunarvöru. Rök færði hann reyndar engin fyrir þessu önnur en þau, að stjórnin hefði eigi leigt Vestmannaeyjaskipið „Þór". En jeg fullyrði, að það hafi aldrei verið samþykt hjer á þingi, að stjórnin skyldi gera þetta. Það kom einhver till. fram á aukaþinginu í fyrra um styrk til þessa báts, en sú till. lognaðist út af og mun aldrei hafa komið til atkvæða. Þetta skip er, eftir upplýsingum fróðra manna í þeim efnum, ekki hæft til strandgæslu. Það er gamall botnvörpungur og miklu seinni en þeir botnvörpungar, sem nú tíðkast. Vopnlaus er hann auðvitað, svo að hvaða botnvörpungur sem er getur farið allra sinna ferða fyrir honum. Jeg er fyrir mitt leyti ekki í efa um það, að Vest-

mannaeyingar hafa á síðastliðnu þingi farið þess á flot að fá styrk til að reka útgerð þessa skips, og það, að áðurnefnd till. lognaðist út af, er mjer næg sönnun þess, að þessi málaleitun hafði eigi byr hjá þinginu, sjerstaklega ekki sjávarútvegsnefndum, því það er vissulega ekki vani að fylgja lint fram hjer á þingi málefnum Vestmannaeyinga. Af umræðunum á aukaþinginu í fyrra kemur það líka skýrt í ljós, að það var alls ekki tilgangurinn að leigja neitt skip til strandvarna síðastliðið ár, ef Danir hefðu hjer tvö skip, og það er nokkuð undarlegt, ef nú á að grýta stjórnina fyrir að hafa í þessu farið að vilja þingsins. Ef nokkuð er hæft í ummælum hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) um verslun með þjóðarsómann, sem jeg neita, eins og hverri annari fjarstæðu, þá hefir Alþingi sjálft gert þá verslun, og þar á meðal hv. þm. (Gunn. S.) sjálfur, því hann var því samþykkur að láta sjer nægja strandgæslu Dana, og það þótt hæstv. forsrh. (J. M.) tæki það fram þá, að búast mætti við, vegna kolaleysis, að strandgæslan yrði ekki í því lagi, sem ella mætti búast við. Vísa má um þetta til Alþt. 1920, B., dálk 427. Með þessu er það sannað, að síðasta aukaþing ætlaðist ekki til, að skip Vestmannaeyinganna yrði leigt til strandvarna. En hefði skip verið leigt til þessa, og þetta skip verið fært til þess, hefði ekkert verið á móti því að leigja það, að öðru jöfnu.

Hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) áleit, að sjer dygði ekki að horfa í peningana, og það má vera, að h a n n þurfi þess ekki. En jeg tel mjer skylt að líta á þá. Jeg tel mjer skylt að reyna að sporna við því, að stórkostlegar fjárhæðir sjeu teknar úr vasa þjóðarinnar á slíkum tímum, sem nú standa yfir, ef nokkur möguleiki er á því að losna við það. Og jeg vil standa eða falla með þeirri stefnu.

Í fyrra gekk þingið inn á að reyna tilboð Dana, en reynslan varð ekki fullnægjandi vegna kolaskorts. Er það þá goðgá af stjórninni, að hún hefir sagt fyrir sitt leyti, að hún, með vissum skilyrðum, vildi reyna þetta fyrirkomulag til hlítar, sem sjálft Alþingi hefir samþykt? Það er svo sem ekki svo, að stjórnin hafi bundið Alþingi. Nei, því er frjálst að gera það, sem það vill, en sína skoðun dregur stjórnin ekki dul á.

Mjer skildist á sama hv. þm. (Gunn. S.), að stjórnin hefði gert hreint fyrir sínum dyrum, ef hún hefði leigt þór til strandvarna. Þá hefði alt verið gott. Jeg veit nú ekki, hvort hv. þm. Borgf. (P. O.) vill samþykkja þetta. Það þykir ef til vill ekki viðeigandi að gera fyrirspurn um það til hans, en gaman hefði jeg af því, ef hann vildi svara því.

Jeg læt mjer fyrir mitt leyti í ljettu rúmi liggja, hverjar hvatir sagt verður að liggi til grundvallar fyrir afstöðu minni til þessa máls. Jeg veit, að ýmsir muni segja, að fjárhagurinn sje ekki nægilegur til afsökunar, en ekkert annað hefir þó fyrir mjer vakað, og læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja, hversu margir trúa því. Jeg hefi áður, á einkafundi, skýrt frá viðræðum mínum um þetta mál við stjórnarforseta Dana, og sje ekki ástæðu til að taka það upp hjer.

Hv. þm. Rang. (Gunn. S.) spurði, hvernig á því stæði, að Danir vildu auka hjer strandgæsluna, og gaf í skyn, að einasta ástæðan til þess mundi vera sú, að þeir vildu láta Dannebrog blakta hjer við land. Sjerlega vingjarnleg getur þessi tilgáta varla talist, og vera má, að hv. þm. (Gunn. S.) sje mjer það vitrari, að hann viti inn í hugskot manna.

En það veit jeg, að þeir telja þetta eigi sem ástæðu. Flotamálaráðuneytið heldur því fram, að það sje mjög góður æfingaskóli fyrir yfirmenn og undirmenn að gegna hjer landhelgisvörnum, og vill gjarnan hafa þær á hendi þess vegna, enda þurfa skipin hvort sem er að gerast út til að æfa skipshöfnina, en af þessu leiðir, að strandgæslan er þeim margfalt ódýrari en hún mundi verða oss. Þá ber og á það að líta, að bæði Danir og Færeyingar hafa rjett til að veiða hjer í landhelgi, og er það ekki nema eðlilegur hlutur, að Danir borgi þetta með strandgæslu. Jeg lít því ekki á þetta sem neina gjöf í sjálfu sjer, enda þykist jeg geta fullyrt, að engum, nema ef til vill flotamálaráðuneytinu og sjóliðsforingjunum, sje þetta kappsmál. Að minsa kosti sögðu lögjafnaðarmennirnir dönsku það í sumar, enda má ráða það af líkum. Jeg vil fyrir mitt leyti reyna eitt ár enn, hvernig fer um strandgæslu Dana, og dæma svo eftir því. Jeg veit, að strandvarnarskip kostar okkur, eins og nú er, ekki undir hálfri miljón á ári, sennilega ¾ milj., og mjer ofbýður að bæta þessu ofan á önnur gjöld og sje ekki, hvar taka á tekjurnar.

Mjer þykir rjett að taka það fram hjer, að jeg skildi ekki ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.) þannig, að hann ávítaði stjórnina fyrir að hafa ekki keypt eða leigt skip, og segir hann til, ef ekki er rjett skilið.

Hv. þm. Rang. (Gunn. S.) sagði, að björgunarskipið borgaði sig fyrir Vestmannaeyjar, vegna þess, að þeir fengju svo miklu meiri fisk fyrir gæslu þess. En í grein, sem nýlega hefir birtst hjer í blaði nokkru frá Vestmannaeying, stendur þessi klausa: En eitt er alveg víst, og það er: fáist ekki nægur styrkur úr ríkissjóði til útgerðar skipsins framvegis, þá verður það að hætta.' Þetta sýnist mjer ekki koma vel heim því að með hinum aukna fiski ætti að vera hægt að borga útgerðarkostnaðinn og stinga svo afganginum í sinn eigin vasa. Og eftir undangengnum kröfum veit jeg, hversu hár þessi styrkur á að vera, sem sje 300 þús. kr. á ári.

Þá kem jeg að hv. þm. Dala. (B. J.) Hann klifaði stöðugt á því, að óhlýtt væri vilja þingsins 1919, og það er satt. En hvers vegna er honum óhlýtt? Það er af því, að á milli kemur vilji þingsins 1920.

Þýsku tilboðin, sem hv. þm. (B. J.) talaði um, hefi jeg ekki sjeð, en sjálfu segist hann hafa farið með þau til sjávarútvegsnefndar, en hún hefir þá ekki tekið þau til greina, og virðist varla sanngjarnt að hengja stjórnina fyrir það, sem einhver nefnd hefir gert án þess að hún vissi um.

Enn fremur talaði hv. þm. (B. J.) mikið um brjef eitt frá stjórninni til útgerðarmanna Þórs í Vestmannaeyjum og loforð, sem í því væri falið, en síðan hefði verið brigðað. Jeg veit nú, hvað brjef hv. þm. (B. J.) mun eiga við, því það mun vera eina brjefið, sem um málið hefir farið milli stjórnarinnar og Þórs-fjelagsins. Sama skoðunin á þessu brjefi hefir einnig komið fram skýlaust í blöðum hjer, og til þess að leiðrjetta allan þann misskilning og dylgjur, sem þyrlað hefir verið upp um þetta brjef þykir mjer rjett að lesa það hjer orðrjett:

Reykjavík, 16. apríl 1920.

Í brjefi, dags. 28. f. m., hefir hið háttvirta stjórn Björgunarfjelags Vestmannaeyja farið þess á leit við stjórnarráðið, að það annað hvort veitti fjelaginu 25,000 kr.

styrk á mánuði til að halda úti björgunarskipinu „Þór“, eða að landsstjórnin taki, fyrir hönd ríkissjóðs, skipið á leigu með þeim skilmálum, að ríkissjóður greiði allan útgerðarkostnað skipsins, en verði aftur á móti aðnjótandi þeirra tekna, sem það kynni að afla, beinlínis eða óbeinlínis.

Út af þessu er stjórnarnefndinni hjer með tjáð, að stjórnarráðið sjer sjer eigi fært, eftir því sem atvik liggja til, hvorki að leigja skipið á þann hátt, sem áður er greint, nje veita hinn umbeðna styrk til útgerðarinnar. En hins vegar skal það tekið fram, að ef leigð verða í sumar eitt eða fleiri skip til löggæslueftirlits um síldveiðatímann, mun stjórnarráðið, að öðru jöfnu, vera fúst á að leigja skipið, ef samningar nást um skilmálana og eigi verða örðugleikar á, t. d. vegna kolaeklu, að hafa gufuskip til tjeðs eftirlits.

Ef um það yrði að ræða að öðru leyti að nota skipið í þarfir ríkissjóðs, verður um slíka notkun að fara eftir samningi í hvert skifti.“

Þetta brjef talar nú svo ljóst, að engu þarf við það að bæta, og munu menn nú sjá, að hjer hefir ekkert loforð verið brigðað, af þeirri einföldu ástæðu, að ekkert loforð hefir verið gefið. Málaleitun fjelagsins var þvert á móti neitað, að öðru leyti en því, að lofað var að taka Þór, að öðru jöfnu, um síldveiðatímann, e f nokkurt gufuskip yrði leigt á annað borð. En nú var alls ekkert skip leigt, því gæsla Beskytterens þótti nægileg, enda komu engar kvartanir fram yfir henni, heldur þvert á móti fremur ánægja. Alt tal hv. þm. Dala. (B. J.) um brigðuð loforð eru þess vegna staðlausustafir.

Hv. þm. (B. J.) hrósaði „Þór“ mikið. Jeg skal ekkert um þau ummæli segja, en hitt veit jeg, að skipið er of seint í förum, og er það eitt út af fyrir sig nóg til þess, að það dugir ekki, jafnvel þótt það sje í „fyrsta klassa með stjörnum kryds og þvers“, eins og hv. þm. (B. J.) gaf í skyn.

Annars er það undarlegt í afstöðu hv. þm. Dala. (B. J.), að hann er í öðru orðinu að tala um það, að leigja hefði átt Þór, en í hinu, að eitt skip sje hvergi nærri nóg; þau þurfi að vera mörg og góð. Í sambandi við þetta gat hv. þm. (B. J.) þess, að nota hefði mátt skipið sem skólaskip, og má það vel vera. En aldrei mun sú tillaga hafa komið í mikil hámæli áður, og fáir gert ráð fyrir því, og þess vegna ekki ástæða til þess að ámæla stjórninni fyrir það atriði.

Loks sagði svo hv. þm. (B. J.), að stjórnin mundi „ekki græða“ á þessu máli. Það hefir heldur aldrei verið ætlunin. Hitt hefir verið ætlunin, að halda fram því, sem stjórnin vissi sanngjarnast og rjettast í málinu, og það hefir stjórnin gert og mun gera, hvernig sem þýtur í hv. þm. Dala. (B. J.), og það einnig þótt hann ögri með orðum í dag og gerðum á morgun, eins og hann kvað að orði. Þar er stjórnin óhrædd.

Cui bono? spurði svo hv. þm. (B. J.). Hver hefir gott af þessu? Og hann var ekki lengi að svara sjálfum sjer: Enginn, nema stjórnin, auðvitað, hún er svona mikill föðurlandsvinur, að hún þolir ekki að missa danska fánann úr landhelginni. Þetta er ástæða, sem menn láta sjer sæma að bera fram á löggjafarþingi þjóðarinnar. En jeg verð að

segja fyrir mig, að svona „argument" fyrirlít jeg. Þau eru ekki til að skýra málið, heldur aðeins til þess að reyna að svívirða menn.

Að endingu sagði svo hv. þm. (B. J.) það, sem mjer finst að ekki eigi að standa ómótmælt, sem sje, að engin gleði hefði sjest hjer yfir fullveldinu. Gleðin hefir þvert á móti verið mikil. En ef til vill hefir það haft einhver áhrif á orð hv. þm. Dala. (B. J.), sem annars voru óvenjuleg frá honum um þetta mál, að honum hafi þótt anda til sín lítilli gleði yfir framkomu hans sjálfs í þessum umr. Og það er skiljanlegt.

Fyrirspyrjandi (Pjetur Ottesen): Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði í ræðu sinni í gær, að jeg væri að mestu leyti búinn að svara fyrirspurninni sjálfur, með því að gera heyrum kunnug ummæli forsætisráðherrans, þau er hann flutti í ráðgjafarnefndarsamkundunni síðastliðið sumar. Jú, þetta er mikið rjett, því svör hæstv. forsrh. (J. M.) falla nú á sama veg og þar kemur fram. En það var hvorttveggja, að jeg hafði ekki sjeð þennan gerðabókarútdrátt, er við komum fram með fyrirspurnina, og svo hitt, að þótt svo hefði nú verið, að jeg hefði verið búinn að sjá þetta, þá hefði jeg samt sem áður ekki hikað við að koma fram með fyrirspurnina, og það af þeirri einföldu ástæðu, að jeg hefði ekki trúað því, að þessi ummæli væru rjett, fyr en jeg væri þá búinn að fá staðfestingu á þeim af vörum hæstv. forsrh. (J. M.) sjálfs.

Og nú hefi jeg fengið þessa staðfestingu. Staðfestingu á því, að stjórnin hafi ekkert gert, þrátt fyrir alt, sem á undan er gengið og jeg hefi áður tekið fram, til undirbúnings eða framkvæmda í þessu máli, á grundvelli laganna frá 1919. Og ekki nóg með það, heldur hefi jeg líka fengið yfirlýsingu um það, að að svo stöddu að minsta kosti ætli stjórnin ekkert að gera til að hrinda þessu máli í framkvæmd.

Þetta eru þung orð hjá hæstv. stjórn, og jeg gæti trúað því, að þessi ákvörðun yrði afdrifarík fyrir land og lýð.

Þá er að líta á ástæðurnar, sem hæstv. forsrh. (J. M.) ber fram fyrir því, að stjórnin hefði ekki framkvæmt vilja þings og þjóðar í þessu efni. Og ástæður þessar voru dýrtíðin og fjárhagsörðugleikarnir.

Því er ekki að neita, að þetta er biturt vopn. En þetta bitra vopn snýst í höndum stjórnarinnar, þegar hún ætlar að nota það til varnar athafnaleysi sínu í þessu máli. Þetta vopn snýst að stjórninni sjálfri, nema hún geti sýnt og sannað, að það hefði verið um megn hinni íslensku þjóð að kljúfa það að kaupa eða leigja eitt skip til landhelgisgæslu og halda því úti. En hún getur ekki sýnt fram á þetta, og ekkert svipað því.

Stjórnin lítur ekki nema á aðra hlið þessa máls, kostnaðarhliðina, og vex hún svo í augum, að hún vill ekki líta á hina hliðina, tjónið, sem þjóðin bíður við það, að landhelgin sje óvarin. En stjórninni var innan handar að aðhafast eitthvað í þessu máli, og það því fremur, sem líklega hefði verið hægt að fá tækifæriskaup á hentugu skipi til þessa verks.

Hygginn bóndi sjer ekki í það að taka lán til þess að girða túnið sitt og verja það fyrir ágangi, og hyggin stjórn mundi ekki heldur hika við það að fara að dæmi bóndans til þess að verja þetta stóra tún þjóðarinnar, landhelgina, fyr-

ir ágangi erlendra og innlendra lögbrjóta.

Og þinginu 1919 hraus alls ekki hugur við því að ráðast í þennan kostnað. Það skildi nauðsynina og sá það rjettilega, að þetta fyrirtæki gat aldrei verið vafasamt frá fjárhagslegu sjónarmiði.

Þetta verða því að teljast heldur veigalitlar ástæður hjá stjórninni, enda mun óhætt að fullyrða, að þær sjeu í raun og sannleika alt aðrar. Að minsta kosti get jeg ekki betur sjeð en að ástæður stjórnarinnar sjeu þær, að hún, stjórnin, hefir ekki gert sjer nógu ljósa grein fyrir því, hvað er í húfi, hvað mikið fjárhagslegt tjón landið bíður við það, að landhelgin er ekki varin.

Þetta er höfuðatriðið. Stjórnin hefir ekki gert sjer nógu ljósa grein fyrir því, hvaða þýðingu það hefir í framkvæmdunum, að við höfum forustuna í landhelgisgæslunni, þó að ekki sje nema með einu skipi, að við getum notið, einmitt á þessu sviði, þeirra afburðasjómannahæfileika, sem eru til hjer á landi í svo ríkum mæli, notið í þarfir landhelgisgæslunnar þess áræðis, einbeitni, dugnaðar og þrautseigju, sem eru yfirleitt einkenni á íslenskri sjómannastjett, að við höldum uppi forustunni í þessu máli. Það er því mjög stórt og þýðingarmikið atriði, að forustan sje hold af okkar holdi og bein af okkar beinum.

Þá getur verið allþýðingarmikið líka að njóta aðstoðar Dana, fyrst og fremst þeirrar, sem þeir eru bundnir við að lögum, og þá auðvitað þeim mun betra, sem meira er.

Að því leyti er jeg ekki sammála hv. þm. Dala. (B. J.), að skoða það sem einskonar náðarbrauð að þiggja af Dönum landhelgisvarnir þær, sem þeir eru skyldir að veita okkur samkvæmt lögum, og þar sem gæsla þessi hefir lagst niður að nokkru leyti á stríðsárunum, þá er því meiri ástæða til að krefjast uppbótar á það af Dönum, þegar þörfin er jafnaðkallandi og nú er orðið.

En á meðan við höfum ekki sjálfir þessa forustu í landhelgisgæslumálinu, má segja, að það sje dauður höfuðlaus her. Og þá fyrst og fremst af þeim eðlilegu ástæðum, — þó að ekkert væri til sparað af hálfu Dana, — að altaf er á fárra mánaða fresti verið að skifta um foringja á þessum skipum. Þegar þeir eru loks búnir að fá þá praktisku þekkingu, hvernig þeir eiga að haga starfi sínu, svo að raunhæft sje og komi best að notum, og ef til vill er vaknaður áhugi hjá þeim fyrir starfinu, þá eru þeir teknir í burtu, og nýir menn koma í staðinn, og þar mun eðlilega misjafn sauður í mörgu fje. Það er ofurauglóst mál, að þetta fyrirkomulag eitt út af fyrir sig, þessi tíðu foringjaskifti, gerir gæsluna mjög kraftlausa. (**Fjrh. M. G.**: Það er íslenskur „lóds“ á strandvarnarskipinu). Já, en hann ræður engu um það, hvernig gæslunni er hagað; hans starf er að leiða skipið fram hjá boðum og blindskerjum, og annað ekki.

Nei, hluturinn er sá, að stjórnin hefir ekki hugleitt það sem skyldi, hverjir agnúar eru á þessu fyrirkomulagi og hvað mikið er í húfi yfirleitt. Það er sorglegt, að þetta skuli vera svo, eins og búið er þó að brýna þetta fyrir henni. En þetta verður þó ekki hrakið.

Jeg hefi síðan í gær aflað mjer upplýsinga um það, að af 40—50 róðrarbátum,sem haldið var úti nokkurn hluta stríðsáranna á Akranesi, muni ekki verða haldið úti nema 5 á þessari vertíð.

það er reynsla tveggja undanfarandi ára, sem þessu veldur. Hjeðan úr Reykjavík og af Seltjarnarnesi gengur sennilega enginn opinn bátur í vetur. Á Álftanesi og í Hafnarfirði mun þetta vera eins eða síst betra, og suður með sjó gengur útgerðin og úr sjer. Að jeg held mjer við Faxaflóa kemur auðvitað til af því, að jeg er kunnugastur ástandinu þar, en þessa sömu sögu er að segja umhverfis alt land, að útvegi báta hnignar vegna usla botnvörpunga á fiskimiðum landsmanna.

Og nú vil jeg spyrja: Hefir nú stjórnin athugað, hvaða afleiðingar það getur haft fyrir land og lýð, að allur bátaútvegur leggist niður? Og hefir stjórnin athugað það, hvaða afleiðingar það hefir í för með sjer, að alt það fólk, sem varla mun vera færra en 1000 manns, er lifir á sjávarafla við Arnarfjörð vestra, verður að leggja árar í bát fyrir það, að bjargræðisvegur þess er eyðilagður, eins og gefið var í skyn í erindi því, er jeg las hjer upp í gær?

Jeg geri ráð fyrir, að stjórnin hafi ekki íhugað þetta sem skyldi.

Eins og nú er komið, er auðvitað sjálfsagt að taka boði Dana um svo liðsterka landhelgisgæslu, sem kostur er á, og hefir sjávarútvegsnefnd Nd. gert till. um það, hvernig starfi þeirri skuli hagað. En það dregur ekkert úr nauðsyninni á því, að framkvæmd sjeu fyrirmæli síðustu þinga um kaup á skipi til landhelgisgæslu. Og forustuna verðum við að hafa. Á því veltur alt. Þá gæti líka tekist samvinna milli foringjans á því skipi, er við hefðum við gæsluna, og dönsku foringjanna, og gætu Danir tekið Íslendinga sjer til fyrirmyndar í dugnaði og árvekni við starfið, en Íslendingar aftur á móti lært sumt það af þeim, er að framkvæmd þessa starfs lýtur.

Hæstv. fjrh. (M. G.) hefi jeg litlu að svara. Það er alveg rjett, að mjer hafði skotist yfir að geta þess, að tillagið úr ríkissjóði í landhelgissjóðinn hefir verið hækkað, en hitt var rjett frá skýrt, sem jeg sagði um það, hver upphæð sjóðsins væri.

Það var rangt hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að fullnægt hefði verið öllum kröfum þingsins 1920. (**Fjrh. M. G.:** Jeg hefi aldrei sagt það). Jú, hann sagði það, en það er ekki rjett, og það er einmitt vegna þess, að fyrirspurn þessi er fram komin, að stjórnin hefir verið aðgerðalaus í þessu máli, eins og jeg hefi sýnt fram á. Kolaskorturinn í fyrra er hvergi nærri nóg ástæða til að bera blak af stjórninni fyrir undirbúningsleysi hennar í málinu. Og samþykt þingsins 1920 var einmitt til að sýna stjórninni, að aukning sú á landhelgisgæslunni, sem Danir ætluðu þá að láta í tje, — en reyndar varð lítið úr, — væri engin fullnaðarúrlausn í málinu.

Þá var það fyrirspurn hæstv. fjrh. (M. G.) til sjávarútvegsnefndar viðvíkjandi björgunarskipinu „Þór“ í Vestmannaeyjum. Þó að jeg hafi oft verið framsögumaður ýmsra mála, sem sjávarútvegsnefnd hefir haft meðferðis, þá hefi jeg ekkert umboð til þess að skýra frá því, sem gerst hefir í nefndinni um þetta björgunarbátsmál. En jeg vil aðeins geta þess, að þegar þetta mál var til umræðu í nefndinni, þá var það áreiðanlega sameiginlegt álit nefndarmanna að vilja ekki blanda saman björgunarstarfinu og landhelgisgæslunni, heldur halda því alveg aðgreindu, og jeg hygg, að það muni reynast heppilegast í framtíðinni. Til landhelgisgæslu

hjer útheimtist umfram alt hraðskreitt skip og vel útbúið, en stærra þarf það ekki að vera en trollari, að minsta kosti ekki stærra en þeir eru nú, og mundi sú gerð skipa einna heppilegust fyrir allra hluta sakir.

Þá hefi jeg ekki fleiru að svara, og lýk þá máli mínu með lítilli fyrirspurn til hæstv. stjórnar.

Á síðasta þingi hjet jeg þeirri stjórn, er þá var skipuð og nú er við völd, fylgi mínu. Og gerði jeg það í trausti þess meðal annars, að stjórnin mundi sýna þessu máli fullan sóma og vinna með áhuga að undirbúningi þess, enda svo frá málinu gengið í hendur stjórnarinnar, að maður gat trauðla annars vænst. En eins og málið horfir nú við, þá verð jeg að segja það, að stjórnin hefir brugðist trausti mínu; hún hefir ekki gert skyldu sína í þessu máli, eins og jeg hefi bent á. Þess vegna leyfi jeg mjer nú að spyrja á þessa leið: Ætlar stjórnin nú á þessu ári að framkvæma fyrirmæli síðustu þinga, að kaupa eitt skip til landhelgisgæslu og sjá um, að það verði altilbúið til gæslu í seinasta lagi fyrir næstu áramót? Því jeg býst við, að á skemmri tíma geti stjórnin ekki komið máli þessu í framkvæmd.

Við spurningu þessari vil jeg strax fá skýr og ótvíræð svör. Og á þessum svörum veltur svo um afstöðu mína til stjórnarinnar.

Ólafur Proppé: Herra forseti! Það er nú búið að ræða mikið um þetta mál, svo ef til vill hafa einhverjir tekið það fram, sem jeg vildi sagt hafa, og að því leyti kann ske óþarft af mjer að bæta við það. En þar sem jeg fer hjer með umboð einnar þeirrar sýslu, sem ef til vill einna mest hefir orðið fyrir barðinu af ágangi erlendra og kann ske innlendra fiskiskipa, vona jeg, að enginn taki það illa upp, þótt jeg leggi hjer nokkur orð í belg. Jeg hefði sennilega verið einn af fyrirspyrjendunum, hefði jeg ekki verið veikur þegar fyrirspurn þessi var afgreidd til þingsins.

Eins og hv. þm. Borgf. (P. O.) rjettilega tók fram í gær, má vel vera, að nokkuð hafi verið skiftar skoðanir manna um, hve skaðleg landhelgisveiðin í raun og veru hafi verið, og var á sínum tíma nokkuð rætt hjer um. En hafi skiftar skoðanir nokkru sinni verið um það atriði, mun undanfarið ófriðartímabil, sem mjög svo takmarkaði alla togaraveiði hjer við land, jafnt utan landhelgi sem innan, hafa fært landsmönnum heim sanninn um það, að hjer er ekki um neitt efamál að ræða. Fiskisæld sú, er var á grunn- og djúpmiðum síðari hluta ófriðaráranna og fyrsta friðarárið, áður en byrjað var að skafa á ný, er sú sönnun í máli þessu, sem enginn treystist til að hrekja.

Að fiskimið vor sjeu einhver dýrmætustu rjettindi og eign þjóðarinnar mun heldur enginn geta á móti mælt.

Það er því sorglegra að vita til þess, að undir eins að ófriðnum loknum, og það óslitið til þessa dags, hefir verið hafin sú grimmilegasta árás á þessi dýrmætu rjettindi vor, svo efasamt er, hvort nokkru sinni áður hefir verið meira að gert.

Erlend skip með hinum besta útbúnaði ösla nú í hundraðatali um bestu fiskimið landsins, jafnt utan landhelgi sem innan, og virðist svo, sem þegnar þeirrar þjóðar, sem undanfarið — í orði að minsta kosti — hafa barist fyrir frelsi og rjetti hinna smærri þjóða, gangi nú hjer best fram að verki, og er þó ekki svo að skilja, að aðrir eigi hjer ekki sök að máli og það jafnvel lands-

menn sjálfir. En þeir, sem að fiskimiðunum búa og þaðan eiga að hafa lífsuppeldi sitt, standa uppi ráðalausir og varnarlausir og geta ekki rönd við reist.

Jeg ætla ekki hjer að telja upp nein einstök dæmi, enda hefir þegar verið minst á sum þeirra hjer í hv. deild, og er þó eigi svo að skilja, að fleira mætti ekki upp telja en gert hefir verið. En jeg læt mjer að þessu sinni nægja að vísa til nýútkominnar blaðagreinar eftir nafnkunnan prest á Vesturlandi, og efast jeg ekki um, að allir þingmenn hafi sjeð hana.

Við þessum ágangi og ránum, sem partur þjóðarinnar nú á við að búa, eru engin önnur ráð en öflug strandgæsla. En hvernig hefir henni verið hagað undanfarið? Ja, því er fljótsvarað. Hún hefir verið svo kraftlaus og aðgerðalaus, sem frekast hefir hægt verið, enda tæpast við öðru að búast, þar sem við í þessu efni höfum orðið að lifa á bónbjörgum annara og engin veruleg umráð haft yfir vörninni. Það er að vísu svo, að Danir hafa um undanfarin 25—30 ár í orði kveðnu gætt landhelginnar, en án þess nú eftir á að vanþakka það, er ekki of djúpt tekið í árinni að segja, að gæsla þessi hafi verið allsendis ófullnægjandi, og liggja þar eflaust til ýmsar ástæður, sem, frá þeirra sjónarmiði sjeð, eflaust hafa verið þrándur í götu fyrir ósleitilegri starfrækslu gæslunnar. Jeg minnist hjer á, í þessu sambandi, sögusögn þá, sem algeng hefir verið á landi hjer, sem sje þá, að Bretar hafi látið dönsku stjórnina á sjer skilja, að ef gripin væru árlega fleiri skip en þeim sýndist hæfilegt, skyldu þeir eiga þá á fæti. Eins og gefur að skilja, er hjer einungis um sögusögn að ræða, sem eins getur verið röng sem rjett, en rjettmæti hennar styðst þó við þá staðreynd, að forusta þeirra foringja varðskipanna, sem árvakrastir hafa verið, hefir á stundum verið endaslepp.

Jeg skal í þessu sambandi geta þess, að það er ekki lengra síðan en síðasta haust, að jeg heyrði, eftir enskum togaraskipstjóra, sem í samræðu við annan mann, út af strandgæslunni, sagði, að oft hefði hún verið ljeleg, en aldrei sem nú, því hann hefði þá sjálfur nýlega verið innan landhelgi, er varðskipið bar óvörum að, og bjóst að sjálfsögðu við hinu versta, en varð heldur en ekki glaður yfir því að sleppa með að taka þegar upp vörpuna og fara út fyrir línuna, og fá „áminningu um að gera slíkt aldrei oftar, eins og góðu börnin."

Öll reynsla undanfarinna ára í strandgæslunni bendir því í þá átt, að hún muni aldrei ná fyllilega tilgangi sínum fyr en hún er komin í okkar eigin hendur, og að því verður að vinna með alúð og fyrirhyggju og einskis láta ófreistað, sem hægt kann að vera að gera.

Á hinn bóginn er n ú svo í pottinn búið, að sitja verður við það, sem er eða í boði kann að vera. En jeg get ekki — áður en jeg lýk máli mínu — annað en snúið máli mínu til hæstv. stjórnar, með tilmælum um, að hún láti nú þegar skríða til skarar um u n d i r b ú n i n g þessa mikla þjóðþrifamáls, samkvæmt þeim heimildum, sem hún þegar hefir frá þinginu.

En með tilliti til núverandi strandvarna vildi jeg beina því til hæstv. stjórnar, að tilboð það frá flotamálastjórninni dönsku, sem nú liggur fyrir, er því aðeins nokkurs verulegs virði, að athafnir skipanna stjórnist að miklu leyti h j e ð a n, eða með öðrum orðum,

að stjórn Íslands hafi mestan íhlutunarrjett um siglingar skipanna hjer við land.

Magnús Jónsson: Mjer finst það í sjálfu sjer engin furða, að þessi fyrirspurn kom hjer fram, og mjer þykir vænt um að heyra það frá hæstv. forsrh. (J. M.), að málið kunni að koma hjer seinna inn á þingið, og þá ekki sem fyrirspurn, heldur á annan hátt, þannig, að um það megi ákvarðanir taka.

Þegar frjettin um sambandssamninginn við Dani barst út um landið, tóku margir þeirri fregn með miklum fögnuði. Og það voru ekki eingöngu stærstu atriði sambandssamningsins, sem fengu mönnum fagnaðar víðs vegar um landið, heldur einnig, og ekki síður, sum hinna smærri atriða. Vil jeg í því sambandi sjerstaklega nefna tvö atriði:

1. Að Íslendingum var heimilað að flytja æðsta dómsvaldið inn í landið, og 2. að Íslendingum var heimilt að taka landhelgisgæsluna í sínar hendur, er þeir óskuðu þess, að nokkru eða öllu leyti, samkvæmt ákvæðum í 8. gr.

Og þó að sjálfsagt flestir hafi haft skilning á gildi þess að hafa sjálfir æðsta dómsvald í málum sínum, þá hygg jeg þó, að þeir hafi verið talsvert fleiri, sem hafa sjeð nauðsyn þess, að ákvæðum 8. gr., eða strandgæsluheimildinni Íslendingum til handa, yrði beitt, og það fljótlega.

Yfirleitt munu flestir hafa litið svo á, að þetta ákvæði væri sama sem bein áskorun um að hefjast handa í þessum efnum, enda þótt orðalag sambandslaganna hljóti eðlilega að vera þannig, að þar sje vægt á öllu tekið.

Nú hefir fyrra atriðinu, sem jeg drap á, verið kipt í lag. Hæstirjettur er fluttur inn í landið. Er það vel, að landsstjórnin hefir ekki spyrnt á móti þeim broddum. Um hitt atriðið, strandgæsluna, er aftur öðru máli að gegna. Það mál, sem þó er miklu stærra og alþjóð ljósara, liggur enn þá ókarað í höndum landsstjórnarinnar, jeg segi í höndum landsstjórnarinnar, því þjóðin hefir áreiðanlega gert hjer upp huga sinn, og Alþingi hefir einnig tekið hjer af skarið og lýst sínum vilja í þessu máli. Alþingi 1919 samdi lög um landhelgisgæslu. Að vísu var illu heilli smeygt inn í þessi lög, hjer í þessari hv. deild, því ákvæði, sem nú hefir reynst fleygur, að hjer skyldi aðeins vera um heimild að ræða fyrir landsstjórnina, í stað þess, að í upphafi var ætlast til þess, að hjer væri ótvírætt boð Alþingis. Þá var gert lítið úr þessum mismun, en nú hefir það á daginn komið, að töluverðu skakkaði, þegar málinu var vísað til þeirrar stjórnar, sem slælegan vilja hafði á því að framkvæma vilja þingsins. Það var eins og að stíla fyrirfram afsökun fyrir stjórnina, í stað þess að lofa henni sjálfri að hafa fyrir að finna skálkaskjólið.

Aukaþingið 1920 árjettaði enn þessa málaleitun, eins og til þess að sýna stjórninni, að vilji þess væri óbreyttur. Hæstv. fjrh. (M. G.) hefir að vísu ekki viljað skilja þá þingsályktunartill. þannig, heldur svo, að hjer væri um nýjan vilja þingsins að ræða. En til þess að öllum megi verða það ljóst, að svo er ekki, þá vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa þingsályktunina frá 1920:

> „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að annast um, að á þessu ári verði að minsta kosti tvö skip að staðaldri við landhelgisgæslu hjer við land, og að stjórninni heimilist jafnframt fje til þeirra útgjalda, sem af þessu leiðir.

Enn fremur heimilast stjórninni nauðsynlegt fje til frekari undirbúnings og framkvæmda í landhelgisgæslumálinu".

Ef nú ekkert væri við að styðjast um skilning þessarar þingsályktunar, þá mætti ef til vill skilja hana svo, að hjer væri aðeins um aukna landhelgisgæslu að ræða, annaðhvort af hálfu Dana eða Íslendinga, eða af hvorratveggja hálfu. En þegar við höfum svo eindreginn vilja þingsins 1919 um það, að Íslendingar taki í sínar hendur strandvarnirnar, þá sýnist ekki vera efamál, að þingsályktunin 1920 sje árjetting á vilja undanfarins þings, og ekki annað. En hvað hefir nú komið upp af þessum tilraunum tveggja þinga?

Hv. þm. Borgf. (P. O.) og hæstv. forsrh. (J. M.) og hæstv. fjrh. (M. G.) hafa nú rakið sögu málsins. Af þeim svörum má sjá, að ýmislegt hefir verið bollalagt, en öllu minna framkvæmt. Og þegar alt er saman lagt, kemur það í ljós, að ekki hefir enn verið framkvæmdur vilji Alþingis 1919, sá, að stjórnin ljeti kaupa eða byggja skip til strandgæslu hjer, eða, ef það reyndist ókleift, þá leigja skip til þess. Stjórnin hefir ekki sýnt annað en frábærlega einlægan vilja á því að fara kringum lögin frá 1919, 1. með því að leggja sem ríkasta áherslu á heimildina, vitandi vel, af sögu málsins þá á þingi, að heimildarákvæðið var ekkert annað en einskonar síðasta þrautalending, ef ómögulegar reyndust framkvæmdirnar; 2. hefir stjórnin aðhylst, eða kann ske fundið upp, þann einstaka skilning á þessum landhelgislögum frá 1919, að í rauninni felist ekkert í þeim annað en ósk um aukið eftirlit með landhelginni. En hjer fer sem oftar, að allmikið er undir því komið, hvernig lesið er. Auðvitað felst í lögunum ósk um auknar strandvarnir, en það er skýrt tekið fram, á hvern hátt Alþingi óskaði, að það yrði gert, sem sje með því, að Íslendingar sjálfir hefðu skip til landhelgisvarna. Þetta er alveg ótvírætt. Og því er það alveg ótrúlegur skarpleiki að finna það út úr þessum lögum, að í rauninni sje þeim eins vel fylgt með því að biðja Dani að auka landhelgisvarnirnar. 3. hefir stjórnin sýnt áhuga sinn í þessu máli með því, hvernig hún hefir brugðist við framtakssemi Vestmannaeyinga, og hve drengilega hún hefir stutt þessa fyrstu viðleitni að verja landhelgina með íslensku gufuskipi. Ef stjórnin hefði verið áfram um strandvarnirnar, þá mundi hún hafa brugðist öðruvísi við þeirri málaleitan. Það getur vel verið, að skip það, sem þar var og er í boði, sje ekki upp á það fullkomnasta til þessa starfs, en jeg hygg þó, að það megi vel við una, þegar litið er á landhelgisvörnina frá rjettu sjónarmiði, sem sje ekki að hremma sem flesta sökudólga, heldur að koma í veg fyrir, að menn gerist sökudólgar, með því að vera sífelt á vakki um veiðisvæðin. Ef slík strandvarnaraðferð er höfð, sem óefað er miklu heppilegri, þá þarf ekki varnarskipið endilega að vera mjög fullkomið. Þá er meira komið undir smið en verkfæri. 4. Fjárhagsörðugleikarnir, sem hæstv. stjórn er stöðugt að vitna í. Og enginn neitar því, að þeir sjeu miklir. Hv. þm. Ak. (M. K.) skaut því fram í ræðu eins hv. þm. í gær: „Hvar á að taka peningana?" til strandgæslunnar. Jeg vildi nú snúa þessu við og segja: Hvar á að taka peningana í ríkissjóð, ef útveguriinn eyðilegst? Eru það ekki einmitt

fjárhagsvandræðin, sem gera það nauðsynlegt að verja landhelgina betur einmitt nú? Jeg vil því segja, að óafsakanlegasta atriðið í þessu öllu sje einmitt fjárhagshliðin.

Miljónum og aftur miljónum hefir verið varið til útgerðar, bæði til skipa og annars. Alt stendur það og fellur með því, að sjórinn sje sem minst skemd náma. Ríkissjóður fær og mest af tekjum sínum frá útveginum, þótt landbúnaðurinn sje auðvitað líka stór atvinnugrein. Stjórnin ætti því að sjá hag landsins í því að vernda sem best gullkistu þessa lands, fisknámuna við strendur þess.

Þetta er alveg sama stefnan eins og því miður hefir komið alt of víða fram hjá núverandi stjórn, að spara útgjöldin, jafnvel þótt sá sparnaður marghefni sín. Það er samskonar hagsýni og ef bóndi sparar sjer kostnaðinn við að bera á túnið sitt, en gætir þess ekki, að án áburðar fær hann enga töðu.

Spurningin um kostnaðinn leysist því upp í þetta tvent: Hvort verður landhelgin betur varin af Dönum, eins og verið hefir, eða ef Íslendingar tækju hana í sínar hendur að meira eða minna leyti?

Vörn Dana hefir nú margsýnt sig. Varðskipið hremmir einn og einn togara í landhelgi og siglir síðan með hann til Reykjavíkur. En meðan á þeirri för stendur veiðir fjöldi togara í landhelgi. Þeir hafa njósn um varðskipið og vita, að þeim er þá óhætt. Mjer finst það því of mikil þolinmæði af hæstv. fjrh. (M. G.) að vilja nú enn þá einu sinni bera mykju að þessu ófrjósama fíkjutrje. því aðferð Dana til þess að verja hjer landhelgi hefir margsýnt sig að vera óheppileg og ónóg. Það gagnar svo sáralítið að hremma einn og einn togara, og flestum mun koma saman um nú, að önnur strandgæsluaðferð sje miklu heppilegri. En hún er sú, að varðskipið sje stöðugt á sveimi, svo að togararnir þori aldrei að koma inn í landhelgina. Má hjer enn nota hina ágætu líkingu hv. þm. Borgf. (P. O.) um túnið. Mundi ekki hygginn bóndi heldur verja túnið sitt að heiman heldur en semja við bónda af næsta bæ að reka úr því með hundi, þá fyrst, er það stendur fult af skepnum?

Auk þess má og geta þess, að Danir hafa hjer strandvarnarskipið í alt öðrum tilgangi en til strandvarna. Það er skólaskip. Enn fremur eru á skipi þessu tíð foringjaskifti, og hlýtur þetta, ásamt mörgu fleiru, að verða til þess, að gæslan sje slæm. Enda sýnir og reynslan, að svo er, og þær kvartanir, er borist hafa víðs vegar af landinu, um strandgæsluna.

Að vísu höfum við litla íslenska reynslu. Þó má benda á það, að bátur Vestmannaeyinga kvað hafa gert mjög mikið gagn, að sögn kunnugra manna, og að minsta kosti ætti öllum að geta komið saman um það, að hægt sje að verja landhelgina miklu betur en gert er.

Kostnaðargrýlan er því fjarstæða, nema hægt sje að sanna, að ríkið g e t i þetta ekki, því ef það á annað borð er mögulegt fyrir ríkið að auka og bæta strandvarnirnar, þá er það tvímælalaust stórgróði.

Hæstv. forsrh. (J. M.) vill láta sitja við það, sem er, vegna þess, hvernig er ástatt. Á hann þá við það, að útvegurinn standi svo vel nú, að ekki sje þörf á að vernda fiskimiðin? En jeg vil segja, að einmitt vegna ástandsins er brýn nauðsyn að hefjast handa strax,

hvað sem kostnaðinum líður, því framtíð sjávarútvegsins veltur á því, að strandgæslan sje aukin.

Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði í svarræðu sinni í gær, að þingið rjeði náttúrlega, hvað það gerði. Hjer var gripið á kýlinu. Þingið ræður og á að ráða. En hvernig hefir það gengið? Þingið er búið að segja sinn vilja skýrt með landhelgislögunum 1919. Stjórnin hefir ekki farið eftir því, sem hún vissi að var vilji þingsins. Spurningin verður því þessi: Hvor á að ráða? Á Alþingi að halda í vald sitt, að setja landinu lög, og á það að heimta af trúnaðarmönnum sínum, að þeir fari eftir þeim? Eða á það að láta þeim haldast uppi að hundsa vilja þingsins með vífilengjum? Þegar Alþingi ákveður að taka landhelgisvarnirnar í sínar hendur, á það þá að leyfa stjórninni að framkvæma það svo, að biðja Dani að auka landhelgisgæsluna?

Það má einnig líta á þetta mál frá öðru sjónarmiði, og nær það þá óraveg út fyrir það, sem næst sýnist liggja, það, hvort landhelgin sje vel eða illa varin. Þetta mál má skoða eins og nokkurskonar spegil sjálfstæðismálsins, og vjer sjáum út úr því hinar tvær hliðar þess máls. Annars vegar metnaðarmálið, að sem skýrast sjáist fyrir öllum heimi, að hjer búi sjálfstæð og fullvalda þjóð, er sjálf hafi sín mál með höndum. Það sýnist nú að vísu vera farið að verða tíska í seinni tíð að ypta öxlum við þessari hlið sjálfstæðisins. En víst er um það, að þessi barátta hefir vakið þjóð vora af alda svefni, og það hefir upp vakið henni ýmsa af hennar ágætustu sonum,meðal annars hann,sem hjer horfir enn af stalli sínum yfir þessa samkomu (Jón Sigurðsson), hvort sem menn nú vilja kalla það pappírssjálfstæði og öðrum lítilsvirðandi nöfnum eða ekki, og hvort sem menn nú kæra sig nokkuð um það eða ekki, að aðrar þjóðir viti um fullveldi vort. En landhelgisgæslan á íslensku skipi eða íslenskum skipum hygg jeg að mundi vera betur til þess fallið en flest annað að færa öðrum þjóðum heim sanninn í þessu efni.

Hin hlið sjálfstæðismálsins, sem hjer kemur til greina, er fjárhagshliðin, efnalega sjálfstæðið. Það sannast, að það stendur eða fellur með því, hvernig oss tekst að varðveita gullnámuna við strendur landsins.

Þetta er ekki lítil hlið, þar sem það er efnalega hliðin, og ef grafið er undan henni, mun hitt gliðna sundur og hrynja. Þær voru báðar teknar fyrir á Alþingi 1919, og hið háa Alþingi skarst þá drengilega í leik. En það verður ekki alveg eins drengilega gert hjá stjórninni. Sjest það ljósast á þeim kvörtunum um yfirgang botnvörpunga, sem víðs vegar berast að, eins og t. d. frá Arnarfirði, þar sem útlendir og ef til vill einhverjir innlendir togarar hafa dregið vörpur sínar upp við netalög og landsteina og sópað burtu því eina, sem er bjargræðisvon manna þar, og einnig mætti telja bjargræðisvon þjóðarinnar, þar sem helst er von, að fiskafurðirnar geti bætt eitthvað úr fjárkreppunni.

Þá er hin hliðin, hvort fara á að vekja upp þann aumingjaskap, sem manni svíður sárast að lesa um í sögu þjóðarinnar á liðnum tímum, þann aumingjaskap, þegar menn höfðu ekki önnur ráð en biðja aðrar þjóðir að hjálpa sjer. Maður getur ekki annað en vorkent þeim, sem þá gerðu það, en hvort það

yrði gert nú, hvort það yrði talið sæmandi hinu háa Alþingi að taka upp þá aðferð nú, skal jeg láta ósagt.

Þó að hæstv. fjrh. (M. G.) sje svo hátt settur, að hann geti sagt, að hann fyrirlíti röksemdir manna, þá gæti svo farið, að þegar aðgerðaleysi stjórnarinnar spyrst út, þá rísi annar upp, sem er hærri, þar sem er sjálf þjóðin, og segi: Vjer fyrirlítum þessa aðferð.

Forseti (B. Sv.): Mjer hefir í þessu borist svofeld tillaga frá sex deildarmönnum, þeim Sv. Ó., M. K., J. A. J., B. H., J. S. og Þór J.:

„Vjer undirritaðir þingdeildarmenn óskum umræðum um fyrirspurnina slitið nú þegar og atkvæði látin skera úr."

Tillagan verður ekki rædd, og ber jeg hana þegar undir atkvæði.

Bjarni Jónsson: Jeg mótmæli þessari tillögu, og álít það algerlega ósæmilegt, að þingið taki fyrir umr. og bindi þannig fyrir munninn á sjálfu sjer.

ATKVGR.

Till. um að slíta umræðum feld með 20 : 6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: Sv. Ó., M. K., J. A. J., B. H., J. S., Þór. J.

nei: Þorl. G., Þorl. J., Þorst. J., B. J., E. Þ., E. E., Gunn. S., H. K., Jak. M., J. B., J. Þ., M. G. M. J., M. P., Ó. P., P. O., P. Þ., S. St., St. St., B. Sv.

P. J. greiddi ekki atkv.

Gunnar Sigurðsson: Jeg býst við, að þingmenn hafi tekið eftir, að hæstv. fjrh. (M. G.) getur ekki tekið svo til máls, að hann ekki rangfæri orð þingmanna. Það ber nauðsyn til að ráða bót á þessu, en hvaða ráð til þess eru er ekki gott að segja, nema ef það væri nægilegt að hafa æfðan hraðritara til að taka upp hvert orð, er hann talar.

Ef þetta er af vitsmunaskorti eða minnisleysi, þá er það fyrirgefanlegt, en ef það er vísvitandi, þá er það vítavert. Nema ef það skyldi vera skýringin, að hann hafi svo slæma samvisku, að hann geti ekki þess vegna endurtekið rjett hjer í deildinni þau orð, er þm. tala.

Vilji þingsins 1919, sem þingið 1920 endurtók ótvírætt, var að útvega skip, og því samþykt heimild fyrir stjórnina að kaupa eða leigja skip. Þetta er svo ljóst, að um það þýðir ekki að deila. Hæstv. fjrh. (M. G.) segir, að stjórnin hafi farið eftir vilja þingsins. Þetta er fjarstæða, því að þótt hæstv. fjrh. (M. G.) haldi, að hann hafi rjett fyrir sjer, þá er ekki að vita, nema þjóðin sje á annari skoðun.

Það hefir víst engu fyrirtæki verið tekið með jafnmiklum fögnuði um alt land og því, er Vestmannaeyingar höfðu keypt skip, sem átti að verða björgunarskip og jafnframt varðskip.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagði, að jeg hefði sagt, að ekki dygði að horfa í peningana. Þetta er ekki rjett hermt. Jeg sagði, að svo framarlega sem hægt hefði verið að afla fjár til þess, þá hefði átt að gera það. Það er líka sannanlegt, að það var hægt. Má þar benda á það undarlega fyrirbrigði hjá stjórninni í sumar, þegar allir voru sammála um að taka dollaralán í Ameríku, meðan gengið stóð sem hæst, að hæstv. fjrh.

(M. G.) skyldi ekki gera það. Það var vítavert.

Jeg var ekki kröfuharðari en það, að heimta, að stjórnin hefði gert eitthvað í þessu máli. Hún hefði að minsta kosti getað tekið Vestmannaeyjaskipið á leigu um síldveiðitímann og aukið þannig strandvarnirnar, auk þess sem það hefði orðið mikil hjálp fyrir skipið. Jeg vissi líka til, að stjórnin stóð í samningum um það, og eftir því, sem skilorður maður sagði mjer, þá mátti telja þetta mál mjög nærri því að vera afgert. Ástæðan fyrir því, að stjórnin lagði mál þetta á hilluna, mun vera sú sparnaðarnáttúra, eða rjettara sagt ónáttúra, að spara eyrinn, en kasta krónunni.

Mjer er kunnugt um það, af þessari fáu mánaða reynslu, að ekki hefir annað varðskip reynst betur en þetta skip, að minsta kosti að því er suðurströndina snertir. **(Fjrh. M. G.:** Þingmaðurinn veit ekkert um það). Jeg veit vel um það. Það var almæli, að í fyrra fór að fiskast fyrir sunnan land, þar sem um langan aldur hefir ekki orðið vart fiskjar, eins og undan Rangár- og Landeyjasandi, af því að þá voru engin botnvörpuskip þar að sópa fiskinum burtu. Það dugir því ekki fyrir hæstv. fjrh. (M. G.) að segja, að jeg viti þetta ekki; það er staðreynd.

Hæstv. fjrh. (M. G.) taldi það fjarstæðu að leigja skipið, vegna þess, að því fylgdi mikill kostnaður, en enginn gróði. En þótt ekki hefði orðið beinn gróði að því, þá er vert að athuga, hvort það gæti ekki orðið óbeinn hagnaður að hafa sjerstakt varðskip við Vestmannaeyjar og fyrir suðurströndinni.

Eins og kunnugt er, þá er þetta helsta hrygningarsvæðið fyrir sunnan land, og allir sjá, að það ekki hægt að meta það til peninga, að fiskurinn fái að vera sæmilega í friði um hrygningartímann, en sje ekki stygður burtu af svæðinu eða klakið eyðilagt.

Hæstv. fjrh. (M. G.) fann mjer það til saka, að jeg hefði farið geyst og rasandi í gær. En er það ekki eðlilegt, að mönnum renni til rifja aðgerðaleysi stjórnarinnar í þessu áhugamáli þjóðarinnar?

Þetta aðgerðaleysi verður raunar skiljanlegt, þegar það er borið saman við framkvæmdaleysi hæstv. fjrh. (M. G.) í fjármálastjórninni yfirleitt, síðan hann tók við í fyrra vetur.

Vil jeg þá minnast dálítið á síðustu utanför hæstv. fjrh. (M. G.). Það bjuggust allir við, að hann færi til að afla landinu lántöku til bjargráða. En hvað gerir hann svo? Hann byrjar á því að lýsa hátíðlega yfir því við stórblöð í Danmörku, að landið þyrfti ekki að fá lán, og síst af öllu kæmi til mála að leita neinna fjársambanda annarsstaðar en í Danmörku. Svo þegar heim kemur aftur, slyppur og snauður, lýsir hann yfir því, að ástandið sje að batna, og eftir hans áætlun mundi verða um 25 miljóna tekjuafgangur hjá landinu um áramót.

Mjer finst enginn þurfa að taka það illa upp, þótt ekki sje farið vægum orðum um slíka fjármálastjórn.

Til þess að komast út úr ógöngunum er sparnaður ekki einhlítur; það hlýtur hæstv. fjrh. (M. G.) að vera mjer sammála um.

Jeg skal benda á, í sambandi við strandvarnarmálið, að jafneindreginn sparsemdarmaður og hv. þm. Borgf. (P. O.) telur ekki vera hægt að meta strandvarnirnar til peninga, að því er snertir hinn óbeina hagnað af þeim, auk þess sem hjer er um okkar þjóðarsóma og þjóðarmetnað að ræða. En

hæstv. fjrh. (M. G.) mun ekki geta skilið slík verðmæti.

Jón Þorláksson: Ástæðan til þess, að jeg stend upp, eru nokkur ummæli hæstv. forsrh. (J. M.) og hv. þm. Dala. (B. J.) í gær.

Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, að Dönum bæri ekki skylda til að senda nema eitt skip hingað til strandgæslu 10 mánuði ársins. Þetta kom mjer mjög á óvart, því 8. gr. sambandslaganna hefi jeg álitið að væri ótvíræð. Þar segir:

> „Danmörk hefir á hendi gæslu fiskveiða í íslenskri landhelgi undir dönskum fána, þar til Ísland kynni að ákveða að taka hana í sínar hendur, að öllu eða nokkru leyti, á sinn kostnað".

Eftir því, sem jeg hygg að sje sjálfsögð venja í milliríkjasamningum, þá mun verða að skilja þetta svo, að Danir eigi að inna af hendi sæmilega og nægilega strandgæslu. Hæstv. forsrh. (J. M.) grundvallaði skoðun sína á því, að svo hefði talast til við undirbúning sambandslagagerðarinnar, að skylda Dana til strandvarna ætti ekki að vera víðtækari en þetta, en jeg verð að mótmæla þeirri skýringu. Þegar sambandslögin voru borin undir atkvæði þjóðarinnar, áttu menn ekki kost á að vita um það, sem fram hafði farið í samninganefndinni, undirbúning laganna nje nein undirmál, heldur greiddu menn atkvæði um lögin sjálf.

Jeg verð því að halda fast fram þeim skilningi, að Danmörk hafi skyldu til að hafa hjer landhelgisgæslu eftir því, sem felst í 8. gr. sambandslaganna.

Mjer hefir aldrei fundist, að jeg eða aðrir Íslendingar þyrftum að fyrirverða okkur fyrir það ákvæði, af því jeg lít svo á, að sambandslögin sjeu að miklu leyti afsalsbjef íslenskra rjettinda, og gæti jeg fært marga staði því til sönnunar. En þetta er eitt atriðið í þeim, sem gerði það, að jeg sem kjósandi gat greitt atkvæði með þeim. Jeg álít því, eins og jeg sagði áðan, að við þurfum ekki að fyrirverða okkur fyrir að ganga eftir því, að þessu lagaákvæði verði fullnægt.

Svo jeg víki máli mínu að umræðunum, þá verð jeg að segja það, að mjer finst það leiðinlegt, að inn í umræðurnar um jafnvandasamt og þýðingarmikið mál hafa blandast ýms óviðkomandi atriði hjá sumum hv. þingmönnum. Hjá sumum þeirra hefir borið miklu meira á tilhneigingu til að áfellast stjórnina en umhyggju fyrir málinu sjálfu. Jeg undanskil þó algerlega frsm., hv. þm. Borgf. (P. O.); jeg varð ekki var við annað hjá honum en umhyggju fyrir strandvörnunum.

Hv. þm. Dala. (B. J.) talaði um, að Danir væru svo góðir fjedrengir, að þeir mundu hjálpa okkur í þessu máli, ef við færum bónarveg að þeim. Jeg get ekki annað en talið það ósæmilegt að viðhafa slík ummæli um þetta mál. Jeg hefi þann skilning, eins og jeg hefi sagt, að við þurfum ekki að biðja þá um það, sem við höfum fullan rjett til að krefjast. En jeg verð að telja það mjög óheppilegt, að sú nefnd, sem á að standa á verði fyrir þeim rjettindum, sem sambandslögin hafa áskilið okkur, virðist hafa gengið slælega fram í málinu. Að strandvarnirnar hafi ekki fullnægt tilgangi sínum hefir ljóslega komið fram í umræðunum um þetta mál hjer í deildinni, en slíkt er engin sönnun fyrir því, að svona hljóti einnig að verða framvegis. Það gátu verið eðlilegar ástæður fyrir því, að ekki yrði af aukningu strandvarnanna árið 1919, fyrsta árið eftir að sambandslögin

gengu í gildi. Árið 1920 átti að auka hana, en fórst fyrir af ófyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum ástæðum, annars vegar nauðsyn Grænlendinga, vegna hafnarverkfallsins í Kaupmannahöfn, og hins vegar að stjórnin neyddist til að taka kolabirgðirnar, sem skipinu voru ætlaðar.

Jeg get því ekki fallist á þá staðhæfingu, að við getum ekki haft not gæslu Dana. Jeg álít ekki saman berandi, hvernig þetta eina skip starfaði áður en sambandslögin gengu í gildi, við það, sem verða mætti, ef ákvæði sambandslaganna væri fullnægt. Þess vegna verð jeg að álíta það fyrstu skyldu þings og stjórnar að ganga eftir því, að Danmörk uppfylli skyldur sínar samkvæmt 8. gr. sambandslaganna, og þótti mjer það óþarfa varúð af hæstv. forsrh. (J. M.), er hann gat þess, að tilboð flotamálastjórnarinnar um að leggja til tvö skip hefði komið fram án tilmæla af sinni hálfu. Því miður virðist mjer íslenski hluti dansk-íslensku nefndarinnar vera illa skipaður, því að vitanlegt er, að þar er til sú skoðun, að Íslendingar eigi ekki að nota sjer þennan rjett sinn, og mun það draga úr hinum málsaðiljanum að uppfylla skyldur sínar.

Jeg vil þá minnast á það, að skilja má 8. gr. sambandssamningsins á þá leið, að skylda Dana til strandgæslu falli niður frá þeim tíma, er Ísland ákveður að taka strandgæsluna í sínar hendur, og leyfi mjer að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. stjórnar, hvort það hafi verið meiningin með þingsályktuninni frá 1919 að ákveða, að Ísland þannig tæki strandgæsluna í sínar hendur. Jeg geri þó ekki ráð fyrir, að unt sje að leggja þennan skilning í þingsályktunina, heldur sje skylda Danmerkur samkvæmt greininni enn þá óskert.

Jeg skal nú ekki hafa á móti því, að Íslendingar verji fje til strandgæslu, þegar gerlegt þykir. En það verður að byrja á því að taka málið upp til undirbúnings. Öll mál, sem eru jafnmikilsverð og þetta, þurfa að fá rækilegan undirbúning áður en þau eru lögð fyrir Alþingi til úrslita. Jeg veit ekki til, að þetta mál sje nokkuð undirbúið, engin kostnaðaráætlun liggur fyrir, nje heldur tillögur um tilhögun starfsins. (**P. O.**: það var gert 1919). Það mun vera satt hjá hv. þm. (P. O.), að einhver kostnaðaráætlun hafi verið gerð 1919, en í því sambandi er vert að minnast á ástandið þá. Svo stóð á, að verðfall hafði orðið á flestum vörum frá ófriðarslitum, og sjerstaklega hafði skipasmíðaefni fallið í verði. Menn gerðu sjer alment bjartar vonir um, að verðfallið hjeldi áfram, eða stæði í stað að minsta kosti, en þær vonir reyndust tálvonir. Árið 1919 var verð á skipasmíðaefni orðið svo lágt, að það hafði aldrei komist eins langt niður síðan í byrjun ófriðarins. En ekki leið á löngu áður en það fór aftur upp úr öllu valdi, og árið 1920 var það og annað komið í hærra verð en nokkurn tíma fyr. Það verður að teljast happ, að stjórnin gerði ekki samninga um skipasmíði þá, því allir, sem til þess urðu, brendu sig á því, og það tilfinnanlega. Það er kunnugt, að við slíka samninga var ekki hægt að ákveða fast verð fyrirfram; það varð að fara eftir öllum tilkostnaði á smíði skipsins. Og þessi kostnaður hefir farið fram úr öllu því, sem menn gerðu sjer í hugarlund. Jeg veit um eitt fjelag hjer í bænum, sem greiddi 1½ miljón kr. til þess að losna við samning um skip, sem það hafði gert, og það er áreiðanlegt, að líkt hefir fleirum farið. Allir þeir, sem taka nokkurt tillit til fjárhags ríkisins, hljóta að

fagna því, að stjórnin lagði ekki út í þær ógöngur, þó að þær væru ekki sýnilegar á Alþingi 1919. Það getur verið, að hægt hafi verið að kaupa gömul skip með sæmilegu verði, en jeg dreg það ekki í efa, að sú aðferð er óheppileg og óhagkvæm, enda hefir það stöðugt komið á daginn, þegar gömul skip hafa verið keypt, að á þau hefir lagst óvæntur kostnaður, og hafa þau oft orðið eins dýr og ný skip að lokum, en vitanlega mun ljelegri.

Ef menn vilja líta á málið með skynsemi, verður aðalatriðið þetta: Á hvern hátt er hægt að koma málinu í framkvæmd, og hver verður kostnaður við það? Þetta verður að liggja skýrt og ákveðið fyrir þinginu, til þess að það gangi að málinu sjáandi, en ani ekki í ógöngur í blindni. Undirbúningur og nákvæm kostnaðaráætlun er nauðsynleg. Áætlunin frá 1919 er nú orðin einskis virði, vegna þess, hve verðlag hefir breyst. Önnur ný verður að koma í hennar stað.

Jeg get ekki fallist á, að rjett sje að gefa stjórninni óbundnar hendur um jafnmikilvægt mál og þetta. Það er í alla staði óheppilegt, að hún ráði málinu til lykta upp á eindæmi sitt og leggi það fyrst fyrir þingið, þegar alt er klappað og klárt og engu hægt að breyta. En hitt getum við gert, og er sjálfsagt að gera, að fela stjórninni málið til undirbúnings, og þegar málið hefir fengið þann undirbúning, ræður þingið því til lykta eftir því, sem best þykir henta.

Hv. þm. Borgf. (P. O.) hefir bent á sjerstaka ástæðu fyrir því, að við tækjum landhelgisgæsluna í okkar hendur og legðum í þann kostnað, sem af því hlyti að leiða. Hann taldi gæsluna betur komna hjá okkur, því við hefðum hagsmuna að gæta og mundum því rækja starfið betur en Danir. Jeg hefi tilhneigingu til að vera þessu sammála, því sjálfs er höndin hollust. Og ef við tökum að okkur landhelgisgæsluna eða forustu hennar, er sjálfsagt að gera það með þessari hugsun að baki, en ekki hinni, að metnaður okkar banni það, að Danir ræki þær skyldur, sem þeir hafa skýlaust viðurkent. En ef við tökum að okkur forustuna, verðum við að gæta þess, að byrjunin fari vel úr hendi, en jeg verð að halda því fram, án þess að jeg vilji blanda mjer í þær deilur, sem orðið hafa í dag, að það væri ekki heppileg byrjun til forustu að kaupa eða leigja gamalt skip, sem er í alla staði ófært til að annast þetta starf. Jeg á við björgunarskipið Þór, sem er gamall togari og hefir ekki hraða nálægt því á við nýtískutogara. Það eru náttúrlega engin rök, sem færð hafa verið fram fyrir nothæfi þessa skips til strandvarna, af hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), að skipið eigi ekki að eltast við togara, heldur liggja innan við landhelgislínuna og vara togarana við lögbrotum með nærveru sinni. Þessi hugsun er falleg og presti sæmandi, en mörg skip mættu það vera, sem gætu varið alt landhelgissvæðið á þennan hátt.

Að endingu vil jeg endurtaka það, að eins og nú standa sakir sje hyggilegast fyrir þá, sem hugsa vilja um málið sjálft, að sjá um, að gengið verði eftir því, að Danir ræki skyldu sína í þessu máli þangað til það hefir fengið þann undirbúning og ríkið þær fjárhagsástæður, að við getum sjálfir tekið landhelgisgæsluna í okkar hendur.

Umr. frestað.

Á 19. fundi í Nd., fimtudaginn 10. mars, var umræðunum enn fram haldið.

Bjarni Jónsson: Mjer veittist sá óvænti heiður hjer í gær, að hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) gerði mig að spyrðubandi við stjórnina og setti eldhúsdag á mig um leið, bæði fyrir afskifti mín af samningnum við Dani og afskifti mín af því máli eftir á. Jeg ætla því að byrja á því að svara hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) nokkrum orðum, þótt jeg hefði í fyrstu ætlað mjer að beina máli mínu til hæstv. fjrh. (M. G.).

Hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) hjelt því fram, að jeg hefði látið undir höfuð leggjast að krefjast þess af Dönum, að þeir gerðu skyldu sína samkvæmt 8. gr. sambandslaganna. En svo er mál vaxið, að þótt eigi sje tekið fram í sjálfri lagagreininni, hve mikil strandgæslan á að vera af Dana hálfu, þá var þó samþykt þessarar greinar, af hálfu dönsku nefndarmannanna, gerð háð því skilyrði, að Dönum bæri eigi skylda til að auka strandgæsluna fram yfir það, sem verið hefði. Þetta sjest af athugasemd þeirri, sem fylgir 8. gr. sambandslaganna, er svo hljóðar á dönsku:

> „Den af Danmark udövede Fiskeriinspektion sker paa dansk Bekostning. Danmark er uden Forpligtelse til at udvide dens hidtidige Omfang".

En á íslensku:

> „Danmörk ber kostnaðinn af þeirri fiskveiðagæslu, sem hún hefir á hendi. Danmörku ber eigi skylda til að auka hana frá því, sem verið hefir".

Með þessari athugasemd voru lögin samþykt af þingi og þjóð, þannig að enginn var leyndur því, hvað í þeim fælist. Þess vegna verður 8. gr. ekki skýrð öðruvísi en samkvæmt athugasemdinni, sem henni fylgir. Hingað til hefir þetta verið þekt og játað af öllum. Hvort hv. þm. (J. þ.) hefir athugað þetta, um það er mjer ókunnugt, en eftir orðalagi greinarinnar mátti skilja hana á þann veg, sem hv. þm. (J. þ.) gerði. Hins vegar vil jeg ekki ganga á gerða samninga og krefjast meira af Dönum en þeim ber skylda til að verða við. Mjer ber skylda til þess að gæta rjettinda Íslendinga í nefndinni, en ekki til þess að sníkja af Dönum.

Hv. þm. (J. þ.) kvað sáttmála þann, er gerður var við Dani, vera afsalsbrjef íslenskra rjettinda. Þetta hefi jeg einnig heyrt úr annari átt, en síst kom mjer til hugar, að það kæmi úr þessum tveimur áttum, frá hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) og frá hæstv. forseta (B. Sv.), sbr. orð hans á þingi 1918.

Ef átt er við þau rjettindi, sem 6. gr. getur um og mjer telst líklegast, að hv. þm. eigi við, þar sem Dönum er heimilaður sami rjettur til fiskveiða hjer í landhelgi og Íslendingum, þá ætti hv. þm. (J. þ.) að líta í lög nr. 35, 27. sept. 1901, um rjett til fiskveiða í landhelgi, og sömuleiðis í lög nr. 31, 13. des. 1895, um skrásetningu skipa. Af lögum þessum sjáum við, að alt það, sem heimilað er Dönum í sáttmálanum, er heimilað þeim löngu áður með lögum. Einnig má benda á lög nr. 56, 30. nóv. 1914, um skrásetning skipa. Enn fremur má, viðvíkjandi þessu afsali, vitna í auglýsingu frá 11. maí 1898, um að öðlast og missa rjett innborinna manna. Með lögum þessum er kunngert, að allir Íslendingar sjeu danskir þegnar. En með sáttmálanum við Dani höfum vjer afsalað oss rjettinum til að vera danskir ríkisborgarar. Vjer höfum mist af þeim rjettindum að þurfa að ákveða með íslenskum lögum alt eftir þeim setningum. Nú er frá hinni hliðinni sagt, að íslenskum lögum hefði ávalt mátt

breyta. En þess ber að gæta, að áður var það títt, að íslenskum lögum var synjað staðfestingar, og hefði Alþingi komið með lög um, að dönskum ríkisborgararjetti yrði synjað, þá mundu slík lög seint hafa orðið staðfest. Þessum rjetti höfum vjer afsalað oss, svo og rjettinum til að sigla undir Dannebrog, en aðrir menn kveða svo að orði, að í þess stað höfum vjer fengið rjett til að sigla undir okkar eigin fána. Auðvitað er 7. gr. mjög gölluð, en þó er þar viðurkent, að íslensk utanríkismál sjeu til. Þetta var ekki til áður; þá var hægt að ákæra íslenska sendimenn fyrir utanríkisráðherranum danska, og láta umræður fara fram í ríkisþinginu danska um það, eftir hverri grein danskra hegningarlaga bæri að dæma þá. Þessum rjetti höfum vjer afsalað oss. Þetta mál þarf ekki að ræða lengur, enda kemur það ekki við fyrirspurninni. En jeg hefi tekið mjer bessaleyfi. Jeg hefi viljað hafa minn eldhúsdag, eins og stjórnin, bera minn hluta af byrðunum, og þótt menn vildu leggja alla byrðina af sáttmála þessum á mínar herðar, þá teldi jeg mig ekkert vanhaldinn af því.

Sami hv. þm. (J. Þ.) taldi það óviðkomandi málinu að tala um „Þór" í þessu sambandi, af því að hann væri eingöngu björgunarskip. En þetta skip hefir einnig haft með höndum strandvarnir, og sú er reynsla manna, að skip hafi alls ekki farið inn á landhelgissvæðið meðan til þess sást, eða menn vissu af því í nánd, en jafnskjótt og það frjettist, að „Þór" væri farinn t. d. til Reykjavíkur, þá þyrptust botnvörpungar inn fyrir landhelgislínuna og sópuðu sjóinn með vörpum sínum.

Það er ekki eins ýkjabroslegt og hv. þm. (J. Þ.) vildi halda fram, að strandvörn gæti ekki farið fram á skipi, sem væri björgunarskip og væri ekki því hraðskreiðara. Tilgangur strandvarna er ekki sá fyrst og fremst að elta skipin, taka þau og sekta, heldur að skipin hefðu eins og beyg af strandvarnaskipinu. Og þetta hefði þessi bátur Vestmannaeyinga getað fult eins vel og „Beskytteren" og „Islands Falk". Gangmunurinn er aðeins hálf míla á þessum skipum. Og dönsku skipin hafa oftast legið við festar, en skipshöfnin lifað í vellystingum pragtuglega í landi. Það, sem jeg annars sagði viðvíkjandi þessu skipi Vestmannaeyinga, var alls ekki það, sem hæstv. fjrh. (M. G.) hafði eftir mjer. Jeg sagði alls ekki, að það hefðu verið alveg nægilegar framkvæmdir að leigja „Þór", heldur að ef stjórnin hefði gert það, þá hefði hún þó að minsta kosti sýnt lit á því að vilja að einhverju leyti framkvæma ótvíræðan vilja þingsins 1919 og 1920. Þessi ganghröðu skip geta auðvitað hremt skip, svo hægt sje að sekta þau, en slík sekt er alveg tilgangslaus, því að þeir útlendu botnvörpungaeigendur gera með sjer einskonar samábyrgð, og þá munar þá ekki mikið um að borga þær sektir, því að það er vissulega ekki nema í eitt skifti af hundrað, sem skip, og það sama skip, sem er í landhelgi, næst og verður sektað.

Jeg vil þá víkja nokkrum orðum að hæstv. fjrh. (M. G.). Mjer þykir leiðinlegt, að hann skuli ganga fram fyrir skjöldu og stofna sjer í hættu í þessu máli. Honum bar engin skylda til þess; ræðu minni í gær beindi jeg að hæstv. forsrh. (J. M.), og það var auðvitað hann, sem átti að svara. Og jeg hagaði svo orðum mínum, að í þeim fælist eng-

in móðgun við hæstv. stjórn. Því jeg vil ávalt koma mjer vel við þá, sem hátt eru settir, enda eru allir þeir, er stjórnina skipa, góðir vinir mínir. Þegar jeg gat þess í ræðu minni í gær, að þær hvatir, er rjeðu gerðum stjórnarinnar í þessu máli, gætu ekki verið aðrar en þær, að þeim væri eigi óljúft að sjá danska fánann blakta á íslenskum miðum, þá brást hæstv. fjrh. (M. G.) reiður við og kvaðst fyrirlíta slíka röksemdaleiðslu. En það var alls engin röksemdaleiðsla; það var miklu fremur spaug. Allar þær ástæður, er hugsanlegar voru, reyndust gersamlega ófullnægjandi. Og hvað var þá annað eftir en þetta? Annars var það hæstv. forsrh. (J. M.), sem átti að svara þessu. En þegar maður talar við þríhöfðaðan þurs, þá er ekki gott að haga skeytum sínum svo, að þau kunni ekki að hæfa það höfuðið, sem ekki var á miðað. Jeg verð að láta mjer nægja að segja hæstv. fjrh. (M. G.), að því skeyti var ekki á hans höfuð miðað.

Hæstv. fjrh. (M. G.) sagðist aldrei hafa heyrt talað um það, að slíkt skip mætti hafa sem skólaskip um leið og það væri haft til strandvarna, en jeg hugsaði, að stjórnin hefði getað sagt sjer það sjálf og framkvæmt það upp á eigin spýtur, því til slíkra framkvæmda þyrfti hún ekki lög frá Alþingi. Annars tók jeg þetta fram sem meðmæli með því að styrkja þetta fyrirtæki og ráð til þess að hafa gagn af því.

Þá vill hæstv. fjrh. (M. G.) ekki ganga inn á það, að stjórnin hafi brugðið loforð við björgunarfjelag Vestmannaeyinga. Þegar stjórnin skrifar Vestmannaeyingum, að ef hún leigi skip, þá muni hún leigja „Þór", þá hlýtur það að vekja eftirvæntingu hjá þeim. Og þegar stjórnin sendir „Beskyttern" norður, þá hefir hún þar svikið Vestmannaeyinga. Þess verður að krefjast af stjórninni, að hún sje varkárari í loforðum sínum en menn alment. Jeg skoða þetta sem fullkomið loforð. Annars er það og með öllu óverjandi að taka skip frá landhelgisgæslu og láta það vinna það verk, sem leigubátar laglega gætu leyst af hendi.

Það var annars rjett að segja liðið yfir hina dönsku samnefndarmenn, er þeir heyrðu hin hörðu orð þingsins 1919 um strandgæsluna. En hvað þingið 1920 hefir gert í þessu byggist á því, að stjórnin hefir líklega ekki sagt alveg rjett frá, eða að hún hefir haft slíkt ástríki af þingmönnum; hún var þá nýfædd, og menn hafa líklega viljað fara vel með hvítvoðunginn. Þingið hljópst á brott, og í stað þess að leggja hinni nýfæddu stjórn þau heilræði, er henni mættu að haldi koma, skildi það hana eftir, með öllu ófæra til allra framkvæmda.

Svo jeg svari hæstv. fjrh. (M. G.) um þýska tilboðið, þá mun hann ekki hafa verið kominn í stjórnina, er það lá fyrir. Jeg fjekk skriflega tilkynningu um, að þetta tilboð hefði verið sent stjórninni, sýndi sjávarútvegsnefnd það, en fór ekki með það til fleiri, og hefi síðan ekkert um það heyrt, svo það er ekki von, að það hafi borið fyrir augu hæstv. fjrh. (M. G.).

Jeg er maður óvarkár og hefi nú stofnað lífi mínu í hættu. Þar sem jeg nú er dauður um örlög fram, en hæstv. stjórn ódauðleg, þá býst jeg við því, að á gröf minni muni jeg heyra allþungt fótatak, en því verð jeg að taka í þeirri von, að jeg rísi upp aftur og geti þá sungið það hósíanna, sem verðugt sje.

Fjármálaráðherra (M. G.): Það mun

best að láta ekki hv. þm. Dala. (B. J.) fúna í gröf sinni og svara honum nokkru, enda þótt hann mætti nú, í þessari ræðu sinni, teljast fremur spakur. (**B. J.**: Jeg er altaf spakur).

Hv. þm. (B. J.) sagði í ræðu sinni, að jeg hefði hlaupið fram fyrir skjöldu. Það ætti ekki að saka hann; þess hægari ætti honum að verða atlagan.

Hv. þm. (B. J.) gat þess, að það hefðu ekki átt að vera rök hjá sjer, sem jeg sagði í síðustu ræðu minni að jeg fyrirliti, heldur hefði það verið spaug. Fyrst svo er, að honum finst viðeigandi að spauga um þýðingarmikil landsmál, þá get jeg, til að hlífa hv. þm. (B. J.), slept að minnast frekar á þetta.

Um að gera „þór" að skólaskipi verð jeg að segja, að mig undrar það, að hv. þm. (B. J.) skyldi ekki koma fram með tillögu í þá átt á þinginu í fyrra, þar sem lá þó fyrir tillaga um að veita 300 þús. kr. styrk til skipsins. Annars held jeg, að varla sje hægt að búast við því, að stjórnin fari að lífga fallnar tillögur og framkvæma þær.

Að stjórnin hafi brugðið heiti við Vestmannaeyinga um leigu á skipinu er sagt á móti betri vitund, eftir að hv. þm. (B. J.) hefir sjeð brjefið til Vestmannaeyinga og heyrt það lesið upp. (**B. J.**: Það stendur í brjefinu). Það stendur e k k i í brjefinu, og hv. þm. (B. J.) hefir áður lýst yfir því, að stjórnin skilji íslensku, og hún er því bær að dæma um, hvað í því felst. (**B. J.**: Jeg geng frá því nú, að stjórnin geri það). Hv. þm. (B. J.) má gjarna fyrir mjer ganga frá öllu, sem hann segir.

Hv. þm. (B. J.) sagði, að stjórninni bæri skylda til að vera varkár, og hún hefir verið það og ekki brugðið heit sín við Vestmannaeyinga í neinu.

Það er ekki heldur rjett hjá hv. þm. (B. J.), að tekið hafi verið þetta eina skip, sem átti að annast strandvarnirnar, til þess að fara norður; skipin voru tvö.

Sparnaðurinn er hv. þm. (B. J.) þyrnir í augum, og er hann því reiður yfir því, hversu stutt þingið var í fyrra. Jeg rjeð því nú ekki einn, að þinginu var slitið svo fljótt sem var, en jeg var með í því að samþykkja það, og tel mjer sóma að. Annars sýnist svo, sem hv. þm. (B. J.) æski þess að hafa þing óslitið alt árið. (**B. J.**: Það væri best fyrir stjórnina). Þess vegna vill auðvitað hv. þm. (B. J.) það.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að umræðunum í gær, og þá fyrst að ræðu hv. þm. Borgf. (P. O.). Hv. þm. talaði mikið um það, hversu miklu færri opnir bátar ætluðu nú að stunda eða stunduðu fiskiveiðar en seinni stríðsárin, og virtist mjer hann eingöngu vilja kenna það yfirgangi botnvörpunganna. Jeg skal nú ekki gera lítið úr þessum yfirgangi, vil aðeins benda honum á, að til þess liggja einnig aðrar ástæður, sem sje þær, að nú eru miklu fleiri, sem hafa atvinnu við fiskveiðar á togurum, en var síðari stríðsárin. Nú munu togarar vera 24, en voru síðari stríðsárin 5—10. Enn fremur verður á það að líta, að þegar mikið er um togaraveiðar, þótt fyrir utan landhelgi sje, er ekki hægt að búast við eins miklu bátfiski og meðan togarar alls ekki, eða að litlu leyti, stunduðu veiðar hjer við land.

Jeg hefi ekki haldið því fram, að það ætti að vera framtíðarfyrirkomulag, að Danir hefðu einir strandgæsluna, en jeg vil, eins og jeg hefi skýrt tekið fram, að við þetta ár látum okkur nægja og reynum að komast af með þau tvö skip, sem

Danir nú bjóða, með tilliti til þess útlits, sem nú er, og hinna erfiðu ástæðna.

Það var ekki álit sjávarútvegsnefndar þessarar hv. deildar um björgunarskipið „Þór“, sem jeg óskaði, heldur álits hv. þm. Borgf. (P. O.). En jeg skil, að hv. þm. (P. O.) vill ekki láta það uppi, og mun jeg því ekki ganga eftir því frekar.

Þá vil jeg víkja nokkrum orðum að hv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Hann talaði langt mál og hneykslaðist á því, að jeg hjelt því fram, að þingið í fyrra hefði viljað láta sjer nægja strandgæslu Dana, eftir því, sem þá stóð á. En þetta verður ekki hrakið.

Jeg fullyrði, að það sjáist ekki eitt orð um það í þingtíðindunum, að tilætlunin hafi verið að leigja „Þór“ til strandvarna. Þvert á móti hefi jeg sýnt fram á, að hið mótsetta má leiða út af gerðum þingsins, og það hefir ekki einu sinni verið gerð tilraun til að hrekja það.

Það er eins og ýmsir hv. þm., sem hafa talað, álíti, að ef við fáum eitt strandgæsluskip íslenskt, þá muni enginn togari nokkru sinni komast í landhelgi. En þetta mun reynast á annan veg, og það þarf áreiðanlega mörg skip til öruggrar varnar. Annars hirði jeg ekki um að rekja og hrekja allar hinar prestslegu líkingar hv. 4. þm. Reykv. (M. J.), hvorki um mykjuna við fíkjutrjeð nje annað. En þegar hann vildi líkja strandgæslu þeirri, er við nú eigum við að búa, við það ástand hjá bónda, að hann þyrfti að sækja hunda til nábúa síns í hvert skifti, sem hann þyrfti að reka úr túninu, þá verð jeg að benda honum á, að dæmið er rangt. En vilji hann hafa það rjett, þá væri það þannig, að bóndi fengi lánaðan hund hjá öðrum til vörslu, ekki í hvert skifti, heldur um lengri tíma, samkvæmt þar um gerðum samningi. Og jeg sje ekki, að það væri það vitlausasta, sem hægt væri að gera.

Háttv. sami þm. (M. J.) sagði, að jeg hefði sagt, að jeg fyrirliti röksemdir andstæðinganna. En þetta er rangt með farið. Jeg sagði, að jeg fyrirliti þá röksemd hjá hv. þm. Dala. (B. J.), að stjórnin vildi helst ekki sjá íslenskan fána kringum landið, og hv. þm. Dala. (B. J.) hefir nú viðurkent það, að þetta hafi ekki verið neinar röksemdir hjá sjer.

Spádóm hv. þm. (M. J.) um það, að þjóðin muni fyrirlíta fjármálastjórn mína, læt jeg mjer í ljettu rúmi liggja. Hann mun ekki eiga að dæma einn um það.

Þá sný jeg mjer að hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.). Hann kvartaði yfir því, að jeg hefði misskilið sig og rangfært orð sín, en ekki er það mín sök, þótt hann vilji ekki við þau kannast, þegar hann er krafinn reikningsskapar fyrir þau. Má hann mín vegna eta þau ofan í sig aftur, og vona jeg, að honum verði ekki bumbult af.

Hann lofaði, að jeg skyldi falla á þessu máli, en þá er bara eftir að efna loforðið, og mun jeg ekki harma það.

Jeg endurtek það, að engir samningar hafa verið gerðir um leigu á „Þór“, og duga engar Gróusögur úr Vestmannaeyjum til að hnekkja því.

Jeg sje ekki, að utanför mín í haust komi þessu máli við, og skal því ekki fara út í hana. En það skil jeg vel, að hv. þm. (Gunn. S.) hafi þótt það ilt, að ríkissjóður tók ekki lán handa honum, til þess að hann gæti haldið áfram hinum þjóðholla atvinnuvegi sínum, sem mjer er sagt að nú gangi heldur tregt.

Það er rjett, að sala afurða vorra hefir

gengið miklu tregar og ver en bæði jeg og aðrir gerðu ráð fyrir í haust. En síst er ástæða að hælast um yfir slíku, og því valda ófyrirsjáanleg atvik, sem tilgangslaust er að fara út í hjer.

Jeg er alveg samdóma hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) um, að strandgæsla Dana hjer sje engin gjöf, og jeg tók þetta fram í fyrri ræðu minni. Er jeg honum þakklátur fyrir þann stuðning, sem hann hefir veitt í þessu máli.

Hákon Kristófersson: Umræðurnar eru nú þegar orðnar nokkuð langar og hafa snúist um nokkuð annað en til var stofnað af okkur flm. þessarar tillögu. En sökum þess, að jeg er annar flutningsmanna, vil jeg segja nokkur orð.

Hv. þm. Borgf. (P. O.), meðflytjandi tillögunnar, hefir nú talað svo rækilega um þetta mál, að jeg hefi þar litlu við að bæta. Þó get jeg ekki stilt mig um að minnast á nokkur atriði, sem fram hafa komið. Það er þá fyrst, að jeg verð að láta undrun mína í ljós yfir því, að tillagan skuli hafa getað orðið orsök í því, að sumir af ágætustu þm. hafa staðið upp til að lýsa yfir því, að samningarnir við Dani 1918 hafi haft rjettindaafsal í för með sjer.

Hæstv. forsrh. (J. M.) gat þess í ræðu sinni, að flutningsmaður tillögunnar, hv. þm. Borgf. (P. O.), hefði í raun og veru svarað sjálfur fyrirspurninni, svo að hann hefði engu að svara. Jeg veit nú ekki, hvernig á að skilja þetta, nema ef svo er, að hæstv. forsrh. (J. M.) telji fyrirspurnina óþarfa. Fyrir okkur flm. vakti ekki annað með fyrirspurninni en það, að alþjóð fengi að vita, hvað gert hefði verið í málinu, og hvað hyggilegast væri að gera, og það stoðar ekki, þó að einstakir menn hafi ef til vill einhverja hugmynd um það; almenningi er það jafnókunnugt fyrir því. En úr þessu átti fyrirspurnin að bæta.

Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, að stjórnin hefði fullnægt heimildarlögunum frá 1919. Jeg er honum nú sammála í þessu. Þar sem einungis um heimildarlög var að ræða, er ekki hægt að saka stjórnina um framkvæmdaleysi á þeim. En svo kom þingsályktunin á þinginu 1920, og hún var árjetting á gerðum þingsins 1919 og til þess gerð að herða á stjórninni. Og það er einmitt hennar vegna, sem jeg lít svo á, að stjórnin hafi vanrækt skyldu sína í þessu máli. Jeg hygg nú, að þetta framkvæmdaleysi stjórnarinnar stafi mestmegnis frá skilningsleysi hennar á nauðsyn málsins, og byggi jeg þessa ætlun mína á því, að helst er svo að sjá, sem stjórnin, jafnvitur, víðsýn og ágæt, sem hún annars er, haldi það, að nægilegt sje að hafa skip til strandgæslu einhvern vissan tíma, frá febrúar til maíloka, og um síldveiðatímann, en hafi enga hugmynd um það, að til eru haustvertíðir.

Mjer dettur ekki í hug að lá stjórninni það, að hún ljet ekki byggja skip eða keypti, eins og þingið ætlaðist til að hún gerði. En þrátt fyrir það hefir stjórnin ekki gert það, sem hægt var að gera í landhelgisgæslumálinu, að leigja skipið af Vestmannaeyingum, sem bæði hefði orðið til styrktar gæslunni og jafnframt verið hlynt með því að góðu fyrirtæki.

Það er nú í ráði, sem kunnugt er, að Danir auki landhelgisgæsluna næsta ár, og skal jeg taka fram í sambandi við það, að mjer finst heimska að hafna því tilboði eins og nú standa sakir, og hirði jeg eigi um, þótt einhverjir vilji bera mjer á brýn, að jeg sje lítill sjálfstæðis-

maður, sökum skoðana minna á þessu máli. Jeg hata eigi Dani, og mjer sýnist það engin minkun að þiggja liðveislu þeirra hjer um, og það enda þótt þeir bjóði meiri strandgæslu fram en þeim ber skylda til.

En á það verð jeg að leggja áherslu, að stjórnin hafi yfirráð skipanna, því að eigi Danir að hafa þau áfram, þá álít jeg vörslu þeirra einskis virði, án þess þó að jeg vilji nokkuð blanda mjer inn í ummæli þau, sem fallið hafa hjer um foringjana, að þeir væru betur fallnir til þess að dansa í landi en hafa forustu á hendi, heldur aðeins það, sem öllum er skiljanlegt, að íslenskir foringjar hljóta að hafa meiri áhuga og þekkingu á starfi sínu en hinir dönsku. Jeg er því sammála hæstv. fjrh. (M. G.) um þetta atriði, þótt jeg sje honum ánnars ósammála, að sjálfsagt sje að reyna þetta næsta ár, því ella verði hjer engin landhelgisgæsla, en slíkt er algert banatilræði við bátaútveg okkar.

En þó að þetta sje að mínu áliti rjett, eins og sakir nú standa, þá vil jeg þar fyrir, að stefnt sje að því með atorku, að við tökum strandgæsluna í okkar hendur síðar meir. Og jeg fæ ekki sjeð, þó að horfið verði að þessu ráði, að við verðum neinir bónbjargamenn Dana þar fyrir, nje skerðum í nokkru þjóðarsómann, og eigi hræðist jeg það, þó að hjer sjáist danskur fáni í landhelgi, einungis að skipin gerðu eitthvert gagn.

Þó að jeg hafi nú látið þetta um mælt, þá þykist jeg í engu hafa farið þar í bága við vilja þinganna 1919 og 1920, því að orð mín miðast eingöngu við það vandræðaástand, sem nú ríkir, og úrræði til að bæta úr því, en dregur á engan hátt úr því, að við tökum strandvörsluna, þegar við þykjumst færir til.

Hvað hv. sjávarútvegsnefnd kann að leggja til málanna er mjer ókunnugt um. Hitt hefði mjer fundist viðeigandi, að álit hennar hefði verið þingmönnum kunnugt, þegar málið var tekið til umr.

Að síðustu vil jeg enn leggja áherslu á það, að bak við flutning tillögu okkar lá ekkert annað en það, sem jeg hefi áður getið. Kunni svo að fara, að ástæður þyki til að hrófla eitthvað við stjórninni, þá mun verða hægt að finna aðrar ástæður veigameiri en þessa. Hún hefir að vísu gert lítið í málinu, en það mun, sem jeg hefi áður minst á, meir stafa af skilningsleysi hennar en viljaleysi, að hún hefir ekki framkvæmt vilja þingsins.

Hvað orðum hv. þm. Dala. (B. J.) viðvíkur, þá snerta þau mig ekki. Mig langar eigi til að vera bónbjargamaður Dana í nokkru, vil einskis bónbjargamaður vera, ekki einu sinni hv. þm. Dala. (B. J.).

Gunnar Sigurðsson: Hæstv. fjrh. (M. G.) er svo heppinn í þessum umræðum, að hafa jafnan sólarhrings millibil til þess að rangfæra og misskilja umræður þm. Það er ekki jeg einn, sem hefi undan þessum rangfærslum að kvarta; allir hv. þm., sem eiga orðasennur við hæstv. ráðherra (M. G.), kvarta undan þeim.

Hæstv. fjrh. (M. G.) mintist á atvinnuveg minn. Mjer er ekki ljóst, hvað hann átti einkanlega við. Jeg er lögfræðingur, eins og hann, og hefi haft á hendi lögfræðisstörf. Þar að auki hefi jeg rekið fasteignasölu, en einkanlega hefi jeg fengist við að reisa hús. Hefir mjer tekist að reisa 4 hús hjer í bænum í húsnæðisleysinu á stríðsárunum. Jeg skil ekki, að það geti talist óþarft. Annars hefir hæstv. fjrh. (M. G.) líka verslað með hús hjer í bænum. Jeg þori að fullyrða, að óþarfari hefir hæstv. fjrh. (M. G.)

verið landinu. Árangurinn af fjármálastjórn hans er ekki betri en það, að það er á allra vitorði, að erlendis er landið alment álitið gjaldþrota og lánstraust þess nær því horfið. Tjónið af ráðsmensku hans verður því alls ekki metið til peninga. Hann hefir látið alt danka og ekkert hafst að, en það var það hættulegasta á þeim tímum, sem voru. En nú vill hann sitja áfram í trássi við meiri hluta þingsins, sem vitanlegt er að er andstæður stjórninni í öllum aðalmálunum. En þegar svo er, er stjórninni áreiðanlega hentast að segja af sjer. Nema ef hún hefir skoðanaskifti í öllum helstu málunum og reynir að lafa á því.

Jón Auðunn Jónsson: Það væri æskilegast, ef menn vildu halda sjer við málið sjálft, en forðuðust alt skraf um ríkisrjett og annað, sem málinu er næsta óviðkomandi.

Ástæðan til þess, að þessi fyrirspurn hefir komið fram, er vitanlega sú, að komist verði að raun um, hvað heppilegast er fyrir stjórnina að gera, til þess að taka landhelgisgæsluna í okkar hendur. Jeg álít að vísu, að ekki hafi verið nein sjerstök þörf á fyrirspurninni. En jeg harma það ekki, að hún er komin fram, því það getur vonandi skýrt nokkuð málið og brýnt fyrir þinginu þörfina á að taka gæsluna í okkar eigin hendur. Jeg álít sem sje, að hún verði aldrei fullnægjandi fyr en við höfum tekið hana í okkar hendur. Jeg segi það ekki vegna þess, að jeg haldi, að þeir Danir, sem hafa haft hana á hendi, hafi ekki viljað stunda hana sem skyldi, heldur hefir þá brostið kunnugleika að vonum, og haft þess utan öðrum störfum að gegna, svo þeir hafa ekki getað sint gæslunni sem skyldi, þar sem skipin hafa verið jafnframt skólaskip, eins og hæstv. forsrh. (J. M.) sagði.

Jeg get ekki verið samdóma þeim hv. þm., sem virðast hafa sjerstaka tilhneigingu til þess að álasa stjórninni fyrir aðgerðaleysi í þessu máli, enn sem komið er. Jeg sje ekki, að hæstv. stjórn hafi getað gert sjerstakar ráðstafanir til skipakaupa áður en þing kæmi saman, eins og ástæður voru fyrir hendi. Kolavandræði og mjög ilt að fá skip keypt eða leigð, og tíminn lítill til framkvæmda.

Jeg vil taka undir það með hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.), að það er sjerstök þörf á að vanda vel til undirbúnings þessa máls; sjerstaklega þarf að varast að kaupa skip eða hafast eitthvað það að, að það geti ekki fallið að lokum undir þá fullnaðarákvörðun, sem verður að gera um allar framkvæmdir og fyrirkomulag á strandgæslunni. Það þarf að gefa stjórninni fasta áætlun, sem síðan er hægt að fylgja fast eftir.

Jeg er einn af þeim þm., sem eru úr plássi, sem herjað er mjög af útlendum togurum og — þótt jeg vilji helst ekki fullyrða það — líklegast einnig innlendum. Á sumum stöðum við Ísafjarðardjúp, og þó sjerstaklega í Aðalvík, er árlega eyðilagt svo skiftir tugum þúsunda, vegna gæsluskorts. Án þess jeg ætli að gefa hv. sjávarútvegsnefnd nokkrar sjerstakar bendingar, þá vil jeg skjóta því til hennar, að enn sem komið er álít jeg heppilegra að hafa gæsluskipin fleiri og smærri. Að vísu þyrfti eitt stórt skip fyrir suðurströndinni, en fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi tel jeg hitt fyrirkomulagið (fleiri skip og smærri) vafalaust heppilegra. Annars hefi jeg góða trú á árangri af starfi sjávarútvegsnefndar, því í henni sitja

kunnugir menn frá ýmsum þeim landshlutum, sem mikið þurfa á gæslu að halda. En jeg vil undirstrika það, að málið þarf góðan undirbúning. En ef hrapað yrði að málinu og það ekki nægilega undirbúið, þá mundum við, sem fulltrúar fyrir þau hjeruð, sem harðast verða úti, eiga erfitt uppdráttar hjá ýmsum þeim mönnum, sem hafa lítinn skilning á málinu, en eru því kröfuharðari og ósanngjarnari.

Jeg álít rjett að taka skip Vestmannaeyinga. Ekki vegna þess, að skipið sje vel fallið til strandgæslu, því svo mun ekki vera, og er vel hægt að fá hentugra skip fyrir minna verð. En jeg álít það rjett til að ljetta undir með Vestmannaeyingum, en það eiga þeir skilið fyrir að hafa lagt út í fyrirtækið, og byrðin hins vegar vel kleif fyrir ríkissjóð.

Jeg er sammála hv. þm. Barð. (H. K.) um það, að sem stendur er mjög óhægt um vik. Jeg álít því rjett að taka tilboði Dana um að auka strandgæsluna nú á þessu ári, en þó þannig, að landsstjórnin hafi sem mestan íhlutunarrjett um starfið. Ekki vegna þess, að jeg haldi, að gæslan yrði nægileg með því, því hún fæst aldrei með útlendum skipum, eins og jeg tók fram áður í ræðu minni. En að kaupa brúkað skip tel jeg mjög varhugavert. Ef því á að hrinda málinu fram, þá verður annaðhvort að byggja skip eða leigja. Bygging skips tekur minst tvö ár. En ef skip er tekið á leigu eða brúkað skip keypt, þá getur það orðið til þess að koma ringulreið á þá fullnaðaráætlun, sem þarf að gera. En slík aðferð er sama og að byggja vegarspotta hjer og þar, án nokkurs samhengis. Að lokum er vegurinn orðinn svo skrykkjóttur, að hann er verri en enginn.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg skal fyrst geta þess, að það er ekkert óeðlilegt við það, þótt fjrh. (M. G.) svari fyrir mig. Að því er snertir Vestmannaeyjabátinn, þá liggur hann meira undir hans verksvið heldur en mitt. Það er því algerlega óþarft, sem hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.) hafa sagt um það.

Jeg ætla annars ekki að fara að rekja allar þær ræður, sem haldnar hafa verið hjer í dag og undanfarna tvo daga út af fyrirspurninni. Það hefir líka farið eins og vant er við þessar heimskulegu umræður, þar sem margir taka til máls um sama efni, að margt af því, sem sagt, er ekkert annað en upptugga, en svo ýmsu blandað inn í, sem ekkert snertir málið og er eingöngu til ógagns. Jeg get þó sagt það, hv. frsm. (P. O.) til lofs, að hann hjelt sjer vel við efnið og talaði þinglega í gærdag, þótt mjer hins vegar þyki hann hafa verið fullharðorður við mig í fyrstu ræðu sinni í fyrradag.

Jeg get ekki stilt mig um að fara út í einstök atriði í ræðum nokkurra hv. þm., þó að fjármálaráðherra hafi tekið af mjer ómakið að miklu leyti.

Jeg skal fyrst víkja lítið eitt að ræðu hv. 4. þm. Reykv. (M. J.). Það er einatt svo, að mönnum sýnist það nokkur vorkunn, þótt nýir þingmenn sjeu dálítið vankunnandi fyrst í stað. Hitt er annað mál, hvort rjett er að vorkenna þeim, þegar þeir hafa ekki kynt sjer málin nógu rækilega áður en á þing kemur. Það var sagt um einn þingmann, sem var kosinn á þing fyrir löngu og lítið hafði fengist við landsmál, að hann hefði fengið mann til að kenna sjer eða skýra fyrir sjer stjórnarskrána. Það var brosað að þessu, en það var

honum einmitt til sóma, sýndi, að hann fann til ábyrgðar þeirrar, sem fylgir þingsetunni.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) hefði átt að fara líkt að með sambandslögin eins og þessi þingmaður með stjórnarskrána. Hv. þm. (M. J.) lýsti því mjög fagurlega, hve þjóðin hefði glaðst sjerstaklega af tvennu, sem heimilað væri í sambandslögunum, heimflutningi hæstarjettar og því, að kostur væri á fyrir oss að taka sjálfir að oss landhelgisvörnina. Það er alveg furðulegt, hvernig þessi hv. þm. (M. J.) getur gert sig sekan í þessum misskilningi, þar sem hann þó er sagður vel greindur og fróður um margt, af þeim, sem þekkja hann. Ef þessi hv. þm. vissi, hvað sambandslögin eru, þá hefði hann ekki talað svona.

Sambandslögin eru tvent: viðurkenning, yfirlýsing um, að Ísland sje fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku. Þetta var ekki hluti af samningi þeim, sem gerður var við Dani 1918. Það var yfir höfuð ekkert samningsatriði. Þetta var grundvöllurinn undir samningnum. Það var auk heldur mikið talað um það að hafa þessa yfirlýsingu frá vorri hálfu og viðurkenningu frá Dana hálfu í sjerstöku skjali, svo ekki væri um vilst, að þetta væri ekki hluti af samningnum. En það þótti ekki þörf að halda því fast fram, að um þetta væri gert sjerstakt skjal, því það hefir tekist að setja þetta svo ljóslega fram í sambandslögunum. Að þessari viðurkenningu fenginni gerir konungsríkið Ísland og konungsríkið Danmörk, hvort af sínu fullveldi, samning um þau atriði, sem í sambandslögunum segir. Eitt af þessum atriðum er hæstirjettur. Það er alveg öfugt hjá hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) að tala um það sem heimild fyrir oss til að hafa æðsta dómstól sjálfir, heldur er það heimild fyrir hæstarjett í Kaupmannahöfn til þess að dæma íslensk mál þangað til við settum upp hæstarjett sjálfir. Jeg er annars samdóma hv. þm. (M. J.) um það, að það sje sjálfsagt, að vjer dæmum mál vor sjálfir, og jeg er þeirrar skoðunar, að hefði það mál verið fast sótt, hefðum við getað fengið því framgengt miklu fyr. Jafnvel stöðulögin gáfu það í skyn, að það væri ekki ófáanlegt af Dana hálfu. Þótt jeg sje og hafi verið sömu skoðunar um þetta atriði, þá efast jeg mjög um það, að stofnun hæstarjettar hafi verið svo mikið gleðiefni fram yfir flest annað. Það er kunnugt um marga góða og þjóðrækna Íslendinga, að þeir voru ekkert fíknir í það. Jeg skal nefna einn, sem jeg veit að hv. þm. (M. J.) viðurkennir góðan Íslending; það er Skúli Thoroddsen.

Engu síður er það herfilegur misskilningur, þegar hv. þm. (M. J.) er að tala um, að 8. gr. veiti oss heimild til strandvarna. Ef um heimild væri að ræða, þá væri það svo, að Dönum væri þetta heimilað. En hjer er ekki um heimild að ræða. Ákvæðin í 8. gr. eru kaupskapur, eins og hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) hefir bent á. Við leyfum Dönum fiskveiðarjett í landhelgi gegn því, að þeir leggi til landhelgisvörn. Það er heimska einber að kalla það ósóma að versla þannig. Sjerstaklega fer þetta illa gömlum og nýjum sjálfstæðismönnum. Þegar sú eina og sanna og ómengaða þjóðrækni og sjálfstæði hafði völdin og sjálfstæðismenn rjeðu einir öllu á þingi hjer, þá versluðu þeir svo, og geta allir sannfært sig um þetta, ef þeir vilja hafa fyrir því að fletta upp Al-

þingistíðindunum 1909 og lesa sambandslagafrv. það, er þar var samþykt. Sem sagt, hjer er um kaupskap að ræða, en, eins og jeg hefi sagt, er það bein fáviska að tala um, að hjer sje verið að versla með þjóðarsómann. Eða er það nokkurt vit, að hv. þm. saki mig um það, þótt jeg reyndi að ganga eftir því sem ríkast, að Danir greiddu andvirðið að fullu, eða að tala um bónbjargir í þessu sambandi, eins og hv. þm. Dala. (B. J.) gerði? Aðfinslur um aðgerðir mínar að þessu leyti eru ekkert annað en óvitahjal.

Það er næst því, að aðfinsla hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.), í þá átt, að jeg hafi ekki verið nógu kröfuharður, eigi við rök að styðjast, en því miður er ekki svo. Eins og lögin eru orðuð, er þetta rjett hjá hv. þm. (J. þ.), en því miður takmarkast þetta af athugasemdunum, sem jafnframt voru undirskrifaðar af samningsaðiljum. En í athugasemdunum stendur, að Danir sjeu eigi skyldir til frekari strandgæslu, svo að jeg, því miður, gat ekki krafist meira en svo sem 10 mánaða landhelgisgæslu með einu skipi. En aftur á móti taldi jeg rjett að krefjast betra skips en Islands Falk, því að þótt hraði þess skips sje ekki saman berandi við ferð þórs, þá er Islands Falk þó nú orðið of ganglítill til þess að annast gæsluna hjer, vegna aukins hraða botnvörpunganna. Nú er og ætlað ganghraðara skip, Fylla, til gæslunnar af Dönum.

Þá var hv. þm. (M. J.) mjög að finna að því, að það væri verið að hengja sig í það, að lögin frá 1919 væru aðeins heimildarlög, en ekki skipun þingsins; þau væru það aðeins í forminu, en í rauninni hefði þingið 1919 ætlast til framkvæmda. Jeg vil ekki geta þess til, að hv. þm. (M. J.) fari hjer viljandi með rangt mál, en óskiljanlegt er eftirtektarleysi hans. Nú hafði jeg einmitt sagt, að jeg vildi ekki leggja áherslu á það, að lögin væru heimildarlög; það mundi sönnu næst, að þingið þá hefði ætlast til framkvæmda. Með öðrum orðum, jeg talaði um það atriði mjög ólíkt og hann. En jeg hefði, ef jeg hefði viljað, getað lagt nokkra áherslu á það. Jeg hefði getað borið það fyrir mig með fullum rökum, að það er rangt, að þingið 1919 hafi heimtað framkvæmdir þegar í stað. Jeg hafði, bæði í viðtali við sjávarútvegsnefndirnar og á þingfundum, tekið það fram, að þetta væri alt of stórt mál til þess, að hrapa mætti að því, og það kom til orða í hv. Nd. að afgreiða málið með þingsályktun. Um það sagði framsögumaður sjávarútvegsnefndar í Nd. svo:

> „Þó að nefndir beggja deilda óski auðvitað, að þetta komist sem fyrst í framkvæmd, þá er vitanlega betra en ekki að skora á stjórnina að undirbúa málið og leggja það fyrir næsta þing. Að vísu má vera, að stjórninni þyki þetta nokkuð stuttur tími, en ef áhuginn og viljinn er nógur, eins og jeg held að sje hjá hæstv. forsætisráðherra (J. M.), þá getur það vafalaust tekist. Jeg legg það alveg á vald hv. deildar, hvort henni finst rjettara að leiða málið til lykta með tillögu eða með þessu frv., sem hjer liggur fyrir, og jeg fyrir mitt leyti fellst á — —." (Alþt. 1919 B., d. 1953).

Þá má enn fremur vitna til ummæla þáverandi og núverandi hv. þm. G.-K. (B. K.). Hann segir svo:

> „Mjer þykir leitt, hversu dauft hæstv. forsrh. (J. M.) tekur í þetta mál, því það liggur ekki fyrir nein skipun til stjórnarinnar um, að

þetta skuli framkvæmt n ú þ e g a r. Þó að standi „skuli kaupa“, þá verður stjórnin auðvitað að hafa hæfilegan frest. Hún verður að kynna sjer, hvort hentugra muni að taka stærra eða minna skip, alveg eins og þó að samþykt væri þingsályktunartill. um, að hún skyldi undirbúa málið. — — —“. (Alþt. 1919 B., d. 1954—55).

Loks má svo vitna til eins hv. þm. í viðbót, sem hjer mun verða stjórninni að liði með orðum sínum, og það er hv. þm. Dala. (B. J.). Eftir honum vil jeg, með leyfi hæstv. forseta, lesa eftirfarandi ræðukafla:

„Jeg vil nú ekki, þótt sett sjeu lög um þessi efni, að framkvæmdir verði svo bráðar, að hæstv. stjórn geti ekki sjeð fótum sínum forráð. Það er engin skylda að byggja skip eða kaupa, hvernig sem á stendur og hve dýrt sem það er. Það stendur í frv., að stjórnin megi leigja skip til þessara hluta, meðan hún lætur byggja skip. Og ekki eru henni sett nein takmörk um, hve lengi megi á þessum framkvæmdum standa. Eftir því, sem hv. þm. annars líta á hlutina, munu þeir þola við, þótt gætt sje hófs og aðgætni í þessum framkvæmdum.“ (Alþt. 1919 B., d. 1960).

Jeg vona þess vegna, eftir alt þetta, að jafnvel hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) viðurkenni, að það hafi ekki verið rjett af honum að umhverfa svo ummælum mínum, sem hann gerði.

Nú ber að gæta þess, að frsm. sjávarútvegsnefndar í Nd. lýsti því fyrir hönd nefndarinnar í báðum deildum, alveg eins og hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.), að það ætti að byggja, en ekki kaupa.

Hvað hefði þá stjórnin getað gert frekast og næst vilja þingsins 1919, þegar að þingi loknu? Jeg held, að það frekasta, sem heimtað gat orðið af henni, hafi verið það að fá teikningar og áætlanir um kostnað við byggingu skips, af ýmsum stærðum, og ef til vill að leigja skip. Nú hefði það verið alveg ónýtt verk, allmiklu fje kastað í sjóinn, að fara að útvega áætlanir um þetta. Á þeim hefði alls ekkert verið að byggja. Og jeg fullyrði, að Alþingi 1920 ljet sjer vel lynda, að ekki var gert frekara að, þegar það kom saman.

Þá á það að vera óverjandi, að stjórnin leigði ekki skip. Jeg held nú, satt að segja, að það hefðu verið talsverðir örðugleikar á því að fá hæfilegt skip. Mjer hefir aldrei dottið í hug, að vjer ættum að taka að oss landhelgisgæsluna á þann hátt að byrja á skipi á borð við „Þór“. Vera má nú samt, að það hefði tekist að leigja brúklegt skip, en það hefði orðið feikilega dýrt að halda því úti. Þess vegna varð jeg sannast að segja mjög feginn, þegar jeg varð þess var, að kostur var á því, frá Dana hálfu, að bæta við öðru varðskipi, og hugði jeg, að við það mætti bjargast fyrst um sinn og sleppa því að leigja skip. Og jeg varð einskis annars var en að þingið 1920 ljeti sjer það vel lynda.

Þá kemur þál. 1920. Það er síðari málsgrein till., sem stjórnin á að hafa vanrækt. Þar er ekki sagt, hvað eigi að gera, hvort heldur að kaupa eða leigja, ekki heldur í framsöguræðu hv. framsögumanns sjávarútvegsnefndar, og bendir það ekki á neinn fjarskalegan áhuga, að enginn annar en hv. framsögumaður segir eitt orð um málið hjer í deildinni, og í hv. Ed. aðeins framsögumaður fá orð. Jeg held, að rjettast sje

að skilja þál. svo, að þar með vilji þingið halda málinu vakandi. Þingið 1920 hafði fengið — einnig hjá mjer — upplýsingar um möguleika til þess að kaupa skip, en sagði ekkert frekara um það mál.

Hv. framsögumaður í Nd. leggur áherslu á það, að stjórnin leiti fyrir sjer um kaup á skipi. Það hafði stjórnin gert og skýrt þinginu 1920 frá, og enn í vor athugaði jeg þetta og komst þá að raun um, að það mundi vera vinnandi vegur að kaupa brúklegt skip, en það var ekki hægt að fara að gera neinn kaupsamning; þar til náði ekki vilji þingsins.

Hv. sjávarútvegsnefnd hefir ekkert spurt mig um þetta, því þá hefði hún getað fengið nokkrar upplýsingar um það. En auðvitað eru þær upplýsingar fremur gagnslausar nú, vegna breyttra kringumstæðna.

Aðgerðaleysið á þá að vera í því fólgið, að ekki hafa legið fyrir þinginu nú kauptilboð eða leigu. Nú vil jeg biðja alla sanngjarna menn að athuga það, hvaða gagn hefði t. d. verið í kaupboði frá því í fyrravor, eða jafnvel frá fyrra ári. Ef þetta þing ætti að kaupa skip, þá er auðvitað ekkert vit í öðru en að leita kauptilboða einmitt nú, eða helst síðar á þessu ári. Að jeg ekki tali um aðgerðir á skipinu, sem sjálfsagt hefði verið að láta bíða til þessa árs. Jeg held þess vegna, að stjórninni verði enn ekki að rjettu fundið neitt til saka í þessu efni. Það er enn auðvelt að kaupa skip, ef þinginu þóknast svo, og það sjálfsagt með miklu lægra verði nú en í fyrra, en þó verður það enn þá ærið kostnaðarsamt, ásamt viðgerðinni.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) talaði um það, að dönsku eftirlitsskipin væru skólaskip. Þetta bendir enn á ókunnugleika hv. þm. (M. J.). Þessi skip eru ekki skólaskip, — slík skip eru alt önnur, — og æfingar þær, sem á varðskipunum eru á hermönnum, koma á engan hátt í bága við landhelgisgæsluna.

Þá sagði hv. þm. (M. J.), að menn muni nú fara að stinga saman nefjum um það að koma stjórninni frá. Ójá, rjett eins og sje ekki opinbert leyndarmál, að nef ýmsra hv. þm. hafa verið límd saman, ef svo mætti segja, alveg frá þingbyrjun og fram á þennan dag, einmitt í þessu skyni. Og þó er ekki lengra komið enn þá. Og jeg get fullvissað hv. þm. (M. J.) um það, að jeg er ekkert hræddur við eldinguna, þegar hún loksins kemur úr sortanum, hverjar verkanir sem hún kann að hafa.

Svo vil jeg enn víkja stuttlega að orðum hv. 3. þm. Reykv. (J. Þ.) um það, hvernig skilja eigi lögin frá 1919, í samanburði við skuldbindingu Dana. Jeg held, að það sje alveg rjettilega vakin athygli á þessu, og vil jeg því — þó að mikið sje búið að lesa hjer upp — með leyfi hæstv. forseta lesa einn kafla úr fundargerðum lögjafnaðarnefndarinnar:

> „Það, sem Ísland getur krafist, er, að eitt skip sje hjer til eftirlits með fiskveiðum meginhluta ársins, um 10 mánuði, en „Islands Falk“ kemur ekki lengur að fullu haldi til eftirlits með þeim hraðskreiðu botnvörpuskipum, sem nú tíðkast.“ (Gerðabók dansk-íslensku ráðgjafarnefndarinnar, 4. ágúst 1920, bls. 6).

Jeg veit nú ekki, hvort hv. þm. Dala. (B. J.) furðar sig á því, þegar hann er að gefa mjer ráð nú, þótt mjer detti í hug orðin: „Trautt mun ek trúa þér, troll, kvað Höskollr“. Annars hefir hv. þm. (B. J.) má ske heyrt það, sem al-

ment er sagt um ráðleggingar, að þeim, sem ráðin fær, þyki þau góð því aðeins, að þau falli saman við skoðun og fyrirætlun hans sjálfs. Hvað sem rjett kann nú að vera í þessu yfirleitt, fer þessu nokkuð á þann veg fyrir mjer um ráð hv. þm. Dala. (B. J.); ef þau koma heim við skoðun mína og fyrirætlun, þá þykja mjer ráðin góð. Annars tek jeg þau ekki til greina.

Jeg skal sem sagt aftur víkja að því, að jeg vona, að hv. þm. Dala. (B. J.), sem þykist hafa svo mikið að segja hjer á þingi, standi nú við það, sem hann sagði 1919, og var hyggilega mælt, og taki ekki hart á stjórninni, þótt hún kunni fótum sínum forráð.

Það var rjett hjá hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.), að efi sje nokkur á, hvernig skilja beri lögin frá 1919. Eftir sambandslögunum ætti að segja hreint nú, að landið taki gæsluna. En jeg tók það fram 1919,að þessi lög bæri að skoða svo, sem ræða sje um aukning. Jeg tók það fram 1919, að stjórnin myndi gera sitt til að hrinda málinu í framkvæmd á þessum grundvelli, þ. e. að auka eftirlitið.

Hv. fyrirspyrjanda, þm. Borgf. (P. O.), þarf jeg ekki miklu að svara, eða meðspyrjanda hans, hv. þm. Barð. (H. K.), og sömuleiðis ekki hv. þm. V.-Ísf. (Ó. P.). Þeir lögðu allir aðaláhersluna á málið sjálft og framkvæmdirnar og töldu nauðsyn góðrar strandgæslu aðalatriðið.

Báðir hv. fyrirspyrjendur virtust vorkenna stjórninni skilningsleysi hennar á málinu, og afsaka með því aðgerðaleysi hennar. Þetta má nú kann ske skoða sem góðan hug til stjórnarinnar hjá þessum hv. þm., og því sjálfsagt að þakka svona ummæli. En nú vill einmitt svo til, að stjórnin hefir ekki þetta skilningsleysi sjer til afsökunar. Jeg get fullvissað hv. þm. um það, að jeg er vel kunnugur þessu máli og skil mætavel, að það er stórt og mikið nauðsynjamál. Jeg hefi verið á þeim stöðum, þar sem yfirgangur botnvörpunga hefir einna mestur orðið, bæði hjer á Faxaflóa og í Vestmannaeyjum, svo jeg þekki þetta af eigin reynd.

En sem sagt, hv. þm. verða að líta á þetta mál eins og þeim líkar sjálfum. Stjórnin er þess ekki meðvitandi, að hún hafi gert neitt það, sem víta þurfi í máli þessu. Og jeg skal bæta því við, að jeg tel það lítt mögulegt fyrir nokkra stjórn nú að leigja skip eða kaupa, sem tekið gæti til starfa á næsta ári, eins og allur fjárhagur er örðugur nú. Jeg sje ekki, að nokkur stjórn geti lofað skilyrðislaust að framkvæma þetta, eins og hv. fyrirspyrjandi (P. O.) fór þó fram á. Sje meiningin að kaupa skip nú þegar, má fara að leita sjer upplýsinga um það, og jeg skil ekki annað en hv. þm. Borgf. (P. O.) hljóti að viðurkenna, að þetta sje eina rjetta leiðin, enda heimtaði hv. þm. (P. O.) ekki meira í fyrra en að kauptilboð um strandvarnarskip lægi fyrir þinginu nú. Þetta er svo mikið fjármál, að að því má ekki hrasa, heldur verður að viðhafa alla gætni.

Fleira þarf jeg ekki að taka fram. Mjer skilst á ræðum manna, að flestir vilji, að Danir sendi hingað tvö skip. Annars skal jeg ekki fara út í skipulag landhelgisgæslunnar. Má vera, að smámótorskip væru hentug, sjerstaklega á Vestfjörðum. Auðvitað get jeg lofað hinu, að stjórnin geri alt sitt til þess að verða að vilja þings og þjóðar í máli þessu, og ráðgast þá vitanlega um framkvæmdirnar við sjávarútvegsnefndir.

Hv. þm. Dala. (B. J.) var að kvarta um það, að hann væri dauður og gæti því ekki borið hönd fyrir höfuð sjer.

Vildi jeg því styðja að því, að honum yrði leyft að ganga aftur og gera stutta athugasemd, í svo sem hálfa klukkustund, því jeg þykist hafa sýnt fram á það, að hann muni einna líklegastur til þess að verja gerðir stjórnarinnar í þessu efni, eftir því, sem honum hafa farist orð á undanfarandi þingum.

Bjarni Jónsson: Það hefir nú um hríð verið traðkað svo á moldum mínum, að jeg verð að rísa upp úr gröf minni og gera stutta athugasemd.

Jeg skildi hæstv. forsrh. (J. M.) svo, að hann hefði ekki átt við mig nje mínar ræður, er hann mintist á fíflskap og vitlausar þingræður, þar sem hann lagði til, að jeg fengi enn að tala í hálfa stund.

Annars er það misskilningur, að jeg vilji taka danskan fána af dönskum skipum, heldur vakir fyrir mjer að fá að sjá íslenskan fána á íslenskum skipum.

Þau orð mín áður, að stjórnin þurfi að kunna fótum sínum forráð, mun mjer auðvelt að standa við. Þá hefði stjórnin kunnað fótum sínum forráð, hefði hún keypt skip fyrir 150 þúsund krónur þegar það bauðst.

Jeg hefi ekki nú farið fram á, að hæstv. stjórn kunni ekki fótum sínum forráð um skipakaup, en að hún hafi ekki tekið skip á leigu og aukið með því strandvarnir landsins á meðan stóð á undirbúningi þessa máls, það er að kunna ekki fótum sínum forráð.

Það hefi jeg vítt, að stjórnin leigði ekki skipið, þegar henni bauðst það. Þá kunni stjórnin ekki fótum sínum forráð, er hún hafnaði boði Vestmannaeyinga.

Hæstv. forsrh. (J. M.) þótti varlega talað af mjer í sumar, er jeg taldi mig ekki vita, hvernig þingið tæki í málið. En hvernig átti jeg að geta annað sagt? Þessi orð mín sýndu Dönum, að jeg vissi ekki alveg, hvernig Alþingi myndi snúast við málinu. En þá sagði jeg líka, að jeg teldi ekki sæmilegt að biðja um meira en það, sem Danir væru skyldugir að veita okkur samkvæmt lögum, en neita þó ekki því, sem þeir vildu við bæta af frjálsum vilja, heldur ráðlagði jeg stjórninni að láta ekki úr höndum dragast að framkvæma vilja þings og þjóðar í þessu efni.

Óbeðin ráð vildi hæstv. forsrh. (J. M.) ekki fá hjá mjer, enda skal jeg ekki íþyngja honum með þeim. Þó vil jeg geta þess, að það, sem hann hefir best unnið um sína daga, hefir hann gert eftir mínum ráðum, og að síðan hann hætti að fara eftir þeim hefir alt farið út um þúfur fyrir honum. Annars er þýðingarlaust að ráða þeim mönnum heilt, sem ekki vilja eftir þeim ráðum fara, ef þau falla ekki algerlega saman við sannfæringu þeirra. En af því hæstv. forsrh. (J. M.) drap dálítið á það, að hann vissi ekki, hvaða trausti stjórnin ætti að fagna nú í þinginu, þá vil jeg láta það verða mitt síðasta ráð honum til handa, að hann skjóti því máli til þingsins og biðji úrlausnar þess. Og af því jeg tel víst, að hæstv. forsrh. (J. M.) hafi hugsað eitthvað líkt þessu áður, þá vona jeg, að hann virði ekki þetta ráð mitt að vettugi; mætti þá vera, að jeg gæti sungið honum og stjórninni verðugt hósíanna.

Fyrirspyrjandi (Pjetur Ottesen): Það eru nú orðnar langar umr. um þetta mál, og er því síst að neita, að ýmislegt hefir slæðst inn í þær, sem alls ekkert kom þessu máli við og átti þar ekki heima. Tel jeg það lítilsvirðingu við

þetta nauðsynjamál, hvernig menn hafa snúist við því á ýmsan hátt, blandað inn í það ádeilum á stjórnina fyrir óskyld efni, og verið að leiða ýmsar getur að tilgangi mínum með fyrirspurninni. Hjelt jeg þó, að jeg hefði sýnt það í ræðum mínum fullskýrt, hvað fyrir mjer vakti.

Hæstv. forsrh. (J. M.) hefir reynt, eins og vænta mátti, að verja aðgerðaleysi stjórnarinnar í málinu og sýna þinginu, að stjórnin hafi ekki brugðist skyldu sinni nje sýnt vanrækslu í þessu efni. Mjer kom það upphaflega kynlega fyrir, hvernig hæstv. forsrh. (J. M.) kom fram í máli þessu á þingi 1919. Í Ed. sá hann ekkert því til fyrirstöðu að framkvæma vilja þingsins í þessu efni og hreyfði ekki mótmælum. En þegar málið var til umræðu í Nd., sjer hæstv. forsrh. (J. M.) svo mörg ljón á vegi þessa máls, að mig og fleiri stórfurðaði á, hversu sljóskygn hann virtist vera á þá hættu, sem þessi þátttaka í landhelgisgæslunni af okkar hendi átti að reyna að hamla upp á móti.

En nú, eftir að jeg hefi hlustað á ræður hæstv. forsrh. (J. M.) og svör hans, held jeg, að mjer fari að skiljast betur afstaða hans þá til málsins. Hann hefir sýnilega ætlað með því að koma dálitlum glundroða á málið, sem lítinn árangur bar, að búa sjer vígi, sem hann gæti flúið til og leitað skjóls í, þegar stjórnin yrði krafin reikningsskapar um málið.

Það var rjett, að í Nd. kom fram rökstudd dagskrá, sem sýnilega átti að vera til þess að koma málinu fyrir kattarnef, eða, eins og tíðast er að orða það, að vísa málinu til stjórnarinnar, og ýmsir telja einskonar „drekkingarhyl“ fyrir málin. Dagskrá þessa flutti þm. S.-Þ. (P. J.), núverandi atvinnumálaráðherra, og varð mjer þá að benda á, að eitthvert leynisamband væri ef til vill milli hans og hæstv. forsrh. (J. M.) um þetta ráðabrugg, enda styrkist jeg betur í því nú, að svo hafi verið. Dagskrá þessi var steindrepin þegar.

Hæstv. forsrh. (J. M.) las upp áðan kafla úr ræðu þm. V.-Ísf. (M. Ó.), sem var framsögumaður sjávarútvegsnefndar, og þótti hann ekki hafa kveðið fast á um málið. Jeg skal nú, með leyfi hæstv. forseta, lesa hjer upp nokkur orð úr ræðu framsögumanns sjávarútvegsnefndar í Ed. (Kristins Daníelssonar). Honum fórust orð á þessa leið:

> „Jeg verð að halda mjer fast við það, sem jeg sagði, um að málið þolir enga bið; mjer er bæði af sjón og raun kunnugt um það, og er má ske næmari fyrir málinu fyrir þá sök“. (Alþt. 1919. B., 1944. d.).

Það er einmitt þetta, að við, sem eigum atvinnu okkar að meira og minna leyti undir því, að sjávarútvegurinn leggist ekki í kaldakol, við erum næmari fyrir því, og mjer finst það líklegasta lausnin á aðgerðaleysi stjórnarinnar, að hana hafi brostið skilning á því, hvað í húfi sje. Hæstv. forsrh. (J. M.) vill nú að vísu ekki við þetta kannast, en líklegri tilgáta finst mjer þetta þó, því væri það ekki, en drátturinn aftur á móti sprottinn af tómlæti og skeytingarleysi á því að bæta úr svo bráðri þörf, þá er þetta enn verra en jeg hefi þó enn ætlað.

Að því væri haldið fram þá (1919), að stjórnin ætti eingöngu að láta byggja skip, en kaupa ekki, er rjett, en sá varnagli var þó sleginn, að ef hún gæti ekki látið byggja skip, þá ætti hún að leigja skip í bili. Það voru aðeins tvær leiðir, sem stjórnin gat farið; henni var enginn frestur gefinn í málinu. Þess

vegna þarf ekki að slá því fram hjer, að stjórnin hafi átt að bíða næsta þings og næsta þings. Nei, hún átti í þessu efni eingöngu að fylgja vilja þings og þjóðar í framkvæmdum þessa máls; hann var svo skýrt markaður, að um hann þurfti ekki að deila og þarf ekki að deila. Þetta vissi stjórnin og veit, þó að hún leitist nú við að koma með undanbrögð í málinu.

Það er hægt að segja nú, að það hefði verið óráð að kaupa skip, sökum verðfalls þess, sem orðið hafi á skipum og svo mikið er talað um, en þó er því aðeins hægt að halda þessu fram, að við höfum ekki beðið meira tjón en sparnaðinum nemur við mismun skipaverðsins. Jeg er viss um, að tapið hefir numið margfalt meiru, eins og jeg sýndi fram á í gær, er jeg taldi upp afleiðingar þær, sem nú eru farnar að sýna sig og enginn hefir hrakið enn.

Að vísu benti hæstv. fjrh. (M. G.) á það, að aukinn trollaraútvegur og mótorbáta hefði breytt þessu að nokkrum mun, en við höfum nóga menn á opnu bátana þrátt fyrir það; og í þessu lýsir sjer skammsýni hjá hæstv. fjrh. (M. G.), því landhelgisgæslan er ekki einasta til að vernda fiskveiðarnar í dag og á morgun, heldur, og ekki síst, fyrir framtíðina, vernda viðkomu fiskjarins, ungviðið, sem mikið heldur sig innan landhelginnar.

Og hvernig er hann svo kominn, þessi trollaraútvegur?

Hæstv. forsrh. (J. M.) mintist á aðgerðir þingsins í þessu máli 1920. Þótti honum svo, sem þar hefði komið fram lítill áhugi á málinu, þar sem ekki hefðu nema tveir menn tekið til máls, framsögumenn sjávarútvegsnefnda í báðum deildum. En jeg get sagt hæstv. forsrh. (J. M.) það, að á því þingi var eindreginn áhugi á strandgæslumálinu, sem best lýsir sjer í því, að enginn hreyfði andmælum; menn gerðu orð framsögumanna að sínum orðum og tillögur nefndanna að sínum tillögum.

Hæstv. forsrh. (J. M.) las upp kafla úr ræðu þeirri, sem jeg hjelt í þessu máli á þinginu í fyrra, þar sem jeg sagði, að þingsályktunartill. ætti ekki hvað síst að vera til þess að leggja áherslu á það við stjórnina að leita fyrir sjer um kaup á skipi, hentugu til strandvarna.En til hvers átti stjórnin að leita fyrir sjer? Auðvitað til þess að kaupa skip. Þarf ekki annað en líta á þetta í sambandi við það, sem á undan var gengið í málinu, til að sjá, ef þetta þykir ekki nógu ljóst, að þetta var meiningin, þótt ef til vill sje hægt fyrir þaulæfðan procurator að hártoga þetta, með því að slíta þessi orð út úr rjettu sambandi. En það vissi hæstv. forsrh. (J. M.) fullvel, að svo bar að skilja þessi ummæli, sem jeg hefi sagt, þótt hann nú grípi til þess örþrifaráðs að reyna að vefengja þau.

Mjer þótti það nokkuð undarlegt, sem hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) lagði til þessara strandgæslumála. Hann taldi það rjett af stjórninni að hafa slegið málinu á frest, en áleit þó, að af þessu aðgerðaleysi stjórnarinnar hefðu sjómenn við Aðalvík beðið tjón svo tugum eða hundruðum þúsunda króna skifti.

Jeg sýndi fram á það í gær, að þótt ekki væri keypt nema eitt skip, þá væri það mjög mikil bót. Jeg sýndi einnig fram á það, að strandgæsla Dana hjer væri ónóg, og væri það sumpart að kenna því, að oft væru foringjaskifti á þeim skipum, og einnig að strandgæslunni væri illa stjórnað. Við Íslendingar þurfum sjálfir að taka forustuna í okkar hendur á þann hátt að hafa eitt skip,

gott og hraðskreitt, sem væri stjórnað af duglegum, áhugasömum og vönum sjómönnum, að þetta skip starfaði með og í fjelagi við dönsku varðskipin, hefði þar á hendi forustuna og slægi ekki slöku við.

Jeg sný ekki aftur með það, að það er hvorttveggja, að stjórnin hefir vanrækt að framkvæma skýlausan vilja þingsins og einnig skýlausan vilja þjóðarinnar, og af þessari vanrækslu hefir hlotist það tjón, sem ekki verður tölum talið.

Þá mintist hæstv. forsrh. (J. M.) á það, að það væri miður sæmilegt af mjer að vitna í orð Jóhannesar Jóhannessonar í fundargerð ráðgjafarnefndarinnar. (**Forsrh. J. M.:** Jeg sagði það ekki). Þóttist hann ekki skilja, að jeg gæti neitt að þeim fundið. Þessi umræddi nefndarmaður viðhefir þau ummæli, að ekki beri að leggja annan skilning í lögin frá 1919 en að eftirlitið væri ófullnægjandi. Mjer þykir þetta satt að segja undarlegur skilningur á lögunum og þeirri hugsun, sem lá til grundvallar fyrir þeim. Og því undarlegra er þetta, þar sem þessi sami hv. þm. er þá búinn að samþykkja frv., sem skipar stjórninni að kaupa, leigja eða byggja skip til strandvarna. Því skipuninni var ekki kipt burtu úr frv. fyr en í hv. Nd.; þó var þetta í rauninni engu síður skipun til stjórnarinnar, þótt því væri í burtu kipt, og það vissi stjórnin.

Jeg þarf ekki að endurtaka það, að rökfærsla stjórnarinnar um kostnaðinn, er aukin strandgæsla hefði í för með sjer, eru gagnslaus rök. Stjórnin gat framkvæmt vilja þingsins í þessu efni. Og því lengur sem framkvæmd málsins dregst, því meira verður tjónið, sem við bíðum, tjónið, sem skiftir áreiðanlega miljónum króna.

Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, að hann gæti ekki svarað spurningum þeim, sem jeg lagði fyrir hann í gær; kvað hann yfirleitt ekki ráðlegt að fela nokkurri stjórn framkvæmd málsins.

Jeg heyri, að sumir þm. muni vera í þann veginn að koma fram með vantraust á stjórnina. Jeg hefi ekki átt neinn þátt í því ráðabruggi. En eftir þessari yfirlýsingu fæ jeg ekki annað sjeð en að stjórnin hafi sjálf lýst á sig vantraustinu, og kemur það þó sannarlega úr hörðustu átt.

Jón Þorláksson: Aðeins örstutt athugasemd viðvíkjandi rjetti Íslendinga samkvæmt 8. gr. sambandslaganna. Jeg viðurkenni, að vegna athugasemdanna við þá grein hefir stjórnin ekki rjett til að gera kröfu til Dana um meira en eitt skip til strandvarna hjer. En jeg lít þó svo á, að hin almenna skylda samkvæmt 8. gr. nái svo langt, að alt, sem Danmörk gerir eða kann að gera í þessu máli, falli undir það að inna af hendi skyldu samkvæmt þeirri grein. Þess vegna geti ekki verið um neina gjöf að ræða, svo sem utan hjá samningnum, þótt Danir auki hjer strandgæsluna. Læt jeg þessa getið hjer, til þess að undirstrika ummæli hv. þm. Barð. (H. K.), að okkur sje engin minkun í því að taka við aukningu strandvarnanna frá Dönum. Mjer finst sjálfsagt að taka því með þökkum, ef þessarar skyldu sje gætt frá Dana hálfu um fram það minsta, sem tilskilið er.

Jeg tel rjett, að við viðurkennum þetta og látum það, hve Danir eru fúsir á að halda þetta samningsatriði drengilega, verða til þess, að önnur atriði samningsins verði vel og drengilega haldin af vorri hálfu. Því svo er

best borgið sæmd beggja samningsaðilja, að þeir láti sjer umhugað um að reynast í hverju atriði betur, en ekki ver en tilskilið var.

Magnús Jónsson: Jeg skal ekki vera mjög langorður; tel það þó skylda kurteisi að svara þeim nokkru, er að mjer hafa sjerstaklega beinst.

Hv. 3. þm. Reykv. (J. þ.) fór ekki alveg rjett með orð mín í ræðu sinni. Hann sagði,að jeg hefði haldið því fram, að ekkert gerði til, hvort strandvarnaskip væru hraðskreið eða ekki. Þetta hefi jeg aldrei sagt. Jeg benti aðeins á það, að ekki væri a l t undir hraðanum komið, og að oft væri meira komið undir smið en verkfæri. Auðvitað kann jeg fyllilega að meta það, að skip sjeu hraðskreið, en þar með er bara ekki alt fengið.

Sami hv. þm. (J. þ.) var mikið að tala um það, hve heppilegt það hefði verið af stjórninni, að hún gerði ekki samning um byggingu á skipi 1919. Jeg er þm. (J. þ.) alveg sammála um það. En mjer finst það samt lýsa fulleindregnum vilja á því að verja stjórnina, að telja henni það til hróss, að hún hafi þó ekki valið alverstu leiðina af þeim þremur, er fyrir hendi voru. Því þrjár leiðir voru fyrir stjónina, að kaupa, byggja eða leigja skip.

Hæstv. fjrh. (M. G.) þarf jeg varla að svara. Hann sagði satt um það, að ekkert stæði um það í þingtíðindunum, að stjórnin ætti að leigja skip Vestmannaeyinga, þór. Jeg hefi aldrei sagt, að þetta stæði í þingtíðindunum, og jeg veit vel, að slíkt stendur þar hvergi. Því þótt jeg sje haldinn ófróður um landsmál, þá las jeg þó í þingtíðindunum allar umræður um þetta mál. Jeg benti aðeins á þetta, að gott hefði verið fyrir stjórnina að leigja „þór" og sýna með því þó örlítinn lit á því, að hún vildi framkvæma vilja þingsins 1919. En þetta hefir stjórnin ekki gert.

Jeg get ekki gengið inn á það hjá hæstv. fjrh. (M. G.), að betra sje að fela túnvörslu öðrum en að framkvæma hana sjálfur.

Hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) var á þeirri skoðun, eins og sumir þm. aðrir, að þingsályktunartill. 1920 hafi dregið úr lögunum frá 1919. Mjer finst þetta vera vottur um undanhald, eins og menn þori nú illa að standa við einurð þingsins 1919. Jeg held fast við minn skilning á till., þann sem jeg hjelt fram í gær, að sú þingsályktun væri árjetting á vilja þingsins 1919, en drægi ekki úr honum á nokkurn hátt. Og skal jeg rökstyðja það.

Þinginu 1920 þótti stjórnin lítið hafa aðhafst í strandgæslumálinu. Því samþykti það þingsályktunartill. þess efnis, að strandvarnirnar skuli auknar. En till. tekur ekki fram, h v e r n i g varnirnar skuli aukna, af þeirri einföldu ástæðu, að þingið næsta á undan hafði tekið það fram, og það hefir ekki talið þörf á að stagla þessu inn í stjórnina, eins og barnakennari, sem verður að margtyggja það sama í skólabörnin.

Mjer finst, að þetta hljóti að vera hverjum manni ljóst. Og þó ekki yrðu miklar umræður um þingsályktunartill. 1920, þá sannar það engan veginn, að áhuginn hafi verið lítill fyrir málinu og skoðanir skiftar, heldur þvert á móti. Því það er alkunna, að miklar umræður stafa ekki af eindrægni um málefnið, heldur af sundurþykkju og skiftum vilja. Hefir þetta og greinilega sýnt sig hjer á þinginu nú. Þau frv., er flestir eða allir hafa verið sammála um, hafa gengið í gegnum deildina umræðulítið

eða umræðulaust. En þar sem fylgi hefir verið skift um eitthvert frv., þar hafa og umræður orðið langar.

Þá kem jeg að ræðu hæstv. forsrh. (J. M.). Hann mintist á, að mörgu hefði verið blandað hjer inn í umræðurnar, sem ekki kæmi málinu við. Vítti hann slíkt, og það rjettilega. En því undarlegar kom mjer það fyrir, er hann tók sjálfur að blanda inn í strandvarnarmálin dómum um gáfnafar mitt og þekkingu. Jeg hjelt, satt að segja, að slíkir dómar kæmu ekki strandgæslumálinu við, og því væri hæstv. forsrh. (J. M.) hjer að gera sjálfan sig sekan í því, sem hann vítti svo mjög hjá öðrum.

Annars þakka jeg honum fyrir þá föðurlegu umhyggju, sem hann virtist bera fyrir mjer. Væri æskilegt, að hans nyti lengi við hjer í þinginu til þess að fræða fávísa þm. En þó verð jeg að segja það, að í þessari kenslustund lærði jeg fremur lítið. Getur verið, að það hafi stafað af því, að þetta var fyrsta kenslustundin.

Jeg vissi það ofurvel, að þegar byrjað var á samningunum við Dani, þá þótti Íslendingum rjettast að hafa ekki samninginn allan í einu lagi, heldur væri sjerstakt skjal, þar sem því væri lýst yfir, að Ísland væri frjálst og fullvalda ríki, en því næst væri gerður samningur um ýms mál, er sameiginleg yrðu fyrst um sinn í meðferðinni, þó að hitt yrði nú að samkomulagi.

Hafi jeg notað orðið „heimild“, — jeg man það ekki fyrir víst, — þá hefir það verið til þess, að jeg gæti gert mig betur skiljanlegan, en slíkt stafaði alls ekki af fáfræði frá minni hlið. Bæði í 8. og 10. gr. sambandslaganna er og svipað orðalag því, sem jeg notaði. Þar er sagt, að Íslendingar geti tekið málin, þegar þeir vilji. Jeg býst því við, að enginn lái mjer, þótt jeg hafi hjer lagt meiri áherslu á að gera mig skiljanlegan heldur en hitt, að hengja mig í ákveðið orðalag, og hart, að hæstv. stjórn skuli nú bjóða hártoganir á einstökum orðum í ræðum manna, í stað þess að standa skil á því, sem Alþingi hafði heimtað að hún framkvæmdi.

Um það, hvað sjálfstæðismenn gerðu á þingi 1909, þá kemur mjer það ekkert við. Jeg mun þá hafa verið unglingur norður í landi.

Jeg hefi aldrei talað um, að það væri þjóðarósómi, að Danir hefðu hjer á hendi strandgæslu. En hitt kalla jeg ósóma, þó að jeg viðhefði ekki svo óþinglegt orð í ræðu minni um daginn, að stjórnin skyldi ekki hafa farið eftir vilja þings og þjóðar í strandgæslumálinu.

Hæstv. forsrh. (J. M.) sagði, að jeg gæti verið ánægður með skýrslu sína um þetta mál. Það er nú svo. En jeg tel ekki mest undir því komið, hvað stjórnin hefir sagt í málinu, heldur hinu, hvað hún hefir gert til þess að framkvæma vilja þingsins.

Þá get jeg ekki verið hæstv. forsrh. (J. M.) sammála um það, að það hefði verið ófært og óverjandi að byrja strandgæsluna með „Þór“. Jeg hefi áður bent á það, að heppilegasta aðferðin til að verja landhelgina væri sú, að varðskipið væri á sveimi, þannig, að togararnir sæju það stöðugt og þyrðu því ekki að koma í landhelgina. Og til þesskonar varna þarf ekki hraðskreitt skip. Hitt get jeg gengið inn á, að gott væri að hafa líka hraðskreitt skip, er færi vítt um þau svæði, er ekki væru skip á til varna að staðaldri.

Að lokum var svo hæstv. forsrh. (J. M.) að tala um það, að nef þm. hefðu verið límd saman nú upp á síðkastið. Jeg veit auðvitað ekki, hvar nef hv. þingmanna hafa verið, en mjer þykir rjett að geta þess, að mitt nef hefir alls ekki verið í þeirri nefjakássu.

Yfirleitt benti ræða hæstv. forsrh. (J. M.) í þá átt að reyna að leggja sem allra minst inn í þær skyldur, sem þingið hefir lagt stjórninni á herðar. Þetta sannfærir mig enn betur en áður um það, hve óheppilegt og háskalegt það er að fela þeim að fara með þau mál, er varða heill þjóðarinnar, sem sjálfir hafa ekki áhuga á þeim. Svo eru lög, sem hafa tog. Og víst er það, að sú stjórn, sem sjálf hefði haft áhuga á því, að Íslendingar kæmu góðu lagi á landhelgisvarnirnar, og viljað vel gera, hún hefði getað fengið alt annað og miklu meira út úr lögunum frá 1919 og þingsályktunartill. 1920.

Forsætisráðherra (J. M.): Hv. frsm. (P. O.) sagði, að hann áliti, að stjórnin gæti nú lofað að kaupa skip. En jeg sagði, að stjórnin gæti ekki skilyrðislaust lofað að kaupa skip. Enn fremur sagði jeg, að ef þingið endilega vildi kaupa skip, þá gæti hún leitað upplýsinga um, hvað það mundi kosta.

Hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að jeg hefði sagt, að jeg vildi ekki fara að neins manns ráðum. En jeg sagði, að jeg færi ekki að hans ráðum, nema þau fjellu saman við mína skoðun.

Hv. 4. þm. Reykv. (M. J.) þarf jeg alls ekki að svara. Það var ekki nokkur skapaður hlutur í þessari löngu ræðu hans svaravert, og hún var yfir höfuð ógnar tilkomulítil. Mjer þótti leitt, að hann skyldi ekki hafa haft neitt gott af því, sem jeg sagði um sambandslögin. En það verður að heimta það af hverjum þingmanni, að hann þekki sambandslögin út í æsar. Það er ekki sama, hvaða orð eru brúkuð í þessu sambandi, og það er vorkunnarlaust, jafngreindum manni, að greina hjer rjett frá.

Hv. þm. (M. J.) sagðist ekki hafa viðhaft orðið „þjóðarsmán", en hann mintist eitthvað á spegilmynd sjálfstæðisins og fleira í sömu átt. En það mun hafa verið hv. 1. þm. Rang. (Gunn. S.), sem mintist á þjóðarsómann.

Þar sem hann segir, að hann hafi ekki tekið þátt í ráðagerðum um að steypa stjórninni, þá var ekki hægt að hugsa annað, því að mjer vitanlega hefir ekki heyrst, að hann hafi haft annað til brunns að bera, eða haft aðra verðleika til þingmensku, en það eitt, að lofa því að vera á móti núverandi stjórn.

2. Símagerð og póstgöngur í Dala- og Barðastrandarsýslum.

Á 44. fundi í Nd., föstudaginn 15. apríl, var útbýtt

Fyrirspurn til stjórnarinnar um símagerð og póstgöngur í Dalasýslu og Barðastrandarsýslu (A. 316).

Á 45. fundi í Nd., laugardaginn 16. apríl, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skuli.

Fyrirspurnin leyfð með 20 shlj. atkv.

Á 65. fundi í Nd., mánudaginn 9. maí, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með

því að atvinnumálaráðherra hafði tjáð sig búinn til að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 68. fundi í Nd., fimtudaginn 12. maí, var fyrirspurnin aftur tekin á dagskrá.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 72. fundi í Nd., miðvikudaginn 18. maí, var fyrirspurnin enn tekin á dagskrá.

Hákon Kristófersson: Úr því að hv. aðalflm. (B. J.) sýnir mjer þann sóma að segja, að jeg hafi hjer framsöguna. vil jeg gera nokkra grein fyrir fyrirspurninni á þskj. 360. Eins og auðvitað er, er tilgangurinn aðeins sá, að fá það skýrt frá hæstv. stjórn, hvað hún ætlast fyrir í þessu máli.

Um allmörg ár hefir það verið mesta áhugamál manna vestur þar að fá síma, ekki einungis um þetta umrædda svæði, heldur alla leið frá Búðardal og vestur Barðastrandarsýslu. Og þetta er þarna, sem annarsstaðar, eitt þeirra lífsskilyrða, sem viðurkent er að sje ómetanleg lyftistöng fyrir hjeraðið. Jeg þykist líka mega fullyrða það, eftir samtölum við landssímastjóra, að hann telji brýna þörf á þessari línu, ekki einungis vegna þessara sveita einna, sem í hlut eiga, heldur yfirleitt til þess að koma símasambandinu við Vesturland í gott horf. Það gegnir því furðu, að ekkert skuli hafa verið framkvæmt í þessu efni, og er ekki nema eðlilegt, að sýslubúum sje farin að leiðast biðin. Þess vegna er nú fyrirspurnin komin fram.

Og það er þess furðulegra, þegar hægt er að staðhæfa, að símastjóri hefir sagt bæði mjer og öðrum, að aldrei muni símasamband milli Reykjavíkur og Vestur-Ísafjarðarsýslu komast í lag fyr en þessi lína er komin.

Jeg býst nú við, að stjórnin berji því við, að fje hafi ekki verið til til þessara framkvæmda. Og jeg mun ekki telja, að hún fari þar með ósannindi, en fullyrði þó, að ef engin símalagning á að eiga sjer stað fyr en afgangsfje er í ríkissjóði, þá verði það aldrei.

Jeg gat þess í sambandi við annað mál, að ef bráðar framkvæmdir ættu sjer stað, þá mundu hjeraðsbúar gera þetta svo ódýrt fyrir ríkisstjórnina, sem mögulegt væri, t. d. að því er flutning efnis og annað þess háttar snertir. Því hefir nú verið barið við, að efni til símalagningar væri svo dýrt, að ekki væri unt að ráðast í símalagningar. Ekki vil jeg gera lítið úr slíkri ástæðu, en þar sem alt virðist nú vera að lagast, vonar maður, að framkvæmda í þessu verði ekki langt að bíða. En það er einmitt tilgangurinn með fyrirspurninni að vita, hvað hæstv. stjórn segir um það atriði.

Eins og gefur að skilja, þá getum við flm. ekki lagt fram neinar áætlanir til að sýna, hvaða tekjur gætu orðið hjer. En það er þá ekki heldur neitt aðalatriði, því aðalatriðið er, að símakerfið í heild sinni borgi sig fyrir landið. Og jeg vil geta þess, að jeg tel illa farið, að hagur landsins skuli hafa orðið svo bágborinn, að þurft hefir að taka tekjur símans til annara útgjalda en símalagninga. Með tilliti til þess, að öllum er ljóst, hve mikilsvert það er fyrir hjeruð landsins að hafa síma, þá hafa menn gert sjer hinar glæsilegustu vonir um, að hæstv. stjórn, þing og símastjóri mundi gera sitt til að koma þeim í framkvæmd, og þó sjerstaklega með tilliti til þess, að þegar sími var lagður til Vesturlands, þá sást, að þessa leið hefði hann átt að liggja.

Mál þetta var nú komið svo langt, að loforð hafði fengist fyrir lagningu síma til Króksfjarðarness, en ekki verið efnt, vegna dýrtíðar, að sagt er. En jeg vona nú, að með sól og sumri vakni mál þetta til veruleikans og stjórnin geri það, sem hún geti. En um þetta viljum við nú fá einhverjar upplýsingar hjá hæstv. landsstjórn sjálfri, til þess að geta flutt þær hjeraðsbúum.

Jeg finn svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þennan fyrri lið fyrirspurnarinnar, á meðan mjer ekki er gefið neitt sjerstakt tilefni til þess, en það kann nú að verða síðar, heldur snúa mjer að síðari liðnum.

Hv. þm. Dala. flutti, ásamt mjer og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), till. á þinginu 1919 um að skora á stjórnina að færa póstferðir í Dala- og Barðastrandarsýslum í það horf, sem þær voru áður. Samgöngumálanefnd lagði til, að málinu yrði vísað til stjórnarinnar, en mjer er ekki ljóst, að hæstv. stjórn hafi í neinu látið þetta mál til sín taka, og engu þar um breytt. Jeg þykist nú vita, að hv. þm. hafi rekið sig á áskoranir, sem liggja hjer frammi, frá íbúum Austur-Barðastrandarsýslu, um að færa aftur í gamla horfið. Það mun nú hafa vakað fyrir póstmálastjórninni, að þessi breyting ætti að vera til sparnaðar. Jeg hygg nú, að þótt sparnaður hafi verið á einu sviði, þá hafi hans ekki gætt á öðru. Eins og kunnugt er, þá lá póstleiðin um Arngerðareyri, Þorskafjarðarheiði, Króksfjarðarnes, Hjarðarholt og Borgarnes. Þorskafjarðarheiði er mjög fjölfarin, og má óhætt slá föstu, að það er ekki lítils virði, að á erfiðri heiði sje svo tryggilega um búið hvað vörður og vegi snertir, sem best má vera, og það leiðir af sjálfu sjer, að þegar hún er póstleið, þá er betur stutt að þessu. Enda var svo áður en þessu var breytt, og heiðin var orðin alveg ágæt yfirferðar upp á síðkastið. Enn fremur er það mikill kostur að geta notið fylgdar póstsins yfir þessa heiði, og svo líka frá Borgarnesi og til Barðastrandarsýslu, eða úr Barðastrandarsýslu til Borgarness. Nú fer pósturinn frá Ísafirði um Arngerðareyri, Steingrímsfjarðarheiði, um Tungusveit til Hólmavíkur, um Gröf í Bitru til Staðar í Hrútafirði, og þaðan til Borgarness. Með þessu lagi hefir hinu beina sambandi milli Barðastrandarsýslu og Dalasýslu verið slitið.

Á næsta nýári fá þó Dalamenn nokkra bót, þar sem þeir fá póst frá Borgarnesi í Búðardal. Jeg skal nefna dæmi, að með því fyrirkomulagi, sem nú er, þá mundi brjef, er ætti að fara úr Barðastrandarsýslu í Saurbæinn, fara til Staðar í Hrútafirði, þaðan með Stykkishólmspósti til Búðardals í kringum Klofning, og þaðan til Stórholts í Saurbæ. Og hljóta allir heilskygnir menn að sjá, hversu óhagstætt slíkt fyrirkomulag er.

Að þetta hafi svo mikið að segja út af fyrir sig, því skal jeg ekki slá föstu, en óhætt er að fullyrða, að allmikið verða þessi brjef seinni í ferðum með þessu fyrirkomulagi.

Jeg býst nú við, að till. þeirra, er hafa látið sig þetta mál svo mjög skifta, sem sje Strandamanna, hafi mátt sín mikils, enda þeir gert sitt ítrasta. Og jeg lái þeim það ekki, og vil víst ekki fara í reipdrátt milli hjeraðanna. En hins vegar sje jeg þá ekki heldur, að hægt sje að lá íbúum Austur-Barðastrandarsýslu, þótt þeir sjeu ekki ánægðir og óski þess, að breyting verði á því fyrirkomulagi, sem nú er.

Nú hafa kunnugir menn hreyft því,

og jeg held aðalpóstmeistari fallist á það, að leiðin liggi um Þorskafjarðarheiði og Króksfjarðarnes, frá Kleifum í Gilsfirði yfir í Gröf í Bitru og til Staðar í Hrútafirði. En svo taki sig aftur póstur upp að norðan, sem fari um Kleifar í Gilsfirði til Stórholts og Búðardals.

Kæmist þetta á, þá er að minsta kosti að nokkru leyti fullnægt þörf Barðastrandarsýslu, og svo kæmist aftur á samband milli hennar og Dalasýslu.

Þegar við hv. þm. Dala. (B. J.) fluttum þessa fyrirspurn, hafði jeg engar vonir um breytingu, en síðan hefi jeg fengið dálitla ástæðu til að vona, að úr þessu verði bætt, svo að jeg eftir atvikum held, að hlutaðeigandi hjeruð mætti láta sjer vel líka. Byggi jeg þessar vonir mínar á tali mínu við aðalpóstmeistara, og þótt hann hafi ekki gefið full loforð, þá held jeg, að þegar alþektur heiðursmaður segir: „Jeg held það geti orðið svona", þá sje eitthvað á því að byggja.

Jeg þykist vita, að hjer í deildinni sjeu menn, er geta upplýst, að hjer sje ekki verið að fara fram á neitt, sem er ófyrirsynja að minnast á. Get jeg þar nefnt þá hv. þm. Ísaf. (J. A. J.), hv. þm. Str. (M. P.) og hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Í sambandi við hv. þm. Str. (M. P.) vil jeg geta þess, að þótt hann vilji vera sem allra sanngjarnastur, þá lái jeg honum ekki, þótt hann telji sjer ekki skylt að mæla með þeim breytingum, sem ef til vill kæmu hans hjeraðsbúum illa. Jeg býst þá við, að jeg og hv. þm. Dala. (B. J.) höfum ástæðu til að ætla, að seinni lið till. verði fullnægt frá næsta nýári, en jeg teldi þó vel farið, ef hæstv. atvrh. (P. J.) ljeti í ljós álit sitt um þetta mál, og sjerstaklega vildi jeg heyra af vörum hans, hvort það hefði við rjett rök að styðjast, að hæstv. atvrh. (P. J.) hafi mælt á móti því, að sambandið við þessi hjeruð yrði eins og áður. (**Atvrh. P. J.**: Mælt á móti við hvern?). Ja, jeg geri ráð fyrir, að hæstv. atvrh. (P. J.) viti, hvern jeg á við. (**Atvrh. P. J.**: Við hvern? Við hvern?). Líklega á jeg ekki við óviðkomandi menn, svo hæstv. atvrh. (P. J.) getur svarað sjer sjálfur. Jeg vil ekki fara að nefna nein nöfn hjer. (**Atvrh. P. J.**: Þá er það ekki svaravert). (**B. J.**: Annaðhvort er það póstmeistari eða samviska ráðherrans sjálfs!). Það má vera, að það sje þá ekki svaravert, en mjög er þetta óvingjarnlega mælt af hæstv. atvrh. (P. J.), en jeg vona nú samt, að hann sýni stöðu sinni þann sóma að upplýsa þetta mál, sem ekki er af neinum illum vilja fram komið.

Að svo komnu finn jeg ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Eins og jeg hefi sagt, þá geri jeg mjer góðar vonir um seinni liðinn, en vænti upplýsinga um þann fyrri.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Jeg ætla að byrja á endanum hjá hv. flm. (H. K.) og geta þess, að jeg hefi ekki minst á þetta mál, um póstferðirnar, við neina aðra en hv. þm. Dala. (B. J.) og aðalpóstmeistara. Það kann nú að vera, að jeg hafi hreyft einhverjum mótmælum við hv. þm. Dala. (B. J.), en alls ekki við póstmeistara. Annars vil jeg biðja hv. þm. Barð. (H. K.) að misvirða það ekki við mig, þótt jeg svari honum mjög stutt. Það má nefnilega alls ekki leggja það út á þann veg, að jeg vilji taka illa í mál hans, enda var ræða hans svo hógvær og þingleg, að til þess væri síst ástæða. En mjer virðist þetta mál svo þaulrætt, bæði á fyrri þingum

og nú á þessu, að ekki ætti að þurfa að fjölyrða svo mjög um það nú.

Það er þá fyrri spurningin: Hvers vegna er ekki hafinn undirbúningur undir lagning marglofaðs síma frá Búðardal til Króksfjarðarness? Það er búið að tala nokkuð um þetta atriði í sambandi við fjárlögin og fjáraukalögin, og er þar því til að svara, að það var fyrirsjáanleg tekjuþurð, sem gerði að verkum, að stjórnin varð að taka rif í seglin með útgjöldin. Og í fyrra haust var ómögulegt að fá yfirfærða peninga til efniskaupa handa símanum, eins og sjest á því, að stjórnin gat ekki staðið í skilum með póstávísanafjeð til útlanda, sem átti að greiða. Nú er svo, að í fjárlögunum er gert ráð fyrir, að þessari framkvæmd verði frestað, ef annað, sem á undan verður að ganga, er ekki komið í verk. Athugasemd sú er á þessa leið:

> „Símalínurnar undir staflið c.—e. verða því aðeins lagðar, að trygging sje fyrir því, að lína, lögð fyrir lánsfje, komi jafnframt frá Reykjavík til Borðeyrar".

Nú var hvorttveggja í haust sem leið: fjárþurð til yfirfærslu, eins og áður er sagt, og efni alt í hæsta lagi, svo að línan til Borðeyrar gat ekki komist á, og kemst ekki fyr en næsta sumar. Árdráttur á þessari framkvæmd var því óhjákvæmilegur.

Út af því, sem hv. þm. (H. K.) sagði um þörfina á þessari símalínu, þá var stjórninni og hefir víst að undanförnu verið fullljóst um hana. Það er alls ekki vegna áhugaleysis stjórnarinnar, að þetta verk er ekki gert, heldur liggja til þess ýmsar óviðráðanlegar ástæður; flutningar til landsins, og þar með einnig ýmsar framkvæmdir, stöðvuðust vegna ófriðarins, og síðan bættist dýrtíðin og fjárkreppan ofan á alt annað. Þarna liggja orsakirnar til þess, að ótalmargt, þetta og annað, hefir dregist úr hömlu.

Umsögn símastjóra, sem hv. flm. (H. K.) skírskotaði til, hefir í raun og veru ekki mikið að segja. Það hefir síst staðið á honum. Hann hefir lagt mikla áherslu bæði á þessa símalínu og aðrar, t. d. símalínu sunnanlands, austur frá Vík í Mýrdal til Hornafjarðar, þannig, að tvöfalt símasamband geti náðst milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar. En úr því hefir ekki getað orðið, og það á vafalaust langt í land, vegna þeirra erfiðleika allra, sem jeg áðan nefndi.

Ástæðan til þess, að stjórnin tók þetta ekki upp í fjárlögin í vetur, var eingöngu peningavandræðin. Úr því hefir nú þingið bætt, og er kostnaðaráætlunin nú miklu lægri en áður, vegna verðfalls á efni og vinnu. Það hefir því að minsta kosti ekki orðið að baga fyrir landið, að efnið var ekki keypt í fyrra.

Hvort þetta kemst í framkvæmd 1922 er algerlega komið undir peningamálunum. Og enn þá er ekki sjeð, hvernig úr þeim rætist, nje heldur að hve miklu haldi þær ráðstafanir muni koma, sem þingið nú kann að gera.

Jeg býst við því, að þessar símalagningar muni standa jafnfætis öðrum framkvæmdum á fjárlögunum, eða jafnvel framar sumum, sem síðar eru til komnar.

Þá sný jeg mjer að síðari lið fyrirspurnarinnar: Hvers vegna hefir aðalpóstleiðin um Austur-Barðastrandarsýslu og Dalasýslu verið lögð niður?

Hv. þm. (H. K.) gat þess, að þessu máli hefði verið vikið til stjórnarinnar á þingi 1919. Þingið vildi þá ekki blanda sjer í málið, en vísaði því til stjórnarinnar. Þetta er heldur ekkert stórmál,

og best, að hjeraðsbúar eigi um það við póstmeistara.

Jeg játa það, að mig skortir kunnugleika til þess að tala um þetta mál af eigin sannfæringu. En hv. þm. Str. (M. P.) talaði í þessu máli á þinginu 1919. Er hann kunnugur staðháttum þar, og get jeg skírskotað til ræðu hans þá.

Þá er það ekki rjett, sem hv. frsm. (H. K.) gat til, að stjórnin hafi ekkert skift sjer af þessu máli. Þegar póstmeistari kom með póstáætlanirnar til þess að bera þær undir stjórnina, þá átti jeg við hann tal um þetta, og sannfærði hann mig um, að hjer væri um að ræða svo mikinn sparnað í aðra hönd, að önnur ráð yrði að finna til þess að kippa póstferðum í lag á þessu svæði en að færa þær í samt lag og áður. Taldi jeg engan færari um þetta að dæma en póstmeistara sjálfan. Varð jeg þess fullviss, að fyrir heildina er að þessari tilhögun ferðanna talsverður hagur, tiltölulega lítill bagi fyrir einstök bygðarlög, en álíka hagur fyrir Strandamenn. (B. J.: Rjettlætið er þá í því fólgið að hengja bakara fyrir smið). Jeg hugsa hjer um hag heildarinnar. Hrepparnir hafa ávalt sína málsvara. En heildin hefir aðeins að forsvarsmanni veika stjórn, sem allir gera sjer að skyldu að hnýta í. — Jeg átti um leið tal við póstmeistara um, hvort ekki mætti bæta póstsambandið milli Búðardals og Borgarness, og varð að samkomulagi að gera það eins og kunnugt er, að nú fer póstur eins og áður á milli Borgarness og Búðardals í hverri ferð. Í Dalasýslu er baginn aðeins fyrir nokkra bæi norðan Búðardals, meðfram póstleið, og sá baginn, að þeir hafa ekki beint póstsamband við Ísafjörð. Það er því alls ekki rjett hjá hv. frsm. (H. K.), að stjórnin hafi ekkert látið til sín taka í þessu máli. Í Barðastrandarsýslu mun það vera svipað um fáeina bæi.

Mjer skildist á ræðu hv. frsm. (H. K.), að hann legði ekki síður áherslu á, að þetta yrði tap fyrir gömlu aðalpóstleiðina vegna veganna, heldur en vegna póstsins sjálfs. Sagði hann, að betur væri sjeð um póstvegi en aðra vegi. Jeg held, að þetta hafi lítið til síns máls, og að lítill arður sje að því fyrir vegi landsins að heita póstleiðir. Jeg held, að ekki hafi um aðra vegi verið ver sjeð en t. d. á póstleiðinni milli Akureyrar og Reykjavíkur. Og svipuð dæmi mætti nefna úr öðrum hjeruðum, og þá ekki síst úr mínu eigin kjördæmi. Jeg fæ því ekki sjeð, að þetta sje bagi fyrir vegina vestur þar.

Hv. frsm. (H. K.) sagði, að beina póstsambandið hefði verið slitið sundur með þessari ráðstöfun. Jeg er þessu að vísu ekki vel kunnugur, en eftir því, sem jeg hefi komist næst, þá munar þetta tveimur bæjarleiðum, og getur þá naumast kallast sambandið mikið slitið, enda ætti og að vera hægt að bæta úr því með fremur ljettu móti.

Mjer hefir nú heyrst á hv. frsm. (H. K.), að hann væri vonbetri eftir að hafa átt tal við póstmeistara um þetta mál, og sjer hann þá líklega einhver ráð til umbóta. Mun jeg og verða hlyntur þeim umbótum, sem hann leggur til, og ekki spilla þar neinu um.

En jeg býst ekki við, að til mála geti komið að færa póstgöngurnar alveg í sama horfið, enda telur póstmeistari það svo verulegan skaða. Sem sagt, jeg mun verða hlyntur umbótum eftir till. póstmeistara, enda hefi jeg aldrei mælt á móti þessu máli, nema í prívatsamtali við hv. þm. Dala. (B. J.).

Fyrirspyrjandi (Bjarni Jónsson): Jeg hafði búist við því, að jeg þyrfti ekki að standa upp í þessu máli, þar sem jafnskörulegur maður og hv. þm. Barð. (H. K.) hafði framsögu. En sú framsaga lenti í tómum gullhömrum til hæstv. atvrh. (P. J.), en mjer virðist sem þetta mál þurfi að kaldhamra dálítið, og því stend jeg upp.

Hæstv. atvrh. (P. J.) gerði grein fyrir því, hvers vegna símalagningunni hefði verið frestað, og taldi fram heimildir til þess. En því er lagningunni frestað svona lengi? Því eru ekki þegar keyptir staurar, sem fluttir verði til landsins í haust og síðan dregnir á ísum á vettvang á næsta vetri? Þetta er krafa mín, og þetta er krafa allra Dalamanna og Barðstrendinga.

Nú er þessi sími kominn í fjárlögin, og er því engin sanngirni í að draga framkvæmdir lengur. Því þessum síma er búið að lofa Dalamönnum þing eftir þing síðan fyrir ófriðinn.

Hæstv. atvrh. (P. J.) ber fyrir fjárskort, en hann á ekki að hamla þessum framkvæmdum. Þegar þingið skilst, þá verður fyrir hendi heimild til lántöku fyrir stjórnina. Hún getur því strax látið kaupa staurana, enda hafa þeir nú fallið í verði um einn þriðja, og veit enginn, hvort betra verður að bíða með kaup. En hitt vita allir, að nauðsyn er á skjótum framkvæmdum í málinu, ekki í orðum, heldur í verki.

Þó að landssímastjóri hafi minst á það, að nauðsyn bæri til að leggja síma einhvern tíma frá Vík í Mýrdal til Hornafjarðar, þá sýnist mjer það ekki koma mikið þessu máli við. Það verður ekki vefengt, að hyggilegra er að leggja síma þar vestra um bygðir, og öllu nauðsynlegra en ausa stórfje í síma á eyðisöndum, til þess að láta Skeiðará sópa því í sjó fram. Hefði þinginu verið nær að fallast á þær till., sem við hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) bárum fram á árunum, um að koma upp loftskeytastöð í Vestmannaeyjum og á suðurströnd landsins. Þingið vildi ekki líta við því þá, en er nú búið að bisa við að koma upp loftskeytastöðvum, þegar alt til þeirra er orðið margfalt dýrara. Hefir sú óráðþægni kostað landið að minsta kosti hálfa miljón kr.

Það fer svo, þegar rifjuð er upp saga síðari ára, að þá kemur það í ljós, hverjir hafi í raun rjettri verið eyðslusamastir á landsfjeð.

Hæstv. atvrh. (P. J.) segir, að ekkert vanti annað til þessara framkvæmda en peninga. En jeg segi, að það vanti enga peninga. **(Atvrh. P. J.:** Það er áþreifanlegt og verður ekki neitað). Og þó neita jeg því. Og jeg neita því vegna þess, að það er nógur afgangur af símatekjunum til þess að leggja fyrir þennan síma. Þann afgang á að nota til símalagninga, en stjórnin hefir notað hann ólöglega til annars og eytt honum. Þetta er satt, og því verður ekki neitað.

Jeg enda svo mál mitt um þennan lið með því að endurtaka rjettmæta kröfu Dalamanna um, að ráðstafanir verði gerðar strax til þess, að síminn geti orðið fullger á næsta sumri. Og mun það í einhverju sjást, ef stjórnin skorast undan þessu.

Það er hægra að halla rjetti einstaks manns, eins og t. d. stöðvarstjórans í Vestmannaeyjum, heldur en að ganga á rjett tveggja fjölmennra hjeraða. Því þó að menn virði rjettinn og rjettlætið að vettugi, þá virða menn þó altaf máttinn og skelfast hann, og hann er meiri hjá tveimur hjeruðum en einum manni.

Þá kem jeg að póstgöngunum. Hæstv. atvrh. (P. J.) sagði, að það þyrfti þekk-

ingu til þess að skera úr um það, hvort hagur eða bagi væri að breytingunni fyrir sýslurnar. Þetta er rjett. En jeg hygg, að kjósendurnir sjálfir í þessum hjeruðum þekki þetta best, og betur miklu en bæði póstmeistari og hæstv. atvrh. (P. J.).

Eins og spurningin um ræðir, þá er hjer átt við póstleiðina, sem nú liggur um Steingrímsfjarðarheiði, en áður lá frá Króksfjarðarnesi um Þorskafjarðarheiði að Ísafjarðardjúpi. Jeg þekki vel þennan fjallveg, og sömuleiðis þekki jeg vel allar leiðir í Dalasýslu, því jeg var uppalinn þar frá því jeg var 10 ára. — Eftir mínum kunnugleik get jeg ekki sjeð, að nein ástæða hafi verið til að breyta póstleiðinni, en hinu er jeg fylgjandi, að bæta póstgöngur í Strandasýslu, en án þess að taka nokkuð af öðrum. **(Atvrh. P. J.:** Þetta er rjett þá). Það er ekki rjett, því að póstleiðir eru ekki til að spara, heldur til að bæta samgöngur, sem menn eiga sjálfsagða heimtingu á. Hæstv. ráðherra (P. J.) mun sannfæra sig um það, að hjer er ekki um sparnað að ræða, og er því sjálfsagt að breyta þessari leið eins og hún var áður. Póstmeistari hefir gefið það upp, að það kostaði 2000 kr. á ári. **(M. P.:** 4000; það er prentvilla í reikningnum). Nei, 2000; það er þá prentvilla í hans eigin munni. Hann sagði sjálfur, að það hefðu sparast 2000 kr. við það, að það var lögð niður póstleiðin, sem verið hefir frá upphafi, og tel jeg það illa farið.

Það líkist illa þeim mönnum, sem vilja veita 200 til 300 þús. kr. fyrir eitt skip, til að skrölta í óþarfaferðir hafna í milli, að leggja niður þær ferðir, þar sem lífi manna er hætta búin, ef þeir hafa ekki samfylgd. Þetta er tvent ólíkt, og ætti ekki að vera sama stjórnin, sem gerði þetta. Fyrir landið í heild hefir það ekki stóra þýðingu, hvort póstleiðin liggur yfir Steingrímsfjarðarheiði eða Þorskafjarðarheiði. En þeir, sem þekkja Þorskafjarðarheiði, vita, að það er ekki hættulaust að fara samfylgdarlaust yfir hana að vetrarlagi, ekki síst fyrir kvenfólk og unglinga. Og því reyna menn að hafa samfylgd póstsins, og hefir það bjargað lífi margra manna að geta notið þessarar samfylgdar, og væri ekki of mikið, þó að landið styddi það með því að láta vera að spara þessar 2000 kr.

Því var haldið rjettilega fram á þinginu 1919, að Dalamenn mundu ekki vinna neitt við breytinguna, því að þeir hafa mikils mist. En jeg verð að segja það, að mjer finst það undarlegt af hæstv. atvrh. (P. J.), þar sem hann hefir ekki sýnt Dalasýslu neinn illvilja, en heldur hitt, að hann skyldi beygja sig undir póstmeistara, í stað þess að beygja hann undir sig. Sú bót hefir líka orðið á, að póstur gengur nú frá Dalsmynni til Búðardals, og hefir það bætt mikið fyrir Dalamönnum ferðir á vetrum, því það var ilt að þurfa að fara Brekkuna að vetrarlagi, án póstfylgdar. En jeg held, að póstmeistari hafi viljað fallast á, að póstur gangi frá Búðardal að Staðarfelli, og annar frá Hnúki að Stórholti eða Ólafsdal, og er þá ein bæjarleið inn að Kleifum, og þá þar af leiðandi betra samband vestur á bóginn.

Það kann að vera, að vegunum verði haldið eins vel við þó að póstleiðin liggi ekki um þá, en jeg er þó hræddur um, að minni rækt verði lögð við þá.

Hvað póstmeistari hefir sagt, og hæstv. atvrh. (P. J.) síðan gengið inn á, getur engin áhrif haft á þá, sem hafa

samúð með þessari sýslu. En jeg vil heldur bæta samgöngurnar, þó að kosta þurfi til þess 2000 kr., heldur en spara það með því að gera þær verri en þær hafa verið um langan tíma áður. Það er sjálfsagt, að vegur liggi yfir í Hrútafjörð og póstleið inn með Hrútafirði, en þess vegna þurfti ekki að spara þessa leið, og vildi jeg því spyrja hæstv. atvrh. (P. J.), hvort hann vildi ekki ganga inn á að laga þetta aftur, en leggja þó ekki hinar nýju niður. Það er mikil framför að því, þar sem menn að norðan og norðvestan af landinu ferðast mikið út yfir til Vestfjarðanna; t. d. hafa margir útróðrarmenn sótt til Bolungavíkur og í ýms önnur ver. Hitt efast jeg ekki um, að þótt þetta fyrirkomulag sje búið að standa í 2—3 ár, þá sje hægt að breyta því, úr því farið var að breyta hinu, sem búið var að standa í 60—70 ár. Það er hart til þess að vita, að heil hjeruð skuli vera svift þeim samgöngum, er þau hafa búið við svo lengi, að þeim öllum fornspurðum.

Jón Auðunn Jónsson: Jeg vildi aðeins undirstrika það, sem hv. fyrirspyrjandi (B. J.) hefir tekið fram, og álít það óverjandi, að Barðastrandarsýsla og Dalasýsla skuli vera símasambandslausar, og að póstgöngunum skuli vera hagað eins og nú er. Það verður ekki viðunandi símasamband við Vestfirði fyr en lögð verður símalína um Dalasýslu og suðurleiðina um Barðastrandarsýslu. Jeg vil taka það fram, að þótt eitthvað megi spara með þessu fyrirkomulagi, sem nú er, þá er sá hagnaður vafasamur. Það er ekki einasta, að hjeruð þessi hafa ófullnægjandi samband við Ísafjörð, sem þau hafa mikil viðskifti við og þurfa að hafa, heldur þarf einnig að athuga það, að fyr eða síðar þarf að leggja veginn um suðurleiðina. En að fara að leggja fje til vegar á nýrri póstleið yfir Steingrímsfjarðarheiði að nauðsynjalitlu, álít jeg ekki rjett. En eins og nú er komið ferðum, þá held jeg því fram, að það sje bráðnauðsynlegt, að veginum um Þorskafjarðarheiði sje haldið vel við. Það er eina samgönguleiðin, er Barðstrendingar og Dalamenn hafa við Vestfirði, því að varla er að tala um samgöngur á sjó. Mjer er sjerstaklega kunnugt um þörfina á þessu vegna bankaviðskifta, sem þessi hjeruð hafa við Ísafjörð. En síðan breytingin komst á er mönnum nærri ómögulegt að hafa peningaviðskifti við Ísafjörð. Jeg skal að vísu játa það, að það mun nokkuð stafa af því, að póstferðirnar eru ekki eins vel ræktar og skyldi, og þá helst póstferðirnar frá Hólmavík að Króksfjarðarnesi. En það verður aldrei eins gott samband með þessum nýju, og ekki fyr en sú gamla verður tekin upp.

Jeg vil undirstrika það, sem hv. þm. Dala. (B. J.) sagði, að það sje nauðsynlegt öllum íbúum í þessum hjeruðum, að póstleiðin liggi um Þorskafjarðarheiði.

Magnús Pjetursson: Jeg bjóst við að komast hjá því að taka til máls í þessu hjegómamáli. En af því að hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) gat ekki setið á sjer, þá get jeg það ekki heldur. Jeg vildi þá skjóta því til hæstv. stjórnar, út af fyrri lið fyrirspurnarinnar, hvort hún muni ekki, að í framsöguræðu á þinginu 1919 var bent á, að hún skyldi gera hjeruðum þessum aðvart, ef hún sæi sjer ekki fært að veita fjeð, til þess að þau fengju sjálf tækifæri til að útvega sjer lán annars-

staðar, á ábyrgð ríkissjóðs. Þau hefðu má ske getað það, ef þau hefðu verið aðvöruð í tíma.

Mjer þykir þetta leiðinlegt mál, og ætla ekki að blanda mjer í umræðurnar um þetta síðara atriði, nje, eins og sumir hv. þm., að fara að lesa upp úr þingtíðindunum umræðurnar um það 1919. En jeg mótmæli því, sem haldið er fram um þessa miklu óhægð, er þessum hjeruðum sje að þessari póstleið. Því að hún er vitanlega aðeins sú, að nokkrir hreppar geta ekki svarað brjefum með sama pósti, og að nokkrir bæir fá brjefin sín seinna. Hv. þm. Dala. (B. J.) hefir líka játað, að með því fyrirkomulagi, sem fyrirhugað er af póstmeistara, komi þessi póstleið Dalamönnum að fullum notum.

Hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sagði, að vegirnir væru heldur bættir, ef póstleiðin lægi um þá. Jeg sje ekki, að neitt samband sje þar á milli, og eins og hæstv. atvrh. (P. J.) tók fram, þá eru ekkert frekar bættir þeir vegir, er póstar þurfa að fara um, og þeir vegir, sem bættir eru, eru ekki bættir aðeins vegna póstanna, heldur af annari nauðsyn.

Jeg vildi ráða hv. þm. að lesa þingtíðindin frá 1919 og brjef póstmeistara; þeir munu þá betur átta sig á þessu, heldur en hlusta á þetta skraf um það, sem þeim er meira eða minna ókunnugt um, eða þá að fara vestur og skoða staðhættina til að sannfærast um, hvort fyrirkomulagið er hentugra.

Hákon Kristófersson: Jeg get verið stuttorður, því hv. þm. Dala. (B. J.) hefir tekið flest fram, sem jeg vildi sagt hafa, og sje jeg ekki ástæðu til að endurtaka eða bæta þar nokkru við. En jeg vildi aðeins gera þá kröfu, að þegar á þessu sumri væru gerðar ráðstafanir af símastjórninni um undirbúning á símalagningunni.

Jeg finn líka ástæðu til að þakka hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) fyrir ummæli hans, og voru þau nokkuð annars eðlis en hv. þm. Str. (M. P.), sem vildi telja málið hjegómamál. En samt hefir honum ekki fundist það eintómur hjegómi, þar sem hann hefir reynt að vinna á móti því, bæði innan þings og utan. (**M. P.:** Það er ósatt). Það er satt. Hv. þm. (M. P.) þýðir ekki að þræta fyrir það; þær röksemdir eru frá póstmeistara sjálfum. Jeg vænti þess, að hv. þm. sjái það, þegar þeir athuga betur, að þetta eru ekki skröksögur, sem við förum með um málið. Jeg vil stilla orðum mínum í hóf, og vil ekki gera eins og hv. þm. Str. (M. P.) gerði, að gera orð þm. ósennileg með tilvitnunum í þingtíðindin frá 1919. Jeg vildi líka spyrja þann hv. þm. (M. P.), til hverra hann meinti þessi orð.

Um hitt atriðið, er talað var um, bygði jeg á því, að Strandamenn mundu ekki hafa hag af breytingunni, en nú er það komið á daginn, þar sem hv. þm. Str. (M. P.) legst svo mjög á móti þessu, og er það dæmi deginum ljósara. Vitaskuld ann jeg Strandamönnum alls góðs, en mjer finst, að þeir þurfi ekki að auka þægindi sín á kostnað Barðstrendinga og Dalamanna.

Það er alveg rjett, sem hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) tók fram, að með þessu fyrirkomulagi hafa þessi hjeruð verið slitin úr því sambandi, sem þeim á öllum ársins tímum er nauðsynlegt vegna viðskifta sinna.

Ef borin er saman umferðin á báðum þessum leiðum, þá mun ekki vera nema einn maður, sem fer um Steingrímsfjarðarheiði á móti hverjum tíu, er fara um Þorskafjarðarheiði. Jeg veit þetta

af sögusögn reyndra manna, bæði úr Strandasýslu og Barðastrandarsýslu.

Mjer finst þetta mál ekki gefa tilefni til þrætu, en finst, að ræða mætti það með þeirri hógværð, sem þingmönnum er skyld. Jeg bjóst við því, að enginn mundi hafa á móti þessum bótum, og vona, að hv. þm. Str. (M. P.) leggi sig ekki mjög í framkróka til að spilla fyrir því, að óskum margra hjeraða verði framfylgt.

Magnús Pjetursson: Jeg endurtek það, að það sjeu ósannindi, að jeg eigi upptökin að því, að þessi breyting komst á. Hv. þm. Barð. (H. K.) sagði, að jeg hefði sagt, að Strandamenn hefðu ekki hag af því, en nú væri það deginum ljósara, úr því jeg sje á móti þessu. En þessi hv. þm. (H. K.) getur ekki skilið það öðruvísi en að maður hugsi aðeins um sitt kjördæmi.

Hákon Kristófersson: Mjer finst það hart, að þessi ummæli koma frá hv. þm. Str. (M. P.), því að hann hefir sýnt það manna mest, að hann hugsar altaf um sitt kjördæmi.

Atvinnumálaráðherra (P. J.): Út af ummælum hv. þm. Dala. (B. J.) þarf jeg ekki að segja neitt fleira. Jeg svaraði því áðan, sem þurfti. Stjórnin mun svara því í verki, sem hann spurði um, hvort undirbúningur muni hafinn á næsta hausti til þess, að þetta verði, að símalagningin komist á 1922. En hjer er hvorki staður nje stund til að ákveða, hvort úr þessu g e t u r orðið. Því eins og jeg tók fram, þá er ekki hægt að lofa því, sem ekki er trygt í hendi í þessu efni, frekar en sólskini á morgun.

Hv. þm. Str. (M. P.) vakti athygli á því, að komið gæti til mála, að hjeruð þau, sem hlut eiga að máli, söfnuðu sjálf fje að láni til bráðabirgða, ef skortur yrði hjá ríkissjóði. Stjórnin mun taka þetta til athugunar. Annars væri henni kærast, að það kæmi erindi frá hjeruðunum, sem minti á þetta; það hefði meiri áhrif en þótt það standi í þingtíðindunum. Það er síður en svo, að hjer sje um viljaleysi að ræða hjá stjórninni.

Því, sem hv. þm. Ísaf. (J. A. J.) sagði um póstgöngurnar í Dölunum, hefir nú verið andmælt af þm. Str. (M. P.), og er honum síst ver kunnugt um það. **(H. K.:** Síst betur). Annars skil jeg ekki, hvaða áhrif póstgöngur í Dalasýslu geta haft á skilsemi manna við bankaútibúið á Ísafirði. Jeg hefi kynt mjer nokkuð, hve margir bæir tapa á því, að póstgöngum í Dölunum var breytt. En það eru ekki aðrir bæir en þeir, sem notað gátu áður póstinn í bakaleiðinni, og þeir eru ekki margir. Menn geta gert öll sín skil hin sömu að öðru leyti. Hins vegar er jeg ekki svo kunnugur, að jeg vilji standa í þrætum um þetta við kunnuga menn. En jeg ber traust til póstmeistara, sem hefir kynt sjer þetta manna best, og lofa engu um það, sem fer í bága við hans tillögur. Vona jeg, að þetta mál fari nú að vera útrætt.

Fjelagsprentsmiðjan 1921.

VIÐBÆTIR

Yfirlit

um

alþingiskostnað

frá 1. jan. til 31. des. 1920.

(Með fylgiskjölum I.—IV.)

I.	Þingfararkaup alþingismanna *(fylgiskj. I.)*			kr. 50618 90
II.	Goldið starfsmönnum:			
	A. Fastir starfsmenn	kr. 11995 00		
	B. Lausir starfsmenn	— 7576 00		— 19571 00
III.	Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og Landsreikninga og önnur prentun:			
	1. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og önnur prentun*):			
	A. Skjalapartur 1920 og önnur prentun . . .	kr. 16409 75		
	B. Umræður 1919 og 1920	— 63011 73		
	C. Upphaf skjalap. 1921	— 15196 00		
	D. Útsending Alþt. . . .	— 1383 98	kr. 96001 46	
	2. Útgáfukostnaður Landsreikninga ásamt launum yfirskoðunarmanna:			
	A. Til yfirskoðunarmanna	kr. 13200 00**		
	B. Prentkostnaður . . .	— 6742 00	— 19942 00	— 115943 46
			Flyt	kr. 186133 36

* Samningar um prentun Alþt. 1920 eru prentaðir í Alþt. 1919 C. bls. 1349—1354.

** Yfirskoðunarlaun LR. 1918, 3000 kr., og LR. 1919, 3000 kr., ásamt verðstuðulsuppbót, 120%, er forsetar þingsins veittu yfirskoðunarmönnum að þessu sinni (sbr. fylgiskj. II.—III.).

Yfirlit um alþingiskostnað 1920.

				Fluttar kr.	186133 36
IV.	**Bókband, bækur og ritföng:**				
1.	Bókband:				
	A. Bókasafnið	kr. 1810 50			
	B. Skjalasafnið. . . .	— 93 00	kr. 1903 50		
2.	Bækur.		— 514 40		
3.	Ritföng		— 1108 85	—	3526 75
V.	**Ljós og hiti, ræsting og viðhald á húsi og munum:**				
1.	Ljós og ljósfæri:				
	A. Ljós.	kr. 586 09			
	B. Ljósfæri	— 239 00	kr. 825 09		
2.	Hiti.		— 11257 50		
3.	Ræsting:				
	A. Ræstingarvinna . .	kr. 1189 45			
	B. Ræstingarvörur . .	— 471 07	— 1660 52		
4.	Viðhald á húsi. *(Í þessum lið felst höfuðaðgerð sú á Alþingishúsinu, er fram fór á árinu.*		— 37342 26		
5.	Viðhald á munum		— 798 85	—	51884 22
VI.	**Önnur gjöld:**				
1.	Aðstoð og aukavinna		kr. 452 50		
2.	Kostnaður við einstakar nefndir . . .		— 90 00		
3.	Símagjöld Alþingis		— 275 00		
4.	Símanot þingmanna:				
	A. Símtöl og símskeyti *(fylgiskj. II.)*. . .	kr. 1383 25			
	B. Símagjöld og símavarsla	— 292 00	— 1675 25		
5.	Þinghúsgarðurinn		— 349 15		
6.	Opinber gjöld		— 780 59		
7.	Óviss gjöld		— 36 25	—	3658 74
				Samtals kr.	245203 07

Yfirlit um alþingiskostnað 1920.

Ávisað samkvæmt ávísana- og viðskiftabókum þingsins .	kr.	232243 07
Greitt af stjórnarráðinu	—	12960 00
	Kr.	245203 07

Skrifstofu Alþingis, 1. mars 1921.

Jón Sigurðsson,
settur.

Yfirlit um alþingiskostnaðinn árið 1919 er í Alþt. 1919. C. bls. 1335—1357.

Fylgiskjal I.

Þingfararkaup alþingismanna 1920.

(Samkvæmt lögum nr. 36, 28. nóv. 1919).

Nöfn	Dagpeningar og dýrtíðaruppbót			Ferða-kostnaður	Þing-fararkaup samtals
	Dagpeningar	120% dýrtíðar-uppbót	Dagpeningar og uppbót alls		
	kr.	kr.	kr.	kr.	
Benedikt Sveinsson, þm. N.-Þ., í Reykjavík . . .	312 00	374 40	686 40	. . .	686 40
Bjarni Jónsson, þm. Dala., í Reykjavík	312 00	374 40	686 40	. . .	686 40
Björn Hallsson, 2. þm. N.-M., á Rangá	660 00	792 00	1452 00	383 00	1835 00
Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K., í Reykjavík . .	312 00	374 40	686 40	. . .	686 40
Einar Árnason, 2. þm. Eyf., á Eyrarlandi	444 00	532 80	976 80	170 00	1146 80
Einar Þorgilsson, 1. þm. G.-K., í Hafnarfirði . . .	312 00	374 40	686 40	. . .	686 40
Eiríkur Einarsson, 1. þm. Arn., á Selfossi . . .	600 00	720 00	1320 00	280 00	1600 00
Gísli Sveinsson, þm. V.-Sk., í Vík	528 00	633 60	1161 60	1488 00	2649 60
Guðjón Guðlaugsson, 4. landsk. þm., í Reykjavík .	312 00	374 40	686 40	. . .	686 40
Guðmundur Björnson, 6. landsk. þm., í Reykjavík .	312 00	374 40	686 40	. . .	686 40
Guðmundur Guðfinnsson, 2. þm. Rang., á Stórólfshvoli	444 00	532 80	976 80	707 00	1683 80
Guðmundur Ólafsson, 1. þm. Húnv., í Asi . . .	468 00	561 60	1029 60	175 00	1204 60
Gunnar Sigurðsson, 1. þm. Rang., í Reykjavík . .	312 00	374 40	686 40	. . .	686 40
Halldór Steinsson, þm. Snæf., í Ólafsvík	708 00	849 60	1557 60	305 00	1862 60
Hákon Kristófersson, þm. Barð., í Haga	852 00	1022 40	1874 40	441 50	2315 90
Hjörtur Snorrason, 5. landsk. þm., í Arnarholti . .	396 00	475 20	871 20	102 00	973 20
Jakob Möller, 2. þm. Reykv., í Reykjavík	216 00	259 20	475 20	. . .	475 20
Jóhannes Jóhannesson, þm. Seyðf., í Reykjavík . .	312 00	374 40	686 40	. . .	686 40

Jón Auðunn Jónsson, þm. Ísaf., á Ísafirði . . .	324 00
Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf., á Reynistað . . .	576 00
Karl Einarsson, þm. Vestm., í Vestmannaeyjum. .	228 00
Magnús Guðmundsson, 1. þm. Skagf., í Reykjavík .	312 00
Magnús Kristjánsson, þm. Ak., í Reykjavík . . .	312 00
Magnús Pjetursson, þm. Str., á Hólmavík . . .	444 00
Ólafur Proppé, þm. V.-Ísf., á Þingeyri	336 00
Pjetur Jónsson, þm. S.-Þ., í Reykjavík	312 00
Pjetur Ottesen, þm. Borgf., á Ytra-Hólmi	408 00
Pjetur Þórðarson, þm. Mýra., í Hjörsey	444 00
Sigurður Eggerz, 2. landsk. þm., í Reykjavík. . .	312 00
Sigurður Hjörleifsson Kvaran, 2. þm. S.-M., á Eskifirði	672 00
Sigurður Jónsson, 3. landsk. þm., á Ystafelli. . .	396 00
Sigurður Stefánsson, þm. N.-Ísf., í Vigur	396 00
Sigurjón Friðjónsson, 1. landsk. varaþm., á Litlu-Laugum	516 00
Stefán Stefánsson, 1. þm. Eyf., í Fagraskógi . . .	552 00
Sveinn Björnsson, 1. þm. Reykv., í Reykjavík . .	312 00
Sveinn Ólafsson, 1. þm. S.-M., í Firði	600 00
Þorleifur Guðmundsson, 2. þm. Árn., í Þorlákshöfn	420 00
Þorleifur Jónsson, þm. A.-Sk., í Hólum.	696 00
Þorsteinn Jónsson, 1. þm. N.-M., í Bakkagerði . .	672 00
Þórarinn Jónsson, 2. þm. Húnv., á Hjaltabakka. .	420 00
Bið „Íslands“ eftir þingmönnum	. . .
Samtals	17472 00

388 80	712 80	64 00	776 80
691 20	1267 20	240 00	1507 20
273 60	501 60	109 50	611 10
374 40	686 40	. . .	686 40
374 40	686 40	. . .	686 40
532 80	976 80	307 00	1283 80
403 20	739 20	86 00	825 20
374 40	686 40	. . .	686 40
489 60	897 60	25 00	922 60
532 80	976 80	203 00	1179 80
374 40	686 40	. . .	686 40
806 40	1478 40	545 00	2023 40
475 20	871 20	125 00	996 20
475 20	871 20	142 00	1013 20
619 20	1135 20	200 00	1335 20
662 40	1214 40	338 00	1552 40
374 40	686 40	. . .	686 40
720 00	1320 00	431 00	1751 00
504 00	924 00	610 00	1534 00
835 20	1531 20	605 50	2136 70
806 40	1478 40	453 00	1931 40
504 00	924 00	145 00	1069 00
. . .	. . .	3500 00	3500 00
20966 40	38438 40	12180 50	50618 90

Fylgiskjal II.

Með því að svo mun vera, að öllum opinberum starfsmönnum sje nú greidd dýrtíðaruppbót, hvort heldur er af launum í fastri stöðu eða af þóknun fyrir störf um stundarsakir, þá vilja undirritaðir yfirskoðunarmenn Landsreikninganna fyrir árin 1918 og 1919 leyfa sjer að fara fram á og skjóta því undir úrskurð hæstvirtra alþingisforseta, að þeir njóti slíkrar uppbótar af þóknun fyrir yfirskoðunarstarfið, þar sem hin lögmælta þóknun mun eingöngu vera sniðin eftir verðlagi því, er var áður en dýrtíðin hófst.

Virðingarfylst.

Reykjavík, 17. maí 1920.

Matthías Ólafsson. *Jörundur Brynjólfsson.* *Kristinn Daníelsson.*

Til forseta Alþingis.

Fylgiskjal III.

ALÞINGI.

Reykjavík, 19. maí 1920.

Með brjefi, dags. 17. f. m., hafið þjer, háttvirtu yfirskoðunarmenn, skotið því undir úrskurð forseta Alþingis, hvort þjer skylduð njóta uppbótar af lögmæltri þóknun yðar fyrir yfirskoðunarstarfið.

Út af þessu skal yður tjáð, að vjer erum yður sammála um, að lögákveðin þóknun yðar fyrir þennan starfa sje eigi viðunandi, eins og nú er komið, og höfum vjer, eftir atvikum, fallist á að veita yður uppbót á starfslaunin þetta ár, 1920, hina sömu og starfsmenn landsins njóta, eða 120%. En það tökum vjer um leið fram, að þetta má engan veginn skilja sem fordæmi þess, að forsetar muni eftirleiðis ákveða slíka uppbót. Verður um það mál framvegis að fara eftir ákvæðum Alþingis.

Ávísunar hvers yðar um sig fyrir þeim hluta af framangreindri uppbót, er nær yfir fyrra missiri þessa árs, má vitja bráðlega til skrifstofu þingsins.*

Jóh. Jóhannesson. *G. Björnsson.* *Benedikt Sveinsson.*

Til yfirskoðunarmanna Landsreikninganna,

Kristins Daníelssonar, Matthíasar Ólafssonar og Jörundar Brynjólfssonar.

---

* Búist var við, að yfirskoðaður yrði á árinu 1920 LR. 1918, en LR. 1919 ekki fyr en á næsta ári. En sú varð raunin á, að lokið var 1920 yfirskoðun LR. fyrir bæði árin.

Fylgiskal IV.

Símanot

þingmanna 1920 á kostnað Alþingis.

Nöfn	Frá talsímum Alþingis og landssímastöð		Frá öðrum stöðum í febrúar og mars	Samtals
	í febrúar	í mars		
	kr.	kr.	kr.	kr.
Benedikt Sveinsson	39 00	. .	. .	39 00
Bjarni Jónsson	. .	. .	. .	. .
Björn Hallsson	31 70	. .	. .	31 70
Björn Kristjánsson	5 40	1 45	. .	6 85
Einar Arnason	16 00	. .	. .	16 00
Einar Þorgilsson	4 25	0 35	. .	4 60
Eiríkur Einarsson	54 20	28 60	. .	82 80
Gísli Sveinsson	49 75	. .	19 60	69 35
Guðjón Guðlaugsson	. .	. .	. .	. .
Guðmundur Björnson	. .	. .	. .	. .
Guðmundur Guðfinnsson	82 20	22 75	. .	104 95
Guðmundur Ólafsson	52 75	. .	. .	52 75
Gunnar Sigurðsson	24 50	. .	.	24 50
Halldór Steinsson	23 95	10 00	. .	33 95
Hákon Kristófersson	27 05	36 10	. .	63 15
Hjörtur Snorrason	8 55	1 25	. .	9 80
Jakob Möller	. .	. .	. .	. .
Jóhannes Jóhannesson	. .	. .	. .	. .
Jón Auðunn Jónsson	114 50	. .	. .	114 50
Jón Sigurðsson	12 50	. .	. .	12 50
Karl Einarsson	274 50	. .	. .	274 50
Magnús Guðmundsson	. .	. .	. .	. .
Magnús Kristjánsson	. .	. .	. .	. .
Magnús Pjetursson	48 80	. .	. .	48 80
Ólafur Proppé	17 40	. .	. .	17 40
Pjetur Jónsson	7 00	. .	. .	7 00
Pjetur Ottesen	27 65	. .	. .	27 65
Pjetur Þórðarson	5 00	. .	. .	5 00
Sigurður Eggerz	5 45	. .	. .	5 45
Sigurður Hjörleifsson Kvaran	74 70	. .	. .	74 70
Sigurður Jónsson	3 55	. .	. .	3 55
Sigurður Stefánsson	2 50	.	. .	2 50
Flyt	1012 85	100 50	19 60	1132 95

Yfirlit um alþingiskostnað 1920.

Nöfn	Frá talsímum Alþingis og landsímasstöð		Frá öðrum stöðum í febrúar og mars	Samtals
	í febrúar	í mars		
	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar	1012 85	100 50	19 60	1132 95
Sigurjón Friðjónsson	6 00	. .	. .	6 00
Stefán Stefánsson	26 00	. .	. .	26 00
Sveinn Björnsson	. .	. .	. .	. .
Sveinn Ólafsson	41 05	. .	. .	41 05
Þorleifur Guðmundsson	19 70	6 25	. .	25 95
Þorleifur Jónsson	34 65	. .	. .	34 65
Þorsteinn Jónsson	41 65	. .	. .	41 65
Þórarinn Jónsson	53 65	7 50	. .	61 15
Forsetar	13 85	. .	. .	13 85
Samtals	1249 40	114 25	19 60	1383 25